Ólafsfjörður, hafnarsjóður, gjsk., br., 90—91; hitaveita, gjsk., br., 266; lokun sölubúða, sþ., 738—739; umferð, augl., 773—774.
Ólafsvíkurhr., hafnarsjóður, gjsk., br., 74—75.
Ólafur Ásgeirsson, 1166.
Ólafur Bjarnason, 1164, 1165.
Ólafur Hallgrímsson, 1162.
Ólafur Hansson, 1169.
Ólafur R. Ingimarsson, 1168.
Ólafur Pétur Jakobsson, 1168.
Ólafur Jóhannesson, 1167, 1169.
Ólafur H. Oddsson, 1165.
Ólöf Sighvatsdóttir, 1162.
Ólöf Regína Torfadóttir, 1169.

P.

Patrekshöfn, hafnarsjóður, gjsk., br., 78—79.
Páll Eiríksson, 1160.
Páll N. Þorsteinsson, 1166.
Pálmi Matthíasson, 1161.
Peltola, Ásta, 1158.
Pétur Eggerz, 1165, 1168.
Pétur Már Jónsson, 1163.
Pétur Kjerúlf, 1160.
Pétur Sigurðsson, 1157.
Pétur Sigurgeirsson, 1157.
Pétur Thorsteinsson, 1159, 1161, 1169.
Philippe, André, 1158, 1171.
Pirro, Joseph P., 1158.
Poleszcuk, Romuald, 1170.
Póstþjónusta, gjsk., 29—30, 126—127, 261—262, 805—806; rg., br., 125.

R.

Rafmagnsveita Reykjavíkur, gjsk., 490—493.
Rafmagnsveitur ríkisins, gjsk., augl., 64, br., 139—141, 270—272, gjsk., 504—509.
Raforkuvirki, rg., br., 280—281, 282—283.
Rafveitur, gjsk.: Akranes, br., 678—679; Akureyri, 520—523; Borgarnes, 34—37, br., 657—658; Eyrarbakki, 523—526; Gerðahr., 509—512; Grindavík, 500—503; Hafnarfjörður, br., 58, 493—496, 913—916; Hveragerði, 523—526; Húsavík, 712—714 Keflavík, 509—512; Miðneshr., 497—499; Njarðvík, 512—515; Reyðarfjörður, br., 33, 662—664; Sauðárkrókur, 518—520; Selfoss, 523—526; Siglufjörður, 659—660; Stokkseyri, 523—526; Vatnsleysustrandarhr., 515—518; Vestmannaeyjar, 766—770; Vogar, 515—518.
Ragnar Arnalds, 1167.
Ragnar Halldór Hall, 1167.
Ragnar Ó. Steinarsson, 1168.
Ragnheiður Sigurðardóttir, 1164.
Ragnhildur Birna Jóhannsdóttir, 1160.
Ragnhildur Kolbeins, 1164.
Ragnhildur E. Þórðardóttir, 1165.
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, gjsk., 363—366.
Rannsóknastofnun landbúnaðarins, gjsk., 345—347.
Rannveig Ólafsdóttir, 1164.
Raufarhöfn, hafnarsjóður, gjsk., br., 96—97; vatnsveita, rg., br., 159—160.
Rebekka Jónsdóttir, 1164.
Reglugerð, sem numin er úr gildi, augl., 288.
Reyðarfjörður, hafnarsjóður, gjsk., br., 104; hundahald, rg., 561; rafveita, gjsk., br., 33, 662—664; umferð, augl., 1008.
Reykholtsdalshr., skipulag, augl., 38.
Reykjahlíð, hitaveita, gjsk., br., 263—264.
Reykjavík, afgreiðslutími lyfjabúða, rg., br., 270; hafnarsjóður, gjsk., br., 72—73; hitaveita, gjsk., 50—52, 287—289; rafmagnsveita, gjsk., 490—493; sorptunnuleiga, augl., 59; sundstaðir, gjsk., 59, 454; umferð, augl., 59—60, 274, 821—822; vatnsskattur, rg., br., 70—71.
Reynir Þorsteinsson, 1163.
Riehm, Jean-Noël, 1162.
Rivlin, David Z., 1171.
Ríkisfangelsi, Akureyri, rg., 161.
Ríkissjóður, aukatekjur, rg., 6—9.

Rojas, Marcella Iniguez, 1165.
Roszak, Jerzy, 1170.

S.

Saillard, Jean-Marie, 1157.
Sakamenn, framsal til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, augl., 186.
Samábyrgð Íslands, rg., 709—712; rkn., 782—784, 785—787.
Samgöngubótasjóður Páls Jónssonar, rkn., 439.
Samkeppnisiðnaður, tollur og sölugjald, augl., 527—531.
Samningur, milli fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands, augl., 278—280.
Samúel J. Samúelsson, 1165.
Samvinnubanki Íslands, rkn., 419—420.
Sandvíkurhr., skipulag, augl., 162; skipulagsmál, r., 164—166.
Saran, Sashi Bhushan, 1162.
Sauðárkrókur, hafnarsjóður, gjsk., br., 87—88; hitaveita, gjsk., br., 656, 885; leigubifreiðar, rg., 336—339; rafveita, gjsk., 518—520; stjórn, sþ., 288—297; vatnsveita, rg., br., 369—371.
Sauðfjárbaðanir, rg., 549—553.
Sauðfjárveikivarnir, mörk og markaskrár, rg., 878—883.
Schalbourg, Jean-Claude, 1169.
Schulze, Wilhelm, 1159.
Selfoss, bæjarmálefni, sþ., 534—544; hitaveita, gjsk., 661—662; hundahald, sþ., 68—69; rafveita, gjsk., 523—526; skipulagsmál, r., 164—166; sundhöll, augl., 726.
Seltjarnarnes, hitaveita, gjsk., 55—56.
Sement, flutningsjöfnunargjald, augl., 917.
Sendiherrar og ræðismenn, 1170—1171.
Sesselja Jónsdóttir, 1156.
Seyðisfjörður, aðalskipulag, augl., 329; hafnarsjóður, gjsk., br., 100—101.
Sérlyf, skráning, rg., br., 1011.
Shelvankar, K.S., 1170.
Sigfús Gauti Þórðarson, 1160.
Sighvatur Birgir Emilsson, 1163.
Siglingalög, upphæð bóta, augl., 348.
Siglufjörður, hafnarsjóður, gjsk., br., 89—90; hitaveita, gjsk., br., 264, 664; rafveita, gjsk, 659—660.
Signý Gestsdóttir, 1164.
Sigríður Kristinsdóttir, 1164.
Sigríður Sigurjónsdóttir, 1160.
Sigrún Gerða Gísladóttir, 1164.
Sigrún Hulda Jónsdóttir, 1164.
Sigrún Magnúsdóttir, 1159.
Sigrún Óskarsdóttir, 1160.
Sigrún Sigurjónsdóttir, 1164.
Sigrún Þorsteinsdóttir, 1166.
Sigurborg Einarsdóttir, 1164.
Sigurður Gíslason, 1168.
Sigurður Pétursson, 1162.
Sigurður Richter, 1165.
Sigurður Ingi Sigurðsson, 1162.
Sigurður Samúel Sigurðsson, 1168.
Sigurður Stefánsson, 1169.
Sigurður E. Þorvaldsson, 1165.
Sigurjón Benediktsson, 1161.
Sigurjón Jónsson, 1170.
Sigurlaug Sigurðardóttir, 1165.
Sigurveig Sigurðardóttir, 1160.
Síldveiðar, rg., 554—555.
Símaþjónusta, gjsk. og r., 13—28, 245—260, 789—804.
Sími, ársfjórðungsgjald elli- og örorkulífeyrisþega, rg., 887—888.
Sjóðurinn Gerðuminning, rkn., 438—439.
Sjúkratryggðir, greiðslur til samlagslækna, rg., 283—284.
Sjöfn Arnórsdóttir, 1164.
Skagafjarðarprófastsdæmi, stj.br., 838.
Skagaströnd, hafnarsjóður, gjsk., br., 86—87.
Skattar, framkvæmd álagningar, rg., 703.
Skelfiskveiðar, rg., 118—119.
Skemmtibátar, öryggisbúnaður, r., 410—412.
Skip, merking, r., 692—694; smíði og búnaður, r., 935—999.
Skipasmíðar, skipaviðgerðir, endurgreiðsla gjalda, augl., br., 274.
Skipulag, augl.: Innri-Njarðvík, 273; Nauteyrarhr., 283; Reykholtsdalshr., 38; Sandvíkurhr., 162; Súðavíkurhr., 692.
Skipulagsáætlanir, rg., br., 145.
Skipulagsmál, Eyrarbakkahr., r., 164—166; Gaulverjabæjarhr., r., 164—166; Hraungerðishr., r., 164—166; Keflavík, r., 158—159; Keflavíkurflugvöllur, r., 158—159; Njarðvík, r., 158—159; Sandvíkurhr., r., 164—166; Selfoss, r., 164—166; Stokkseyri, r., 164—166; Villingaholtshr., r., 164—166.

Skipulagsskrár: Margrétarsjóður, 172—173; Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar, 418—419; Minningarsjóður bræðranna frá Sveinagörðum, 347; Minningarsjóður Hermanns Haraldssonar frá Heiðarseli, S-Þingeyjarsýslu, 415—416; Minningarsjóður hjónanna frú Guðrúnar Guðfinnu Þorláksdóttur Schram og Gísla Björnssonar, 169—170; Minningarsjóður hjónanna Lárusar Björnssonar og Péturínu Bjargar Jóhannsdóttur, Grímstungu, Vatnsdal, 413—414; Minningarsjóður Vestri-Garðsaukahjóna, Jóns Árnasonar og Sigríðar Skúladóttur, 777—778; Minningarsjóður um Erlu skáldkonu, 809—810; Námssjóður Blindrafélagsins, 414—415; Námssjóður Lis og Ingvard Thorsen, 417—418; Nórusjóður, 168—169; Nýlistasafnið, 339—343; Samtökin „Ungt fólk með hlutverk," 170—172; Styrktarfélag og Styrktarsjóður Söngskólans í Reykjavík, 810—811; Styrktarsjóður hjónanna Ingibjargar Sumarliðadóttur og Karls Guðmundssonar frá Valshamri, 808—809; Söngskólinn í Reykjavík, 811—812; Verðlaunasjóður hjónanna Lárusar Björnssonar bónda og Péturínu Jóhannsdóttur húsfreyju í Grímstungu, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, 325—326; Þjónustumiðstöð Bókasafna, 558—560.
Skotvopn, skotfæri, rg., 39—47, augl., 449.
Skotvopn, sprengiefni, skoteldar, endurnýjun leyfa, augl., 918.
Skólamannvirki, stofnkostnaður, rg., 727—733.
Skúli Johnsen, 1165.
Skúli Ævarr Steinsson, 1167.
Skútustaðahr., hundahald, sþ., 349—350.
Soffía Ingadóttir, 1168.
Sonne, Adolf, 1158.
Sorplosun, Akureyri, sþ., 371—373.
Sorptunnuleiga, Reykjavík, augl., 59.
Sólrún Björnsdóttir, 1160.
Sólveig Kaldalóns Jónsdóttir, 1164.
Spinelli, Ferdinando, 1162.
Stefán Arnórsson, 1165.
Stefán Carlsson, 1159.
Stefán Eggertsson, 1165.
Stefán Finnsson, 1165.
Stefán Haraldsson, 1169.
Steingrímur Hermannsson, 1167.
Steinunn Pétursdóttir, 1164.
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, rg., 683—686.
Stokkseyrarhr., skipulagsmál, r., 164—166; rafveita, gjsk. 523—526.
Sturla Friðriksson, 1156.
Stykkishólmur, hafnarsjóður, gjsk., br., 76—77.
Stöðvarfjörður, gatnagerðargjöld, rg., 225—226; hafnarsjóður, gjsk., br., 105.
Suðureyri, hafnarsjóður, gjsk., br., 155—156; hitaveita, gjsk., br., 52—53, 500, 775—776.
Suðurfjarðahr., sveitarstjóri, sþ., 545.
Sundhöll, Akureyri, gjsk., 226, augl., 733; Selfoss, augl., 726.
Sundstaðir, Reykjavík, gjsk., 59, 454.
Súðavíkurhr., skipulag, 692.
Svartbakur, hrafn, eyðing, rg., br., 272.
Svava Hrönn Guðmundsdóttir, 1162.
Svava Sveinbjörnsdóttir, 1164.
Svavar Gestsson, 1167.
Sveinbjörn Björnsson, 1161.
Sveinfríður Sigurpálsdóttir, 1164.
Sveinn Björnsson, 1167 (2).
Sveinn Kjartansson, 1168.
Sveitarstjórar, sþ.: Gerðahr., 653—654; Nesjahr., 763—764; Suðurfjarðahr., 545.
Sven Þ. Sigurðsson, 1162.
Sverrir H. Gunnlaugsson, 1161.
Swedman, Sven Erik, 1158.
Swell, G.G., 1170.
Sýsluvegasjóðir; sþ.: Borgarfjarðarsýsla, 200—206; Gullbringusýsla, 719—721; Mýrasýsla, 195—200.
Söfnunarsjóður Íslands, rkn., 562—563.
Sölubúðir, lokun, Ólafsfjörður, sþ., 738—739.
Söluskattsundanþága, gildistaka, augl., 675.
Söluskattur, rg., br., 450, 670—674, 896—897; innfluttar prentaðar bækur, augl., 553—554.

T.

Takigawe, Masahisa, 1171.
Taylor, Arnold R., 1158.
Tálknafjarðarhr., hafnarsjóður, gjsk., br., 79—80.
Tekjuskattur, eignarskattur, rg., br., 899.

Thorkilliisjóður, rkn., 748—749, 749—750, 750—751, 752, 753, 754, 755, 756.
Thorning-Petersen, Valdemar, 1169.
Togveiðar, bann á Strandgrunni, rg., br., 9; bann í Djúpál, rg., 677; í Djúpál, niðurfelling banns, rg., 757; niðurfelling banns á Strandagrunni, rg., 275.
Tokura, Eiji, 1171.
Tollafgreiðslugengi, augl., 888.
Tollfrjálsar verslanir, Keflavíkurflugvöllur, rg., 443—445.
Tollur, niðurfelling, augl., 527—531.
Tómas Árnason, 1167.
Tómas Á. Jónasson, 1163.
Tómas Ingi Olrich, 1165.
Tryggvi Jónasson, 1162.
Tung, Chen, 1170.
Turki, Brahim, 1170.
Törnvall, Svante, 1170.

U, Ú.

Umferð, augl.: Akureyri, 557—558, 869; Borgarnes, 757; Garðakaupstaður, 1009—1010; Hafnarfjörður, 232; Kópavogur, 37—38, 1010; Njarðvík, 778; Ólafsfjörður, 773—774; Reyðarfjörður, 1008; Reykjavík, 59—60, 274, 821—822; Vestmannaeyjar, 557, bifreiðastöður, Hafnarfjörður, 869.
Umferðarmerki, rg., 839—868.
UNESCO, íslenska nefndin, r., 333—335.
Unglingaheimili ríkisins, rg., 166—168.
Unnur Baldvinsdóttir, 1164.
Úlfur Ragnarsson, 1169.
Útvarp, skipting tíðnisviða, augl., 918.

V, W.

Valborg Árnadóttir, 1160.
Valdís Antonsdóttir, 1159.
Valdís Lína Gunnarsdóttir, 1164.
Valgarður Egilsson, 1160.
Varmahlíð, Seyluhr., holræsi, rg., 546—547.
Vatnshitunarkerfi, rg., 636—652.
Vatnsleysustrandarhr., rafveita, gjsk., 515—518.
Vatnsskattur, Hvammstangi, rg., br., 328—329; Reykjavík, rg., br., 70—71.
Vatnsveitur: Akranes, gjsk., 327—328; Egilsstaðahr., rg., br., 137—138; Garðabær, gjsk., br., 134; Höfðahr., rg., 532—533; Ísafjörður, gjsk., br., 133; Kópavogur, rg., br., 12, Raufarhöfn, rg., br., 159—160; Sauðárkrókur, rg., br., 369—371; Vestmannaeyjar, gjsk., 134—136, 681—683; Vopnafjarðarhr., rg., 212—215; Þórshöfn, rg., br., 734—735.
Vátryggingarskjöl, stimpilgjald, rg., 359—361.
Veiðibann, rg.: Loðnuveiðar, 837; togveiðar í Djúpál, 677, 757; togveiðar á Strandagrunni, br., 9, 275; þorskveiðar fyrir Suður- og Vesturlandi, 131—132.
Veiðifélög: Blöndu og Svartár, sþ., 230—232; Fellsstrandar, arðskrá, 932; Fnjóskár, arðskrá, 227—228; Laxár í Hrútafirði, arðskrá, 229; Litlárvatna, arðskrá, 228—229; Mývatns, arðskrá, 344—345; Víkurár, arðskrá, 229.
Verðbótaviðauki, rg., 147—152, 276—277.
Verðgrundvöllur, augl.: fiskmjöl, 161, 162, 410, 787; freðfiskur, 129—130, 373—375, 780—781; fryst rækja, 132—133, 362, 770—771; frystur humar, 332—333; frystur hörpudiskur, 132, 373, 771—772; kolmunna- og spærlingsafurðir, 445, 686; loðnuafurðir, 122, 451, 686—687; óverkaður saltfiskur, 441; óverkaður saltfiskur, söltuð ufsaflök, 440—441; skreið, 284, 779; spærlings- og kolmunnamjöl, 287—288.
Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, rkn., 723—726.
Verslunarbanki Íslands, sþ., br., 884—885.
Vestmannaeyjar, bæjarmál, sþ., 424—434; hafnarsjóður, gjsk., br., 108—109; rafveita, gjsk., 766—770; umferð, augl., 557; vatnsveita, gjsk., 134—136, 681—683.
Vésteinn Jónsson, 1159.
Vésteinn Ólason, 1163.
Victoría A. Ásmundsdóttir, 1164.
Viðlagasjóður, rkn., 874—877.
Vigfús Magnússon, 1166.
Vilborg Einarsdóttir, 1164.
Villingaholtshr., skipulagsmál, r. 164—166.
Vinnuheimili SÍBS, rg., 820—821.
Vinnustaðir, öryggisráðstafanir, gjsk., 61—64.
Vinnuvélar, réttindi, rg., br., 911—912.
Vogar, hafnarsjóður, gjsk., br., 112—113; rafveita, gjsk., 515—518.

Vopnafjörður, hafnarsjóður, gjsk., br., 98—99; vatnsveita, rg., 212—215.
Vörugjald, rg., br., 128, rg., 350—357, rg., br., 695—701, rg., 901—909.
Vöruhappdrætti SÍBS, rg., br., 813.
Vörumerki, rg., 900; augl.
Waage, John H., 1157.
Wanyoike, Joel, 1171.
Weir, Jack T., 1158.
Westin, Ingrid, 1163.
Wiederkehr, Alphons, 1167.
Wiklund, Ethel, 1170.
Wulf, Otto, 1157.

Z.

Zoeldi, Albert M., 1157.

Þ.

Þingeyri, hafnarsjóður, gjsk., br., 80—81.
Þinglýsingar, rg., 909—911.
Þingstaður, Fellshr., stj.br., 837; Hvítársíðuhr., stj.br., 837.
Þjóðvegir í kaupstöðum og kaupstöðum, rg., 173—179.
Þorgerður Brynjólfsdóttir, 1164.
Þorgrímur Þorgrímsson, 1171.
Þorlákshöfn, landshöfn, hafnarsjóður, gjsk., br., 115—116.
Þorskfisknet, rg., 184—186.
Þorskveiðar, takmörkun, rg., 121—122, 442—443, 813—814.
Þorsteinn Ingólfsson, 1161.
Þorsteinn Jóhannesson, 1169.
Þorsteinn Skúlason, 1160.
Þorsteinn Vilhjálmsson, 1163.
Þorvaldur Brynjólfsson, 1156.
Þóra Borg, 1157.
Þóra Jónsdóttir, 1156.
Þórarinn Benedikz, 1162.
Þórður Björnsson, 1157.
Þórður Gunnarsson, 1171.
Þórður Ólafsson, 1163.
Þórhallur B. Ólafsson, 1169.
Þórir Oddsson, 1161.
Þórir Þórhallsson, 1160.
Þórshöfn, gatnagerðargjöld, rg., 764—766; hafnarsjóður, gjsk., br., 97—98; holræsi, rg., br., 735—736; vatnsveita, rg., br., 734—735.
Þráinn Rósmundsson, 1169.

Æ.

Ævar Kvaran, 1156.

Ö.

Ökukennsla, próf ökumanna, rg., br., 33—34.
Ökutæki, skoðunargjald, rg., 917; skráning, rg., br., 32—33.
Ölfushr., byggingasþ., viðauki, 141—142.
Öryggisbúnaður, línu- og netaspil, r., 408—409; opinna skemmtibáta, r., 410—412.
Öryggiseftirlit ríkisins, gjsk., 666—669.
Öryggisráðstafanir á vinnustöðum, gjsk., 61—64.

Skammstafanir í registri, B-deild.

augl. = auglýsing.
br. = breyting.
gjsk. = gjaldskrá.
r. = reglur.
rg. = reglugerð.
rkn. = reikningur.
stj.bréf = stjórnarráðsbréf.
sþ. = samþykkt.

Skrá um útgáfudaga B-deildar 1978.

B 1, nr. 1— 6	20. jan.
B 2, nr. 7— 28	30. jan.
B 3, nr. 29— 30	31. jan.
B 4, nr. 31— 83	10. febr.
B 5, nr. 84— 86	20. febr.
B 6, nr. 87—103	7. mars
B 7, nr. 104	8. mars
B 8, nr. 105—115	10. mars
B 9, nr. 116—130	21. mars
B 10, nr. 131—150	3. apríl
B 11, nr. 151—152	14. apríl
B 12, nr. 153	18. apríl
B 13, nr. 154—155	19. apríl
B 14, nr. 156—173	28. apríl
B 15, nr. 174	10. maí
B 16, nr. 175	24. maí
B 17, nr. 176—196	31. maí
B 18, nr. 197—218	15. júní
B 19, nr. 219—234	29. júní
B 20, nr. 235—247	8. júlí
B 21, nr. 248	20. júlí
B 22, nr. 249—268	31. júlí
B 23, nr. 269	16. ágúst
B 24, nr. 270—283	16. ágúst
B 25, nr. 284—300	23. ágúst
B 26, nr. 301—303	29. ágúst
B 27, nr. 304—315	30. ágúst
B 28, nr. 315	31. ágúst
B 29, nr. 316	11. sept.
B 30, nr. 317	11. sept.
B 31, nr. 318	13. sept.
B 32, nr. 319	20. sept.
B 33, nr. 320—333	25. sept.
B 34, nr. 334	25. sept.
B 35, nr. 335—344	29. sept.
B 36, nr. 345—364	10. okt.
B 37, nr. 365—376	20. okt.
B 38, nr. 377—382	31. okt.
B 39, nr. 383—390	10. nóv.
B 40, nr. 391	17. nóv.
B 41, nr. 392—413	30. nóv.
B 42, nr. 414—417	29. des.
B 43, nr. 418	30. nóv.
B 44, nr. 419—425	8. des.
B 45, nr. 426—429	22. des.
B 46, nr. 430—444	30. des.
B 47, nr. 445—449	9. febr. 1979
B 48, nr. 450—459	6. mars 1979
B 49, nr. 460	28. febr. 1979
B 50, nr. 461—468	30. okt. 1979

Leiðréttingar:

Bls. 268. sjá fyrirsögn Rg. nr. 164 genginsmunarsjóðs, les gengismunarsjóðs.
Bls. 268. sjá 2. línu í 2. gr. hagræðinga, les hagræðingar.
Bls. 269, sjá 2. línu að neðan komist, les komast.
Bls. 270. sjá neðstu línu umfram aflsstillingu, les umframaflsstillingu.
Bls. 278. sjá 2. línu í 3. gr. lákuntöku, les lántöku.
Bls. 279. sjá 21. línu að ofan talið, les tali.
Bls. 325. sjá formála að Skipulagsskrá, 3. línu madatum, les mandatum.
Bls. 367. sjá 2. gr. c) Vesfjarðahérað, les Vestfjarðahérað.
Bls. 379. sjá 17. gr. 2. línu umæðum, les umræðum.
Bls. 381. sjá tl. 20. áfengisvarnarnefnd, les áfengisvarnanefnd.
Bls. 382. sjá 32. gr. 3. línu bæjarstjórar, les bæjarstjórnar
Bls. 531. sjá 11. gr. 2. línu ágreiningi sem kann, les ágreiningi sem rísa kann.
Bls. 536. sjá 8. gr. 18. línu nefndarinna, les nefndarinnar.
Bls. 536. sjá 8. gr. 26. línu ákveðin, les ákveðinn.
Bls. 537. sjá 14. gr. 2. línu hvatt, les kvatt.
Bls. 542. sjá C. 2. lögum um málfrelsi og tillögurétt, les lögum með málfrelsi og tillögurétti.
Bls. 550. sjá 5. gr. 8. línu nuðsynlega, les nauðsynlega.
Bls. 551. sjá 6. gr. 9. línu tilskyldum, les tilskildum.
Bls. 551. sjá 6. gr. 14. línu aðskyldum, les aðskildum.
Bls. 551. sjá 6. gr. 28. línu tregast, les tregðast.
Bls. 553. sjá 11. gr. 8. línu viðhlýtandi, les viðhlítandi.
Bls. 705. sjá 11. gr. 1. línu úteldingarstyrk, les úreldingarstyrk.
Bls. 711. sjá 9. línu að ofan viðgreð, les viðgerð.
Bls. 718. sjá 6. línu að ofan samþykkis, les samþykki.
Bls. 739. sjá 4. línu að neðan herppsnefndar, les hreppsnefndar.
Bls. 1160. sjá 5. línu Daníelsdóttir, les Daníelsdóttir Nielsen.
Bls. 1162. sjá 15. maí Harðarson, les Haraldsson.
Bls. 1164. sjá Svæfingahjúkrun: Sigrún Hannesdóttir, les Sigurjónsdóttir.
Bls. 1165. sjá 5. júlí Þorgeirsson, les Þorgrímsson.
Bls. 1167. sjá 7. sept. Guðmundsson, les Guðlaugsson.

Endurprentað blað: 57.

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1978

19. janúar 1978. 1 Nr. 1.

REGLUGERÐ

um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Frá og með 1. janúar 1978 skal gjaldið nema 36.50 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — gúmmígjald — af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum, sem nota má á bifreiðar og bifhjól og skal gjaldið nema 45 kr. af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna sem fylgja bifreiðum er fluttar eru til landsins.

3. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

a. Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
allt að 2000	170 600	3000—3199	229 100
2000—2199	180 350	3200—3399	238 850
2200—2399	190 100	3400—3599	248 600
2400—2599	199 850	3600—3799	258 350
2600—2799	209 600	3800—3999	268 100
2800—2999	219 350		

b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
allt að 2000	221 780	3000—3199	297 830
2000—2199	234 455	3200—3399	310 505
2200—2399	247 130	3400—3599	323 180
2400—2599	259 805	3600—3799	335 855
2600—2799	272 480	3800—3999	348 530
2800—2999	285 155		

c. Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á.

Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
4.0— 4.9	6.83	15.0—15.9	10.96
5.0— 5.9	7.16	16.0—16.9	11.51
6.0— 6.9	7.49	17.0—17.9	12.04
7.0— 7.9	7.80	18.0—18.9	12.55
8.0— 8.9	8.11	19.0—19.9	13.09
9.0— 9.9	8.42	20.0—20.9	13.62
10.0—10.9	8.75	21.0—21.9	14.14
11.0—11.9	9.06	22.0—22.9	14.67
12.0—12.9	9.37	23.0—23.9	15.21
13.0—13.9	9.92	24.0—24.9	15.73
14.0—14.9	10.43	25.0—25.9	16.25

Af fólksflutningabifreiðum 17 farþega og fleiri, sem rétt hafa til sérleyfis- eða hópferðaaksturs, skal greiða 33% lægri þungaskatt en að ofan greinir.

d. Eigendur bifreiða er um getur í a- og b-liðum þessarar greinar geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli í stað fasts árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera 6.83 kr. Greiða skal 1/12 hluta gjaldsins samkvæmt a- eða b-lið þessarar greinar, eftir því sem við á, fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að vera útbúin viðhlítandi ökumælisbúnaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15 dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal skrá í athugasemdadálk skráningarskírteinis bifreiðar hvort greiða skuli þungaskatt samkvæmt ökumæli eða fast árgjald.
Frá þeirri stundu er bifreiðaeftirlitsmaður hefur viðurkennt ökumælisbúnað bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll ákvæði þessarar reglugerðar er að ökumælum lúta, svo og ákvæði reglugerðar nr. 62/1977.

e. Þegar greiddur hefur verið þungaskattur af bifreið skv. c-lið þessarar greinar fyrir 30 000 km akstur á einu almanaksári skal þungaskattur miðast við að veittur sé 10% afsláttur af kílómetragjaldi sem til fellur umfram 30 000 km og að 45 000 km og 20% af kílómetragjaldi umfram 45 000 km.
Afsláttur kemur til framkvæmda við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur náð framangreindum mörkum. Réttur til endurgreiðslu fylgir bifreið þótt eigendaskipti verði.

Um ísetningu ökumæla, innsiglun, álestur og viðgerðir svo og um skyldur umráðamanns bifreiðar varðandi álestur, færslu ökubókar o. þ. h. gilda ákvæði reglugerðar um ökumæla nr. 62/1977.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar og gjaldskyldu sker fjármálaráðherra úr.

4. gr.

Nú er bifreið eða festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfður heildarþungi nýtist ekki til fulls og á þá eigandi rétt á að gjaldskylda sé miðuð við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd. Slík þyngd er hér eftir nefnd skráð þyngd. Skráð þyngd sem skattur er greiddur af, skal aldrei vera minni en 13 000 kg sé um bifreið að ræða en 6000 kg sé um vagn að ræða. Skráð þyngd, sem greiðsla er miðuð við, má og aldrei vera minni en eigin þyngd bifreiðar eða vagns og ekki skal slík skráning vera til skemmri tíma en 12 mánaða. Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hver sé skráð þyngd samkvæmt þessari grein.

Bifreiðaeftirlit ríkisins fær upplýsingar um skráða þyngd í skráningarskýrteini. Að lokinni færslu í skráningarskírteini og álestri á ökumæli bifreiðar miðast þungaskattur við hina skráðu þyngd. Nú verður uppvíst að heildarþyngd bifreiðar er meiri en hin skráða þyngd og skal þá heimild til notkunar skráðrar þyngdar þegar afmáð úr skráningarskírteini og skal notkun skráðrar þyngdar þá ekki heimiluð næstu fjögur árin.

5. gr.

Bifreiðar erlendra sendisveita eru undanþegnar gjaldi skv. 3. gr. svo og bifreiðar erlendra ræðismanna ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. a-lið 3. gr. með eftirtöldum skilyrðum:

a. Þeir lýsi því yfir að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.

b. Þeir sanni með vottorði hlutaðeigandi skattstjóra, að eigandi bifreiðarinnar hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri. Heimilt er þó að víkja frá ákvæði þessa stafliðar ef heildartekjur samkvæmt landbúnaðarframtali næstliðins árs eru hærri en tekjur vísitölubús.

6. gr.

Gjalddagi skatts, sem um ræðir í a- og b-liðum 3. gr., er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreiðin er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heilan mánuð þannig að 15 dagar eða fleiri teljist heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa) án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Þungaskattur skv. c- og d-lið 3. gr. skal innheimtur ársþriðjungslega eftir á og er gjalddagi skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október en eindagi síðasti dagur sömu mánaða. Skal skatturinn innheimtast fyrir hvern ársþriðjung þar sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Í lok hvers ársþriðjungs, þ. e. á síðustu 10 dögum ársþriðjungs eða fyrstu 10 dögum næsta ársþriðjungs, skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Um nánari tilhögun á innheimtu þungaskatts samkvæmt ökumælum og álestri ökumæla vísast til reglugerðar nr. 62/1977.

Lækka skal eða endurgreiða skatt skv. a- og b-liðum 3. gr. að réttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt. Við útreikning á frádrætti skattsins skal miðað við heila mánuði þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður en hálfum mánuði eða minna skal sleppt.

7. gr.

Eigi skal endurgreiða skatt af bifreið sem greiddur hefur verið af henni út árið þótt skipt sé um eiganda að henni eða hún flutt í annað skráningarumdæmi, heldur skal greiðslan gilda fyrir þá bifreið allt árið hver sem eigandi hennar er eða hvert sem hún er flutt á landinu.

8. gr.

Viðurlög ef gjöld skv. a- og b-liðum 3. gr. eru ekki greidd:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greiddur hafi verið af henni gjaldfallinn þungaskattur svo og skráningargjald og vátryggingariðgjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema framangreind gjöld hafi áður verið greidd af bifreiðinni til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskyldum tíma og gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

Þungaskattur af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt. Bifreiðin skal vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

9. gr.

Viðurlög skv. c- og d-lið 3. gr.:

Komi í ljós við eftirlit að ökumælir sé eigi innsiglaður svo sem fyrir er mælt, svo og ef ökutæki hefur verið í notkun án þess að mælir þess hafi verið virkur, greiðir eigandi og/eða umráðamaður bifreiðarinnar viðurlög sem nema þungaskatti af 5 000 km akstri á mánuði, en 15 000 km akstri á mánuði við ítrekað brot. Viðurlög miðast við c- og d-liði 3. gr. eftir því sem við á og innheimtast eins og um venjulegan álestur væri að ræða.

Ef í ljós kemur við skoðun bifreiðar eða við álestur ökumælis að ökumælir eða ökumælisbúnaður er ekki virkur eða að mælir telur rangt og ætla má að eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar hafi verið grandlaus, getur viðkomandi innheimtumaður ríkissjóðs ákvarðað skattinn samkvæmt því sem telja má sennilegan akstur að viðbættu 10% álagi.

Misnotkun ökumælis, rof innsiglis á honum eða ítrekuð vanræksla samkvæmt framansögðu varðar sektum allt að 500 000 kr. auk viðurlaga samkvæmt reglugerð þessari nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú vanrækir eigandi að láta setja ökumæli í bifreið sína á tilskyldum tíma og hann nýtur eigi til þess sérstakrar undanþágu frá Bifreiðaeftirliti ríkisins og skal þá lögreglustjóri, stöðva bifreiðina hvar sem til hennar næst og taka skráningarmerki hennar til geymslu uns ökumælir hefur verið settur í bifreiðina.

10. gr.

Heimilt er að veita sérstaka undanþágu frá því að komið sé með bifreið, sem greiða skal af þungaskatt skv. c- og d-lið 3. gr., til álesturs ársþriðjungslega ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ófærð eða veikindi, enda hafi beiðni þar að lútandi borist viðkomandi innheimtumanni með hæfilegum fyrirvara. Sé ekki komið með bifreið til álesturs á tilskyldum tíma skal innheimtumaður leggja viðurlög á eiganda eða umráðamann bifreiðar er nemi 500 kr. á hvern dag sem líður frá þeim tíma sem ákveðinn er til álesturs skv. 4. mgr. 6. gr. í allt að 30 daga eða þar til komið er með bifreiðina til álesturs sé það fyrr.

Heimilt er innheimtumanni þó að fella niður sekt þessa hafi sérstakar ástæður orðið til þess að ekki var komið með bifreið til álesturs á réttum tíma, enda hafi fullnægjandi greinargerð borist innheimtumanni um orsök tafarinnar innan tveggja vikna frá lokum þess tímabils er tilgreint er til álestrar ökumæla. Að öðru leyti er

niðurfelling sekta samkvæmt þessari grein óheimil nema sérstakt samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

11. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annan orkugjafa en bensín, skal talin vera slík hvað skatti viðkemur þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) að hún noti þar eftir bensín fyrir orkugjafa.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar sem setur í bifreið sína hreyfil er notar annan orkugjafa en bensín skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós að bifreið notar annan orkugjafa en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun nema eigandi eða umráðamaður sanni að svo hafi ekki verið.

12. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar en í Reykjavík tollstjóri. Bensíngjald og gúmmígjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

Sé þungaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Heimilt er að veita innflytjendum gjaldfrest á greiðslu aðflutningsgjalds af bensíni. Skal fresturinn miðast við sölu af birgðum og aldrei vera lengri en svo að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

Innflytjandi skal telja fram sölu af birgðum í hverjum mánuði eigi síðar en viku áður en gjaldfresti lýkur.

13. gr.

Heimilt er að endurgreiða innflutningsgjald af bensíni ef sönnur eru færðar á að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Um endurgreiðsluna gilda ákvæði reglugerðar nr. 284/1975.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, lögum nr. 78 23. desember 1975 og lögum nr. 78 31. desember 1977, um breyting á þeim lögum.

Reglugerðin öðlast gildi 21. janúar 1978 en hækkun gjalds fyrir hvern ekinn km, sbr. c-lið 3. gr., tekur þó eigi gildi fyrr en að loknu 1. álesturstímabili. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal allur aksturinn talinn hafa farið fram á hinu hækkaða gjaldi. Jafnframt fellur niður reglugerð nr. 429/1976.

Fjármálaráðuneytið, 19. janúar 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1.	Áfrýjunarleyfi	kr.	5 000
2.	Nóvaleyfi	—	5 000
3.	Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum	—	2 500
4.	Lögskilnaðarleyfi	—	5 000
5.	Ættleiðingarleyfi	—	2 500
6.	Leyfisbréf til heildsölu	—	250 000
7.	Leyfisbréf til umboðssölu	—	125 000
8.	Leyfisbréf til smásölu	—	62 000
9.	Leyfisbréf til lausaversluṇar	—	50 000
10.	Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	—	2 500
11.	Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	—	50 000
12.	Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi	—	25 000
13.	Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	—	18 000
14.	Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11. til 13. tl.	—	2 500
15.	Leyfi til tækifærisveitinga	—	2 500
16.	Leyfi fyrir vínveitingastað	—	100 000
17.	Leyfi fyrir vínveitingastað til skemmri tíma en tveggja ára	—	50 000
18.	Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga)	—	2 500
19.	Iðjuleyfi	—	2 500
20.	Einkaleyfi skv. l. nr. 12/1923		
	fyrir fyrstu 5 ár	—	12 000
	fyrir næstu 5 ár	—	37 000
	fyrir síðustu 5 ár	—	75 000
21.	Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	—	37 000
22.	Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	—	7 000
23.	Leyfi til að stunda almennar lækningar	—	7 000
24.	Leyfi til að stunda sérlækningar	—	37 000
25.	Leyfi til að stunda tannlækningar	—	7 000
26.	Sérfræðileyfi til tannlækninga	—	37 000
27.	Leyfi til fasteignasölu	—	12 000
28.	Undanþáguleyfi til skipsstjórnar eða vélstjórnarstarfa	—	1 200
29.	Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	—	600
30.	Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	—	2 500
31.	Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum	—	2 500
32.	Leyfi til að framleiða skotvopn, skotfæri eða sprengiefni, sbr. 5. gr. l. nr. 46/1977	—	37 000
33.	Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda hvort sem er í heildsölu eða smásölu sbr. 1. mgr. 9. gr. l. nr. 46/1977, auk gjalds fyrir verslunarleyfi	—	12 000
34.	Endurnýjun á söluleyfi skv. 33. tl.	—	2 500
35.	Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu sbr. 2. mgr. 9. gr. l. nr. 46/1977	—	2 500
36.	Leyfi til kaupa á sprengiefni, sbr. 25. gr. l. nr. 46/1977	—	600
37.	Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar, sbr. 26. gr. l. nr. 46/1977	—	5 000

38. Önnur leyfi, er valdsmenn eða Stjórnarráðið gefa út nema gjald fyrir þau sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum ..... — 2 500

2. gr.

Skírteinagjöld skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1.	Vegabréf til útlanda (18—66 ára)	kr.	2 500
2.	Vegabréf til útlanda fyrir aðra	—	1 200
3.	Ökuskírteini bifreiðastjóra	—	1 200
4.	Skírteini til aksturs bifhjóls	—	1 200
5.	Ökuskírteini, alþjóðlegt	—	2 500
6.	Bifreiðaskírteini, alþjóðlegt	—	2 500
7.	Meistarabréf	—	12 000
8.	Sveinsbréf	—	2 500
9.	Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskipum allt að 120 br. rúml., hvert skírteini	—	1 200
10.	Stýrimanns- og skipsstjóraskírteini á fiskiskip af hvaða stærð sem er og stýrimanns- og skipstjóraskýrteini á verslunarskip allt að 400 br. rúml., hvert skírteini	—	4 000
11.	Undirstýrimannsskírteini, stýrimannsskírteini og skipstjóraskírteini á verslunarskip og varðskip af hvaða stærð sem er, hvert skírteini	—	5 000
12.	Vélstjóraskírteini, fyrsta stigs, hvert skírteini	—	1 200
13.	Vélstjóraskírteini, annars stigs, hvert skírteini	—	2 500
14.	Vélstjóraskírteini, þriðja stigs, hvert skírteini	—	3 700
15.	Vélstjóraskírteini, fjórða stigs, hvert skírteini	—	5 000
16.	Flugnemaskírteini	—	1 200
17.	Einkaflugmannsskírteini	—	2 500
18.	Atvinnuflugmannsskírteini hið minna	—	3 700
19.	Atvinnuflugmannsskírteini hið meira	—	7 000
20.	Flugstjóraskírteini	—	12 000
21.	Flugvélstjóraskírteini, flugleiðsögumannaskírteini og flugloftskeytamannaskírteini	—	7 000
22.	Flugumferðarstjóraskírteini	—	1 200

3. gr.

Fyrir skráningar, sem lögboðnar eru og eigi er ákveðið gjald fyrir í öðrum greinum reglugerðar þessarar, skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1.	Skráning hlutafélags	kr.	18 000
2.	Skráning samvinnufélags	—	18 000
3.	Skráning útibús	—	9 000
4.	Skráning starfsstöðva erlendra félaga	—	12 000
5.	Skráning firma eins manns	—	7 000
6.	Skráning firma tveggja manna eða fleiri	—	12 000
7.	Skráning breytinga á eldri skráningu	—	2 000
8.	Tilkynning um prókúru, sérstök	—	2 000
9.	Afturköllun prókúru	—	1 200
10.	Skráning bifreiðar, nýskráning	—	8 000
11.	Skráning bifreiðar, umskráning milli umdæma	—	4 000
12.	Skráning bifreiðar, umskráning innan umdæmis	—	8 000
13.	Skráning eigendaskipta að bifreið	—	4 000
14.	Skráning bifhjóls, nýskráning	—	4 000
15.	Skráning bifhjóls, umskráning	—	2 000

16.	Skráning eigendaskipta að bifhjóli	—	2 000
17.	Skráning og umskráning létts bifhjóls	—	2 000
18.	Skráning eigendaskipta að léttu bifhjóli	—	2 000
19.	Skráning og umskráning beltabifhjóla	—	2 000
20.	Skráning eigendaskipta að beltabifhjóli	—	2 000
21.	Skráning og umskráning dráttarvélar	—	2 000
22.	Skráning eigendaskipta að dráttarvél	—	2 000
23.	Skráning og umskráning tengivagna og festivagna	—	4 000
24.	Skráning eigendaskipta tengivagna og festivagna	—	4 000
25.	Skráning flugvélar, atvinnu	—	12 000
26.	Skráning flugvélar, einka	—	5 000
27.	Skráning breytinga á eldri skráningu flugvélar (eigendaskipti, nafnbreyting o. fl.)	—	5 000
28.	Skráning kaupmála	—	2 500

4. gr.

Fyrir skráningu á einkarétti á loftfari greiðast kr. 600 fyrir hver byrjuð 200 kg af leyfilegum hámarksþunga loftfars fullhlaðins, þó eigi minna en kr. 4 000.

Fyrir aðra skráningu greiðist kr. 6 000. Ekkert gjald greiðist fyrir að afmá skráningu.

5. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og mannflutningaskip, sem kemur frá útlöndum, og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipið á að fá hér á landi, skal greiða kr. 75 af hverri nettósmálest skipsins. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn, er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftar en sex sinnum á almanaksári.

6. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða kr. 50 af hverri nettósmálest skipsins á fyrstu höfn, er það tekur, þó eigi nema einu sinni á almanaksári. Hálf smálest, eða þar yfir, telst heil.

Enn fremur skal í hvert sinn er slíkt fiskiskip tekur höfn hér á landi síðar á árinu, greiða áritunargjald, kr. 5 af nettósmálest, auk tollgæslu- og sóttvarnargjalds.

7. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:

1.	Löggilding manns um ævitíð (dómtúlkar, skjalaþýðendur, endurskoðendur o. fl.)	kr.	12 000
2.	Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjóra o. fl.)	—	2 500

Undanþegnir gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuveganna.

8. gr.

1.	Fyrir borgaralega hjónavígslu skal greiða	kr.	2 000
2.	Fyrir löggildingu verslunarbókar	—	2 500
3.	Fyrir löggildingu leiðarbókar eða véladagbókar	—	1 200
4.	Fyrir útnefningu matsmanna, fyrir hvern mann	—	1 200
5.	Fyrir vottorð, er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu (vöruvottorð)	—	300
6.	Fyrir sakavottorð gefin samkvæmt beiðni einstakra manna	—	400
7.	Fyrir veðbókarvottorð	—	600
8.	Fyrir önnur embættisvottorð	—	400
9.	Fyrir lögskráningu skipshafnar, fyrir hvern mann	—	150

9. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum og skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

Fyrir vélritaða síðu ..... kr. 200

Hluti úr síðu telst heil síða.

Lægstu ritlaun eru kr. 400.

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir, skal greiða samlestrargjald, kr. 50 af hverri síðu.

10. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

11. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal, sem gjald er fyrir að gefa út eða rita á, ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram, skal innheimtumaður skrá í gerðabókina, hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi 21. janúar 1978, jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 532 23. desember 1975 svo og reglugerðir nr. 56/1976, nr. 326/1976 og nr. 376/1976 um breytingar á þeirri reglugerð.

Fjármálaráðuneytið, 11. janúar 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

13. janúar 1978. Nr. 3.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 427 9. desember 1977, um bann við togveiðum á utanverðu Strandagrunni.

1. gr.

Í stað orðanna „Til 15. janúar 1978“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi orðin: Þangað til öðruvísi verður ákveðið.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. janúar 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld.

1.	**Vogarlóð:**		
	Þyngd 1—200 g	kr.	45.00
	Þyngd ½ kg—20 kg	—	100.00
	Þyngd 50 kg	—	400.00
	Þyngd 4—8 oz	—	45.00
	Þyngd 1 lb.—13½ lb.	—	85.00
2.	**Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknarstofur:**		
	Burðarþol: Allar stærðir	—	1 800.00
3.	**Jafnarma vogir.**		
	Burðarþol: Allar stærðir	—	850.00
4.	**Tugavogir, hundraðsvogir og rennislóðsvogir:**		
	Burðarþol 10— 100 kg	kr.	1 000.00
	Burðarþol 150— 500 kg	—	1 300.00
	Burðarþol 600— 2 000 kg	—	2 200.00
	Burðarþol 3 000—30 000 kg	—	8 500.00
5.	**Vísavogir:**		
	Burðarþol 1— 5 kg	—	1 000.00
	Burðarþol 10— 25 kg	—	1 400.00
	Burðarþol 50— 200 kg	—	1 700.00
	Burðarþol 300— 5 000 kg	—	3 500.00
	Burðarþol 10 000—30 000 kg	—	9 000.00
	Burðarþol yfir 30 000 kg	—	14 500.00
6.	**Rafmagnsvogir (tölvuvogir):**		
	Burðarþol 1— 25 kg	—	2 200.00
	Burðarþol 30— 100 kg	—	3 500.00
7.	**Kvarðar og málbönd:**		
	Lengd ½ m—1 m	—	300.00
	Lengd stálmálbönd allt að 50 m	—	900.00
	Lengd mælivélar fyrir lengdarmál	—	1 100.00
8.	**Mæliker:**		
	Rúmtak 1 dl—2 l	—	200.00
	Rúmtak 10 dl—50 l	—	250.00
	Rúmtak vínmælar (veltimælar og kúlum.) 3—6 cl	—	1 150.00
9.	**Rennslismælar fyrir olíur og bensín og bensínsölumælar:**		
	Rennslismælar	—	1 300.00
	Bensínsölumælar	—	850.00
10.	Rennslismælar fyrir mjólk	—	1 300.00

2. gr.

Vottorðagjald ..... — 600.00

3. gr.

Auk löggildingargjalds reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar samkvæmt taxta hennar yfir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, reiknast auk kaupgjalds ferðakostnaður, iðgjald af vátryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast gildi frá 1. febrúar 1978 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 370 15. október 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. janúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

5. janúar 1978. Nr. 5.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 4 5. janúar 1977 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Úr 1. gr. reglugerðarinnar falli eftirfarandi liðir:

Tollskrárnr.	
11.01.25—	
11.01.26	Rúgmjöl.
17.01.21—	
17.01.22	Molasykur.
17.01.23—	
17.01.24	Strásykur.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi liðir:

Ökutæki til fólksflutninga eingöngu:

Úr	87.02.14	Með alhjóladrifi, notuð.
	87.02.16	Notuð.
Úr	87.02.19	Önnur, notuð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 5. janúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 251 31. des. 1965 um breytingu á reglugerð Vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. des. 1958.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

8. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá vatnsveitunni, skal greiða tengigjald kr. 23.00 á hvern rúmmetra húss allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 15.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.

Tengigjald skal greiðast að fullu áður en tenging fer fram.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

10. gr. reglugerðarinnar nr. 183/1958 orðist svo:

Af hverri fasteign, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins skal greiða árlega vatnsskatt til vatnsveitunnar.

Álagningarstofn vatnsskattsins skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar samkv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94 20. maí 1976.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.13% af framangreindu mati. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en svarar kr. 27.00 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 19.00 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð vatnsskattsins aldrei vera hærri en svarar kr. 34.00 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er.

Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki vatnsskattur.

Lágmarksupphæð vatnsskatts, fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 3 700.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og skal þá greiða vatnsskatt samkvæmt samþykktum uppdráttum. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Krónutölur í 8. og 10. gr. eru miðaðar við fasteignamat það, sem tók gildi 31. des. 1976 og breytast með sama hætti og það einu sinni á ári í samræmi við framreikningsstuðla fasteignamats ríkisins.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 13. janúar 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 — 1978

19. janúar 1978. 13 Nr. 7.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. febrúar 1978.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

1.1.	Fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu	kr. 36 000
1.2.	Fyrir hvert aukatalfæri í sama húsi (ekki hægt að tala á milli)	— 9 000
1.3.	Viðbótargjald fyrir annan lit en gráan á talfæri	— 1 500
1.4.	Fyrir venjulegan aukatengil (ekkert afnotagjald)	— 7 000

Stofngjöld fyrir annan búnað eru samkvæmt sérgjaldskrá.

Framangreint gjald miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Þegar handvirkum síma er breytt í sjálfvirkan síma, má krefjast aukastofngjalds, sem svarar hálfum mismun á stofngjaldi við sjálfvirkan og handvirkan síma.

Stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan sérbúnað gilda aðeins, þegar sami aðili hefur búnaðinn.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að veita löggiltum rafverktökum sérstakt leyfi til að draga símataugar í rör, sem tilheyra viðkomandi íbúðum enda hafi áður verið komið á samstarfi við hlutaðeigandi rafveitur varðandi samþykki teikninga fyrir símalagnir.

Hér er aðeins um að ræða einfaldar símalagnir í íbúðarhúsum, það er uppsetningu á tenglum, sem póst- og símamálastjórnin hefur viðurkennt og tengingu þeirra, en ekki tengingu inn í húskassa.

Símnotendur ráða fjölda tengla, enda fellur stofngjald af þeim niður í þessum tilfellum.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að línu og númeri í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu er kr. 5 200 að viðbættum kr. 11.30 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldssvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1. hér að framan, auk kr. 1 750 á ársfjórðungi.

2.3. Ársfjórðungsgjald fyrir aukatalfæri (ekki hægt að tala á milli) .... kr. 720

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Afnotagjöld fyrir annan búnað eru samkv. sérgjaldskrá, en gilda því aðeins að sami aðili hafi öll tækin.

3. Flutningsgjald.

3.1. Milli húsa á svæði sömu miðstöðvar fyrir hvert venjulegt talfæri með línu ..... kr. 18 000
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).

3.2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri eða aukabjöllu ..... — 7 000

3.3. Innanhúss og milli húsa á aukatengli ..... — 7 000

3.4. Milli stöðvargjaldssvæða ..... — 23 500

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt sérgjaldskrá.

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman flutning að ræða, eða flutning á öðrum tækjum, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist gjald, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan svæðis sömu símstöðvar, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 9 000 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 11 200 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

b) að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
c) að straumur sé rofinn á tilskyldum tíma með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu búnaðarins og greiði leigu af honum skv. ákvæðum um rofagjöld.
d) að tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með rofum og hitastillum.
e) að notkun sé minnst 6000 kwst. á ári.

v. 1.—4:

a) Ef fasvikulsstuðull hjá notanda er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi, en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.
b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinna tækja eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að dómi hans vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.
c) Hitunartaxtar 3.1. standa jafnan á heilum eyri, en allir aðrir taxtar reiknast í heilum tug aura.

d) Föst árgjöld reiknast þannig:

grunngjald í taxta 1.1.	1 600 gjaldstig
grunngjald í taxta 2.1., á hvert kw	600 gjaldstig
mæligjald í taxta 1.1.	1 200 gjaldstig
mæligjald í töxtum 2.1., 2.2., 3.1., 3-fasa	600 gjaldstig
mæligjald í töxtum 2.1., 2.2., 3.1., 1-fasa	300 gjaldstig
rofagjald af klukku eða stýriliða	600 gjaldstig

II. KAFLI

Tengigjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

1	2		3		4	
Gjaldskrárliður	Málstraumur stofnvara í 220 V kerfi A	380 V kerfi A	Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis	kVA	Tengigjald skv. jöfnu g = 4000 + 150 × kVA Gjaldstig g	Tengigjald kr.
T 1	2 × 60	1 × 60	0.22 × 60 =	13	5 950	74 970
T 2	3 × 60	2 × 60	0.38 × 60 =	22	7 300	91 980
T 3	3 × 100	3 × 60	0.38 × 100 =	38	9 700	122 220
T 4		3 × 100	0.66 × 100 =	66	13 900	175 140
T 5	3 × 200		0.38 × 200 =	76	15 400	194 040
T 6	3 × 350	3 × 200	0.66 × 200 =	132	23 800	299 800
T 7		3 × 350	0.66 × 350 =	231	38 650	486 990
T 8				300	49 000	617 400
T 9				500	79 000	995 400
T 10				800	124 000	1 562 400

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

Önnur ákvæði:

a) Um heimtaugar:

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:

Y (J) = (200 + 3 × kVA) gjaldstig á metra.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig:

Y (L) = (40 + 2 × kVA) gjaldstig á metra.

Að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.

b) Um spennistöðvar:

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina

kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

c) Almennt:

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 2000 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

III. KAFLI

OPNUNARGJALD

Opnunargjald nemur allt að 100 gjaldstigum, en skal standa á heilu hundraði króna.

Opnunargjaldið greiðist í þessum tilvikum:

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir enduropnun.

IV. KAFLI

VERÐGILDI GJALDSTIGS

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reiknað eftir hlutfallsgrunni, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé reikningsgrunnurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira, enda sé heimild iðnaðarráðuneytisins fyrir hækkun. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí. Verðgildi gjaldstigs reiknast í heilum tug aura.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 161 29. mars 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 11. janúar 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

5. janúar 1978. Nr. 14.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Við Álfhólsveg frá Túnbrekku að Skálaheiði eru bílastöður bannaðar að norðanverðu við götuna.
2. Bílastöður við húsagötu Álfhólsvegar milli Túnbrekku og Skálaheiðar eru bannaðar að sunnanverðu.
3. Við Kársnesbraut austan við Norðurvör eru bílastöður bannaðar að norðanverðu við götuna.
4. Við Borgarholtsbraut vestan Urðarbrautar eru bílastöður bannaðar sunnan götunnar.
5. Við Urðarbraut norðan Borgarholtsbrautar eru bílastöður bannaðar að austanverðu við götuna.
6. Við Hamraborg frá brú yfir Hafnarfjarðarveg að Vallartröð eru bifreiðastöður leyfðar á afmörkuðum bílastæðum meðfram götunni (áður bannaðar).
7. Við Digranesveg frá Neðstutröð að Vallartröð eru bifreiðastöður bannaðar við norðurkant götu.
8. Á húsagötu Álfhólsvegar milli Túnbrekku og Skálaheiðar verði einstefnuakstur í vesturátt.
9. Á bílastæðum við Hamraborg 2—26, sé einstefna út frá stæðunum að Vallartröð, hámarkshraði á bílastæðum þessum sé 20 km. á klst.
10. Á bílastæðum við Hamraborg 7—11, skal vera einstefna inn á stæðin að vestan og ekið sé út að austan.
11. Að á bílastæðum við Hamraborg 1—5, skal innakstur frá Skeljabrekku vera bannaðar.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 5. janúar 1978.

Sigurgeir Jónsson.

Nr. 15. 9. janúar 1978.

AUGLÝSING

um skipulag í Reykholtsdalshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Reykholtsdalshrepps í Borgarfjarðarsýslu að undanskyldum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 9. janúar 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um skotvopn og skotfæri.

I. KAFLI

Um veitingu skotvopnaleyfa.

1. gr.

Einstaklingur, sem uppfyllir eftirgreind skilyrði, getur fengið leyfi til þess að eignast skotvopn.

1. Hefur náð 20 ára aldri og hefur ekki verið sviptur sjálfræði.
2. Hefur ekki gerst brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga, áfengislaga, laga um ávana- og fíkniefni eða laga er varða meðferð skotvopna. Veita má þó umsækjanda leyfi, ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að brot var framið, enda sýni hann fram á, að hann hafi ríka þörf fyrir að eiga skotvopn. Að liðnum tveimur árum frá því að brot var framið getur þó lögreglustjóri veitt umsækjanda leyfi, enda hafi refsing ekki farið fram úr sektum eða varðhaldi og ekki hafi verið um að ræða árásar- eða ofbeldisbrot, brot á lögum um ávana- og fíkniefni, ítrekuð ölvunarbrot eða brot á lögum, er varða meðferð skotvopna.
3. Hefur nægilegan andlegan þroska, er andlega heilbrigður, er ekki haldinn drykkjuhneigð, neytir ekki ávana- og fíkniefna og er að öðru leyti hæfur til þess að fara með og eiga skotvopn.
4. Hefur nægilega kunnáttu til þess að fara með skotvopn. Áður en leyfi er veitt skal lögreglustjóri kanna, eða láta kanna af þar til kvöddum manni, hæfni og kunnáttu umsækjanda eftir nánari reglum, er dómsmálaráðuneytið setur.

Lögreglustjóri getur synjað um leyfi fyrir skotvopni, ef umsækjandi gerir eigi nægilega grein fyrir í hvers skyni hann leitar leyfisins svo og ef lögreglustjóri telur af einhverjum ástæðum varhugavert að veita umsækjanda skotvopnaleyfi.

Dómsmálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef sérstaklega stendur á.

2. gr.

Sá, sem fullnægir skilyrðum 1. gr., getur fengið leyfi lögreglustjóra fyrir eftirgreindum skotvopnum:

1. Haglabyssum cal. 12, 16 og 20, einskota eða tvíhleypum.
2. Rifflum cal. 22, einskota.
3. Loftrifflum.

3. gr.

Lögreglustjóri getur ennfremur veitt leyfi fyrir eftirtöldum skotvopnum með þeim takmörkunum, sem í þessari grein segir:

1. Haglabyssum cal. 12, og með minni hlaupvídd, margskota, þó eigi sjálfvirkum eða hálfsjálfvirkum.
2. Rifflum cal. 30, og með minni hlaupvídd, margskota, þó eigi sjálfvirkum eða hálfsjálfvirkum.

„Sjálfvirkt“ (automatic) er skotvopn, ef hægt er að skjóta úr því röð af skotum með því aðeins að taka einu sinni í gikkinn.

„Hálfsjálfvirkt“ (semi-automatic) er skotvopn, ef hægt er að skjóta úr því einu skoti á eftir öðru, þar til skothylkjahólf (magasín) er tæmt, með því aðeins að taka í gikkinn í hvert skipti sem hleypt er af skoti.

Leyfi fyrir skotvopnum skv. þessari grein má aðeins veita þeim, sem sýnir fram á, að hann hafi þörf fyrir að eiga þau og sýnir jafnframt fram á sérstaka hæfni í meðferð skotvopna. Umsækjandi skal gangast undir sérstakt hæfnis- og kunnáttupróf skv. nánari reglum er dómsmálaráðuneytið setur.

Leyfi fyrir rifflum með meiri hlaupvídd en cal 243 skal ekki veita nema í undantekningartilfellum og að jafnaði aðeins til þeirra, sem stunda veiðar stærri dýra, svo sem hreindýra. Nú hyggst maður stunda hreindýraveiðar og sækir í því skyni um leyfi fyrir slíkum riffli, skal hann þá láta fylgja með umsókn meðmæli eftirlitsmanns með hreindýraveiðum og vottorð um að hann hafi leyfi til þess að veiða hreindýr. Leyfi fyrir skotvopnum, sem ætluð eru til minkaveiða má aðeins veita að fenginni umsögn veiðistjóra.

Að jafnaði skal ekki veita leyfi fyrir haglabyssum, sem taka fleiri en tvö skothylki, rifflum cal. 222 og stærri sem taka fleiri en eitt skothylki, nema umsækjandi sýni fram á sérstaka þörf fyrir að eiga margskota vopn.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. getur lögreglustjóri heimilað eign skotvopna, ef um gömul vopn er að ræða er teljast vera safngripir, enda skuldbindi eigandi sig til að nota þau eigi.

Lögreglustjóri getur krafist þess, að vopnið verði á kostnað eiganda gert tímabundið eða varanlega ónothæft.

5. gr.

Leyfi fyrir skammbyssum eða öðrum skotvopnum en að framan greinir skal lögreglustjóri eigi veita nema með samþykki dómsmálaráðuneytisins.

6. gr.

Lögreglustjórar geta veitt félögum og stofnunum leyfi til þess að eiga skotvopn, ef slíkir aðilar þurfa starfsemi sinnar vegna nauðsynlega á þeim að halda, sbr. 16. gr. laga nr. 46/1977, enda leiti lögreglustjórar samþykkis dómsmálaráðuneytisins á því áður en leyfi er veitt.

7. gr.

Erlendum ríkisborgurum, sem dveljast hér á landi skal að jafnaði eigi veitt skotvopnaleyfi fyrr en eftir þriggja ára samfellda búsetu í landinu. Áður en leyfi er útgefið skal lögreglustjóri leita umsagnar útlendingaeftirlitsins.

8. gr.

Nú andast maður, sem hefur leyfi fyrir skotvopni og skulu þá aðstandendur hins látna tilkynna lögreglustjóra um látið. Lögreglustjóri skal taka ákvörðun um geymslu á skotvopninu þar til dánarbúinu hefur verið skipt.

Nú hefur hinn látni átt skotvopn, sem er sérstaklega verðmætt eða er kjörgripur og getur lögreglustjóri þá veitt erfingja leyfi fyrir því, þótt um vopn sé að ræða, sem fellur undir ákvæði 3. gr., enda fullnægi erfinginn skilyrðum til að mega eiga skotvopn skv. 2. gr., sbr. 1. gr.

Maki, sem hefur fengið leyfi til setu í óskiptu búi, þarf leyfi lögreglustjóra fyrir skotvopni eða skotvopnum, sem hinn látni maki hafði leyfi fyrir. Lögreglustjóra er heimilt að veita slík leyfi til bráðabirgða, þótt maki fullnægi ekki skilyrðum 4. tl. 1. gr. enda skuldbindi hann sig til þess að nota eigi skotvopnið.

II. KAFLI

Skotvopnaleyfi og skráning skotvopna.

9. gr.

Í umsókn um skotvopnaleyfi skal tilgreina:

1) Fullt nafn, nafnnúmer, lögheimili, fæðingardag og stöðu umsækjanda.
2) Tegund þess skotvopns, sem umsækjandi hyggst eignast, svo og aðrar upplýsingar um það, þ. á m. hlaupvídd og hvort það er margskota eða sjálfvirkt.
3) Til hvaða nota skotvopnið er ætlað og hver sé þörf umsækjanda að eignast það.
4) Hafi umsækjandi átt lögheimili í öðru lögsagnarumdæmi síðustu tvö árin, skal hann tilgreina hið fyrra lögheimili.
5) Hafi umsækjandi áður fengið leyfi fyrir skotvopni skal hann tilgreina hvar og hvenær leyfið var útgefið og hvort það er í gildi.
6) Af hverjum umsækjandi hyggst kaupa skotvopnið.
7) Aðrar upplýsingar, ef lögreglustjóri óskar þess.

Ef umsækjandi er einstaklingur, skal umsókn send lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem umsækjandi hefur lögheimili.

Ef umsækjandi er stofnun eða félag, sbr. 6. gr., skal umsókn send lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem félagið er skráð eða þar sem stofnunin hefur starfsstöð. Í umsókn skal tilgreina notanda eða notendur og vörslumann.

10. gr.

Með umsókn um leyfi fyrir skotvopni skal fylgja sakavottorð umsækjanda og skotvopnaleyfi hans, hafi hann slíkt leyfi, svo og önnur gögn, ef lögreglustjóri óskar þess, svo sem meðmæli tveggja valinkunnra manna og læknisvottorð.

11. gr.

Hafi umsækjandi flutt í umdæmið og eigi eru liðin 2 ár frá flutningnum skal lögreglustjóri, áður en hann tekur afstöðu til umsóknarinnar, leita upplýsinga um umsækjanda hjá lögreglustjóra þess umdæmis, er umsækjandi flytur úr.

Hyggist umsækjandi kaupa skotvopn, sem þegar hefur verið skráð, skal lögreglustjóri kanna hvort rétt sé greint um skráninguna í umsókninni, áður en hann tekur afstöðu til hennar.

12. gr.

Ef lögreglustjóri telur, eftir að hafa kannað umsókn og fylgigögn, að til greina komi að veita leyfið skal hann láta umsækjanda gangast undir próf skv. 4. tl. 1. gr. eða 4. mgr. 3. gr. Að prófi loknu tekur lögreglustjóri endanlega afstöðu til umsóknarinnar.

13. gr.

Fallist lögreglustjóri á að veita umbeðið leyfi gefur hann út heimild til umsækjanda að mega eignast tiltekið skotvopn. Í heimild þessari (kaupaheimild) skal nákvæmlega tilgreina, í samræmi við 2. tl. 16. gr., hvaða skotvopn kaupandi megi kaupa og af hverjum.

Seljanda er óheimilt að selja öðrum skotvopn eða selja önnur skotvopn en greinir í kaupaheimild. Seljanda ber að árita þrjú eintök kaupaheimildar sem staðfesting á því að hann hafi selt kaupanda tilgreint skotvopn.

Frumrit kaupaheimildar ber seljanda að senda til lögreglustjóra er hér greinir:

1. Selji verslun skotvopn skal heimildin send lögreglustjóra í því umdæmi þar sem verslunin hefur starfsstöð.

2. Selji einstaklingur sem hefur skotvopnaleyfi skotvopn, skal heimildin send lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem seljandi á lögheimili þegar sala fer fram, án tillits til þess hvar leyfið er upphaflega útgefið. Með kaupaheimild skal seljandi senda skotvopnaleyfi sitt og skal lögreglustjóri eyðileggja það og gefa út nýtt, án sérstaks gjalds, ef seljandi á fleiri vopn en hann selur. Ef leyfið er útgefið í öðru umdæmi skal lögreglustjóra í því umdæmi tilkynnt um niðurfellingu eða endurnýjun leyfisins og skal hann þá rita á viðkomandi spjaldskrá, að tiltekið eða tiltekin skotvopn séu tekin á skrá í öðru umdæmi.
3. Selji stofnun eða félag sem fengið hefur leyfi samkvæmt 6. gr. skotvopn, skal heimildin send lögreglustjóra í því umdæmi þar sem félagið er skráð eða þar sem stofnunin hefur starfsstöð. Að öðru leyti skal fara að sem segir í 2. tl.

Annað eintak kaupaheimildar afhendir seljandi kaupanda og gildir það eintak sem leyfi fyrir tilgreindu skotvopni til bráðabirgða í allt að einn mánuð frá útgáfu heimildar. Þriðja eintaki heldur seljandi.

Lögreglustjóri sem gefið hefur út kaupaheimild skal gefa út tilsvarandi skotvopnaleyfi jafnskjótt og hann hefur móttekið kaupaheimildina áritaða af seljanda. Hafi annar lögreglustjóri móttekið kaupaheimildina úr hendi seljanda skal hann framsenda hana þeim lögreglustjóra er gaf hana út að fullnægðum ákvæðum 3. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er eiganda skotvopns, heimilt að selja það verslun, sem hefur heimild til að versla með skotvopn, enda tilkynni hann það lögreglustjóra í því umdæmi þar sem hann hefur lögheimili. Tilkynningu ber eigi að taka gilda nema fyrir liggi viðurkenning frá viðkomandi verslun um að hún hafi keypt umrætt skotvopn, og að lögreglustjóra í því umdæmi þar sem verslunin hefur starfsstöð, hafi verið tilkynnt um söluna. Seljanda ber að senda skotvopnaleyfi sitt til lögreglustjóra til ógildingar, sbr. ákvæði 3. mgr.

Ákvæði þessarar greinar eiga við þótt eignaryfirfærsla skotvopns eigi sér stað með öðrum hætti en með sölu.

Gjald fyrir skotvopnaleyfi skal greiða við móttöku kaupaheimildar.

14. gr.

Í skotvopnaleyfi skal tilgreina:

1. Nafn, nafnnúmer, fæðingardag og heimili leyfishafa.
2. Tegund, verksmiðjuheiti, verksmiðjunúmer, hlaupvídd og aðrar upplýsingar um þau skotvopn, sem leyfið tekur til, sbr. 2. tl. 1. mgr. 16. gr.
3. Útgáfustað, útgáfudag og gildistíma.
4. Hvort leyfishafi hafi áður fengið útgefið skotvopnaleyfi.
5. Númer leyfis.

Lögreglustjóri getur sett sérstök skilyrði í leyfið, ef hann telur þess þörf.

15. gr.

Sá, sem óskar endurnýjunar skotvopnaleyfis skal senda umsókn um endurnýjun til lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem umsækjandi á lögheimili. Þegar leyfi er endurnýjað skal leyfishafi gera grein fyrir hæfni sinni og þekkingu á því vopni sem hann hefur leyfi til að fara með.

Skotvopnaleyfi skal einnig endurnýja í hvert skipti, sem leyfishafi fær heimild til þess að eignast til viðbótar skotvopn, eða þegar hann á fleiri en eitt skotvopn og selur hluta af skotvopnaeign sinni, sbr. 3. mgr. 13. gr.

Hafi skotvopnaleyfi verið útgefið í öðru umdæmi skal lögreglustjóri, sem endurnýjar leyfi, tilkynna það lögreglustjóra þeim, sem áður gaf það út og skal sá rita í viðkomandi spjaldskrá, að tiltekið eða tiltekin skotvopn séu tekin á skrá í öðru umdæmi.

Hafi skotvopnaleyfi glatast, skemmst eða eyðilagst, má gefa út samrit þess, til jafnlangs tíma. Finnist glatað skotvopnaleyfi skal tafarlaust skila því til lögreglustjóra. Skemmt skotvopnaleyfi, sem samrits er beiðst af skal afhenda lögreglustjóra.

Gildistími skotvopnaleyfis skal vera 10 ár frá útgáfu eða endurútgáfu skotvopnaleyfis. Lögreglustjóra er þó heimilt í sérstökum tilfellum að gefa út leyfi til skemmri tíma.

16. gr.

Lögreglustjórar skulu halda eftirtaldar skrár:

1. Spjaldskrá yfir leyfishafa þar sem skráð er nafn, nafnnúmer, heimilisfang og staða leyfishafa. Þar skal einnig skrá upplýsingar um þau vopn er leyfishafi á. Einnig skal skrá hvenær leyfi er útgefið eða endurútgefið svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar svo og ákvarðanir er lögreglustjóri tekur, svo sem afturköllun.
2. Spjaldskrá yfir leyfð skotvopn, þar sem komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar um skotvopnið, þ. á m. tegund þess, verksmiðjuheiti, verksmiðjunúmer, hlaupvídd, hvað mörg skot vopnið taki og hvort það er sjálfvirkt, hálfsjálfvirkt eða ekki.

Lögreglustjórar skulu skrá öll útgefin leyfi í tímaröð í sérstaka bók.

III. KAFLI

Um innflutning skotvopna.

17. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins til almennrar sölu skotvopn, sem eingöngu eru ætluð til nota í hernaði, svo og sjálfvirk skotvopn, þar með talin hálfsjálfvirk. Dómsmálaráðuneytið getur, ef nauðsyn ber til, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

18. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins skotvopn, sem ekki eru númeruð eintaksnúmeri.

19. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða eftirtaldar vörur nema innflytjandi leggi fram við tollafgreiðslu vörureikning, sem lögreglustjóri hefur samþykkt til innflutnings:

1. Skotvopn og hluta til þeirra, sbr. 93. kafla tollskrár.
2. Skotfæri og hluta til þeirra eða efni til skotfæragerðar, sbr. tollskrárnúmer 36.01.00 (púður til skotfæragerðar) og 93. kafla tollskrár.
3. Vopn er falla undir tollskrárnúmer 93.01.00.
4. Örvaboga og örvar, sbr. tollskrárnúmer 97.06.09.

Lögreglustjóri í umdæmi því sem innflytjandinn hefur starfsstöð veitir framangreind leyfi með áritun á vörureikning.

Lögreglustjórar skulu senda dómsmálaráðuneytinu afrit af öllum vörureikningum er þeir hafa áritað til innflutnings.

Ef um er að ræða innflutning á öðrum skotvopnum en þeim sem tilgreind eru í 2., 3. og 4. gr., svo sem skammbyssum skal sækja um innflutningsleyfi til dómsmálaráðuneytisins í hvert sinn, áður en pöntun er gerð.

20. gr.

Heimilt er að veita erlendum ríkisborgurum, sem dveljast um skamman tíma hér á landi, leyfi til þess að flytja til landsins skotvopn til eigin nota með eftirgreindum skilyrðum:

1. Að viðkomandi fullnægi skilyrðum íslenskra laga um að mega eiga skotvopn.
2. Að hann hafi skotvopnaleyfi útgefið í heimalandi sínu.
3. Að hann leggi fram meðmæli eins eða tveggja manna, búsettra hér á landi, er þekki umsækjanda persónulega og heimild eigenda þess lands þar sem hann hyggst nota skotvopnið.

Í umsókn skal umsækjandi tilgreina:

1. Fullt nafn, ríkisfang, fæðingardag og ár og heimilisfang.
2. Til hvers hann hyggst nota skotvopnið og hvar hann hyggst nota það.
3. Tegund, hlaupvídd, verksmiðjuheiti og verksmiðjunúmer þeirra skotvopna er hann hyggst flytja með sér til landsins.
4. Tegund og magn skotfæra, ef óskað er innflutnings þeirra.

Með umsókn skal umsækjandi senda staðfest endurrit eða ljósrit af skotvopnaleyfi því er hann hefur fengið útgefið í heimalandi sínu.

Lögreglustjórinn í Reykjavík gefur út umrædd leyfi svo og leyfi til handa viðkomandi að mega nota þau vopn sem hann flytur inn.

Skylt er þeim, er fær umrædd leyfi, við brottför frá landinu, að flytja úr landi þau skotvopn er hann hefur flutt með sér til landsins.

Lögreglustjóri skal tilkynna viðkomandi tollyfirvöldum um leyfi til erlendra manna.

IV. KAFLI

Um verslun.

21. gr.

Þeir sem fá leyfi til þess að versla með skotvopn og skotfæri, sbr. 9. gr. laga nr. 46/1977, skulu geyma þau í húsnæði, sem viðurkennt er af viðkomandi slökkviliðsstjóra og lögreglustjóra. Skotfæri skulu geymd í eldtraustum geymslum. Skotvopn og skotfæri skulu geymd í læstum og tryggilega útbúnum geymslum.

Á afgreiðslutíma má þó geyma í verslunum nægilegt magn af skotfærum og skotvopnum til daglegrar sölu.

Óheimilt er að stilla skotvopnum og skotfærum í útsýnisglugga verslana.

22. gr.

Heildsalar skulu senda dómsmálaráðuneytinu upplýsingar um öll skotvopn er þeir selja smásöluverslunum, þ. á m. fjölda skotvopna, tegund, hlaupvídd, eintaksnúmer hvers skotvopns og hvort um margskota vopn er að ræða eða sjálfvirkt (hálfsjálfvirkt). Heildsalar skulu einnig senda sömu upplýsingar til lögreglustjóra þess umdæmis, þar sem viðkomandi smásöluverslun hefur starfsstöð.

Heildsalar skulu gefa lögreglustjórum á sama hátt upplýsingar um sölu skotfæra, ef þess er óskað.

23. gr.

Smásöluverslanir skulu halda skrá yfir skotvopn, sem þær hafa til sölu. Þeim ber að gefa lögreglustjóra upplýsingar um seld skotvopn jafnskjótt og sala hefur farið fram, sbr. 13. gr.

Smásöluverslanir skulu tilkynna lögreglustjóra taki þær skotvopn í umboðssölu eða kaupi til endursölu af öðrum.

24. gr.

Smásöluverslanir skulu halda skrá yfir seld skotfæri og senda lögreglustjóra í því umdæmi þar sem verslunin hefur starfsstöð afrit af henni. Tilgreina skal magn skotfæra, tegund og hlaupvídd. Kaupandi skotfæra skal kvitta fyrir móttöku þeirra.

25. gr.

Aðeins má selja þeim skotfæri sem hafa skotvopnaleyfi og framvísa því.

Enginn má kaupa riffilskot í riffla sem eru stærri en cal. 243, nema með leyfi lögreglustjóra. Í leyfi skal m. a. tilgreina tegund og magn skotfæra.

V. KAFLI

Um skotfæragerð o. fl.

26. gr.

Skotvopnaleyfishafa er heimilt með leyfi lögreglustjóra að hlaða skothylki í þau skotvopn, sem hann hefur leyfi fyrir. Aðeins má veita þeim leyfi, sem hefur nægilega þekkingu til þess að hlaða skothylki og fara með hleðslutæki. Leyfi lögreglustjóra þarf til þess að kaupa púður, hvellhettur til skotfæragerðar og hleðslutæki.

27. gr.

Óheimilt er að stytta hlaup á skotvopni eða breyta því verulega nema með leyfi lögreglustjóra.

VI. KAFLI

Um skotvopn skv. 2. gr. laga nr. 46/1977.

28. gr.

Ákvæði laga nr. 46/1977 taka eigi til eftirgreindra skotvopna nema að því leyti sem segir í þessum kafla:

1. Naglabyssa og skothamra, sem ætlað er til nota í byggingariðnaði.
2. Línubyssa og tilheyrandi skotfæra, merkjabyssa, eða annarra slíkra skotvopna og skotfæra, sem eingöngu eru notuð við björgunarstörf í skipum og á landi.
3. Skotvopna, sem eingöngu eru notuð við slátrun dýra og eru þannig gerð að ekki hleypur af skot en þrýstist úr pinni.

29. gr.

Ákvæði um innflutningsleyfi skv. 7. gr. laga nr. 46/1977 sbr. 19. gr. reglugerðar þessarar svo og ákvæði 9. gr. sömu laga eiga þó við um skotvopn þau, sem nefnd eru í 3. tl. 28. gr.

30. gr.

Þeir sem hafa leyfi til þess að versla með skotvopn þau, sem tilgreind eru í 3. tl. 28. gr. skulu halda skrá yfir seld skotvopn og senda viðkomandi lögreglustjóra afrit af henni.

VII. KAFLI

Um tæki og vopn skv. 3. gr. laga nr. 46/1977.

31. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða og selja hættulegar tegundir örvaboga og örva svo og hættulegar tegundir egg-, högg- og stunguvopna eða annarra þvílíkra vopna, sbr. ákvæði 3. gr. laga nr. 46/1977, nema með samþykki lögreglustjóra.

Um innflutningsleyfi nefndra vopna fer skv. ákvæðum 19. gr.

VIII. KAFLI

Um gjöld.

32. gr.

Greiða skal fyrir skotvopnaleyfi sem hér segir:

1. Fyrir hvert skotvopn sem skráð er, hvort sem það er nýtt eða notað kr. 2 500
2. Fyrir endurnýjun á skotvopnaleyfi án tillits til fjölda skotvopna — 1 200

Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum sem varanlega hafa verið gerð ónothæf og leyfi skv. 3. mgr. 8. gr.

IX. KAFLI

33. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt VII. kafla laga nr. 46/1977.

34. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum um skotvopn, skotfæri og skotelda nr. 46 13. maí 1977, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um endurskráningu skotvopna og innköllun eldri leyfa.

1. Öll skotvopnaleyfi, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku þessarar reglugerðar skulu endurnýjuð fyrir 1. júlí 1978. Leyfi sem gefin hafa verið út eftir gildistöku laga nr. 46/1977 og greitt hefur verið gjald fyrir skulu vera gjaldfrjáls.
2. Endurnýjun er bundin því skilyrði, að umsækjandi fullnægi skilyrðum, sem tilgreind eru í 1. gr.

   Þeir, sem hafa áður fengið leyfi fyrir skotvopnum þeim sem tilgreind eru í 3. gr., eða hálfsjálfvirkum skotvopnum, eiga þess kost að fá leyfin endurnýjuð. Lögreglustjóra er þó heimilt að binda endurnýjun því skilyrði, að skotvopni verði breytt á þann veg að skothylkjahólf (magasín) rúmi aðeins eitt skothylki.
3. Leyfishafi sem óskar endurnýjunar á skotvopnaleyfi skal sýna lögreglustjóra eða starfsmanni hans viðkomandi skotvopn ef þess er óskað áður en leyfi er endurnýjað.
4. Komi í ljós að skotvopn ber eigi eintaksnúmer eða númer er afmáð skal númera það eftir ákvörðun lögreglustjóra. Skal eigandi skotvopns bera kostnað af því.
5. Sæki handhafi skotvopns ekki um endurnýjun skotvopnaleyfis innan tilskilins frests fer um upptöku samkvæmt 35. gr. laga nr. 46/1977.
6. Nú sækir handhafi skotvopns um endurútgáfu leyfis en lögreglustjóri synjar um endurútgáfu, og skal þá umsækjandi afhenda lögreglustjóra vopnið áður en endurnýjunarfrestur rennur út. Skal þá fara um sölu sem segir í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 46/1977.
7. Leyfi til verslunar og innflutnings skotvopna og skotfæra skulu endurnýjuð fyrir 1. júlí 1978. Nú sækir leyfishafi ekki um framlengingu leyfis fyrir þennan tíma eða er synjað um leyfi, skal dómsmálaráðuneytið þá ákveða hvernig fara skuli með óseldar vörubirgðir skotvopna og skotfæra er hann hefur undir höndum.
8. Heildsalar skulu svo fljótt sem verða má senda dómsmálaráðuneytinu upplýsingar um óseldar birgðir skotvopna eins og þær voru um síðustu áramót svo og upplýsingar um skotvopn er þeir hafa keypt og selt á þessu ári fram að gildistöku reglugerðar þessarar. Upplýsingar skulu vera í samræmi við ákvæði 22. gr.

9. Smásöluverslanir skulu senda viðkomandi lögreglustjóra upplýsingar um óseldar birgðir skotvopna eins og þær voru um síðustu áramót, hvort sem um er að ræða skotvopn í eigu viðkomandi verslunar eða hún hefur tekið í umboðssölu. Einnig skulu smásöluverslanir senda viðkomandi lögreglustjóra upplýsingar um skotvopn er þeir hafa keypt og selt frá áramótum fram að gildistöku reglugerðar þessarar. Upplýsingar skulu vera í samræmi við ákvæði 22. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. janúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Þorleifur Pálsson.

24. janúar 1978. Nr. 17.

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Hafnarfirði skal, meðan bæjarstjórn Garðabæjar ekki leyfir fólksbifreiðastöðvar í sínu lögsagnarumdæmi fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Hafnarfirði, miðuð við íbúatölu á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Neista, Hafnarfirði, þannig að ein bifreið komi fyrir hverja 500 íbúa, sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæði samkvæmt 1. mgr. telst Hafnarfjörður og Garðabær.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 500 íbúa, skal ekki veita nema fjórða hvert leyfi sem losnar.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita, vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 500 íbúa og eitt atvinnuleyfi fyrir hvert atvinnuleyfi sem losnar.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. febrúar ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Enginn bifreiðastjóri má aka allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga í Hafnarfirði nema hann hafi afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Hafnarfirði, og hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri í Hafnarfirði.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa.

3. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðastjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur leigubifreiðar sinnar sem aðalatvinnu og sæki um upptöku í Bifreiðastjórafélagið Neista.

Þeir bifreiðastjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í b-lið 12. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

4. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Hafnarfirði, hafa ekki atvinnurétt þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.

5. gr.

Í Hafnarfirði skal ávallt vera a. m. k. ein bifreiðastöð opin til kl. 2 eftir miðnætti.

6. gr.

Bifreiðastjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri, skal sækja um það, á þar til gerðum eyðublöðum, til Bifreiðastjórafélagsins Neista. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð í Hafnarfirði, um að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu.

Atvinnuleyfin skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Neista, en hinn af ráðherra. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

Úthlutunarmenn skulu líta eftir að ákvæðum reglna og laga um leigubifreiðar og reglugerðar þessarar sé fylgt.

Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna, sker samgönguráðuneytið úr.

Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Neista skal senda úthlutunarmönnum til afgreiðslu umsóknir þær um atvinnuleyfi og annað, sem fyrir þá ber að leggja samkvæmt reglugerð þessari, ásamt rökstuddum tillögum.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur leigubifreiða til mannflutninga lagður til grundvallar, þannig að sá sem lengstan hefur starfsaldur sem bifreiðastjóri við mannflutninga, hvar sem er á landinu, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli gegn því, enda verði hann, ef hann fær atvinnuleyfi, búsettur í Hafnarfirði eða Garðabæ.

Bifreiðastjórar, sem hafa haft atvinnuleyfi, en sagt því upp, sbr. 1. mgr., hafa forgangsrétt til atvinnuleyfis í næstu tvö ár eftir uppsögn, og fer röð þeirra innbyrðis eftir starfsaldri.

Starfstími bifreiðastjóra við akstur sérleyfisbifreiða til mannflutninga telst við aldursflokkun jafngildur akstri smærri bifreiða.

7. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð, er hann getur fengið afgreiðslu hjá í Hafnarfirði, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en viðkomandi bifreiðastjóri hefur lagt fram atvinnuleyfi sitt. Skal leyfið vera í vörslum bifreiðastöðvarinnar, á meðan leyfishafi hefur þar afgreiðslu.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra stöð og skal hann þá afhenda bifreiðastöð þeirri, er hann ekur hjá, yfirlýsingu frá þeirri stöð, er hann hyggst flytja á um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Skal síðar sú bifreiðastöð er leyfishafi flytur frá, tilkynna Bifreiðastjórafélaginu Neista flutninginn innan 4 daga.

Bifreiðastöð er óheimilt að halda atvinnuleyfi leyfishafa, ef hann flytur sig löglega til afgreiðslu á aðra bifreiðastöð.

8. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt nema til Bifreiðastjórafélagsins Neista, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi, sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, getur haldið leyfisréttindum sínum í allt að því 6 mánuði. Ef sérstaklega stendur á geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest, enda óski leyfishafi þess. Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt í lengri tíma eða skemmri, en heldur því þó, sbr. 2. mgr., og er þá bifreiðastöð óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Úthlutunarmönnum er heimilt að taka atvinnuleyfi leyfishafa hjá viðkomandi bifreiðastöð, hafi hann ekki notfært sér atvinnuleyfið í 6 mánuði eða lengur og ekki sótt um frest. Skulu þá úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa innköllun leyfisins með ábyrgðarbréfi. Hafi leyfishafi ekki óskað eftir framlengingu leyfisins og fært

fram ástæður, sem úthlutunarmenn geta tekið til greina, innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi í tvo mánuði eða lengur, án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal þá tilkynna fjarveruna stjórn Bifreiðastjórafélagsins Neista, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

9. gr.

Ef leyfishafa er sagt upp afgreiðslu af gildum ástæðum, skal viðkomandi bifreiðastöð afhenda atvinnuleyfi hans formanni Bifreiðastjórafélagsins Neista samdægurs, eða næsta virkan dag. Skal leyfið vera í vörslu félagsins á meðan leyfishafi er að útvega sér afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð.

Takist leyfishafa ekki að fá afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð innan 30 daga hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins, og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

10. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leiðubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp fyrir fullt og allt, skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt og bifreiðastöð sú, sem hann hefur afgreiðslu hjá, síðan afhenda það formanni Bifreiðastjórafélagsins Neista samdægurs eða næsta virkan dag. Síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari.

Á sama hátt skal skila til Bifreiðastjórafélagsins Neista atvinnuleyfum, sem losna af öðrum orsökum en um getur í 1. mgr., svo sem við andlát leyfishafa, eða ef hann fyrirgerir rétti sínum til leyfisins.

Sé atvinnuleyfi leyfishafa lagt inn til Bifreiðastjórafélagsins Neista, án undirskriftar leyfishafa, skulu úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa það með ábyrgðarbréfi hafi hann ekki gefið skýringu, sem úthlutunarmenn geta tekið gilda, innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins.

11. gr.

Óheimilt er að hafa vaktaskipti bifreiðastjóra á leigubifreið, nema báðir hafi atvinnuleyfi.

12. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan en þann, sem hefur atvinnuleyfi aka fyrir sig, nema í eftirgreindum tilfellum, að fenginni undanþágu samkvæmt 13. gr.

a) Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði frá trúnaðarlækni Bifreiðastjórafélagsins Neista.
b) Ef leyfishafi er að vinna í þágu Bifreiðastjórafélagsins Neista, bifreiðastöðva þeirra, er reglugerð þessi nær til eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna, sem Bifreiðastjórafélagið Neisti á aðild að.
c) Ef leyfishafi deyr, heldur maki hans atvinnuleyfinu, ef hann æskir þess.
d) Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Neista getur heimilað leyfishöfum að láta aka fyrir sig á orlofstíma, þó ekki lengur en allt að 4 vikum árlega, og ekki skemur en í viku hvert sinn, sé orlofstímanum skipt í fleiri en 1 tímabil.

13. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu skv. 12. gr., skal hann sækja um það skriflega til Bifreiðastjórafélagsins Neista.

Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni.

Bifreiðastjórafélaginu er þó heimilt að veita undanþágu og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér við akstur og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjórafélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framansögðu.

14. gr.

Á hverri bifreiðastöð skal vera skrá yfir allar þær bifreiðar sem hafa afgreiðslu. Skal skrá þessi fest þar upp sem bifreiðastjórar eiga greiðan aðgang að og tilgreint í henni skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðastjóra og eiganda.

15. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskuðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 100 29. júní 1957 um sama efni og reglugerðir um breytingar á henni nr. 13 25. janúar 1965, nr. 142 30. júlí 1971 og nr. 323 23. október 1974.

Samgönguráðuneytið, 24. janúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 18. 23. janúar 1978.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 75.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn um stillanlegan, sjálfvirkan hemil, og miðast þá gjald til hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámarksrennsli, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda frá tengidegi til 1. mars næst á eftir, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. mars ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Gjald fyrir hvern mínútulítra er kr. 19 710.00 á ári. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða aukahemla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) fyrir mæla eða hemla allt að ¾″ ..... kr. 650.00
b) fyrir mæla eða hemla 1″—2″ ..... — 1 459.00
c) fyrir mæla eða hemla 3″ og stærri ..... — 2 916.00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðarmót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1 360.00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	m^3	Heimæðargjald					
Allt að	400	208 236.00 kr.					
400 að	2 000	208 236.00 kr.	fyrir	400 m^3	+	167.00 kr./m^3	þar yfir.
2 000 að	6 000	475 436.00 kr.	fyrir	2 000 m^3	+	142.00 kr./m^3	þar yfir.
6 000 að	10 000	1 043 436.00 kr.	fyrir	6 000 m^3	+	125.00 kr./m^3	þar yfir.
Meira en	10 000	1 543 436.00 kr.	fyrir	10 000 m^3	+	109.00 kr./m^3	þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 24 990.00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjaddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 2 700.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur er hér með staðfest skv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1978 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 365 27. október 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 23. janúar 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 19. 17. janúar 1978.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 226 26. maí 1977.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald, kr. 375.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b) Vatnsgjald, kr. 3 012 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:
Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.
Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 250 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1978, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 17. janúar 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

25. janúar 1978. Nr. 20.

REGLUGERÐ
um loðnuveiðar árið 1978.

1. gr.
Á tímabilinu 15. mars til 15. maí 1978, eru loðnuveiðar bannaðar fyrir Norður- og Austurlandi frá 20° v.lgd. austur um að línu réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni, utan línu, sem dregin er 25 sjómílur utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
Á tímabilinu 15. maí til 15. júlí 1978 eru allar loðnuveiðar bannaðar.

2. gr.
Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuafla fiskiskipa.
Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

3. gr.
Sé skipstjóri fiskiskipa í vafa um hlutfall smáloðnu í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nótinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd, ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

4. gr.
Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 2. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og gerir sjávarútvegsráðuneytinu aðvart, sé hlutur smáloðnu yfir 55%.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr., er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita, að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar, leyfi til loðnuveiða á svæðum, þar sem loðnuveiðar eru bannaðar samkvæmt 1. gr.

6. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt.

7. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. janúar 1978.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

Nr. 21. 20. janúar 1978

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur nr. 259 16. júní 1977.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

A. Fastagjald kr. 720.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
B. Vatnsgjald kr. 1 596.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allur kostnaður við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er kr. 2000.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjóra Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1978, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 20. janúar 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Seltjarnarness.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seltjarnarness selur hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða gerð verða á Seltjarnarnesi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Seltjarnarness staðfestri 7. september 1971.

2. gr.

Hitaveita Seltjarnarness lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuðina, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. des. ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald, kr. 450.00 á mánuði fyrir hvern hemil.
b. Vatnsgjald, kr. 1 870.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem bæjarstjórn ákveður. Það eru vanskil ef gjöld eru ekki greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

Nr. 82. 2. febrúar 1978.

REGLUGERÐ

um löndun á loðnu til bræðslu, frystingar og hrognatöku.

1. gr.

Loðnuverksmiðjur skulu tilkynna loðnunefnd daglega eða svo oft sem nefndin ákveður, um móttökurými á hverjum þeim tíma, sem nefndin óskar. Nefndin ákveður síðan og tilkynnir veiðiskipum hvenær löndun skuli hefjast eða hætta hjá einstökum verksmiðjum.

2. gr.

Nú hefur loðnunefnd tilkynnt að löndun í ákveðna verksmiðju skuli hefjast á ákveðnum tíma og má þá ekki hefja löndun fyrir þann tíma þótt móttökurými sé fyrir hendi. Þó getur loðnunefnd ef sérstaklega stendur á leyft löndun almennt eða úr ákveðnu skipi eða skipum fyrir auglýstan tíma, en getur þá ákveðið að viðkomandi skip haldi ekki aftur til veiða fyrr en á tilsettum tíma, sem loðnunefnd ákveður með hliðsjón af því hvenær skipin hefðu með réttu lagi losnað við farma sína samkvæmt réttri löndunarröð og því hvenær löndun átti að hefjast.

3. gr.

Skip, sem landa loðnu til hrognatöku og bræðslu skulu hlíta sömu reglum og skip, sem landa loðnu til bræðslu.

Loðnunefnd getur leyft löndun til hrognatöku og bræðslu fyrir auglýstan löndunartíma hjá verksmiðju án þess að viðkomandi skip fari í rétta löndunarröð, enda tefjist löndun úr öðrum skipum ekki af þessum sökum. Nefndin skal gæta þess, að raska ekki þannig réttri löndunarröð nema til þess að taka skip með afla nýtanlegan til hrognatöku fram fyrir skip með afla, sem ekki verður nýttur til hrognatöku. Úrskurðarvald um þetta atriði hefur Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Skip, sem fengið hafa forgangslöndun samkvæmt þessari grein skulu ekki halda til veiða aftur fyrr en á tilsettum tíma, sem nefndin ákveður með hliðsjón af því hvenær viðkomandi skip hefði með réttu lagi losnað við farm sinn, ef það hefði verið í réttri löndunarröð með öðrum skipum.

4. gr.

Skip, sem landa loðnu til frystingar, þurfa ekki að fara í löndunarröð með skipum, sem landa loðnu til bræðslu. Við það skal þó miðað, að þetta gildi að jafnaði einungis um farma, sem ekki eru stærri en 120 lestir.

Loðnunefnd skal tilkynnt svo fljótt sem verða má um hverja forgangslöndun samkvæmt þessari grein og skal nefndin, eftir því sem við verður komið, fylgjast með því, að frystur sé sá hluti viðkomandi farms, sem til þess er nýtanlegur og ekki sé um það að ræða, að afla sé ekið gegnum frystihús til verksmiðju.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða getur jafnan úrskurðað að ákveðnir farmar séu óhæfir til frystingar og verður þá viðkomandi skip að fara í löndunarröð með öðrum skipum, sem landa til bræðslu, þar sem laust er löndunarrými.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skal ennfremur vera loðnunefnd til ráðgjafar um það hvort nýtanleg loðna sé fryst eða ekki.

Loðnunefnd ákveður hverju sinni hve miklum hluta afla megi landa beint til verksmiðju til þess að tæma þau skip, sem landa til frystingar, en skal við það miðað, að þetta magn fari að jafnaði ekki yfir 25% aflans.

5. gr.

Loðnunefnd getur haft sérstaka trúnaðarmenn til þess að afla upplýsinga og líta eftir því að ákvörðunum nefndarinnar og öðrum reglum sé framfylgt. Er skylt að veita þeim þá aðstöðu um borð í veiðiskipum eða í vinnslustöðvum sem við verður komið án verulegs óhagræðis.

6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar eða fyrirmælum loðnunefndar samkvæmt þeim skulu sæta viðurlögum samkvæmt ákvörðun laga nr. 97 7. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu sbr. lög nr. 98 31. desember 1974.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. og 6. gr. laga nr. 97 27. desember 1973 um löndun á loðnu til bræðslu, sbr. lög nr. 98 31. desember 1974, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. febrúar 1978.

Matthías Bjarnason.

Þórður Ásgeirsson.

Nr. 83. 7. febrúar 1978.

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum við Snæfellsnes.

1. gr.

Þar til annað verður akveðið verða allar línuveiðar bannaðar við vestanvert Snæfellsnes. Svæðið afmarkast að norðan af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita, að sunnan (suðaustan) afmarkast svæðið af línu sem dregin er réttvísandi suður frá Malarrifsvita. Að vestan takmarkast svæðið af línu, sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81 31. maí 1976.

2. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. febrúar 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 4, nr. 31—83. Útgáfudagur 10. febrúar 1978.

STJÓRNARTÍÐINDI B 5 — 1978

15. febrúar 1978. 125 Nr. 84.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir póstþjónustu nr. 337 6. ágúst 1976.

1. gr.

Grein nr. 14.4.1. í reglugerðinni orðist þannig:

Burðargjöld fyrir blöð og tímarit eru ákveðin í gjaldskrá fyrir póstþjónustu. Heimilt er að veita helmings afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð og önnur landsmálablöð og tímarit, sem fjalla um málefni einstakra atvinnuvega svo og fyrir tímarit landssamtaka stéttarfélaga.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. gr. póstlaga nr. 31 1940 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 15. febrúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

GJALDSKRÁ

fyrir póstþjónustu.

TEGUND SENDINGAR	Þyngdarmörk g	Innanlands Burðargj. kr.	Norðurlönd Burðargj. kr.	Önnur lönd Burðargj. kr.
Bréf.	20	60	60	80
Hámarksstærð:	100	120	120	190
Lengd + breidd	250	240	240	330
+ þykkt 900 mm.	500	480	480	630
Mesta lengd 600 mm.	1000	960	1030	1100
Í ströngum:	2000	1790	1790	1790
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.				
Mesta lengd 900 mm.				
Hámarksþyngd 2 kg.				
Lágmarksstærð:				
90 × 140 mm. Í ströngum: Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm.				
Minnsta lengd 100 mm.				
Póstkort.				
Mest 105 × 148 mm		50	50	60
Minnst 90 × 140 mm				
Prent.				
Stærð sama og bréfa.	20	50	50	50
(Prentkort sama stærð	100	90	90	90
og póstkort).	250	140	140	140
Hámarksþyngd 2 kg.	500	250	250	250
Bækur þó 5 kg.	1000	410	410	410
Burðargjald fyrir prent	2000	580	580	580
yfir 1000 g til Norðurl.	3000	870	870	870
er sama og fyrir	4000	1160	1160	1160
„Önnur lönd"	5000	1450	1450	1410
Smápakkar	100	90	90	90
Stærð sama og bréfa	250	140	140	140
Hámarksþyngd 1 kg.	500	250	250	250
	1000	410	410	410
Innrituð blöð og tímarit.				
Innritunargj. 35000 kr.				
Stærð sama og bréfa				
a) Til umboðsm.	hver			
(minnst 50 eintök	500	32		
til hvers í einu).				
Hámarksþ. 20 kg.				
b) Til áskrifenda.				
Minnsta gjald:				
200 eint.				
Hámarksþyngd	100	12		
500 g hvert eintak.	200	24		
	300	36		
	400	48		
	500	60		

Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmálablöð og tímarit landsamtaka stéttarfélaga vísast til reglugerðar fyrir póstþjónustu, nr. 337/1976, gr. 14. 4. 1. sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 84 15. febrúar 1978.

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald kr.
Gíróþjónusta (aðeins innanlands). Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	90
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Hámarksupphæð innanlands: Kr. 500 000 (Símapóstávísanir kr. 250 000). Burðargjald	150
b. Til annarra landa: Burðargjald:	200
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda, veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur. Hámarksupphæð sama og póstávísana (500 000 kr.) Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Burðargjald eins og fyrir póstávísun. (150 kr.) Póstkröfugjald	120
b. Til annarra landa: Burðargjald	300
Almennir bögglar (innanlands): Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksstærð 90 × 140 mm): Þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m.	
Burðargjald: (alm.) 1 kg 3 kg 5 kg 10 kg 15 kg 20 kg 180 kr 330 kr 490 kr 850 kr 1180 kr 1420 kr	
Burðargjald: (rúmfr. + broth.) 1 kg 3 kg 5 kg 10 kg 15 kg 20 kg 270 kr 495 kr 735 kr 1275 kr 1770 kr 2130 kr	
Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Verðbréf og -bögglar. Burðargjald sendingar eftir tegund.	
Skrásetningargjald.	150
Tryggingargjald.	
Fyrir hverjar 5000 kr. eða minna þar yfir.	150

Loftbréf: Söluverð kr. 90. Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda, nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald	kr. 150
Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu	kr. 120
Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er	kr. 300
Móttökukvittun	kr. 90

Talning í verðbréfi innanlands: kr. 150 hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð kr. 140
Skiptiverð í frímerkjum kr. 80

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: kr. 120

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: kr. 90

Tollmeðferð böggla: kr. 150

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: kr. 90

Geymslugjald böggla: 120 kr. á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús

Afhending ábyrgðarsendinga með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan kr. 90

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -bögglar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að kr. 3 200 fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að kr. 24 300 fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 til að öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu nr. 8/1978.

Samgönguráðuneytið, 15. febrúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 238 31. maí 1977, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. reglugerð nr. 465 31. desember 1977 um breyting á þeirri reglugerð.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð hér á landi.

Gjaldið skal vera 18% til 19. febrúar 1978 en 16% tímabilið 20. febrúar til 31. desember 1978.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 16% á 89,3% heildsöluverðsins en það svarar til 14,29% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 49 20. maí 1977 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. 1. gr. laga nr. 84 31. desember 1977 og 9. gr. laga nr. 3 17. febrúar 1978 um breyting á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 20. febrúar 1978.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 — 1978

16. febrúar 1978. 129 Nr. 87.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978:

Þorskur:	Ísl. kr. á lb. Cif.
4×14 m/r 5—8 oz	236.14
4×14 m/r 8—12 oz	241.60
4×14 m/r 12—16 oz	250.68
4×14 m/r 1—3 lbs.	254.30
4×14 r/l 8—12 oz.	276.10
4×14 r/l 12—16 oz.	287.02
4×14 r/l 1—3 lbs.	297.92
10×5 og 3×18	297.37
5×8	367.79
5×10 og 6×10	320.85
4×12	309.10
4×13	297.37
4×15	320.85
12×1	297.37
Blokk	273.90
Ýsa:	
4×14 m/r 4—8 oz.	245.22
4×14 m/r 8—12 oz.	245.22
4×14 m/r 12—16 oz.	265.20
4×14 m/r 16 og yfir	265.20
10×5	320.85
3×18, 4×13 og 4×12	332.58
12×1	320.85
Blokk	273.90
Steinbítur:	
8×7 r/l	183.50
10×5	327.36
12×1	327.36
Blokk	234.76

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Karfi:

8×7 m/r	183.50
10×5 m/r	238.67
10×5 r/l	238.67
10×5 Sea Star	219.89
4×10 Sea Star	219.89
5×8 m/r og b/l	297.37
5×8 m/r og b/l 4—6 oz.	273.90
3×8 kg. Japan	163.30
3×17	198.77
1×20	227.72
1×25 kg. Japan	176.88
4×6 kg. Japan	217.71
4×6 kg r/l lagp.	254.67
12×1 r/l	238.67
12×1 m/r	233.45
Blokk m/b	221.06
Blokk	193.03

Ufsi:

8×7 r/l	136.66
4×6 kg	136.66
10×5, 4×12 og 4×13	208.16
2×15 kg.	221.06
Blokk	182.59

Langa:

8×7 r/l	183.50
10×5	221.73
Blokk	208.68

Grálúða:

Heilfr. hausuð yfir 2 kg.	165.12
Heilfr. hausuð að 2 kg.	109.14
Heilfr. m/h Rússl.	96.12
4×12 lagp.	245.19
6×10	215.20
Blokk U. S. S. R.	183.50
Blokk U. S. A.	164.34
Heilfrystur fiskur 3×9 kg.	106.47

Verðbil verður 4%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. febrúar 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978:

Óverkaður saltfiskur.

Stórfiskur nr. 1	kr. 510.00
Millifiskur nr. 1	— 479.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 408.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 377.00

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verði 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Söltuð ufsaflök.

15/20	FF	kr. 538.00
15/20	AB	— 467.00
21/25	FF	— 522.00
21/25	AB	— 452.00
26/30	FF	— 508.00
26/30	AB	— 437.00
31/35	FF	— 492.00
31/35	AB	— 421.00
36/40	FF	— 476.00
36/40	AB	— 406.00

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. febrúar 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

13. febrúar 1978. Nr. 89.

REGLUGERÐ

um bann við þorskveiðum með flotvörpu fyrir Suður- og Vesturlandi.

1. gr.

Frá 1. mars til 31. maí 1978, eru þorskveiðar með flotvörpu bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi á svæði, sem að austan takmarkast af línu, sem dregin er í réttvísandi austur frá Stokksnesi, og vestur um að línu, sem dregin er í réttvísandi vestur frá Bjargtöngum.

2. gr.

Með þau mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. febrúar 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 90. 8. febrúar 1978.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978:

	Ísl. kr. á lb. Cif.
Lausfrystur hörpudiskur	411.73
Blokkfrystur hörpudiskur	383.32

Verðbil verður 10%, miðað við verðlækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. febrúar 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 91. 8. febrúar 1978.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978:

Vélskelflett rækja:	Ísl. kr. á kg Cif.
Blokkfryst	1 371.85
5×2 kg. og 4×2,5 kg. vatnshúðuð, sérfryst	1 371.85
5×2 kg. og 4×2,5 kg. óvatnshúðuð, sérfryst	1 444.70
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	1 600.15
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	1 672.95

Verðbil verður 2½%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. febrúar 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

25. janúar 1978. Nr. 92.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Ísafjarðar nr. 29 23. janúar 1975.

Grein 1.2 hljóði svo:
Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóða samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Upphæð vatnsskattsins skal vera 0,4% af fasteignamati húss og lóðar. Lágmarks upphæð árlegs vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal þó aldrei vera lægri en kr. 9 100.00.
Aldrei skal reikna vatnsskatt af húsi það ár er bygging þess hefst. Hafi hús verið tengt vatnsveitunni en ekki verið virt fasteignamati skal reikna lágmarks vatnsskatt.

Grein 2.2 hljóði svo:
Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 18.20 per rúmmetra vatns.

Grein 2.3 hljóði svo:
Vatnsveitan lætur notendum í té löggilda vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 8 500.00.

Grein 3.2 hljóði svo:
Vatnsskatt og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki. Gjöld samkvæmt þessari reglugerð önnur en vatnsskattur skulu breytast í samræmi við breytingar er verða á vísitölu byggingarkostnaðar frá því sem hún er 1. nóvember 1974 (1455 stig), þó ekki yfir 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrárbreyting þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. janúar 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Garðabæjar.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sem svo er ástatt um, sem getur í 1. gr. gjaldskrár þessarar, skal greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0,2% af fasteignamati húss og lóðar. Lágmarksgjald af hverri íbúð skal vera kr. 6 000.00 árið 1978 og það fylgja hlutfallslega almennum framreikningi fasteignamats síðar.

Hús þau, sem nota vatn til annarra en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum, skulu greiða vatnsskatt samkvæmt mæli eða áætlaðri notkun kr. 31.40 á hvern rúmmetra vatns árið 1978 og það verð fylgja hlutfallslega almennum framreikningi fasteignamats síðar.

2. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir uppsetningu vatnsmælis skal viðkomandi húseigandi greiða samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði við verkið.

Mælaleiga skal árlega reiknast 15% af kostnaðarverði viðkomandi vatnsmælis.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 94. 1. febrúar 1978.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Fastagjald.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt.

Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

2. gr.

Vatnsskattur skv. 1. gr. skal vera 0.3% af fasteignamatsverði húss. Hafi fasteignamat ekki farið fram á húsi, sem hægt er að tengja dreifikerfi vatnsveitunnar, áætlar vatnsveitan gjaldið.

Notkunargjald.

3. gr.

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 50.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

Notkunargjald þetta innheimtir Rafveita Vestmannaeyja á tveggja mánaða fresti, og annast mælaaflestur.

Vatn til skipa og báta.

4. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 100.00 fyrir hvern teningsmetra, og auk þess kr. 1 000.00 í afgreiðslugjald, ef vatnið er afgreitt frá kl. 08.00—17.00 á virkum dögum en kr. 1 500.00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Vatn til skipa skal staðgreitt, nema um annað hafi verið samið fyrir fram. Skip sem fengið hefur vatn afhent, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu hefur verið samið.

5. gr.

Vatnsveitunni er heimilt að ákveða fast árlegt vatnsgjald fyrir skip og báta sem heimahöfn eiga í Vestmannaeyjum eða eru að staðaldri gerð þaðan út. Fellur þá niður vatnsgjald skv. 4. gr.

6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, eða þegar mælingu verður ekki við komið, skal greiða gjald eftir ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni.

Stofngjöld.

7. gr.

Vatnsveitan sér um lagningu heimæða í hús og setur þar upp vatnsmæla á sinn kostnað.

8. gr.

Í stofngjaldi skal greiða 1% af fasteignamatsverði húss. Hafi endanlegt fasteignamat ekki farið fram, ákveður vatnsveitan gjaldið hverju sinni.

9. gr.

Ef um sérstaklega langar og kostnaðarsamar heimtaugar er að ræða, skal húseigandi greiða það, sem talist getur umfram eðlilegan kostnað.

10. gr.

Stofngjald skv. ákvæðum þessarar gjaldskrár skal greitt í einu lagi, áður en tenging við dreifikerfi vatnsveitunnar er framkvæmd.

11. gr.

Stofngjöld skulu greiðast á skrifstofu bæjarsjóðs. Hins vegar mun Rafveita Vestmannaeyja annast innheimtu fastagjaldsins ásamt notkunargjöldum.

12. gr.

Ef loka þarf fyrir vatnsinntak svo sem vegna þess, að notkunar eða fastagjald hefur ekki verið greitt innan 10 daga frá útsendingu reiknings rafveitunnar eða stofngjald innan tilskilins frests skv. kröfubréfi bæjarsjóðs eða af öðrum þeim ástæðum, sem greindar eru í 10. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja, skal húseigandi greiða kr. 5 000.00 í opnunargjald áður en enduropnun fer fram.

Fiskiðnaður.

13. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið sérstaka gjaldskrá fyrir fiskiðnaðinn og aðra vatnsfreka starfsemi.

14. gr.

Þegar rætt er um fasteignamatsverð í gjaldskrá þessari er átt við fasteignamat það, er öðlaðist gildi um áramótin 1976—1977.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 356 frá 20. nóvember 1974.

Félagsmálaráðuneytið, 1. febrúar 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 95. 25. janúar 1978.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps tekur ákvörðun samkvæmt skipulagi um lagningu holræsa, aðalæða og götuæða, um Bakkagerðiskauptún.

Holræsagerð staðarins er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þar sem holræsi hefur verið lagt í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið og haldi við sinni heimæð.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsi kauptúnsins varðar, svo sem nýlagnir, viðhald og endurbætur skulu unnin af aðila er hreppsnefnd felur þau. Er óheimilt að leggja ræsi í aðalræsið, nema að fengnu leyfi þessa aðila og undir umsjón hans, er mönnum og skylt að hlíta í öllu fyrirmælum hans um gerð og lögn ræsisins og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

4. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra manna samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreiningur verður.

5. gr.

Eigi er heimilt að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, olíur, kvikasilfur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða torveldað rotnun í rotþróm. Á þeim stöðum, sem slík hætta er fyrir hendi skal koma fyrir síum, gildrum eða öðru, sem hindrar það að þessi efni komist út í holræsakerfið og standi húseigandi straum af kostnaði við þá framkvæmd.

Þá er og óheimilt að leiða regnvatn, yfirborðsvatn eða grunnvatn í holræsakerfið.

Húseigandi er ábyrgur fyrir vanrækslu hér á og hugsanlegu tjóni, sem af slíkri vanrækslu kann að leiða.

6. gr.

Kostnaður við holræsagerð kauptúnsins greiðist af holræsagerðinni. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða holræsagerðinni tengigjald er hann tengir hús sitt við holræsakerfið. Greiða skal í tengigjald kr. 200.00 pr. m³ íbúðarhúsa og kr. 100.00 pr. m³ annarra húsa, hvort tveggja miðað við byggingarvísitölu 159. Gjald þetta breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á byggingavísitölu. Tengigjald skal greitt eða um það samið áður en tenging við aðalræsið er leyfð. Þá skal og hver húseigandi, er tengt hefur hús sitt holræsakerfinu greiða árlega til holræsagerðarinnar 0,3% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en kr. 3 000.00 af húsi eða húshluta sem talið er sér í fasteignamati enda sé skolplögn frá viðkomandi húseign eða húshluta. Gjöld samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

7. gr.

Húseigandi ber úbyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveði í mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er sá sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við lögum samkvæmt.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. janúar 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

25. janúar 1978. Nr. 96.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Egilsstaðahrepps, Suður-Múlasýslu nr. 402 14. desember 1973.

1. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Árlegur vatnsskattur skal vera sem hér segir:

a. Af hverri sjálfstæðri íbúð skal greiða kr. 10 000.00 árlega.
Sé íbúðin stærri en 450 m³ greiðist til viðbótar kr. 12 fyrir hvern m³ umfram þá stærð.

b. Af öðrum húsum en íbúðarhúsum, sem tengd eru við vatnsveitukerfið skal greiða kr. 12 á hvern rúmmetra í húsi.

c. Heimilt er hreppsnefnd að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn. Skal þá greiða kr. 5 fyrir hvert tonn vatns, sem notað er enda séu öll vatnsgjöld þar innifalin nema mælaleiga, sem skal vera kr. 2 000.00 á ári.
d. Steypustöðvar til húsagerðar eða iðnaður auk framangreindra gjalda samkvæmt b.-lið kr. 60 fyrir hvert tonn sements, sem steypt er úr.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. janúar 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

Nr. 97. 9. febrúar 1978.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, og VIII. kafla laga nr. 34 21 maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt flugfélaginu Vængjum hf., Reykjavík, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á flugleiðinni Reykjavík — Reykjahlíð við Mývatn — Reykjavík, á tímabilinu 9. febrúar 1978 til 31. desember 1982.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á téðri flugleið, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytitsins.

Samgönguráðuneytið, 9. febrúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 98. 28. febrúar 1978.

AUGLÝSING

um hækkun á heildsölugjaldskrá Laxárvirkjunar.

Samkvæmt 8. gr. laga um Laxárvirkjun nr. 60 20. maí 1965 hefur ráðuneytið staðfest 5.5% hækkun á gildandi heildsölugjaldskrá Laxárvirkjunar frá og með 1. mars 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 377 28. október 1977.

Kafli I Smásala í gjaldskránni hljóði þannig:

A. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	90.35 á kWst.
1.2.	Fast gjald	—	F1+F2
	Orkugjald	—	48.70 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

2.1.	Fast gjald	kr.	F1+F3
	Orkugjald	—	23.50 á kWst.
	Markmæling:		
2.3.	Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	—	123 635. á ári
	Aflgjald umfram 4 kW að hámarksaflsstillingu 20 kW	—	16 740.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	3.22 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflsstillingu	—	23.50 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

3.1.	Fast gjald	kr.	F1+F2
	Lágmarksgjald	—	58×F1 á ári
	Orkugjald	—	48.70 á kWst.
3.2.	Aflgjald, lágmark 3 kW	—	90 835.00 á ári
	Aflgjald, umfram 3 kW	—	24 500.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1+F3
	Orkugjald	—	9.04 á kWst.
3.4.	Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október		
	Aflgjald	—	9 130.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	3.95 á kWst.

4. Húshitun.

4.1.	Fast gjald	kr.	F1+F4
	Orkugjald	—	12.10 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.2.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
	Orkugjald	—	5.16 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
	Markmæling:		
4.3.	Fast gjald	—	F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	35 310.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflsstillingu 20 kW	—	7 060 á kW á ári

	Orkugjald af allri notkun	kr.	3.32 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	23.50 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
4.4.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
	Orkugjald	—	2.70 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

Utanhússlýsing.

5.1.	Fast gjald	kr.	F1
	Fyrir hvert götuljósker	—	6×F1 á ári
	Orkugjald	—	11.30 á kWst.
5.2.	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	23.95 á kWst.

6. Lokun fyrir veitu.

	Gjöld fyrir lokun og enduropnun á veitu vegna vanskila eru samtals	kr.	4 300.00
	fyrir hvert skipti.		

B. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F1		kr.	707 á mánuði
F2	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	26.40 á m^2 á mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	13.20 á m^2 á mán.
F3		—	278.40 á mánuði
	Gjaldeiningar eru:		
	a) Fyrir fjölskylduheimili. Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 ferm. eða minna reiknast hálft, en 25 ferm. eða stærra tvö.		
	b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 ferm., mælt innan útveggja.		
	c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm., ein gjaldeining.		
	d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 ferm. fyrir vinnslurúm, 40 ferm. fyrir geymslurúm.		
F4	Hvert uppsett kW	—	1 295.00 á ári

2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.
2. Gjaldskrárliður 3.2.
   Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra.
   Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni. Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð díeselolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 31.64 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárlið 4.1., 1.7 aura á lið 4.2., 1.5 aura á lið 4.3 og 0.9 aura á lið 4.4. Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlið 2.3. lækka eða hækka um 1.0 eyri hver kWst. við sömu verðbreytingu á olíu.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á díeselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið 2.3. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. febrúar 1978 sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 30 31. janúar 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.

VIÐAUKI

við byggingarsamþykkt Ölfushrepps í Árnessýslu nr. 144/1972.

Um sumarbústaði.

1. gr.

Sumarbústaður skv. samþykkt þessari, er hús sem aðeins er ætlað til samfelldrar dvalar að sumri til, en á öðrum tímum árs aðeins endrum og eins, einkum um helgar.

2. gr.

Sumarbústaði má einungis reisa á því landi sem að mati jarðanefndar Árnessýslu og hreppsnefndar Ölfushrepps er talið miður vel til fallið til landbúnaðar.

Lönd undir sumarbústaði skulu jafnan vera leigulóðir og skal leigutími ekki vera lengri en 25 ár í senn.

Ekki verða leyfðir fleiri en 3 bústaðir í landi einnar og sömu jarðarinnar.

Staðsetning og gerð sumarbústaða er háð samþykki byggingarnefndar Ölfushrepps og skipulagsstjóra ríkisins.

3. gr.

Þegar eigandi sumarbústaðalands ráðstafar slíku landi með leigusamningi, skal hann kynna leigutaka hverjum skilyrðum byggingaleyfi og notkun lands er háð.

Ekki má þinglýsa leigusamningi, nema hreppsnefnd hafi hafnað forleigurétti og staðfest þá ákvörðun með áritun leigusamnings. Við áritun leigusamnings skal þess gætt, að skilyrða, skv. 1. mgr., sé getið í texta eða á viðfestu blaði, þannig að ekki verði um villst.

Í leigusamningi eða á viðfestu blaði skal taka fram eftirfarandi atriði eftir því, sem þau geta átt við:

1. Til hve langs tíma byggingaleyfi gildir, en hreppsnefnd ákveður þann tíma fyrir hvert einstakt svæði, þar sem heimilt er að reisa sumarbústað. Leyfistími skal þó aldrei vera lengri en 25 ár í senn.
2. Hámarksstærð sumarbústaðar er 45 m^2. Að jafnaði má hann ekki vera hærri en ein hæð og skulu teikningar af bústaðnum lagðar fram í þríriti ásamt afstöðumynd.
3. Sumarbústaður má ekki standa nær vegi en 15 metra.
4. Sumarbústaðir skulu gerðir úr timbri eða öðru léttu efni.
5. Eiganda sumarbústaðar er skylt að ganga frá rotþró eða skolpveitu, olíugeymi vegna upphitunar, þar sem slíkt er leyft og geymslu sorps svo og eyðingu þess (brottflutning) þannig að fullnægjandi sé að dómi hreppsnefndar (heilbrigðisnefndar).
6. Eiganda er skylt að hlíta reglum, er hreppsnefnd kann að setja um lagnir vatns og frárennslis, rafmagns og síma og annan tæknilegan umbúnað.
7. Eftir að byggingarleyfi er fallið úr gildi, getur hreppsnefnd krafist þess, að sumarbústaður og önnur mannvirki verði fjarlægð henni að kostnaðarlausu. Tilkynna skal slíka ákvörðun með a. m. k. 1 árs fyrirvara.

   Ef sumarbústað er svo illa við haldið eða ásigkomulag hans að öðru leyti þannig, að til verulegrar óprýði er, og eigandi sinnir ekki áminningu um að bæta úr innan hæfilegs tíma, er hreppsnefnd heimilt að láta fjarlægja hann á kostnað eiganda. Heimild er þó háð því, að tveir dómkvaddir menn votti, að ástand bústaðarins sé slíkt, sem að framan greinir.
8. Um brifnað á sumarbústaðalöndum og aðkeyrslu, skulu gilda ákvæði heilbrigðis- og lögreglusamþykktar hreppsins, eftir því sem þær geta átt við.

9. Í leigusamningi skal auðkenna land með nafni, þannig að ekki verði um villst.
10. Jafnframt því, að hreppsnefnd veitir leyfi til sumarbústaðabyggingar greiðir leigjandi:

Við afhendingu byggingarleyfis í hreppssjóð sérstakt gjald eftir reglum, er hreppsnefnd setur. Gjald þetta skal vera fyrir 25 m² hús kr. 50 000.00, síðan kr. 5 000.00 á hvern fermetra til viðbótar umfram 25 m². Hámarksgjald skal þó vera kr. 160 000.00 og er þá miðað við hámarksstærð, skv. 2. tl. 3. gr.

11. Hreppsnefnd er heimilt að innheimta eftirlitsgjald að fjárhæð kr. 5 000.00 árlega af hverju sumarbústaðarlandi vegna nauðsynlegrar gæslu og eftirlits, auk sérstaks gjalds sem hreppsnefnd ákveður, þegar sorphirðing verður tekin upp.
12. Á gjöld samkvæmt þessari grein má koma álag sem nemur hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, eftir að samþykkt þessi öðlast gildi.

4. gr.

Byggingarnefnd veitir byggingaleyfi fyrir sumarbústöðum, og skulu uppdrættir gerðir eftir þeim reglum, sem settar eru í byggingasamþykkt, eftir því sem þær geta átt við.

5. gr.

Þegar byggingarnefnd og jarðanefnd hafa samþykkt sumarbústaðabyggingu, skal eigandi láta gera uppdrátt að hverju landi fyrir sig, sem hann leigir, í mælikvarða ekki minni en 1:1000, og skal sá uppdráttur fylgja leigusamningi. Á uppdrætti skal sýna:

1. Hugsanlega staðsetningu húss, bílastæða ef um slíkt verður að ræða.
2. Vatnsból (þar með taldar borholur eftir vatni), sem kunna að vera á landinu eða í næsta nágrenni þess, ef hætta er talin á mengun þess.
3. Fyrirhugaða rotþró, nema sýnt sé fram á að veita megi skolpi brott á annan hátt, en ekki má setja rotþró nær mörkum en 10 metra.
4. Raflínur og aðrar lagnir, sem taka þarf tillit til í sambandi við notkun landsins.
5. Hvar aðkoma að landinu sé fyrirhuguð frá opinberum vegi og hver sé stærð landsins, en að jafnaði skulu sumarbústaðalönd ekki vera minni en 0,5 hektarar.

6. gr.

Nú rís ágreiningur milli leigutaka og hreppsnefndar um skilning á samþykkt þessari eða framkvæmd hreppsnefndar á henni og sker þá ráðherra úr.

Viðauki þessi, sem saminn er og samþykktur af hreppsnefnd Ölfushrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1905 sbr. lög nr. 84/1943, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.


Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

2. febrúar 1978. Nr. 101.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Dyrhólaeyjar, Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti, ákveðið að friðlýsa Dyrhólaey, Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, og er eyjan **friðland.**



Mörk friðlandsins:

Að vestan hugsuð lína úr fjöruborði við eyjuna 5 m vestan Hildardrangs. Þaðan boglína 50 m frá brekku- eða bergrótum allt austur að Útfalli, þó vel norðan jökulurðarinnar norður af vestanverðri Lágey. Síðan ræður Útfallið til sjávar en að sunnan sjávarströnd að vesturmörkum við Hildardrang. Friðlýsingarákvæðin gilda einnig um Arnardrang við Útfallið, svo og alla dranga og sker út af Dyrhólaey.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt án leyfis Náttúruverndarráðs. Mannvirkjum, sem á friðlandinu eru, skal vel við haldið.
2. Hefðbundnar grasnytjar bænda í Dyrhólahreppi fá að haldast. Heildarfjöldi búfjár skal vera í samræmi við beitarþolsrannsókn sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins lætur gera. Öll beit er þó bönnuð fyrir 25. júní ár hvert og óheimilt

er að halda stórgripum til beitar þar. Skal friðlandið girt fjárheldri girðingu. Áburðargjöf og uppgræðsla lands skal fara fram í samráði við náttúruverndarnefnd Vestur-Skaftafellssýslu.

3. Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði. Hefðbundnar nytjar bænda í Dyrhólahreppi á æðavarpi, fýl og lunda fá þó að haldast svo sem verið hefur. Notkun skotvopna er bönnuð í Dyrhólaey og næsta nágrenni.
4. Almenningi er heimil för um eyjuna í lögmætum tilgangi en leyfi þarf til að tjalda. Náttúruverndarráð getur þó takmarkað ferðir þangað á tímabilinu 1. maí til 25. júní. Akstur utan vega er bannaður. Umferð með hesta er heimil um eyjuna og stutt áning þar en lausaganga hesta er bönnuð.
Náttúruverndarráð getur falið sérstakri umsjónarnefnd umboð sitt.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsngar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 2. febrúar 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

9. febrúar 1978. Nr. 102.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð skipulagsáætlana nr. 217 25. október 1966.

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 19. gr. komi fjórar nýjar mgr., sem verði 2., 3., 4. og 5. mgr. svohljóðandi:

Skipulagsstjórn getur heimilað að í deiliskipulagi einstaks svæðis eða einstaks hverfis sé vikið frá ákvæðum 1. mgr. um lóðarstærð, enda brjóti slíkt ekki í bága við nýtingarhlutfall svæðis eða hverfis, sem í hlut á. Heimild er bundin því, að sýnt sé fram á að fullnægjandi birtu njóti í hverju húsi, greiður aðgangur sé að leikvelli eða leiksvæði fyrir lítil börn og fullnægjandi útivistarsvæði sé í nágrenninu.

Ef um er að ræða endurskipulagningu í eldra hverfi, þar sem sérstakir erfiðleikar eru á sameiningu lóða, til að fullnægjandi lóðarstærð fáist, getur skipulagsstjórn og veitt heimild með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr.

Skipulagsstjórn getur áskilið, að sá sem æskir heimildar til frávika, skv. 2. og 3. mgr., láti fylgja auk uppdrátta skriflega greinargerð um nauðsyn þeirra.

Birta skal í B-deild Stjórnartíðinda auglýsingu um frávik, sem heimiluð verða samkvæmt þessari grein.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar að lóðum og öðrum fasteignum innan kaupstaðarins.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, sbr. lög nr. 22/1932, hefur bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkt að áskilja Ísafjarðarkaupstað forkaupsrétt að öllum lóðum, jörðum og fasteignum innan marka kaupstaðarins vegna gerðar aðalskipulags og deiliskipulags einstakra hverfa.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 — 1978

7. mars 1978. 147 Nr. 104.

REGLUGERÐ

um verðbótaviðauka.

1. gr.

Hinn 1. mars 1978, 1. júní 1978, 1. sept. 1978 og 1. des. 1978 skulu verðbætur á laun hverju sinni hækka sem svarar helmingi þeirrar hækkunar verðbótavísitölu og verðbótaauka sem Kauplagsnefnd reiknar samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, að hafi átt sér stað frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili. Kauplagsnefnd tilkynnir opinberlega hvaða hækkanir skuli verða hverju sinni á verðbótum og verðbótaauka frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili.

2. gr.

Nái verðbætur á heildarlaun launþega í fullu starfi skv. 1. gr. ekki sem svarar 880 kr. á mánuði fyrir hvert 1% sem öll hækkun verðbótavísitölu að meðtöldum verðbótaauka hefur numið hverju sinni skal til viðbótar greiða verðbótaviðauka sem nemur því sem á vantar að 880 kr. markinu sé náð.

Fyrir launþega sem ekki eru í fullu starfi lækka viðmiðunarfjárhæðir skv. þessari grein hlutfallslega. Hugtakið fullt starf skal í hverju einstöku tilviki skilgreina skv. ákvæðum gildandi kaup og kjarasamnings stéttarfélags viðkomandi starfsmanns og vinnuveitanda.

Varðandi þá sem vinna einstaka daga eða hluta úr mánuði hjá viðkomandi vinnuveitanda skal beita reglum 1. mgr. þessarar greinar með þeim hætti að fundið skal hver verið hefðu heildarlaun þeirra ef þeir hefðu unnið með sama hætti heilan mánuð. Eigi þeir rétt til verðbótaviðauka skv. því greiðist hann í hlutfalli við þann dagafjölda sem viðkomandi hefur unnið.

Heildarverðbætur skv. þessari grein og 1. gr. skulu aldrei verða hærri en fullar verðbætur hefðu orðið fyrir gildistöku laga nr. 3/1978.

3. gr.

Með heildarlaunum skv. 2. gr. skal auk dagvinnulauna telja allar aðrar launatekjur launþegans svo sem yfirvinnu, næturvinnu, vaktaálag, bónusgreiðslur, ákvæðisgreiðslur og hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna.

a) Sem dæmi um álög sem telja skal til launa í þessu sambandi eru: aldurshækkanir, starfsþjálfunarhækkun, löggildingarálag, námskeiðsálag, verkstjóraálag, flokkstjóraálag, óþrifaálag, yfirborgun, viðgerða- og breytingaálag, þungaálag, tengivagnaálag, hæðarálag, erfiðisálag, mótortillegg, kælitillegg, talstöðvartillegg, olíutillegg, fjarverutillegg. Upptalning þessi er ekki tæmandi heldur aðeins leiðbeinandi.

b) Sem dæmi um greiðslur (kaupauka) sem geta svarað með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna og teljast þá

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

ekki til heildarlauna þegar skoðað er, hvort greiða skuli verðbótaviðauka eru t. d.: verkfærapeningar, bifreiðagjald, fæðispeningar, fatapeningar, fataþvottapeningar.

Þetta gildir þó aðeins að því marki sem greiðslur þessar eru endurgreiðsla á raunverulegum útlögðum kostnaði launþega.

4. gr.

Ekki skal verðbótaviðaukinn talinn til mánaðarlauna, vikukaups eða dagvinnukaups þegar reiknaðir eru taxtar, álög, afleiddir taxtar eða kaupaukar sem leiddir eru af launum þessum, enda er réttur til verðbótaviðauka persónubundinn hverju sinni.

Varðandi orlofsuppgjör, lífeyrissjóðsgreiðslur o. þ. u. l. skal farið með verðbótaviðauka á sama hátt og yfirvinnu.

5. gr.

Gjalddagi verðbótaviðauka fyrir tiltekið tímabil er gjalddagi fullnaðarlaunauppgjörs fyrir sama tímabil til viðkomandi launþega skv. lögum, samningum eða venju á viðkomandi vinnustað. Þegar fullnaðaruppgjör launa fyrir umsamið greiðslutímabil fer fram, skal metið hvort launþegi hefur fengið lágmarksverðbætur eftir 1. mars 1978 fyrir það greiðslutímabil í samræmi við ákvæði 2. gr. og skal þá greiða launþega verðbótaviðauka ef á vantar.

Hjá launþega í fullu starfi sem tekur laun eftir samningum sem kváðu á um krónutöluverðbætur 1. des. 1977 (verðbótakerfi ASÍ), þarf ekki að hyggja að þessum rétti ef launþeginn hefur náð sem svarar 169 000 kr. heildarmánaðarlaunum á tímabilinu 1. mars 1978 — 31. maí 1978, og hjá launþega í fullu starfi sem tekur laun eftir samningum sem kváðu á um prósentuverðbætur 1. des. 1977 þarf ekki að hyggja að þessum rétti ef launþeginn hefur náð sem svarar 186 000 kr. heildarmánaðarlaunum á tímabilinu 1. mars — 31. maí 1978.

Frá 1. mars til 31. maí 1978 má nota eftirfarandi tölur til ákvörðunar verðbótaviðauka til launþega í fullu starfi:

Verðbótaviðauki til þeirra launþega sem fengu krónutöluverðbætur á tímabilinu 1. des. 1977 til 28. feb. 1978.

A. Tafla miðuð við heildarmánaðarlaun mars, apríl og maí 1978.

Heildarmánaðarlaun	Verðbótaviðauki	Heildarmánaðarlaun	Verðbótaviðauki
78— 78.999	5898	92— 92.999	4991
79— 79.999	5833	93— 93.999	4926
80— 80.999	5768	94— 94.999	4861
81— 81.999	5703	95— 95.999	4796
82— 82.999	5639	96— 96.999	4731
83— 83.999	5574	97— 97.999	4667
84— 84.999	5509	98— 98.999	4602
85— 85.999	5444	99— 99.999	4537
86— 86.999	5379	100—100.999	4472
87— 87.999	5315	101—101.999	4407
88— 88.999	5250	102—102.999	4342
89— 89.999	5185	103—103.999	4278
90— 90.999	5120	104—104.999	4213
91— 91.999	5055	105—105.999	4148

Heildar-mánaðarlaun	Verðbóta-viðauki	Heildar-mánaðarlaun	Verðbóta-viðauki
106—106.999	4083	138—138.999	2009
107—107.999	4018	139—139.999	1945
108—108.999	3954	140—140.999	1880
109—109.999	3889	141—141.999	1815
110—110.999	3824	142—142.999	1750
111—111.999	3759	143—143.999	1685
112—112.999	3694	144—144.999	1621
113—113.999	3630	145—145.999	1556
114—114.999	3565	146—146.999	1491
115—115.999	3500	147—147.999	1426
116—116.999	3435	148—148.999	1361
117—117.999	3370	149—149.999	1296
118—118.999	3306	150—150.999	1232
119—119.999	3241	151—151.999	1167
120—120.999	3176	152—152.999	1102
121—121.999	3111	153—153.999	1037
122—122.999	3046	154—154.999	972
123—123.999	2981	155—155.999	908
124—124.999	2917	156—156.999	843
125—125.999	2852	157—157.999	778
126—126.999	2787	158—158.999	713
127—127.999	2722	159—159.999	648
128—128.999	2657	160—160.999	584
129—129.999	2593	161—161.999	519
130—130.999	2528	162—162.999	454
131—131.999	2463	163—163.999	389
132—132.999	2398	164—164.999	324
133—133.999	2333	165—165.999	260
134—134.999	2269	166—166.999	195
135—135.999	2204	167—167.999	130
136—136.999	2139	168—168.999	65
137—137.999	2074		

B. Tafla miðuð við heildarvikulaun frá 1. mars til 31. maí 1978.

Heildar-vikulaun	Verðbóta-viðauki	Heildar-vikulaun	Verðbóta-viðauki
18000—18249	1363	21250—21499	1152
18250—18499	1347	21500—21749	1136
18500—18749	1331	21750—21999	1120
18750—18999	1314	22000—22249	1104
19000—19249	1298	22250—22499	1088
19250—19499	1282	22500—22749	1071
19500—19749	1266	22750—22999	1055
19750—19999	1250	23000—23249	1039
20000—20249	1233	23250—23499	1023
20250—20499	1217	23500—23749	1007
20500—20749	1201	23750—23999	990
20750—20999	1185	24000—24249	974
21000—21249	1169	24250—24499	958

Heildar-vikulaun	Verðbóta-viðauki	Heildar-vikulaun	Verðbóta-viðauki
24500—24749	942	32000—32249	456
24750—24999	926	32250—32499	439
25000—25249	909	32500—32749	423
25250—25499	893	32750—32999	407
25500—25749	877	33000—33249	391
25750—25999	861	33250—33499	375
26000—26249	845	33500—33749	358
26250—26499	828	33750—33999	342
26500—26749	812	34000—34249	326
26750—26999	796	34250—34499	310
27000—27249	780	34500—34749	294
27250—27499	764	34750—34999	277
27500—27749	747	35000—35249	261
27750—27999	731	35250—35499	245
28000—28249	715	35500—35749	229
28250—28499	699	35750—35999	213
28500—28749	683	36000—36249	196
28750—28999	666	36250—36499	180
29000—29249	650	36500—36749	164
29250—29499	634	36750—36999	148
29500—29749	618	37000—37249	132
29750—29999	602	37250—37499	115
30000—30249	585	37500—37749	99
30250—30499	569	37750—37999	83
30500—30749	553	38000—38249	67
30750—30999	537	38250—38499	51
31000—31249	520	38500—38749	34
31250—31499	504	38750—38999	18
31500—31749	488	39000—39249	2
31750—31999	472		

Verðbótaviðauki til þeirra launþega sem fengu prósentuverðbætur á tímabilinu 1. des. 1977 til 28. feb. 1978.

C. Tafla miðuð við heildarmánaðarlaun á tímabilinu 1. mars til 31. maí 1978.

Heildar-mánaðarlaun	Verðbóta-viðauki	Heildar-mánaðarlaun	Verðbóta-viðauki
89— 89.999	4867	101—101.999	4261
90— 90.999	4817	102—102.999	4211
91— 91.999	4766	103—103.999	4160
92— 92.999	4716	104—104.999	4110
93— 93.999	4665	105—105.999	4059
94— 94.999	4615	106—106.999	4009
95— 95.999	4564	107—107.999	3958
96— 96.999	4515	108—108.999	3908
97— 97.999	4463	109—109.999	3857
98— 98.999	4413	110—110.999	3807
99— 99.999	4362	111—111.999	3756
100—100.999	4312	112—112.999	3706

Heildar-mánaðarlaun	Verðbóta-viðauki	Heildar-mánaðarlaun	Verðbóta-viðauki
113—113.999	3655	150—150.999	1786
114—114.999	3605	151—151.999	1736
115—115.999	3554	152—152.999	1685
116—116.999	3503	153—153 999	1635
117—117.999	3453	154—154.999	1584
118—118.999	3402	155—155.999	1533
119—119.999	3351	156—156.999	1483
120—120 999	3301	157—157.999	1432
121—121.999	3251	158—158.999	1382
122—122.999	3200	159—159 999	1331
123—123.999	3150	160—160.999	1281
124—124.999	3099	161—161.999	1230
125—125.999	3049	162—162.999	1180
126—126.999	2998	163—163.999	1129
127—127.999	2948	164—164 999	1079
128—128.999	2897	165—165.999	1028
129—129.999	2847	166—166.999	987
130—130.999	2796	167—167.999	927
131—131.999	2746	168—168.999	877
132—132.999	2695	169—169.999	826
133—133.999	2645	170—170 999	776
134—134.999	2594	171—171.999	725
135—135.999	2544	172—172.999	675
136—136.999	2493	173—173.999	624
137—137.999	2443	174—174.999	574
138—138.999	2392	175—175 999	523
139—139.999	2342	176—176.999	473
140—140.999	2291	177—177.999	422
141—141.999	2241	178—178.999	372
142—142 999	2190	179—179.999	321
143—143.999	2140	180—180.999	271
144—144.999	2089	181—181.999	222
145—145.999	2039	182—182.999	170
146—146.999	1988	183—183.999	119
147—147.999	1938	184—184.999	69
148—148 999	1887	185—185.999	18
149—149.999	1837		

Töflur þær sem hér eru tilgreindar eru miðaðar við heildarmánaðarlaun, eða heildarvikulaun. Ef greiðslutímabil er annað þarf að reikna það út sérstaklega miðað við mánaðar- eða vikuuppgjör ef nota á töflurnar.

6. gr.

Kauplagsnefnd gefur út töflur til leiðbeiningar um ákvörðun verðbótaviðauka í upphafi hvers þriggja mánaða greiðslutímabils frá og með 1. júní 1978.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum í 2. gr. laga nr. 3/1978 og hefur sama gildistíma og lögin.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari fara að hætti opinberra mála.

Ákvæði til bráðabirgða.

Uppgjör verðbótaviðauka til vikukaupsfólks fyrir vinnu sem fallið hefur á dagana 1. til 5. mars 1978 má fara fram með uppgjöri fyrir fyrstu heilu vikuna í mars 1978.

Forsætisráðuneytið, 7. mars 1978.

Geir Hallgrímsson.

Björn Bjarnason.

Stjórnartíðindi B 7, nr. 104. Útgáfudagur 8. mars 1978.

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 — 1978

24. fbrúar 1978. 153 Nr. 105.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Dalvíkur, nr. 132 7. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 15.60 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 7.80 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 15 60 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 040.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 5 180.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 7.80 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 840.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 3 100.00 fyrir hvert skip, auk kr. 7.80 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 675.00 í hafnsögusjóð.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 284.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 600.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 660.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 162.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 135.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 50 10. janúar 1977.

Samgönguráðuneytið, 24. febrúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 106. 24. febrúar 1978.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Djúpavogs, nr. 215 11. maí 1976.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 15.60 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 7.80 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 15.60 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 040.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 5 180.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3 gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 7.80 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 840.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 284.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 600.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 660.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 162.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 135.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 198 5. maí 1977.

Samgönguráðuneytið, 24. febrúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

24. febrúar 1978. Nr. 107.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Suðureyrarkauptúns, nr. 211 7. maí 1976.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 15.60 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 7.80 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 15.60 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 040.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 5 180.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 7.80 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 840.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 284.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 600.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 660.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 162.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 135.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 44 10. janúar 1977.

Samgönguráðuneytið, 24. febrúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 108. 24. febrúar 1978.

REGLUGERÐ

um grásleppuveiðar.

1. gr.

Allar grásleppuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar, nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Leyfi til grásleppuveiða skulu bundin við bát 12 brúttórúmlestir og minni. Heimilt er þó að veita aðilum leyfi til grásleppuveiða á bátum stærri en 12 brúttórúmlestir, enda hafi þeir fengið slík leyfi á þá báta 1977 og stundað grásleppuveiðar það ár.

Leyfi til grásleppuveiða eða úthlutun þeirra getur ráðuneytið bundið þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

3. gr.

Óheimilt er án leyfis ráðuneytisins að nota við veiðarnar annan bát en þann, sem leyfið er bundið við, t. d. til flutnings á afla.

4. gr.

Leyfi til grásleppuveiða skulu bundin við tilgreint veiðisvæði og veiðitímabil. Veiðisvæðin og veiðitímabilin eru þessi:

A. Fyrir Suður- og Vesturlandi, frá línu réttvísandi suður frá Hvítingum að línu réttvísandi norður frá Horni er veiðitímabilið frá 18. apríl til 17. júlí.
B. Fyrir Norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá er veiðitímabilið 1. apríl til 30. júní.
C. Fyrir Norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi er veiðitímabilið frá 10. mars til 8. júní.
D. Fyrir Austurlandi frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi suður frá Hvítingum er veiðitímabilið frá 20. mars til 18. júní.

Óheimilt er að leggja grásleppunet fyrir upphaf veiðitímabils og ávallt skulu öll net dregin úr sjó fyrir lok veiðitímabils.

Ráðuneytinu er heimilt í veiðileyfi að takmarka veiðisvæði og veiðitíma enn frekar en gert er í reglugerð þessari.

Ráðuneytinu er heimilt í veiðileyfum báta frá ákveðnum byggðarlögum, að víkja frá ofangreindum ákvæðum um veiðitíma eða veiðisvæði, ef sérstakar ástæður þykja til vegna veiða þeirra undanfarin ár.

5. gr.

Öll grásleppuhrogn skulu söltuð í vinnslustöð í landi, sem viðurkennd hefur verið af Framleiðslueftirliti sjávarafurða. Öll söltun á grásleppuhrognum um borð í bátum er óheimil.

6. gr.

Bátum, sem grásleppuveiðar stunda er óheimilt að stunda jafnframt þorskfiskveiðar í net.

7. gr.

Sé aðeins einn maður á bátnum er óheimilt að eiga fleiri en 40 net í sjó.
Sé áhöfn tveir menn skulu net ekki fleiri en 80.
Sé áhöfn þrír menn skulu net ekki fleiri en 120.
Aldrei er heimilt að eiga fleiri en 150 net í sjó.
Takmörkun þessi á netafjölda í sjó miðast við 120 faðma slöngu.

8. gr.

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda, skulu eigi síðar en hálfum mánuði eftir að þeir hætta veiðum, senda skýrslur um veiðarnar til Fiskifélags Íslands á þar til gerðum veiðiskýrslum.

9. gr.

Lágmarksmöskvastærð grásleppuneta skal vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika 10½ þumlungs (266.7 mm) breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 66 24. janúar 1977, um grásleppuveiðar ásamt síðari breytingum nr. 135 2. mars 1977.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. febrúar 1978.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar, hér eftir kölluð skipulagsnefnd, er svo skipuð, að í henni eiga sæti 7 menn.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, bæjarstjórn Keflavíkur, hreppsnefnd Njarðvíkur og varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins skipa hver um sig tvo fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Nefndin kýs sér ritara og vararitara úr sínum hópi.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að endurskoðun á gildandi skipulagi svæðis þess, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög og flugvallarsvæðið, eftir því sem þurfa þykir en skipulag þetta var staðfest 2. nóv. 1973. Nú verður ágreiningur um, hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé, og sker þá skipulagsstjórn úr. Hlutverk fulltrúa varnamáladeildar skal jafnframt vera að ræða við fulltrúa varnaliðsins um nauðsynlegar skipulagsbreytingar á varnasvæðum Keflavíkurflugvallar, og afla samþykkis þess fyrir tillögum nefndarinnar.

3. gr.

Formaður boðar nefndina til fundar með hæfilegum fyrirvara, þegar hann telur þörf á, og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur, ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið fullnaðarákvörðun um mál, er varðar sérstaklega hagsmuni annars hvors sveitarfélagsins eða varnamáladeildar og fulltrúar (fulltrúi) þeirra lýsa sig andvíga þeirri ákvörðun.

Nefndin skal kjósa sér ritara og halda gerðabók. Skal formaður og ritari undirrita hana í fundarlok eða á næsta fundi. Sá fundarmaður, sem ósamþykkur er ákvörðun meiri hlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um skoðun sína færða í bókina.

4. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur skipulagsnefnd ráðið sér starfslið til aðstoðar, en að öðru leyti veitir skipulagsskrifstofa ríkisins nauðsynlega aðstoð.

5. gr.

Þegar skipulagsnefnd hefur samþykkt tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi svæðisins eða þess hluta, sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu, sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til skipulagsstjórnar.

Um meðferð tillögunnar, eftir að hún er komin í hendur skipulagsstjórnar, fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

6. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig, að hvort sveitarfélaganna, sem aðild á að nefndinni og varnamáladeild, greiði hver um sig ⅙ en skipulag ríkisins ½. Ef ekki næst samkomulag allra aðila, sker ráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

7. gr.

Stefnt skal að því, að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1979. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en 6 mánuði í senn.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

21. febrúar 1978. Nr. 110.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 81 8. mars 1973 um Vatnsveitu Raufarhafnar.

1. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar þ. e. mati mannvirkja og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1973. Upphæð vatnsskatts skal vera 0.40% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningastofn fasteignaskatts. Upphæð vatnsskatts skal þó aldrei vera lægri en kr. 2 000.00 fyrir hverja skattskylda fasteign. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging fer fram. Sé bygging eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu sem vatn er veitt til eða vatnsæð er frá. Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts:

a. Vatnsnot í steypu til iðnaðar kr. 20.00 fyrir 100 kg. af sementsnotkun.
b. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölu, skal greiða kr. 20 000.00 á ári fyrir vatnsnotkun.
c. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald kr. 8.00 fyrir hverja slátraða sauðkind.
d. Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 20.00 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald er fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum.
   Fyrir sjósaltaða síld sem lögð er á land til pökkunar og pæklunar, skal greiða kr. 10.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
e. Fyrir vatnsnotkun við síldarbræðslu og aðra mjöl- og lýsisframleiðslu skal greiða kr. 100.00 fyrir hvert innvegið tonn af hráefni.
f. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 100.00 á hverja smálest af innvegnum fiski, þar sem ekki er vatnsmælir.
g. Greiðsla fyrir vatn til skipa og báta í Raufarhöfn skal vera kr. 60.00 fyrir hvern rúmmetra. Lágmarksgjald til fiskiskipa kr. 500.00 og annarra skipa kr. 1 000.00 þó skulu fiskiskip sem gerð eru út frá Raufarhöfn, ekki greiða fyrir vatn,
h. Greiðsla fyrir ótalin vatnsnot skulu fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, jafnframt er úr gildi felld 1. gr. reglugerðar nr. 357 17. júlí 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 111. 1. febrúar 1978.

REGLUGERÐ

um akstur almenningsvagna frá biðstöð.

1. gr.

Heimilt er að auðkenna almenningsvagna, sem aka á áætlunarleiðum í þéttbýli, að aftan með táknmynd, sem lítur þannig út:



Táknmyndin skal vera tvílit, rauð og græn (örin), 48 cm á hæð og 25,5 cm á breidd. Hún skal fest á afturrúðu bifreiðar, vinstra megin.

2. gr.

Lögreglustjóri, þar sem bifreið er skráð, ákveður, hvaða almenningsvagna má auðkenna samkvæmt 1. grein.

3. gr.

Ökumaður, sem í þéttbýli nálgast merkta biðstöð, þar sem almenningsvagn, auðkenndur samkv. 1. gr., hefur numið staðar, skal, ef ökumaður almenningsvagnsins hefur gefið merki um, að hann ætli að aka af stað, draga úr ökuhraða og, ef nauðsyn krefur, nema staðar, þannig að almenningsvagninn eigi greiða leið út í umferðina. Ákvæði þetta leysir ökumann almenningsvagnsins þó eigi undan því að sýna ýtrustu varúð til að koma í veg fyrir hættu.

4. gr.

Með þéttbýli er í reglugerð þessari átt við svæði, þar sem leyfður hámarkshraði er 50 km á klst. eða minni.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 48 17. maí 1977, öðlast gildi 1. apríl 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. febrúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um ríkisfangelsisdeild í lögreglustöðinni á Akureyri.

1. gr.

Í húsnæði lögreglustöðvarinnar á Akureyri skal starfrækja ríkisfangelsisdeild, þar sem heimilt er að vista í allt að sex mánuði í senn gæslufanga, afplánunarfanga og þá, sem dæmdir eru til að sæta öruggri gæslu á viðeigandi stofnun.

2. gr.

Fangar skulu sæta þeim kjörum, sem reglugerð um fangavist nr. 260/1957 segir til um.

3. gr.

Bæjarfógetinn á Akureyri skal sjá um rekstur fangelsisdeilarinnar undir yfirumsjón fangelsismáladeildar ráðuneytisins, og fangagæslu skal lögreglan á Akureyri annast.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 13. gr. sbr. 16. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. febrúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

28. febrúar 1978. Nr. 113.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 14. febrúar 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskimjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 14. febrúar 1978:

Fiskmjöl, $ 7.20 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1.00 = 216.30.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingum frá grundvallarverði án verðbils.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. febrúar 1978.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 15. febrúar til 31. maí 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 15. febrúar til 31. maí 1978:

Fiskmjöl, $ 6.60 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1.00 = 253.50.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingum frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. mars 1978.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Kristín Magnússon.

Nr. 115. 28. febrúar 1978.

AUGLÝSING

um skipulag í Sandvíkurhreppi í Árnessýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Sandvíkurhrepps í Árnessýslu að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Stjórnartíðindi B 8, nr. 105—115. Útgáfudagur 10. mars 1978.

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 — 1978

28. febrúar 1978. 163 Nr. 116.

REGLUR

um störf trúnaðarmanna og prófdómara við námsmat í grunnskóla.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Trúnaðarmenn (eftirlitsmenn) og prófdómarar við námsmat í grunnskóla eru skipaðir samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 63/1974 og teljast starfsmenn menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Sami maður getur gegnt bæði störfum trúnaðarmanns og prófdómara ef unnt er að koma því við og það þykir henta.

3. gr.

Greiðslur til trúnaðarmanna og prófdómara fara eftir gjaldskrá, sem menntamálaráðuneytið setur.

II. Trúnaðarmenn.

4. gr.

Trúnaðarmaður skal vera á prófstað meðan samræmd próf fara fram. Honum ber að rjúfa innsigli þeirra í viðurvist skólastjóra eða staðgengils hans u. þ. b. hálfri klukkustund áður en próf hefst, kanna hvort um er að ræða sérstök fyrirmæli varðandi framkvæmd prófsins sem nauðsynlegt er að gera yfirsetumönnum grein fyrir, og ganga úr skugga um að öll prófgögn séu fyrir hendi. Reynist í einhverju ábótt um undirbúning eða framkvæmd prófsins skal trúnaðarmaður sjá um, að ráðin verði bót á því.

5. gr.

Trúnaðarmaður skal í samráði við skólastjóra ganga úr skugga um, að niðurröðun nemenda í stofur sé þannig háttað að nemendur geti ekki lesið milli borða, að yfirsetumenn séu hæfilega margir og sinni starfinu af árvekni.

6. gr.

Trúnaðarmaður skal sjá um að próf hefjist og því ljúki á tilsettum tíma. Ef um er að ræða próf sem eingöngu er dæmt af prófnefnd skal trúnaðarmaður sjá um að senda prófúrlausnir til nefndarinnar strax að loknu prófi.

7. gr.

Trúnaðarmaður skal í samráði við hlutaðeigandi skólastjóra úrskurða um sérstök tilvik sem upp kunna að koma varðandi prófið eða framkvæmd þess. Telji trúnaðarmaður og skólastjóri það nauðsynlegt skal haft samráð við menntamálaráðuneytið um lausn vandamálsins.

III. Prófdómarar.

8. gr.

Prófdómarar starfa aðeins við námsmat í 9. bekk í samræmi við ákvörðun ráðuneytisins þar um hverju sinni, sbr. 61. grein laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

9. gr.

Prófdómari skal kynna sér hvernig námsmati hlutaðeigandi skóla er háttað og gæta þess að það sé í samræmi við ákvæði námsskrár og önnur fyrirmæli þar að lútandi. Prófdómari skal samþykkja skrifleg prófverkefni áður en þau eru lögð fyrir nemendur. Sérstaklega skal þess gætt að prófkröfur séu í samræmi við námsmarkmið. Greini prófdómara og kennara á um einkunn og náist ekki samkomulag skal meðaltal einkunna gilda.

10. gr.

Prófdómari og hlutaðeigandi kennari eru ábyrgir fyrir því að einkunnir séu rétt færðar í spjaldskrá skólans.

11. gr.

Prófdómara er ekki heimilt að taka að sér meiri verkefni en svo, að hann geti með hægu móti annað verkefnum á þeim tíma sem er til umráða. Er þá miðað við, að prófdómari geti skilað alls um 13 vinnustundum á dag að jafnaði.

12. gr.

Vilji nemandi, eða foreldri (forráðamaður), ekki una niðurstöðu námsmats getur hann skotið máli sínu til hlutaðeigandi fræðslustjóra.

IV. Gildistaka.

13. gr.

Reglur þessar gilda fyrst um sinn þar til öðruvísi kann að verða ákveðið. Jafnframt falla úr gildi reglur um skipun og störf prófdómara við skóla gagnfræðastigsins, nr. 61/1975, svo og önnur ákvæði sem kunna að fara í bága við reglur þessar.

Menntamálaráðuneytið, 28. febrúar 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 117. 15. febrúar 1978.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Eyrarbakkahrepps, Sandvíkurhrepps, Selfosshrepps, Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps, Villingaholtshrepps og Stokkseyrarhrepps.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál ofangreindra 7 hreppa hér eftir kölluð skipulagsnefnd er svo skipuð að í henni eiga sæti 8 menn.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar og varamann hans, en að öðru leyti er hún skipuð einum fulltrúa frá hverju hinna 7 framtaldra sveitarfélaga

en auk þess skulu tilnefndir 7 varamenn á sama hátt: Fulltrúar þessir skulu vera úr hópi kjörinna sveitarstjórnarmanna, eða sveitarstjóri.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að gerð skipulagsáætlunar og samræmingu á skipulagi svæðis þess, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög miðað við væntanlega þróun fram til ársins 2000.

Nú verður ágreiningur um, hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé, og sker þá skipulagsstjórn úr.

3. gr.

Formaður boðar nefndina til fundar með hæfilegum fyrirvara, þegar hann telur þörf á, og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur, ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið fullnaðarákvörðun um mál, er varðar sérstaklega hagsmuni tiltekins sveitarfélags.

Nefndin skal halda gerðabók, og skal formaður og ritari undirrita hana þegar hún hefur verið borin upp og samþykkt. Sá fundarmaður, sem er ósamþykkur ákvörðun meiri hlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um skoðun sína færða í bókina.

4. gr.

Á uppdrætti skal auðkenna núverandi notkun lands. Skulu þar sýnd svæði þau, er tilheyra núverandi lögbýlum grasbýlum og gróðurhúsabýlum, iðnaðar- og þjónustubýlum, ræktuð lönd og áveitusvæði, sandgræðslusvæði, skógræktarsvæði, svæði, sem tilheyra skólum eða stofnunum, friðuð svæði, sumarbústaðahverfi, svæði þau, sem þegar hafa verið byggð eða skipulögð sem þéttbýli og annað, sem máli þykir skipta.

Einnig skal auðkenna á uppdrætti friðaðar minjar eða náttúruvætti, helstu vegi, jarðhitasvæði, sem þekkt eru, helstu borholur og aðalhitaveituæðar, helstu vatnsból, sem þekkt eru og aðalvatnsveituæðar, háspennulínur og aðalspennistöðvar, helstu símalínur (jarðstrengir og loftlínur), sand- og malartekjusvæði, helstu rotþrær og frárennslisæðar og útrásir þeirra í ár og læki, áveituskurði, ár, vötn og læki, þar sem vitað er um veiði, fiskeldisstöðvar og annað, sem þykir skipta máli.

5. gr.

Á uppdrætti að svæðisskipulagi skal sýna fyrirhugaða notkun lands og ráðgerða nýja vegi, hitaveitur, vatnsveitur, háspennulínur og frárennsli, sem máli skipta. Auðkenna skal sérstaklega framtíðarlandbúnaðarsvæði, ráðgerð hverfi iðnaðarþjónustu og gróðurhúsabýla, ráðgerð þéttbýlishverfi og sumarbústaðahverfi, skógræktarsvæði, ráðgerð svæði fyrir skóla og stofnanir, ráðgerð útivistarsvæði og gönguleiðir, svæði undir reiðskóla og reiðgötur, ráðgerð tjaldsvæði og svæði fyrir húsvagna, svæði sem æskilegt er að friða vegna sérstæðrar fegurðar eða vegna sérstæðra náttúrumyndana, gróðurs eða dýralífs. Að öðru leyti skal höfð hliðsjón af reglugerð nr. 217/1966 og samráð haft við jarðanefnd, náttúruverndarnefnd, Náttúruverndarráð, Þjóðminjavörð, Skógræktarstjóra, Landgræðslustjóra, Flóaáveitustjóra, Vegagerð ríkisins, Veiðimálastjóra, Hafnamálastjóra, Framkvæmdastofnun ríkisins og aðra aðila, eftir því sem ástæða þykir til .

6. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar og hlutaðeigandi sveitarstjórna getur skipulagsnefnd ráðið sér starfslið til aðstoðar, en að öðru leyti veitir skipulagsskrifstofa ríkisins nauðsynlega aðstoð.

7. gr.

Þegar skipulagsnefnd hefur gengið frá tillögu um skipulag svæðisins, eða þann hluta þess, sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til hlutaðeigandi sveitarstjórna. Að fenginni samþykkt sveitarstjórna sendist tillaga til skipulagsstjórnar og fer um frekari meðferð hennar samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

8. gr.

Kostnaður milli sveitarfélaga miðast að hálfu við íbúafjölda og að hálfu við flatarmál hvers sveitarfélags. Skipulag ríkisins leggur jafnmikið að mörkum til verksins og umrædd sveitarfélög.

9. gr.

Stefnt skal að því, að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1979. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en í 6 mánuði í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkv. 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. febrúar 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 118. 16. febrúar 1978.

REGLUGERÐ

um Unglingaheimili ríkisins.

1. gr.

Unglingaheimilin eru upptöku- og vistheimili ætluð unglingum á aldrinum 12—15 ára (að báðum aldursflokkum meðtöldum), sem yfirvöld þurfa að hafa afskipti af vegna hegðunarvandkvæða. Heimilt er þó að víkja frá þessum aldursmörkum, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Heimilin skulu veita unglingum, sem þar eru vistaðir, viðeigandi aðbúnað, rannsókn, uppeldi, fræðslu og félagslega aðstoð.

3. gr.

Í aðalstjórn unglingaheimila ríkisins eru þrír menn skipaðir af menntamálaráðherra. Skal einn þeirra tilnefndur af barnaverndarráði Íslands, annar af félagsmálaráði Reykjavíkur, en menntamálaráðherra skipar hinn þriðja án tilnefningar og er hann formaður stjórnarinnar.

Í þeim tilvikum þar sem unglingaheimili eru starfandi utan Reykjavíkursvæðisins skal menntamálaráðherra auk þess skipa tvo stjórnarmenn tilnefnda af sýslunefnd og sveitarstjórn til umfjöllunar um sérmálefni viðkomandi heimilis. Skulu þeir hafa reglulega umsjón með umönnun vistmanna og starfrækslu heimilisins.

Aðalstjórn kemur saman minnst einu sinni í mánuði. Öll stjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en þrisvar á ári, þar af einn fund í Reykjavík. Gerðir stjórnarfunda skulu færðar til bókar.

Aðalstjórn ber ábyrgð á framkvæmd 2. gr., gerir tillögur til ráðherra um fjölda starfsmanna og ráðningu þeirra að fengnum tillögum forstöðumanna, svo og þá þjónustu, sem unglingaheimilin veita. Þá undirbýr öll stjórnin fjárhagsáætlun hvers árs ásamt forstöðumönnum.

Forstöðumaður ásamt fulltrúa starfsmanna situr fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

Aðalstjórn sendi ráðuneytinu árlega skýrslu um störf heimilanna og framhaldsaðstoð við unglinga.

4. gr.

Unglingaheimili ríkisins greinast eftir stafsemi og aðsetursstað sem hér segir:

1. **Unglingaheimili á Reykjavíkursvæði.**
   a) Lokuð deild til skammvistunar, þar sem unglingar eru vistaðir til skamms tíma, lengst tveggja vikna í senn. Innan 24 klst. frá vistun unglings á skammtímadeild skal liggja fyrir ákvörðun barnaverndarnefndar eða annarra þar til bærra ákvörðunaraðila til áframhaldandi vistunar. Forstöðumaður skal láta kanna aðstæður og aðstoðarþörf þeirra, sem vistaðir eru á deildinni.

      Skammtímadeildin er lokuð deild, og eru starfsmenn á vakt allan sólarhringinn.

   b) **Rannsóknar- og uppeldisdeild.** Forráðamönnum unglinga og þeim sem annast unglingana af opinberri hálfu er heimilt að óska vistunar fyrir þá á rannsóknar- og uppeldisdeild, enda liggi fyrir samþykki viðkomandi barnaverndaryfirvalda. Forstöðumaður heimilisins tekur endanlega ákvörðun um vistun í samráði við vistunaraðila.

      Á rannsóknar- og uppeldisdeild skal dvalartími að jafnaði ekki vera lengri en sex mánuðir. Á fyrstu vikum dvalartímans fer fram gagnger sálfræðileg, uppeldisfræðileg, læknisfræðileg og félagsleg rannsókn á unglingi og gerð er áætlun um uppeldi og aðra aðstoð og ráðstafanir í samráði við vistunaraðila. Dveljist unglingurinn á heimilinu á skólatíma, er heimilinu skylt að sjá honum fyrir viðeigandi kennslu. Utan skólatíma skal veita honum aðstöðu til þroskandi starfa:

2. **Unglingaheimili utan Reykjavíkursvæðis.** Að lokinni rannsókn á vandamálum og aðstæðum unglings og að gerðri áætlun kemur til greina vistun á unglingaheimili utan Reykjavíkursvæðis. Þar skal vistmönnum séð fyrir uppeldi og lögskipaðri fræðslu, sem sniðin er eftir getu og andlegu ástandi vistmanna. Lögð skal áhersla á þroskavænleg störf svo sem landbúnað, sjávarútveg, iðnað o. s. frv.
3. **Framhaldsaðstoð.** Veitt skal framhaldsaðstoð fyrir þá unglinga, sem dvalist hafa á heimilunum, en teljast ekki lengur þurfa vistunar þar, en þarfnast engu að síður félagslegrar aðstoðar. Í þessu skyni skulu vera til umráða vistunarúrræði í vernduðu umhverfi.

   Forstöðumaður unglingaheimilisins á Reykjavíkursvæðinu skipuleggur og stjórnar framhaldsaðstoð.

5. gr.

Vistun unglings samkvæmt 4. gr. 1. tl.b og 2. tl. lýkur þegar viðkomandi forstöðumaður og forstöðumaður framhaldsaðstoðar svo og vistunaraðili hafa tekið sameiginlega ákvörðun um, að vistunar sé ekki lengur þörf. Skal þá gerð skýrsla um dvöl unglings og framfarir, svo og leiðbeiningar um framhaldsaðstoð, ef hennar er talin þörf.

6. gr.

Séu unglingarnir vistaðir af barnaverndaryfirvöldum greiði viðkomandi sveitarfélag daggjöld. Daggjöld vegna vistana lögreglu greiðist úr ríkissjóði.

Menntamálaráðuneytið ákveður daggjöld, að fengnum tillögum aðalstjórnar. Höfð skal hliðsjón af daggjöldum Landspítala.

7. gr.

Forstöðumenn unglingaheimilanna eru skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum stjórnar. Skulu þeim sett erindisbréf. Forstöðumenn skulu hafa sérmenntun á sviði uppeldis og/eða félagsmála.

Við unglingaheimilin skulu starfa eftir því sem fjárveitingar leyfa eftirtaldir sérfræðingar og sérþjálfað starfsfólk: sálfræðingur, geðlæknir, félagsráðgjafi, sérkennarar fyrir unglinga með hegðunarvandkvæði og uppeldisfulltrúar. Sérstakar reglur skulu settar um menntunarskilyrði og starfsreynslu uppeldisfulltrúa svo og réttindi þeirra og skyldur. Sama gildir um aðra starfsmenn eftir atvikum. Heimilt er að setja öllum starfsmönnum erindisbréf.

Aðalstjórn ákvarðar hvar sérfræðingar hafa aðalaðsetur, svo og um starfsskyldur þeirra við heimilin á og utan Reykjavíkursvæðisins.

8. gr.

Stjórnin hlutast til um, að haldin séu fræðslu- og samstarfsnámskeið fyrir starfsfólk uppeldisheimilanna ekki sjaldnar en einu sinni á ári hverju eftir því sem fjárveitingar leyfa. Starfsfólki er skylt að sækja þessi námskeið.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með skírskotun til laga nr. 53/1966 um vernd barna og unglinga og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 225/1973 um Skólaheimilið í Breiðavík.

Menntamálaráðuneytið, 16. febrúar 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 119. 26. janúar 1978.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Nórusjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. janúar 1978. Jafnframt fellur úr gildi staðfesting útgefin 14. desember 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nórusjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Nórusjóður. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru félagar í Kattavinafélagi Íslands. Stofnfé er kr. 100 000.00, sem er fyrsta gjöfin í sjóðinn, gefin til minningar um köttinn Nóru.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að leggja fram fé til stofnunar kattaheimilis í Reykjavík, sem stofnsett verður og starfrækt af Kattavinafélagi Íslands, og styðja rekstur þess ef með þarf. Ekki er heimilt að verja fé úr sjóðnum til annars, fyrr en rekstur þess heimilis er að fullu tryggður. Þá fyrst og fyrr ekki er heimilt að verja úr sjóðnum fé til stofnunar á kattaheimili annars staðar og stuðnings á rekstri þess, uns hann er að fullu tryggður, og svo áfram, ef Kattavinafélagi Íslands þykir við þurfa.

Eingöngu má verja fé sjóðsins til kattaheimilis, sem stofnsett er og rekið af Kattavinafélagi Íslands og aldrei nema til eins í einu, samkvæmt framansögðu.

4. gr.

Stjórn Kattavinafélags Íslands fer með stjórn sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá þessari og má ekki útaf breyta. Endurskoðandi skal vera löggildur.

Verði Kattavinafélag Íslands lagt niður, eða sjóðurinn hætti störfum af öðrum ástæðum, skal fela Menntamálaráðuneytinu varðveislu sjóðsins og eigna hans, þar til svipuð starfsemi rís upp að dómi ráðuneytisins og gangi þá eignirnar til þeirrar starfsemi.

Aldrei má breyta ákvæðum 3. gr. um tilgang sjóðsins og aldrei má breyta ákvæðum þessarar greinar um ráðstöfun á eignum Nórusjóðs, ef hann hættir störfum.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir, áheit, tekjur af kortasölu og öðru því, sem félagar og aðrir velunnarar kunna að gera til fjáröflunar, auk vaxta. Heimilt er að verja öllum tekjum sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá þessari, en engu á annan hátt. Stofnfé má ekki hreyfa.

Reikningsár telst almanaksár.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

20. janúar 1978. Nr. 120.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna frú Guðrúnar Guðfinnu Þorláksdóttur Schram og Gísla Björnssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. janúar 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð hjónanna frú Guðrúnar Guðfinnu Þorláksdóttur Schram og Gísla Björnssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna frú Guðrúnar Guðfinnu Þorláksdóttur Schram og Gísla Björnssonar, sem bæði voru búsett á Hverfisgötu 86, Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um ofangreind hjón í samræmi við arfleiðsluskrá Gísla Björnssonar heitins, en hann lést 1. febrúar 1977.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 45% — fjörtíu og fimm hundraðshlutar — af nettó eign dánarbús Gísla heitins eða kr. 2 573 580.00.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla Heilsugæslustöðina á Breiðdalsvík á margvíslegan hátt, svo sem með kaupum á lækningatækjum í samráði við lækni stöðvarinnar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir 3 aðilar: starfandi prestur á Heydölum, hreppstjóri Breiðdalshrepps og sýslumaður Suður-Múlasýslu og skal hann vera formaður sjóðsins.

6. gr.

Úr sjóðnum má árlega ráðstafa allt að fjórum fimmtu hlutum árstekna hans. Hinn hluti teknanna skal leggjast við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

Telji sjóðstjórnin ekki ástæðu til að ráðstafa þeim hluta ársteknanna sem ráðstafa má árlega, getur hún annað hvort lagt tekjurnar við höfuðstólinn eða geymt þær til ráðstöfunar síðar, en þó eigi lengur en þrjú ár.

7. gr.

Allt innborgað fé sjóðsins skal ávaxtað í útibúi Samvinnubanka Íslands hf. á Stöðvarfirði og skal útibúið annast reikningsfærslu fyrir sjóðinn eftir fyrirmælum sjóðstjórnar, enda náist samkomulag þar um.

8. gr.

Endurskoðendur sjóðsins skulu kosnir þannig: Hreppsnefnd Breiðdalshrepps kýs einn mann og sýslunefnd Suður-Múlasýslu einn mann. Skulu þeir kosnir af hverri nýkjörinni hreppsnefnd og sýslunefnd, og skal kosning þeirra gilda jafn lengi og viðkomandi hrepps- og sýslunefnd situr. Reikninga sjóðsins skal senda árlega til eftirlitsmanns opinberra sjóða.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar sjóðsins.

Nr. 121. 27. janúar 1978.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir samtökin „Ungt fólk með hlutverk“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. janúar 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir samtökin „Ungt fólk með hlutverk“.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir samtökin „Ungt fólk með hlutverk“, (skammstafað U. F. M. H.) gerum hér með kunnugt: Að ofangreind samtök, sem stofnuð voru 6. júní árið 1976 eru

sjáfseignarsamtök

og eru allar núverandi eigur samtaka þessara, sem er margvíslegt lausafé að verðmæti kr. 2.5 millj., eign samtakanna og á sama við um þær eignir, sem samtökin U. F. M. H. kunna að eignast síðar.

Samkvæmt framansögðu leyfum við okkur að setja samtökunum „Ungt fólk með hlutverk“ eftirfarandi:

Skipulagsskrá.

1. gr.

Hlutverk samtakanna er að vinna að framgangi síðustu skipunar frelsarans Jesú Krists kristniboðsskipuninni og vera til þjónustu við kirkjuna, fyrst og fremst hina íslensku þjóðkirkju. Öll slík starfsemi skal vera í fullu samráði við hlutaðeigandi aðila í hverju tilviki.

2. gr.

Öll starfsemi U. F. M. H. byggist á frjálsum framlögum og sjálfboðavinnu.

3. gr.

Þriggja manna leiðtogahópur fer með mál U. F. M. H. og tekur allar meiriháttar ákvarðanir svo sem hvar og hvernig starfað skuli. Leiðtogar þessir velja síðan forystumann samtakanna úr sínum hópi. Forystumaður samtakanna er jafnframt stjórnandi bókaútgáfu samtakanna, SHALOM.

4. gr.

Leiðtogunum til aðstoðar og ráðuneytis starfar 20 manna fulltrúaráð. Óski einhver leiðtoganna eða einhver úr fulltrúaráðinu að láta af störfum skulu leiðtogar samtakanna í samráði við fulltrúaráðið velja mann í þeirra stað.

5. gr.

Fulltrúaráðið setur sér starfsreglur og skulu allar meiri háttar ráðstafanir, sem leiðtogarnir telja rétt að ráðist sé í lagðar fyrir það til umhugsunar svo sem fasteignakaup og aðrar meiriháttar fjárfestingar.

6. gr.

Starfstímabil hvers einstaks leiðtoga eða meðlims fulltrúaráðsins er ekki takmarkað við ákveðinn tíma eða árafjölda heldur skal viðkomandi eiga það sæti svo lengi sem hann sjálfur vill vinna að framgangi málefnisins í anda samtakanna.

7. gr.

Reikningsár samtakanna er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af tvei endurskoðendum sem tilnefndir eru af kirkjumálaráðherra og borgarfógeta.

8. gr.

Komi til þess að U. F. M. H. hætti störfum, skulu eigur þess renna til þjóðkirkjunnar.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema með samþykki 4/5 hluta meðlima fulltrúaráðs U. F. M. H.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Margrétarsjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. janúar 1978. Jafnframt fellur úr gildi staðfesting útgefin 22. júní 1960.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Margrétarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Margrétarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 26. maí 1944 af félögum Zontaklúbbs Reykjavíkur með 6 500 krónum og ber nafn Margrétar Th. Bjarnadóttur Rasmus, fyrrum forstöðukonu Málleysingjaskólans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vinna að velferð mál- og heyrnarskertra. Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum til hvers þess, er miðar að bættum aðferðum og nýjungum í læknishjálp, kennslu og aðstoð við mál- og heyrnarskerta.

Styrkveitingar skulu miða að því, að mál- og heyrnarskertir geti hlotið menntun sína innan hins almenna skólakerfis og orðið hlutgengir til starfa í þjóðfélaginu til jafns við aðra þegna.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka eða sparisjóði eða með kaupum á bankavaxta- eða ríkisskuldabréfum.

5. gr.

Vextir og annað, er sjóðnum kann að áskotnast, skal leggjast við höfuðstólinn, uns hann er orðinn að upphæð 10 000 kr. Eftir það má verja ¾ af ársvöxtum sjóðsins til styrktar áðurnefndum mál- og heyrnarskertum, en ¼ skal leggja við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn að upphæð 20 000 kr. má verja öllum ársvöxtum hans og öðrum tekjum eftir því, sem þurfa þykir, en höfuðstólinn, 20 000 kr. má ekki skerða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 konur, er Zontaklúbbur Reykjavíkur kýs úr sínum hópi á aðalfundi til eins árs í senn.

Reikningar sjóðsins skulu árlega endurskoðaðir af 2 konum, er kosnar skulu með sama hætti.

Sjóðstjórnin veitir styrki og sér um ávöxtun á eignum sjóðsins.

7. gr.

Sjóðstjórnin skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, fundarsamþykktir, styrkveitingar og annað, er varðar sjóðinn. Enn fremur skal stjórnin halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikningana.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir árlega í Lögbirtingablaðinu.

9. gr.

Óski Zontaklúbbur Reykjavíkur þess síðar að láta af stjórn sjóðsins, skal hann afhentur menntamálaráðherra, er þá skipar stjórn hans, og skal þá jafnan a. m. k. ein kona eiga sæti í stjórn sjóðsins.

10. gr.

Með skipulagsskrá þessari er felld úr gildi Skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Margrétar Th. Bjarnadótur Rasmus, nr. 106, 22. júní 1960.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.

28. febrúar 1978. Nr. 123.

REGLUGERÐ

um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum með 200 íbúa og fleiri skulu vegir og götur teljast þjóðvegir samkvæmt 30. gr. vegalaga nr. 6/1977 svo sem hér segir (númer þjóðvegar er tilgreint í sviga, eftir því sem við á):

Vík í Mýrdal:

Suðurlandsvegur (1) frá ristarhliði, norðan gatnamóta upp á Reynisfjall, að söluskála Kaupfélags Vestur-Skaftfellinga. Víkurbraut frá Suðurlandsvegi (1) austan Víkurár að verslunarhúsum VVS.

Hvolsvöllur:

Suðurlandsvegur (1) frá Hvolsgötu að Hlíðarvegi. Fljótshlíðarvegur (261) frá Suðurlandsvegi (1) um Hlíðarveg að læk austan sýslumannsbústaðar.

Hella:

Þrúðvangur frá Suðurlandsvegi (1) norður fyrir hús Kaupfélagsins Þórs.

Vestmannaeyjar:

Skildingavegur frá Básaskersbryggju. Heiðarvegur, neðri hluti Strembugötu og Dalvegur að Smáragötu. Strandvegur frá Skildingavegi að Hlíðavegi (Stórhöfðavegi).

Stokkseyri:

Gaulverjabæjarvegur (33) frá Baldurshaga að Kaðalstöðum. Holtsvegur (314) frá Pálsbæ að Gaulverjabæjarvegi (33).

Eyrarbakki:

Álfsstétt frá enda Eyrarbakkavegar (34) við túngötu að Götunni. Gatan frá Álfsstétt að Búðarstíg. Búðarstígur frá Götunni að Einarshafnarvegi. Einarshafnarvegur frá Búðarstíg að bryggju.

Selfoss:

Suðurlandsvegur (1) frá Ölfusárbrú um Austurveg að vegamótum Laugardælavegar vestri. Eyrarbakkavegur (34) frá Suðurlandsvegi (1) að Fossheiði.

Hveragerði:

Breiðamörk frá Suðurlandsvegi (1) upp að Grýlu. Þelmörk frá Suðurlandsvegi (1) austur undir Varmá að Laufskógum.

Þorlákshöfn:

Þorlákshafnarvegur (38) frá fiskverkunarhúsi Glettings hf. um Óseyrarbraut að Egilsbraut. Egilsbraut frá Óseyrarbraut að syðri hafnargarði.

Grindavík:

Víkurbraut frá enda Grindavíkurvegar (43) við félagsheimilið Festi að kirkju. Ránargata frá Víkurbraut að höfn. Austurvegur frá Ránargötu að Mánagötu.

Sandgerði:

Garðskagavegur (45) (norðurgata) frá mörkum 350 m norðan Brekkustígs að Brekkustíg, um Brekkustíg, Tjarnargötu og Strandgötu að enda Reykjanesbrautar (41) við vegamót Garðskagavegar (45).

Gerðar, Gerðahreppi:

Garðskagavegur (45) frá vegi að Réttarholti að Útgarðsvegi. Útgarðsvegur frá Garðskagavegi (45) að vegamótum utan Hofs. Gerðavegur frá Garðskagavegi (45) að hafnargarði.

Keflavík:

Reykjanesbraut (41) frá mörkum Njarðvíkurhrepps um Flugvallarveg, Hringbraut og að mörkum 110 m norðan enda Hringbrautar. Hafnargata frá Flugvallarvegi að Víkurbraut. Víkurbraut frá Hafnargötu að hafnarvog.

Njarðvík:

Sjávargata frá Reykjanesbraut (41) að hafnargarði. Njarðvíkurbraut frá Innri-Njarðvíkurvegi (422) að hafnargarði.

Vogar á Vatnsleysuströnd:

Hafnargata frá gatnamótum Vatnsleysustrandarvegar (420) og Vogavegar (421) að hafnargarði.

Hafnarfjörður:

Reykjavíkurvegur frá Hafnarfjarðarvegi (40) í Engidal, Fjarðargata, Strandgata frá Fjarðargötu að Sniðgötu, Sniðgata, Suðurgata frá Sniðgötu að vegamótum við Reykjanesbraut (41) sunnan Hvaleyrarholts. Flatahraun milli Reykjavíkurvegar og Hafnarfjarðarvegar (40). Lækjargata milli Strandgötu og Hafnarfjarðarvegar (40).

Garðabær:

Vífilsstaðavegur (412) milli Hafnarfjarðarvegar (40) og Reykjanesbrautar (41).

Kópavogur:

Borgarholtsbraut-Digranesvegur milli Urðarbrautar og Vallartraðar.

Reykjavík:

Eiðsgrandi frá mörkum Seltjarnarneshrepps; Ánanaust; Hringbraut, Miklabraut og Vesturlandsvegur (1) að Höfðabakka; Kringlumýrarbraut frá Sætúni að Fossvogslæk; Sætún, Kleppsvegur, Elliðavogur og Reykjanesbraut (41) að Breiðholts-

braut; Fossvogsbraut frá Hringbraut við Sóleyjargötu, sunnan Öskjuhlíðar, um Fossvogsdal að Höfðabakka; Höfðabakki frá Vesturlandsvegi (1) að Breiðholtsbraut og Bæjarháls frá Höfðabakka að Tunguhálsi. Sóleyjargata, Fríkirkjuvegur, Lækjargata, Kalkofnsvegur.

Seltjarnarnes:

Norðurströnd og Suðurströnd frá upphafi við Eiðsgranda hringinn kringum byggðina að enda við Eiðsgranda.

Mosfellssveit:

Framhald Hafravatnsvegar (431) frá Vesturlandsvegi (1) til norðvesturs frá Þverholti, ofan Markholtshverfis og á fyrirhugaðan Þingvallaveg (36) við Leiruvog (nálægt Hrossatanga).

Akranes:

Kirkjubraut frá Akratorgi að gatnamótum Esjubrautar; Akursbraut; Esjubraut frá gatnamótum Kirkjubrautar að gatnamótum Kirkjugarðsvegar og Akrafjallsvegar.

Borgarnes:

Borgarnesbraut (531) frá tengingu í Sandvík um Borgarbraut og Brákarbraut að höfn í Brákarey.

Hellissandur og Rif:

Keflavíkurgata frá gatnamótum við útnesveg (574) að enda hennar við Höskuldsá. Gata frá Útnesvegi (574) að Rifshöfn.

Ólafsvík:

Ólafsvíkurvegur (54) frá tengingu við Innra-Klif um Ólafsbraut og Ennisbraut vestur fyrir byggð. Ennfremur álma „Norðurtangi" frá Ólafsbraut að efri enda Norðurgarðsbryggju.

Grundarfjörður:

Snæfellsnesvegur (57) frá því á móts við innri hafnargarð um Grundargötu vestur fyrir byggð ásamt álmu að höfn um Hrannarstíg.

Stykkishólmur:

Stykkishólmsvegur (58) frá vestari gatnamótum við Nesveg, um Aðalgötu og Hafnargötu að höfn.

Búðardalur:

Vestfjarðavegur (60) frá gatnamótum við mjólkurbú að gatnamótum 140 m norðan áhaldahúss Vegagerðar ríkisins og álma að höfn frá Vestfjarðavegi að Kaupfélagshúsum.

Patreksfjörður:

Barðastrandarvegur (62) frá Bergsstöðum um brú á Mikladalsá, um Aðalstræti, Strandgötu og Þórsgötu að hafnarbakka í Patrekshöfn.

Tálknafjörður:

Tálknafjarðarvegur (617) (Strandvegur) frá innstu húsum í þéttbýlinu 170 m innan Geitár að ystu húsum í þéttbýlinu 180 m utan Hólsár.

Bíldudalur:

Ketildalavegur (619) frá vegamótum Bíldudalsvegar (63) við Litlu-Eyri um Dalbraut og Tjarnarbraut að Jaðri. Hafnarbraut að bryggju.

Þingeyri:

Vestfjarðavegur (60) frá mörkum 500 m austan vegamóta við Svalvogaveg (622), Svalvogavegur (622) frá vegamótum Vestfjarðavegar (60) um Fjarðargötu og Aðalstræti að Byggðarenda við Svalvogaveg (622) með álmu um Hafnarstræti út undir bryggju.

Flateyri:

Flateyrarvegur (64) frá vegamótum Eyrarhjallavegar um Hafnarstræti að bryggju.

Suðureyri:

Súgandafjarðarvegur (65) frá Höfða innan við syðsta hús um Aðalgötu út á móts við læk, sem rennur utan til við ysta hús kauptúnsins á svokölluðu Stekkjarnesi.

Bolungarvík:

Djúpvegur (61) frá gatnamótum um 330 m sunnan við Hólsá, um nýjan veg og brú yfir ána, um Aðalstræti og Hafnargötu niður á brimbrjót.

Ísafjörður:

Djúpvegur (61) frá tengingu við íþróttavöll um Sólgötu og Fjarðarstræti að húsinu nr. 13 við Hnífsdalsveg, ásamt álmu um Hafnarstræti og Aðalstræti að bátabryggju. Í Hnífsdalsbyggð: Djúpvegur (61) frá gatnamótum Dalbrautar um Strandgötu út fyrir Heimabæjarvör svo langt sem sjóvarnargarður nær (um 200 m).

Súðavík:

Djúpvegur (61) frá heimreið að Eyrardal um Aðalgötu að gatnamótum Túngötu, ásamt álmu að hafnargarði.

Hólmavík:

Hólmavíkurvegur (68) frá sýslumannsbústað um hafnarbraut og Höfðaveg niður á bryggjutanga.

Hvammstangi:

Hvammstangavegur (72) frá gatnamótum við Mjólkurstöð um Hvammstangabraut að Klapparstíg.

Brekkugata, Strandgata frá Brekkugötu að Klapparstíg og Klapparstígur.

Blönduós:

Norðurlandsvegur (1) frá Blöndubrú að tengingu að áhaldahúsi V. r. Húnabraut frá Norðurlandsvegi (1) að Hafnarbraut og Hafnarbraut að bryggju.

Skagaströnd:

Skagastrandarvegur (74) frá vegamótum austan við félagsheimili, um Fellsbraut-Oddabraut, Strandgötu og Skagastrandarveg (74) um 150 m norður fyrir gatnamót Bankastrætis.

Sauðárkrókur:

Skagavegur (745) frá mjólkursamlagi við Sauðárkróksbraut (75) um Skagfirðingabraut, Aðalgötu og Eyrarveg norður fyrir frystihús. Sauðárkróksbraut (75) frá mjólkursamlagi um Hegrabraut að NV horni flugvallar.

Hofsós:

Skólagata frá Siglufjarðarvegi (76) að Suðurbraut og Suðurbraut frá Austurgötu að nyrðri (vestari) hafnargarði.

Siglufjörður:

Siglufjarðarvegur (76) frá Dalbæ um Hvanneyrarbraut, Túngötu, Aðalgötu, Gránugötu og Tjarnarbraut að höfn. Lækjargata á milli Gránugötu og Aðalgötu. Norðurgata frá Gránugötu að Öldubrjót.

Ólafsfjörður:

Ólafsfjarðarvegur (82) frá vegamótum við fyrirhugaða bensínstöð um Aðalgötu að brú á Ólafsfjarðará, ásamt álmu að hafnargarði. Ólafsfjarðarvegur eystri (802) um Ægisgötu frá Aðalgötu að gatnamótum við Bylgjubyggð.

Dalvík:

Ólafsfjarðarvegur (82) frá gatnamótum sunnan barnaskóla um Skíðabraut að Hafnarbraut, Hafnarbraut frá Skíðabraut að Karls-Rauða-torgi, Gunnarsbraut frá Karls-Rauða-torgi að brú á Brimnesá og Karls-Rauða-torg frá Hafnarbraut að bryggju.

Hrísey:

Norðurvegur frá gatnamótum 180 m norðan Sólvallagötu að Brekkugötu og álma um Hafnargötu að höfn.

Akureyri:

Norðurlandsvegur (1) frá tengibraut um Hlíðarhverfi II (Hlíðarbraut) um Hörgárbraut, Glerárgötu og veg skv. skipulagi austan Skipagötu og Hafnarstrætis að vegi, er liggur til vesturs um Búðagil skv. skipulagi.

Grenivík:

Ægissíða frá Grenivíkurvegi við Sunnuhvol að gamla útibúi KEA og tengingu frá Grenivíkurvegi við Sunnuhvol að bryggju við frystihús.

Húsavík:

Norðausturvegur (85) gegnum Húsavík um Stangarbakka frá tengingu inn á iðnaðarsvæði í Hauksmýri (sunnan sláturhúss K. Þ.) að Héðinsbraut og Héðinsbraut frá Stangarbakka að Baldursbrekku.

Raufarhöfn:

Norðausturvegur (85) gegnum kauptúnið og álma að höfn, þ. e. Sléttubraut frá gamla barnaskólanum að Aðalbraut. Aðalbraut frá Sléttubraut að Bæjarhálsi og Hafnarbraut frá Aðalbraut að bryggju.

Þórshöfn:

Langanesvegur (869) í gegnum kauptúnið ásamt álmu að höfn, þ. e. Fjarðarvegur frá Norðausturvegi (85) að Langanesvegi, Langanesvegur frá Fjarðarvegi að hreppamörkum við olíustöð og Hafnarvegur frá Langanesvegi að bryggju.

Vopnafjörður:

Norðausturvegur (85) gegnum kauptúnið með álmu að höfn þ. e. Hamrahlíð frá syðsta húsi að Miðbraut, Miðbraut frá Hamrahlíð að Kolbeinsgötu, Kolbeinsgata frá Hafnarbyggð suður fyrir hús nr. 64 og Hafnarbyggð frá Kolbeinsgötu að bryggju neðan Kaupfélags.

Egilsstaðir:

Norðfjarðarvegur (92) frá Austurlandsvegi (1) að tengingu verkstæðishúss Brúnáss. Tjarnarbraut frá Norðfjarðarvegi (92) að gatnamótum við Árskóga. Kaupvangur frá Norðfjarðarvegi. (92).

Seyðisfjörður:

Seyðisfjarðarvegur (93) frá kirkjugarði um Vesturveg að vegamótum Vestdalseyrarvegar og Hánefsstaðavegar. Vestdalseyrarvegur (951) um Ránargötu að götu að Vélsmiðjunni Stál. Hánefsstaðavegur um Austurveg að Hafnargötu og Hafnargötu frá Austurvegi að Flísarhúsalæk utan og ofan Norðursíldar.

Neskaupstaður:

Norðfjarðarvegur (92) frá vegi að nýju hafnarsvæði um Strandgötu, Hafnarbraut og Egilsbraut að gatnamótum Eyrargötu.

Eskifjörður:

Norðfjarðarvegur (92) frá Bleiksárbrú um Strandgötu upp Botnabraut að gatnamótum við Hátún. Helgustaðavegur (954) frá mótum Strandgötu og Botnabrautar um Strandgötu að hreppamörkum á Mjóeyri.

Reyðarfjörður:

Norðfjarðarvegur (92) frá Kvíagilslæk um Aðalgötu að læk við Neðri-Bakka. Hafnargata frá Aðalgötu að höfn og Strandgata frá Hafnargötu vestur fyrir hús Kaupfélags Héraðsbúa og þaðan til norðurs að Aðalgötu.

Fáskrúðsfjörður:

Suðurfjarðavegur (96) frá hreppamörkum við Heiði um Búðaveg að Hafnargötu. Hafnargata. Búðavegur frá Hafnargötu að Búðalæk.

Stöðvarfjörður:

Suðurfjarðavegur (96) frá ristahliði við Sellæk að gatnamótum 100 m norðaustan við Sólhól.

Breiðdalsvík:

Breiðdalsvíkurvegur (97) frá gatnamótum við Kolluhraun (400 m norðan kaupfélags) að gatnamótum við kaupfélag og Hafnarbraut að Hafnargarði.

Djúpivogur:

Djúpavogsvegur (98) frá mörkum 250 m sunnan prestsseturs framhjá kirkju að höfn með álmu að síldarbræðslu nyrst við Gleiðuvík.

Höfn í Hornafirði:

Hafnarvegur (99) frá gatnamótum Vesturbrautar að gatnamótum Víkurbrautar. Víkurbraut frá hóteli að bryggju í Álaugarey.

2. gr.

Um framkvæmdir við lagningu og viðhald þjóðvega samkvæmt 1. gr., svo og greiðslu kostnaðar, skal farið samkvæmt 2.—9. gr. reglugerða um ríkisframlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum nr. 257/1964.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 256 24. júní 1976.

Samgönguráðuneytið, 28. febrúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

7. mars 1978. Nr. 124.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Búðakauptúns í Suður-Múlasýslu, nr. 240 25. maí 1977.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 15.60 á brúttórúmlest.

b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 7.80 á brúttórúmlest.

c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 15.60 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 040.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 5 180.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 7.80 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 840.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 284.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 600.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 660.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 162.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 135.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi gjaldaákvæði 2., 3. og 8. greinar reglugerðar nr. 240/1977.

Samgönguráðuneytið, 7. mars 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 125. 7. mars 1978.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akureyrar, nr. 198 4. mars 1975.

1. gr.

3. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 15.60 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 7.80 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 15.60 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 040.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 5 180.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

4. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 7.80 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 840.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

6. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 3 100.00 fyrir hvert skip, auk kr. 7.80 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.

b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.

c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 575.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 12. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 284.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 600.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 660.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 162 00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 135.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 52 10. janúar 1977.

Samgönguráðuneytið, 7. mars 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

7. mars 1978. Nr. 126.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduóshrepps, nr. 263 30. maí 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 15.60 á brúttórúmlest.

b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 7.80 á brúttórúmlest.

c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 15.60 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 040.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 5 180.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 7.80 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 840.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 284.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 600.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 660.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 162 00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 135.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 121 21. febrúar 1977.

Samgönguráðuneytið, 7. mars 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 127. 9. mars 1978.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 44 28. apríl 1954.

1. gr.

47. gr. orðist svo:

Ökuhraða bifreiðar skal ávallt stilla svo, að komist verði hjá slysum, og þannig að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 50 km á klukkustund. Þar sem bifreiðastjóri sér skammt frá sér, í kröppum beygjum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur, mikil umferð er, ung börn eru í námunda eða því líkar aðstæður, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir né byggingar.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 347 20. desember 1972.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. október 1919, um lögreglusamþykktir

fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9 mars 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 128.

REIKNINGUR

líknarsjóðs Margrétar Árnadóttur, Alviðru.

Rekstrarreikningur 1977.

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsbók 31373	kr.	872
Vextir af sparisjóðsbók 12445	—	40 877
Vextir af vaxtaaukar. 1255	—	238 860
	kr.	280 609

Gjöld:

Tekjuafgangur	kr.	280 609
	kr.	280 609

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1977.

Eignir:

Sparisjóðsbók 12445	kr.	356 869
Vaxtaaukareikningur	—	1 238 860
	kr.	1 595 729

Skuldir:

Höfuðstóll			kr. 1 000 000
Tekjuafgangur f. f. árum	kr.	315 120	
Tekjuafgangur frá 1977	—	280 609	
		kr.	595 729
		kr.	1 595 729

Selfossi, 15. janúar 1978.

f. h. Kvennfélags Selfoss

Arndís Þorbjarnardóttir, form.

Eignir eru staðreyndar. Engar athugasemdir.

Skrifstofa Árnessýslu, 30. janúar 1978,

Páll Hallgrímsson,

sýslumaður Árnessýslu.

REGLUGERÐ

um þorskfisknet.

1. gr.

Á tímabilinu 1. janúar til 15. maí, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að nota, vera 7 þumlungar (178 mm).

Á tímabilinu 16. maí til 31. desember skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að nota, vera 6 þumlungar (152 mm).

2. gr.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er jafnbreið leyfilegri lágmarksmöskvastærð (sbr. 1. gr.) og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann, þegar netið er vott.

3. gr.

Allir netadrekar skulu ávallt greinilega merktir umdæmisbókstöfum og tölum þeirra skipa, sem nota þá. Merki þessi skulu vera soðin á netadrekana.

4. gr.

Netabaujur skulu vera á báðum endum netatrossu og skulu allar netabaujur merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Á flaggið skal mála umdæmisbókstafi og tölur þess skips, sem notar netin. Auk þessa er heimilt að auðkenna flaggið með merki skipsins. Undir fyrrnefndu flaggi skal komið fyrir öðru flaggi þar sem á er málað númer hverrar netatrossu þannig, að allar netatrossur skipsins séu tölusettar frá einum og til þess fjölda, sem skipinu er heimilt að nota samkvæmt 9. gr. reglugerðar þessarar. Auk þessa skulu allir belgir merktir með umdæmisbókstöfum og tölum þess skips, sem notar þá.

5. gr.

Merkingar á baujuflöggum og belgjum skulu vera greinilegar og skulu stafir stórir og skýrir.

6. gr.

Verði breytingar á umdæmisbókstöfum eða tölum skips, ber að breyta merkingum á veiðarfæraútbúnaði í samræmi við þá breytingu.

7. gr.

Þegar netadrekar, netabaujur og belgir eru um borð í veiðiskipi, skulu þau vera merkt í samræmi við 3.—5. gr., eftir því sem við á.

8. gr.

Skipstjóra skal skylt að merkja net sín þannig, að glöggt megi greina, hvor endi netatrossu sé austur- eða vesturendi og er þá miðað við réttvísandi norður- og suðurlínu. Skal merking framkvæmd á þann hátt, að á miðju baujustangar á vestari enda trossu skal komið fyrir netahring (flot), sem hæglega má losa og færa milli bauju. Leggi skip net sín á svæði þar sem togveiðar eru heimilar er skipstjóra skylt að auðkenna vestari enda netatrossa með hvítu blikkljósi.

9. gr.

Skipum, sem hafa 12 menn eða fleiri í áhöfn skal óheimilt að hafa fleiri en 150 net í sjó.

Sé áhöfn 11 menn skulu ekki fleiri en 135 net í sjó.
Sé áhöfn 10 menn skulu ekki fleiri en 120 net í sjó.
Sé áhöfn 8 eða 9 menn skulu ekki fleiri en 105 net í sjó.
Sé áhöfn 6 eða 7 menn skulu ekki fleiri en 90 net í sjó.
Sé áhöfn 5 menn skulu ekki fleiri en 75 net í sjó.
Sé áhöfn 4 menn skulu ekki fleiri en 60 net í sjó.
Sé áhöfn 3 menn eða færri skulu ekki fleiri en 45 net í sjó.
Takmörkun þessi á netafjölda í sjó miðast við 60 faðma langa slöngu.

10. gr.

Um páska skal haga veiðum þannig, að á tímabilinu frá og með skírdegi til og með páskadegi, skal hámarksfjöldi leyfðra neta í sjó vera fjórðungi færri en segir í 9. gr. og gildir þetta um alla þargreinda flokka.

11. gr.

Þorskfisknet skulu lögð í eina stefnu í sama veiðisvæði, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Týni skip þorskfisknetum í sjó, ber skipstjóra að reyna að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það til Landhelgisgæslunnar og skýra frá staðsetningu netanna, eins nákvæmlega og unnt er.

13. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

14. gr.

Auk almenns eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa sérstakir eftirlitsmenn sjávarútvegsráðuneytisins eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og skal skipstjóri veiðiskips gera eftirlitsmanni kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum skipsins, er hann telur nauðsynlegar.

15. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerð nr. 51 23. mars 1972, um verndun fiskimiða fyrir veiði með þorskfisknetum, reglugerð nr. 392 31. desember 1974, um möskvastærð og útbúnað þorskfiskneta, og reglugerð nr. 357 21. nóvmber 1974, um merkingu þorskfiskneta.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. reglugerðar þessarar er heimilt á tímabilinu 16. maí til 31. desember 1978, að nota þorskfisknet með lágmarksmöskvastærðinni 5½ þumlungur (140 mm), enda hafi þeirra verið aflað eða ráðstafanir gerðar til að afla þeirra fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. mars 1978.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

Nr. 130. 17. mars 1978.

AUGLÝSING

um gildistöku laga nr. 44 20. maí 1975 um breyting á lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

Ákveðið hefur verið samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 44 20. maí 1975, um breyting á lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962, að þau lög skuli öðlast gildi gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hinn 1. apríl 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. mars 1978.

F. h. r.
Baldur Möller.

Jón Thors.

Stjórnartíðindi B 9, nr. 116—130. Útgáfudagur 21. mars 1978.

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1978

7. mars 1978. 187 Nr. 131.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Grenivík í Suður-Þingeyjarsýslu.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Höfnin takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin frá norðurenda Þengilshöfða (Nöfum) í norðurenda Hríseyjar, en að norðan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í vestur frá íbúðarhúsinu á Melum.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar og rekstur.

2. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirstjórn þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd.

Hafnarnefnd skal skipuð 3 fulltrúum og 2 varafulltrúum, sem kosnir eru af hreppsnefnd. Hafnarnefnd kýs sér sjálf formann og skiptir með sér verkum.

Kjörtímabil hafnarnefndar er 4 ár.

Hafnarvörður, eða sá, sem sér um daglegan rekstur og eftirlit hafnarinnar, á sæti á fundum hafnarnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarnefnd sér um skrifstofuhald, fjármál og reikningsskil hafnarinnar.

3. gr.

Hreppsnefnd skipar hafnarvörð eða umsjónarmann og aðra fasta starfsmenn eftir tillögum hafnarnefndar og setur þeim erindisbréf, þar sem m. a. verksvið þeirra er ákveðið. Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón, annast hafnarvörður í samráði við hafnarnefnd.

III. KAFLI

Um almenna reglu á höfninni og hafnarsvæðinu.

4. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

5. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur á höfnina að bryggju eða að hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð á höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar, svo og skipshöfn hans öll.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni, svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu, affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

8. gr.

Skylt er að gæta ýtrustu varúðar í meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum á höfninni, sem flytja eldfim efni og efni, sem sprengihætta stafar af. Hið sama gildir um tóbaksreykingar og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu eða sprengihættu gæti verið að ræða (Sjá 22. gr.).

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina, hvorki frá skipum né hafnarbakka eða bryggjum, kjölfestu, ösku, dauðum fiski, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matarleifum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður vísar til. Ekki má láta olíur, eða vatn mengað olíu, renna í höfnina. Þegar olía er látin í skip eða losuð úr því, skal þess gætt, að ekkert af henni renni í höfnina, á hafnarmannvirki eða þilfar skipsins.

IV. KAFLI.

Um legu skipa í höfninni og afgreiðslu þeirra.

10. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, er vísar honum á legustað fyrir skipið. Leggist skipið við hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar þar, sem starfsmenn hafnarinnar segja til um.

11. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla að sótthætta geti stafað af því, ber hafnarverði að sjá um, að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

12. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig á höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip, og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvort þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum, er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna hafnaryfirvöldum með minnst tveggja tíma fyrirvara.

13. gr.

Sé nauðsynlegt talið, að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

14. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust á höfninni, skal jafnan vera a. m. k. einn maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

15. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka, og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist þess, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, óski hafnarvörður þess.

16. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi af því hætta.

17. gr.

Ekki má kræka hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni á annan hátt. Búa skal svo um með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina.

18. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarsvæðið, skal fjarlægja það svo fljótt sem við verður komið. Verði dráttur á því má hafnarvörður láta fjarlægja skipið á kostnað eiganda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

19. gr.

Áður en kjölfesta er flutt úr skipi eða á skip, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá, hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum eða öðru þess háttar, er skylt að hafa svo tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakka, bryggjunnar eða bátanna, að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, uns umbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið í land, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarvörður vísar til.

20. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal eigandi skips láta hreinsa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en eigandi skips greiði þann kostnað, er af því leiðir.

V. KAFLI

Um skip, sem lagt er í lægi.

21. gr.

Skipum má leggja í lægi á höfninni með sérstöku leyfi hafnarnefndar, sé það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

22. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi á höfninni, skal ekki sjaldnar en á eins mánaðar fresti fara út í það til að líta eftir, hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Leyfi hafnarnefndar til að leggja skipi í lægi er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarnefnd látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

23. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni, þó að það sé mannlaust, sé það svo þétt að áliti hafnarnefndar, sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda að ekki stafi af því nein hætta. Á þessum skipum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, er liggja fyrir akkeri. Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilkynna hafnarverði um umsjónarmann búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi, og skal skipstjóri ganga úr skugga um, að hafnarvörður sé samþykkur útnefningu umsjónarmannsins.

Hafnarnefnd getur krafist þess, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórnarréttindi og búsetu það nálægt hafnarsvæðinu, að auðvelt sé að ná til hanns í tæka tíð, er færa þarf skipið, eða til annarra þeirra aðgerða, er skipið snerta.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmanns öllum þeim fyrirskipunum, er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar eða sér um, að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því, skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI

Um fermingu og affermingu eldfimra vökva og sprengiefna.

24. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, bensín, aceton, terpentínu eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomit eða þess konar efni, mega eki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarvarðar og afferming leyfð undir eftirliti brunavarðar, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

25. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsiglutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B“ að degi til, en að næturlagi rautt ljós í stað þess. Merki skal hafa uppi svo lengi sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsiglu, skulu þess í stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu eða ljósinu skal komið fyrir á.

VII. KAFLI

Um gjöld til hafnarinnar.

26. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, sem hafnarstjórn semur í samræmi við 26. gr. hafnalaga nr. 45/1973, og samgönguráðuneytið staðfestir.

VIII. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það, áður en einn mánuður er liðinn frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

28. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

29. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

30. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

31. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnarlögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Grenivíkurhöfn, nr. 17 24. janúar 1969.

Samgönguráðuneytið, 7. mars 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

7. mars 1978. Nr. 132.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Grenivíkur í Suður-Þingeyjarsýslu.

I. KAFLI

um hafnargjöld í Grenivík.

1. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar. Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin greiðslu lestar-

gjalds eru herskip, varðskip og skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.
Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestargjald, kr. 15.60 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 7.80 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 15.60 á brúttórúmlest þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestargjald einu sinni á ári kr. 1 040.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 5 180.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestargjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

3. gr.
Bryggjugjöld.

Öll skip sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 7 80 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 840.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

4. gr.
Vörugjöld.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er út og upp á hafnarsvæðinu með þeim undantekningum, er síðar getur.

5. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft vörugjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

6. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi. Ennfremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk skip til eigin notkunar.
c. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

7. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast, svo sem vega afla á vog hafnarinnar gegn vigtargjaldi, sem hafnarnefnd ákveður. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu vörusendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

8. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá segir til um og greiða gjald sem þar segir. Minnsta vörugjald skal vera 200.00.

Leiki vafi á því, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarvörður skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

9. gr.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 284.00 fyrir hver 1000 kg.:

a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 500 tonn í farmi, t. d. bensín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.

b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 600.00 fyrir hver 1000 kg.:

Iðnaðar- og byggingarvörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 1 660.00 fyrir hver 1000 kg.:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn, útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, snyrtivörur.
Af flutningi vinnuvéla innanlands, skal veita allt að 50% afslátt.

b. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 162.00 fyrir hvern rúmmetra:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 0.85%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans bera að afhenda til hafnarnefndar skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afriti af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands.

Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 135.00.

10. gr.
Hafnsögugjald.

Öll erlend og innlend skip skulu skyld að greiða hafnsögugjald í hvert sinn, sem þau koma inn á innri höfnina, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki. Þó skulu innlend fiskiskip, sem ekki eru skrásett á Grenivík og eru minni en 500 brúttórúmlestir að stærð, því aðeins greiða hafnsögugjald að þau njóti leiðsagnar hafnsögumanns. Sömu undanþágu njóta fiskiskip skráð á Grenivík.

11. gr.

Hafnsögugjald skal greiðast sem hér segir:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi kr. 3 100.00 fyrir hvert skip, auk kr. 7.80 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 675.00 í hafnsögusjóð.

12. gr.
Ýmis gjöld til hafnarinnar.

Fyrir að leggja skipi eða báti í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða kr. 300 00 af hverri brúttórúmlest skipsins eða bátsins fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en kr. 300.00.

13. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða kr. 7.00 fyrir hvern m^2 af landi því, sem varan liggur á fyrir hvern sólarhring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

14. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og önnur mannvirki, sem eru leigð einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

Ársleiga fyrir bensíntanka, olíutanka og dælur á hafnarsvæðinu skal vera kr. 17 500.00 fyrir hvern. Gjalddagi er 1. apríl ár hvert.

15. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 150.00 fyrir hverja smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 900.00. Skip, sem skrásett eru á Grenivík, eru undanþegin vatnsskatti.

16. gr.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir þau gjöld, sem hér eru að framan talin skal greiða samkvæmt reikningi frá hafnarnefnd.

II. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

17. gr.

Hafnarnefnd sér um innheimtu hafnargjalda.

18. gr.

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, uns hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

19. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslu. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá. Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju að bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum eða andvirði þeirra, uns gjaldið er greitt.

20. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarnefnd um afnotin.

21. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b. tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipsgjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestargjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. mars 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

9. mars 1978. Nr. 133.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Mýrasýslu.

1. gr.

Í Mýrasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr., í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer eftir ákvæðum vegalaga hverju sinni.

Sýsluvegir eru:

Hraunhreppur.

1.	Skiphylsvegur:	Af Ólafsvíkurvegi	að Skiphyl.
2.	Lækjarbugsvegur:	Af Skiphylsvegi	að Lækjarbug.
3.	Brúarfossvegur:	Af Ólafsvíkurvegi	að Brúarfossi.
4.	Fíflholtavegur:	Af Hraunhreppsvegi	að Fíflholtum.
5.	Einholtavegur:	Af Hraunhreppsvegi	að Einholtum.
6.	Kálfalækjarvegur:	Af Hraunhreppsvegi	að Kálfalæk.
7.	Akravegur I:	Af Hraunhreppsvegi	að Ökrum.
8.	Akravegur II:	Af Akravegi	að Ökrum II.
9.	Traðavegur:	Af Hraunhreppsvegi	að Tröðum.
10.	Laxárholtsvegur:	Af Hraunhreppsvegi	að Laxárholti.
11.	Hólmakotsvegur:	Af Hraunhreppsvegi	að Hólmakoti.
12.	Hundastapavegur:	Af Hraunhreppsvegi	að Hundastapa.
13.	Skíðsholtavegur:	Af Sauravegi	að Skíðsholtum.
14.	Melsvegur:	Af Staðarhraunsvegi	að Mel.
15.	Ytri-Hraundalsvegur:	Af Svarfhólsvegi	að Ytri-Hraundal.
16.	Svarfhólsvegur:	Af Staðarhraunsvegi	að Svarfhóli.
17.	Ánastaðavegur:	Af Hraunhreppsvegi	að Ánastöðum.
18.	Staðarhraunsvegur:	Af Staðarhraunsvegi	að Staðarhrauni.
19.	Seljavegur:	Af Hólmakotsvegi	að Seljum.
20.	Helgastaðavegur:	Af Hítardalsvegi	að Helgastöðum.
21.	Hamraendavegur:	Af Seljavegi	að Hamraendum.
22.	Hítardalsvegur:	Af Staðarhraunsvegi	að Hítardal.
23.	Vogsvegur:	Af Hraunhreppsvegi	að Vogi.
24.	Álftárvegur:	Af Ólafsvíkurvegi	að Álftá.
25.	Hamravegur:	Af Sauravegi	að Hömrum.
26.	Hrafnkelsstaðavegur:	Af Hraunhreppsvegi	að Hrafnkelss.

Álftaneshreppur.

1.	Álftártunguvegur:	Af Ólafsvíkurvegi	að Álftártungu.
2.	Álftártungukotsvegur:	Af Álftártunguvegi	að Álftártungukoti.
3.	Arnarstapavegur:	Af Álftárneshr.v.	að Arnarstapa.
4.	Álftárbakkavegur:	Af Álftárneshr.v.	að Álftárbakka.
5.	Þverholtsvegur:	Af Álftárneshr.v.	að Þverholtum.
6.	Álftárósvegur:	Af Álftárneshr.v.	að Álftárósi.
7.	Hofsstaðavegur:	Af Álftárneshr.v.	að Hofsstöðum.
8.	Straumfjarðarvegur:	Af Álftárneshr.v.	að Knarrarnesi.
9.	Knarranesvegur:	Af Straumfjarðarvegi	að Knarrarnesi.
10.	Sveinsstaðavegur:	Af Álftaneshr.v.	að Sveinsstöðum.
11.	Álftanesvegur:	Af Álftanesvegi	að Álftanesi.
12.	Kvíslhöfðavegur:	Af Álftanesvegi	að Kvíslhöfða.
13.	Miðhúsavegur:	Af Álftanesvegi	að Miðhúsum.
14.	Lambastaðavegur:	Af Álftanesvegi	að Lambastöðum.
15.	Leirulækjarselsvegur:	Af Álftaneshreppsvegi	að Leirulækjarseli.
16.	Leirulækjarvegur:	Af Álftaneshreppsvegi	að Leirulæk.
17.	Smiðjuhólsvegur:	Af Álftaneshreppsvegi	að Smiðjuhóli.
18.	Urriðaárvegur:	Af Ólafsvíkurvegi	að Urriðaá.
19.	Grenjavegur:	Af Grímsstaðavegi	að Grenjum.
20.	Grímsstaðavegur:	Af Grímsstaðavegi	að Grímsstöðum.
21.	Syðri-Hraundalsvegur:	Af Grímsstaðavegi	að Syðri-Hraundal.
22.	Árbæjarvegur:	Af Grímsstaðavegi	að Árbæ.

23.	Lyngbrekkuvegur:	Af Ólafsvíkurvegi	að Lyngbrekku.
24.	Valshamarsvegur:	Af Grímsstaðavegi	að Valshamri.

Borgarhreppur.

1.	Stangarholtsvegur:	Af Ólafsvíkurvegi	að Stangarholti.
2.	Ánabrekkuvegur:	Af Ólafsvíkurvegi	að Ánabrekku.
3.	Rauðanesvegur:	Af Þursstaðavegi	að Rauðanesi.
4.	Þursstaðavegur:	Af Þursstaðavegi	að Þursstöðum.
5.	Tungulækjarvegur:	Af Ólafsvíkurvegi	að Tungulæk.
6.	Borgarvegur:	Af Ólafsvíkurvegi	að Borg.
7.	Jarðlangsstaðavegur:	Af Stangarholtsvegi	að Jarðlangsstöðum.
8.	Laufásvegur:	Af Ólafsvíkurvegi	að Laufási.
9.	Svignaskarðsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Svignaskarði.
10.	Ölvaldsstaðavegur:	Af Ferjubakkavegi	að Ölvaldsstöðum.
11.	Beigaldavegur:	Af Ferjubakkavegi	að Beigalda.
12.	Valfellsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Valfelli.
13.	Brennistaðavegur:	Af Vesturlandsvegi	að Brennistöðum.
14.	Lækjarkotsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Lækjarkoti.
15.	Bóndhólsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Bóndhóli.
16.	Einarsnesvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Einarsnesi.
17.	Gljúfurárvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Gljúfurá.
18.	Stóra-Fjallsvegur:	Af Valbjarnarvegi	að Stóra-Fjalli.
19.	Litlu-Grafarvegur:	Af Valbjarnarvegi	að Litlu-Gröf.
20.	Valbjarnarvallarvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Valbjarnarv.
21.	Birkibólsvegur:	Af Valbjarnarvegi	að Birkibóli.
22.	Staðarvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Stað.
23.	Heyholtsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Heyholti.
24.	Galtarholtsvegur:	Af Staðarvegi	að Galtarholti.
25.	Gufuárvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Gufuá.
26.	Eskiholtsvegur:	Af Hvítárvallavegi	að Eskiholti.
27.	Krumshólavegur:	Af Ferjubakkavegi	að Krumshólum.
28.	Trönuvegur:	Af Ferjubakkavegi	að Trönu.
29.	Miðbæjarvegur:	Af Ferjubakkavegi	að Miðbæ.
30.	Efstabæjarvegur:	Af Ferjubakkavegi	að Efstabæ.
31.	Neðstabæjarvegur:	Af Ferjubakkavegi	að Neðstabæ.

Stafholtstungnahreppur.

1.	Sólheimatunguvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Sólheimatungu.
2.	Haugavegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Haugum.
3.	Munaðarnesvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Munaðarnesi.
4.	Stóru-Skógarvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Stóru-Skógum.
5.	Litla-Skarðsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Litla-Skarði.
6.	Laxfossvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Laxfossi.
7.	Selhagavegur:	Af Ásbjarnarstaðavegi	að Selhaga.
8.	Ásbjarnarstaðavegur:	Af Þverárhlíðarvegi.	að Ásbjarnarstöðum.
9.	Sleggjulækjarvegur:	Af Ásbjarnarstaðavegi	að Sleggjulæk.
10.	Gunnlaugsstaðavegur:	Af Guðnabakkavegi	að Gunnlaugsst.
11.	Guðnabakkavegur:	Af Þverárhlíðarvegi.	að Guðnabakka.
12.	Hjarðarholtsvegur:	Af Þverárhlíðarvegi.	að Hjarðarholti.
13.	Varmalandsvegur: (fél).	Af Varmalandsvegi	að Varmalandi.
14.	Varmalandsvegur: (skól).	Af Varmalandsvegi	að Varmalandi.
15.	Einifellsvegur:	Af Varmalandsvegi	að Einifelli.

16.	Arnarholtsvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Arnarholti.
17.	Hlöðutúnsvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Hlöðutúni.
18.	Sólbakkavegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Sólbakka.
19.	Brúarreykjavegur:	Af Sólbakkavegi	að Brúarreykjum.
20.	Miðgarðsvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Miðgarði.
21.	Lundavegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Lundum.
22.	Steinavegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Steinum.
23.	Ásavegur:	Af Steinavegi	að Ásum.
24.	Efranesvegur:	Af Neðranesvegi	að Efranesi.
25.	Neðranesvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Neðranesi.
26.	Bakkakotsvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Bakkakoti.
27.	Stafholtsveggjavegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Stafholtsvegi..
28.	Hamraendavegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Hamraendum.
29	Flóðatangavegur:	Af Stafholtsvegi	að Flóðatanga.
30.	Stafholtsvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Stafholti.
31.	Hofsstaðavegur:	Af Stafholtsvegi	að Hofsstöðum.
32.	Jafnaskarðsvegur:	Af Hreðavatnsvegi	að Jafnaskarði.
33.	Valsholtsvegur:	Af Varmalandsvegi	að Valsholti.

Norðurárdalshreppur.

1.	Hreðavatnsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Hreðavatni.
2.	Brekkuvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Brekku.
3.	Hraunsnefsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Hraunsnefi.
4.	Hvassafellsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Hvassafelli.
5.	Klettstíuvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Klettstíu.
6.	Hreimsstaðavegur:	Af Vesturlandsvegi	að Hreimsstöðum
7.	Dýrastaðavegur:	Af Vesturlandsvegi	að Dýrastöðum.
8.	Hvammsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Hvammi.
9.	Sanddalstunguvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Sanddalstungu.
10.	Sveinatunguvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Sveinatungu.
11.	Fornahvammsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Fornahvammi.
12	Króksvegur:	Af Norðurárdalsvegi	að Króki.
13.	Háregsstaðavegur:	Af Norðurárdalsvegi	að Hárekssstöðum.
14.	Hafþórsstaðavegur:	Af Norðurárdalsvegi	að Hafþórsstöðum.
15.	Skarðshamravegur:	Af Norðurárdalsvegi	að Skarðshömrum.
16.	Glitstaðavegur:	Af Norðurárdalsvegi	að Glitstöðum.
17.	Svartagilsvegur:	Af Varmalandsvegi	að Svartagili.

Þverárhlíðarhreppur.

1.	Veiðilækjarvegur:	Af Varmalandsvegi	að Veiðilæk.
2.	Hallarmúlavegur:	Af Þverárhlíðavegi	að Hallarmúla.
3.	Hallarvegur:	Af Hallarmúlavegi	að Höll.
4.	Lindarhvolsvegur:	Af Hallarmúlavegi	að Lindarhvoli.
5.	Arnbjarnarlækjavegur:	Af Þverárhlíðavegi	að Arnbjarnarlæk.
6.	Hamarsvegur:	Af Þverárhlíðavegi	að Hamri.
7.	Höfðavegur:	Af Þverárhlíðavegi	að Höfða.
8.	Grjótsvegur:	Af Grjóthálsvegi	að Grjóti.
9.	Sigmundarstaðavegur:	Af Grjóthálsvegi	að Sigmundarst.
10	Hermundarstaðavegur:	að Þverárvegi	að Hermundarst.
11.	Lundarvegur:	Af Hermundarstaðavegi	að Lundi.
12.	Helgavatnsvegur:	Af Örnólfsdalsvegi	að Helgavatni.

13.	Hamravegur:	Af Helgavatnsvegi	að Hömrum.
14.	Örnólfsdalsvegur:	Af Þverárvegi	að Örnólfsdal.
15.	Norðtunguvegur:	Af Þverárhlíðavegi	að Norðtungu.

Hvítársíðuhreppur.

1.	Síðumúlavegur:	Af Hvítársíðuvegi	að Síðumúla.
2.	Háafellsvegur:	Af Hvítársíðuvegi	að Háafelli.
3.	Þorgautsstaðavegur:	Af Hvítársíðuvegi	að Þorgautsstöðum.
4.	Fróðastaðavegur:	Af Hvítársíðuvegi	að Fróðastöðum.
5.	Kalmanstunguvegur:	Af Hálsasveitavegi	að Kalmanstungu.
6.	Fljótstunguvegur:	Af Hálsasveitavegi	að Fljótstungu.
7.	Þorvaldsstaðavegur:	Af Hálsasveitavegi	að Þorvaldsstöðum.
8.	Hallkelsstaðavegur:	Af Hálsasveitavegi	að Hallkelsstöðum.
9.	Kolsstaðavegur:	Af Hálsasveitavegi	að Kolsstöðum.
10.	Gilsbakkavegur:	Af Hálsasveitavegi	að Gilsbakka.
11.	Kirkjubólsvegur:	Af Hvítársíðuvegi	að Kirkjubóli.
12.	Hvammsvegur:	Af Hvítársíðuvegi	að Hvammi.
13.	Haukagilsvegur:	Af Hvítársíðuvegi	að Haukagili.
14.	Sámsstaðavegur:	Af Hvítársíðuvegi	að Sámsstöðum.
15.	Síðumúlaveggjavegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Síðum.veggjum.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 7 000.00. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21 grein vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu ¾ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónur, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Mýrasýslu nr. 124 9. júní 1965, sbr. samþykkt nr. 276 14. nóvember 1969, um breyting á henni.

Samgönguráðuneytið, 9. mars 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 134. 9. mars 1978.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Í Borgarfjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr., í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer eftir ákvæðum vegalaga hverju sinni.

Sýsluvegir eru:

Innri-Akraneshreppur.

1.	Miðgarðsvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Miðgarði.
2.	Ytra-Hólmsvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Ytra-Hólmi.
3.	Kjaransstaðavegur:	Af Akrafjallsvegi	að Kjaransstöðum.
4.	Teigsvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Teigi.
5.	Akrakotsvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Akrakoti.
6.	Fögrubrekkuvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Fögrubrekku.
7.	Heynesvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Heynesi.
8.	Reinarvegur: I:	Af Akrafjallsvegi	að Rein.
9.	Reinarvegur II:	Af Reinarvegi	að Rein.
10.	Víkurvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Vík.
11.	Skálatangavegur:	Af Akrafjallsvegi	að Skálatanga.
12.	Másstaðavegur:	Af Akrafjallsvegi	að Másstöðum.
13.	Gerðisvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Gerði.
14.	Þaravallavegur:	Af Akrafjallsvegi	að Þaravöllum.
15.	Innra-Hólmsvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Innra-Hólmi.
16.	Kirkjubólsvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Kirkjubóli.
17.	Kúludalsárvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Kúludalsá.

Skilmannahreppur.

1.	Ósvegur:	Af Akranesvegi	að Ósi.
2.	Grafarvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Gröf.
3.	Galtalækjarvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Galtalæk.
4.	Klafastaðavegur:	Af Akrafjallsvegi	að Klafastöðum.
5.	Fellsendavegur:	Af Akrafjallsvegi	að Fellsenda.
6.	Stóru-Fellsaxlarvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Stóru-Fellsöxl.
7.	Fannahlíðarvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Fannahlíð.
8.	Litlu-Fellsaxlarvegur:	Af Akranesvegi	að Litlu-Fellsöxl.
9.	Kjalardalsvegur:	Af Akranesvegi	að Kjalardal.
10.	Arkarlækjarvegur:	Af Akranesvegi	að Arkarlæk.
11.	Hvítanesvegur:	Af Akranesvegi	að Hvítanesi.
12.	Galtarholtsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Galtarholti.
13.	Stóra-Lambhagavegur II:	Af Lambhagavegi	að Stóra-Lambhaga.
14.	Stóra-Lambhagavegur I:	Af Vesturlandsvegi	að Stóra-Lambhaga.
15.	Litla-Lambhagavegur:	Af Vesturlandsvegi	að Litla-Lambhaga.

Hvalfjarðarstrandarhreppur.

1.	Katanesvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Katanesi.
2.	Efra-Skarðsvegur:	Af Leirársveitarvegi	að Efra-Skarði.
3.	Tunguvegur:	Af Efra-Skarðsvegi	að Tungu.
4.	Hólsvegur:	Af Svínadalsvegi	að Hóli.
5.	Hlíðarfótarvegur:	Af Svínadalsvegi	að Hlíðarfæti.
6.	Eyrarvegur:	Af Svínadalsvegi	að Eyri.
7.	Kambshólsvegur:	Af Svínadalsvegi	að Kambshóli.
8.	Hlaðavegur:	Af Vesturlandsvegi	að Hlöðum.
9.	Saurbæjarvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Saurbæ.
10.	Kalastaðavegur:	Af Vesturlandsvegi	að Kalastöðum.
11.	Kalastaðakotsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Kalstaðakoti.
12.	Eystra-Miðfellsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Eystra-Miðfelli.
13.	Hlíðarvegur:	Af Svínadalsvegi	að Hlíð.
14.	Svarfhólsvegur:	Af Svínadalsvegi	að Svarfhóli.

15. Ferstikluvegur I:	Af Vesturlandsvegi	að Ferstiklu I.
16. Ferstikluvegur II:	Af Vesturlandsvegi	að Ferstiklu II.
17. Vatnaskógarvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Vatnaskógi.
18. Hrafnabjargarvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Hrafnabjörgum.
19. Bjarteyjarsandsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Bjarteyjarsandi.
20. Brekkuvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Brekku.
21. Þyrilsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Þyrli.
22. Stóra-Botnsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Stóra-Botni.
23. Litla-Botnsvegur:	Af Stóra-Botnsvegi	að Litla-Botni.
24. Þórustaðavegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Þórustöðum.
25. Geitabergsvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Geitabergi.
26. Draghálsvegur:	Af Grafardalsvegi	að Draghálsi.
27. Grafardalsvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Grafardal.

Mela- og Leirársveitarhreppur.

1. Vogatunguvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Vogatungu.
2. Lækjarvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Læk.
3. Lyngholtsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Lyngholti.
4. Skipanesvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Skipanesi.
5. Geldingaárvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Geldingaá.
6. Skorholtsvegur:	Af Melasveitavegi	að Skorholti.
7. Bakkavegur:	Af Melasveitavegi	að Bakka.
8. Súlunesvegur:	Af Melasveitavegi	að Súlunesi.
9. Ásvegur:	Af Melasveitavegi	að Ási.
10. Melaleitisvegur:	Af Melasveitavegi	að Melaleiti.
11. Belgsholtsvegur:	Af Melasveitavegi	að Belgsholti.
12. Narfastaðavegur:	Af Melasveitavegi	að Narfastöðum.
13. Hafnarvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Höfn.
14. Fiskilækjarvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Fiskilæk.
15. Vestri-Leirárgarðavegur:	Af Leirársveitarvegi	að Vestri-Leirárg.
16. Eystri-Leirárgarðavegur:	Af Vestri-Leirárg.v.	að Eystri-Leirárg.
17. Leirárskólavegur:	Af Leirársveitarvegi	að Leirárskóla.
18. Kennarabústaðavegur:	Af Leirárskólavegi	að Kennarabústað.
19. Heiðarborgarvegur:	Af Leirárskólavegi	að Heiðarborg.
20. Leirárvegur:	Af Leirársveitarvegi	að Leirá.
21. Melkotsvegur:	Af Leirársveitarvegi	að Melkoti.
22. Neðra-Skarðsvegur:	Af Leirársveitarvegi	að Neðra-Skarði.
23. Steinholtsvegur:	Af Leirársveitarvegi	að Steinholti.
24. Leirárkirkjuvegur:	Af Leirárvegi	að Leirárkirkju.
25. Ölversvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Ölveri.

Andakílshreppur.

1. Ytri-Skeljabrekkuvegur:	Af Hvítárvallavegi	að Ytri-Skeljabr.
2. Innri-Skeljabrekkuvegur:	Af Hvítárvallavegi	að Innri-Skeljabr.
3. Ausuvegur:	Af Hvítárvallavegi	að Ausu.
4. Hófatúnsvegur:	Af Hvítárvallavegi	að Hófatúni.
5. Hvannatúnsvegur:	Af Hvítárvallavegi	að Hvannatúni.
6. Álfhólsvegur:	Af Hvanneyrarvegi	að Álfhóli.
7. Ólafshúsvegur:	Af Hvanneyrarvegi	að Ólafshúsi.
8. Bárekssstaðavegur:	Af Hvítárvallavegi	að Bárekssstöðum.
9. Grímarsstaðavegur:	Af Hvítárvallavegi	að Grímarsstöðum.

10. Hvítárvallavegur:	Af Hvítárvallavegi	að Hvítárvöllum.
11. Virkjunarvegur:	Af Skorradalsvegi	að Virkjun.
12. Vatnshamravegur:	Af Vatnshamravegi	að Vatnshömrum.
13. Kvígsstaðavegur:	Af Vatnshamravegi	að Kvígsstöðum.
14. Bæjarvegur:	Af Laugarholtsvegi	að Bæ.
15. Heggsstaðavegur:	Af Vatnshamarsvegi.	að Heggsstöðum.
16. Hestsvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Hesti.
17. Fossatúnsvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Fossatúni.
18. Þingnesvegur:	Af Bæjarsveitavegi	að Þingnesi.
19. Stafholtseyjarvegur:	Af Bæjarsveitavegi	að Stafholtsey.
20. Hvítárbakkavegur:	Af Bæjarsveitavegi	að Hvítárbakka.
21. Hellnavegur:	Af Laugarholtsvegi	að Hellum.
22. Laugarteigsvegur:	Af Laugarholtsvegi	að Laugarteigi.
23. Múlastaðavegur:	Af Flókadalsvegi	að Múlastöðum.
24. Eyrarvegur:	Af Flókadalsvegi	að Eyri.
25. Fífusundsvegur:	Af Hvanneyrarvegi	að Fífusundi.
26. Grjóteyrarvegur:	Af Hvítárvallavegi	að Grjóteyri.
27. Miðfossavegur:	Af Skorradalsvegi	að Miðfossum.
28. Jaðarsvegur:	Af Laugarholtsvegi	að Jaðri.

Skorradalshreppur.

1. Stóru-Drageyrarvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Stóru-Drageyri.
2. Litlu-Drageyrarvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Litlu-Drageyri.
3. Indriðastaðavegur:	Af Mófellsstaðavegi	að Indriðastöðum.
4. Hagavegur:	Af Hagavegi	að Haga.
5. Mófellsstaðavegur:	Af Mófellsstaðavegi	að Mófellsstöðum.
6. Háafellsvegur:	Af Skorradalsvegi	að Háafelli.
7. Mófellsstaðakotsvegur:	Af Mófellsstaðavegi	að Mófellsstaðakoti.
8. Bakkakotsvegur:	Af Hagavegi	að Bakkakoti.
9. Hornsvegur:	Af Mófellsstaðavegi	að Horni.
10. Vatnshornsvegur:	Af Hagavegi	að Vatnshorni.
11. Hreppslaugarvegur:	Af Mófellsstaðavegi	að Hreppslaug.
12. Efstabæjarvegur:	Af Hagavegi	að Efstabæ.
13. Efra-Hreppsvegur:	Af Mófellsstaðavegi	að Efra-Hrepp.
14. Stálpastaðavegur:	Af Skorradalsvegi	að Stálpastöðum.
15. Neðra-Hreppsvegur:	Af Mófellsstaðavegi	að Neðra-Hrepp.
16. Hvammsvegur:	Af Skorradalsvegi	að Hvammi.
17. Grundarvegur:	Af Skorradalsvegi	að Grund.
18. Fitjavegur:	Af Skorradalsvegi	að Fitjum.
19. Dagverðanesvegur:	Af Skorradalsvegi	að Dagverðanesi.

Lundarreykjadalshreppur.

1. Mávahlíðarvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Mávahlíð.
2. Grafarvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Gröf.
3. Krossvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Krossi.
4. Kistufellsvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Kistufelli.
5. Skarðsvegur I:	Af Uxahryggjavegi	að Skarði I.
6. Skarðsvegur II:	Af Uxahryggjavegi	að Skarði II.
7. Snartastaðavegur:	Af Uxahryggjavegi	að Snartastöðum.
8. Melgerðisvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Melgerði.
9. Hólsvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Hóli.

10.	Brautartunguvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Brautartungu.
11.	Tungufellsvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Tungufelli.
12.	Brennuvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Brennu.
13.	Iðunnarstaðavegur:	Af Uxahryggjavegi	að Iðunnarstöðum.
14.	Englandsvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Englandi.
15.	Reykjavegur:	Af Uxahryggjavegi	að Reykjum.
16.	Gilstreymisvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Gilstreymi.
17.	Þverfellsvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Þverfelli.
18.	Oddstaðaréttarvegur:	Af Lundarreykjadalsvegi	að Oddstaðarétt.
19.	Oddstaðavegur:	Af Lundarreykjadalsvegi	að Oddstöðum.
20.	Gullberastaðavegur:	Af Lundarreykjadalsvegi	að Gullberastöðum.
21.	Lundarvegur:	Af Lundarreykjadalsvegi	að Lundi.
22.	Lundarkirkjuvegur:	Af Lundarreykjadalsvegi	að Lundarkirkju.
23.	Lundarvegur II:	Af Lundarreykjadalsvegi	að Lundi II.
24.	Arnþórsholtsvegur:	Af Lundarreykjadalsvegi	að Arnþórsholti.
25.	Skálpastaðavegur:	Af Lundarreykjadalsvegi	að Skálpstöðum.
26.	Múlakotsvegur:	Af Lundarreykjadalsvegi	að Múlakoti.
27.	Félagsheimilisvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Félagsheimili.

Reykholtsdalshreppur.

1.	Brúsholtsvegur:	Af Flókadalsvegi	að Brúsholti.
2.	Steðjavegur:	Af Flókadalsvegi	að Steðja.
3.	Skógavegur:	Af Flókadalsvegi	að Skógum.
4.	Hrísavegur:	Af Flókadalsvegi	að Hrísum.
5.	Hælsvegur:	Af Flókadalsvegi	að Hæli.
6.	Brennistaðavegur I:	Af Flókadalsvegi	að Brennistöðum I.
7.	Brennistaðavegur II:	Af Brennist.v. I.	að Brennistöðum II.
8.	Giljahlíðarvegur:	Af Flókadalsvegi	að Giljahlíð.
9.	Litla-Kroppsvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Litla-Kroppi
10.	Stóra-Kroppsvegur:	Af Stóra-Kroppsvegi	að Stóra-Kroppi.
11.	Klettsvegur:	Af Stóra-Kroppsvegi	að Kletti.
12.	Runnavegur:	Af Stóra-Kroppsvegi	að Runnum.
13.	Ásgarðsvegur:	Af Stóra-Kroppsvegi	að Ásgarði.
14.	Skrúðsvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Skrúð.
15.	Læknisbústaðavegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Læknisbústað.
16.	Barnaskólavegur:	Af Læknisbústaðarvegi	að Barnaskóla.
17.	Snældubeinsstaðavegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Snældubeinsst.
18.	Bergsvegur:	Af Reykdælavegi	að Bergi.
19.	Kjalvararstaðavegur:	Af Reykdælavegi	að Kjalvararstöðum.
20.	Kópareykjavegur I:	Af Reykdælavegi	að Kópareykjum I.
21.	Kópareykjavegur II:	Af Reykdælavegi	að Kópareykjum II.
22.	Vilmundarstaðavegur:	Af Reykdælavegi	að Vilmundarst.
23.	Sturlureykjavegur:	Af Hálsasveitavegi	að Sturlureykjum.
24.	Laugarvallavegur:	Af Hálsasveitavegi	að Laugarvöllum.
25.	Nesvegur:	Af Hálsasveitavegi	að Nesi.
26.	Skáneyjarvegur:	Af Hálsasveitavegi	að Skáney.
27.	Reykholtsvegur:	Af Hálsasveitavegi	að Reykholti.
28.	Akurgerðisvegur:	Af Reykholtsvegi	að Akurgerði.
29.	Breiðabólsstaðvegur:	Af Hálsasveitavegi	að Breiðabólsstað.
30.	Grímsstaðavegur I:	Af Hálsasveitavegi	að Grímsstöðum I.
31.	Grímsstaðavegur II:	Af Grímsstaðavegi I.	að Grímsstöðum II.
32.	Grófarvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Gróf.

33. Víðigerðisvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Víðigerði.
34. Deildartunguvegur I:	Af Borgarfjarðarbr.	að Deildartungu I.
35. Deildartunguvegur II:	Af Deildartunguvegi I.	að Deildartungu II.
36. Logalandsvegur:	Af Reykdælavegi	að Logalandi.
37. Brekkukotsvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Brekkukoti.
38. Hurðarbaksvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Hurðarbaki.
39. Hægindisvegur:	Af Reykdælavegi	að Hægindi.

Hálsasveitarhreppur.

1. Rauðsgilsvegur:	Af Auðsstaðavegi	að Rauðsgili.
2. Auðsstaðavegur:	Af Reykdælavegi	að Auðsstöðum.
3. Kollslækjarvegur:	Af Reykholtsdalsvegi	að Kollslæk.
4. Giljavegur:	Af Reykholtsdalsvegi	að Giljum.
5. Augastaðavegur:	Af Reykholtsdalsvegi	að Augastöðum.
6. Hellubæjarvegur:	Af Reykholtsdalsvegi	að Hellubæ.
7. Hofsstaðavegur:	Af Reykholtsdalsvegi	að Hofsstöðum.
8. Úlfsstaðavegur I:	Af Reykholtsdalsvegi	að Úlfsstöðum I.
9. Úlfsstaðavegur II:	Af Reykholtsdalsvegi	að Úlfsstöðum II.
10. Norðurreykjavegur:	Af Hálsasveitarvegi	að Norðurreykjum.
11. Hýrumelsvegur:	Af Hálsasveitarvegi	að Hýrumel.
12. Signýjarstaðavegur:	Af Hálsasveitarvegi	að Signýjarst.
13. Refsstaðavegur:	Af Hálsasveitarvegi	að Refsstöðum.
14. Sigmundarstaðavegur:	Af Hálsasveitarvegi	að Sigmundarst.
15. Stóra-Ásvegur:	Af Hálsasveitarvegi	að Stóra-Ási.
16. Hraunsásvegur:	Af Hálsasveitarvegi	að Hraunsási.
17. Húsafellsvegur:	Af Hálsasveitarvegi	að Húsafelli.
18. Rauðsgilsréttarvegur:	Af Auðsstaðavegi	að Rauðsgilsrétt.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, landa

og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 7 000.00. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. grein vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu ¾ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónur, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Borgarfjarðarsýslu, nr. 123 9. júní 1965, sbr. samþykkt nr. 275 14. nóvember 1969, um breyting á henni.

Samgönguráðuneytið, 9. mars 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 135. 1. mars 1978.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld á Hvammstanga.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps ákveður að leggja gatnagerðargjald á lóðir og byggingar í Hvammstangahreppi, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Hemilit er að leggja gatnagerðargjald á land, sm sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að leggja bundið slitlag á götur.

3. gr.

Við álagningu gatnagerðargjaldsins skal miða við ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar á rúmmetra „vísitöluhúss", eins og hann er reiknaður af Hagstofu Íslands.

Miða skal við stærð bygginga samkv. fasteignamatsskráningu, eða samþykktum teikningum.

Ef fleiri en einn eigandi er að byggingu skiptast gjöldin í samræmi við það rúmmál, sem hverjum tilheyrir, samkv. reglum Fasteignamats ríkisins.

4. gr.

Álagning gatnagerðargjaldsins skal vera sem hér segir:

1.	Íbúðarbyggingar:	
	1.1. Einbýlishús	3.0%
	1.2. Tvíbýlishús, raðhús	2.3%
	1.3. Fjölbýlishús, bifreiðageymslur	1.6%
2.	Aðrar byggingar:	
	2.1. Verslanir, skrifstofur, þjónustu- og viðskiptastofnanir	3.0%
	2.2. Opinberar byggingar, heilbrigðis- og skólamannvirki, samkomuhús o. fl.	3.0%
	2.3. Iðnaðarhúsnæði, sláturhús, mjólkurbú, fiskvinnslustöðvar, vöruskemmur o. fl.	1.6%
	2.4. Önnur hús eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar	1.6—3.0%

3. Jafnframt skulu lóðarhafar greiða kr. 60.00 (vísitala 159) fyrir hvern fermetra lóðar, eða lands hvort sem bygging er þar eða ekki. Þó skulu einbýlishúsalóðir útmældar samkv. skipulagi ekki reiknast stærri en 750 m².

5. gr.

Gjöld samkv. 4. gr. skal miða við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu. Nú breytist vísitala meðan verkið fer fram og skal þá miða við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

6. gr.

Gjalddagi gatnagerðargjalda samkv. 4. gr. er þegar lokið er lagningu bundins slitlags á götu og ákveður hreppsnefnd nánar um gjalddaga í hverju tilviki.

7. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða við byggingu við götu, sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal innheimta gatnagerðargjald af viðkomandi byggingu samkv. þeirri vísitölu er þá gildir.

8. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 4. gr. greiðist þannig að 20% greiðast út á gjalddaga sbr. 6. gr. en eftirstöðvar með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðast eftir á, á sömu gjalddögum.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10%, eftir ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

9. gr.

Hreppsnefnd getur gefið gjaldfrest, lækkað eða fellt niður öll gjöld af húsum ellilífeyrisþega eða öryrkja, ef ástæður eru bágar.

Ef um gjaldfrest er að ræða, miðast gatnagerðargjaldið við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar gjaldið er innheimt.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingar eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkv. reglugerð þessari lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Hreppsnefnd sker úr um ágreining, sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkv. reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut kunna að eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. mars 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 136. 9. mars 1978.

REGLUGERÐ

um framkvæmd laga nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka til Skútustaðahrepps og Laxár með hólmum og kvíslum allt að ósi árinnar við Skjálfanda, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin.

2. gr.

Á landssvæði því, er um getur í 1. gr., er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt, nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.

Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru einnig óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs.

Heimilar skulu þó framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, nema spjöllum valdi á náttúruverðmætum að dómi Náttúruverndarráðs.

Þá eru heimilar, án sérstaks leyfis Náttúruverndarráðs, byggingar samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi Náttúruverndarráð fallist á skipulagsáætlun þá, sem um er að ræða.

3. gr.

Náttúrurannsóknastöð skal starfrækt við Mývatn.

Menntamálaráðuneytið skipar stjórn stöðvarinnar samkvæmt tilnefningum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands,

hreppsnefndar Skútustaðahrepps og Landeigendafélags Laxár og Mývatns og Náttúruverndarráðs, og skal fulltrúi ráðsins vera formaður stjórnarinnar.

Skipa skal jafnmarga menn til vara á sama hátt. Stjórn stöðvarinnar skal skipuð til 3 ára í senn að afloknu Náttúruverndarþingi.

4. gr.

Stjórn stöðvarinnar sér um framkvæmdir og rekstur. Hún er stjórnvöldum til ráðuneytis um allt það, er lýtur að framkvæmd laga nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Stjórnin er Náttúruverndarráði til ráðuneytis um framkvæmd þessara laga, sérstaklega er varðar rannsóknir. Stjórnin getur falið formanni sínum að láta í té umsögn í einstökum málum fyrir sína hönd. Náttúruverndarráð getur kvatt sér til samráðs og aðstoðar fulltrúa sveitarfélaga svæðisins, samtaka heimamanna og aðra, eftir því sem við á.

Skrifstofa Náttúruverndarráðs annast daglegt skrifstofuhald, þar með fjármál stöðvarinnar.

5. gr.

Verksvið rannsóknastöðvarinnar er rannsóknir á svæði því sem friðlýst er skv. lögum nr. 36/1974 sbr. 2. gr. Stjórn stöðvarinnar skal sjá um að framkvæmdar verði þær rannsóknir, sem eru nauðsynlegur grundvöllur verndunar Mývatns og Laxár. Rannsóknir skulu kostaðar af ríkissjóði sbr. 7. gr. laga nr. 36/1974 nema öðruvísi sé kveðið á sbr. m. a. 12. og 13. gr. hér á eftir.

6. gr.

Stjórn rannsóknastöðvarinnar er heimilt að veita mönnum starfsaðstöðu við stöðina til rannsókna, enda geri þeir stjórninni grein fyrir niðurstöðum sínum.

Hverjum þeim er rannsóknir stundar á svæðinu skal skylt að tilkynna stjórn stöðvarinnar um fyrirhugaðar rannsóknir og um niðurstöður þeirra þegar þær liggja fyrir (sjá ennfremur 21. gr.). Um rannsóknir erlendra manna fer skv. reglugerð nr. 107/1968 um náttúrurannsóknir erlendra vísindamanna á Íslandi. Þó skal Rannsóknaráð ríkisins leita umsagnar stjórnar rannsóknastöðvarinnar áður en leyfi er veitt til rannsókna á svæðinu.

7. gr.

Námskeið háskólanema í náttúrufræði við Mývatn og Laxá skulu fara fram í samráði við stjórn rannsóknastöðvarinnar. Stjórnin skal veita aðstöðu til slíks námskeiðahalds að svo miklu leyti sem aðstæður leyfa hverju sinni.

8. gr.

Stjórn rannsóknastöðvarinnar kemur saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Formaður getur boðað aukafundi svo oft sem burfa þykir. Þá skal skylt að boða fund ef tveir stjórnarmenn óska þess. Stjórnin skiptir með sér verkum í upphafi skipunartímabils, að öðru leyti en því sem ákveðið er í lögum.

9. gr.

Stjórnin birtir skrá um rannsóknir og athuganir innan umdæmis stöðvarinnar. Skal hún leitast við að afla og safna saman til varðveislu í húsakynnum sínum beim gögnum sem skráin tiltekur. Ennfremur skal stjórnin fylgjast með þeim rannsóknum sem í gangi eru hverju sinni og snerta starfssvið stöðvarinnar. Stjórnin getur kvatt sér til ráðuneytis sérfræðinga og trúnaðarmenn eftir því sem nauðsyn krefur og fjárhagur leyfir.

Stjórnin beitir sér fyrir því að niðurstöður rannsókna séu gefnar út og kynntar hlutaðeigandi aðilum. Stjórnin birtir ársskýrslu um störf sín.

10. gr.

Stjórn rannsóknarstöðvarinnar leggur fjárhagsáætlun sína fyrir Náttúruverndarráð í febrúarmánuði ár hvert. Skal þar m. a. gerð rökstudd grein fyrir rannsóknum þeim er stjórnin leggur til að framkvæmdar verði að öllu eða nokkru leyti á kostnað ríkissjóðs. Við gerð árlegra rannsóknaáætlana og forgangsröðunar rannsókna ber stjórninni að taka tillit til þarfa náttúruverndar á svæðinu og skal stuðst við heildaráætlun til langs tíma er stjórnin semur og endurskoðar efir því sem ástæða þykir til.

11. gr.

Stjórnin gerir tillögur til Náttúruverndarráðs um ráðningu starfsliðs skv. heimild í 6. gr. laga nr. 36/1974.

12. gr.

Hver sú starfsemi sem rekin er á svæðinu skal kappkosta að halda í lágmarki mengun og öðrum umhverfisáhrifum, sem af viðkomandi starfsemi leiðir. Valdi starfsemi mengun, ofauðgun (eutrofication) eða öðrum neikvæðum áhrifum á umhverfið skal skylt að koma í veg fyrir það og bæta orðinn skaða svo sem kostur er. Náttúruverndarráð setur, að fenginni umsögn stjórnar rannsóknastöðvarinnar fyrirmæli um úrbætur og getur m. a. sett ákveðinn frest þar til. Sé þeim fyrirmælum eigi hlýtt getur Náttúruverndarráð krafist atbeina lögreglustjóra til stöðvunar viðkomandi starfsemi.

Menntamálaráðuneytið getur að höfðu samráði við heilbrigðismálaráðuneytið sett reglugerð um varnir gegn mengun á svæði því sem lögin taka til. að fengnum tillögum Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Náttúruverndarráðs, telji þessar stofnanir þörf á að sett verði ítarlegri ákvæði en fyrir eru í almennum reglugerðum. Slíkar reglur mega kveða á um staðla, sm takmarka notkun skaðlegra efna, er byggjast á bestu fáanlegum upplýsingum og rannsóknum.

Náttúruverndarráð getur látið fara fram rannsóknir á umhverfisáhrifum af hverri þeirri starfsemi sem rekin er á svæðinu, enda leiki grunur á að starfsemin valdi mengun eða öðrum neikvæðum umhverfisáhrifum. Stjórn stöðvarinnar skal hafa yfirumsjón með slíkum rannsóknum. Skulu þær beinast að því að úrskurða hvort um skaðsemi er að ræða og hvernig koma megi í veg fyrir hana. Leiði rannsókn í ljós skaðsemi, skal viðkomandi skylt að hlíta þeim kröfum, sem gerðar verða um varnir gegn skaðlegum áhrifum, og skal hann bera kostnað af þeim, þ. á m. undangengnum rannsóknum.

13. gr.

Hver sú starfsemi, sem fyrirhuguð er á svæðinu en ekki hafin og leitt getur til þess að land breyti verulega um svip, að náttúruminjum verði spillt, að framkvæmd leiði til mengunar eða til sérstakra spjalla á gróðri, er óheimil nema að fengnu leyfi Náttúruverndarráðs sbr. 2. gr. hár að framan. Áður en Náttúruverndarráð veitir slíkt leyfi skal leitað álits stjórnar rannsóknastöðvarinnar. Skulu stjórninni afhent öll þau gögn sem hún telur sig þurfa í málinu, og getur hún þá tiltekið rannsóknir eða fyrirbyggjandi aðgerðir.

14. gr.

Náttúruverndarráð lætur gera uppdrátt af hinu friðlýsta svæði. þar sem mörkuð eru helstu landsvæði og staðir, sem eigi má raska eða eru viðkvæm fyrir truflunum. Ennfremur svæði, þar sem sérstakar takmarkanir gilda. Uppdrátt þennan skal endurskoða svo oft sem þurfa þykir.

Náttúruverndarráð getur, ef sérstök ástæða þykir, friðlýst einstakar náttúruminjar eða staði, svo og dýra- eða plöntutegundir á svæðinu öllu eða hluta þess. Skal þá farið eftir ákvæðum laga nr. 47/1971.

Ráðið getur ennfremur takmarkað umferð á svæðum, svo sem varplöndum, stöðuvötnum og straumvötnum, eða hluta þeirra, til verndunar fuglalífi, eða ef aðrar knýjandi ástæður eru til.

15. gr.

Allar byggingar á hinu friðlýsta svæði (aðrar en þær sem um getur í 3. mgr. 2. gr. hér að framan), skulu gerðar í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt, sem Náttúruverndarráð hefur áður fallist á.

Þar til skipulagsuppdráttur hefur verið gerður getur skipulagsstjórn að fengnum meðmælum sveitarstjórnar og með samþykki Náttúruverndarráðs leyft einstakar byggingaframkvæmdir, sem um kann að verða sótt, enda samrýmist þær væntanlegu skipulagi.

16. gr.

Ábúendur lögbýla skulu, áður en ráðist er í meiriháttar framkvæmdir (sem ekki eru háðar ákv. 15. gr. sbr. 2. gr. hér að framan), s. s. nýbyggingar, framræslu, uppgræðslu eða aðra ræktun, tilkynna Náttúruverndarráði um fyrirætlun sína með nægum fyrirvara. Skal ráðið, svo fljótt sem unnt er, leggja mat á hina fyrirhuguðu framkvæmd.

Um gróðurvernd fer að öðru leyti en að ofan greinir eftir ákvæðum laga nr. 17/1965 um landgræðslu og 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o. fl.

17. gr.

Sumarbústaðir, önnur frístundahús og hvers konar mannvirki sem þeim fylgja, eru óheimil (a) innan 200 m frá bökkum stöðuvatna og straumvatna (b) á eyjum (c) á svæðum sem Náttúruverndarráð tilgreinir á uppdrætti sbr. 14. gr.

Náttúruverndarráð getur veitt undanþágur frá ofangreindum ákvæðum að því er tekur til mannvirkja sem fyrirhuguð eru við bæi, mannvirkja veiðifélaga og almennrar aðstöðu ferðamanna.

Að öðru leyti fer um frístundahús eftir ákvæðum 2. gr. hér að framan, reglugerðar nr. 205/1973 um náttúruvernd og heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972.

Þar til uppdráttur sbr. 14. gr. hefur verið staðfestur eru byggingar sumarbústaða, annarra frístundahúsa og hverskonar mannvirkja, sem þeim fylgja, óheimilar á því svæði, sem um getur í 1. gr.

18. gr.

Náttúruverndarráð lætur gera jarðfræðikönnun á hinu friðlýsta svæði í þeim tilgangi (1) að afmarka svæði sem friða ber fyrir raski, (2) að finna nýtanleg jarðefni og meta þau og (3) að ákvarða hvar leyfa skuli efnistöku.

19. gr.

Almenningi er frjáls för um hið friðlýsta svæði, eftir því sem lög leyfa, en með þeim takmörkunum, sem settar kunna að verða, sbr. 14. gr., og Náttúruverndarráð auglýsir.

Í byggð er ferðamönnum heimilt að hafa tjöld og hjólhýsi á svæðum, sem til þess eru ætluð og merkt, en utan þeirra aðeins með sérstöku leyfi. Heimilt er að takmarka dvöl ferðamanna á þennan hátt á öðrum svæðum, ef þörf gerist og skal það þá fært á uppdrátt þann er um getur í 14. gr. og auglýsa sérstaklega.

20. gr.

Notkun vélknúinna báta er heimil á Mývatni og öðrum stöðuvötnum á svæðinu, en þó aðeins í þágu atvinnurekstrar eða annarrar starfsemi sem nauðsynleg telst að mati Náttúruverndarráðs. Hraðbátar skulu þó óheimilir og getur ráðið úrskurðað ákveðin hraða- og hávaðamörk, ef nauðsyn krefur. Á Laxá er notkun vélbáta bönnuð.

21. gr.

Þeir sem hyggjast stunda náttúruathuganir, svo sem lögmæta söfnun náttúrugripa, fuglaljósmyndun úr felutjöldum, fuglamerkingar, svo og aðrar hliðstæðar athuganir, sem vafi getur leikið á að falli undir ákvæði 6. gr., skulu gera eftirlitsmanni eða oddvita (sveitarstjóra) viðvart.

22. gr.

Um brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar fer að ákvæðum 8. gr. laga nr. 36/1974.

23. gr.

Að öðru leyti fer um varndun Laxár- og Mývatnssvæðisins samkvæmt lögum og reglugerð um náttúruvernd.

Náttúruverndarráð hefur með höndum framkvæmdir á náttúruverndarmálum undir yfirstjórn Menntamálaráðuneytisins.

24. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. ákvæðum í 3., 4. og 5. gr. laga nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 9. mars 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 137. 14. mars 1978.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Vopnafjarðarhrepps.

1. gr.

Vatnsveita Vopnafjarðarhrepps er eign Vopnafjarðarhrepps. Heimili hennar og varnarþing er á Vopnafirði.

2. gr.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fer með yfirstjórn vatnsveitunnar og ber ábyrgð á skuldbindingum hennar. Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast daglegan rekstur hennar og framkvæmdir, en heimilt er, að ráða sérstakan vatnsveitustjóra, eða umsjónarmann, til að sjá um eftirlit eða framkvæmdir við vatnsveituna, ef þess gerist þörf.

3. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, en skrifstofa hreppsins annast allt reikningshald. Reikningarnir skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar sveitarsjóðs og fylgja þeim ár hvert.

4. gr.

Vopnafjarðarhreppur hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

5. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem þörf krefur og fært þykir, svo húseigendur eigi aðgang að þeim við veg, götu eða opin svæði, sem hús þeirra liggja að.

6. gr.

Allar vatnsæðar frá dreifikerfi vatnsveitunnar, að húsi og í því, eru eign húseiganda og ber hann kostnað af lagningu þeirra og viðhaldi. Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra, séu lagðar af starfsmönnum vatnsveitunnar en á kostnað húseiganda.

7. gr.

Hver sá, sem óskar að fá vatnsæð tengda húsi sínu, gera endurbætur eða breytingar á eldri lögnum, skal sækja um það til hreppsnefndar og gera grein fyrir áætlaðri vatnsþörf og til hvers vatnið skuli notað. Vatnsveitan sér um tengingu frá vatnsveituæð, gegn sérstöku tengigjaldi.

Allar lagnir skulu lagðar undir eftirliti starfsmanna vatnsveitunnar og ber húseiganda að fara í einu og öllu eftir fyrirmælum þeirra, að því er snertir efni og frágang.

8. gr.

Hverjum húseiganda og notanda er skylt að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim. Skal þess sérstaklega gætt, að ekki frjósi í leiðslunum. Ef eldri vatnsæðar liggja svo grunnt í jörðu, að hætta sé á, að í þeim frjósi, ber húseiganda að láta bæta úr því á þann hátt, sem starfsmenn vatnsveitunnar telja fullnægjandi.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

Ekki má tengja dælur eða aflvélar í samband við vatnsveituna, né tengja saman æðar vatnsveitunnar og önnur veitukerfi, t. d. sjóveitu, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar.

9. gr.

Starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna og lóðir, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki, sem sett eru í samband við vatnsveituna. Ef þeim þykir í einhverju ábótavant hvað umbúnað snertir, skal húseiganda skylt, að bæta úr því tafarlaust. Ella getur vatnsveitan látið vinna verkið á kostnað eiganda.

10. gr.

Hreppsnefnd getur látið loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á vatnsæðum eða tækjum sem við þær eru tengd, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Vatnsskatt ber að greiða að fullu, þótt lokað sé fyrir vatnið af þessum orsökum.

11. gr.

Vatnsveita Vopnafjarðarhrepps hefur rétt til að takmarka vatnsnotkun, ef skortur er á vatni, eða loka fyrir vatnið vegna hreinsunar, eða framkvæmda við vatnsveituna. Ef eldsvoða ber að höndum, hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar teljast, hvort sem er á vatnsæðum vatnsveitunnar eða í einkaeign. Óheimilt er öðrum en slökkviliði, lögreglu og starfsmönnum vatnsveitunnar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, nema með sérstöku leyfi.

12. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar, takmörkun á vatnsnotkun eða af öðrum ástæðum.

13. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal árlega greiða vatnsskatt af öllum húsum, sem standa við vegi eða opin svæði og vatn er lagt í. Vatnsskattinn skal miða við fasteignamatsvirðingu og ákveður hreppsnefndin vatnsskattinn.

14. gr.

Hreppsnefndin getur ákveðið að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn, t. d. frystihús, vinnslustöðvar, iðjuver o. fl. og selja vatn eftir mælingu, eða ákveða, að allt vatn skuli selt eftir mælingu. Skal þá vatnsveitan sjá um uppsetningu mælanna en stofnkostnað og viðhald þeirra ber húseiganda að greiða. Ef mælingu verður eigi komið við, má ákveða sérstakt gjald fyrir hverja framleiðslu- eða vinnslueiningu.

15. gr.

Vatnsskattur skal vera allt að 2‰, — tveir af þúsundi —, af fasteignamatsverði húsa og lóða. Lágmarksgjald af hverju húsi, eða einstakri íbúð skal vera kr. 10 000. Af þvottaplönum greiðist kr. 50 000.

16. gr.

Ef vatn er selt skv. mæli, skal greiða kr. 20.00 fyrir hvern rúmmetra. Gjalddagar skv. þessari grein skulu vera fjórir: 31. mars, 30. júní, 30. sept. og 31. desember.

17. gr.

Fyrir vatn í skip í höfninni greiðist kr. 150.00 fyrir hvern rúmmetra, og auk þess afgreiðslugjald, kr. 1 000.00 að degi, en kr. 2 000.00 að nóttu. Gjaldið greiðist við móttöku.

18. gr.

Fyrir önnur vatnsafnot en þau, sem að framan eru talin og mælingu verður eigi komið við, skal greiða gjald, sem hreppsnefnd ákveður.

19. gr.

Í stofngjald (tengigjald) skal greiða kr. 80.00 fyrir hvern rúmmeter húsa að 2 000 rúmmetrum en síðan kr. 12.00 fyrir hvern rúmmeter eftir það.

20. gr.

Gjöld skv. reglugerð þessari önnur en vatnsskattur miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 178 stig, og breytist með henni. Hækkun eða lækkun má þó aldrei vera meiri en 50% án samþykkis ráðuneytis.

21. gr.

Gjalddagar vatnsskatts eru 15. janúar og 15. júní ár hvert, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

22. gr.

Öll gjöld skv. reglugerð þessari, má taka lögtaki og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi eign næstu tvö ár eftir gjalddaga og ganga þau fyrir hvers konar samnings- og aðfararveðum.

23. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum, allt að kr. 20 000, nema þyngri refsing liggi við, að lögum.

Ef einhver veldur skemmdum á vatnsveitunni, skal hann bæta það skv. mati óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. mars 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

7. mars 1978. Nr. 138.

REGLUGERÐ
um almenningsbókasöfn.

1. gr.

Sveitarfélög reisa og reka almenningsbókasöfn (miðsöfn og hreppasöfn), ýmist ein sér eða í samstarfi sín á milli, eftir því sem nánar greinir í reglugerð þessari. Stofn- og rekstrarkostnaður stofnanasafna greiðist af hlutaðeigandi stofnunum.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með málefni almenningsbókasafna að svo miklu leyti sem ríkið hefur afskipti af þeim málum.

Ráðuneytið hefur yfirumsjón með almenningsbókasöfnum og sér um, að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög og reglur, er að þessum efnum lúta.

3. gr.

Almenningsbókasöfn skiptast í þrjá flokka:

1. Bæjar- og héraðsbókasöfn, og skal líta á þau sem miðsöfn.
2. Hreppasöfn.
3. Stofnanasöfn (bókasöfn í sjúkrahúsum, hælum, vistheimilum og fangahúsum).

Að jafnaði skal koma fram í nafni safnsins, um hvers konar safn sé að ræða, en sé vikið frá því, skal um það haft samráð við menntamálaráðuneytið.

4. gr.

Landið skiptist í eftirtalin bókasafnsumdæmi:

I. **Umdæmi í kaupstöðum.** Þar starfa bæjarbókasöfn.
   1. **Reykjavík** (Borgarbókasafn).
   2. **Seltjarnarnes.**
   3. **Bolungarvík.**
   4. **Siglufjörður.**
   5. **Ólafsfjörður.**
   6. **Dalvík.**
   7. **Seyðisfjörður** (ásamt Seyðisfjarðarhreppi).
   8. **Neskaupstaður** (ásamt Norðfjarðar- og Mjóafj. hreppum).

9. **Eskifjörður.**
10. **Vestmannaeyjar.**
11. **Grindavík.**
12. **Njarðvík.**
13. **Hafnarfjörður.**
14. **Garðakaupstaður** (ásamt Bessastaðahreppi).
15. **Kópavogur.**

II. **Umdæmi í kaupstöðum og héruðum í kring.** Þar starfa bæjar- og héraðsbókasöfn.
16. **Keflavík og Gullbringusýsla.**
17. **Akranes og hreppar í Borgarfjarðarsýslu sunnan Skarðsheiðar.**
18. **Ísafjörður og Ísafjarðarsýslur.**
19. **Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.**
20. **Akureyri og Eyjafjarðarsýsla.**
21. **Húsavík og Suður-Þingeyjarsýsla.**

III. **Umdæmi utan kaupstaða.** Þar starfa héraðsbókasöfn.
22. **Kjósarsýsla.** Aðsetur aðalsafns **Mosfellssveit.**
23. **Borgarfjarðarsýsla norðan Skarðsheiðar og Mýrasýsla.** Aðsetur aðalsafns **Borgarnes.**
24. **Snæfellsnessýsla.** Aðsetur aðalsafns **Stykkishólmur.**
25. **Dalasýsla.** Aðsetur aðalsafns **Búðardalur.**
26. **Austur-Barðastrandarsýsla.** Aðsetur aðalsafns **Reykhólar.**
27. **Vestur-Barðastrandarsýsla.** Aðsetur aðalsafns **Patreksfjörður.**
28. **Strandasýsla.** Aðsetur aðalsafns **Hólmavík.**
29. **Vestur-Húnavatnssýsla.** Aðsetur aðalsafns **Hvammstangi.**
30. **Austur-Húnavatnssýsla.** Aðsetur aðalsafns **Blönduós.**
31. **Norður-Þingeyjarsýsla.** Aðsetur aðalsafns **Kópasker.** (Leirhöfn).
32. **Vopnafjörður og Skeggjastaðahreppur** í Norður-Múlasýslu. Aðsetur aðalsafns **Vopnafjörður.**
33. **Fljótsdalshérað.** Aðsetur aðalsafns **Egilsstaðir.** Í umdæminu eru þessir hreppar: Í Norður-Múlasýslu: Hlíðar-, Jökuldals-, Fljótsdals-, Fella-, Tungu-, Hjaltastaðar og Borgarfjarðarhreppar. Í Suður-Múlasýslu: Skriðdals-, Valla-, Egilsstaða-, og Eiðahreppar.
34. **Suður-Múlasýsla nyrðri.** Í þessu umdæmi eru Reyðarfjarðar-, Fáskrúðsfjarðar-, Búða- og Stöðvarfjarðarhreppar. Aðsetur aðalsafns **Reyðarfjörður.**
35. **Suður-Múlasýsla syðri.** Í þessu umdæmi eru Breiðdals-, Berunes-, Búlands- og Geithellnahreppar. Aðsetur aðalsafns **Djúpivogur.**
36. **Austur-Skaftafellssýsla.** Aðsetur aðalsafns **Höfn.**
37. **Vestur-Skaftafellssýsla austan Mýrdalssands.** Aðsetur aðalsafns **Kirkjubæjarklaustur.**
38. **Vestur-Skaftafellssýsla vestan Mýrdalssands.** Aðsetur aðalsafns **Vík í Mýrdal.**
39. **Rangárvallasýsla.** Aðsetur aðalsafns **Hvolsvöllur.**
40. **Árnessýsla.** Aðsetur aðalsafns **Selfoss.**

Um leið og sveitarfélag öðlast kaupstaðarréttindi verður það sjálfkrafa bókasafnsumdæmi með bæjarbókasafni. Hafi héraðsbókasafn verið starfandi í hinum nýja kaupstað verður það bæjar- og héraðsbókasafn en bókasafnsumdæmið verður hið sama.

Ráðuneytið getur breytt þeirri skipan, sem hér er lýst að fengnum tillögum aðila.

5. gr.

Í menntamálaráðuneyti starfar sérstakur fulltrúi, hér eftir nefndur bókafulltrúi, er annast málefni almenningsbókasafna.

Hann fjallar einnig um málefni skólabókasafna.

Í stöðu fulltrúans skal að öðru jöfnu ráða eða skipa bókasafnsfræðing, sem hefur reynslu í störfum og stjórnun í almenningsbókasafni.

Hlutverk bókafulltrúa er:

1. að vera ráðunautur opinberra aðila um allt það, sem lýtur að stofnun og rekstri almenningsbókasafna.
2. að eiga frumkvæði að sem víðtækustu samstarfi sveitarfélaga um skipun og rekstur miðsafna.
3. að koma á sem nánustu samstarfi almenningsbókasafna innbyrðis, safna og miðla upplýsingum til almenningsbókasafna og vinna að því að sameiginleg þjónusta nýtist við kaup á hvers konar búnaði og gögnum til bókasafna, svo og við spjaldskrárgerð, bókband, fyrirkomulag útlána, þjónustu við blinda, hljóðbókaþjónustu o. s. frv.
4. að halda uppi skipulagsbundinni fræðslu fyrir starfslið bókasafna, sveitarstjórnir, bókasafnsstjórnir, svo og allan almenning um starfsemi almenningsbókasafna. Kostnaður við þessa fræðslustarfsemi greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til í fárlögum. Heimilt er að gera samkomulag við sveitarfélög og stofnanir um kostnaðarþátttöku.
5. að koma á samvinnu við önnur bókasöfn í landinu um lán milli safna og annars konar gagnkvæma fyrirgreiðslu.
6. að láta í té álit um staðsetningu bókasafna, uppdrætti, mannahald, fjárþörf og annað slíkt, eftir því sem óskað er, svo og að eigin frumkvæði, ef hann telur nauðsynlegt.
7. að aðstoða við gerð samninga milli sveitarfélaga innbyrðis um rekstur almenningsbókasafna svo og við aðrar stofnanir, t. d. skóla, sjúkrahús, vistheimili o. s. frv.
8. að fylgjast með rekstri almenningsbókasafna og benda aðilum á það, sem áfátt kann að vera.
9. að gera árlega skýrslu um málefni almenningsbókasafna, húsakost, bókaeign (m. a. vegna Rithöfundasjóðs Íslands), útlán, bókakaup og annað, er máli skiptir. Er bókasafnsstjórn (yfirbókaverði) skylt að veita þær upplýsingar um safnið, sem skýrsluform bókafulltrúa segir til um innan tilskilins tíma.
10. að sjá til þess, að birt sé í Lögbirtingablaði fyrir 1. október árlega, hvert skuli vera lágmarksframlag til almenningsbókasafna á næsta ári, sbr. 8. gr. laga nr. 50/1976.
11. að aðstoða við undirbúning tillögugerðar um fjárveitingar í fjárlögum til að leysa þau viðfangsefni, sem ráðuneytinu eru falin samkvæmt þessari reglugerð.
12. að vinna að öðrum skyldum menningarmálum eftir því sem nánar kann að verða ákveðið.

Bókafulltrúi skal hafa náið samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga um málefni almenningsbókasafna svo og landshlutasamtök eftir því sem við á.

6. gr.

Ráðherra skipar sérstaka ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir fulltrúar, annar tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, hinn tilnefndur af Bókavarðafélagi Íslands, og sé hann starfandi í almenningsbókasafni. Skipun miðast við fjögur ár.

Það hlutverk nefndarinnar að tryggja með skipulegum hætti sem nánast samstarf ríkis, sveitarfélaga, stofnana og bókavarða um málefni almenningsbókasafna.

Nefndin skal eiga reglulega fundi með bókafulltrúa og vera honum til ráðuneytis eftir föngum.

Nefndin setur sér sjálf starfsreglur, m. a. um tíðni funda, fundarstjórn og annað, er þurfa þykir.

7. gr.

Um sérstaka tilhögun vegna hreppssafna, stofnanasafna og lestrarfélaga skal þetta tekið fram:

Nú óskar hreppsnefnd þess, að starfandi hreppssafn starfi áfram, og getur þá menntamálaráðuneyti heimilað slíkt, nema sýnt sé, að ekki séu fyrir fámennis sakir tök á því að halda uppi fullnægjandi þjónustu.

Stofnanasöfn skulu kostuð og rekin af stofnun, sem í hlut á. Heimilt er þó stjórn stofnunar að semja við miðsafn (hreppssafn) um þjónustu að nokkru eða öllu leyti.

Þar, sem lestrarfélag er starfandi, getur sveitarstjórn(ir) samið við það um bókasafnsþjónustu á félagssvæðinu, enda hafi það tök á að halda uppi slíkri þjónustu, þannig að fullnægjandi sé.

Samningar skv. grein þessari eru háðir staðfestingu menntamálaráðuneytis, sem leitar umsagnar ráðgjafarnefndar um þá.

8. gr.

Menntamálaráðuneyti getur samið við sveitarstjórn (sveitarstjórnir, sem standa saman að stofnun og rekstri almenningsbókasafns) um samvinnu almenningsbókasafns og skólasafns, sbr. 72. gr. laga um grunnskóla nr. 63/1974. Getur sú samvinna verið fólgin í samnotkun húsnæðis, búnaðar, bókakosts og annars efnis, sameiginlegu starfsmannahaldi o. s. frv.

Gera skal sérstakan samning um þessa samvinnu, og skal þar þar gætt þeirra meginsjónarmiða um almenningsbókasöfn, sem reglugerð þessi felur í sér. Bókafulltrúi undirbýr samning í samráði við ráðgjafanefnd.

9. gr.

Hlutverk miðsafns er m. a.:

1. að veita almenningi möguleika á ævimenntun með því að hafa til afnota fræðirit og annað efni, sem fræðslugildi hefur og láta í té leiðbeiningar um slíkt.
2. að gefa almenningi kost á að verja tómstundum sér til menningarauka og afþreyingar með heimláni bóka og annarra gagna, við bókmenntakynningar, sýningar ýmiss konar, fyrirlestra, tónlistarflutning o. s. frv.
3. að halda uppi þjónustu við almenning með bókabílum, eftir því sem þörf krefur og fé kann að vera veitt til.
4. að annast útvegun bóka og annarra gagna að láni frá öðrum söfnum og veita hreppssöfnum, skólasöfnum og stofnanasöfnum í umdæminu aðstoð og þjónustu og efla samvinnu þeirra.
5. að vera upplýsinga- og gagnamiðstöð, þar sem haldið sé sérstaklega til haga efni, sem varðar umdæmið, sem í hlut á, að því leyti sem slík varðveisla er ekki sérstaklega öðrum falin.
6. að veita fræðimönnum sérstaka lestraraðstöðu, þar sem betra er næði, sé þess kostur.

10. gr.

Eitt miðsafn á landinu annast hljóðbókaþjónustu skv. sérstökum samningi við menntamálaráðuneytið. Nú er talið, að þörf sé á því, að slík þjónusta sé veitt víðar og getur þá menntamálaráðuneytið heimilað slíkt að fenginni umsögn bókafulltrúa og ráðgjafanefndarinnar.

Hljóðbókaþjónusta fer fram í nánu samstarfi við Blindrafélagið, sem getur tilnefnt einn fulltrúa eða fleiri til að vera með í ráðum um framkvæmd þessarar þjónustu, t. d. val á bókum, hljómbandshylkjum, hverjir lesi á hljómbönd, fyrirgreiðslu við blint fólk á þessu sviði, þar sem sérstök ástæða þykir til o. s. frv.

Kostnaður við þessa þjónustu greiðist af söfnum þeim, sem hagnýta sér hana, að því leyti sem framlög annarra aðila ekki koma til.

Um skiptingu kostnaðar fer eftir samningi menntamálaráðuneytis og miðsafns þess, sem þjónustu veitir.

11. gr.

Hlutverk hreppssafna er hið sama og hlutverk miðsafna, eftir því sem við getur átt.

Í hverju sjúkrahúsi, hjúkrunarheimili, vistheimili og fangahúsi skal vera bókasafn, búið þeim hjálpartækjum, sem nauðsynleg eru til að vistmenn geti notfært sér þjónustuna. Sá aðili, sem rekur slíka stofnun, skal sjá um rekstur bókasafns.

Heimilt er stjórn stofnunar að semja við miðsafn eða hreppsnefnd um bókasafnsþjónustu, en háður er slíkur samningur staðfestingu ráðuneytisins.

Í árlegri fjárhagsáætlun stofnunar skal á sérstökum rekstrarlið tilgreint, hve mikið fé er áætlað til rekstrar bókasafns.

Við hönnun byggingar fyrir stofnun skal gera ráð fyrir sérstöku rými fyrir bókasafn, svo og fullnægjandi lestraraðstöðu, eftir því hvers konar stofnun um er að ræða.

Útlánsstofa skal opin vissar stundir vikulega, og skal það auglýst greinilega í stofnuninni.

Þar sem rúmliggjandi fólk dvelst, skal hafa bókavagna til að veita því þjónustu.

12. gr.

Hlutverk stofnanasafna er að sjá vistmönnum og starfsliði stofnunar fyrir fræðslu- og afþreyingarefni eftir því sem við verður komið.

13. gr.

Stjórn almenningsbókasafns er þannig skipuð, að í henni eiga sæti 3, 5 eða fleiri fulltrúar, þó þannig að tala standi jafnan á stöku.

Þar sem umdæmi bókasafns er eitt sveitarfélag, ákveður sveitarstjórn tölu stjórnarmanna og kýs þá.

Þar sem umdæmi tekur til fleiri sveitarfélaga en eins, skal meirihluti stjórnar kosinn af sveitarstjórn, þar sem miðsafn er. Þeir sem kjörnir verða, boða til fundar þeirra sveitarstjórna, sem aðild eiga að safni, einn fyrir hverja sveitarstjórn, og kjósa þeir úr sínum hópi fulltrúa, sem vantar í stjórn.

Kjörtímabil bókasafnsstjórnar er hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar.

14. gr.

Stjórn bókasafns kýs formann og varaformann úr sínum hópi.

Heimilt er stjórn bókasafns, þar sem heppilegt þykir vegna fjarlægða, að kjósa þriggja manna framkvæmdanefnd úr sínum hópi, til þess að sinna málefnum safnsins milli funda í bókasafnsstjórn.

Bókasafnsstjórn heldur fundi eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Yfirbókavörður undirbýr fundi samkvæmt þessari grein. Hann á sæti á fundum með málfrelsi og tillögurétti.

15. gr.

Hlutverk bókasafnsstjórnar er sem hér segir:

1. Hún sér um, að safnið hafi viðunandi húsnæði. Hún fjallar um staðsetningu og uppdrætti nýbygginga, kaup á húsnæði eða leigu, svo og meiriháttar breytingar á húsnæði, ef því er að skipta.
2. Hún fylgist með því, að búnaður og rekstur safns sé í góðu lagi.
3. Hún gerir tillögur til sveitarstjórnar um ráðningu yfirbókavarðar.
4. Hún fjallar um tillögu að fjárhagsáætlun safnsins fyrir árið, sem í hönd fer.
5. Hún gerir tillögur til sveitarstjórnar um starfsmannafjölda í bókasafni.
6. Hún getur sett reglur um notkun safnsins og annað slíkt í samráði við yfirbókavörð.

16. gr.

Sýslunefndir skulu fylgjast með rekstri almenningsbókasafna, sem eru kostuð af hreppum innan sýslu. Þær skulu vekja athygli bókafulltrúa og bókasafnsstjórnar (sveitarstjórnar) á því, sem þær telja betur mega fara.

Sýslusjóður stendur skil á greiðslu hreppsfélaga til almenningsbókasafns, sbr. 8. gr. laga nr. 50/1976.

17. gr.

Almenningsbókasafni (miðsafni, hreppssafni) skal valinn staður miðsvæðis, þar sem eru eða ætla má, að verði miklar mannaferðir, t. d. í námunda við verslunar- og þjónustumiðstöðvar.

Við skipulagningu byggðar skal sérstaklega kannað, hvernig bókasafnsþjónustu verði best skipað.

Við hönnun bókasafnshúsa, svo og kaup eða leigu húsnæðis handa bókasafni, skal þess gætt, að safn verði öllum aðgengilegt jafnt heilbrigðum sem fötluðum, ungum sem öldruðum, þægileg aðkoma verði fyrir þá, sem koma fótgangandi svo og þá, sem í bifreiðum koma, hvort sem eru almenningsbifreiðar eða einkabifreiðar.

18. gr.

Við hönnun bókasafns (miðsafns) eða endurskipulagningu skal hafa eftirfarandi sjónarmið í huga:

1. að sá hluti safnsins, sem almenningi er ætlaður, sé á 1. hæð. Þægileg lyfta sé í húsinu eða sambærileg aðstaða eftir aðstæðum.
2. að komist verði hjá burðarveggjum í útláns- og lestrarsölum, þannig að hvers konar skipulagsbreytingar verði auðveldar án mikils kostnaðar.
3. að auk útlánssalar, lestraraðstöðu fyrir börn og fullorðna og bókageymslu skuli gert ráð fyrir námsaðstöðu og þjónustu skv. 9. gr. svo sem kostur er. Þá skal gert ráð fyrir húsrými til viðgerða, fyrirlestra og sýninga auk aðstöðu fyrir starfsfólk.
4. að þegar almenningsbókasafn er rekið í húsnæði með skólasafni sé þess gætt, að húsnæðið sé meira en stærðarreglur (norm) vegna skólasafna setja. Við hönnun húsnæðis fyrir slík söfn, skal þess gætt, að auk inngangs úr skólanum sé jafnframt sérinngangur fyrir almenning. Bókafulltrúi lætur í té leiðbeiningar um lágmarksrými fyrir starfsemi bókasafns.

19. gr.

Bókafulltrúi skal stuðla að því, að almenningsbókasöfn (lestrarfélög), skólasöfn og stofnanasöfn innan bókasafnsumdæmis hafi sem nánasta samvinnu sín á milli undir forystu miðsafnsins.

Þar sem hreppsnefnd óskar að reka áfram starfandi bókasafn sjálfstætt, skal slíkt heimilt, hafi safnið aðstöðu til að veita fullnægjandi þjónustu. Að öðru leyti

skal bókafulltrúi vinna að því, að slík bókasöfn verði útibú frá miðsafni svo og að útibú verði stofnuð, þar sem slíkt er nauðsynlegt.

Í samráði við ráðgjafanefnd sér bókafulltrúi um, að samningar verði gerðir um yfirtöku húsnæðis og bókakosts, svo og greiðslu kostnaðar, sem af stofnun útibús og rekstri leiðir.

Þá skal bókafulltrúi og vinna að því, að miðsöfn og hreppasöfn veiti öldruðum og fötluðum þá þjónustu að senda bækur heim, eftir því sem aðstæður leyfa.

20. gr.

Sveitarfélag, sem á aðild að miðsafni, greiðir til þess framlag, skv. 8. gr. laga nr. 50/1976, og stendur sýslusjóður skil á þeirri greiðslu.

Ef sérstakur samningur er gerður við miðsafn um þjónustu umfram það, sem miðbókasafn er skylt að veita, skv. áðurnefndum lögum, fer um greiðslur samkvæmt samningi eða úrskurði bókafulltrúa, ef samningur hefur ekki verið gerður.

21. gr.

Á almenningsbókasafni skal þess gætt, að öll kynning á bókum og öðrum gögnum sé veitt greiðlega og á hlutlægan hátt.

22. gr.

Að miðbókasafn skal ráða bókavörð (yfirbókavörð) í fullt starf, enda sé íbúatala umdæmis 3000 hið fæsta.

Sveitarstjórn, þar sem miðbókasafn er, ræður yfirbókavörð að fengnum tillögum bókasafnsstjórnar, bókafulltrúa og ráðgjafanefndar. Skal bókasafnsfræðingur að öðru jöfnu ganga fyrir.

Ef íbúafjöldi umdæmis miðsafns eða hreppssafns er lægri en í 1. mgr. segir, en yfir 1000, skal miða við, að bókavörður sé í a. m. k. hálfu starfi.

Sé íbúafjöldi lægri en 1000, gerir ráðgjafanefnd ásamt bókafulltrúa tillögu um, hvernig fara skuli um daglega stjórn bókasafns.

23. gr.

Bókavörður (yfirbókavörður) fer með daglega stjórn bókasafns.

Hlutverk hans er sem hér segir:

1. að fara með fjárreiður bókasafnsins, gera tillögu að fjárhagsáætlun, sjá um innheimtu tekna og uppgjör að því leyti sem þessi störf eru ekki öðrum sérstaklega falin.
2. að sjá um, að í safninu sé flokkuð skrá (höfunda- og titlaskrá), svo og að haldin sé aðfangaskrá, þannig að almenningur eigi greiðan aðgang að upplýsingum um bækur og önnur gögn safnsins.
3. að annast skýrslugerð skv. reglum, sem ráðuneytið setur, og standa því og sveitarstjórn(um), sem hlut á að máli, skil á þeim á tilskildum tíma.
4. að eiga frumkvæði að kynningu á starfsemi safnsins fyrir almenning, gangast fyrir sýningum, bókakynningum og hvers konar starfsemi í þá átt, að safnið verði virk menningarstofnun.
5. að hafa sem nánast samstarf við bókasafnsstjórn, sveitarstjórn(ir) og menntamálaráðuneyti (bókafulltrúa). Hlutverk bókavarðar (yfirbókavarðar) í miðsafni er jafnframt að vinna að samræmingu bókasafnsþjónustu og samvinnu bókasafna í umdæminu og að eiga frumkvæði í bókasafnsmálum umdæmisins. Hann skal efna til funda með bókavörðum í umdæminu a. m. k. einu sinni á ári.

Ef honum virðist áfátt bókasafnsþjónustu innan umdæmisins, er ekki lýtur stjórn miðsafnsins, skal hann vekja athygli hlutaðeigandi bókasafnsstjórnar

(stjórnar stofnunar) á því. Ef það hrífur ekki, skal hann gera bókafulltrúa aðvart um það.

24. gr.

Bókasafnsstjórn gerir tillögur til sveitastjórnar um starfsmannafjölda í bókasafni, en starfsmenn taka laun hjá sveitarsjóði, þar sem miðsafn er.

25. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn nr. 50, 25. maí 1976, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 7. mars 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 139. 16. mars 1978.

REGLUGERÐ

um jarðvara.

1. gr.

Skylda.

1.1. Allar flugvélar, sem knúðar eru hverfihreyflum og hafa hámarksflugþunga yfir 5700 kg, skulu búnar jarðvara (Ground Proximity Warning System), sem viðurkendur er af flugmálastjórn.

Ath.: Viðurkenning flugmálastjórnar á jarðvara (Mode 1—5) verður því einungis veitt að búnaðurinn fullnægi kröfum US Federal Aviation Registations (FAR).

2. gr.

Tilgangur.

1.2. Jarðvarinn skal vera þannig gerður og honum þannig fyrir komið, að hann vari við hættulegri flugstefnu miðað við jörð í flughæð lægri en 2500 fet yfir jörðu.

3. gr.

Hættumerki.

1.3. Jarðvarinn skal gefa bæði sjáanleg og heyranleg hættumerki í flugstjórnarklefa. Hættumerkin skulu:

a. hefjast samtímis og vera auðgreind frá öðrum hættumerkjum í flugstjórnarklefa,
b. vera stöðugt á uns hættuástandið er liðið hjá og
c. hefjast sjálfkrafa án aðgerða frá hendi áhafnarinnar.

4. gr.

Viðhald.

1.4. Jarðvaranum skal ætíð haldið í lagi. Ef hann bilar má þó ljúka við hafið flug eða flugröð. Flug má þó ekki hefja með bilaðan jarðvara frá flugvelli, þar sem hægt er að gera við hann eða flugmálastjórn hefur mælt svo fyrir um að hægt sé að gera við hann.

5. gr.
Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum enda taki eigi önnur refsiákvæði XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 yfir atferlið.

6. gr.
Gildissvið og -taka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 89., 156., 163. og 186. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, og tekur til íslenskra loftfara og erlendra loftfara, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. júlí n. k.

Samgönguráðuneytið, 16. mars 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

21. mars 1978. Nr. 140.

REGLUGERÐ

um kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, Framkvæmdasjóðs Íslands, Byggingasjóðs ríkisins og annarra fjárfestingalánasjóða.

1. gr.

Hverjum lífeyrissjóði sem lögbundinn er, eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins skv. D-lið 13. gr. laga nr. 69/1971 er skylt að verja árlega a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til eigi skemmri tíma en 10 ára.

Ríkisféhirðir hefur með höndum afgreiðslu skuldabréfa ríkissjóðs, Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggingasjóðs ríkisins. Lífeyrissjóðunum er heimilt að kaupa skuldabréf annarra fjárfestingalánasjóða með fullri verðtryggingu og teljast slík kaup sem hluti ráðstöfunarskyldu skv. 1. mgr. þessarar greinar, fari kaupin fram innan þeirra tímamarka, er um getur í 2. gr.

2. gr.

Lífeyrissjóðum er skylt að láta fjármálaráðuneytinu í té áætlun um ráðstöfunarfé sitt út árið í upphafi hvers árs og eigi síðar en 1. febrúar. Að lokinni athugun ráðuneytisins á áætlun þessari skal í samráði við viðkomandi lífeyrissjóð gerð áætlun um heildarkaup sjóðanna á verðtryggðum skuldabréfum innan hvers ársfjórðungs sbr. ákv. 4. gr. Lífeyrissjóðunum er skylt að fylgja hinni staðfestu áætlun nema til komi atvik, er fallið geta undir ákv. 6. gr. þessarar reglugerðar.

Áætlun um ráðstöfunarfé skal endurskoða eigi síðar en 1. sept. ár hvert til þess að tryggja samræmi áætlunar og breytinga á ráðstöfunarfé.

3. gr.

Til ráðstöfunarfjár lífeyrissjóða teljast greidd iðgjöld og greidd aukaframlög, afborganir af lánum, greiddar vaxtatekjur, greiddar verðtryggingatekjur og greiðslur fyrir flutt réttindi til sjóðsins, að frádregnum lífeyrisgreiðslum, endurgreiddum iðgjöldum, greiðslum vegna fluttra réttinda frá sjóðnum greiddum vöxtum svo og

kostnaði við rekstur sjóðsins og öðrum útgreiðslum er ekki snerta fjárfestingu á vegum sjóðsins eða útlán.

4. gr.

Skuldabréf þau, sem fjármálaráðuneytið býður lífeyrissjóðunum til kaups, skulu verðtryggð miðað við vísitölu byggingarkostnaðar. Verðtrygging skuldabréfa þessara er háð því að skuldabréfin verði skráð á nafn kaupanda og eigi framseld án samþykkis skuldara. Til viðbótar hverri einstakri greiðslu vaxta og afborgana skal skuldari greiða á hverjum gjalddaga verðbót á vaxta- og afborgunargreiðslur lánsins, er miðast við hækkun byggingarvísitölu þeirrar, er gilti á útgáfudegi skuldabréfsins til gjalddaga. Lækki byggingarvísitalan niður fyrir framangreint mark, skulu greiðslur vaxta og afborgana fara fram á nafnverði. Miðað er við byggingarvísitölu þá, er kveðið er á um í lögum nr. 93/1975, og síðari breytingar, er á henni kunna að verða gerðar.

Grunnvísitala skuldabréfa þessara ákvarðast þannig: Fyrsta mánuð vísitölutímabilsins skal nota hina gildandi lögákveðnu vísitölu. Annan mánuð tímabilsins skal nota hina lögákveðnu vísitölu, að viðbættum eða frádregnum ⅓ —einum þriðja— hluta þeirrar breytingar, er verður á hinni opinberu vísitölu frá upphafi til loka vísitölutímabilsins. Þriðja mánuð tímabilsins skal með sama hætti nota hina lögákveðnu vísitölu, en að viðbættum eða frádregnum ⅔ —tveim þriðju— hlutum breytingar þeirrar, er verður á hinni opinberu vísitölu frá upphafi til loka vísitölutímabilsins.

Kaup skuldabréfa þessara fara fram eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

5. gr.

Um skil lífeyrissjóða á ársreikningum til fjármálaráðuneytisins fer skv. ákv. reglugerðar nr. 75/1974. Umsjónaraðilum fjármálaráðuneytisins með starfsemi lífeyrissjóða ber að athuga ársreikningana til að sannreyna að ráðstöfun fjár lífeyrissjóðanna sé í samræmi við ákvæði laga og ákvæði reglugerða sjóðanna.

6. gr.

Stjórnir einstakra lífeyrissjóða geta við sérstakar fjárhagsástæður hlutaðeigandi lífeyrissjóðs óskað lækkunar á kaupskyldu verðbréfa skv. 1. gr. Til sérstakra fjárhagsástæðna telst vanhæfi lífeyrissjóðs til að veita umsækjanda, er á 5 ára aðild að sjóðnum, lán til íbúðarbyggingar er nemur 1,5 földum dagvinnulaunum skv. 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, eins og þau laun voru næstliðið ár, enda hafi sjóðfélaginn eigi áður notið sambærilegs láns úr lífeyrissjóði.

7. gr.

Á árinu 1978 skulu lífeyrissjóðirnir skila áætlun um ráðstöfunarfé sitt það ár eigi síðar en 31. mars.

8. gr.

Reglugerð þessi er samin samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 82 frá 31. desember 1977 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 21. mars 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Kópavogskaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. grein skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

„Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar samþykkir samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1932 og 26. gr. laga nr. 19/1964 að áskilja Kópavogskaupstað forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum innan sveitarfélagsins:

Jörðunum Smárahvammi, Fífuhvammi, Vatnsenda, Gunnarshólma, Geirlandi (Miðmundarmýri).

Ennfremur eftirgreindum eignarlöndum úr jörðinni Lækjarbotnum:

Hamri, Seli, Selfjallaskála, Núpstúni. lóð Ívars Bjarnasonar, Skipholti 8, samkvæmt heimildarbréfi dags. 1. nóvember 1963."

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. mars 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

22. mars 1978. Nr. 142.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld við byggðar götur á Stöðvarfirði.

1. gr.

Húseigendur á Stöðvarfirði S.-Múlasýslu, skulu greiða gatnagerðargjöld til sveitarsjóðs Stöðvarhrepps fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slitlagi, B-gjald.

Við álagningu þessara gatnagerðargjalda skal nota eftirfarandi einingartölur:

1.	Einbýlishús að 400 m³ m./bifreiðageymslu	kr. 250 000
2.	Parhús að 400 m³	— 200 000
3.	Íbúðarhús m./allt að 4 íbúðum og raðhús á einni hæð að 400 m³	— 160 000
4.	Raðhús á tveim hæðum að 400 m³	— 120 000
5.	Fjölbýlishús m./allt að 8 íbúðum á tveim hæðum að 300 m³	— 100 000
6.	Fjölbýlishús m./fleiri en 8 íbúðir á þrem hæðum að 300 m³	— 70 000
7.	Verslunar- og skrifstofuhús pr. m³	— 400
8.	Iðnaðarhús og vörugeymslur pr. m³	— 300
9.	Umframstærðir í íbúðarhúsum pr. m³	— 400
10.	Útihús og vélageymslur pr. m³	— 200
11.	Viðbyggingar við eldri hús, ef húsið m./viðbyggingu verður meira en 400 m³ pr. m³	— 400
12.	Lóðarhafar greiða pr. m² lóðar	— 80
13	Lagningu slitlags á bifreiðastæði og gangstíga innan lóðarmarka greiða eigendur sjálfir	
14.	Allar framangreindar einingartölur miðast við byggingavísitölu 1. ágúst 1977.	

2. gr.

Gatnagerðargjöld skv. 1. gr. skulu umreiknuð til samræmis við þá byggingavísitölu, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram.

3. gr.

Gatnagerðargjald skv. 1. grein skal greitt með 5 jöfnum greiðslum í fyrsta skipti hinn 1. ágúst það ár, sem lagning fer fram og síðan 1. ágúst ár hvert, næstu 4 árin, síðustu greiðslu þarf þó ekki að inna af hendi, fyrr en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu með gangstétt.

4. gr.

Vextir af lánum vegna gatnagerðargjalds skv. 3. grein, skulu vera hinir sömu og almennir vextir Byggðasjóðs á hverjum tíma.

Verði dráttur á endanlegum frágangi sbr. 3. grein, má eigi reikna vexti af síðustu greiðslu nema eitt ár, eins og ef enginn dráttur hefði orðið.

5. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það, ásamt vöxtum, fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla næstu fimm ár eftir 1. gjalddaga. Tekur þessi kvöð einnig til vátryggingafjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjald skv. reglugerð þessari lögtaki, skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnfnd Stöðvarhrepps, staðfestist hér með, samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 22. mars 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 143. 20. mars 1978.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar.

Aðgangseyrir:		
Fullorðnir, einstakir miðar	kr.	180
Börn	—	70
Forsala: 10 miðar, fullorðnir	—	1 300
Forsala: 10 miðar, börn	—	400
Leiga á sundskýlum, bolum, handklæðum	—	150
Gufubað	—	350
Sérklefi	—	250

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 264 30. júní 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 20. mars 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

ARÐSKRÁ

fyrir veiðifélag Fnjóskár.

Býli	Arðeiningar %
Nes í Höfðahverfi	6.95
Laufás	15.40
Grundarbæir	1.15
Ártún	1.25
Miðgerði	1.25
Pálsgerði	2.25
Litlagerði	7.95
Skarð	4.10
Þverá	2.80
Skuggabjörg	5.10
Garður	1.35
Ytri-Hóll	1.00
Syðri-Hóll	1.25
Böðvarsgarður	1.25
Böðvarsnes	2.15
Melar	2.25
Draflastaðir og Hjarðarholt	3.15
Grímsgerði	1.45
Dæli	1.20
Vatnsleysa	2.55
Végeirsstaðir	1.85
Veisa	2.35
Veisusel	2.55
Víðivellir	0.95
Víðifell	0.50
Hallgilsstaðir	2.30
Háls frá þingmannaleið að neðri brú	1.05
Háls milli brúa og Þingm. lækur	2.30
Hrísgerði	1.30
Tungunes	0.75
Nes	0.85
Skógar	1.00
Hróastaðir	0.70
Vaglaskógur (Hálsskógur) frá efri brú að gömlu Háls-merkjum	0.20
Vaglaskógur frá gömlu Háls-merkjum að Mörk	0.90
Mörk	0.30
Lundur að mörkum skógræktar	1.40
Lundsland, nú fyrir landi skógræktar	0 30
Veturliðastaðir	0.50
Grænahlíð	0.40
Steinkirkja	0.70
Brúnagerði	0.40
Fjósatunga	0.85
Illugastaðir	0.95
Selland	0.80
Kotungsstaðir	0.25
Þórðarstaðir	1.50

Býli	Arðeiningar %
Belgsá	0.80
Bakkasel	0.40
Reykir	0.95
Bakki	0.55
Sörlastaðir	0.85
Tunga	0.95
Snæbjarnarstaðir	0.40
Fornastaðir	0.30
Fornhólar	0.15
Sigríðarstaðir	0.20
Birningsstaðir	0.10
Hjaltadalur	0.65
Alls	100.00

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 145. 8. febrúar 1978.

ARÐSKRÁ

fyrir veiðifélag Litlárvatna.

Býli	Arðeiningar %
Eyvindarstaðir	1.20
Eyvindarholt	2.30
Lindarbrekka	1.80
Höfðabrekka	1.80
Framnes	2.30
Keldunes I	2.30
Keldunes II	2.30
Árdalur	5.40
Krossdalur	10.60
Austurgarður I	3.20
Austurgarður II	3.20
Laufás	3.20
Kvistás	3.20
Garður I	9.40
Garður II	9.40
Garður III	6.40
Nýibær	11.00
Arnanes	20.00
Bakki	0.25
Syðri-Bakki	0.25
Þórseyri	0.20
Þórunnarsel	0.30
Alls	100.00

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

8. febrúar 1978. Nr. 146.

ARÐSKRÁ

fyrir Víkurá í Strandasýslu.

Býli	Arðeiningar %
Guðlaugsvík	41.00
Skálholtsvík	27.00
Miðhús (eign Bæjarhrepps)	14.00
Heydalssel (eign Bæjarhrepps)	18.00
Alls	100.00

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

8. febrúar 1978. Nr. 147.

ARÐSKRÁ

fyrir Laxá í Hrútafirði.

Býli	Arðeiningar %
Kjörseyri	50.00
Hlaðhamrar	11.00
Laxárdalur	39.00
Alls	100.00

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Blöndu og Svartár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Blöndu og Svartár.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða og landa, sem land eiga að vatnakerfi Blöndu. Þær eru:

Í Svínavatnshreppi:

1. Auðkúluheiði,
2. Þröm,
3. Eldjárnsstaðir,
4. Eiðsstaðir,
5. Eiðsstaðir 2,
6. Guðlaugsstaðir,
7. Höllustaðir,
8. Höllustaðir 2,
9. Syðri-Langamýri,
10. Ytri-Langamýri,
11. Tungunes,
12. Kárastaðir,
13. Ásar,
14. Hamar,
15. Gunnfríðarstaðir,
16. Holtastaðareitur.

Í Torfalækjarhreppi:

1. Smyrlaberg,
2. Grænahlíð,
3. Kagaðarhóll,
4. Kaldakinn,
5. Kaldakinn 1,
6. Kaldakinn 2,

Blönduóshreppur.

Í Engihlíðarhreppi:

1. Enni,
2. Breiðavað,
3. Björnólfsstaðir,
4. Ystagil,
5. Miðgil,
6. Engihlíð,
7. Glaumbær,
8. Fremstagil,
9. Geitaskarð,
10. Holtastaðir,
11. Fagranes,
12. Hvammur,
13. Skriðuland,
14. Móberg.

Í Bólstaðarhlíðarhreppi:

1. Strjúgsstaðir,
2. Hólabær,
3. Gunnsteinsstaðir,
4. Auðólfsstaðir,
5. Æsustaðir,
6. Gautsdalur,
7. Mörk,
8. Hvammur,
9. Mjóidalur,
10. Þverárdalur,
11. Kálfárdalur,
12. Bólstaðarhlíð,
13. Bólstaðarhlíð 2,
14. Bólstaðarhlíð 3,
15. Húnaver,
16. Botnastaðir,
17. Gil,
18. Fjósar,
19. Skeggjastaðir,
20. Brattahlíð,
21. Brún,
22. Eiríksstaðir,
23. Torfastaðir,
24. Barkarstaðir,
25. Bergsstaðir,
26. Leifsstaðir,
27. Leifsstaðir 2,
28. Steinárgerði,

29. Steiná,
30. Steiná 2,
31. Steiná 3,
32. Hóll,
33. Skottastaðir,
34. Hvammur,
35. Kúfustaðir,
36. Stafn,
37. Fossar,
38. Fossar 2,
39. Fossar 3,
40. Mælifell,
41. Eyvindarstaðaheiði,
42. Rugludalur,
43. Bollastaðir,
44. Eyvindarstaðir,
45. Austurhlíð,
46. Brandsstaðir,
47. Blöndudalshólar,
48. Brúarhlíð,
49. Finnstunga,
50. Ártún.

3. gr.

Verkefni félagsins eru:

a. Að viðhalda og efla góða fiskgengd á félagssvæðinu, svo sem með aðflutningi seiða, klaki eða friðun ef henta þykir og eyðingu veiðivargs. Ennfremur með því að laga farveg til að greiða fyrir fiskiför.
b. Að reka alla lax- og göngusilungsveiði í fiskihverfinu, og er því öllum, sem veiðirétt eiga þar, óheimilt er að stunda slíka veiði. Þó má veiðifélagið selja á leigu stangaveiði og annan veiðirétt í fiskihverfinu.

4. gr.

Stjórnina skipa fimm menn. Skulu þeir ásamt varamönnum kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn og skipta sjálfir með sér verkum. Stjórnarnefndarmenn ganga úr eftir sömu reglu og undanfarið.

Stjórnin skal kosin leynilegri kosningu ef þess er óskað. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu í stjórn, nema lögmæt forföll banni eða hann hafi verið 6 ár í stjórn. Á aðalfundi skal einnig kjósa tvo endurskoðendur til eins árs í senn og einn varamann:

Stjórnin ber ábyrgð á eignum félagsins.

Á stjórnarfundi ræður afl atkvæða úrslitum mála.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við. Hefur hann umsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum, boðar til allra funda og stýrir þeim. Stjórnin fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi sem aðalfundur úrskurðar.

6. gr.

Af andvirði veiðinnar eða veiðileigu greiðist allur sölukostnaður og annar kostnaður, sem félagið þarf að hafa. Síðan skal arði af veiði eða veiðileigu skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem gildir hverju sinni.

7. gr.

Heimilt er aðalfundi að ákveða alfriðun ákveðinna veiðisvæða eitt ár í senn, en samþykki ⅔ mættra félagsmanna þarf til þess.

8. gr.

Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en í apríl ár hvert, og skal hann boðaður með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag. Stjórn félagsins boðar til aukafundar, þegar henni þykir ástæða til, eða ¼ félagsmanna æskir þess skriflega ásamt tilgreindu fundarefni. Fundir eru löglegir séu þeir löglega boðaðir.

9. gr.

Á aðalfundi leggur stjórn félagsins fram endurskoðaða reikninga fyrir síðastliðið ár, skýrir frá störfum þess á liðna árinu, leggur fram áætlun um starfstilhögun og starfrækslukostnað á yfirstandandi ári. Aðalfundur ákveður hve miklu skuli úthlutað af arði, hvernig veiði skuli rekin og hverju skuli varið til fiskiræktar o. s. frv. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum, svo sem við breytingar á samþykkt eða arðskrá. Þá þarf samþykki ⅔ félagsmanna.

Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar og á þeim fundi ræður afl atkvæða. Nú er ráðgert að breyta samþykkt eða arðskrá, skal þess þá getið í fundarboði. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess þá getið í fundarbók.

10. gr.

Hver félagi hefur eitt atkvæði á fundum og má hann fela öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og skal þess getið í fundarbók.

11. gr.

Félagsmönnum og öðrum þeim er á félagssvæðinu búa, er óheimilt að hafa með höndum ádráttarnet fyrir lax- og silung, nema þeir sanni, að það eigi að nota netið í vatni utan félagssvæðisins.

Um veiði til klaks og vísindalegra rannsókna fer eins og lög mæla fyrir.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

13. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld samþykkt fyrir Veiðifélagið Blanda, nr. 173 26. sept. 1960.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 149. 3. mars 1978.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði.

1. Umferð um **Smyrlahraun** nýtur forgangs fyrir umferð um Klettahraun.
2. Umferð um **Hólabraut** nýtur forgangs fyrir umferð um Ásbúðartröð (húsgata við Hvaleyrarbraut).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 3. mars 1978.

Einar Ingimundarson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð landshafnarinnar í Rifi á Snæfellsnesi, nr. 195 25. apríl 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 15.60 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 7.80 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 15.60 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 040.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 5 180.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 7.80 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 840.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 284.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 600.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 660.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 162.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 135.00.

4. gr.

10. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 3 100.00 fyrir hvert skip, auk kr. 7.80 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 675.00 í hafnsögusjóð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 188 11. maí 1976.

Samgönguráðuneytið, 29. mars 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 — 1978

12. apríl 1978. 235 Nr. 151.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum.

1. gr.
Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum búsettum hér á landi, er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni eða um borð í skipi eða flugvél — annan en þann, sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 32 000 kr. að smásöluverði erlendis. Andvirði annarra vara en fatnaðar má þó eigi nema meiru en 16 000 kr. og andvirði matvæla (þar með talið sælgæti) eigi meiru en 3 200 kr. Þó má andvirði myndavéla, sjónauka, útvarpstækja og segulbandstækja nema ¾ hlutum (24 000 kr.) af upphæðinni, enda gangi tollgæslumenn úr skugga um, að andvirði nýrra vara í heild fari eigi fram úr 32 000 kr.

Ferðamenn eru háðir innflutningstakmörkunum í 3. og 4. gr.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan og greinir í 1. málslið þessarar greinar fyrir allt að 7 000 kr. við hverja komu til landsins, hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarandi undanþága er 21 000 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 32 000 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Aðilar, sem þessi mgr. tekur til, eru sjálfráðir um það, hvaða vörutegund þeir taka með sér skv. þessu heimildarákvæði, og eru eigi háðir öðrum takmörkunum en þeim er leiða af 3. og 4. gr.

Ferðamönnum, búsettum erlendis, er heimilt að hafa með sér til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda, til eigin nota á ferðalaginu, íverufatnað, sængurföt, viðleguútbúnað og annan ferðabúnað, að því tilskildu, að varningur þessi geti talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist eigi hérlendis.

2. gr.
Áfengi og tóbaksvörur.

Við komu til landsins er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengi og tóbaksvörum, sbr. þó 3. mgr. 4. gr.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

	Áfengi þó ekki yfir 47% styrkleika	Tóbak	Öl
1. Ferðamenn	1.0 l. Auk þess 1.0 l. af víni undir 21%	200 stk. vindlingar eða 250 gr. af öðru tóbaki	
2. Skipverjar á íslenskum skipum sem eru lengur í ferð en 20 daga (Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð)	2 × 0.75 l.	400 stk. vindlingar eða 500 gr. af öðru tóbaki	48 fl.
3. Skipverjar á erlendum skipum og þeim íslenskum skipum sem eru 20 daga eða skemur í ferð ..... (Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð)	0.75 l.	200 stk. vindlingar eða 250 gr. af öðru tóbaki	24 fl.
4. Flugáhafnir (þar með taldar aukaáhafnir)	0.375 l.	100 stk. vindlingar eða 125 gr. af öðru tóbaki	12 fl.

Skipverjar á íslenskum skipum, sem í fyrsta sinn er siglt til íslenskrar hafnar eða hafa verið erlendis til viðgerðar eða breytinga, skulu tollafgreiddir samkvæmt 3. tl.

Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 gr., hver smávindill 2.5 gr. og hver vindlingur 1.25 gr. Smávindlar 1.5 gr. og léttari reiknast sem vindlingar. Hver flaska af öli má innihalda allt að 0.5 l.

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis samkvæmt reglum þessum er 20 ár og 15 ár að því er varðar innflutning á tóbaki. Tollgæslumaður getur krafist þess, að lágmarksaldur sé sannaður með framvísun nafnskírteinis eða á annan fullnægjandi hátt.

3. gr.
Innflutningsbann.

Ákvæði reglugerðar þessarar veita eigi undanþágu frá innflutningsbanni sem kann að vera á ýmsum vörutegundum.

Innflutningur á vörum sem vegna sóttvarna eða af öðrum öryggisráðstöfunum eru háðar innflutningstakmörkunum eða leyfisveitingum er óheimill samkvæmt 1. gr. Geta því m. a. eftirtaldar vörur eigi notið tollfrelsis samkvæmt reglugerð þessari:

1. Egg og hvers konar afurðir alifugla.
2. Smjör.
3. Lyf umfram þau sem eru til persónulegra nota viðkomandi far- eða ferðamanns.
4. Skotvopn.

4. gr.
Takmarkanir.

Tollundanþágur skv. 1. og 2. gr. gilda einungis um varning sem viðkomandi far- eða ferðamaður hefur í eigin vörslu við komu frá útlöndum og innfluttur er til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til smágjafa.

Tollyfirvaldi er heimilt að ákveða, að hátollavörur sömu tegundar megi eigi flytja tollfrjálst inn skv. 1. gr. nema fyrir tiltekinn hluta af þargreindum fjárhæðum.

Flugliðar, far- og ferðamenn njóta eigi oftar en einu sinni á sama sólarhringnum tollundanþágu skv. 1. og 2. gr.

Tollundanþága ferðamanna skv. 1. mgr. 1. gr. gildir eigi um hluta af verði munar, en tollundanþága skipverja og flugliða innlendra farartækja skv. 3. mgr. 1. gr., getur þó gilt um hluta af verði munar svo framarlega sem verðmæti viðkomandi munar sé innan við tvöfalda þá fjárhæð, sem tilgreind er í 3. mgr. 1. gr.

5. gr.

Af vörum sem eru undanþegnar tollum samkvæmt reglugerð þessari falla einnig niður önnur aðflutningsgjöld, söluskattur við innflutning og einkasölugjöld.

6. gr.

Framvísunarskylda o. fl.

Farþegi sem kemur til landsins frá útlöndum, skal við komu ótilkvaddur framvísa öllum farangri sínum við tollgæslumann. Að því búnu ber tollgæslumanni að inna farþega eftir, hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem innflutningur er bannaður á eða háður er innflutningstakmörkunum. Ef farþegi kveðst hafa meðferðis tollskyldan varning, þ. e. annan, meiri eða verðmætari varning en heimilaður er innflutningur á án greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar, skal hann skýra tollgæslumanni nákvæmlega frá varningnum og verðmæti hans. Af þeim varningi skal greiða aðflutningsgjöld að svo miklu leyti sem innflutningur hans er heimill.

Þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram, er tollyfirvaldi heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá sem hafa engan tollskyldan farangur meðferðis við komu til landsins og hins vegar fyrir þá sem annað hvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur sem háður er innflutningstakmörkunum eða banni. Fyrrnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt grænu, átthyrndu skilti með áletruninni: „ENGINN TOLLSKYLDUR VARNINGUR". Síðarnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt rauðu, ferhyrndu skilti með áletruninni: „TOLLSKYLDUR VARNINGUR". Við skiltin skal skráð „TOLLGÆSLA". Áletranir skulu vera á íslensku og þeim erlendu tungumálum sem tollyfirvaldi þykir ástæða til.

Um leið og farþegi hefur gengið um hlið sem merkt er samkvæmt framansögðu, telst hann hafa svarað því, sem tollgæslumanni bæri ella að spyrja um, hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er innflutningstakmörkunum eða banni.

Við tollafgreiðslu aðkomufars skal sérhver farmaður gera tollgæslunni skriflega grein fyrir öllum varningi sem hann hefur meðferðis, hvort sem hann er tollskyldur eða ekki, og framvísa honum ótilkvaddur fyrir tollgæslumanni.

Óski tollgæslumaður eftir því að skoða farangur farþega eða farmanns, skulu þeir veita til þess alla aðstoð með því að opna töskur og umbúðir, taka upp úr þeim og gefa þær upplýsingar um farangurinn sem um er beðið. Komi fram varningur við þessa skoðun, sem ekki er greint frá eins og fyrir er mælt hér að framan, skoðast hann ólöglega innfluttur og skal gerður upptækur til ríkissjóðs.

7. gr.

Ýmis ákvæði.

Nú er varningur sem tollafgreiddur hefur verið samkvæmt reglugerð þessari, seldur eða boðinn til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd, og varðar það þá refsingu samkvæmt IX. kafla laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit skal öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 362 1. ágúst 1975 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 12. apríl 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 152. 12. apríl 1978.

GJALDSKRÁ

yfir gjald af einkasöluvörum.

Áhöfnum og farþegum, sem við komu til landsins hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er án greiðslu gjalda, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 151/1978, skal heimilt að greiða einkasölugjald samkvæmt gjaldskrá þessari af því magni sem umfram er, enda hafi viðkomandi vörum verið framvísað við tollgæslu áður en tollskoðun hófst á farangri viðkomandi:

		0,375 l	0,50 l	0,75 l	1,0 l
A.	Áfengi:				
1.	Rauðvín, hvítvín, heit vín, vermouth og aperitivar	kr. 700	750	1 400	1 475
2.	Íslenskar áfengistegundir	— 1 800		3 300	
3.	Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	— 2 900	3 100	4 900	6 100

B.	Tóbak:		
1.	Reyktóbak	— 3 200	pr. tylft eða lb.
2.	Vindlingar	— 2 500	pr. karton
3.	Smávindlar	— 300	pr. 10 stk.
	Meðalstærð	— 800	pr. 25 stk.
	Vindlar aðrir	— 1 400	pr. 25 stk.

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 107/1977 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 12. apríl 1978.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

Stjórnartíðindi B 11, nr. 151—152. Útgáfudagur 14. apríl 1978.

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1978

18. apríl 1978. 239 Nr. 153.

REGLUGERÐ

fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

1. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands hefur hinn 1. janúar 1972 stofnað til nýrra lánaflokka, sem nánar eru greindir í 2. gr., sem sett er til staðfestingar þessara flokka og skilmála þeirra.

2. gr.

A. Skipalán II.

1. Lán vegna nýsmíði stál- eða eikarskipa innanlands.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 75% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 18 ár.
2. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í stál- eða eikarskip, svo og vegna heimsiglingarkostnaðar skipa, sem keypt eru erlendis.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði sbr. 4. gr. vegna endurbóta og tækjakaupa, en 66.7%—75% vegna meiriháttar endurbóta og 80% vegna kaupa á aflvél. Hámarkslánstími er 5 ár vegna tækjakaupa, 5—7 ár vegna endurbóta, 7 ár vegna kaupa á aflvél og 7—10 ár vegna meiriháttar endurbóta. Um lánstíma og hámark heimsiglingarlána fer eftir aðalláni. Áskilin er sérstök aukatrygging ef skip er orðið 25 ára.
3. Lán vegna nýsmíði súðbyrðinga, 12 rúmlesta og minni furubáta og plastbáta, innanlands.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 70% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 8 ár vegna furubáta og 12 ár vegna plastbáta.
4. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í súðbyrðinga og 12 rúmlesta og minni furubáta og plastbáta.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr., vegna endurbóta og tækjakaupa, en 50—70% vegna meiriháttar endurbóta og 50% vegna kaupa á aflvél. Hámarkslánstími er 3 ár vegna tækjakaupa, 3—5 ár vegna endurbóta, 5 ár vegna kaupa á aflvél og 5—7 ár vegna meiriháttar endurbóta. Áskilin er sérstök aukatrygging ef bátur er orðinn 12 ára.
5. Lán vegna nýsmíði botnvörpunga innanlands.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 75% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 18 ár.
6. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í botnvörpunga, svo og vegna heimsiglingarkostnaðar skipa, sem keypt eru erlendis.
   Reglur um hámarkslán og hámarkslánstíma eru þær sömu og um stál- og eikarskip. Áskilin er sérstök aukatrygging ef skip er orðið 25 ára.
7. Lán vegna nýsmíði opinna báta, innanlands.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 5 ár. Áskilin er sérstök aukatrygging.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

8. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í opna báta.
Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 3—5 ár. Áskilin er sérstök aukatrygging.
9. Lán vegna nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis.
Lánsfjárhæð má hæst vera 66,7% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 18 ár að frádregnum aldri skips. Áskilið er, að erlent lán a. m. k. jafnhátt láni Fiskveiðasjóðs úr þessum flokki, fáist. Lán Fiskveiðasjóðs verður í sömu mynt og með sömu vöxtum og sömu gjalddögum og erlenda lánið. Andvirði láns Fiskveiðasjóðs verður innstæða hjá sjóðnum í erlendri mynt og af þeirri innstæðu er hið erlenda lán, sem skipinu fylgir, greitt jafnóðum og það gjaldfellur. Mismunur afborgunar af innstæðunni í Fiskveiðasjóði og láninu úr Fiskveiðasjóði, breytist á hverjum gjalddaga í svonefnt afleitt lán. Lán í þessum flokki eru því í raun aldrei til lengri tíma, en erlenda lánið, sem skipinu fylgir. Hins vegar lengja afleiddu lánin lánstímann í ofangreint hámark.
10. Lán leidd af lánum vegna nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis: (sbr. lið nr. 9 í 2. gr. A).
Gjalddagar þessara lána eru 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Fyrsta vaxtagreiðsla er á fyrsta gjaldaga eftir að lánið byrjar að myndast, en fyrsta afborgunargreiðsla er á fyrsta gjalddaga eftir að lánið er fullmyndað.
11. Skipasmíðalán.
Þessi lán eru bráðabirgðalán, sem veitt eru vegna innlendrar nýsmíði fiskiskipa og útborguð í áföngum eftir því, sem framkvæmdum miðar. Skipasmíðalán eru tryggð með 1. veðrétti í nýsmíðinni. Skipasmíðalán greiðist upp af andvirði láns, þegar nýsmíðinni er lokið, ásamt áföllnum vöxtum.
Heimilt er að veita skipasmíðastöðvum slík bráðabirgðalán vegna meiriháttar endurbóta á fiskiskipum innanlands og kemur þá sjálfsskuldarábyrgð viðskiptabanka í stað veðs.

B. Fasteignalán II.

1. Lán til hraðfrystihúsa vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.
2. Lán til síldarverksmiðja og fiskimjölsverksmiðja vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.
3. Lán til fiskvinnsluhúsa annarra en 1. og 2., vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.
4. Lán til nýbyggingar, endurbóta á og/eða véla- og tækjakaupa í aðrar þær fasteignir, er efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi.

3. gr.

Til tryggingar lánum úr öllum skipalánaflokkum, er taldir voru í 2. gr. A, er alltaf áskilinn 1. — fyrsti — veðréttur í skipinu, bátnum eða nýsmíðinni.

Vextir af lánum til nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis (liður nr. 9. í 2. gr. A) skulu vera þeir sömu og Fiskveiðasjóður greiðir af erlendu innstæðunni og ákveður Fiskveiðasjóður vaxtaprósentuna með hliðsjón af vöxtum erlenda frumlánsins.

Vextir af lánum úr öllum öðrum skipalánaflokkum, sem taldir voru í 2. gr. A (þ. e. a. s. Skipalán II, liður nr. 1—11, að frátöldum lið nr. 9) verða þeir vextir, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma. Vextirnir greiðast eftir á, tvisvar á ári og verða gjalddagar þeirra svo og afborgana, 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Gjalddagar þessir eiga þó ekki við bráðabirgðalán vegna skipa í smíðum, sbr. lið nr. 11, né lán vegna skipakaupa erlendis sbr. lið nr. 9.

Hámarkslán úr fasteignalánaflokkum, er taldir voru í 2. gr. B, er 60% miðað við 1. veðrétt, en minnkar sem nemur áður áhvílandi lánum ef 1. veðréttur fæst ekki. Hámarkslánstími er 10—15 ár vegna nýbygginga og 5 ár vegna endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.

Vextir af lánum úr öllum fasteignalánaflokkum, sem taldir voru í 2. gr. B (þ. e. a. s. Fasteignalán II, liður nr. 1—4) verða þeir vextir, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma. Vextirnir greiðast eftir á, tvisvar á ári, og verða gjalddagar þeirra, svo og afborgana 1. maí og 1. nóvember ár hvert.

4. gr.

Við ákvörðun hámarkslánsfjárhæðar skal alltaf miða við kostnað framkvæmda eða virðingu verðmætisaukningar vegna framkvæmda þá upphæðina, er lægri reynist. Ef um tjónabætur er að ræða, eru þær dregnar frá mats- og kostnaðarverði.

5. gr.

Eftir 1. janúar 1972 hafa ekki verið veitt og afgreidd ný lán úr þeim lánaflokkum, er til voru fyrir 1. janúar 1972, öðrum en eftirtöldum:

a) Lán í dollurum eða annarri erlendri mynt vegna véla- og tækjakaupa í skip, sem eru 75 rúmlestir og stærri.
Þessi lán eru endurlán erlendra lána með sömu kjörum og þau. Stjórn sjóðsins ákveður nánar hvort og hvenær lán eru veitt úr þessum flokki.

b) Gengisjöfnunarlán.
Ný lán úr þessum flokki verða með þeim kjörum, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma.

c) Lán leidd af lánum vegna skipakaupa erlendis. Lán í erlendri mynt vegna skipakaupa erlendis, sem veitt voru og afgreidd fyrir 1. janúar 1972, mynda svonefnd afleidd lán. Þessi afleiddu lán dreifast á eldri lánaflokka.

d) Lán tryggð með veði í skipasmíðastöðvum.
Þessi lán eru endurlán lána úr Framkvæmdasjóði Íslands og með sömu kjörum og þau.

6. gr.

Öll lán úr Fiskveiðasjóði, veitt og afgreidd eftir 1. janúar 1972, önnur en bein endurlán, gengisjöfnunarlán og vísitölutryggð lán, skulu vera háð breytingum á gengi íslenskrar krónu eða breytingum á gengi hvers þess gjaldeyris, sem Fiskveiðasjóður skuldar í (sbr. heimild í 16. gr. l. nr. 44/1976). Séu lánin ekki beinlínis í erlendri mynt, skal tilgreint í veðskuldabréfi hve hár hundraðshluti eftirstöðva lánsins á hverjum tíma sé háður breytingum á gengi. Framkvæmd þessara ákvæða skal vera á þann veg, að breytist gengi íslenskrar krónu, eða breytist gengi einhvers þess gjaldeyris, sem Fiskveiðasjóður skuldar í, skal Fiskveiðasjóður deila þeirri fjárhæð, sem erlendar skuldir sjóðsins, aðrar en þær sem hafa verið endurlánaðar beint með sömu kjörum, hækka eða lækka um í krónutölu vegna gengisbreytingarinnar, niður á þau lán úr sjóðnum, er háð eru breytingum á gengi í réttu hlutfalli við þann hluta ógreiddra eftirstöðva viðkomandi lána, sem háður er slíkum breytingum, þannig, að eftirstöðvar þessara lána hækki eða lækki þá þegar samtals í krónutölu um sömu fjárhæð og erlendar skuldir Fiskveiðasjóðs, aðrar en þær, sem endurlánaðar hafa verið beint með sömu kjörum, hækka eða lækka um. Við niðurdeilingu af þessu tagi skal eingöngu miðað við útborgaðan hluta lána. Hækki eða lækki erlendar skuldir Fiskveiðasjóðs af þessum sökum svo verulega í krónutölu, að ekki rúmist innan þeirra marka, er viðkomandi veðskuldabréf sjálf setja, ber sjóðurinn sjálfur það tap eða fær þann hagnað, sem á milli ber. Við alla túlkun á orðalagi þessarar greinar skal það vera höfuðviðmiðun, að Fiskveiðasjóður verði skaðlaus af öllum gengisbreytingum.

7. gr.

Opnaður hefur verið nýr lánaflokkur til endurlána á vísitölutryggðum lánum.

Öllum lántakendum, sem loforð fá eða hafa fengið um lán að fjárhæð kr. 500.000 eða meira, sem falla undir lánaflokka, sem taldir eru í 2. gr., aðra en þá, sem taldir eru í 9., 10. og 11. tölulið A-liðar, skal skylt að taka 10 hundraðshluta lofaðrar fjárhæðar að láni úr þessum flokki.

Lán úr þessum flokki eru alltaf veitt samhliða öðrum lánum og verða til jafn langs tíma og þau, þó aldrei til lengri tíma en 15 ára. Eigi lántaki rétt á láni til lengri tíma en 15 ára skal lánið í þessum flokki vera til 15 ára, en afborganir af samhliða láninu vera lægri fyrstu 15 árin, þannig að heildar lánsfjárhæðin endurgreiðist með jöfnum afborgunum á heildar lánstímanum miðað við upphaflegar fjárhæðir lánanna.

Lán úr þessum flokki skal endurgreiða með jöfnum árlegum afborgunum og er gjalddagi þeirra 20. júlí ár hvert.

Af lánunum skal greiða í vexti 5½% á ári og greiðast vextirnir eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir, í fyrsta sinn næsta 20. júlí eftir að lán er afgreitt.

Til viðbótar hverri einstakri greiðslu vaxta og afborgunar af lánum úr þessum flokki skal lántakandi greiða á hverjum gjalddaga, eða greiðsludegi, sé hann síðar, verðuppbót af vaxta- og afborgunargreiðslu lánsins, er miðast við hækkun byggingarvísitölu frá lántökudegi til greiðsludags. Lækki byggingarvísitalan niður fyrir þann stigafjölda er gilti við afgreiðslu lánsins, skulu greiðslur vaxta og afborgana fara fram á nafnverði. Miðað er við byggingarvísitölu þá, er kveðið er á um í lögum nr. 93/1975 og síðari breytingar, er á henni kunna að verða gerðar.

Heimilt er að greiða aukaafborgun af lánum úr þessum flokki á gjalddögum lánanna, enda sé tilkynnt um slíka ákvörðun eigi síðar en 5. júní ár hvert. Af slíkum aukaafborgunum greiðist sama vísitöluálag og greiða ber af hinum samningsbundnu endurgreiðslum lánanna.

Af lánunum skal greiða við afgreiðslu 2% í lántökugjald.

Dráttarvextir skulu vera 2% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði.

Öllum þeim, er lán fá að fjárhæð kr. 500.000 eða meira, sem falla undir lánaflokka, sem taldir eru í B lið 2. gr. reglugerðarinnar, skal skylt að taka 25 hundraðshluta lofaðrar fjárhæðar að láni úr þessum flokki.

Greiði lántakendur aukaafborgun af lánum úr þessum flokki ber þeim jafnframt að greiða hlutfallslega sömu aukaafborgun af þeim lánum, sem samhliða voru veitt úr öðrum lánaflokkum.

Gjalddaga, vexti, dráttarvexti og lántökugjöld af lánum úr þessum lánaflokki ákveður stjórn Fiskveiðasjóðs hverju sinni og fer um þau atriði eftir þeim vísitölutryggðu lánum, sem sjóðurinn hefur til endurlána hverju sinni.

Lánsskilyrði samkvæmt þremur síðustu málsgreinum hér á undan skulu þó aðeins taka til lána, sem veitt eru eftir 1. nóvember 1974.

Frá og með 10. febrúar 1978 gildir eftirfarandi um þennan lánaflokk:

a) Flokkur þessi er til endurlána á vísitölutryggðum lánum, svo og til verðtryggingar opinberra framlaga, tekjustofna og eigin aflafjár, sem sjóðnum verður handbært hverju sinni.

b) Öllum lántakendum sem loforð fá eða hafa fengið um lán, sem falla undir lánaflokka sem taldir eru í 2. gr. og 9. gr., annan en þann sem talinn er í 9. tölulið A. liðar 2. greinar, skal skylt að taka þann hundraðshluta lofaðrar fjárhæðar að láni úr þessum flokki, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður hverju sinni. Skal stjórnin hverju sinni ákveða hundraðshluta þennan sérstaklega fyrir skipalán og sérstaklega fyrir fasteignalán.

c) Lán úr þessum flokki eru alltaf veitt samhliða öðrum lánum og skal það vera aðalregla að þau séu til jafn langs tíma og samhliða lánin. Þó er heimilt að

hafa lánin úr þessum flokki til skemmri tíma og verða þá afborganir af samhliða láninu lægri þann tíma, þannig að heildar lánsfjárhæðin endurgreiðist með jöfnum afborgunum á heildar lánstímanum miðað við upphaflegar fjárhæðir lánanna.

d) Til viðbótar hverri einstakri greiðslu vaxta og afborgunar af lánum úr þessum flokki skal lántakandi greiða á hverjum gjalddaga, eða greiðsludegi, sé hann síðar, verðuppbót af vaxta- og afborgunargreiðslu lánsins, er miðast við hækkun byggingarvísitölu frá lántökudegi til greiðsludags. Lækki byggingarvísitalan niður fyrir þann stigafjölda er gilti við afgreiðslu lánsins, skulu greiðslur vaxta og afborgana fara fram á nafnverði. Miðað er við byggingarvísitölu þá, er kveðið er á um í lögum nr. 93/1975 og síðari breytingar, er á henni kunna að verða gerðar.

e) Heimilt er að greiða aukaafborgun af lánum úr þessum flokki á gjalddögum lánanna, enda sé tilkynnt um slíka ákvörðun eigi síðar en 1½ mánuði fyrir gjalddaga. Af slíkum aukaafborgunum greiðist sama vísitöluálag og greiða ber af hinum samningsbundnu endurgreiðslum lánanna. Greiði lántakendur aukaafborgun af lánum úr þessum flokki ber þeim jafnframt að greiða hlutfallslega sömu aukaafborgun af þeim lánum, sem samhliða voru veitt úr öðrum lánaflokkum.

f) Gjalddaga, vexti, dráttarvexti og lántökugjöld af lánum úr þessum lánaflokki ákveður stjórn Fiskveiðasjóðs hverju sinni.

8. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs hefur á árinu 1975 opnað nýjan lánaflokk vegna breytinga á skuldum sjávarútvegs og fiskvinnslu úr lausaskuldum í lengri lán.

Framkvæmd lánveitinga úr þessum flokki skal vera á þann veg, að viðskiptabankar lántakenda geri tillögur um fjárhæð veðskuldabréfa sem þeir taka við af viðskiptamönnum sínum, ef stjórn Fiskveiðasjóðs fellst á kaup bréfanna.

Við ákvörðun lánveitinga verði tekið mið af stöðu og lausaskuldum lántakenda. Lánveitingar vegna lausaskulda utan bankanna skulu ákveðnar sérstaklega og miðast heildarfjárhæð þeirra við það fé, sem til þeirra er ætlað úr Gengishagnaðarsjóði og endurgreiðast lán þessi á 2 árum.

Lán vegna lausaskulda innan bankanna endurgreiðast að jafnaði á fimm árum, en geta í sérstökum tilvikum verið til lengri tíma, þó aldrei til lengri tíma en tíu ára.

Lán úr þessum flokki skulu tryggð með fyrsta eða fyrsta samhliða veðrétti í fiskiskipum eða með veði í atvinnuhúsnæði lántakenda innan við 60% af matsverði þess. Við veðsetningu skal þess gætt, að til tryggingar hverju skuldabréfi sé aðeins veðsett eitt fiskiskip og/eða ein eða fleiri fasteignir sama aðila.

Auk áðurgreindra veðtrygginga skulu viðkomandi viðskiptabankar takast á hendur einfalda ábyrgð á skilvísri og skaðlausri fullnustu lántakenda við Fiskveiðasjóð.

Gjalddagar lána úr þessum flokki, skulu vera 1. maí ár hvert.

Vextir af lánum úr þessum flokki skulu vera 16% ársvextir og greiðast þeir eftir á 1. maí ár hvert. Hækki eða lækki almennir útlánsvextir, skulu vextirnir breytast í samræmi við það.

Dráttarvextir skulu reiknast 1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð.

Af lánum úr þessum flokki skal greiða við afgreiðslu 1% lántökugjald.

Fiskveiðasjóður skal fjármagna lánveitingar úr þessum flokki með því að gefa út skuldabréf, sem hann afhendir viðskiptabönkunum. Skuldabréf þessi skulu samanlagt verða jafnhá útlánunum og til nákvæmlega jafn langs tíma og þau. Fiskveiðasjóður greiði þó aldrei af þeim bréfum, er hann þannig gefur út, hærri fjárhæð í afborganir og vexti, en hann hefur á hverjum tíma innheimt af sjálfum útlánunum.

Gengið er út frá því, að Seðlabanki Íslands endurkaupi þau skuldabréf, er Fiskveiðasjóður hefur samkvæmt ofanskráðu gefið út og afhent viðskiptabönkunum og verða þau þá með sjálfskuldarábyrgð viðkomandi viðskiptabanka.

Allar lánveitingar og skuldabréfaskipti sem fjallað er um í þessari grein, fóru fram á árinu 1975 og fyrri hluta árs 1976.

9. gr.

Nýr lánaflokkur.

Lán til kaupa á eldri skipum.

Stjórn Fiskveiðasjóðs er heimilt að opna nýjan lánaflokk vegna kaupa á eldri fiskiskipum og mega þau lán nema hæst ¼ hluta kaupverðs eða matsverðs, þess er lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánum sjóðsins, sem fyrir kunna að vera.

Lán þessi ná einvörðungu til þilskipa (eik og stál) 12 rúmlesta og stærri, innan við 25 ára aldur.

Við lánsákvörðun skal liggja fyrir kaupverð skipsins, vátryggingarvirðing og umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins um ástand skipsins.

Lánin skulu tryggð með fyrsta veðrétti í skipinu.

Lengstur lánstími er 5 ár, en ákvarðast að öðru leyti af aldri skipsins. Vextir af lánum þessum skulu vera þeir vextir, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma. Vextirnir greiðast eftir á, tvisvar á ári og verða gjalddagar þeirra svo og afborgana, 1. maí og 1. nóvember ár hvert.

Öllum lántakendum, sem loforð fá um lán eða hafa fengið úr þessum lánaflokki skal skylt að taka þann hundraðshluta lofaðrar fjárhæðar sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður hverju sinni með vísitölutryggðum lánum.

Lántökugjöld er gilda um aðra lánaflokka skulu einnig gilda um lán úr þessum lánaflokki.

Þegar lán hefur verið veitt út á skip úr þessum lánaflokki, skal eigi lánað út á það aftur fyrr en eldra lánið er greitt að fullu, og það afmáð úr veðmálabókum.

10. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 310 12. ágúst 1977 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. apríl 1978.

Matthías Bjarnason.

Þórður Ásgeirsson.

Stjórnartíðindi B 12, nr. 153. Útgáfudagur 18. apríl 1978.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1978

12. apríl 1978. 245 Nr. 154.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 20. apríl 1978.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

1.1.	Fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu	kr. 41 000
1.2.	Fyrir hvert aukatalfæri í sama húsi (ekki hægt að tala á milli)	— 10 300
1.3.	Viðbótargjald fyrir annan lit en gráan á talfæri	— 1 700
1.4.	Fyrir venjulegan aukatengil (ekkert afnotagjald)	— 8 000

Stofngjöld fyrir annan búnað eru samkvæmt sérgjaldskrá.

Framangreint gjald miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Þegar handvirkum síma er breytt í sjálfvirkan síma, má krefjast aukastofngjalds, sem svarar hálfum mismun á stofngjaldi við sjálfvirkan og handvirkan síma.

Stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan sérbúnað gilda aðeins, þegar sami aðili hefur búnaðinn.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að veita löggiltum rafverktökum sérstakt leyfi til að draga símataugar í rör, sem tilheyra viðkomandi íbúðum enda hafi áður verið komið á samstarfi við hlutaðeigandi rafveitur varðandi samþykki teikninga fyrir símalagnir.

Hér er aðeins um að ræða einfaldar símalagnir í íbúðarhúsum, það er uppsetningu á tenglum, sem póst- og símamálastjórnin hefur viðurkennt og tengingu þeirra, en ekki tengingu inn í húskassa.

Símnotendur ráða fjölda tengla, enda fellur stofngjald af þeim niður í þessum tilfellum.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að línu og númeri í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu er kr. 6 000 að viðbættum kr. 13.00 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldssvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1. hér að framan, auk kr. 2 000 á ársfjórðungi.

2.3. Ársfjórðungsgjald fyrir aukatalfæri (ekki hægt að tala á milli) .... kr. 820

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Afnotagjöld fyrir annan búnað eru samkv. sérgjaldskrá, en gilda því aðeins að sami aðili hafi öll tækin.

3. Flutningsgjald.

3.1. Milli húsa á svæði sömu miðstöðvar fyrir hvert venjulegt talfæri með línu ..... kr. 20 500
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).

3.2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri eða aukabjöllu ..... — 8 000

3.3. Innanhúss og milli húsa á aukatengli ..... — 8 000

3.4. Milli stöðvargjaldsvæða ..... — 27 000

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt sérgjaldskrá.

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman flutning að ræða, eða flutning á öðrum tækjum, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist gjald, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan svæðis sömu símstöðvar, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 10 300 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 12 800 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í húsnæði og taki samtímis við síma og aukabúnaði skv. I. kafla 1. af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 20 500.

Viðtökugjald lækkar í kr. 3 500 af heimilissíma og aukabúnaði skv. I. kafla 1., þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 7 000.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður póst- og símamálastjórnin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðgerð notendabúnaðar.

Viðgerðarkostnaður notendabúnaðar er ekki innfalinn í afnotagjaldi, en greiðist eftir reikningi, nema um eðlilegt slit sé að ræða.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu ..... kr. 31 000
1.2. Fyrir hvert aukatalfæri í sama húsi ..... — 13 200
1.3. Fyrir aukatengil með rafvökum (ekkert afnotagjald) ..... — 8 000

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu.

Afnotagjaldið er tilfært í heilum krónum.

Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum		2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
2 std.	2 600	2 080	1 560
4 —	3 500	2 800	2 100
6 —	3 900	3 120	2 340
8 —	4 400	3 520	2 640
10 —	4 800	3 840	2 880
12 —	4 900	3 920	2 940
14 —	5 100	4 080	3 060
16 —	5 200	4 160	3 120
24 —	5 700	4 560	3 420

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem að framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu. Viðbótargjaldið skal þó hækka eða lækka þannig að standi á heilum tug króna.

2.2. Fyrir hvert aukatalfæri í sama húsi ..... kr. 2 100

2.3. Almenn ákvæði.

Ofannefnt afnotagjald fyrir talfæri með línu og númeri í miðstöð hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum. Þessi hækkun gildir ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrirfram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er

að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að línu og númeri í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

Afnotagjöld fyrir annan búnað eru samkv. sérgjaldskrá, en gilda því aðeins að sami aðili hafi öll tækin.

3. Flutningsgjald.

3.1.	Milli húsa á svæði sömu miðstöðvar, fyrir hvert venjulegt talfæri með línu	kr. 15 500
3.2.	Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri eða aukabjöllu	— 8 000
3.3.	Innanhúss, og milli húsa á aukatengli	— 8 000
3.4.	Milli stöðvargjaldsvæða	— 21 000

Áðurnefnd gjöld, sem nefnd eru undir 2. og 3. lið eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar vegna tæknilegra annmarka, verða gjöldin ákveðin af henni í hvert skipti.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 6 000.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í húsnæði og taki samtímis við síma og aukabúnaði skv. II. kafla 1. af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 15 500.

Viðtökugjald lækkar í kr. 3 500 af heimilissíma og aukaútbúnaði skv. II. kafla 1., þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 7 000.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðgerð notendabúnaðar.

Viðgerðarkostnaður notendabúnaðar er ekki innifalin í afnotagjaldi en greiðist eftir reikningi, nema um eðlilegt slit sé að ræða.

III. KAFLI
Notendasímar í sveitum.

1. Stofngjald.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1.1. Stofngjald fyrir hvern handvirkan síma er kr. 21 000. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveður póst- og símamálastjórnin stofngjald í hvert skipti eða eftir samkomulagi.

1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvern handvirkan síma í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

2 std.	.....	kr. 1 300
4 —	.....	— 1 600
6 —	.....	— 2 000
8 —	.....	— 2 400
10 —	.....	— 2 500
12 —	.....	— 2 600
14 —	.....	— 2 700
16 —	.....	— 2 800
24 —	.....	— 3 000

2.2. Fyrir hvern sjálfvirkan síma greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.

2.3. Viðgerðarkostnaður notendabúnaður er ekki innifalinn í afnotagjaldi, en greiðist eftir reikningi, nema um eðlilegt slit sé að ræða.

3. Almenn ákvæði.

3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.

3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.

3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.

3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.

3.5. Símnotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.

3.6. Póst- og símamálastjórnin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.

3.7. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kauptúnum eða í nágrenni þeirra

og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI
Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt:

1.1. **Dagtaxti er frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 08:00 til kl. 15:00 á laugardögum.**

Gjaldflokkur	Sek. í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
O	ót. tími	
A	60 sek.	13.00
2	12 —	65.00
3	10 —	78.00
4	8 —	97.50
5	6 —	130.00

1.2. **Næturtaxti er frá kl. 19:00 til kl. 08:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 15:00 á laugardegi til kl. 08:00 næsta mánudag.**

Gjaldflokkur	Sek. í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
A	120 sek.	6.50
2	24 —	32.50
3	20 —	39.00
4	15 —	52.00
5	12 —	65.00

2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

		Minnsta gjald	Umframgjald pr. mín.
2.1.	Um 0— 10 km línulengd	kr. 90	kr. 30
	— 10— 25 — —	— 144	— 48
	— 25—100 — —	— 195	— 65
	— 100—225 — —	— 246	— 82
	— 225—350 — —	— 297	— 99
	— Yfir 350 — —	— 384	— 128

Ofannefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.
2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.

2.4. Kvaðning: kr. 110. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.
2.5. Afgreiðslugjald: kr. 140 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.
2.6. Boðsending: kr. 180 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og 180 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

3. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

4. Radíó-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

4.1. Línugjald kr. 144 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 48 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
4.2. Standardgjald kr. 300, ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi, en annars kr. 420 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 100 eða kr. 140 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt IV. kafla.
4.5. Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
b. Strandargjald.
c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV. 2.

V. KAFLI
Símskeytagjald.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

1.1. Venjuleg símskeyti: Grunngjald kr. 125 og kr. 15 fyrir hvert orð. Lágmarksorðafjöldi 7 orð.
1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
1.3. Veðurskeyti: Kr. 150 fyrir hvert skeyti.
1.4. Símapóstávísanir: Gjald kr. 560 án tillits til orðafjölda.
1.5. Heillaskeyti: Sama og fyrir venjuleg símskeyti, auk kr. 150 fyrir heillaskeytiseyðublaðið.
1.6. Samúðarskeyti: Grunngjald kr. 125. Sendanda er í sjálfsveld sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landsspítalasjóðs.
1.7. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kauptúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 170 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til

viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.

1.8. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

1.9. Samanburður til tryggingar gegn missímum (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjald fyrir símskeyti til útlanda er ákveðið af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

3.1. Almenn loftskeyti.

3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:

a. Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 125.
b. Línugjald kr. 15 á hvert orð.
c. Strandargjald kr. 20 hvert orð.
d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
e. Gjald fyrir aukaþjónustu að beiðni sendanda.
Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.

3.2. Sérstök loftskeyti.

3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá ísl. skipum til Veðurstofu Íslands er kr. 150

3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.

3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI

Telex- og fjarritvélar.

1. Stofngjald, afnotagjald og flutningsgjald.

Gjöldin eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í sérgjaldskrá.

2. Gjald fyrir telexritanir.

2.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 13.00 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 32. 50 á mínútu.

2.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu þess fjarritabúnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Pósti og síma hverju sinni.

VII. KAFLI
Sambönd og línur.

Gjöldin eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í sérgjaldskrá.

VIII. KAFLI
Sérbúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Gjöldin eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í sérgjaldskrá.

IX. KAFLI
Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 3 150 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 600 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI
1. Símaskráin.

Póst- og símamálastjórnin gefur út símaskrá og leggur hverjum leigusíma til eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir að dómi póst- og símamálastjórnarinnar að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastjórnin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 900. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 1 700 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur póst- og símamálastjórnin ein umráðarétt símans.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur póst- og símamálastjórnin heimilað það gegn 1 400 króna gjaldi, sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt að bera.

3. Skrásetning í stafrófsskrána.

3.1.	Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 1 500
3.2.	Aukanafn í skrá	— 1 700
3.3.	Aukalína í skrá, hver lína	— 900
3.4.	Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 1 500 + 1 700	— 3 200

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 1 700 sem aukanafn.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Ókeypis skrásetning.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 900. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 1 500. Auglýsingalína kostar kr. 900.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XI. KAFLI
Radíótæki og þjónusta um radíóstöðvar.

1. Radíóeftirlitsgjöld.

Gjöld vegna talstöðva skulu vera sem hér segir:

1.1.	**Fyrir milli-, stutt-, og metrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar fyrir þjónustu við bifreiðar).**	
1.1.1.	Leyfisbréfagjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	kr. 3 900
1.1.2.	Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt yfir 100 wött	— 8 550
1.1.3.	Leyfisbréfagjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýjist við allar breytingar á stöðinni)	— 1 800
1.1.4.	Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt 100 wött eða minna	— 5 700
1.2.	**Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í bifreiðum og vinnutækjum, sem eru einungis skoðaðar eftir ósk notanda eða af gefnu tilefni.**	
1.2.1.	Leyfisbréfagjald (endurnýjist við allar breytingar á stöðinni)	— 1 800
1.2.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir metrabylgjustöðvar í bifreiðum með sértíðni eingöngu og í bátum, sem ekki eru skoðunarskyldir	— 2 400
1.3.	**Fyrir almenningsstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu.**	
1.3.1.	Leyfisbréfagjald fyrir stöðvar 0,5 watt eða minni (innifelur starfrækslugjald á því ári, sem leyfið er gefið út)	— 3 400
1.3.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir stöðvar 0,5 watt eða minni	— 1 400
1.3.3.	Leyfisbréfagjald fyrir stöðvar stærri en 0,5 watt, leyfðar samkvæmt undanþágum (innifelur starfrækslugjald á því ári, sem leyfið er gefið út)	— 4 000
1.3.4.	Árlegt starfrækslugjald fyrir stöðvar stærri en 0,5 watt	— 2 000

1.4. Önnur gjöld.

1.4.1.	Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa)	— 3 700
1.4.2.	Leyfisbréf nýliða vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár)	— 1 800
1.4.3.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrshurðum	— 1 600
1.4.4.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum	— 750
1.4.5.	Fyrir skírteini loftskeytamanns	— 3 000
1.4.6.	Fyrir skírteini talstöðvarvarðar	— 1 500
1.4.7.	Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar	— 2 000
1.4.8.	Innsiglisgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi)	— 4 000

2. Viðskiptagjöld.

2.1. Radíósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla IV. 4 hér að framan.

2.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3 hér að framan.

2.3. Viðskiptagjöld vegna radíóstöðva og í verstöðvum.
Vegna radíóstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

Fyrir 6—15 báta	—	1 600
Fyrir 1— 5 báta	kr.	900
Fyrir 16—30 báta	—	2 200
Fyrir 31 bát og fleiri	—	2 850

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt sérgjaldskrá.

2.3.2. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póstur og sími veitir ekki strandstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða eftirfarandi daggjald enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum kr. 1 650.

2.4. Viðskiptagjöld og reglur vegna samningsbundinna viðskipta við fiskibáta.

2.4.1. Póst- og símamálastjórnin lætur fiskibátum í té alla strandarstöðvaþjónustu, sem þeir þurfa á að halda vegna reksturs og útgerðar bátsins, gegn ákveðnu ársfjórðungslegu viðskiptagjaldi.

2.4.2. Viðskipti þessi geta farið fram um hvaða strandarstöð Pósts og síma sem er.

2.4.3. Í þjónustu þessari eru innifalin símtöl, skeyti og skilaboð til afgreiðslu innan bæjarsímakerfis þess staðar, þar sem hlutaðeigandi strandarstöð er.

2.4.4. Afgreiðsla símtala eða skeyta um langlínukerfi Pósts og síma greiðist samkvæmt gjaldskrá þessari.

2.4.5. Póst- og símamálastjórnin ber ekki ábyrgð á lauslegum, munnlegum skilaboðum, og eru þau afgreidd á ábyrgð þess, er óskar flutnings þeirra.

2.4.6. Skilyrði þess, að útgerðarmaður eða félag geti orðið þessarar þjónustu aðnjótandi eru:
að allir fiskibátar, sem skráðir eru innan hlutaðeigandi lögsagnarumdæmis og búnir talstöð, greiði slíkt viðskiptagjald; að samtök útvegsmanna í hlutaðeigandi lögsagnarumdæmi beri ábyrgð á greiðslu viðskiptagjaldanna á tilskildum tíma og að ofangreind viðskipti fjalli eingöngu um atriði, er varða útgerð og rekstur viðkomandi báts, og þess stranglega gætt, að þeim ákvæðum sé fylgt.

2.4.7. Ársfjórðungslegt viðskiptagjald fiskibáta skal vera sem hér segir:

a. fyrir minni báta en 100 tonn ..... kr. 4 800
b. fyrir báta 100 tonn og stærri ..... — 8 000

Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta strandarstöðva, allt að 25 símtölum og skilaboðum ársfjórðungslega fyrir báta minni en 100 tonn, og allt að 40 símtölum og skilaboðum fyrir báta 100 tonn og stærri.

Þau símtöl og skilaboð, sem umfram kynnu að verða ofangreindar magntölur skulu greiðast samkvæmt gjaldskrá þessari, IV. kafla 4.

2.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

2.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva sem nota rásir á millibylgju kr. 2 850.

2.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 400.

3. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó ..... kr. 1 600
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó ..... — 2 300
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó ..... — 3 200
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir ..... — 4 100

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Pósts og síma, og skal það greitt fyrirfram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

4. Almenn ákvæði.

4.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radíótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda póst- og símamálastjórninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radíótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

4.2. Póst- og símamálastjórnin hefur eftirlit með notkun radíótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.

4.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radíótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálft eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

4.4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skírteini hjá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.

4.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum póst- og símamálastjórnarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastjórninni, tekið hana í sína vörslu.

4.6. Radíóeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.

4.7. Póst- og símamálastjórnin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast póst- og símamálastjórnin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.

4.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.

4.9. Hafi áfallin gjöld vegna radíótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er póst- og símamálastjórninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfelli. Enn fremur er póst- og símamálastjórninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símreikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.

4.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglisgjald, áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsiglunar greiðir leyfishafi.

4.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör"-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.

4.12. Innflutningur erlendra radíótækja er háður samþykki póst- og símamálastjórnarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar póst- og símamálastjórnin með tegundaprófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru. Gjöld fyrir tegundaprófun eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá fyrir radíótæki.

4.13. Leyfi til starfrækslu radíóstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til póst- og símamálastjórnarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.

4.14. Öll gjöld til póst- og símamálastjórnarinnar vegna starfrækslu radíótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

4.15. Póst- og símamálastjórnin hefur nokkurt magn radíótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki.

5. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

5.1. Póstur og sími starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir póst- og símamálastjórnin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfi til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.

5.2. Ekki er heimilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Pósts og síma, á nokkurn hátt við hið almenna símakerfi.

5.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.

5.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Pósts og síma skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af póst- og símamálastjórninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

5.5. Skylt er að halda sérstaka radíó-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

5.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannslífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

5.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

5.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva eru tilgreind í grein 2.5. í þessum kafla gjaldskrárinnar.

XII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist ⅕ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.

Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).

1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símstjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIII. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn.
Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.

1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist.

Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.3. Póst- og símamálastjórnin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusamtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.

1.4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á símasamböndum eða flytja símabúnað úr stað. Öll slík verk verða framkvæmd eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kauptúnum eru eign Pósts og síma, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn stofnunarinnar hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum. Brunatrygging venjulegs talfæris er fólgin í leigunni.

Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Pósts og síma, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur Póstur og sími að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.

1.6. Bili símabúnaður, ber þegar í stað að tilkynna það viðkomandi stöðvarstjóra, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póstur og sími ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur á viðgerð símans má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.7. Póst- og símamálastjórnin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.

1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsíma nema með leyfi Pósts og síma. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu og tekið tækin burtu fyrirvaralaust, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.

1.9. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur ekki verið notaður samfellt í 6 mánuði eða lengur, er póst- og símamálastjórninni heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leigutaki vilji greiða áfram afnotagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði. Gildir þetta einnig, þótt ekki hafi verið unnt að afgreiða beiðni um flutning símans á þeim tíma.

1.10. Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.

1.12. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símum eða símatækjum og samböndum hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

2.1. Skráður rétthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Pósts og síma vegna notkunar á talfæri hans.

2.2. Eindagi síma- og radíógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póstur- og sími sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 2 500 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 900, fyrir lokun og enduropnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radíógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga 29/1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póstur og sími krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann tilkynna það skriflega hlutaðeigandi stöðvarstjóra, sem lætur því næst framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrirfram.

XIV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti og gengur í gildi 20. apríl 1978. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 20. apríl 1978 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur útgefnar 19. janúar 1978.

Samgönguráðuneytið, 12. apríl 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

GJALDSKRÁ

fyrir póstþjónustu.

TEGUND SENDINGAR		Innanlands	Norðurlönd	Önnur lönd
Hámark stærðar og þyngdar	Þyngdarmörk g	Burðargj. kr.	Burðargj. kr.	Burðargj. kr.
Bréf.	20	70	70	90
Hámarksstærð:	100	140	140	230
Lengd + breidd	250	280	280	410
+ þykkt 900 mm.	500	560	560	780
Mesta lengd 600 mm.	1000	1120	1240	1360
Í ströngum:	2000	2210	2210	2210
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.				
Mesta lengd 900 mm.				
Hámarksþyngd 2 kg.				
Lágmarksstærð:				
90 × 140 mm. Í ströngum: Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm.				
Minnsta lengd 100 mm.				
Póstkort.				
Mest 105 × 148 mm		60	60	70
Minnst 90 × 140 mm				
Prent.				
Stærð sama og bréfa.	20	60	60	60
(Prentkort sama stærð	100	110	110	110
og póstkort).	250	170	170	170
Hámarksþyngd 2 kg.	500	310	310	310
Bækur þó 5 kg.	1000	510	510	510
Burðargjald fyrir prent	2000	710	710	710
yfir 1000 g til Norðurl.	3000	1070	1070	1070
er sama og fyrir	4000	1430	1430	1430
„Önnur lönd"	5000	1790	1790	1790
Smápakkar	100	110	110	110
Stærð sama og bréfa	250	170	170	170
Hámarksþyngd 1 kg.	500	310	310	310
	1000	510	510	510
Innrituð blöð og tímarit.				
Innritunargj. 40000 kr.				
Stærð sama og bréfa				
a) Til umboðsm.	hver			
(minnst 50 eintök	500	36		
til hvers í einu).				
Hámarksþ. 20 kg.				
b) Til áskrifenda.				
Minnsta gjald:				
200 eint.				
Hámarksþyngd	100	13		
500 g hvert eintak.	200	26		
	300	39		
	400	52		
	500	65		

Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmálablöð og tímarit landsamtaka stéttarfélaga vísast til reglugerðar fyrir póstþjónustu, nr. 337/1976, gr. 14. 4. 1. sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 84 15. febrúar 1978.

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald kr.
Gíróþjónusta (aðeins innanlands).	
Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	100
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda:	
Hámarksupphæð innanlands:	
Kr. 500 000 (Símapóstávísanir kr. 250 000).	
Burðargjald	170
b. Til annarra landa:	
Burðargjald:	230
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda, veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur.	
Hámarksupphæð sama og póstávísana (500 000 kr.)	
Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda:	
Burðargjald eins og fyrir póstávísun. (170 kr.)	
Póstkröfugjald	140
b. Til annarra landa:	
Burðargjald	340
Almennir bögglar (innanlands):	
Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksstærð 90 × 140 mm): Þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m.	
Mesta lengd 1.50 m.	
Burðargjald: (alm.)	
1 kg 3 kg 5 kg 10 kg 15 kg 20 kg	
210 kr 380 kr 560 kr 970 kr 1350 kr 1620 kr	
Burðargjald: (rúmfr. + broth.)	
1 kg 3 kg 5 kg 10 kg 15 kg 20 kg	
310 kr 570 kr 840 kr 1450 kr 1540 kr 1850 kr	
Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Verðbréf og -bögglar.	
Burðargjald sendingar eftir tegund.	
Skrásetningargjald.	170
Tryggingargjald.	
Fyrir hverjar 5000 kr. eða minna þar yfir.	170

Loftbréf: Söluverð kr. 110. Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda, nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald	kr. 170
Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu	kr. 140
Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er	kr. 340
Móttökukvittun	kr. 100

Talning í verðbréfi innanlands: kr. 170 hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð kr. 160
Skiptiverð í frímerkjum kr. 100

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: kr. 140

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: kr. 100

Tollmeðferð böggla: kr. 170

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: kr. 100

Geymslugjald böggla: 140 kr. á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús

Afhending ábyrgðarsendinga með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan kr. 100

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -bögglar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að kr. 4 000 fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að kr. 30 000 fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 og gengur í gildi 1. maí 1978. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu frá 15. febr. 1978.

Samgönguráðuneytið, 12. apríl 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1978

22. apríl 1978. 263 Nr. 156.

AUGLÝSING

um almennar reglulegar kosningar til Alþingis 25. júní 1978.

Samkvæmt 57. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis skulu almennar reglulegar kosningar til Alþingis fara fram 25. júní 1978.

Samkvæmt 1. málsgr. 19. gr. kosningalaganna skulu sveitarstjórnir hafa lagt kjörskrár fram eigi síðar en 25. apríl næstkomandi, og skulu kjörskrár liggja frammi til 23. maí næstkomandi. Með heimild í 2. málsgr. 19. gr. laganna er hér með ákveðið, að niður skuli falla frestur sá, sem þar er settur, til að auglýsa, hvar kjörskrár við alþingiskosningarnar verði lagðar fram.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. apríl 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

25. apríl 1978. Nr. 157.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar nr. 231 26. maí 1977.

5 gr. hljóði þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 26 913 á ári fyrir hvert hús.

b) Vatnsgjald kr. 113 á ári pr. m^3. Þó skal reikna hálft gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

7. gr. hljóði þannig:

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 m^3 kr. 100 560.

Hús 300—2000 m^3 kr. 100 560 fyrir 300 m^3 og kr. 88.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2000 m^3 kr. 249 250 fyrir 2000 m^3 og kr. 66.00 hvern rúmmetra þar yfir.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 15 525.

11. gr. hljóði þannig:

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Allan kostnað við lokun aðrennslis heita vatnsins og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, auk kr. 1 725, í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Skútustaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1978, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 25. apríl 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 158. 26. apríl 1978.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar nr. 245 8. júní 1977 með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er:

Vatnsgjald kr. 3 682 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Til hliðsjónar við ákvörðun verðsins er miðað við að kyndingarkostnaður sé sem næst 80% af kyndingarkostnaði með olíu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 159. 26. apríl 1978.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108 10. febrúar 1977 með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

A. Fastagjald kr. 450 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B. Vatnsgjald kr. 1 145 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:

Flutningsgjald	kr. 380
Heitt vatn	— 765

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss (utanmál) m^3.	Heimæðagjöld.					
Allt að 600 m^3	266 000					
600— 2000 m^3	266 000	fyrir	600 m^3	+	166 kr/m^3	þar yfir
2000— 6000 m^3	499 055	fyrir	2 000 m^3	+	142 kr/m^3	þar yfir
6000—10000 m^3	1 066 000	fyrir	6 000 m^3	+	124 kr/m^3	þar yfir
Meira en 10000 m^3	1 562 000	fyrir	10 000 m^3	+	109 kr/m^3	þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá Hitaveitunni og skal þá greiða kr. 24 800 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta. Heimæðagjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð, áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þágildandi gjaldskrá.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1978 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

4. apríl 1978. Nr. 160.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness nr. 267 11. júní 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestargjald, kr. 15.60 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 7.80 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 15.60 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 040.00 á brúttórumlest, þó aldrei minna en kr. 5 180.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestargjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 7.80 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 840.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.
Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:
Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:
a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 3 100.00 fyrir hvert skip, auk kr. 7.80 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 675.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:
1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 284.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 600.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 660.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 162.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.
Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr 135. 00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 196 5. maí 1977.

Samgönguráðuneytið, 4. apríl 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 161. 25. apríl 1978.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 368 5. ágúst 1975, með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:
Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:
a. Fastagjöld kr. 1 000 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b. Vatnsgjald kr. 1 600 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1978, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 25. apríl 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976.

3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 3 250 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. appríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

18. apríl 1978. Nr. 163.

REGLUGERÐ

um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal innheimta 50% innflutningsgjald af öllum bifreiðum og bifhjólum með þeim undantekningum sem leiðir af ákvæðum 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar.

Gjald af gjaldskyldum bifreiðum og bifhjólum skal reiknað af tollverði (cif-verði) ökutækis, sbr. ákvæði 5.—7. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

2. gr.

Ökutæki í eftirtöldum tollskrárnúmerum skulu undanþegin innflutningsgjaldi:

87.01.20	Dráttarbifreiðar, með burðarþol 6 tonn og þar yfir, fyrir festivagna.
87.02.12	Snjóbifreiðar.
87.02.29	Almenningsbifreiðar.
87.02.31—32	Grindur með hreyfli og ökumannshúsi með burðarþol 6 tonn og þar yfir.
87.02.35	Flutningstæki fyrir grjót o. þ. h.
87.02.37—38	Vörubifreiðar með burðarþol 6 tonn og þar yfir.
87.02.43	Sjúkrabifreiðar.
87.03.01	Slökkviliðsbifreiðar.
87.03.02	Snjóplógar.
87.03.03	Kranabifreiðar.
87.03.09	Aðrar bifreiðar til sérstakrar notkunar.
87.09.01	Bifhjól með sprengirými til og með 50 cm^3.

3. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður eða lækka innflutningsgjald af bifreiðum til öryrkja sem njóta tollívilnana. Um niðurfellingu eða lækkun gjaldsins skal farið svo sem fyrir er mælt í 4. og 5. málsl. 1. mgr. 27. tl. 3. gr. tollskrárlaga.

Við tollafgreiðslu bifreiða til leigubifreiðastjóra, sendibifreiðastjóra og ökukennara, sem hafa að aðalstarfi akstur allt að 8 farþega leigubifreiða til fólksflutninga, sendibifreiða eða kennslubifreiða, skal einungis innheimta 25% innflutningsgjald. Af bifreiðum sömu aðila sem hafa slíkan akstur að aukastarfi skal við tollafgreiðslu einungis innheimta 38% innflutningsgjald. Um eftirgjöf og eftirstöðvar innflutningsgjalds af bifreiðum þessara aðila skal í framkvæmd farið eftir reglum ráðuneytisins um eftirgjöf á tolli skv. 41. tl. 3. gr. tollskrárlaga eftir því sem við á.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 431/1976 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 18. apríl 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Björn Hafsteinsson.

Nr. 164. 13. apríl 1978.

REGLUGERÐ

um ráðstöfun 15.05% fjár genginsmunarsjóðs 1978 (áætlað 350 millj.kr.), til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði, sbr. b-lið 3. gr. laga nr. 2/1978.

1. gr.

Fé þessu skal einungis varið til lánveitinga og skal vera í vörslu Fiskveiðasjóðs Íslands, sem annast lánveitingar og innheimtu.

2. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs tekur ákvarðanir um öll útlán, en þeim skal varið til hagræðinga í fiskiðnaði t. d. vélakaupa, endurnýjunar á vélum og vinnslurásum, fjármunalegrar endurskipulagningar og hverra annarra framkvæmda sem horfa til hagræðingar í fiskiðnaði, að mati sjóðstjórnar.

3. gr.

Lánin skulu vera til 7 ára og afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

Vextir af lánum þessum skulu vera breytilegir og ákvarðast hverju sinni af stjórn Fiskveiðasjóðs, en eru ákveðnir 14% á árinu 1978.

Gjalddagar afborgana og vaxta skulu vera 1. maí og 1. nóvember ár hvert og greiðast vextirnir eftirá.

4. gr.

Lán þessi skulu tryggð með veði í atvinnuhúsnæði lántakanda innan við 70% af matsverði eða 50% af brunabótamati þess. Nægi ekki umrædd veð er stjórn sjóðsins heimilt að taka þau veð önnur eða ábyrgðir, sem hún telur fullnægjandi.

5. gr.

Að öðru leyti skulu um þessi lán gilda ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 44/1976 og reglugerða, sem settar hafa verið samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 2/1978 til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. apríl 1978.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

28. mars 1978. Nr. 165.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 107 30. maí 1974.

1. gr.

Stafliðir b og f í 1. tölulið 2. gr. orðist svo:

b.	Gláka	45. flokkur E 2. flokkur D
f.	Hjartasjúkdómar	14. flokkur A, B og D 31. flokkur A, B_1 og B_2 og L.

2. gr.

Við 2. tölulið 2. gr. bætist eftirfarandi stafliður:

f.	Hjartaangarlyf (angina pectoris) og hjartsláttartruflanir	14. flokkur C 31. flokkur B_3

3. gr.

3. töluliður 4. gr. orðist svo:

3. Lyf sem talin eru til 1. flokks A,B,D,F,H og K—Q í ritinu „Lyf á Íslandi" að undanteknum stungulyfjum, sem greiðast skv. ákvæðum 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og öðlast gildi 15. apríl 1978.

Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 28. mars 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

3. apríl 1978. Nr. 166.

REGLUGERÐ

um lágmarksmöskvastærð loðnunóta.

1. gr.

Lágmarksmöskvastærð loðnunóta, sem heimilt er að nota, skal vera 19,6 mm. Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er 19.6 mm breið og 2 mm þykk, komist auðveldlega í gegnum möskvann, þegar netið er vott.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. apríl 1978.

Matthías Bjarnason.

Þórður Ásgeirsson.

Nr. 167. 28. mars 1978.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða í Reykjavík nr. 166/1972.

1. gr.

1. málsgr. 4. gr reglugerðarinnar orðist svo:

Taka skal sérstakt afgreiðslugjald kr. 250, söluskattur innifalinn, fyrir að afgreiða hvern einstakling á næturvörslu (þ. e. á tímabilinu kl. 22—9 eða 10 eftir því sem við á).

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 38. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast gildi 15. apríl 1978.

Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 28. mars 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 168. 27. apríl 1978.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 377 28. október 1977 með síðari breytingum.

Í kafla I Smásala í gjaldskránni breytast eftirfarandi gjaldskrárliðir:

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl. hljóði þannig:

2.1.	Fast gjald	kr.	F1+F3
	Orkugjald	—	23.50 á kWst.
	Markmæling:		
2.3.	Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	—	123 635. á ári
	Aflgjald umfram 4 kW að hámarksaflsstillingu 20 kW	—	16 740.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	3.77 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflsstillingu	—	23.50 á kWst.

4. Húshitun verður „Húshitun, íbúðarhúsnæði“ og hljóði þannig:

4.1. Fast gjald	kr.	F1+F4
Orkugjald	—	13.55 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.2. Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
Orkugjald	—	5.78 á kWst.
Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
Markmæling:		
4.3. Fast gjald	—	F1
Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	39 535.00 á ári.
Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflsstillingu 20 kW	—	7 907 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	—	3.72 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	23.50 á kWst.
Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
4.4. Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
Orkugjald	—	3.03 á kWst.
Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

Á eftir lið 5 kemur nýr liður „6. Húshitun fyrir annað en íbúðarhúsnæði“ er hljóði þannig:

6.1. Fast gjald	kr.	F1+F4
Orkugjald	—	15.17 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.		
6.2. Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
Orkugjald	—	6.50 á kWst.
Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
Markmæling:		
6.3. Fast gjald	—	F1
Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW.	—	44 125.00 á ári
Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflsstillingu 20 kW	—	8 825 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	—	4.15 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	23.50 á kWst.
Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
6.4. Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
Orkugjald	—	3.45 á kWst.
Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

Liður 6 verður liður 7.

Í lið B. Skilgreiningar og ýmis ákvæði 1. Föst gjöld, breytist F4:

F4 Hvert uppsett kW	kr.	1 450.00 á ári.

Í lið B. 4. Verð til hitunar hljóði þannig:

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð dieselolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 39.20 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárlið 4.1., 1.7 aura á lið 4.2., 1.5 aura á lið 4.3 og 0.9 aura á lið 4.4. Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlið 2.3. lækka eða hækka um 1.0 eyri hver kWst. við sömu verðbreytingu á olíu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. maí 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 27. apríl 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 169. 14. apríl 1978.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 100/1973, sbr. reglugerð nr. 73/1974, um eyðingu svartbaks og hrafns með tríbrómetanóli og reglugerð um breyting á þeim reglugerðum nr. 199/1976.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein, sem verður 9. gr., svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skaðlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum og Strandasýslu. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefnir að fenginni tillögu fuglafriðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sæki um leyfisskírteini til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til ársloka 1980.
Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 199/1976.

Menntamálaráðuneytið, 30. mars 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 170. 14. apríl 1978.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilishjálp á Húsavík.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkv. reglugerð um heimilisþjónustu, skal sá er þjónustu nýtur greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við mánaðartekjur þiggjanda og laun starfsfólks heimilisþjónustunnar:

1. taxti	kr.	0	á tímann
2. taxti	kr.	285	á tímann
3. taxti	kr.	718	á tímann
4. taxti	kr.	1 140	á tímann

2. gr.

Ákvörðun um taxta skal tekin eftir viðmiðun við mánaðartekjur þiggjanda og skal þá tekið tillit til hvort um er að ræða einstakling, hjón eða sambýlisfólk. Heimilt er að víkja frá gjaldskránni, ef um sérstakar ástæður er að ræða.

Taxti fyrir einstaklinga:

1. Tekjur undir	kr.	85 000			
2. Tekjur milli	—	85 001	og	130 000	
3. Tekjur milli	—	130 001	og	175 000	
4. Tekjur yfir	—	175 000			

Taxti fyrir hjón og sambýlisfólk:

1. Tekjur undir	kr.	130 000			
2. Tekjur milli	—	130 001	og	195 000	
3. Tekjur milli	—	195 001	og	285 000	
4. Tekjur yfir	—	285 000			

3. gr.

Gjaldstiginn er saminn með viðmiðun við mánaðarlaun starfsfólks heimilisþjónustunnar og er einnig tekið tillit til launatengdra gjalda. Verði breyting á launum starfsfólks ber að breyta gjaldstiganum til samræmis við þær breytingar.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, sbr. lög nr. 34 10. apríl 1974 um breytingu á þeim lögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. apríl 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

30. mars 1978. Nr. 171.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagi Innri-Njarðvíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 12. apríl 1978 staðfest skipulag fyrir Innri-Njarðvík.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Njarðvíkurbæjar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 224 23. desember 1971 um endurgreiðslu gjalda vegna skipasmíða og skipaviðgerða.

1. gr.

11. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Ráðuneytið mun endurgreiða toll og söluskatt af innfluttu efni, vélum og tækjum til viðgerða eða breytinga á skipum, enda sé viðgerð eða breyting samfelld og endurgreiðslufjárhæð nemi minnst kr. 100 000.00.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 28. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. til þess að öðlast gildi 1. maí 1978.

Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1978.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Nr. 173. 5. apríl 1978.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður á Holtsgötu til vesturs frá Bræðraborgarstíg að Ánanaustum.
2. Heimilt verður að leggja bifreiðum beggja vegna götunnar.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. þ. m.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. apríl 1978.

Sigurjón Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 14, nr. 156—173. Útgáfudagur 28. apríl 1978.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 — 1978

REGLUGERÐ

um niðurfellingu banns við togveiðum á utanverðu Strandagrunni.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 427 9. desember 1977, um bann við togveiðum á utanverðu Strandagrunni og reglugerð nr. 3 13. janúar 1978, um breytingu á reglugerð nr. 427 9. desember 1977.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1978.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 15, nr. 174. Útgáfudagur 10. maí 1978.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 — 1978

Nr. 175. 276 24. maí 1978.

REGLUGERÐ

um verðbótaviðauka.

1. gr.

Hinn 1. júní 1978, 1. sept. 1978 og 1. des. 1978 skulu verðbætur á laun hverju sinni hækka sem svarar helmingi þeirrar hækkunar verðbótavísitölu og verðbótaauka, sem Kauplagsnefnd reiknar samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, að hafi átt sér stað frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili. Kauplagsnefnd tilkynnir opinberlega, hvaða hækkanir skuli verða hverju sinni á verðbótum og verðbótaauka frá næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal frá 1. júní 1978 greiða fullar verðbætur skv. ákvæðum kjarasamninga á dagvinnulaun launþega, sem hafa 115 000 krónur eða lægri laun á mánuði fyrir fulla dagvinnu, miðað við verðbótavísitölu þá, er gilti 1. desember 1977 til 28. febrúar 1978. Á dagvinnulaun, sem hærri eru, skal greiða sömu verðbætur að krónutölu og greiða skal skv. kjarasamningum á laun, sem voru 115 000 krónur á mánuði skv. framansögðu, enda nemi verðbætur skv. 1. gr. eigi hærri fjárhæð. Verðbætur skv. þessari gr. umfram verðbætur skv. 1. gr. nefnast verðbótaviðauki og greiðast eingöngu fyrir dagvinnu eða hliðstæða vinnu.

Fyrir launþega, sem ekki eru í fullu starfi eða taka laun, sem ákveðin eru sem hlutfall lægra en 1 — einn — af öðrum kauptaxta, lækka viðmiðunarfjárhæðir skv. þessari grein hlutfallslega. Hugtakið fullt starf skal í hverju einstöku tilviki skilgreina skv. ákvæðum gildandi kaup- og kjarasamnings stéttarfélags viðkomandi starfsmanns og vinnuveitanda.

Varðandi þá, sem vinna einstaka daga eða hluta úr mánuði hjá viðkomandi vinnuveitanda, skal beita reglum 1. mgr. þessarar greinar með þeim hætti að fundið skal hver verið hefðu dagvinnulaun þeirra, ef þeir hefðu unnið með sama hætti heilan mánuð. Eigi þeir rétt til verðbótaviðauka skv. því, greiðist hann í hlutfalli við þann dagvinnustundafjölda sem viðkomandi hefur unnið.

3. gr.

Þess skal gætt, þegar metin er hæð kauptaxta fyrir dagvinnu, sem ákveðin er með álagi á annan lægri taxta, að jafnan sé miðað við hinn endanlega taxta en ekki þann grunn, sem hann er á reistur. Með endanlegum taxta skal telja hverskonar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna. Með dagvinnutaxta skal í þessu skyni ekki telja vaktaálag nema að því leyti, sem það kann að vera hærra en svarar til eftirvinnu-, næturvinnu- og helgidagaálags.

a) Sem dæmi um álög, sem telja skal til dagvinnulauna í þessu sambandi, eru aldurshækkanir, starfsþjálfunarhækkanir, löggildingarálag, námskeiðsálag, verkstjórnarálag, flokkstjórnarálag, óþrifaálag, yfirborgun, viðgerða- og breytingaálag, þungaálag, tengivagnaálag, hæðarálag, erfiðisálag, mótortillegg, kælitillegg, talstöðvartillegg, olíutillegg, fjarverutillegg. Upptalning þessi er aðeins leiðbeinandi.

b) Sem dæmi um greiðslur (kaupauka), sem geta svarað með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna og

teljast þá ekki til dagvinnulauna, þegar skoðað er, hvort greiða skuli verðbótaviðauka, eru t. d.: Verkfærapeningar, bifreiðagjald, fæðispeningar, fatapeningar, fataþvottapeningar.

Þetta gildir þó aðeins að því marki sem greiðslur þessar eru endurgreiðsla á raunverulegum útlögðum kostnaði launþega.

4. gr.

Verðbótaviðauki skv. 2. gr. greiðist einungis á laun fyrir dagvinnu eða hliðstæða vinnu og kemur því aðeins til greina á laun fyrir ákvæðisvinnu, að fyrir liggi vinnutímaskýrslur samþykktar af verkkaupa eða umboðsmanni hans. Dagvinnulaun launþega í tímamældri ákvæðisvinnu með bónus eða kaupauka fyrir afköst umfram staðalafköst („bónuskerfi") skv. samningum félaga innan Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks og annarra félaga verkamanna og verkakvenna skal einungis miða við dagvinnukauptaxta, sem unnið er eftir. Dagvinnulaun í allri annarri ákvæðisvinnu skulu metin þannig á hverju uppgjörstímabili, að deilt er í heildarlaun með vinnustundafjölda að viðbættum ¼ — fjórðungi — og síðan margfaldað með dagvinnustundafjölda eða hliðstæðu hans skv. vinnutímaskýrslu.

Verðbótaviðauka skal aldrei taka inn í reiknitölur ákvæðisverka eða kauptaxta ákvæðisvinnufólks, en skal koma til uppgjörs eftir á á grundvelli vinnutíma og tekna á uppgjörstímabilinu.

5. gr.

Ekki skal verðbótaviðauki talinn til mánaðarlauna, vikukaups eða dagvinnukaups, þegar reiknaðir eru taxtar, álög, afleiddir taxtar eða kaupaukar, sem leiddir eru af launum þessum, og er réttur til verðbótaviðauka persónubundinn hverju sinni.

Varðandi orlofsuppgjör, lífeyrissjóðsgreiðslur og þess háttar greiðslur skal farið með verðbótaviðauka á sama hátt og yfirvinnu.

6. gr.

Gjalddagi verðbótaviðauka fyrir tiltekið tímabil er gjalddagi fullnaðarlaunauppgjörs fyrir sama tímabil til viðkomandi launþega skv. lögum, samningum eða venju á viðkomandi vinnustað. Þegar fullnaðaruppgjör launa fyrir umsamið greiðslutímabil fer fram, skal metið hvort launþegi hefur fengið lágmarksverðbætur eftir 1. júní 1978 fyrir það greiðslutímabil í samræmi við ákvæði 2. gr., og skal þá greiða launþega verðbótaviðauka, ef á vantar.

7. gr.

Kauplagsnefnd gefur út leiðbeiningar um ákvörðun verðbótaviðauka á hverju þriggja mánaða greiðslutímabili, eftir því sem þörf krefur.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast gildi 1. júní 1978 og tekur þá við af reglugerð um verðbótaviðauka nr. 104 7. mars 1978, er sett skv. ákvæðum í 2. gr. laga nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum, sbr. 1. gr. laga nr. 63 24. maí 1978 um breyting á þeim lögum.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari fara að hætti opinberra mála.

Forsætisráðuneytið, 24. maí 1978.

Geir Hallgrímsson.

Guðmundur Benediktsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 — 1978

Nr. 176. 278 24. apríl 1978.

AUGLÝSING

um samning milli fjármálaráðuneytisins f. h. ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands um lánafyrirgreiðslu og vaxtakjör.

Fjármálaráðuneytið f. h. ríkissjóðs og Seðlabankinn gera með sér eftirfarandi samkomulag um lánafyrirgreiðslu og vaxtakjör í þeim tilgangi að ná þeim fjármálalegu markmiðum, sem fram eru sett í fjárlögum og lánsfjáráætlun á ári hverju. Er þá höfð hliðsjón af ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands um árstíðabundna fyrirgreiðslu við ríkissjóð, er gerist upp í lok hvers fjárhagsárs.

1. gr.

Árstíðabundin rekstrarfjárfyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð í mánaðarlok og innan hvers mánaðar miðist við greiðsluáætlun, sem fjármálaráðuneytið gerir í upphafi hvers fjárlagaárs og aðilar koma sér saman um. Greiðsluáætlanir þessar skulu byggðar á fjárlögum og þeim breytingum, sem kunna að verða samþykktar á þeim, og skulu þær miðast við jöfnuð í lok hvers fjárlagaárs, eftir að greitt hefur verið af samningsbundnum skuldum ríkissjóðs við bankann.

2. gr.

Reynist rekstrarfjárþörf ríkissjóðs meiri en ráð er fyrir gert í 1. gr., mun Seðlabankinn veita viðbótaryfirdrátt á viðskiptareikningum allt að 30% umfram greiðsluáætlun, en jafnframt mun fjármálaráðuneytið beita tiltækum ráðum til þess að draga úr lánsfjárþörfinni, svo sem með endurskoðun útgjaldaáforma og öflun viðbótartekna.

3. gr.

Við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjáráætlunar fyrir næsta ár skal þess gætt, að heimild til lákuntöku rúmi hugsanlega skuldamyndun ríkissjóðs við Seðlabankann á því ári, sem er að líða. Í samræmi við það skal skuld á viðskiptareikningum ríkissjóðs við Seðlabankann í árslok jöfnuð í upphafi næsta árs með lántöku á lánamarkaði utan Seðlabankans og aðstoðar bankinn ríkissjóð við þá lánsfjáröflun eða lánsútboð, sbr. ákvæði 14. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands.

Ef hins vegar eru innstæður á viðskiptareikningum ríkissjóðs í árslok, verði stefnt að því að nota þær til að flýta endurgreiðslum umsaminna lána við Seðlabankann.

4. gr.

Dagsmeðaltal nettóskuldar á viðskiptareikningum, er til vaxtareiknings koma, en skrá yfir þá er að finna á fylgiskjali 1, beri vexti endurkeyptra afurðalána að þeim mörkum, er greinir í 1. gr., en sé skuld þar umfram, verði greiddir almennir yfirdráttarvextir, eins og þeir eru hjá innlánsstofnunum á hverjum tíma, þ. e. samtala vaxta og viðskiptagjalds.

Af nettóinnstæðu á viðskiptareikningum, skv. fylgiskjali 1, skal reikna vexti endurkeyptra afurðarlána í Seðlabankanum.

Af viðskiptaskuld, sem um hefur verið samið, skv. 1. gr., sé samkvæmt nánara samkomulagi að jafnaði hluti í formi ríkissjóðsvíxla, er beri almenna víxilforvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma. Fari kaup ríkisvíxla fram úr 15% af þeirri fjárhæð, skal það sem umfram er ekki skerða þá fjárhæð, er ber vexti endurkeyptra afurðalána skv. 1. málsgrein þessarar greinar.

Verði verulegar breytingar á innbyrðis hlutfalli útlánsvaxta, skulu framangreind vaxtaákvæði tekin til endurskoðunar með viðræðum milli samningsaðila.

Reykjavík, 21. apríl 1978.

Seðlabanki Íslands
Jóhannes Nordal.
Davíð Ólafsson.

F. h. Ríkissjóðs Íslands
Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

Fylgiskjal 1 með samningi, dags. 21. apríl 1978, milli fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands um lánafyrirgreiðslu og vaxtakjör.

Skrá um viðskiptareikninga ríkissjóðs við Seðlabankann, er koma til vaxtareiknings (vaxtajöfnunar):

Við gerð samningsins og þar til annað verður ákveðið eru viðskiptareikningar til sameiginlegs vaxtareiknings þeir, sem hér verða greindir. Vextir reiknast af meðaltali allra viðskiptadaga ársins á öllum reikningunum skv. ákvæðum 4. gr. samningsins.

I. Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs, þ. e. reikningar A-hluta ríkisreiknings.

Nr.	Nafn
2501—7	Ríkisféhirðir
2502—5	Ríkissjóður, SKÝRR-tékkar
2503—3	Ríkissjóður v/launaávísana
2506—8	Ríkissjóður v/launaávísana
2507—6	Ríkisbókhald
2508—4	Ríkissjóður v/launaávísana
2509—2	Gjaldheimtan í Reykjavík
2510—6	Ríkissjóður v/barnabóta
2511—4	Tollstjórinn í Reykjavík
2513—0	Byggingarfé opinberra stofnana
2559—9	Ríkissjóður v/Siglósíldar
2561—0	Ríkissjóður v/bráðabirgðaláns til K. Jónssonar
2601—3	Ríkissjóður v/ógreiddra vinninga A-1972
2604—8	Ríkissjóður v/ógreiddra vinninga B-1973
2606—4	Ríkissjóður v/ógreiddra vinninga C-1973
2608—0	Ríkissjóður v/ógreiddra vinninga
2610—2	Ríkissjóður v/ógreiddra vinninga
2612—9	Ríkissjóður v/ógreiddra vinninga
2614—4	Ríkissjóður v/ógreiddra vinninga
2619—6	Ríkissjóður v/ógreiddra vinninga
2622—6	Ríkissjóður v/ógreiddra vinninga

II. Aðrir viðskiptareikningar, þ. e. reikningar B-hluta ríkisreiknings.

Nr.	Nafn
2512—2	Ríkissjóður v/framkvæmdaáætlunar
2514—9	Spariskírteini ríkissjóðs, sölureikningar
2515—7	Spariskírteini ríkissjóðs, innlausnarreikningur
2517—3	Tollstöðvargjöld
2521—1	Ríkissjóður v/erlendra framkvæmdalána
2523—8	Ríkissjóður v/UA-láns
2525—4	Happdrættislán
2533—5	Landakaupasjóður, c/o Lánasjóður sveitarfélaga
2544—0	Ríkisábyrgðasjóður v/innheimtu spariskírteina
2551—3	Ríkissjóður v/verðtryggingareiknings Viðlagasjóðs
2558—0	Ríkissjóður v/bráðabirgðareikn. v/Framleiðsluráðs
2560—2	Ríkissjóður v/endurgreiðslu erlendra lána
2562—9	Ríkissjóður v/innheimtu erlendra lána
2563—7	Ríkissjóður v/Landsvirkjunar
2626—1	Ríkissjóður
3012—6	Ríkisábyrgðasjóður

Fjármálaráðuneytið, 24. apríl 1978.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 177. 24. apríl 1978.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 264 31. desember 1971 um raforkuvirki.

1. gr.

Á eftir § 343: Raforkuvirki á byggingasvæði í 3. kafla reglugerðarinnar kemur nýtt § 344, svohljóðandi:

§ 344 Raforkuvirki á hafnarsvæðum.

Ákvæðin í þessari grein eiga við raforkuvirki, sem notuð eru á bryggjum og viðleguplássum skipa, svo sem vegna landtengingar skipa eða við vinnu um borð í skipum og við skipshlið.

Jafnframt gilda ákvæði § 343 „Raforkuvirki á byggingarsvæðum" um raforkuvirki, sem notuð eru við vinnu á bryggjum, eftir því sem við á.

Hér er m. a. átt við rafbúnað í eigu eða umsjá verkstæða, sem annast vinnu við skip eða bryggjur.

a) Aðveita fyrir samfellt athafnasvæði á bryggju skal tekin frá aðeins einni aðaltöflu eða aðaldreifitöflu.

b) Varnir gegn of hárri snertispennu.

1. Á hafnarsvæði skal við hafa eina eða fleiri eftirtalinna varnarráðstafana: Lekastraumsrofvörn, varnarsmáspennu eða aðskildar straumrásir. Marklekastraumur lekastraumsrofa má ekki vera meiri en 1 A,þar sem lekastraumsrofvörn er beitt, fyrir tenglagreinar með 63 A tenglum eða minni, skal marklekastraumur lekastraumsrofa þó ekki vera meira en 30 mA.

c) Töflur:
Töflur skulu vera í þar til gerðum húsum eða hlífðarskýlum, sem veita fullnægjandi vörn gegn veðrum, sjógangi og áverkum. Rafbúnaður í slíkum húsum skal þá vera í samræmi við ákvæði § § 334 og 335 um raka og blauta staði. Töfluhús skulu vera læst. Töflubúnaður, sem verður fyrir beinum áhrifum veðurs á bryggjum, skal vera a. m. k. vatnsþéttur (samsvarandi IP 66).

d) Rafbúnaður:
Tengidósir og annar búnaður skal vera að minnsta kosti af vatnsþéttri gerð, (samsvarandi IP 66). Æskilegt er að tengidósir, kassar og rofar hafi umgerð úr einangrandi efni.

e) Strengir:
Strengir í föstum lögnum í bryggjugólfi og uppfyllingu skulu vera plastjarðstrengir. Strengir skulu vera varðir gegn allri áverkahættu af völdum umferðar og vinnu á bryggju, t. d. lagðir í stokk eða pípu undir bryggjugólfi. Sjá einnig § § 334, 335 og 340 um raforkuvirki utanhúss.

f) Tenglar og fyrirkomulag þeirra.
Tenglar skulu vera skv. CEE staðli, Publication 17 „Specification for plugs and socket-outlets for industrial purposes". Þeir skulu hafa umgerð úr einangrunarefni og vera a. m. k. vatnsþéttir (hlífðarflokkur IP 66). Tenglum skal komið fyrir þannig að þeir séu varðir gegn öllum áverkum af völdum umferðar eða vinnu, t. d. í nægilega rúmgóðum þróm, sem felldar eru niður í bryggjugólfið eða komið fyrir á annan tryggan hátt. Ekki má nota tengil fyrir annað spennukerfi, en hann er gerður fyrir samkvæmt staðlinum. Við tengla skal vera sérstakur togfestibúnaður þannig að átak á lausataugar reyni ekki á tenglana sjálfa. Taka verður tillit til hugsanlegrar flóðhæðar. Þrær og stokkar skulu hafa afrennsli fyrir vatn, er kynni að leita í þær.

Tengla upp í 32 A málstraum má nota til að rjúfa álag beint. Stærri tengla má ekki nota til að rjúfa álag beint, nema rofgeta þeirra sé við það miðuð. Ella skulu tenglar vera í vélrænum eða rafmagnslegum læsitengslum við rofa.

g) Lausataugar:
Lausataugar skulu vera að minnsta kosti þolnir gúmstrengir af veður og olíuvarinni gerð (CEE (2) 66 eða samsvarandi gerð). Um lausataugar, vinnutöflur, handverkfæri og þ. h. skal fara eftir ákvæðum § 343.

h) Lausataugar til tengingar skipa við rafkerfi á landi skulu vera samkvæmt kröfum Siglingamálastofnunarinnar og fylgja rafkerfi skipsins.

Gæta ber þess, að lausataug, sem liggur út í skip, e. t. v. yfir annað skip, sé hæfilega löng og lögð nægilega hátt, til þess að hún skemmist ekki, m. a. vegna hreyfingar skips.

i) Búnaður, sem framleiðir jafnspennu til notkunar í skipi, skal þannig gerður, að hann tryggi aðskilnað jafnstraumskerfis skipsins og kerfisins í landi.

j) Umsjón:
Raforkuvirki á bryggjum, svo og tengi skipa eða búnaður við þau, skulu vera í umsjón eins ábyrgs aðila.

Sá maður gæti verið hafnarvörður eða maður tilnefndur af honum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. júní 1978 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. apríl 1978.

Gunnar Thoroddsen.

Gísli Einarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 264 31. desember 1971 um raforkuvirki.

1. gr.

Á eftir 5. tölulið f stafliðar í § 278 kemur nýr stafliður svohljóðandi:

g) Vatnshitunartæki með rafhitun.

Eftirfarandi reglur gilda um rafhituð vatnshitunartæki, svo sem neysluvatnsgeyma, safnhitageyma, rafhitaða miðstöðvarkatla og fleira. Reglurnar eiga við vatnshitatæki, hvort sem þau eru framleidd sem heild eða í hlutum og sett saman á notkunarstað. Um tæki, sem viðurkenningarskyld eru skv. § 701—713, gilda jafnframt þær reglur, sem Raffangaprófunin viðurkennir, eftir því sem við á.

1. Vatnshitunartæki með rafhitun skulu hafa eftirtalinn öryggis- og stillibúnað:
   1.1 Rekstrarhitastilli, sem rýfur straum af hitara, þegar ástilltu rekstrarhitastigi er náð.
   1.2 Yfirhitavar, sem rýfur straum af hitaranum, fari hitastig vatnsins yfir leyfilegt hámark. Yfirhitavar skal vera þannig, að hitun hefjist ekki sjálfvirkt á ný heldur þurfi til þess handinnsetningu. Yfirhitavarið skal að jafnaði sett ofarlega í geymi sem næst vatnsúttaki. Sé yfirhitavar búið fjarstýribúnaði (rafmagn, loft o. þ. h.) skal svo frá gengið, að hitunin stöðvist sjálfkrafa, ef straumur fer af fjarstýribúnaðinum. Rekstrarhitastillar og yfirhitavör skulu rjúfa snöggt, svo að rof sé öruggt.

   Rafmagnseftirlitið getur samþykkt opna neysluvatnsgeyma án yfirhitavars, enda sé útloftun þeirra fullnægjandi og varanlegt viðvörunarspjald á tækinu, pípu eða á áberandi stað, er bendi á, að útloftun eða yfirfallspípu megi ekki loka.
2. Sé aðalstraumrásum hitara stjórnað með segulrofum, sem rekstrarhitastillar og/eða yfirhitavar verka á skal málstraumur þeirra vera minnst 20% meiri en svarar til afls hlutaðeigandi hitara.
3. Þegar um er að ræða rafhitaðan ketil í lokuðu miðstöðvarkerfi eða safnhitageymi (t. d. svonefnda næturhitun) skulu straumrásir að hiturum vera rjúfanlegar með a. m. k. tveim raðtengdum rofum, sem hafa trygga verkun, ef hitastig vatnsins fer yfir leyfileg mörk.

   Til þess að fullnægja þessu eru m. a. eftirfarandi lausnir viðurkenndar:
   3.1 Aflrofi og segulrofar raðtengdir.
   3.11 Aflrofinn skal tengdur framan við segulrofa. Hann skal rjúfa aðalstraumrás hitara og stýrirás segulrofa og hafa málstraum eigi minni en málstraum hitara. Aflrofi skal búinn útleysibúnaði, sem þannig er tengdur yfirhitavari, að rofinn falli út, ef varið rýfur stýrirásina. Sé aflrofinn búinn yfirstraums- og skammhlaupsvörn, getur hann komið í stað vara eða sjálfvirkra vara fyrir hitara, enda sé skammhlaupsrofgeta hans eigi minni en krafist er um rofgetu tilsvarandi vara (sjá Sk 278—1).
   3.2 Aðalsegulrofi raðtengdur við segulrofa hitara.
   Aðalsegulrofa skal aðeins stjórnað af yfirhitavörum eða öðrum varnarbúnaði t. d. þrýstirofum og einnig má vera í rásinni handstýrður. öryggisrofi. Önnur stjórntæki vegna rekstrar kerfisins skulu ekki vera í þeirri rás.

   Aðalsegulrofi skal rjúfa aðalstraumrás hitara og stýrirásir segulrofa einstakra hitara. Yfirhitavar í stjórnrás aðalsegulrofans skal vera þannig, að straumur komi ekki sjálfvirkt á aftur heldur þurfi til þess handinnsetningu (sjá Sk 278—2).

4. Vörn gegn brunahættu.
   4.1 Heitavatnsgeymar skulu vera í öruggri fjarlægð frá brennanlegum byggingarhlutum.
   Fjarlægð þessi skal a. m. k. vera:
   4 cm við geyma allt að 100 l að rúmtaki, 8 cm við geyma yfir 100 l að rúmtaki (sjá Sk 278—3).
   4.2 Sé ekki hægt að ná ofangreindum fjarlægðum, skulu hinir brennanlegu byggingarhlutar eða aðrir hlutar klæddir óbrennanlegu hitaeinangrandi efni. Fjarlægðin milli geymis og þeirrar klæðningar verður að vera a. m. k. 1 cm.
   4.3 Sé heitavatnsgeymir umlukinn brennanlegum byggingarhlutum á allar hliðar skal séð fyrir fullnægjandi loftrás gegnum þar til ætluð loftræsiop.
5. Rafmagnsvatnshitunartæki, rafbúnaður þeirra og innbyrðis lagnir skulu að öðru leyti fullnægja gildandi ákvæðum þessarar reglugerðar.
6. Sé vatnshitunarkerfi viðurkenningarskylt af Öryggiseftirliti ríkisins, er óheimilt að taka í notkun nýtt kerfi, nema fyrir liggi notkunarleyfi þess.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. apríl 1978.

Gunnar Thoroddsen.

Gísli Einarsson.

27. apríl 1978. Nr. 179.

AUGLÝSING

um skipulag í Nauteyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Nauteyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu að undanskyldum nauðsynlegum byggingaframkvæmdum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. apríl 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

9. maí 1978. Nr. 180.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 250.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 500.00 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. maí 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 181. 10. maí 1978.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á skreið fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á skreið fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1978:

	pr. kg. fob.
Þorskur:	
Saga IG	kr. 1 160
Saga IM	— 1 115
Edda og Lúna 50/60	— 1 026
Edda og Lúna 60/70	— 1 048
Edda og Lúna 70/up	— 1 048
Astra	— 1 040
Polar	— 1 040
Ufsi:	
Astra	kr. 730
Polar	— 730
Keila:	
Astra	kr. 1 040
Polar	— 1 040
Ýsa:	
Astra	kr. 730
Polar	— 730
Langa:	
Astra	kr. 1 040
Polar	— 1 040

Verðbil verður 5%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. maí 1978.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 79/1971, um menntamálaráðuneytið, verkefni, skipulag og starfsreglur.

Með skírskotun til 7. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, er auglýsingu nr. 79/1971, með áorðnum breytingum, breytt á þann veg að á eftir Verk- og tæknimenntunardeild komi:

Íþrótta- og æskulýðsmáladeild.

Verkefni: Íþróttamál, þ. á m. skólaíþróttir, Íþróttakennaraskóli Íslands, íþróttasjóður, Æskulýðsráð ríkisins, samskipti við Íþróttasamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Æskulýðssamband Íslands, æskulýðs- og tómstundastarfsemi, félagsstarfsemi á sviði íþrótta- og æskulýðsmála, þ. á m. í skólum.

Verkefni annarra deilda ráðuneytisins breytist í samræmi við þetta.

Breyting þessi öðlast gildi 1. maí 1978.

Menntamálaráðuneytið, 30. apríl 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

26. apríl 1978. Nr. 183.

ERINDISBRÉF

fyrir dýralækni án fastrar búsetu (sbr. lög um dýralækna nr. 31/1970).

1. gr.

Landbúnaðarráðherra ræður dýralækni án fastrar búsetu (faranddýralækni) til ákveðins tíma í senn, að fengnu áliti yfirdýralæknis. Faranddýralæknir skal undirrita eiðstaf um að hann vilji rækja dýralæknisstörf sín og skyldur með alúð og kostgæfni.

2. gr.

Dýralæknir án fastrar búsetu (faranddýralæknir) hefur skyldur og nýtur réttinda sem opinberir starfsmenn. Um föst laun hans fer eftir ákvörðun kjarasamnings ríkisstarfsmanna (D. I.).

3. gr.

Yfirdýralæknir segir fyrir um störf faranddýralæknis að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Að jafnaði skal beina störfum hans til þeirra héraða þar sem þörfin er talin brýnust hverju sinni. Starfstími hans skal markaður hverju sinni.

4. gr.

Þegar faranddýralæknir gegnir dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralæknis eða vegna orlofs hans, skal hann hafa skyldur og njóta réttinda sem héraðsdýralæknir, samanber lög um dýralækna 31/1970 og erindisbréf héraðsdýralækna 21. september 1971. Skal hann hafa afnot af talsíma héraðsdýralæknis og starfsaðstöðu sé hún fyrir hendi. Um dvalarkostnað og verkefnaval (eftirlitsstörf, lyfjasölu o. þ. h.) fer samkvæmt samkomulagi dýralæknanna hverju sinni. Sama gegnir þegar faranddýralæknir gegnir störfum skv. 5. gr.

5. gr.

Nú gegnir faranddýralæknir störfum í umdæmi ásamt héraðsdýralækni þeim er þar þjónar, skal þá héraðslæknirinn segja fyrir um verkaskiptingu og vinnutilhögun. Um þóknun faranddýralæknis fyrir dýralæknisstörf skal höfð hliðsjón af gjaldskrá fyrir dýralækna. Faranddýralæknir skal greina héraðsdýralækni frá störfum sínum jafnóðum og gefa skýrslu um þau sé þess óskað.

Um dvalarkostnað meðan á störfum í héraðinu stendur fer samkvæmt samkomulagi við héraðsdýralækni.

6. gr.

Nú er faranddýralæknir kvaddur af yfirdýralækni til sérstaks eftirlits eða dýralæknisstarfa sem hafa í för með sér veruleg ferðalög og á hann þá rétt á ferðakostnaði og dvalarkostnaði samkvæmt reglum sem um það gilda hverju sinni.

7. gr.

Faranddýralæknir skal í lok hvers árs gefa yfirdýralækni skriflega skýrslu um störf sín á árinu, einkum að því er tekur til sjúkdóma búfjár og eftirlitsstörf sem hann hefur haft á hendi.

8. gr.

Faranddýralæknir skal leita álits og úrskurðar yfirdýralæknis um atriði sem hann er í vafa um.

Faranddýralæknir verður að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að vera á erindisbréfi þessu.

9. gr.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum um dýralækna nr. 31 6. maí 1970, og tekur gildi þegar í stað.

Reykjavík, 21. apríl 1978.

Páll A. Pálsson.

Erindisbréf þetta staðfestist hér með.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. apríl 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Nr. 184. 25. apríl 1978.

AUGLÝSING

um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda.

Samkvæmt tillögu Náttúruverndarráðs og heimild í 23. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, hefur verið ákveðið að friðlýsa eftirtaldar plöntutegundir þar sem þær vaxa villtar hér á landi.

1. Dvergtungljurt (Botrychium simplex).
2. Mosaburkni (Hymenophyllum wilsonii).
3. Skeggburkni (Asplenium septentrionale).
4. Svartburkni (Asplenium trichomanes).
5. Klettaburkni (Asplenium viride).
6. Tunguskollakambur (Blechnum spicant var. fallax).
7. Hlíðaburkni (Cryptogramma crispa).
8. Burstajafni (Lycopodium clavatum).

9. Knjápuntur (Sieglingia decumbens).
10. Heiðarstör (Carex heleonastes).
11. Trjónustör (Carex flava).
12. Fitjasef (Juncus gerardi).
13. Villilaukur (Allium oleraceum).
14. Ferlaufasmáli (Paris quadrifolia).
15. Eggtvíblaðka (Listera ovata).
16. Tjarnablaðka (Polygonum amphibium).
17. Línarfi (Stellaria calycantha).
18. Flæðarbúi (Spergularia salina).
19. Melasól með hvítum og bleikum blómum (Papaver raticatum ssp. Stefanssonii).
20. Vatnsögn (Crassula aquatica).
21. Hreistursteinbrjótur (Saxifraga foliolosa).
22. Blóðmura (Potentilla erecta).
23. Þyrnirós (Rosa pimpinellifolia).
24. Glitrós (Rosa vosagiaca).
25. Súrsmæra (Oxalis acetosella).
26. Tjarnabrúða (Callitriche brutia).
27. Skógfjóla (Viola riviniana).
28. Davíðslykill (Primula egaliksensis).
29. Lyngbúi (Ajuga pyramidalis).
30. Hveraaugnfró (Euphrasia calida).
31. Mýramaðra (Galium palustre).

Samkvæmt þessu er lagt bann við að slíta af þessum plöntum sprota, blöð, blóm eða rætur, traðka á þeim, grafa þær upp eða skerða á annan hátt.

Með þessari auglýsingu er jafnframt felld úr gildi auglýsing nr. 130/1967 um sama efni.

Menntamálaráðuneytið, 25. apríl 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

22. maí 1978. Nr. 185.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið frá 1. apríl til 15. júlí 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið frá 1. apríl til 15. júlí 1978:

Spærlingsmjöl, $ 6.60 á próteineiningu í lest.
Kolmunnamjöl, $ 6.60 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 8%.

Verðin miðast við Cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1 = 253.90.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 60% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. maí 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 186. 18 apríl 1978.

AUGLÝSING

um reglugerð sem numin er úr gildi.

Reglugerð um vistun lyfjafræðistúdenta til verklegs náms nr. 326 13. nóvember 1973 er hér með úr gildi felld.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. apríl 1978.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Almar Grímsson.

Nr. 187. 13. apríl 1978.

SAMÞYKKT

um stjórn Sauðárkróks.

I. KAFLI
Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum samkvæmt lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.

1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár).

   Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig áætlaðar tekjur skiptast, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið.

2. Bæjarstjórn hefur yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, sér um að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun.
3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

B. Bæjarstjórn hefur yfirumsjón verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún m. a. á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taki lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.

C. Bæjarstjórn kýs eða ræður bæjarstjóra, kýs bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Ennfremur ræður hún fasta starfsmenn bæjarins og semur um laun þeirra.

D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrá bæjarfyrirtækja eftir því, sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI
Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrri fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs. Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur 5 eða fleiri atkvæði. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð við tvennar óbundnar kosningar, skal kjósa bundinni kosningu um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Ef þrír eða fleiri hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um hverja tvo þeirra skuli kjósa. Verður þá rétt kjörinn sá, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og allar ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram.

Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal þess geta, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu allir viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er samróma hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur fundi að jafnaði hálfsmánaðarlega og þá á þriðjudögum, og skal fundur að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er bæjarstjórn að fækka fundum í júlí og ágúst.

Aukafundi skal halda, skv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar, eða ef 3 bæjarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Kynningu fundargerða stjórna þeirra stofnana og fyrirtækja, sem bærinn á aðild að, eða er þátttakandi í.
3. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar, skv. 2. gr., sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.
4. Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum. Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en kl. 12 á hádegi daginn næstan fyrir auglýstan fund.

Bæjarstjóri skal sólarhring fyrir auglýstan fund hafa sent öllum bæjarfulltrúum, og jafn mörgum varafulltrúum, dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar. Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta til upplýsingar orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki ⅔ viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar skal auglýsa fundi bæjarstjórnar með a. m. k. 24 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið, að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins að séu þannig rædd. Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi.
Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.
Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um.
Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.
Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefndar eða með því að fresta því.
Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema fjárhagsáætlun bæjarins og bæjarfyrirtækja, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.
Um þessi mál skulu fram fara tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hægri hönd. Nafnakall skal hafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða bæjarfulltrúi. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta á skrána í réttri röð í stað nafna þeirra sem fjarstaddir eru.
Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.
Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.
Bæjarstjórn getur heimilað, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundi, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Flutningsmaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd.
Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra, skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða.

16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram hvaða lið eða liði fundargerðar hann óski að ræða, og má ekki ræða nema eitt mál í einu.
Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum verði hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust.

Þrír bæjarfulltrúar hið fæsta geta borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi framar á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

19. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að allar umræður í bæjarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert undan falla, sem fram hefur komið á fundi bæjarstjórnar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera, nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

20. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða annarri nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

21. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

22. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

23. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista, og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamann skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem þess óskar, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI.
Um Bæjarráð, Félagsmálaráð og Veitustjórn.

25. gr.

Bæjarráð:

Á fundi bæjarstjórnar í júní skulu kosnir þrír bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara. Kosning bæjarráðs gildir, uns nýtt bæjarráð hefur verið kosið. Bæjarráð kýs sér formann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Bæjarráð skal halda fund að jafnaði einu sinni í viku, á fimmtudögum kl. 4 e. h. Heimilt er þó bæjarráði að fækka fundum í júlí og ágústmánuðum. Aukafund skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða einn bæjarráðsmaður óskar þess skriflega. Formaður sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum, og úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum. Þeim úrskurði má skjóta til úrlausnar bæjarráðs.

Bæjarráð ræður fundarritara.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

26. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Sauðárkrókskaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

27. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárstjórn bæjarins, sbr. 47. gr. laga nr. 58/1961. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins, og sér um, að reikningar hans séu samdir.

Bæjarráð ákveður, hvernig varið skuli fé því, sem ætlað er til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

28. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu er málefni, sem störf þeirra snerta og bæjarstjóri eða bæjarráð óskar að þeir sitji fund.

29. gr.

Félagsmálaráð:

Á fundi í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn í Félagsmálaráð fimm menn og fimm til vara. Tveir fulltrúar hið minnsta skulu vera aðalfulltrúar í bæjarstjórn og skal aðalfulltrúi í bæjarstjórn vera formaður ráðsins.

Félagsmálaráð kýs sér formann.

Félagsmálaráð heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Skylt er ráðinu að koma saman til fundar ef bæjarstjóri eða tveir nefndarmenn óska þess.

30. gr.

Aðal verksvið Félagsmálaráðs eru framfærslumál, barnavernd, dagvistun barna, barnaleikvellir, unglingavinna, æskulýðs- og íþróttamál, þjónusta við aldraða, heimilishjálp, tómstunda- og útivistarmál, svo og önnur skyld málefni sem bæjarstjórn felur ráðinu að annast.

31. gr.

Félagsmálaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um ráðningu starfsmanna bæjarins á sviði félagsmálefna, skipuleggur starfssvið þeirra og hefur eftirlit með störfum þeirra.

Félagsmálaráð gerir tillögur til bæjarráðs um fjárframlög til hinna einstöku málaflokka, er það hefur umsjón með og um styrkveitingar til félaga í bænum í sambandi við gerð fjárhagsáætlana.

32. gr.

Veitustjórn:

Á fundi bæjarstjórnar í júní skulu kosnir í Veitustjórn þrír bæjarfulltrúar eða varabæjarfulltrúar og jafn margir til vara. Formaður Veitustjórnar skal vera aðalfulltrúi í bæjarstjórn og kýs Veitustjórn hann.

Kosning Veitustjórnar gildir þar til ný hefur verið kosin.

Með Veitustjórn skulu starfa ráðnir forstöðumenn Rafveitu, Hitaveitu og Vatnsveitu.

Fundi skal halda reglulega aðra hvora viku og oftar, ef formaður, forstöðumenn veitna eða stjórnarmenn óska.

33. gr.

Veitustjórn hefur eftirlit með fjárstjórn og framkvæmdum Rafveitu, Hitaveitu og Vatnsveitu, leggur fram tillögur um fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun fyrir hvert starfsár í tengslum við fjárhagsáætlun bæjarins. Rafveita, Hitaveita og Vatnsveita skulu hver um sig hafa sjálfstæðan fjárhag og skila sérstöku reikningsuppgjöri.

Veitustjórn hagar fjárstjórn veitnanna þannig, að þær séu reknar fyrir þjónustugjöld, samkvæmt fyrirfram samþykktri gjaldskrá og með lánsfé til reksturs og framkvæmda, sem bæjarstjórn samþykkir.

Laun nefndarmanna í Veitustjórn skulu vera hin sömu og fulltrúa í bæjarráði miðað við fjölda funda og skiptist kostnaðurinn á veiturnar eftir upphæð veitugjalda.

V. KAFLI

Um kosningu nefnda o. fl.

34. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Ekki má framselja nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefnda er óákveðinn, skal líta svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda. Þó skal litið svo á að nefnd sem hefur til úrlausnar ákveðið afmarkað verkefni, haldi áfram starfstíma sínum, þar til verkefnið er til lykta leitt, nema bæjarstjórn álykti sérstaklega um að leysa hana frá störfum.

35. gr.

A. Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan á fundi bæjarstjórnar í júnímánuði út kjörtímabilið, skal kjósa eftirtaldar nefndir til eins árs:

1. Bæjarráð samkv. ákvæðum í 4. kafla samþykktanna.
2. Félagsmálaráð, samkv. ákvæðum 4. kafla samþykktanna.
3. Veitustjórn, samkv. 4. kafla samþykktanna.
4. Atvinnumálanefnd — 7 aðalmenn og 7 til vara.
5. Bygginganefnd — 4 aðalmenn, þar af eigi færri en tvo bæjarfulltrúa og varamenn skal kjósa á sama hátt.
6. Hafnarnefnd — 4 aðalmenn, þar af eigi færri en tvo bæjarfulltrúa og varamenn á sama hátt.
7. Kjörstjórn — 3 aðalmenn og 3 til vara (kjörstjórn við alþingiskosningar er yfirkjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar).
8. Endurskoðendur bæjarreikninga — 2 aðalmenn og 2 til vara.

B. Á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar skal kjósa í eftirtaldar nefndir til 4 ára:

1. Skólanefnd — 5 aðalmenn og 5 varamenn.
2. Iðnskólanefnd — 2 aðalmenn og 2 varamenn.
3. Heilbrigðisnefnd 5 aðalmenn og 5 varamenn.
4. Áfengisvarnarnefnd — 6 aðalmenn og 6 varamenn.
5. Muna- og minjanefnd —3 aðalmenn og 3 varamenn.
6. Stjórn Safnahúss og Bókasafns — 3 aðalmenn og 3 varamenn.
7. Náttúruverndarnefnd — 5 aðalmenn og 5 varamenn.
8. Sáttanefnd — 2 aðalmenn og 2 varamenn.
9. Sjúkrasamlagsstjórn — 4 aðalmenn og 4 varamenn.
10. Stjórn sjúkrahúss — 1 aðalmaður og 1 varamaður.
11. Sjó- og verslunardómur — 9 aðalmenn og 9 varamenn.
12. Skólanefnd Tónlistarskóla — 1 aðalmaður og 1 varamaður.
13. Skógræktarsjóður Skagafjarðar — 1 aðalmaður og 1 varamaður.
14. Skagfirðingasjóður — 1 aðalmaður og 1 varamaður.
15. Sjóður Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur — 1 aðalmaður og 1 varamaður.
16. Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga — 2 aðalmenn og 2 varamenn.
17. Fjórðungsþing Fjórðungssambands Norðlendinga — 2 aðalmenn og 2 varamenn.
18. Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands — 1 aðalmaður og 1 varamaður.
19. Endurskoðendur Menningarsjóðs Sparisjóðs Sauðárkróks — 2 aðalmenn og 2 varamenn.
20. Endurskoðanda reikninga Sjúkrahúss Skagfirðinga — 1 aðalmaður og 1 varamaður.

C. Aðrar nefndir eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

VI. KAFLI
Um starfsmenn bæjarins.

36. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerð um sérmál tiltekinna stofnana.

Áður en ráðið er í fast starf, skal að jafnaði auglýsa starfið laust til umsóknar. Bæjarstjórn getur ákveðið hver almenn skilyrði skulu gilda um ráðningu í störf hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðin störf.

Bæjarstjórn getur kveðið á um starfssvið fastra starfsmanna bæjarins og sett þeim erindisbréf. Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingu á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Uppsagnafrestur fastra starfsmanna bæjarins skal vera þrír mánuðir.

VII. KAFLI.
Um bæjarstjóra.

37. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma. Ráðningarsamningur er uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara.

Nú næst ekki meiri hluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

38. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn og bæjarráð taka sbr. 26. gr.

Bæjarstjóri auglýsir eftir fólki í föst störf hjá bænum og bæjarfyrirtækjum eftir ákvörðun bæjarstjórnar þar um og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipun í þau störf.

Lausráðning fólks til skamms tíma ákvarðar bæjarstjóri í samráði við bæjarráð og forstöðumenn fyrirtækja bæjarins.

39. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda, þótt hann sé ekki í þær kosinn.

40. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má, senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins. Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs, sbr. 3. mgr. 27. gr.

41. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykkt bæjarstjórnar. Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

42. gr.

Bæjarstjóra er heimilt að fengnu samþykki bæjarráðs, að fela öðrum að gegna störfum sínum í forföllum.

43. gr.

Skrifstofustjóri bæjarins er jafnframt bæjargjaldkeri, og hefur með höndum daglega stjórnun í fjármálum bæjarins undir stjórn bæjarstjóra, þar á meðal gerð

og útsendingu gjaldseðla, innheimtu tekna bæjarins og umsjón með daglegu starfi á skrifstofum.

VIII. KAFLI.
Um endurskoðendur.

44. gr.

Bæjarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda til þess að annast faglega endurskoðun bókhalds bæjarins og uppsetningu reikninga bæjarins og bæjarfyrirtækja.

Hann skal gefa bæjarstjórn skriflega skýrslu um reikningshaldið árlega.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að framkvæma heildarendurskoðun á reikningum og rekstri bæjarins og bæjarfyrirtækja, og skulu þeir skila skriflegri skýrslu um störf sín til bæjarstjórnar, þegar ársreikningar eru lagðir fram.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessara starfa.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d.-liðs 3. kafla laga nr. 58/1961.

Endurskoðun kjörinna endurskoðenda skal lokið eins snemma árs og kostur er og eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir störf sín, eftir ákvörðun bæjarráðs.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkróks hefur samþykkt við tvær umræður, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um stjórn Sauðárkróks nr. 66/1963.

Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

12. apríl 1978. Nr. 188.

AUGLÝSING
um friðland í Esjufjöllum.


Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Esjufjöll og önnur jökulsker í Breiðamerkurjökli ásamt nánasta umhverfi.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Til friðlandsins teljast Esjufjöll, Mávabyggðir, Kárasker og Bræðrasker og svæði umhverfis sem markast af 64°18′N, 16°21′V, 64°07′N, og 16°39′V.

Þessar reglur gilda um friðlandið:

1. Allt jarðrask og aðrar breytingar á landi eru óheimilar.
2. Óheimilt er að skaða dýralíf, skerða gróður, breyta honum eða spilla vatni.
3. Umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð nema á jökli.
4. Fólki er heimil för um friðlandið, en skylt að ganga þannig um að hvergi sé spillt lífi né landi.
5. Aðeins er heimilt að tjalda við Tjaldmýri í Skálabjörgum.
6. Notkun skotvopna er bönnuð.



Til undanþágu frá reglum þessum, svo sem vegna vísindalegra rannsókna, þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 12. apríl 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.


AUGLÝSING

um friðlýsingu Ástjarnar við Hafnarfjörð.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Ástjörn við Hafnarfjörð ásamt næsta nágrenni og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

(1) Staður nálægt norðvestururenda Ástjarnar, neðan túnsins í Stekk, hnit ca. x=23.731, y=7.739, þaðan til suðausturs nálægt 27 m hæðarlínu inn á túnið í Ási að (2), hnit ca. x=23.170, y=7.554, áfram til suðurs í (3), sem er við vesturrætur Ásfjalls, hnit ca. x=23.072, y=7.360, síðan til suðvesturs í (4) hnit ca. x=23.168, y=7.254 og áfram að (5) í norðurhlíð Grísaness, hnit ca. x=23.300, y=7.200 þá



til (6) hnit ca. x=23.500, y=7.200, þaðan út á hraunið vestan Ástjarnar að (7), hnit ca. x=23.881, y=7.142, og áfram eftir hrauninu til norðurs að upphafspunkti (1).

Hnit þessi eru í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951.

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis Náttúruverndarráðs.
2. Óheimilt er að breyta náttúrulegu vatnsborði Ástjarnar, svo og að losa á vatnasviði hennar efni sem skaðað geta gróður eða dýralíf á svæðinu.
3. Gangandi fólki er heimil för um svæðið. Á varptíma (1. maí — 15. júlí) er umferð um svæðið óheimil.
4. Öllum er skylt að ganga vel og hreinlega um friðlandið.
5. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp og fara um friðlandið með skotvopn.

Náttúruverndarráð getur falið náttúruverndarnefnd Hafnafjarðar umboð sitt til framkvæmdar á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 12. apríl 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 190. 18. maí 1978.

REGLUGERÐ

um Leiklistarskóla Íslands.

1. gr.

Hlutverk skólans er að þroska leiklistarhæfileika nemenda og þjálfa þá til leiklistarstarfa.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

3. gr.

Í skólanefnd eiga sæti 9 fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra samkvæmt lögum um skólann. Ráðherra skipar jafnmarga varamenn. Skólanefnd skal vera skólastjóra til ráðuneytis um málefni skólans, m. a. um ráðningu kennara og gerð fjárhagsáætlana. Skólanefndarmenn skulu, eftir því sem unnt er, fylgjast með kennslu og kynningu á verkefnum. Formaður skólanefndar staðfestir ásamt skólastjóra skírteini um námsferil hvers nemanda, sem lýkur námi.

Skólastjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti nema fjallað sé um mál, er varða hann sjálfan.

Formaður boðar fundi.

Leita skal umsagnar skólanefndar áður en skólastjóri er ráðinn.

4. gr.

Skólastjóri annast stjórn skólans og daglegan rekstur hans.

Hann ræður kennara og annað starfslið að skólanum í samráði við skóla-

nefnd eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Hann fer með fjárreiður skólans, hefur umsjón með eignum hans og gerir fjárhagsáætlanir í samráði við skólanefnd, sbr. 3. gr.

Ráðningartími skólastjóra er 4 ár og miðast við 1. júní, en gengið skal frá ráðningu hans fyrir 1. febrúar.

Heimilt er að endurráða skólastjóra önnur 4 ár, ef skólanefnd mælir með því. Samfelldur starfstími hans verði þó aldrei lengri en 8 ár í senn.

Ráðuneytið setur skólastjóra erindisbréf, að fengnum tillögum skólanefndar.

5. gr.

Komið skal á fót samstarfsnefnd innan skólans. Í henni eiga sæti, auk skólastjóra, einn nemandi úr hverjum bekk og einn fulltrúi kennara, kosnir til eins árs í senn.

Samstarfsnefnd er ætlað að vera tengiliður innan skólans og vinna að því, að þar sé ætíð sem best samstarf og skipulag.

Nefndin kemur að jafnaði saman einu sinni í mánuði. Nefndin er ólaunuð.

6. gr.

Skólastjóri og kennarar sem eru í starfi við skólann eiga rétt til setu á kennarafundum.

Kennarafundur fjallar um námsskrá skólans og framkvæmd hennar og er vettvangur umræðna um málefni skólans.

Kennarafund skal halda þegar skólastjóri telur þess þörf eða meirihluti kennara óskar þess.

7. gr.

Skólastjóri og tveir af kennurum skólans, kosnir af kennarafundi, skulu semja drög að námsskrá fyrir skólann og leggja þau fyrir kennarafund og skólanefnd til umsagnar. Menntamálaráðuneytið fær námsskrána síðan til athugunar og staðfestingar.

8. gr.

Í inntökunefnd eiga sæti skólastjóri, sem er formaður nefndarinnar, fulltrúi kennara í skólanefnd og einn kjörinn af stjórn Félags leikstjóra á Íslandi, báðir til eins árs í senn.

Hlutverk inntökunefndar er að annast inntöku nýrra nemenda skólans.

Nefndinni er heimilt að leita aðstoðar annarra sérfróðra aðila ef sérstök ástæða virðist til.

9. gr.

Fjöldi fastráðinna kennara skal háður samþykki menntamálaráðuneytisins, sem ræður þá, að fenginni umsögn skólastjóra og skólanefndar.

Ráðning stundakennara er í höndum skólastjóra í samráði við skólanefnd, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Kennari skilar skólastjóra skriflegri greinargerð um kennsluna í lok annar.

Um kennsluskyldu og launakjör fastráðinna kennara svo og launakjör annarra starfsmanna, fer eftir gildandi kjaraákvæðum á hverjum tíma.

Ráðuneytið setur fastráðnum kennurum erindisbréf, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra.

10. gr.

Heimilt er að ráða ritara til starfa við skólann, ef fjárveiting leyfir. Hann hefur með höndum öll venjuleg skrifstofustörf fyrir skólann, færir kennslu- og

mætingaskrár, annast bóka- og handritavörslu og önnur verkefni er skólastjóri felur honum.

Heimilt skal að ráða tæknimann til starfa við skólann ef fjárveiting leyfir. Hann skal annast vörslu tækja og áhalda skólans og hafa umsjón með upptökuherbergjum, búningasafni, leiktjalda- og leikmunageymslu og ljósabúnaði skólans. Tæknimaður skal hafa með höndum skipulagningu og umsjón á allri tæknilegri vinnu innan skólans, svo sem smíði og útvegun leiktjalda, útvegun búninga og annarra muna, sem til skólastarfsins þarf. Hann skal annast eftirlit með húsnæði og húsbúnaði skólans og önnur verkefni er skólastjóri felur honum.

Annað starfslið ræður skólastjóri að skólanum eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

11. gr.

Aðalnámsgreinar skólans eru leiktúlkun, leikstjórn, leikmyndateiknun og leiksviðslýsing. Í tengslum við þessar greinar eru m. a.: Spuni (improvisation), greining (analysa), leikræn þjálfun, látbragðsleikur, líkamsþjálfun, dans, sviðshreyfingar, sviðsbardagar, taltækni, raddmótun og raddbeiting, söngur, framsögn, íslenska, leiklistarsaga, tónmennt, sálarfræði, félagsfræði, förðun, leikmyndasmíði og leiksviðsstjórn.

12. gr.

Nám í skólanum tekur þrjú ár auk starfs í nemendaleikhúsi í eitt ár. Í námsskrá skólans skal kveðið á um námsgreinar og fjölda kennslustunda. Hverju skólaári er skipt í annir og hverri önn aftur í ákveðin verkefni. Við gerð námsskrár ber að gæta þess að samhengi verði eðlilegt í náminu. Að loknu þriggja ára námi skulu nemendur starfa eitt skólaár í nemendaleikhúsi og setja á svið undir stjórn leikstjóra leiksýningar sem svari til heillar kvöldsýningar. Nemendur velja sjálfir verkefni og leikstjóra að fengnu samþykki skólastjóra. Nemendur vinna sjálfir að allri tæknilegri vinnu undir umsjón tæknimanns. Skólinn greiðir allan sviðsetningarkostnað, sem miðast við brýnustu nauðsynjar og járveitingu hverju sinni. Nemendur gera kostnaðaráætlun fyrir hvert verkefni og bera hana undir skólastjóra til samþykkis. Tekjur af sýningu skulu mæta kostnaði vegna sviðsetningar. Verði tekjuafgangur skal honum ráðstafað í sérstakan sjóð samkvæmt ákvörðun skólanefndar, að fenginni tillögu nemenda. Ráðuneytið setur reglur um sjóð þennan. Við reikningsskil nemendaleikhússins eftir hvert verkefni skal telja allan kostnað vegna starfseminnar nema laun kennara og húsnæðiskostnað.

13. gr.

Stefnt skal að því að koma á fót sem fyrst við skólann m. a. eftirfarandi aðstöðu fyrir skólastarfið:

1. bókasafni og lestraraðstöðu í tengslum við það,
2. aðstöðu til hljóð og myndupptöku,
3. búningsherbergi með aðstöðu til förðunar,
4. aðstöðu til vélritunar og fjölföldunar.

14. gr.

Í lok skólaárs skulu kennarar gera skólastjóra og kennarafundi grein fyrir námsárangri nemenda.

Við mat á námsárangri skulu m. a. þessi atriði höfð til hliðsjónar:

a. ástundun, ögun og einbeiting,
b. listrænar og tæknilegar framfarir,
c. á hvern hátt nemandanum hefur tekist að tileinka sér námið,
d. skilningur nemanda á viðfangsefni og hæfileiki til að fást við það,
e. áhugi og afstaða nemanda til vinnu, starfsþrek hans og hæfni til samstarfs.

Kennari gefur nemanda umsögn um námsárangur eins oft og hann telur ástæðu til og jafnan um miðja önn og í lok hverrar annar. Í lok annar skal hver námshópur kynna innan skólans þau verkefni, sem hann hefur unnið að.

15. gr.

Nemandi, sem ekki stenst kröfur skólans samkvæmt mati kennarafundar, á ekki rétt á skólavist áfram.

Kennarafundur getur tekið ákvörðun um að nemandi sitji aftur í sama bekk hafi hann dregist aftur úr í námi.

Kennarafundur getur vísað nemanda úr skóla vegna brots á reglum skólans. Í þeim tilvikum skal leitað orsaka og nemanda gefinn kostur á að gera grein fyrir máli sínu á sameiginlegum fundi kennara og skólanefndar áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Úrskurði kennarafundar í þessu efni verður ekki hnekkt.

16. gr.

Inntökunefnd annast inntöku nemenda.

Skólanum er heimilt að taka inn nýja nemendur þrjú ár í senn, en fjórða árið skulu ekki teknir inn nemendur, þannig að í skólanum séu flest þrír árgangar samtímis. Fjöldi nýrra nemenda hverju sinni skal ekki vera meiri en átta í leikaradeild, einn í leikstjórn og einn í tækninám, eða samtals 10 nemendur, sbr. þó 17. gr. Umsækjendur um inngöngu í Leiklistarskóla Íslands skulu m. a. fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

að vera orðnir fullra 19 ára,
að hafa a. m. k. lokið námi í grunnskóla eða fengið sambærilega menntun,
að hafa gott vald á íslenskri tungu,
að geta kynnt sér lestrarefni á tveim erlendum tungumálum,
að leggja fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Inntökunefnd getur veitt undanþágu frá ofangreindum atriðum, ef sérstakar ástæður mæla með. Skólinn auglýsir eftir umsóknum með minnst sex vikna fyrirvara. Sækja skal um á þar til gerðum eyðublöðum. Inntökunefnd ákveður hvaða umsóknir teljast fullnægja þeim skilyrðum, sem að framan greinir, og annast síðan inntöku nemenda m. a. með hæfniskönnun samkvæmt nánari ákvörðun nefndarinnar. Úrskurði inntökunefndar verður ekki hnekkt.

17. gr.

Inntökunefnd getur ákveðið að leikara sé heimil seta í skólanum í allt að eitt skólaár til endur- og framhaldsmenntunar. Slíkir nemendur skulu aldrei vera fleiri en tveir hverju sinni. Sérstök námsskrá fyrir hvern þessara nemenda skal gerð í samráði við þá og kennara. Auk þess er skólanum heimilt að gefa starfsfólki við leikhús kost á að sækja námskeið sem kynni að verða efnt til á vegum hans.

18. gr.

Nemanda er skylt að mæta stundvíslega samkvæmt stundaskrá í alla tíma nema veikindi hamli.

Kennari getur veitt nemanda leyfi úr einstaka kennslustund. Um lengri leyfi skal nemandi sækja skriflega til skólastjóra, sem fjallar um umsóknina í samráði við þann kennara, sem hlut á að máli. Slík umsókn skal að jafnaði berast skólastjóra fjórtán dögum áður en fyrirhugað leyfi á að hefjast.

Nemanda er ekki heimilt að koma fram sem listflytjandi á opinberum vettvangi. Þetta gildir einnig í skólaleyfum nema að loknu 2. námsári, en þá í samráði við skólastjóra.

Nemendur kjósa úr sínum hópi umsjónarmann og ritara.

19. gr.

Skólinn starfar frá 1. september til 15. maí. Menntamálaráðuneytið getur heimilað, allta að hálfs mánaðar frávik frá þessu. Jólaleyfi hefst 21. desember og lýkur 3. janúar. Páskaleyfi hefst á mánudegi eftir Pálmasunnudag og lýkur annan í páskum. Auk þess er kennsluhlé öskudag, sumardaginn fyrsta, 1. desember, 1. maí og uppstigningardag.

20. gr.

Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans skulu sýna samstarfsfólki sína fyllstu tillitsemi og háttvísi og gæta þess að öll gagnrýni sé málefnaleg og rökstudd. Ennfremur ber öllum þessum aðilum að gæta þagmælsku við óviðkomandi, m. a. um námsárangur einstakra nemenda og málefni skólans, sem ekki hafa verið endanlega afgreidd innan hans.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 18. maí 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 191. 16. maí 1978.

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir þriðja samþykktarsvæði Búnaðarsambands Vestfjarða.

Búnaðarfélag Auðkúluhrepps, Búnaðarfélag Þingeyrarhrepps, Búnaðarfélag Mýrahrepps, Búnaðarfélag Mosvallahrepps, Búnaðarfélag Flateyrarhrepps og Búnaðarfélag Suðureyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu og Búnaðarfélag Hólshrepps, Búnaðarfélag Skutulsfjarðar og Búnaðarfélag Súðavíkurhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu gera á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945, reglugerðar 13. maí 1947 og Húsagerðarsamþykktar Vestfjarða svofellda húsagerðarsamþykkt:

1. gr.

Húsagerðarsambandið nær yfir þriðja samþykktarsvæði Húsagerðarsamþykktar Vestfjarða, en í því eru þau búnaðarfélög, sem að framan eru talin.

2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingaframkvæmdum hjá félagsmönnum og stuðla að því, að bændur geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsum, sem kostur er á. Þessum tilgangi vill húsagerðarsambandið ná með því að taka að sér byggingar íbúðarhúsa, peningshúsa og þeirra húsa annarra, sem nauðsynleg eru í almennum búrekstri og í því skyni ráða til sín byggingarmenn og leggja þeim til sem fullkomnastar vélar, tæki og mót til vinnunnar. Sambandið tekur einnig að sér útvegun steypuefnis og flutning á því, ef verkkaupi óskar þess.

3. gr.

Hvert búnaðarfélag kýs einn mann og annan til vara til þriggja ára í stjórn húsagerðarsambandsins. Skulu þeir ganga úr stjórninni eftir röð þrír árlega og ræð-

ur hlutkesti röð þeirra. Stjórnin kýs sér formann og auk þess tvo menn, sem ásamt formanni mynda framkvæmdastjórn sambandsins. Stjórnin ræður húsagerðarsambandinu framkvæmdastjóra í samráði við Byggingastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands. Hvert búnaðarfélag kýs árlega tvo fulltrúa á aðalfund sambandsins. Á aðalfundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar húsagerðasambandsins og eru endurskoðendur tveir til þess kjörnir á aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða. Aðalfund skal halda fyrir 20. júní ár hvert.

4. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri skipta með sér verkum svo sem tilgreint er í húsagerðarsamþykkt fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða, svo skal og vera um starfsemi alla og félagshætti.

5. gr.

Húsagerðarsambandið myndar byggingasjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhöldum og veggjamótum við byggingarframkvæmdir sambandsins. Stofnfjárhæð hans er kr. 5 000 000 — fimm milljón krónur —.

Tekjur sjóðsins eru:

1) Tveir þriðju hlutar stofnfjárins er styrkur úr ríkissjóði, jafnóðum og hann greiðist inn til sambandsins út á þær vélar, sem keyptar hafa verið, enda liggi fyrir samþykki Byggingastofnunar landbúnaðarins, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og stjórnar Búnaðarsambands Vestfjarða um þörf húsagerðarsambandsins fyrir þann vélakost.
2) Óafturkræft framlag frá Búnaðarsambandi Vestfjarða, er nemur ⅙ hluta heildarstofnfjárins.
3) Eftirstöðvar stofnfjárins, ⅙ hluta, tekur húsagerðarsambandið að láni, sem endurgreiðist innan 5 ára, og teljast greiðslur þessar ásamt vöxtum til rekstrarkostnaðar við byggingarframkvæmdir. Heimilt er þó að jafna þessum hluta stofnfjárins niður á bændur eða búnaðarfélög á sambandssvæðinu.
4) Tekjur þær, er inn kunna að koma samkvæmt 17. gr. húsagerðarsamþykktar Búnaðarsambands Vestfjarða.

6. gr.

Tillögur, sem fram kunna að koma um breytingar á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélögum, skulu sendar stjórn Búnaðarsambands Vestfjarða, er sendir þær til umsagnar öllum aðilum er að samþykkt standa samkv. 1. gr. Breytingartillögur sambandsstjórnar skulu sendar sömu aðilum til umsagnar. Tillögurnar skulu því næst ásamt umsögn búnaðarfélaganna lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sammbandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar samþykkis landbúnaðarráðherra á þeim.

7. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð og að lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

8. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál og varða þau sektum frá 10 000 til 100 000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

9. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi þá er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 88 13. maí 1947, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. maí 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

Nr. 192. 10. maí 1978.

REGLUGERÐ

fyrir Orkubú Vestfjarða.

I. KAFLI
Tilgangur og stjórn.

1. gr.

Ríkissjóður Íslands og sveitarfélögin Geiradalshreppur, Gufudalshreppur, Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Suðurfjarðarhreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Þingeyrarhreppur, Mýrarhreppur, Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur, Suðureyrarhreppur, Bæjarhreppur, Óspakseyrarhreppur, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjafjarðarhreppur, Nauteyarhreppur, Snæfjallahreppur, Árneshreppur, Fellshreppur, Ísafjarðarkaupstaður og Bolungarvíkurkaupstaður eiga og reka saman orkufyrirtæki, er nefnist Orkubú Vestfjarða.

Sveitarfélögin Reykhólahreppur, Múlahreppur, Flateyjarhreppur, Ketildalshreppur, Hrófbergshreppur og Auðkúluhreppur hafa rétt til að gerast aðilar að Orkubúi Vestfjarða, og teljast þau stofnaðilar, ef þau ganga frá aðild sinni fyrir fyrsta aðalfund Orkubúsins.

2. gr.

Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Heimili þess og varnarþing er á Ísafirði .

3. gr.

Tilgangur fyrirtækisins skal vera að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynleg flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið og eiga að reka fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegum dreifikerfi.

Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því sem ákveðið er hverju sinni.

4. gr.

Eignarhlutdeild sameigenda í fyrirtækinu skiptist þannig, að eignarhluti ríkissjóðs skal vera 40%, en eignarhlutir sveitarfélaganna skulu nema samtals 60%.

Eignarhlutdeild sveitarfélaganna skiptist innbyrðis í hlutfalli við íbúatölu þeirra.

Eignarhlutföllum verður ekki breytt nema til samræmis við íbúafjölda, sbr. 14. gr., og engum sameignarfélaga er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.

5. gr.

Sameigendur fyrirtækisins bera einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin á sameigendur í réttu hlutfalli við eign þeirra í fyrirtækinu.

6. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins og ríkisjóður, svo og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum skulu afhenda Orkubúi Vestfjarða til eignar sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi, enda yfirtaki fyrirtakið samkvæmt samkomulagi skuldir vegna mannvirkja þeirra, sem það tekur við.

7. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur einkaleyfi til þeirrar starfsemi, sem Rafmagnsveitur ríkisins, Rafveita Patrekshrepps og Rafveita Ísafjarðar höfðu á Vestfjörðum.

8. gr.

Stjórn Orkubús Vestfjarða skal skipuð 5 mönnum. Á aðalfundi skulu fulltrúar sveitarfélaganna kjósa 3 menn og jafnmarga til vara. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skulu skipa einn mann hvor og einn mann hvor til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Undirskrift meiri hluta stjórnar bindur félagið.

Stjórnin ákveður sjálf starfshætti sína og fundarhöld. Hún skal þó ekki hafa fundi sjaldnar en einu sinni í mánuði að jafnaði. Skylt er að halda fundi, þegar tveir stjórnarmenn eða einhver sameignaraðili óskar þess, og skal þá fundi halda innan viku frá því að ósk kom fram. Fundi skal boða með tryggilegum hætti.

Stjórnarfundur er löglegur, ef meirihluti stjórnar er mættur. Nú verður fundur ólögmætur vegna þess að eigi eru nægilega margir mættir og skal þá með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara boða fund að nýju með staðfestu símskeyti og halda hann innan 2ja vikna. Skal þess getið í fundarboði, að hann sé haldinn í stað þess fundar, er áður var boðaður og eigi varð lögmætur. Sá fundur er lögmætur um þau mál, er á dagskrá fyrri fundar voru, þótt meirihluti sæki eigi. Meirihluti atkvæða ræður, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Orkubústjóri skal sitja stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, nema fundarefni varði hann sjálfan og störf hans hjá fyrirtækinu.

Halda skal gerðabók um fundi stjórnar, og skal heimilt að ráða mann utan stjórnar til þess starfa. Í gerðabók skal þess getið, hvar og hvenær fundur sé haldinn og hverjir sitji hann. Færa skal til bókar frásögn um þau mál, er upp eru borin á fundinum og geta afgreiðslu þeirra. Allir fundarmenn eiga rétt til að fá sérstaklega bókaðar stuttar athugasemdir. Fundargerðir skulu bornar upp í fundarlok og undirritaðar af fundarmönnum. Óski fundarmaður eftir að gera athugasemd við fundargerð, skal hún skráð sérstaklega.

Fundargerð verður eigi breytt eftir að undirskrifuð hefur verið, nema augljós glöp séu, og telst fullnaðarheimild um afgreiðslu máls.

9. gr.

Stjórn Orkubús Vestfjarða hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins og rekstri.

1. Hún ræður orkubústjóra og gerir við hann skriflegan ráðningasamning.
2. Hún markar heildarstefnu fyrirtækisins og skal gæta hagsmuna þess í hvívetna.
3. Hún setur gjaldskrá.
4. Hún tekur lán til þarfa fyrir fyrirtækið og ábyrgist greiðslur og skuldbindingar fyrir þess hönd.
5. Hún ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og gefa umsögn um reikninga fyrirtækisins.

Til að skulbinda fyrirtækið þarf undirskrift meirihluta stjórnar. Þó getur stjórnin veitt færri stjórnarmönnum svo og mönnum utan stjórnar umboð til að skuldbinda fyrirtækið í einstökum ákveðnum tilfellum.

Stjórnin veitir prókúruumboð fyrir fyrirtækið. Orkubústjóri skal hafa slíkt umboð, svo og aðrir þeir, sem stjórn telur rétt að veita það. Stjórnin getur eigi skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af bruttótekjum fyrirtækisins á næstliðnu ári.

10. gr.

Orkubústjóri veitir fyrirtækinu forstöðu og er framkvæmdastjóri þess. Hann skal hafa á hendi framkvæmd stefnu stjórnarinnar. Hann annast daglegan rekstur fyrirtækisins, allar framkvæmdir þess og undirbúning, sjóðvörslu og reikningshald. Hann skal helga fyrirtækinu starfskrafta sína og er óheimilt að taka að sér störf í annarra þágu án samþykks stjórnar fyrirtækisins. Hann getur falið öðrum framkvæmd tiltekinna verka í umboði sínu í samræmi við þær reglur, er stjórnin kann að setja um slíkt.

Orkubústjóri skal eiga sæti á fundum stjórnar og annast undirbúning þeirra í samráði við stjórnarformann.

Orkubústjóri ræður starfsmenn fyrirtækisins og leysir þá frá störfum. Enginn verður þó fastráðinn án samþykkis stjórnar, né verður sagt upp fastráðnum manni án samþykkis hennar.

11. gr.

Við gerð gjaldskrár skal stjórnin gæta almennra arðsemissjónarmiða. Skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægjanlegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt viðskiptavinum fullnægjandi þjónustu.

Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

12. gr.

Aðalfundur fyrirtækisins tekur ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs. Orkubússtjóri semur í samráði við formann fyrir hvert reikningsár fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir fyrirtækið og leggur hana fyrir stjórn til samþykktar en stjórnin sendir áætlunina samþykkta til eigenda.

13. gr.

Reikningsár fyrirtækisins skal vera almanaksárið.

Reikningar hvers árs skulu gerðir upp og rekstrar- og efnahagsreikningur lagður fyrir stjórn félagsins eigi síðar en 1. apríl ár hvert ásamt umsögn löggilts endurskoðanda.

Endurskoðaðir ársreikningar fyrirtækisins ásamt umsögn endurskoðanda skulu sendir eignaraðilum til athugunar með aðalfundarboði.

14. gr.

Aðalfund Orkubús Vestfjarða skal halda fyrir 1. júní ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá í ábyrgðarbréfi með tveggja vikna fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti fulltrúar sameignaraðila, sem fara með atkvæðisrétt í hlutfalli við eignarhlutdeild umbjóðenda sinna. Fyrir aðalfund skal leggja skrá um skiptingu eignarhlutdeildar sameignaraðila og atkvæðisrétt samkvæmt manntali 1. desember árið áður. Fulltrúar sveitarfélaganna fara með eitt atkvæði fyrir hvern íbúa í hverju viðkomandi sveitarfélagi. Fulltrúi ríkisins fer með atkvæðisrétt sem svarar til 40% heildaratkvæða. Afl atkvæða ræður á aðalfundi.

Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrsla stjórnar og orkubústjóra.
2. Lagðir skulu fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning eins endurskoðanda, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan. Varamenn skal velja með sama hætti.

II. KAFLI
Um rafveitur.

15. gr.

Orkubúið selur raforku á orkuveitusvæði sínu þar sem veitukerfi þess nær til með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá orkubúsins á hverjum tíma. Raforkan er seld sem ein- og þrífasa riðstraumur með 220, 380 og 440 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má orkubústjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

16. gr.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá Orkubúinu, má tengja við dreifikerfi þess í því skyni, að kerfi Orkubúsins verði aðallega, eða eingöngu, notað til vara, með því skilyrði, að greitt sé lágmarks árgjald, er svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á Orkubúinu vegna tengingarinnar. Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af Orkubúinu, er óheimilt án leyfis Orkubúsins.

17. gr.

Hver sá, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að sækja um það skriflega og skuldbinda sig með undirskrift sinni að hlíta settum reglum um kaup á raforku. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf og til hvers það er ætlað.

18. gr.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirrituð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá Orkubúsins. Heimtaugar með stofnvari eru eign orkubúsins, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Orkubúið annast viðhald og endurnýjun heimtaugar, án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi.

Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun. Orkubúinu er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og Orkubúið þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er orkubústjóra heimilt að krefjast skuldbind-

ingar umsækjanda um greiðslu kostnaðar. Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

19. gr.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða Orkubúið, ef það tekur slíkt verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerð á raflögn. Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til orkubúsins um allar raflagnir fyrir hönd húseigenda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagnir á orkuveitusvæðinu, en orkubúið annast úttekt á öllum nýlögnum, viðaukum og breytingum á raflögnum. Óheimilt er öðrum en umboðsmönnum Orkubúsins að setja í samband við veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmanni Orkubúsins. Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið. Orkubúið tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Orkubúið áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki dreifikerfi orkubúsins ofviða.

20. gr.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja þeim kröfum, sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins.

Orkubústjóri sér um, að eftirlit sé haft með öllum húsveitum, lögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn orkubúsins hafa frjásan aðgang að öllum herbergjum húss hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna. Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflunum á ljósum eða annarri notkun. Sé misbrestur á þessu, eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta. Nú kemur í ljós við skoðun sem framkvæmd er af orkubúinu, Rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja á húsveitu og tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallana á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja. Orkubússtjóri getur látið taka veituna og tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda. Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar. Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum, eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

III. KAFLI

Um hitaveitur.

21. gr.

Orkubúið getur ákveðið að selja hitaorku til almenningsþarfa innan orkuveitusvæðis síns með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá Orkubúsins á hverjum tíma. Getur ýmist verið um að ræða jarðvarmaveitu eða fjarhitun, og gilda ákvæði gjaldskrár og reglugerðar eftir því sem við á.

22. gr.

Orkubúið lætur leggja allar útilagnir: aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar. Í húsinu leggur Orkubúið lögnina inn fyrir hemlagrind. Heimilt er Orkubúinu að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í ný byggðahverfi í skilmála þá er fylgja lóðarúthlutun.

Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rúmi fyrir vatnshemla og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum Orkubúsins.

Ef inntak hitaveitu og mælir, eða hemill, eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin.

Stjórn Orkubúsins getur heimilað einstaklingum og félögum fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn Orkubúsins.

23. gr.

Orkubúið hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á lögnum, sem það lætur leggja. Orkubúið getur endurkrafið húseigendur um kostnað vegna tjóns á kerfi eða tækjum eftir almennum skaðabótareglum.

24. gr.

Þeim, sem húseign á við götu eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, og getur orkubústjóri ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

25. gr.

Sú hitaorka, sem Orkubúið lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá, sem til þess er ætluð. Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild orkubústjóra.

26. gr.

Orkubúinu er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss, svo og þéttivatn, ef um jarðgufuveitu er að ræða.

Ef Orkubúið óskar ekki eftir að nota slíkt afrennslisvatn skal húseigandi sjá um að leiða það í frárennsliskerfi hússins og má hitastig þess þá ekki vera hærra en 45° C.

27. gr.

Áður en ný kerfi eru lögð eða eldri kerfum breytt, skal húseigandi með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til orkubústjóra eða umboðsmanns hans.

Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa Orkubúsins lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt þeim, sem verkið á að annast. Umsókn á að fylgja uppdráttur af lögninni í þríriti.

28. gr.

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi eða tæknifræðingi. Ber hann ábyrgð á því, að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur og lög, er gilda um byggingarmál.

Stjórn Orkubúsins getur heimilað öðrum aðilum að gera uppdrætti með sömu skilmálum. Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir, áður en bygging húss er hafin.

29. gr.

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir og gerðir á haldgóðan pappír og þannig frá gengið, að ekki máist drættir eða lestur við geymslu. Stærð þeirra skal vera skv. íslenskum staðli ÍST 1, þó ekki stærri en A 1. Uppdrættir eiga að sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu fyrir slíkar lagnir og allt fyrirkomulag í hitunarherbergi. Nota skal tákn skv. íslenskum staðli ÍST 64.

Ef orkubústjóri telur ástæðu til, getur hann krafist þess, að útreikningar verði lagðir fram.

30. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur orkubústjóri krafist þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

31. gr.

Þegar orkubústjóri hefur samþykkt uppdrátt, skal hann árita 3 eintök hans, eitt eintak skal varðveita í skjalasafni viðkomandi sveitarfélags, annað í skjalasafni Orkubúsins, en hið þriðja skal afhenda umsækjanda.

Sá, er verkið á að vinna, skal áður en hann hefst handa, rita nafn sitt á þau eintök, er verða varðveitt skjalasöfnunum.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað.

Með áritun tekur orkubústjóri enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk eða kerfi sé rétt útreiknað.

32. gr.

Orkubústjóri eða eftirlitsmaður hans skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykkta uppdrætti, og aðrar reglur og lög er gilda um byggingamál.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og reynslukyndingu og vera viðstaddur, þegar hitaveitu er hleypt á hitakerfi og skal þá ganga úr skugga um að kerfið hitni jafnt og eðlilega, með mælingum á frárennslishitastigi allra ofna og hitatækja, og nauðsynlegum stillingum, einnig skal tryggja, að stjórntæki starfi eðlilega.

Áliti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, eða öðrum reglum er settar kunna að verða getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

33. gr.

Eftirlitsmaður orkubústjóra skal jafnan hafa frjálsan aðang að lögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té allar þær upplýsingar er máli geta skipt um hitun hússins. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjar ráðstafanir, til varnar misnotkun.

34. gr.

Þar sem hús eru hituð með hitaveituvatni ber húseiganda að hafa á hitakerfinu sjálfvirkan loka, sem tryggir, að þrýstingur á húskerfinu verði ekki of mikill, og að nýting vatnsins verði nægjanleg.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skulu vera þrýstimælar og öryggisloki samkvæmt fyrirmælum orkubústjóra. Ekki þarf þó öryggisloka, ef hitakerfi hefur síopna útrás um yfirfall (slaufu) og rennsli er stýrt á innrennsli eingöngu.

Á hitakerfum, tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirka loka

á afrennsli, sem halda hæfilegum þrýstingi á hitakerfinu skv. nánari fyrirmælum orkubústjóra.

Heimilt er einnig að leiða afrennsli upp fyrir efstu ofna kerfisins í sérstakri afrennslispípu (slaufu), og sé á efsta hluta hennar þensluker, hæfilega stórt að dómi orkubústjóra. Skal það tengt frárennsliskerfi hússins með yfirfallspípu úr zinkhúðuðu efni eða öðru jafngóðu, sem myndi vatnslás við kerfið. Frá þenslukerum skal vera loftpípa lögð út úr húsi.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

35. gr.

Um rétt manna til að annast raf- og hitalagnir fer eftir lögum um iðju og iðnað. Þeir, sem lagnir framkvæma, bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, og samþykkta uppdrætti, svo og nánari fyrirmæli, er sett kunna að verða.

Ef skipt er um ábyrgðarmenn, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt orkubústjóra skriflega og lætur hann þá fara fram úttekt á þeim hluta verks, sem lokið er.

Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum fyrr en annar aðili með fullum starfsréttindum hefur tekið við verkinu.

Stjórn Orkubús Vestfjarða getur ákveðið að orkubústjóri gefi út sérstök leyfi til handa þeim rafverktökum, sem starfa á orkubússvæðinu. Leyfi þessi séu háð sérstökum skilyrðum og skilmálum, sem orkubústjórn setur.

Hafa þá engir aðrir heimild til rafverktakastarfsemi á orkubússvæðinu.

Orkubússtjóri getur áskilið, að þeir einir megi annast suðuvinnu á pípum skv. reglugerð þessari, er staðist hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu og eða rafsuðu.

Engir aðrir, en þeir, sem full réttindi hafa, mega taka að sér lagnir eða breytingar á hitakerfum sem tengjast eiga dreifikerfi hitaveitunnar.

Nú brýtur iðnmeistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, og getur þá orkubústjóri veitt honum áminningu. Enn fremur getur orkubústjórn samþykkt, að hann fái ekki að annast orkulagnir ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

36. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaorku skuldbindur ekki Orkubúið til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiæð sé ávallt nægilegur.

37. gr.

Orkubúið ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á veitukerfi þess vegna frosta, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað, eða straumur rofinn um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra aðgerða veitunnar sjálfrar.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds og orkuveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns eða vatns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Orkubúið áskilur sér rétt til þess að loka fyrir orku vegna viðgerða og við-

halds eða eftirlits á helgidögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst og að nóttu til í maí—júlí, svo og endranær þegar þörf krefur.

Meðan verið er að leggja heimtaugar, heimæðar eða götulagnir, er orkuveitunni heimilt að stöðva orkuafhendingu á því svæði, sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar. Komi það fyrir að takmarka þurfi notkun á raf- eða hitaorku um langan tíma, ákveður orkubústjórn eftir tillögum orkubústjóra, hvar notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur Orkubúinu þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust. Notendur, sem greiða orku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá 1/300 hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa orku vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri stöðvun en tveggja sólarhringa.

38. gr.

Orkubústjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal. Þau eru í eigu og umsjá orkubúsins/veitunnar og ber húseiganda að tilkynna tafarlaust, ef vart verður bilana á þeim.

Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun, sama gildir, ef vatnshemill eyðileggst af völdum frosta.

Verði uppvíst að orka er notuð á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal Orkubúið áætla þá orku, sem notuð hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hana þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun veitunnar má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru, sé um rafmagnsnotkun að ræða. Tilsvarandi regla gildir um hitaorku.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerst.

Ef maður rýfur innsigli mælis varðar það refsingu skv. almennum hegningarlögum. Notandi mælisins er sá, sem skráður er fyrir orkunotkun þess kerfis, sem mælirinn er fyrir, skal hann bera ábyrgð á mælinum svo og orkunotkun kerfisins þar til hann lætur af notkun hans og hefur sagt orkunotkun upp eða tilkynnt flutning. Uppsögn eða flutning skal tilkynna viðurkenndum umboðsmönnum með hálfs mánaðar fyrirvara.

Ef notandi óskar að mælir sé leiðréttur, skal hann senda skriflega beiðni til Orkubúsins. Ef þá kemur í ljós við athugun mælis að mesta skekkja sé $+\div 5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal Orkubúið bera kostnað við prófunina og lækka reikning notanda í samræmi við niðurstöðu hennar, ef notandi fékk minni orku, en um var samið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 2 mánuði.

Notendur sem hafa hemil eða rofa eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en Orkubúinu er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið. Ef hemill notandans brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla að of mikið sé lagt á hann að staðaldri hefur Orkubúið rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlið.

Ef notandi hefur aukna orkunotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er Orkubúinu ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

Ef svo reynist að notkun hefur orðið meiri en aflestur sýnir eða aflestur verður skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni áskilur Orkubúið sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

Nánari ákvæði um endurgreiðslu má setja í gjaldskrá.

39. gr.

Nú er tengingu heimæðar eða heimtaugar lokið og er þá heimæðagjald eða heimtaugagjald gjaldkræft. Neyslugjöld verða krafin skv. ákvæðum gjaldskrár. Þau eru lögtakskræf.

Gjalddagi orkugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Orkubúið ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu orkugjalds getur Orkubúið krafist tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef orkunotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað orkunnar um mælitækið, er Orkubúinu heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er Orkubúinu heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

Orkubúið hefur rétt til að loka fyrir orku að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða orkugjöld. Heimilt er að loka orku að húsi, sem vangreitt er af.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Ef notandi orku óskar eftir að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald samkvæmt gjaldskrá fyrir enduropnun veitunnar, svo og taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun. Enginn má framkvæma endurtengingu veitu nema þeir, sem Orkubúið hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna óleyfilega orkunotkun.

Sá, sem vanskilum veldur, greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný, samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

40. gr.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár Orkubúsins og breytingum þeim sem orkubústjórn samþykkir og ráðherra staðfestir. Verði ágreiningur milli orkubústjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir orkunotkun, getur notandi krafist þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð orkubústjórnar.

41. gr.

Alls staðar þar sem Orkubúið yfirtekur orkusölu öðlast það jafnframt þau réttindi, sem fyrri orkusali átti á hendur orkukaupanda og tekur jafnframt á sig skyldur orkusalans.

42. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 500 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem orkubústjóri hefur fyrirskipað, samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er orkubústjóra þá heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði orkuveitunnar en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki ef þörf krefur, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum um Orkubú Vestfjarða nr. 66 31. maí 1976, Vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 er hér með staðfest til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglugerðir Rafveitu Ísafjarðar nr. 230 1973 og Rafveitu Patrekshrepps nr. 71, 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 10. maí 1978.

Gunnar Thoroddsen.

Páll Flygenring.

Nr. 193. 10. maí 1978.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða.

Orkubú Vestfjarða selur raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

Orku- og aflverð fastagjöld.

A. Lýsing.

1.1.	Fast gjald	kr.	710.00 á mán.
	Orkugjald	—	90.40 á kWst.
1.2.	Fast gjald	—	710.00 á mán.
	Flatarmálsgjald	skv.	skýringu.
	Orkugjald	—	48.70 á kWst.
1.3.	Útilýsing:		
	Fast gjald	—	710.00 á mán.
	Orkugjald	—	24.00 á kWst.
1.4.	Útilýsing:		
	Fast gjald	—	710.00 á mán.
	Fastagjald á ljósker	—	6×710.00 á mán.
	Orkugjald	—	11.30 á kWst.
1.5.	Húsbyggingar:		
	Fast gjald	—	710.00 á mán.
	Orkugjald	—	37.20 á kWst.

B. Heimili.

2.1.	Fast gjald	kr.	1 200.00 á mán.
	Orkugjald	—	23.50 á kWst.
2.2.	Notkun til búrekstrar o. fl. í dreifbýli.		
	Markmæling:		
	Aflgjald, lágmark 4kW	—	123 600.00 á ári
	Aflgjald umfram 4kW að hámarki 20 kW	—	16 800.00/kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	3.20 á kWst.
	Orkugjald umfram aflstillingu	—	23.50 á kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

3.1.	Fast gjald	kr.	710.00 á mán.
	Flatarmálsgjald	skv.	skýringu.
	Orkugjald	—	48.70 á kWst.

3.2.	Fast gjald	—	710.00 á mán.
	Aflgjald lágmark 3 kW	—	30 278.00/kW á ári
	Flatarmálsgjald	skv. skýringu.	
	Orkugjald	—	9.40 á kWst.
3.3.	Súgþurrkun 1. júní—31. október:		
	Fast gjald	—	710.00 á mán.
	Aflgjald	—	9 412.00/kW á ári
	Orkugjald	—	4.00 á kWst.

D. Húshitun.

4.1.	Fast gjald	kr.	710.00 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	1 320.00/kW á ári
	Orkugjald	—	16.80 á kWst.
	Enginn roftími.		
4.2.	Fast gjald	—	710.00 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	1 320.00/kW á ári
	Orkugjald	—	11.20/kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.3.	Fast gjald	—	710.00 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	1 320.00/kW á ári
	Orkugjald	—	5.40 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.4.	Markmæling:		
	Fast gjald	—	710.00 á mán.
	Aflgjald lágmark 5kW, hámark 20kW	—	7 060.00/kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	3.40 á kWst.
	Orkugjald af umfram aflstillingu	—	23.50 á kWst.

E. Sumar- og næturhitun.

4.5.	Sumarhitun:		
	Fast gjald	—	710.00 á mán.
	Orkugjald	—	3.40 á kWst.
4.6.	Næturhitun:		
	Fast gjald	—	710.00 á mán.
	Aflgjald lágmark 2kW	—	1 320.00/kW á ári.
	Orkugjald	—	3.40 á kWst.

F. Annað.

5.1. Gjöld fyrir lokun og enduropnun veitu í hvert skipti kr. 4 320.00.

5.2. Sérsamningar.

1. Flatarmálsgjöld.

taxtar 1.2. og 3.1.:

	Verslanir, skrifstofur vinnustofur o. þ. h.	kr.	26.00 á m^2 á mán.
	Gangar, geymslur o. þ. h.	—	13.00 á m^2 á mán.

taxti 3.2.:

	Fyrir hverja flatarmálseiningu	—	282.00

Einingar:

A. Félagsheimili, skóla gistihús, sjúkrahús o. þ. h.: 20 m^2 mælt innan útveggja.

B. Fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h.: 30 m^2 fyrir vinnslurúm, 40 m^2 fyrir geymslurúm.

2. MESTAAFLSMÆLING.

2.1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.

2.2. Gjaldskrárliður 3.2.
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

2.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu afli.

3. Véla- og tækjaálag.

3.1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8

3.2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.
Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

4. Götulýsing.

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiðir stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast O. V. á sinn kostnað.

5. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur O. V. takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilrafstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur O. V. sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

6. Annað.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húsahitunar og kWst.-gjaldi í gjaldskrárlið 2.2.

Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, og/eða breytingar sem kunna að verða gerðar á verðjöfnunargjaldi.

8. Hitun.

8.1. Heimilt er að selja órofna heimilisnotkun (B—2.1) um sama mæli og D—4.1 og 4.3 reiknast þá til viðbótar fastagjald 4.3 samkvæmt taxta B—2.1 margfaldað með tölunni 5. Í sumarbústöðum skal reikna hverja heila 25 m^2 af heildarflatarmáli bústaðarins sem eitt herbergi, enda sé eingöngu um sumarnotkun að ræða.

8.2. Sumarhitun. Gildistímabil sumarhitunarleyfa er 1. maí til 30. sept. ár hvert. Ef notkun sumarorku fellur niður eða verður óeðlilega lítil fyrir fyrrgreint tímabil, að mati orkubússtjóra, endurnýjast viðkomandi leyfi ekki sjálfkrafa á næsta ári eins og ef um eðlilega notkun hefði verið að ræða.

9. Annað.

9.1. Sérsamningar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Orkubústjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi Orkubúsins án mælis um stundarsakir, að því tilskyldu, að greiðsla komi fyrir í samningi við áætlaða notkun tækisins.

9.2. Orkubúinu er heimilt að áætla notkun notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.

10. Heimtaugargjald í þéttbýli.

10.1. Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum tengd veitusvæði Orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót.

10.2. Orkubúið ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

10.3. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

		Gjald af yfirlengd	
Varstærð	Stofngjald	Jarðstrengur	Loftlína
Amp.	Kr.	kr./m.	kr./stólpa
63	144 900	4 360	45 540
100	171 100	5 050	51 750
200	278 800	7 570	
300	549 200	9 180	

Bráðabirgðaheimtaugar greiðast skv. kostnaði.

10.4. Tengingar með meiri flutningsgetu eða annarri spennu greiðast samkv. kostnaði.

10.5. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubús Vestfjarða um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 300 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.

10.6. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubús Vestfjarða, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubús Vestfjarða í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Orkubúi Vestfjarða til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðis eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

10.7. Telji Orkubú Vestfjarða að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming

kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

11. Heimtaugargjald í sveitum.

11.1 Hver sá, er óskar að fá rafmagn frá Orkubúi Vestfjarða eða fá heimtaug, sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.

11.2. Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera kr. 119 320 á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald, skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 11 000 000 matsverði, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 11 000 000, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km. á hverja, 119 320 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum. Framangreint grunngjald kr. 119 320 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 2510 stig. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur orkubústjóri áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 6 050 000 kr.

Heimtaugargjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðast samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðir af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því sem tilgreint er í 1. málsgrein, skulu heimtaugargjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orkuráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða, og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976 er hér með staðfest til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 453 28. desember 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 10. maí 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Öskju í Ódáðahrauni.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Öskju í Ódáðahrauni, Suður-Þingeyjarsýslu, náttúruvætti.

Mörk hins friðlýsta svæðis fylgja hábrúnum öskjunnar allt í kring. Vikraborgir í Öskjuhrauni teljast til náttúruvættisins.

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt er óheimilt nema með leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Akstur er hvergi leyfður innan hins friðlýsta svæðis nema um rudda slóð og bílastæði við Vikraborgir.
3. Gangandi fólki er heimil för um svæðið og dvöl þar enda sé þess gætt að ekki spillist gróður eða minjar.



Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 3. apríl 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Runólfur Þórarinsson.

Nr. 195. 24. maí 1978.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum.

1. gr.
Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum búsettum hér á landi, er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni eða um borð í skipi eða flugvél — annan en þann, sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 32 000 kr. að smásöluverði erlendis. Andvirði annarra vara en fatnaðar má þó eigi nema meiru en 16 000 kr. og andvirði matvæla (þar með talið sælgæti) eigi meiru en 3 200 kr. Þó má andvirði myndavéla, sjónauka, útvarpstækja og segulbandstækja nema ¾ hlutum (24 000 kr.) af upphæðinni, enda gangi tollgæslumenn úr skugga um, að andvirði nýrra vara í heild fari ekki fram úr 32 000 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta hálfra þeirra réttinda er að framan greinir.

Ferðamenn eru háðir innflutningstakmörkunum í 3. og 4. gr.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan og greinir í 1. málslið þessarar greinar fyrir allt að 7 000 kr. við hverja komu til landsins, hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarandi undanþága er 21 000 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 32 000 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Aðilar, sem þessi mgr. tekur til, eru sjálfráðir um það, hvaða vörutegund þeir taka með sér skv. þessu heimildarákvæði, og eru eigi háðir öðrum takmörkunum en þeim er leiða af 3. og 4. gr.

Ferðamönnum, búsettum erlendis, er heimilt að hafa með sér til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda, til eigin nota á ferðalaginu, íverufatnað, sængurföt, viðleguútbúnað og annan ferðabúnað, að því tilskildu, að varningur þessi geti talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist eigi hérlendis.

2. gr.
Áfengi og tóbaksvörur.

Við komu til landsins er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengi og tóbaksvörum, sbr. þó 3. mgr. 4. gr.

	Áfengi þó ekki yfir 47% styrkleika	Tóbak	Öl
1. Ferðamenn	1.0 l. Auk þess 1.0 l. af víni undir 21%	200 stk. vindlingar eða 250 gr. af öðru tóbaki	
2. Skipverjar á íslenskum skipum sem eru lengur í ferð en 20 daga (Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð)	2 × 0.75 l.	400 stk. vindlingar eða 500 gr. af öðru tóbaki	48 fl.
3. Skipverjar á erlendum skipum og þeim íslenskum skipum sem eru 20 daga eða skemur í ferð ..... (Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð)	0.75 l.	200 stk. vindlingar eða 250 gr. af öðru tóbaki	24 fl.
4. Flugáhafnir (þar með taldar aukaáhafnir)	0.375 l.	100 stk. vindlingar eða 125 gr. af öðru tóbaki	12 fl.

Skipverjar á íslenskum skipum, sem í fyrsta sinn er siglt til íslenskrar hafnar eða hafa verið erlendis til viðgerðar eða breytinga, skulu tollafgreiddir samkvæmt 3. tl.

Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 gr., hver smávindill 2.5 gr. og hver vindlingur 1.25 gr. Smávindlar 1.5 gr. og léttari reiknast sem vindlingar. Hver flaska af öli má innihalda allt að 0.5 l.

Ef skip í utanlandssiglingum hefur viðdvöl hérlendis samfleytt í 7 daga, má veita skipverjum undan innsigli 200 stk. af vindlingum eða 250 gr. af öðru tóbaki til hverra 7 daga. Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta skal heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð.

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis samkvæmt reglum þessum er 20 ár og 15 ár að því er varðar innflutning á tóbaki. Tollgæslumaður getur krafist þess, að lágmarksaldur sé sannaður með framvísun nafnskírteinis eða á annan fullnægjandi hátt.

3. gr.
Innflutningsbann.

Ákvæði reglugerðar þessarar veita eigi undanþágu frá innflutningsbanni sem kann að vera á ýmsum vörutegundum.

Innflutningur á vörum sem vegna sóttvarna eða af öðrum öryggisráðstöfunum eru háðar innflutningstakmörkunum eða leyfisveitingum er óheimill samkvæmt 1. gr. Geta því m. a. eftirtaldar vörur eigi notið tollfrelsis samkvæmt reglugerð þessari:

1. Egg og hvers konar afurðir alifugla.
2. Smjör.
3. Lyf umfram þau sem eru til persónulegra nota viðkomandi far- eða ferðamanns.
4. Skotvopn.

4. gr.

Takmarkanir.

Tollundanþágur skv. 1. og 2. gr. gilda einungis um varning sem viðkomandi fareða ferðamaður hefur í eigin vörslu við komu frá útlöndum og innfluttur er til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til smágjafa.

Tollyfirvaldi er heimilt að ákveða, að hátollavörur sömu tegundar megi eigi flytja tollfrjálst inn skv. 1. gr. nema fyrir tiltekinn hluta af þargreindum fjárhæðum.

Flugliðar, far- og ferðamenn njóta eigi oftar en einu sinni á sama sólarhringnum tollundanþágu skv. 1. og 2. gr.

Tollundanþága ferðamanna skv. 1. mgr. 1. gr. gildir eigi um hluta af verði munar, en tollundanþága skipverja og flugliða innlendra farartækja skv. 3. mgr. 1. gr., getur þó gilt um hluta af verði munar svo framarlega sem verðmæti viðkomandi munar sé innan við tvöfalda þá fjárhæð, sem tilgreind er í 3. mgr. 1. gr.

5. gr.

Af vörum sem eru undanþegnar tollum samkvæmt reglugerð þessari falla einnig niður önnur aðflutningsgjöld, söluskattur við innflutning og einkasölugjöld.

6. gr.

Framvísunarskylda o. fl.

Farþegi sem kemur til landsins frá útlöndum, skal við komu ótilkvaddur framvísa öllum farangri sínum við tollgæslumann. Að því búnu ber tollgæslumanni að inna farþega eftir, hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem innflutningur er bannaður á eða háður er innflutningstakmörkunum. Ef farþegi kveðst hafa meðferðis tollskyldan varning, þ. e. annan, meiri eða verðmætari varning en heimilaður er innflutningur á án greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar, skal hann skýra tollgæslumanni nákvæmlega frá varningnum og verðmæti hans. Af þeim varningi skal greiða aðflutningsgjöld að svo miklu leyti sem innflutningur hans er heimill.

Þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram, er tollyfirvaldi heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá sem hafa engan tollskyldan farangur meðferðis við komu til landsins og hins vegar fyrir þá sem annað hvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur sem háður er innflutningstakmörkunum eða banni. Fyrrnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt grænu, átthyrndu skilti með áletruninni: „ENGINN TOLLSKYLDUR VARNINGUR". Síðarnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt rauðu, ferhyrndu skilti með áletruninni: „TOLLSKYLDUR VARNINGUR". Við skiltin skal skráð „TOLLGÆSLA". Áletranir skulu vera á íslensku og þeim erlendu tungumálum sem tollyfirvaldi þykir ástæða til.

Um leið og farþegi hefur gengið um hlið sem merkt er samkvæmt framansögðu, telst hann hafa svarað því, sem tollgæslumanni bæri ella að spyrja um, hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er innflutningstakmörkunum eða banni.

Við tollafgreiðslu aðkomufars skal sérhver farmaður gera tollgæslunni skriflega grein fyrir öllum varningi sem hann hefur meðferðis, hvort sem hann er tollskyldur eða ekki, og framvísa honum ótilkvaddur fyrir tollgæslumanni.

Óski tollgæslumaður eftir því að skoða farangur farþega eða farmanns, skulu þeir veita til þess alla aðstoð með því að opna töskur og umbúðir, taka upp úr þeim og gefa þær upplýsingar um farangurinn sem um er beðið. Komi fram varningur við þessa skoðun, sem ekki er greint frá eins og fyrir er mælt hér að framan, skoðast hann ólöglega innfluttur og skal gerður upptækur til ríkissjóðs.

7. gr.
Ýmis ákvæði.

Nú er varningur sem tollafgreiddur hefur verið samkvæmt reglugerð þessari, seldur eða boðinn til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd, og varðar það þá refsingu samkvæmt IX. kafla laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit skal öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 151 12. apríl 1978 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 24. maí 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

22. febrúar 1978. Nr. 196.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir verðlaunasjóð hjónanna Lárusar Björnssonar bónda og Péturínu Jóhannsdóttur húsfreyju, í Grímstungu, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, útgefin á venjulegan hátt að undangengnu af dómsmálaráðherra 22. febrúar 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir verðlaunasjóð hjónanna Lárusar Björnssonar bónda og Péturínu Jóhannsdóttur, húsfreyju í Grímstungu, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.
Sjóðurinn heitir verðlaunasjóður Lárusar Björnssonar og Péturínu Jóhannsdóttur.

2. gr.
Sjóðurinn er stofnaður af vinum þeirra Grímstunguhjóna í Vatnsdal og víðar, hinn 13. maí 1960, í tilefni af 50 ára búskap Lárusar, 45 ára hjúskap þeirra hjóna og 70 ára afmæli Lárusar þann 10. desember s. l.

3. gr.
Stofnfé sjóðsins er kr. 27 500.00, er ávaxtist í Sparisjóði A-Hún. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, né heldur sameina öðrum sjóði eða sjóðum. Tekjur sjóðsins eru sá hluti vaxta, er ekki komi til útborgunar (sbr. 6. gr.), svo og áheit og gjafir eða önnur framlög. Er allt slíkt jafnt háð ákvæðum skipulagsskrár, sem frumstofninn og má aldrei skerða.

4. gr.
Stjórn sjóðsins skipa fimm menn þannig: Ráðunautur í búfjárrækt fyrir A.-Húnavatnssýslu, formaður búnaðarsambands A.-Hún., formaður búnaðarfélags Áshrepps, einn maður kosinn af sýslunefnd A.-Hún. til 4 ára í einu, einn niðji hjónanna Lárusar Björnssonar og Péturínu Jóhannsdóttur, bónda í Grímstungu, meðan til er, annars

einhver niðji búsettur í hreppnum kjörinn af hreppsnefnd. Sé þetta hvorugt til staðar, kýs hreppsnefnd Áshrepps einn mann til 4 ára í senn. Gæslumaður og formaður sjóðstjórnar er formaður búnaðarfélags Áshrepps. Halda skal gerðabók fyrir sjóðinn og færa þar árlega reikninga hans, fundargerðir og annað sem viðkemur honum.

Reikninga sjóðsins skal endurskoða af sýslunefnd.

5. gr.

Starfssvæði sjóðsins er A.-Húnavatnssýsla og skal stjórn hans að jafnaði veita árlega verðlaun úr honum til þeirra bænda eða einstaklinga, er ná athyglisverðum árangri í kynbótum sauðfjár, hrossa og nautgripa.

Fyrir afrek í sauðfjárrækt má veita verðlaun fyrir eftirfarandi atriði:

1. Þeim sem nær bestum árangri í afurðum af fjárstofni sínum, enda sanni hann það með öruggu skýrsluhaldi og sé starfandi í sauðfjárræktarfélagi. Heimilt er að veita ekki verðlaun árlega.
2. Þeim er sýnir kostamestan afkvæmahóp hrúta þau ár sem afkvæmasýningar eru haldnar, enda sé hópurinn mjög kostamikill.
3. Þeim sem framleitt hefur þann hrút, sem best reynist við afkvæmarannsóknir á hverjum 5 árum.
4. Þeim bændum er ná bestum árangri í afurðum mjólkurkúa sinna samkvæmt skýrslum á vegum Búnaðarsamb. Austur-Húnavatnssýslu.

Verðlaun til hrossaræktar veitast þau ár sem sýningar eru og þá jafnaðarlegast fyrir best tamið kynbótahross.

Svo er og heimilt að verðlauna hvern þann félagsskap er vinnur að ræktun sauðfjár, hrossa og nautgripa og markverðum árangri nær í því starfi.

Sjóðstjórnin hefur heimild til að veita verðlaun til fleiri en einnar búgreinar á sama ári ef sérstaklega stendur á.

6. gr.

Ávallt skal minnst ¼ ársvaxta leggjast við höfuðstól. Þá getur sjóðsstjórnin ákveðið að meira af þeim leggist við höfuðstólinn, ef henni finnst ekki ástæða til fullra verðlaunaveitinga eitthvert ár. Verðlaun séu veitt í peningum ásamt skrautrituðu skjali, er í séu færð helstu atriði verðlaunaveitingarinnar.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema með samþykki Grímstunguhjóna meðan þeirra nýtur við. Eftir þeirra dag getur sjóðsstjórnin breytt skipulagsskránni, ef hún er öll sammála um það og sýslunefnd A.-Húnavatnssýslu samþykkir það án mótatkvæða.

Stjórnartíðindi B 17, nr. 176—196. Útgáfudagur 31. maí 1978.

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 — 1978

18. maí 1978. 327 Nr. 197.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Akraness.

1. gr.

Almennur vatnsskattur.

Af öllum húseignum og lóðum í lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar sem virtar eru fasteignamati og liggja við vegi og opin svæði, þar sem vatnsæðar eru, skal greiða árlega vatnsskatt, sem nemur 0.12% af framreiknuðu gildandi fasteignamati eignarinnar hverju sinni.

2. gr.

Vatnsskattur samkv. 1. gr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð.

Íbúðarhús	minnst	19.60	kr. m^3
Iðnaðarhús	minnst	4.75	kr. m^3
Vörugeymslur	minnst	4.75	kr. m^3
Allt annað húsnæði	minnst	19.60	kr. m^3

Þessi lágmarksgjöld, svo og önnur gjöld skv. þessari gjaldskrá breytast í samræmi við fasteignamat eignarinnar.

3. gr.

Aukavatnsskattur.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt af húsum, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum. Aukavatnsskatt skal innheimta samkv. mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 7.10 fyrir hvern rúmmetra vatns. Fyrir önnur vatnsafnot en þau, er að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur samkvæmt ákvörðun vatnsveitunnar.

4. gr.

Önnur gjöld.

Greiða skal vatn sem selt er til skipa og báta í Akraneshöfn. Greiðsla skal vera kr. 135.10 fyrir hvern rúmmetra.

5. gr.

Allir, sem óska tengingar við dreifiæðar vatnsveitunnar, greiði stofngjald, er sé kr. 25.34 af fyrstu 2000 rúmmetrum húss og kr. 16.88 af því, sem þar fer yfir.

B 43

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 5.880 pr. mæli. Mælaleiga skal vera sem hér segir:

40 mm mælir og minni	kr.	2 027 pr. ár
50 mm mælir	—	3 378 pr. ár
80 mm mælir	—	4 053 pr. ár
100 mm mælir	kr.	8 107 pr. ár

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Akraness nr. 105 5. apríl 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 18. maí 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 198. 17. maí 1978.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Hvammstanga nr. 416 31. desember 1973.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Húseigandi, sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal leggja fram teikningu af vatnskerfi sínu ef óskað er.

Húseigandi skal einnig greiða tengigjald til vatnsveitunnar áður en tenging fer fram og skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 31 á hvern rúmmetra húss og er það miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 176 stig.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá og nemur hann árlega sem næst 0.15% (0.15 af hundraði) fasteignamats, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar. Vatnsskattur skal ekki vera lægri en kr. 5 000 árlega og breytist hlutfallslega jafnt og vatnsskattur sem reiknaður er eftir fasteignamati.

3. gr.

3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Fyrir tímabundin og sérstök vatnsnot skal greiða, sem hér segir, auk almenns vatnsskatts.

a. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum: Á hverja slátraða sauðkind skal greiða kr. 8 á hvern kálf yngri en 6 mánaða kr. 38 en á hvern stórgrip eða alisvín kr. 115.
b. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 96 á hverja smálest af innvegnum fiski.

c. Vatnsnot af mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 96 á hverja eitt þúsund lítra af innveginni mjólk.
d. Greiðsla fyrir önnur vatnsnot, sem ekki eru upptalin í þessari grein skal fara eftir ákvörðun hreppsnefndar.
e. Fyrir hverja smálest vatns ef selt er eftir mæli kr. 20.
f. Framantalin gjöld hækki hlutfallslega og vatnsskattur reiknaður eftir fasteignamati.

Reglugerðarbreyting þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. maí 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

30. mars 1978. Nr. 199.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. mars 1978 staðfest aðalskipulagsuppdrátt fyrir Seyðisfjörð.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Seyðisfjarðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

22. maí 1978. Nr. 200.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um heilbrigðiseftirlit með klakstöðvum og eldisstöðvum, nr. 70/1972.

1. gr.

Við 9. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi.

Eigendur eða umráðamenn klak- og eldisstöðva skulu láta fara fram sótthreinsun á öllum nýfrjóvguðum hrognum sem þeir hafa hug á að ala. Sótthreinsun skal fara fram á þann hátt sem Fisksjúkdómanefnd segir fyrir um.

Héraðsdýralæknar eða fulltrúar Fisksjúkdómanefndar sem hún tilnefnir skulu líta eftir því að sótthreinsun fari fram á viðhlítandi hátt. Skulu þeir er eftirlit annast láta af hendi vottorð um það strax að verki loknu.

Skylt er þeim sem ætla að sótthreinsa nýfrjóvguð hrogn að tilkynna það viðkomandi héraðsdýralækni eða fulltrúa Fisksjúkdómanefndar með rúmum fyrirvara. Kostnað við sótthreinsun og eftirlit skulu eigendur hrognanna bera.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum, nr. 76 20. júní 1970, um lax- og silungsveiði og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. maí 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Nr. 201. 22. maí 1978.

AUGLÝSING

um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi.

Samkvæmt heimild í 2. grein laga nr. 108 31. desember 1973, sbr. lög nr. 80 23. júní 1969, verður það fyrst um sinn og þar til öðruvísi verður ákveðið, gert að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknisstarfi við heilsugæslustöð fulla 6 mánuði að loknu námi í læknadeild og leggi fram skilríki fyrir þeirri þjónustu.

Auglýsing nr. 63 29. mars 1963, með síðari breytingum, er hér með úr gildi felld.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 202. 17. maí 1978.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 402/1976 um námslán og námsstyrki.

1. gr.

2. gr. hljóði svo:

Óháð ákvæðum 1. gr. skulu námsmenn við eftirtaldar námsstofnanir eiga kost á námsaðstoð samkvæmt þessari reglugerð og eftir því sem sérstök fjárveiting leyfir hverju sinni, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1976:

Fiskvinnsluskólinn, 3. og 4. ár.
Fósturskóli Íslands, 2. og 3. ár.
Hjúkrunarskóli Íslands, 2. og 3. ár.
Húsmæðrakennaraskóli Íslands, 2. og 3. ár.
Iðnskólar, framhaldsdeildir, 2. og 3. ár.
Íþróttakennaraskóli Íslands.
Leiklistarskóli Íslands.
Myndlista- og handíðaskóli Íslands, 3. og 4. ár.
Nýi hjúkrunarskólinn, 2. og 3. ár.
Stýrimannaskólar.

Tónlistarskólar: 2 síðustu námsár kennaradeilda Tónlistarskólans í Reykjavík, svo og tónlistarnemar á 7. og 8. námsstigi skv. námsstigakerfi Tónlistarskólans í Reykjavík.
Tækniskóli Íslands, raungreinadeild og tæknínám, annað en meinatækni.
Vélskólar.
Þroskaþjálfaskóli Íslands, 2. og 3. ár.
Nám á tæknifræðistigi og meinatæknínám við Tækniskóla Íslands, svo og nám í framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri telst aðstoðarhæft skv. 1. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 57/1976, um námslán og námsstyrki, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 17. maí 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

16. maí 1978. Nr. 203.

SAMÞYKKT

um hundahald í Búðahreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Búðahreppi, að undanskildum leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki, samkvæmt læknisráði.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í hreppnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b. Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð.
c. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.
d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi, í fylgd með aðila, sem fullt vald hefur yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
e. Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum sem um hreppinn fara, til óþæginda.
f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða, þar á meðal reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts, svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hundinn þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar

vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahaldsins.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Búðahrepps, staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. maí 1978.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 204. 29. maí 1978.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíðinni 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1978:

6X5 lbs. og 5X5 lbs. í skel garndreginni.	pr. lbs. Cif. U.S.A.
7— 9	kr. 1 981
9—12	— 1 868
12—15	— 1 755
15—18	— 1 585
18—24	— 1 358
24—30	— 1 189
5X3 kg í skel með görn.	
7—12	kr. 1 472
12—15	— 1 302
15—30	— 1 109
30—45	— 826
6X3 kg og 5X6 lbs. í skel með görn.	pr. lbs. Cif. Milano
35—60	kr. 571
45—60	— 571
6X5 lbs. í skel með görn.	pr. lbs. Cif. U.S.A.
7— 9	kr. 1 783
9—12	— 1 681
12—15	— 1 580
15—18	— 1 427
18—24	— 1 222
24—30	— 1 070

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. maí 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

19. maí 1978. Nr. 205.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Höfðahreppi, Skagaströnd nr. 12 11. janúar 1974.

1. gr.

Í stað kr. 5 000 í tengigjald komi kr. 10 000 í 2 . grein.

2. gr.

Í stað lágmarksgjalds kr. 500 í 6. gr. komi kr. 5 000.

3. gr.

Framantalin gjöld samkv. 2. og 6. gr. eru miðuð við byggingarvísitöluna 159 stig 1. nóvember 1977 og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna eins og hún er 1. nóvember ár hvert. Þó má hækkun ekki nema meiru en 50% án samþykkis ráðuneytisins.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

23. maí 1978. Nr. 206.

REGLUR

um Íslensku UNESCO-nefndina.

I. Starfsreglur.

1. gr.

Íslenska UNESCO-nefndin er stofnuð í samræmi við VII. kafla stofnskrár Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization — UNESCO).

Nefndin heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vera ríkisstjórninni og sendinefnd Íslands á aðalráðstefnu UNESCO til ráðuneytis í málum, er varða UNESCO, og tengiliður milli UNESCO og íslenskra mennta-, vísinda- og annarra menningarstofnana.

3. gr.

Nefndin annast upplýsingastarfsemi um málefni UNESCO á Íslandi og hefur samvinnu við aðrar íslenskar nefndir, sem starfa að málefnum Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra.

4. gr.

Nefndin getur að eigin frumkvæði tekið til meðferðar hvert það verkefni, sem telja má í verkahring UNESCO og brýtur ekki í bága við ákvarðanir og stefnu Íslendinga í utanríkismálum.

Þá er menntamálaráðuneytinu heimilt að fela nefndinni ráðgjafarstörf um aðra fjölþjóðlega menningarsamvinnu, sem Ísland er aðili að, svo sem á vegum Evrópuráðsins, Efnahags- og framfarastofnunarinnar (Organization for Economic Co-operation and Development — OECD), eða á norrænum vettvangi.

Þegar nefndin fjallar um önnur mál en þau sem einungis varða UNESCO, má einnig kveðja á fund aðila sem ekki eiga sæti í nefndinni.

II. Skipun nefndarinnar.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn.

Í hana skulu skipaðir eftirtaldir aðilar:

1.—3. Formaður nefndarinnar, varaformaður og ritari skipaðir af menntamálaráðherra án tilnefningar;
4. fulltrúi samkvæmt tilnefningu utanríkisráðuneytisins;
5. rektor Háskóla Íslands;
6. rektor Kennaraháskóla Íslands;
7. útvarpsstjóri;
8. formaður Menntamálaráðs;
9. formaður framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins;
10. formaður Bandalags íslenskra listamanna;
11. forseti Vísindafélags Íslendinga;
12. landsbókavörður;
13. þjóðminjavörður;
14. þjóðskjalavörður;
15. forstöðumaður Listasafns Íslands;
16. forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi;
17. formaður Sambands íslenskra barnakennara;
18. formaður Félags háskólamenntaðra kennara;
19. formaður Landssambands framhaldsskólakennara;
20. formaður Félags skólastjóra og yfirkennara á grunnskólastigi;
21. formaður Félags menntaskólakennara;
22. formaður Æskulýðssambands Íslands;
23. formaður Æskulýðsráðs ríkisins;
24. hagstofustjóri;
25. formaður stofnunarinnar Aðstoð Íslands við þróunarlöndin;
26. forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands;
27. formaður Náttúruverndarráðs;

28. formaður Kvenfélagasambands Íslands;
29. formaður Kvennréttindafélags Íslands;
30. formaður Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Ráðherra getur, með samþykki utanríkisráðuneytisins ákveðið breytingar á fjölda nefndarmanna.

Þeim aðilum, sem samkvæmt ofangreindu eiga sæti í nefndinni samkvæmt stöðu sinni, er heimilt að tilnefna annan fulltrúa úr stofnun þeirri eða samtökum sem hlut eiga að máli, til starfa í nefndinni í sinn stað. Fallist menntamálaráðuneytið á þá tilnefningu, skal fulltrúinn skipaður í nefndina til loka starfstímabilsins.

Þá er nefndarmanni heimilt, ef hann getur ekki sótt fund í nefndinni, að tilnefna varamann með sama hætti.

III. Starfstilhögun.

6. gr.

Í framkvæmdanefnd Íslensku UNESCO-nefndarinnar eiga sæti: formaður, varaformaður, ritari og fulltrúi utanríkisráðuneytisins.

7. gr.

UNESCO-nefnd eða framkvæmdanefnd hennar er heimilt að kjósa sérnefndir og fela þeim að annast athugun og meðferð ákveðinna mála, þegar henta þykir. Getur formaður UNESCO-nefndar boðað slíkar sérnefndir til fundar við UNESCO-nefndina sjálfa eða framkvæmdanefndina.

Sérnefndir kjósa sér sjálfar formann og mega leita aðstoðar sérfræðinga í einstökum málum.

Í sérnefndum geta bæði átt sæti fulltrúar úr UNESCO-nefnd og menn utan hennar.

8. gr.

Íslenska UNESCO-nefndin heldur einn fund á ári þar sem lögð er fram skýrsla um störf framkvæmdanefndar síðastliðið ár, drög að starfsáætlun fyrir næsta ár, svo og skýrsla um nýafstaðna aðalráðstefnu UNESCO (á öðrum hverjum aðalfundi).

Heimilt er að kveðja til aukafunda, ef þurfa þykir vegna sérstakra viðfangsefna.

9. gr.

Við atkvæðagreiðslu í Íslensku UNESCO-nefndinni, framkvæmdanefnd hennar eða sérnefndum, ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

10. gr.

Ritari nefndarinnar er starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

11. gr.

Skipun sendinefndar Íslands á aðalráðstefnu UNESCO heyrir undir utanríkisráðuneytið.

12. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og skal skipa Íslensku UNESCO-nefndina að nýju í samræmi við þær.

Menntamálaráðuneytið, 23. maí 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

B 44

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða á Sauðárkróki og ráðstöfun atvinnuleyfa.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Sauðárkróki skal miðuð við íbúatölu í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks, þannig að ein bifreið komi á hverja 500 íbúa, sem þar eiga lögheimili, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

2. gr.

Enginn bifreiðarstjóri má aka allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga á Sauðárkróki, nema hann hafi afgreiðslu hjá Bifreiðastöð Sauðárkróks, og hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri á Sauðárkróki.

3. gr.

Leigubifreiðarstjórar, sem ekki hafa afgreiðslu hjá Bifreiðastöð Sauðárkróks, hafa ekki atvinnurétt þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.

4. gr.

Á Sauðárkróki skal ávallt vera opin bifreiðastöð frá kl. 9.00 árdegis til kl. 24.00 og lengur þegar þörf gerist.

Bifreiðarstjórum er skylt að hlíta þeim reglum, sem stjórn bifreiðastöðvarinnar kann að setja í samráði við stéttarfélag bifreiðarstjóra, því til tryggingar að ekki sé tilfinnanlegur skortur á leigubifreiðum vissan hluta sólarhringsins.

II. KAFLI
Úthlutun atvinnuleyfa.

5. gr.

Bifreiðarstjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi, sem leigubifreiðarstjóri, skal sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum til Bifreiðastjórafélagsins Brautar fyrir 1. okt. ár hvert.

Umsókninni skal fylgja:

a. Vottorð frá Bifreiðastöð Sauðárkróks um að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu, fái hann úthlutað atvinnuleyfi.
b. Hegningarvottorð.
c. Vottorð frá bæjarskrifstofunni um að umsækjandi eigi lögheimili á Sauðárkróki.
d. Afrit skattframtals sl. 3 ár.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðarstjóra við akstur allt að 8 farþega leigubifreiða jafnan lagður til grundvallar, þannig að sá sem lengstan starfsaldur hefur gengur fyrir nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda eigi hann lögheimili og hafi búsetu á Sauðárkróki.

Úthlutunarmönnum er þó heimilt að víkja frá meginreglu greinar þessarar í sérstökum undantekningartilvikum.

Bifreiðarstjórar, sem hafa haft atvinnuleyfi en lagt það inn hafa forgangsrétt til atvinnuleyfis í næstu tvö ár frá því það var lagt inn, en aðeins 2 sinnum og minnst í 6 mánuði, þó getur sá, sem fær úthlutað atvinnuleyfi í fyrsta sinn ekki lagt leyfið inn með forgangsrétti fyrr en eftir 3 ára stöðugt starf.

6. gr.

Atvinnuleyfi skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal annan þeirra tilnefna af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Brautar, en hinn skipar ráðherra án tilnefningar. Úthlutunarmenn séu leigubifreiðarstjórar að aðalstarfi, ekki má þó skipa stjórnarmenn stéttarfélags bifreiðarstjóra til starfans. Skulu atvinnuleyfi og tilkynningar um atvinnuleyfi undirrituð af úthlutunarmönnum. Tilnefningin er til tveggja ára í senn.

Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Brautar skal senda úthlutunarmönnum rökstuddar tillögur um úthlutun atvinnuleyfa.

Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna sker samgönguráðuneytið úr.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Leyfin skulu vera í vörslu Bifreiðastjórafélagsins Brautar, sem síðan tilkynnir útgáfuna, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Engum má úthluta fleirum en einu atvinnuleyfi.

Úthlutunarmönnum er einnig skylt að líta eftir að ákvæðum reglna og laga um leigubifreiðar og reglugerðar þessarar sé fylgt og er þeim heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir brjóti leyfishafi af sér, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

7. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðarstjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur eigin leigubifreiðar allt að fullu starfi og sæki um upptöku í stéttarfélag bifreiðarstjóra á Sauðárkróki.

Þeir bifreiðarstjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í b-lið 14. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

8. gr.

Bifreiðastöð Sauðárkróks er skylt að láta úthlutunarmönnum í té, í septembermánuði ár hvert, skrá yfir allar bifreiðar, sem þar hafa afgreiðslu. Í skrá þessari skal tilgreint skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra og bifreiðareiganda.

III. KAFLI

Nýting leyfis.

9. gr.

Leyfishafi skal hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá Bifreiðastöð Sauðárkróks, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af bæjarstjórn Sauðárkróks.

Óheimilt er bifreiðastöð, að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en tilkynning um útgáfu atvinnuleyfis hefur borist frá stéttarfélagi bifreiðarstjóra.

10. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt, nema til stéttarfélags bifreiðarstjóra, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi, sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, getur haldið leyfisréttindum sínum í allt að því 6 mánuði. Ef sérstaklega stendur á, geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest, enda óski leyfishafi þess.

Úthlutunarmenn geta innkallað atvinnuleyfi leyfishafa hafi hann ekki notfært sér það í 6 mánuði eða lengur og ekki sótt um frest. Skulu úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa innköllun leyfisins með ábyrgðarbréfi. Hafi leyfishafi ekki óskað eftir framlengingu leyfisins og fært fram ástæður, sem úthlutunarmenn geta tekið til greina, innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins.

Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt í lengri eða skemmri tíma, en heldur því þó, sbr. 2. mgr., og er þá óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi tvo mánuði eða lengur, án þess að hafa tilkynnt bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal þá tilkynna fjarveruna stjórn stéttarfélagsins, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

Hafi leyfishafi ekki átt bifreið í 1 ár eða lengur hefur hann fyrirgert rétti sínum til atvinnuleyfisins.

11. gr.

Brjóti leyfishafi eitthvað það af sér, að dómi bifreiðastöðvarstjóra, að segja beri leyfishafa upp afgreiðslu um stundarsakir, er bifreiðastöðvarstjóra heimilt að segja leyfishafa upp afgreiðslu í allt að 5 sólarhringa í fyrsta skipti, en allt að því 10 sólarhringa í annað skipti.

Skulu slíkar uppsagnir og tilefni þeirra skrásettar hjá bifreiðastöðinni og tilkynntar úthlutunarmönnum jafnóðum.

Telji bifreiðastöðvarstjóri ástæðu til að víkja leyfishafa úr afgreiðslu oftar, lengri tíma eða fyrir fullt og allt, skal bifreiðastöðin leggja málið fyrir úthlutunarmenn. Skulu úthlutunarmenn, innan 15 daga úrskurða, hvort útiloka skuli umræddan bifreiðarstjóra frá afgreiðslu og hve langan tíma eða alveg.

Telji úthlutunarmenn ástæðu til að segja leyfishafa upp afgreiðslu um lengri eða skemmri tíma, skal atvinnuleyfi leyfishafa vera í vörslu þeirra, meðan uppsögn afgreiðslunnar stendur.

Bifreiðastöðinni er skylt að taka leyfishafa í afgreiðslu aftur að afgreiðslubanni loknu, ef leyfishafi æskir þess.

Báðir aðilar hafa rétt til að skjóta úrskurði úthlutunarmanna til samgönguráðuneytisins, innan 6 daga frá birtingu úrskurðarins, ef um er að ræða útilokun í 6 mánuði eða lengri tíma, eða ef ágreiningur er um afgreiðslu málsins hjá úthlutunarmönnum.

12. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt, og síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari. Tilkynna skal þetta til Bifreiðastöðvar Sauðárkróks.

13. gr.

Óheimilt er að hafa vaktaskipti bifreiðarstjóra á leigubifreiðum, nema báðir hafi atvinnuleyfi, þó getur samgönguráðuneytið ákveðið í samráði við stjórn stéttarfélags bifreiðarstjóra, verði tilfinnanlegur skortur leigubifreiða í bænum, að út verði gefnar tímabundnar undanþágur frá greindu banni eftir reglum sem samgönguráðuneytið þá setur.

Einnig er stjórn stéttarfélags leigubifreiðarstjóra heimilt að veita undanþágu í eftirgreindum tilvikum:

a. Þurfi leyfishafi á endurhæfingu að halda undangengnum veikindum, enda leggi hann fram yfirlýsingu frá lækni þeim sem hann hefur verið í meðferð hjá um að endurhæfing sé honum nauðsynleg um takmarkaðan tíma.
b. Heimila má launþega að aka í atvinnuleyfi vinnuveitanda síns öðrum bíl en vinnuveitanda, sé um að ræða stopp vegna bilunar í minnst 7 daga eða lengur.

Skal stjórn stéttarfélagsins athuga réttmæti umsókna samkvæmt grein þessari hverju sinni.

14. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi, aka fyrir sig, nema í eftirgreindum tilfellum, að fenginni undanþágu samkvæmt 15. gr.:

a. Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði læknis.
b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu stéttarfélags bifreiðarstjóra, bifreiðastöðvar þeirrar, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna, sem viðkomandi stéttarfélag bifreiðarstjóra á aðild að.
c. Ef leyfishafi deyr, heldur maki hans atvinnuleyfinu í allt að 1 ár frá dauða hans, ef maki æskir þess, enda sé bifreiðarstjórinn félagi í stéttarfélagi bifreiðarstjóra.
Heimilt skal að framlengja tíma þennan mæli sérstakar ástæður til þess, en þó ekki lengur en 1 ár hverju sinni.
d. Stéttarfélag bifreiðarstjóra skal heimila leyfishöfum að láta aka fyrir sig á orlofstíma, þó eigi lengur en allt að 4 vikum árlega, enda lýsi leyfishafi því yfir, að hann sé að fara í orlof.

15. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkvæmt 13. eða 14. gr., skal hann sækja um það skriflega til stéttarfélags bifreiðarstjóra. Umsókninni skal fylgja vottorð frá Bifreiðastöð Sauðárkróks um, að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni.

Bifreiðastjórafélaginu er þá heimilt að veita undanþáguna og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram, hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðarstjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjórafélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framansögðu.

16. gr.

Óski forseti Íslands eða ráðherrar landsins að ráða leyfishafa sem einkabílstjóra á meðan þeir gegna embætti, skal stjórn stéttarfélags bifreiðarstjóra veita undanþágu frá 1. mgr. 7. gr.

Verði viðkomandi bifreiðarstjóri skipaður, heldur hann atvinnuleyfi í allt að 3 ár, en að þeim tíma liðnum fellur leyfið til úthlutunar að nýju.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 30. maí 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

28. febrúar 1978. Nr. 208.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Nýlistasafnið, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. febrúar 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nýlistasafnið.

1. gr.

Sjálfseignarstofnun.

Stofnunin heitir Nýlistasafnið og er sjálfseignarstofnun. Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.
Félag Nýlistasafnsins.

Aðilar að Nýlistasafninu mynda með sér félag sem nefnist Félag Nýlistasafnsins. Félagið sér um rekstur safnsins og eignir þess.

3. gr.
Markmið.

Markmið safnsins eru:

a. að bjarga frá glötun, skrásetja, varðveita og kynna listaverk eftir innlenda og erlenda listamenn.
b. að afla svo fullkomins safns heimilda um sýningar innanlands og utan með eins fullkomnum upplýsingum í máli og myndum og kostur er.
c. að afla bóka, blaða og tímarita, og hvers kyns heimilda um listir og listamenn.
d. að vera miðstöð nýjustu strauma og tilrauna í íslenskri list.
e. að stuðla að opinberri umræðu og kynningu á nýjum liststílum og vanmetnum tímabilum í listum.

4. gr.
Rannsóknir og fræðimannastörf.

Stjórn er heimilt að veita utanaðkomandi mönnum, þ. e. listfræðingum, listamönnum, listnemum og áhugamönnum um litstir, aðgang að almennum heimildum safnsins.

5. gr.
Starfsmannahald.

Stjórn er heimilt að ráða að safninu forstöðumann í fullt starf eða hlutastarf, svo og annað starfsfólk.

6. gr.
Styrktarmannakerfi.

Stjórn er heimilt að koma á fót styrktarmannakerfi í þeirri mynd er samrýmist markmiðum safnsins.

7. gr.
Húsnæðismál.

Stjórn er heimilt að leigja eða kaupa húsnæði fyrir safnið.

8. gr.
Listahátíð í Reykjavík.

Stjórn er heimilt að sækja um aðild að Listahátíð í Reykjavík.

9. gr.
Stofnendur.

Stofnendur Nýlistasafnsins og Félags Nýlistasafnsins eru þeir íslenskir listamenn er staddir voru á stofnfundi og undirrituðu skipulagsskrá þessa. Enn fremur þeir listamenn sem boðaðir voru til stofnfundar, en voru fjarverandi, enda hafi þeir eða umboðsmenn þeirra samþykkt skipulagsskrá þessa með undirritun sinni.

10. gr.
Félagsaðild.

Nýir félagsmenn skulu senda formanni stjórnar umsókn um félagsaðild mánuði fyrir ársfund. Stjórnin stuðli að því að minnst tveir nýir aðilar gangi í félagið á

ári hverju. Einfaldur meirihluti atkvæða fundarmanna ræður úrslitum um inngöngu nýrra félagsmanna.

Stofnendur og þeir sem síðar gerast aðilar leggja fram tvö listaverk eftir sjálfa sig og/eða aðra listamenn við inngöngu í félagið og svo eitt listaverk eða frumheimild um listaverk á ári hverju.

Listaverk og heimildir sem þeim fylgja, svo og aðrar heimildir er félagsmaður hefir afhent eru óafturkræfar.

Félagar greiða ársgjald sem ársfundur ákveður hverju sinni. Atkvæðisréttur allra félagsmanna er jafn. Félagsmaður sem eigi er í skilum með árgjald sitt í upphafi ársfundar missir atkvæðisrétt sinn þar til skil hafa verið gerð.

Stjórn er heimilt að tilnefna erlenda listamenn sem félaga og skal setja sérstakar reglur þar um.

11. gr.
Úrsögn.

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og sendast stjórn.

Félagsmaður sem eigi greiðir ársgjald sitt í tvö ár í ráð telst hafa sagt sig úr félaginu, enda hafi stjórnin sent félagsmanni viðvörun með hæfilegum fyrirvara.

12. gr.
Gjafir og gjafabréf.

Safnið fær allan þann rétt sem á hverjum tíma fylgir listaverki að íslenskum höfundarrétti. Á sama hátt fær safnið allan þann rétt sem fylgir erlendu listaverki að höfundarrétti og samkvæmt alþjóðasamningum á sviði höfundarréttar.

Safnið hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkum og heimildum á vegum safnsins, og á öðrum listsýningum sem samræmast markmiðum safnsins.

Safnið fær rétt til eftirgerðar listaverka og heimilda, svo sem rétt til að gera kort, ljósmyndir, litskyggnur, filmur, upptökur og afrit, til eigin notkunar. Til eftirgerðar til sölu á kortum, ljósmyndum, litskyggnum, filmum, upptökum og afritum þarf samþykki eiganda höfundarréttar, enda á hann þá rétt á þóknun.

Safnið fær allan rétt á heimildum til notkunar innan veggja safnsins innan þeirra marka sem höfundarréttur setur.

Óheimilt er að láta af hendi listaverk og heimildir safnsins.

Óheimilt er án samþykkis listflytjanda að taka upp til endurflutnings beinan listflutning hans.

Heimilt er stjórn að lána listamanni listaverk hans til sýningar, eftir því sem ástæður þykja til, þó eigi lengur en í eitt ár samfellt.

Gjöfum skal fylgja gjafabréf með skilgreiningu á rétti safnsins annarsvegar og eiganda höfundarréttar hinsvegar. Listaverkum og heimildum frá félagsmönnum skal einnig fylgja samskonar bréf.

13. gr.
Fundarhöld og atkvæðagreiðslur.

Ársfund skal halda eigi síðar en 10. maí ár hvert. Til hans skal boðað á sannanlegan hátt með eigi skemmri fyrirvara en fjórtán dögum. Ársfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og ⅓ hluti félagsmanna sækir fund eða umboðsmenn þeirra. Verði ársfundur ólögmætur vegna ónógrar fundarsóknar skal stjórnin boða til framhaldsársfundar innan þrjátíu daga með fjórtán daga fyrirvara. Framhaldsársfundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar.

Ársfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins og safnsins.

Almenna fundi skal stjórn halda þegar henni þykir ástæða til. Skal boða til slíkra funda með minnst sjö daga fyrirvara. Krefjist ⅙ hl. félagsmanna almenns fundar og tilgreini fundarefni í skriflegum tilmælum til stjórnar, þá skal stjórnin

boða til slíks fundar innan fjórtán daga. Verði stjórnin eigi við tilmælum innan þess frests geta þeir er fundar óskuðu sjálfir boðað fund og skal þeim veittur aðgangur að félagaskrá.

Samþykktum á almennum fundum getur stjórn félagsins vísað til endanlegrar afgreiðslu á næsta ársfundi, ef hún telur þær skerða heildarhagsmuni félagsins eða safnsins eða víkja um of frá markaðri stefnu.

Meirihluti atkvæða á félagsfundum ræður úrslitum í öllum málum öðrum en breytingum á skipulagsskrá, en til þeirra þarf samþykki ⅔ hluta atkvæðisbærra félagsmanna á ársfundi.

Heimilt er atkvæðisbærum félagsmanni að veita öðrum atkvæðisbærum félagsmanni skriflegt umboð sitt, og gildir það einungis á þeim fundi sem það er stílað á. Hver atkvæðisbær félagsmaður getur haft með höndum tvö gild umboð hið flesta. Nú hafa atkvæðisbærum félagsmanni borist fleiri umboð en hann má nota og dæmast þau þá ógild. Nú getur umboðsmaður eigi mætt á fund og eru þá umboð hans ógild í annarra höndum.

14. gr.

Dagskrá ársfundar.

Á ársfundum skulu eftirtalin mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til úrskurðar.
3. Inntaka nýrra félagsmanna.
4. Kjör stjórnar og endurskoðenda.
5. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um ársgjald.
6. Breytingar á skipulagsskrá.
7. Önnur mál.

15. gr.

Stjórn.

Stjórn félagsins, sem jafnframt fer með stjórn safnsins, skipa fimm menn kosnir á ársfundi.

Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Enginn má þó skipa formannssætið lengur en í þrjú ár samfellt. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára í senn, tveir ár hvert.

Í varastjórn skulu kjörnir þrír menn til eins árs í senn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, kýs sér varaformann, ritara og gjaldkera.

Ákvæði til bráðabirgða: Að lokinni kosningu fyrstu stjórnar á stofnfundi skal ákveða með hlutkesti hverjir tveir meðstjórnendur teljist kjörnir til tveggja ára og hverjir til eins árs.

Stjórnin fer með öll málefni félagsins og safnsins milli ársfunda, og ber ábyrgð gagnvart félagsmönnum. Stjórnin er jafnframt sýningarnefnd.

Stjórnin skal halda gjörðabók, en í hana skal rita stutta skýrslu um allt það sem gerist á stjórnarfundum, almennum félagsfundum og ársfundum, og allar fundarsamþykktir orðréttar.

Stjórn er heimilt að kveðja til liðs við sig einstaka félagsmenn, einn eða fleiri, til að leysa tiltekin verkefni.

Varamönnum í stjórn er heimilt að sitja stjórnarfundi. Heimlit er að kjósa í varastjórn félagsmann sem starfar erlendis.

16. gr.

Endurskoðendur.

Á ársfundi skal kjósa tvo endurskoðendur. Reikningsár félagsins miðast við 1. apríl ár hvert.

Tveim vikum fyrir ársfund skal gjaldkeri hafa samið reikning fyrir liðið reikningsár og sent hann kjörnum endurskoðendum.

Endurskoðendur skulu kanna reikninga félagsins og skila athugasemdum sínum til stjórnar minnst viku fyrir ársfund.

Gjaldkeri skýrir reikninga á ársfundi.

17. gr.
Fjármál.

Fjármagna skal allan rekstur safnsins með virðulegum hætti. Óheimilt er að veita viðtöku hagsmunum ef fylgja skilyrði er fara í bága við markmið safnsins.

Stjórn er heimilt að sækja um styrki til viðurkenndra lista- og menningarstofnana, innlendra sem erlendra.

Stjórn er heimilt að innheimta aðgangseyri á sýningum.

Stjórn er heimilt að selja innan veggja safnsins eftirgerðir af listaverkum, bækur, tímarit og annað þess háttar, enda fari það eigi í bága við heimildir safnsins.

18. gr.
Breytingar á skipulagsskrá.

Tillögur til breytinga á skipulagsskrá þessari verða því aðeins bornar upp á ársfundi að þær hafi borist stjórn félagsins fyrir 1. apríl, og þær séu undirskrifaðar að ⅙ hluta atkvæðisbærra félagsmanna hið fæsta. Undirskrift samkvæmt umboði er gild.

Stjórn skal senda gildar tillögur til breytinga á skipulagsskrá með fundarboði til ársfundar. Hljóti slík breytingartillaga atkvæði ⅔ hluta atkvæðisbærra félagsmanna á ársfundi er hún löglega samþykkt.

19. gr.
Félagsslit.

Verði starfsemi félagsins og safnsins lögð niður skulu allar eignir renna til aðila sem þá er til eða síðar kann að verða stofnað til og hefur sömu markmið og Nýlistasafnið.

Starfsemi félagsins og safnsins verður því aðeins lögð niður að tillaga þar að lútandi sé kynnt í fundarboði að ársfundi og samþykkt með atkvæðum ⅘ hluta atkvæðisbærra félagsmanna.

20. gr.
Staðfesting á skipulagsskrá.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

19. maí 1978. Nr. 209.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld í Fellahreppi, Norður-Múlasýslu.

1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Fellahreppi, á lóð eða leigir lóð í hreppnum, við götu veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

Holræsagjald skal vera 0.15% af fasteignamati húsa og lóða skv. lögum um fasteignamat nr. 28 29. apríl 1963.

Lágmarksfjárhæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal þó aldrei vera lægri en kr. 2000.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald eigi virt fasteignavirðingu og skal þá greiða holræsagjald skv. samþykktum uppdráttum, kr. 10 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 5 á hvern rúmmetra í öðru húsnæði.

Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki holræsagjald.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- eða íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslum gjaldsins.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Fellahrepps, Norður Múlasýslu og staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 210. 25. maí 1978.

AUGLÝSING

fyrir Veiðifélag Mývatns.

1. Allir strandeigendur við Mývatn hafa einkarétt til netaveiði á 60 faðma breiðu belti út frá landi sínu.
2. Þar fyrir utan hafa öll lögbýli 38 að tölu 1.5% veiðirétt.
3. Allar gömlu jarðirnar 13. Geirastaðir, Vindbelgur, Syðri-Neslönd, Ytri-Neslönd, Grímsstaðir, Reykjahlíð, Vogar, Geiteyjarströnd, Kálfaströnd, Garður, Skútustaðir, Álftagerði, Haganes, hafa 3.3% veiðirétt hver jörð, sem síðan skiptist á milli lögbýlanna í hlutfalli við eignarhluta hvers og eins fyrir sig í gömlu jörðunum.

Samkvæmt ofanrituðu yrði veiðiréttur hvers lögbýlis sem hér segir:

Álftagerði I	2.325%
Álftagerði II	2.325%
Álftagerði III	2.500%
Álftagerði IV	2.160%
Bjarg	1.913%
Björk	2.050%
Borg	2.600%
Garður I	3.150%
Garður II	3.150%

Geirastaðir	3.150%
Geiteyjarströnd I	3.150%
Geiteyjarströnd II	2.325%
Geiteyjarströnd III	2.325%
Grímsstaðir I	3.150%
Grímsstaðir II	2.325%
Grímsstaðir III	1.913%
Grímsstaðir IV	1.913%
Haganes	4.800%
Kálfaströnd I	3.150%
Kálfaströnd II	3.150%
Nónbjarg	2.325%
Reykjahlíð I	2.325%
Reykjahlíð II	2.233%
Reykjahlíð III	2.050%
Reykjahlíð IV	1.867%
Reynihlíð	1.707%
Skútustaðir I	3.150%
Skútustaðir II	2.325%
Skútustaðir III	2.325%
Syðri-Neslönd	4.800%
Vagnbrekka	2.325%
Vindbelgur	4.800%
Víðihlíð	1.707%
Vogar I	2.050%
Vogar II	2.050%
Vogar III	2.600%
Vogar IV	2.050%
Ytri-Neslönd	3.700%

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. maí 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

25. maí 1978. Nr. 211.

GJALDSKRÁ

yfir efnarannsóknir og aðra þjónustu, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast.

1. gr.

Gjöld fyrir almennar efnarannsóknir, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

Fóðurefnagreiningar:

Vatn	kr.	400
Vatn í votheyi (Tolueneyming)	—	1 000
Meltanleiki in vitro	—	1 000
Protein (Kjeldhal)	—	1 000

Meltanlegt prótein	—	1 700
Tréni	—	1 000
Van Soest aðferð (Cellulósi, hemicellulósi, lignin)	—	2 500
Fita (eter extract)	—	800
Vatnsleysanlegar sykrur	—	1 500
Aska	—	400
Brennisteinn	—	1 500
Kalsíum	—	800
Fosfór	—	800
Magnesíum	—	800
Kalíum	—	800
Natríum	—	800
Kopar	—	1 200
Mangan	—	1 200
Zink	—	1 200
Járn	—	1 200
pH í votheyi	—	400
Sýrur + NH_3 í votheyi	—	2 000
Heildarrannsókn á þurrheyi[1])	—	2 500
Heildarrannsókn á votheyi[2])	—	5 000

Jarðvegsefnagreiningar:

Fosfór (P)	—	800
Kalíum (K)	—	600
Nítrat (NO_3)	—	600
Leiðnitala (Lt)	—	400
Sýrustig (pH)	—	400
Áætluð „kalkþörf“	—	800

1) Meltanleiki, prótein, steinefni
2) Meltanleiki, prótein, steinefni, pH, sýrur + NH_3

Matvælaefnagreiningar:

Prótein (Kjeldhal)	kr.	1 000
Nítrat	—	1 500
Nítrít	—	1 500
Fita (með soxhlet)	—	1 500
Tréni	—	1 000
Sykurefni	—	3 000
Aska	—	400
Vatn	—	400
Fitusýrugreining	—	40 000
Vatnsvirkni	—	3 000
Kalsíum	—	800
Fosfór	—	800
Magnesíum	—	800
Kalíum	—	800
Natríum	—	800
Járn	—	1 500
B_1 vítamín	—	3 500
B_2 vítamín	—	5 000
C-vítamín	—	2 000

Plöntusjúkdómagreining:

Einfaldar greiningar á meindýrum og öðrum skaðvöldum	—	600
Umfangsmeiri greiningar á skaðaorsökum	—	1 200

2. gr.

Aðrar rannsóknir eru unnar í tímavinnu samkvæmt fyrirfram áætlaðri tímaþörf.

3. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. maí 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Guðmundur Sigþórsson.

31. maí 1978. Nr. 212.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð bræðranna frá Sveinagörðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. maí 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð bræðranna frá Sveinagörðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður bræðranna frá Sveinagörðum.

2. gr.

Hann er stofnaður til minningar um bræðurna Eirík Símon og Bjarna Reykjalín Jóhannessyni frá Sveinagörðum, en báðir létust þeir af slysförum í Grímsey.

3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Guðmundur Jónsson, Steinunn Sigurbjörnsdóttir og Hafliði Guðmundsson, öll til heimilis að Nýja-Sjálandi í Grímsey. Er höfuðmarkmið sjóðsins að stuðla að byggingu sundlaugar í Grímsey og vinna að framgangi annarra framfaramála í eyjunni eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður.

4. gr.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 100 000.00 og tekjur hans eru af gjöfum, áheitum, vöxtum og fjáröflun, sem sjóðsstjórn beitir sér fyrir meðal velunnara byggðarlagsins og þeirra, sem heiðra vilja minningu bræðranna. Sjóðurinn skal ávaxtaður í ríkisskuldabréfum eða á annan tryggan hátt. Heimilt er sjóðsstjórn að verja tekjum sjóðsins, til þeirra málefna, sem samrýmast markmiðum hans.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skal stjórnin tilnefnd til 4 ára í senn og skal hreppsnefnd Grímseyjarhrepps skipa 1 stjórnarmann, en stofnendur 2. Forfallist stjórnarmenn skulu sömu aðilar tilnefna stjórnarmenn í þeirra stað út starfstímabil stjórnarinnar. Tilnefni stofnendur ekki stjórnarmenn skal hreppsnefnd tilnefna alla stjórn sjóðsins.

Stjórnin skal halda gjörðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrá þessa, tekjur, fjárveitingar og allt annað, sem sjóðnum viðkemur.

Endurskoðun reikninga sjóðsins skal framkvæmd árlega með reikningum Grímseyjarhrepps.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Hvammstangahreppi nr. 414 31. desember 1973.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem tengir heimæð við aðalæð, að greiða tengigjald, samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar. Einnig ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, sem miðast við fasteignamat húss og lóðar 0.15% samkvæmt núverandi fasteignamati, þó aldrei lægra en kr. 5 000, sem breytist hlutfallslega jafnt og holræsagjald sem reiknað er eftir fasteignamati.

Tengigjald kr. 12 000 fyrir hús með einni íbúð, en auk þess kr. 5 000 fyrir íbúð umfram eina, fyrir atvinnuhúsnæði kr. 24 000. Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 176 stig og breytast samkvæmt henni.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því sem þau geta átt við.

27. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Húsavíkurkaupstaðar, að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur samkvæmt heimild 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum, enda sé eigi ágreiningur í bæjarráði né við bæjarstjóra um slíkar ákvarðanir.

Bæjarráð getur þó tekið lokaafgreiðslu í þeim málum, sem bæjarstjórn hefur vísað til þess til fullnaðarafgreiðslu.

28. gr.

Bæjarráð hefur umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbýr fjárhagsáætlanir og gerir tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins. Enn fremur hefur það eftirlit með allri starfsemi bæjarins, sem ekki er falin öðrum samkvæmt lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar, með þeim takmörkunum sem 47. gr. laga nr. 58/1961 setur.

Í þeim tilvikum, að sérstökum nefndum bæjarstjórnar er falið að hafa með höndum tiltekna málaflokka, skal bæjarráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.

29. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað.

V. KAFLI

Um bæjarstjóra.

30. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

31. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum kaupstaðarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekið mál.

Skylt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofu bæjarins.

32. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og fastanefnda, og hefur hann þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar.

Ekki hefur hann þó atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar, nema hann sé bæjarfulltrúi og ekki á fundum bæjarráðs og nefnda, nema hann sé lögskipaður eða kjörinn nefndarmaður.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda.

33. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda félagsmálaráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs, sbr. 2. mgr. 27. gr.

34. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögboðin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, eða fullnaðarákvörðun bæjarráðs, má ekki greiða nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð hans eða bæjarráðs til slíks.

35. gr.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans, nema bæjarstjórn feli öðrum. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu, en þá samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um þau málefni.

Hann hefur með höndum umsjón með skrifstofum bæjarins og daglega stjórn á fjármálum bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra, þar á meðal innheimtu tekna bæjarins.

VI. KAFLI

Endurskoðendur.

36. gr.

Bæjarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa.

Um framkvæmd endurskoðunarstarfa fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. maí ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

37. gr.

Bæjarráði er skylt að fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans, sbr. 36. gr. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með uppsetningu ársreikninga og gæta þess að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt. Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

VII. KAFLI

Um kosningar, skipan og starfssvið nefnda.

38. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin málefni, eftir því sem lög mæla fyrir:

A. Til eins árs á fundi í júní ár hvert:
1. Forseta bæjarstjórnar.
2. 1. varaforseta bæjarstjórnar.
3. 2. varaforseta bæjarstjórnar.
4. Tvo skrifara bæjarstjórnar og tvo til vara.
5. Tvo endurskoðendur bæjarreikninga og tvo til vara.

B. Til eins árs á fundi í desember ár hvert:
1. Fimm menn í hátíðanefnd 17. júní og jafnmarga til vara. Heimilt er að fela félagasamtökum framkvæmd hátíðahaldanna, og skal sú ákvörðun tekin á desemberfundi.
2. Þrjá menn í kjörstjórn og jafnmarga til vara.

C. Til fjögurra ára á fyrsta fundi eftir bæjarstjórnarkosningar:
1. Fjóra menn í byggingarnefnd, þar af tvo innan bæjarstjórnar og fjóra varamenn.
Bæjarstjóri er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar, samkvæmt lögum.
Á fundum nefndarinnar á sæti byggingafulltrúi, auk nefndarmanna, með málfrelsi og tillögurétti.
2. Fimm menn í orku- og veitunefnd. Þar af minnst einn innan bæjarstjórnar og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt.
Nefndin annist málefni rafveitu, hitaveitu og vatnsveitu. Bæjarstjóri er formaður nefndarinnar.
3. Fimm menn í hafnarnefnd, þar af minnst einn innan bæjarstjórnar og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt. Bæjarstjóri er formaður nefndarinnar.
4. Þrjá menn í heilbrigðisnefnd, þar af einn innan bæjarstjórnar, og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt. Héraðslæknir og héraðsdýralæknir eiga jafnframt sæti í nefndinni, samkvæmt lögum, með málfrelsi og tillögurétti.
5. Fimm menn í skólanefnd, þar af minnst einn innan bæjarstjórnar, og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann samkvæmt lögum.
Auk málefna grunnskóla og framhaldsskóla, annast nefndin málefni Tónlistarskóla Húsavíkur.
6. Þrjá menn í skólanefnd Iðnskóla Húsavíkur og þrjá til vara. Skulu tveir vera iðnlærðir hið minnsta. Að auki tilnefna nemendur einn fulltrúa og varamann til tveggja ára í senn.
Ráðherra skipar fimmta manninn í skólanefndina, samkvæmt lögum, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

5.—6. Formaður og bæjarfulltrúi í skólanefnd og formaður skólanefndar Iðnskóla skulu, ásamt skólastjórum skólanna, mynda samstarfsnefnd, undir formennsku formanns skólanefndar. Nefndin heiti samstarfsnefnd fræðslumála. Skal nefndin vinna að samræmingu fræðslumála í bænum og á héraðsgrundvelli í samráði við héraðsbúa og Menntamálaráðuneytið. Þá skal samstarfsnefndin starfa sem byggingarnefnd skólamannvirkja á Húsavík.
Samstarfsnefndin skal kveðja tæknimenn frá bænum til starfa með nefndinni, þegar fjallað er um byggingaframkvæmdir og formann íþróttanefndar ásamt fulltrúa frá Í.f. Völsungi, ef fjallað er um sameiginleg skóla- og íþróttamannvirki.
Bæjarstjóri skal sitja fundi nefndarinnar sé þess sérstaklega óskað af nefndarmönnum eða honum sjálfum.
7. Tvo menn í íþróttanefnd. Þar af minnst annan innan bæjarstjórnar og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt. Auk þess tilnefni Í.f. Völsungur einn fulltrúa í nefndina og einn til vara.
8. Tvo menn í stjórn Náttúrugripasafns og jafnmarga til vara.
9. Einn mann í stjórn Héraðsskjalasafns Suður-Þingeyinga og einn til vara.
10. Þrjá menn í stjórn Bókasafns Suður-Þingeyinga og jafnmarga til vara.
11. Einn mann úr hópi bæjarfulltrúa til að gegna formennsku í menningarmálanefnd, og einn til vara kosinn á sama hátt. Aðrir fulltrúar í menningarmálanefnd eru fulltrúar bæjarins í stjórn Náttúrugripasafns, Héraðsskjala-

safns og Bókasafns Suður-Þingeyinga, og eru varamenn hinir sömu og í framantöldum stjórnum.

12. Fimm menn í atvinnumálanefnd, þar af minnst einn innan bæjarstjórnar og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt.
13. Fimm menn í félagsmálaráð, og jafnmarga til vara. Nefndin annist barnaverndarmál, áfengisvarnarmál í samræmi við verkaskiptingu í reglugerð nr. 121/1971, fíkniefnavarnir, — framfærslumál og heimilishjálp. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.
14. Sex menn í áfengisvarnarnefnd og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann nefndarinnar eftir ábendingu áfengisvarnarráðs. Starfssvið nefndarinnar markast af lögum og reglugerðum og verkaskiptingu við félagsmálaráð samkvæmt reglugerð nr. 121/1971 eftir því sem við á.
15. Þrír menn í dagvistunarnefnd barna og jafn marga til vara. Nefndin annist rekstur dagheimilis, leikskóla og leikvalla. Þá skal nefndin starfa sem byggginganefnd dagvistunarstofnana og leikvalla. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.
16. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Húsavíkur og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann samkvæmt lögum.
17. Tvo menn í stjórn Sjúkrahúss Húsavíkur og Heilsugæslustöðvarinnar á Húsavík, og jafnmarga til vara.
    Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.
18. Tvo menn í sáttanefnd og jafnmarga til vara.
19. Þrjá menn í náttúruverndarnefnd og jafnmarga til vara. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.
20. Tvo menn í fulltrúaráð Félagsheimilis Húsavíkur og jafnmarga til vara.
21. Einn mann í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar og einn til vara. Bæjarstjóri er annar fulltrúi bæjarins í stjórn L.S.S.H. og er forseti bæjarstjórnar varamaður hans.
22. Tvo menn í stjórn Rekstrarlánasjóðs smábátaútgerðar á Húsavík og jafnmarga til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.
23. Tvo bæjarfulltrúa í Tómstundaráð Húsavíkur og jafnmarga til vara. Tómstundaráð skiptir sjálft með sér verkum.
24. Fjóra menn í trúnaðarráð Dvalarheimilis aldraðra, og jafnmarga til vara. Ráðið skiptir sjálft með sér verkum.
25. Þrjá menn í leiguíbúðanefnd, þar af einn innan bæjarstjórnar og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt.
    Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.
26. Þrjá menn í framtalsnefnd og jafnmarga til vara. Bæjarstjóri starfi með nefndinni.
27. Einn mann sem formann umferðar- og öryggismálanefndar, og einn til vara. Auk hans eiga sæti í nefndinni byggingafulltrúi, yfirmaður verklegra framkvæmda og einn fulltrúi tilnefndur af hverjum eftirtalinna aðila: bæjarfógeta, lögreglu og bifreiðaeftirlitinu Húsavík, og Kvennadeild S.V.F.Í., Húsavík.
28. Tvo menn í fegrunarnefnd og jafnmarga til vara. Að auki á sæti í nefndinni fulltrúi tilnefndur af Garðyrkjufélagi Húsavíkur.
29. Tvo fulltrúa á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, og jafnmarga til vara.
30. Tvo fulltrúa á þing Fjórðungssambands Norðlendinga og jafnmargra til vara. Bæjarstjóri á jafnframt sæti á fjórðungsþingi, samkvæmt lögum þess.
31. Einn fulltrúa á aðalfund Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
32. Sjö menn í sjó- og verslunardóm Húsavíkur og þrjá til vara.

D. Aðrar nefndir vegna sérstakra samþykkta bæjarstjórnar.

Formenn skulu sjá um að nefndir séu boðaðar til fundar. Ef tveir nefndarmenn hið fæsta óska eftir, að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga sæti í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann og skal hann þá boða nefndina til fundar svo fljótt sem auðið er. Einnig getur bæjarstjóri boðað, að fundir skuli haldnir í nefndum, ef honum þykir ástæða til, til að ræða ýmis bæjarmál.

Bæjarstjórn kýs formann nefnda, sem starfa á vegum bæjarins, nema öðruvísi sé fyrir mælt.

39. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Kjörtímabil nefnda og umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem hefur fengið til úrlausnar ákveðið afmarkað verkefni, þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt, eða bæjarstjórn leggi nefndina niður.

40. gr.

Allar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda, svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

41. gr.

Nefndarmenn eiga rétt á þóknun fyrir störf sín samkvæmt reglum sem bæjarstjórn setur, nema annað sé tekið fram í lögum, reglugerðum eða samningum.

VIII. KAFLI

Starfsmenn bæjarins.

42. gr.

Bæjarráð skipar fasta starfsmenn bæjarins, og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í samþykkt þessari, sbr. C-lið 2. málsgreinar, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó bæjarráði að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarráð getur ákveðið hver skilyrði skuli gilda um skipun í stöður hjá bænum.

Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlýða breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

43. gr.

Bæjarstjórn ákveður með sérstökum samþykktum, hver störf skuli talin föst hjá bænum og fyrirtækjum hans, auk þeirra starfa, sem skv. lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

44. gr.

Uppsagnarfrestur fastra starfsmanna skal vera þrír mánuðir.

IX. KAFLI

45. gr.

Til þess að gera breytingu á samþykkt þessari, þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn Húsavíkurkaupstaðar nr. 163 1. október 1962.

Félagsmálaráðuneytið, 31. maí 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 232. 26. maí 1978.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Húsavíkurkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag á götu svo og að ganga endanlega frá gangstétt. Skipting A-gjalds skal vera sem hér segir:

Til gatna- og holræsagerðar	80%
Til vatnsveitu	20%

3. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar skal miða við ákveðinn hluta byggingakostnaðar á rúmmetra í fjölbýlishúsi, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	4.0%
Raðhús og keðjuhús	2.5%
Fjölbýlishús með allt að 5 íbúðum	2.0%
Fjölbýlishús með 5 íbúðum og fleiri	1.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar, opinberar byggingar	4.5%
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	1.5%
Gripahús	1.0%

Af kjöllurum og jarðhæðum, sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnurekstrar, svo og bifreiðageymslum, skal greiða hálft gjald.

Gjald skal miða við stærð húss samkv. samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

Einbýlishús	500 m^3
Raðhús, keðjuhús	400 m^3
Fjölbýlishús	300 m^3

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0.3—0.5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.

4. gr.

Gjöld samkv. 3. grein breytast árlega í samræmi við vísitölu byggingakostnaðar, sem gildir um hver áramót.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds samkv. 3. gr. skulu vera sem hér segir: Við lóðaveitingu skal greiða 70% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðaveitingu. Eftirstöðvar skulu greiðast þegar byggingaleyfi er veitt. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvum í allt að þrjá mánuði frá lóðaúthlutun.

6. gr.

Þegar veitt er byggingaleyfi án undangenginnar lóðaveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í gjaldskrá þessari, en þó aðeins af byggingaáfanga hverju sinni.

Þegar veitt er byggingaleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Þó skal gjaldið aldrei vera lægra en sem nemur 25% af byggingakostnaði á rúmmetra í vísitöluhúsinu og er það lágmarksgjald fyrir veitt byggingaleyfi eða breytingu á byggingaleyfi svo og önnur erindi afgreidd í byggingarnefnd, sem ekki falla undir þessa reglugerð.

7. gr.

Byggingafrestur er 8 mánuðir, þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til bæjarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingafrest.

Óski lóðarhafi að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

50% gatnagerðargjalds endurgreiðast eftir 6 mánuði.

Eftirstöðvar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt þegar sú úthlutun fer fram.

8. gr.

Hafi byggingaleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, þ. e. 8 mánaða, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum

um byggingafrest, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta sem endurnýjaður er, eins og það er þá að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem þegar er greitt af sama áfanga.

9. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi sem hún er í við afhendingu, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur bæjarfélagsins síðar vegna ástands hennar.

Lóðarhafi skal hlíta byggingaskilmálum ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum sem til greina kunna að koma.

10. gr.

Bæjarráð getur ákveðið að lækka eða fella niður gatnagerðargjald (A-gjald) af fjölbýlishúsum. Þá er bæjarráði heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni. Ennfremur getur bæjarráð ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

11. gr.

B-gjald, sem er gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. grein, þ. e. til að gera slitlag og gangstétt, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra í fjölbýlishúsi, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	2.25%
Raðhús, keðjuhús	1.75%
Fjölbýlishús með allt að 5 íbúðum	1.50%
Fjölbýlishús með 5 íbúðum og fleiri	0.60%
Verslunar-, skrifstofu- og opinberar byggingar	2.50%
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	1.00%
Gripahús	0.60%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss og lóðar samkvæmt fasteignamatsskráningu.

12. gr.

Gjöld samkv. 11. gr. skal miða við þá vísitölu sem í gildi er við staðfestingu þessarar reglugerðar, og síðan við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram, og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða.

13. gr.

Innheimta skal B-gjald af fasteignum við götur, sem lagðar hafa verið bundnu slitlagi og/eða gangstétt á síðustu 5 árum.

14. gr.

Ganga skal frá greiðslum á gatnagerðargjaldi samkvæmt 11. gr. á eftirfarandi hátt á því ári sem lagning slitlags á viðkomandi götu er ákveðið. Skal við það miðað að gengið hafi verið frá greiðsluskuldbindingum áður en framkvæmdir hefjast við lagningu bundins slitlags.

20% gatnagerðargjalds skulu greidd á framkvæmdaárinu.

Bæjarráð ákveður gjalddaga í hverju tilviki.

80% gatnagerðargjaldsins skal greiða með skuldabréfi, sem greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum. Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi

fasteign og ákveður bæjarráð við hverja álagningu hvaða vexti þau skuli bera. Þeir skulu greiðast eftir á á gjalddaganum 1. júlí ár hvert. Bæjarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin þriðja aðila.

Dragist framkvæmdir við viðkomandi götu eftir að gengið hefur verið frá greiðsluskuldbindingum vegna innheimtu B-gjalds, færast gjalddagar til í samræmi við það.

Lokagreiðsla af skuldabréfunum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við götu þá sem viðkomandi fasteign er skráð við.

Staðgreiðsluafsláttur skal vera sá sami og nemur innanlánsvöxtum af eins árs sparisjóðsbók á hverjum tíma.

15. gr.

Hafi gangstéttargjald áður verið greitt af lóð, skal sú greiðsla koma til frádráttar við álagningu B-gjalds enda hafi það gjald verið innheimt vegna lagningar gangstéttar við viðkomandi götu.

16. gr.

Þegar veitt er byggingaleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

17. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkv. 14. gr. í eftirfarandi tilfellum:

a) Við innheimtu gatnagerðargjalds af fasteignum við götur, sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi að hluta eða fullu.
b) Þegar greiða skal á sama tíma bæði A- og B-gjald, sbr. 16. gr.
c) Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- eða örorkulífeyrisþegar.

18. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gatnagerðargjöld í Húsavíkurkaupstað nr. 410 5. september 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um jöfnunargjald.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð jöfnunargjald af tollverði innfluttrar vöru. Gjaldið skal vera 3% til og með 31. desember 1980 og skal lagt á þær vörur sem um getur í 2. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. skal innheimt með aðflutningsgjöldum við tollafgreiðslu á innfluttum vörum sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. lög nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum:

05.04.00	18.06.05	25.17.09	34.01.03
05.15.00	18.06.06	25.22.01	34.01.04
14.02.00	18.06.09	25.23.00	34.01.05
14.03.00	19.02.01	26.03.00	34.01.09
14.05.00	19.02.02	28.04.11	34.02.05
15.04.10	19.07.01	28.04.12	34.02.06
15.04.20	19.07.02	28.04.13	34.02.07
15.04.30	19.07.09	28.09.00	34.02.08
15.05.00	19.08.01	28.13.01	34.02.09
15.06.00	19.08.02	28.16.00	34.05.01
15.12.09	19.08.03	29.01.41	34.05.02
16.03.00	19.08.04	30.03.13	34.06.00
16.04.01	19.08.09	30.03.23	35.01.00
16.04.02	20.02.01	30.03.33	35.03.01
16.04.03	21.02.11	30.03.43	35.06.01
16.04.04	21.03.00	32.09.10	35.06.09
16.04.05	21.04.01	32.09.21	36.05.00
16.04.06	21.04.02	32.09.22	38.18.00
16.04.07	21.04.09	32.09.23	38.19.33
16.04.08	21.05.19	32.09.24	39.01.23
16.04.09	21.05.29	32.09.25	39.01.24
16.04.11	21.06.02	32.09.29	39.01.26
16.04.12	21.07.02	32 09.31	39.01.33
16.04.19	22 01.01	32.09.39	39.01.34
16.05.01	22.02.01	32 09.41	39.01.36
16.05.02	22 02.09	32.09.43	39.01.43
16 05.03	22.03.01	32.09.49	39.01.53
16.05.04	22.03.09	32.11.00	39 01.64
16.05.09	22.08.00	32 12.00	39.01.95
17.04.01	23 01.10	33.04.03	39.01.97
17.04.03	23.01.20	33 06.01	39.02.13
17.04.04	24.02.32	33.06.03	39.02.14
17.04.05	25.05.00	33.06.05	39.02.15
17.04.06	25.12.01	33.06.07	39.02.23
17.04.09	25.13.01	33 06.11	39.02.25
18.06.03	25 16.00	34.01.01	39.02.34
18 06.04	25.17.01	34 01.02	39.02.35

39.02.36	41.04.00	48.15.10	55.08.10
39.02.44	41.05.01	48.15.34	55.08.20
39.02.47	41.05.09	48.15.35	56.05.19
39.02.61	41.09.00	48.16.04	56.05.20
39.02.64	42.01.00	48.16.05	56.05.30
39.02.75	42.02.10	48.16.06	56.05.40
39.02.93	42.02.20	48.16.07	56.05.59
39.02.99	42.02.30	48.16.11	56.05.60
39.03.12	42.02.41	48.16.12	56.05.70
39.03.13	42.02.49	48.16.19	56.05.89
39.03.33	42.03.01	48.18.00	56.06.10
39.03.34	42.03.02	48.19.01	56.06.20
39.03.53	42.03.09	48.19.09	56.06.30
39.03.54	42.04.00	48.21.21	56.07.10
39.03.81	43.01.10	48.21.31	56.07.20
39.03.82	43.01.20	48.21.32	56.07.30
39.07.11	43.02.01	48.21.40	56.07.40
39.07.13	43.02.09	48.21.53	56.07.50
39.07.14	43.03.01	48.21.55	56.07.60
39.07.15	43.03.09	48.21.56	56.07.70
39.07.16	43.04.09	48.21.57	56.07.80
39.07.17	44.13.21	49.01.01	56.07.85
39.07.18	44.13.29	49.07.09	56.07.90
39.07.19	44.19.00	49.08.00	57.06.00
39.07.35	44.20.00	49.09.00	57.07.09
39.07.40	44.21.00	49.10.00	58.01.10
39.07.46	44.23.01	49.11.19	58.01.20
39.07.47	44.23.02	49.11.29	58.02.10
39.07.62	44.23.03	50.04.00	58.02.20
39.07.63	44.23.04	50.05.00	58.02.30
39.07.66	44.23.09	50.07.00	58.02.40
39.07.67	44.24.00	50.09.00	58.02.50
39.07.69	44.25.01	51.03.10	58.02.60
39.07.71	44.25.03	51.03.20	58.02.70
39.07.77	44.27.01	51.04.21	58.02.80
39.07.79	44.27.02	52.01.00	58.02.90
39.07.81	44.27.09	52.02.00	58.03.00
40.07.00	44.28.83	53.09.00	58.07.01
40.08.01	44.28.84	53.10.10	58.07.02
40.13.02	44.28.87	53.10.20	58.08.09
40.13.09	44.28.88	53.11.10	58.09.00
40.14.03	44.28.94	53.11.20	58.10.00
40.14.11	46.02.01	53.11.30	59.01.02
41.01.11	46.02.02	53.11.40	59.02.10
41.01.19	46.03.01	53.11.50	59.02.22
41.01.20	48.05.20	53.12.00	59.03.01
41.01.30	48.05.41	54.03.00	59.03.09
41.01.40	48.07.39	54.04.00	59.04.02
41.01.50	48.07.42	54.05.01	59.04.09
41.01.60	48.07.44	54.05.09	59.05.09
41.02.10	48.07.47	55.07.10	59.06.01
41.03.00	48.14.04	55.07.20	59.07.09

59.12.09	61.01.40	61.04.32	68.11.01
60.01.10	61.01.45	61.04.39	68.11.09
60.01.21	61.01.50	61.05.00	68.15.00
60.02.01	61.01.55	61.06.00	68.16.02
60.02.02	61.01.60	61.07.00	69.06.00
60.02.09	61.01.65	61.09.10	69.13.01
60.03.01	61.01.70	61.09.21	69.13.09
60.03.02	61.01.75	61.09.29	70.07.01
60.03.03	61.01.80	61.10.00	70.08.00
60.03.04	61.01.85	62.01.10	70.09.00
60.03.05	61.01.90	62.01.20	70.14.01
60.03.09	61.01.95	62.01.30	71.12.00
60.04.10	61.02.05	62.01.40	71.16.00
60.04.15	61.02.10	62.01.50	73.14.02
60.04.20	61.02.15	62.02.10	73.21.01
60.04.25	61.02.20	62.02.20	73.21.02
60.04.30	61.02.25	62.02.30	73.21.03
60.04.35	61.02.30	62.02.40	73.21.04
60.04.40	61.02.35	62.02.50	73.21.05
60.04.45	61.02.40	62.02.60	73.21.06
60.04.50	61.02.45	62.02.71	73.21.09
60.04.61	61.02.50	62.02.79	73.22.01
60.04.69	61.02.55	62.02.81	73.22.09
60.05.05	61.02.60	62.02.89	73.23.01
60.05.10	61.02.65	62.03.01	73.23.03
60.05.15	61.02.70	62.03.02	73.23.09
60.05.20	61.02.75	62.03.09	73.31.01
60.05.25	61.02.80	62.04.11	73.31.09
60 05.30	61.02.85	62.04.12	73.37.01
60.05.35	61.02.91	62.04.19	73.37.02
60.05.40	61.02.92	62.04.21	73.37.03
60.05.45	61.02.93	62.04.22	73.37.09
60.05.50	61.02.95	62.04.29	73.38.21
60.05.55	61.02.96	62.05.11	73.38.22
60.05.60	61.02.97	62.05.19	73.40.45
60.05.65	61.02.98	63.01.00	73.40.46
60.05.70	61.03.10	63.02.00	73.40.48
60.05.75	61.03.20	64.01.09	73.40.49
60.05.81	61.03.30	64.02.01	73.40.51
60.05.82	61.03.41	64.02.02	73.40.55
60.05.89	61.03.49	64.02.05	74.19.03
60.06.10	61.03.51	64.02.09	74.19.05
60.06.21	61.03.59	64.03.00	75.06.01
60.06.22	61.03.61	64.04.00	76.01.10
60.06.29	61.03.69	65.03.00	76.01.20
61.01.05	61.04.11	65.05.00	76.08.00
61.01.10	61.04.12	65.06.02	76.09.00
61.01.15	61.04.19	68.01.00	76.10.02
61.01.20	61.04.21	68.02.01	76.10.04
61.01.25	61.04.22	68.02.03	76.10.09
61.01.30	61.04.29	68.02.09	76.16.02
61.01.35	61.04.31	68.08.01	76.16.03

76.16.07	84.22.12	89.01.20	94.03.31
76.16.09	84.22.31	89.01.59	94.03.32
76.16.11	84.22.61	89.01.69	94.03.39
76.16.12	84.22.62	94.01.13	94.04.00
82.01.02	84.30.15	94.01.14	96.01.01
83.03.01	85.01.21	94.01.19	96.01.03
83.06.01	85.01.71	94.01.20	96.01.05
83.07.04	85.01.79	94.03.11	96.01.07
83.07.05	85.04.10	94.03.12	96.01.09
83.07.09	85.12.51	94.03.13	97.02.00
83.13.02	85.12.52	94.03.14	97.03.00
83.14.00	85.12.53	94.03.15	97.04.03
84.11.41	85.19.17	94.03.19	97.07.02
84.11.42	85.19.19	94.03.21	97.07.09
84.12.00	87.05.01	94.03.22	98.02.09
84.15.33	87.05.02	94.03.23	98.07.00
84.15.39	87.05.09	94.03.24	98.12.00
84.17.23	87.06.01	94.03.29	

3. gr.

Við innflutning gjaldskyldra vara skv. 2. gr. er gjaldið lagt á tollverð (cif-verð) vöru eins og það er ákveðið skv. 5.—7. gr. tollskrárlaga. Gjöld sem kunna að vera lögð á vörur við innflutning samkvæmt ákvæðum annarra laga en laga um jöfnunargjald teljast því eigi gjaldstofn við útreikning á jöfnunargjaldi, sbr. þó 2. mgr.

Nú er vara flutt inn til eigin nota eða neyslu innflytjanda og söluskattur innheimtur við tollafgreiðslu og skal þá jöfnunargjaldið reiknast sem hluti söluskattsstofns.

4. gr.

Við tollafgreiðslu á vörum sem tollfrjálsar eru eða undanþegnar hafa verið tolli að öllu leyti skv. 2. og 3. gr. tollskrárlaga skal veita undanþágu frá greiðslu jöfnunargjalds.

5. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um álagningu, innheimtu, lögveð, viðurlög, sektir og aðra framkvæmd varðandi jöfnunargjaldið skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum svo og reglugerða og auglýsinga settra samkvæmt þeim.

6. gr.

Hafi innflytjandi fyrir 1. júlí 1978 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd án greiðslu jöfnunargjalds, en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 10. júlí 1978.

Jöfnunargjald skal einnig greiða af vörum sem afhentar hafa verið innflytjendum fyrir 1. júlí með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga, nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. september 1978.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett skv. 4. gr. laga nr. 83 18. maí 1978 um jöfnunargjald, öðlast gildi 1. júlí 1978.

Fjármálaráðuneytið, 21. júní 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

1. júní 1978. Nr. 234.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um námslán og námsstyrki, nr. 402/1976.

1. gr.

17. gr. 1. mgr. orðist svo:

Gjalddagi fastrar árlegrar afborgunar er 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 3 árum eftir námslok.

2. gr.

18. gr. 1. mgr. orðist svo:

Gjalddagi aukaafborgunar er 1. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn á sama ári og fyrsti gjalddagi fastrar afborgunar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 1. júní 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Stjórnartíðindi B 19, nr. 219—234. Útgáfudagur 29. júní 1978.

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 — 1978

22. júní 1978. 407 Nr. 235.

REGLUGERÐ

um ráðstöfun á 19.95% fjár gengismunarsjóðs 1978 (áætlað 467 millj. kr.) til þess að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, sbr. b-lið 3. gr. laga nr. 2/1978.

1. gr.

Styrkfjárhæðir skulu vera 1.1% ógreiddra og ógjaldfallinna höfuðstólseftirstöðva erlendra skulda reiknað á sölugengi 10. febrúar 1978. Þó skulu skuldir í norskum krónum reiknaðar á sölugengi 13. febrúar 1978 og skuldir í finnskum mörkum á sölugengi 17. febrúar 1978. Gengistryggð Fiskveiðasjóðslán skulu metin að ⅗ hl. miðað við erlend lán.

2. gr.

Stofna skal sérstakan vaxtalausan reikning hjá Fiskveiðasjóði Íslands fyrir hvert skip, sem skuldar erlent og/eða gengistryggt lán. Heimilt er Fiskveiðasjóði að halda sérstakan reikning yfir þá styrkfjárhæð sem tilheyrir hverju erlendu eða gengistryggðu láni fyrir sig. Ef hagkvæmt þykir, er Fiskveiðasjóði heimilt að færa styrkfjárhæðir samkvæmt reglum þessum sem viðbótarfærslur á þá reikninga sem stofnaðir voru vegna ráðstöfunar sama eðlis á 600 milljónum króna úr gengismunarsjóði 1974 og 950 millj. kr. úr gengismunarsjóði 1975.

3. gr.

Er Fiskveiðasjóði berst fé úr gengismunarsjóði skal hann tekjufæra hina nýju reikninga samkvæmt ákvæðum 1. gr. Reikningana skal tekjufæra í þeirri röð og þeim mæli, sem áætlað er að gjaldfæra þurfi reikningana samkvæmt reglum þessum. Heimilt er Fiskveiðasjóði að geyma á hverjum tíma nokkurn hluta fjár þess, er honum hefur borist úr gengismunarsjóði án þess að tekjufæra sérstaka reikninga fyrir fénu, enda getur sjóðurinn þá tekjufært slíkt fé þegar skyndilega þarf að gjaldfæra reikning af ófyrirsjáanlegum ástæðum.

4. gr.

Sú fjárhæð sem kemur í hlut hvers skips verður notuð til aðstoðar útgerðum við greiðslu vaxta og afborgana þeirra lána, er styrkirnir tilheyra, svo og til greiðslu á þeim hluta eigin framlags vegna skipakaupa erlendis, sem var umsaminn en ógreiddur hinn 10. febrúar 1978. Fer útborgun styrks fram á fyrsta gjalddaga hinna erlendu og gengistryggðu lána, eftir að unnt er að tekjufæra viðkomandi reikninga samkvæmt 3. gr.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Réttur til styrks samkvæmt reglum þessum fylgir því erlenda eða gengistryggða láni, sem hann er veitur út á, og nýtur því skuldari lánsins hverju sinni styrksins, þótt skuldskeyting eigi sér stað einu sinni eða oftar áður en útborgun fer fram.

6. gr.

Verði inneign á reikningi, þegar viðkomandi útgerð hefur greitt sína árlegu afborgun eða tvær misserisgreiðslur, er heimilt að greiða mismuninn út af reikningnum til útgerðarinnar.

7. gr.

Ef skip er selt úr landi falla niður allar styrkgreiðslur er skipið átti rétt á samkvæmt reglum þessum. Innstæða á reikningi þess skal þá færð á geymslureikning Fiskveiðasjóðs sbr. 3. gr.

8. gr.

Ef skip ferst eða er dæmt ónýtt skal þegar tekjufæra reikning þess fyrir öllum þeim, styrk, er skipið á rétt á og nota fjárhæðina til uppgreiðslu hinna erlendu og gengistryggðu lána, ellegar greiða skipeiganda fjárhæðina.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 2/1978 til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. júní 1978.

Matthías Bjarnason.

Kristín Magnússon.

Nr. 236. 16. júní 1978.

REGLUR

um grandaraspil, öryggisbúnað við línu og netaspil og radarspegla á opnum bátum.

1. gr.

Grandaraspil.

Skuttogarar skulu búnir grandaraspilum eða öðrum búnaði jafngildum, sem kemur í veg fyrir slysahættu af toghlerum, sem hífðir eru í gálga.

2. gr.

Öryggisbúnaður við línu og netaspil.

Á fiskiskipi, 15 brl. og stærri, sem búin eru línuspili til línu- og/eða netaveiða, skal settur sérstakur öryggisbúnaður, þannig gerður, að spilið stöðvist samstundis, ef maður dregst inn að spilkoppnum með veiðarfærunum. Stjórnlokar slíkra spila skulu þannig úr garði gerðir, að ekki þurfi að snúa handfangi þeirra úr lokunarstöðu meira en 90° til hvorrar handar, eftir því hvernig spilinu er ætlað að snúast hverju sinni.

3. gr.

Radarspeglar.

Opnir bátar skulu búnir radarspeglum úr málmplötum. Skulu þeir vera að minnsta kosti 25 cm að þvermáli.

4. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 382 20. des. 1973, um grandara- og línuspil.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

15. júní 1978. Nr. 237.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélags Ísfirðinga.

1. gr.

Reglugerð þessi nær til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Ísfirðinga, en það nær yfir Ísafjörð, Bolungarvík og Norður-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 20, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Ísfirðinga, Vinnuveitendasambands Vestfjarða, bæjarstjórnar Ísafjarðar, bæjarstjórnar Bolungarvíkur og sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld til leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Ísfirðinga viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, er fjöldi leigubifreiða innan félagsins er kominn niður fyrir töluna 20, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni.

Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en þó þannig að hlutfall félagsmanna milli Ísafjarðar, Bolungarvíkur og Norður-Ísafjarðarsýslu raskist eigi verulega frá því sem verið hefur.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru í eign einstakra fyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 15. júní 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 238. 16. júní 1978.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskimjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. sept. 1978:

Fiskmjöl, $ 6.60 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1 = 259.50.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingum frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júní 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 239. 16. júní 1978.

REGLUR

um skráningu og öryggisbúnað opinna skemmtibáta 6 m. og lengri o. fl.

1. gr.
Skráning skemmtibáta, skoðun o. fl.

1.1. Skemmtibátar 6 metra og lengri eru lögum samkvæmt skráningar- og skoðunarskyldir.

1.2. Skráningin fer fram hjá Siglingamálastofnun ríkisins eða sýslumönnum og bæjarfógetum, gegn framvísun eignarheimildar (þinglýstrar sé báturinn 5 brl. eða stærri) og mælibréfs.

1.3. Við skráningu er bátnum úthlutað skráningarnúmeri með bókstaf fyrir aftan, skal það málað á báða bóga hans.

1.4. Báturinn skal skoðaður áður en hann er tekinn á skrá og síðan árlega. Að skoðun lokinni skal honum gefið haffærisskírteini, sé honum í engu ábótavant að mati skoðunarmanna.

1.5. Smíði skemmtibáta innanlands er háð eftirliti Siglingamálastofnunarinnar, ennfremur er innflutningur þeirra háður leyfi hennar.

2. gr.
Öryggisbúnaður.

2.1. Eftirgreindur búnaður skal hafður í skemmtibátum:
Akkeri og festar samkvæmt töflunni, sem hér fer á eftir.

1	2	3		4		5
Vísitala	Akkeri	Keðja		Nylon tóg		5 m keðja
	kg	lengd	þverm.	lengd	þverm.	þverm.
10 og minni	12 kg.	40 m	6 mm	40 m	14 mm	7 mm
15	15 kg.	45 m	6 mm	45 m	16 mm	8 mm
20	18 kg.	50 m	7 mm	50 m	16 mm	8 mm
25	21 kg.	55 m	8 mm	55 m	18 mm	9 mm
30	25 kg	60 m	8 mm	60 m	18 mm	10 mm

Vísitalan er fundin þannig:
0.6L.B.H+½ rúmtak yfirbygginga í m^3.

Þar sem L er mesta lengd bátsins, B mesta breidd á utanverðan byrðing og H er hæðin mæld á L/2 frá spónfari að borðstokk ofanverðum. Til yfirbygginga heyrir rýmið ofan borðstokks eða framlengingu hans.
Heimilt er að nota nylon eða perlon tóg í stað fullrar keðjulengdar.
Skal þá notaður 5 m langur keðjustúfur næst akkerinu. Er þá farið eftir 1., 2., 4. og 5. dálk töflunnar, ella eftir 1., 2. og 3. dálk.

2.2. Áttaviti.
2.3. Björgunarvesti fyrir alla um borð.
2.4. Drifakkeri með línu og segulnagla. Stærra þvermál 60 cm, minna þvermál 12 cm, línan skal hafa 1000 kg. brotþol og vera 25 m löng að minnsta kosti.
2.5. Krókstjaki.
2.6. Þrjú rauð handblys.
2.7. Vatnshelt vasaljós.
2.8. Sjúkrakassi í vatnsheldum umbúðum, sem hefur inni að halda:
Plástur, Sárabindi, Sáraböggul, Sáragrisju, Heftiplástur, Dauðhreinsaða bómull, Fetil, Efulavin sáravatn, Euflavin vaselin, Joðáburð, Sjóveikistöflur, Magnyltöflur, Coffazyltöflur, Skæri, Flísatöng, Öryggisnælur, Slagæðabönd og Teygjubindi.
2.9. Þokulúður.
2.10. Eitt 2. kg. þurrdufts slökkvitæki, en tvö sé eldunaraðstaða í vistarverum.
2.11. Siglingaljós samkvæmt alþjóða-siglingareglum.
2.12. Handknúin, fast uppsett austurdæla. Skulu afköst hennar vera sem hér segir:

Lengd báts í metrum	Afköst í lítrum við hvert dæluslag	
	Blöðkudæla	Stimpildæla
6.0— 8.0	0.5	0.7
8.0—10.0	0.7	1.0
yfir 10	0.9	1.25

2.13. Radarspegill, 25 cm að þvermáli að minnsta kosti.
2.14. Björgunarhringur með línu, 25 m, eða flothæfur kasthringur með jafnlangri línu.
2.15. Segl og árar, nema báturinn sé þannig gerður að honum verði hvorki siglt né róið, en þá skal hann búinn talstöð. Metrabylgjustöð (VHF) eða neyðartalstöð á bylgjulengdinni 2182 KHZ.
2.16. Æskilegt er að gúmmbjörgunarbátur eða annað fleytitæki sé haft um borð.

3. gr.
Merking opinna skemmtibáta.

3.1. Skemmtibátar skulu merktir skráningarnúmeri og bókstafnum S fyrir aftan það, á bóginn beggja megin. Hæð stafanna skal vera 10 cm að minnsta kosti. Skulu þeir vera svartir á ljósum grunni eða hvítir á dökkum grunni.

3.2. Siglingamálastjóri úthlutar númerunum og skulu þau fylgja sama bát æfiskeið hans.

4. gr.
Brot gegn reglum þessum varða sektum.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 240. 13. júní 1978.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Hveragerðishrepps að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur hreppsnefnd Hveragerðishrepps gert eftirfarandi samþykkt:

„Hreppsnefnd Hveragerðishrepps samþykkir samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1932 og lögum nr. 19/1964 að áskilja Hveragerðishreppi forkaupsrétt að eftirtöldum lóðum og öðrum fasteignum í Hveragerðishreppi:

Bláskógar 3, 6, 7, 9 og 16.
Breiðumörk 3, 7, 10, 13 og 16.
Frumskógar 2, 3, 11 og 13.
Heiðmörk 38A, 38B, 40, 42, 44, 46, 48, 51, 52, 56, 58, 60 og 62.
Hverahlíð 7, 9, 10, 12 og 14.
Hveramörk 7.
Laufskógar 5, 6, 8, 10, 12, 14 og 29.
Varmahlíð 39.
Eignarlóð Guðmundar Sigurgeirssonar, Þelamörk 40—42.
Eignarlóð Svanborgar A. Jónsdóttur, úr landi Silla og Valda.
Lóð d. b. Guðsteins Eyjólfssonar úr landi Akurs, samkv. afsali 23. okt. 1943 og 30. nóv. 1944."

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. júní 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Lárusar Björnssonar og Peturínu Bjargar Jóhannsdóttur, Grímstungu í Vatnsdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. júní 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð hjónanna Lárusar Björnssonar og Peturínu Bjargar Jóhannsdóttur, Grímstungu í Vatnsdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Lárusar Björnssonar og Peturínu Bjargar Jóhannsdóttur, Grímstungu í Vatnsdal, og er hann stofnaður með gjöf fyrrnefndra hjóna að upphæð kr. 100 000.00 — eitthundraðþúsundkrónur 00/100 —.

2. gr.

Sjóðurinn er eign heimagrafreitsins í Grímstungu. Tekjur hans eru vextir, gjafir og annað sem honum kann að áskotnast.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en vöxtum og öðrum tekjum hans skal verja til viðhalds, fegrunar eða endurbyggingar grafreitsins, og leiðum tveggja barna þeirra hjóna, Helgu Sigríðar og Helga Sigurðar í Undirfells kirkjugarði, ennfremur leiðum foreldra Lárusar Björnssonar, Björns Eysteinssonar og konu hans Helgu Sigurgeirsdóttur, er hvíla í sama reit og börn þeirra Grímstunguhjóna.

Þá skal líka verja fé í girðingu hins forna grafreits í Grímstungu, er markar fyrir, eftir því sem stjórn sjóðsins telur rétt.

Annars skulu vextir og gjafafé lagt við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þessir aðilar:

1. Ábúandinn í Grímstungu, sé hann af ætt Lárusar Björnssonar. Að öðrum kosti skal það vera náinn ættingi Lárusar í Undirfellssókn, en fyrirfinnist hann ekki, þá nánasti ættingi í Þingeyjarklausturssprestakalli.
2. Prófasturinn í Húnavatnsprófastdæmi.
3. Sóknarprestur Undirfellssóknar.

Formaður sjóðsstjórnar skal vera ættingi Lárusar Björnssonar.

5. gr.

Falli jörðin Grímstunga úr ætt Lárusar Björnssonar, með sölu eða öðrum hætti, skal grafreiturinn ásamt mannvirkjum vera sjálfseignarstofnun ættmanna Lárusar Björnssonar.

Skal land hans og umhverfi markast af allt að 15 metrum, á hvorn kant út frá grafreitnum. Kvöð um umferðarétt að grafreitnum skal hvíla á jörðinni.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbankanum á Blönduósi eða annarri þeirri peningastofnun sem stjórnin telur örugga og sem hefur ríkisábyrgð.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans endurskoðaðir af þeim aðilum sem endurskoða kirkjureikning.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi er samhljóða óskum stofnenda sjóðsins, sem undirrita hana og skal leita staðfestingar forseta Íslands á henni.

Nr. 242. 19. júní 1978.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Blindrafélagsins, útgefin á venjulegan hátt að undangengnum dómsmálaráðherra 19. júní 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir námssjóð Blindrafélagsins sem stofnað er til vegna dánargjafar Guðmundar Guðjónssonar, Ljósafossi, Árnessýslu. Guðmundur arfleiddi Blindrafélagið að 3/30 hluta eigna sinna með ósk um að þessum fjármunum yrði varið til eflingar náms og menntunar félagsmanna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Námssjóður Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17, Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er sem hér segir:

1.	Sparisjóðsbók nr. 150918 í Landsbanka Íslands, aðalbanka ..	kr.	1 360 797
2.	Skuldabréf til 7 ára (með 12% vöxtum)	—	196 875
3.	Skuldabréf til 6 ára (með 12% vöxtum)	—	428 571
4.	Verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs:		
	3 bréf útgefin 1966 að upphæð kr. 10 000 hvert	—	30 000
	3 bréf útgefin 1967 að upphæð kr. 10 000 hvert	—	30 000
	1 bréf útgefið 1968 að upphæð kr. 10 000	—	10 000
	1 bréf útgefið 1972 að upphæð kr. 10 000	—	10 000
	1 bréf útgefið 1974 að upphæð kr. 10 000	—	10 000
	4 bréf útgefin 1975 að upphæð kr. 50 000 hvert	—	200 000
	2 bréf útgefin 1975 að upphæð kr. 10 000 hvert	—	20 000
	Nafnverð sjóðsins samtals	kr.	2 296 243

3. gr.

Sjóðurinn er eign blindrafélagsins, Hamrahlíð 17, Reykjavík.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er aðalstjórn Blindrafélagsins á hverjum tíma.

5. gr.

Fjármuni sjóðsins skal geyma í Landsbanka Íslands, aðalbanka. Stjórn sjóðsins ákveður að öðru leyti á hvern hátt fé sjóðsins skal ávaxtast. Sjóðinn má efla með minningargjöfum og frjálsum framlögum.

6. gr.

Aldrei má skerða höfuðstól sjóðsins en vaxtatekjur skulu notaðar til láns og styrkveitinga, allt að 70% ársvöxtum hverju sinni. Ekki minna en 30% vaxtatekna skal varið til eflingar höfuðstóls. Nemi úthlutun ekki 70% ársvaxta eða ekki er um úthlutun úr sjóðnum að ræða leggjast ársvextirnir við höfuðstól hans, eða verða meðhöndlaðir samkvæmt 5. gr. skipulagsskrárinnar.

7. gr.

Þeir sem rétt hafa til úthlutunar úr sjóðnum eru aðalfélagar Blindrafélagsins. Hver sá sem hyggur á nám við viðurkennda skólastofnun eða iðngrein getur sótt um til sjóðsins. Heimilt er í sjóðstjórn að ákveða hverju sinni, að allt að ⅓ hluta af lánsúthlutun sé í formi styrkjar. Umsóknir skulu berast sjóðnum fyrir 1. maí ár hvert.

8. gr.

Vextir af lánum skulu vera alm. sparisjóðsvextir og skulu tveir sjálfskuldaábyrgðarmenn rita á skuldaviðurkenningu lánþega. Lán skulu endurgreiðast á þrem árum, með fyrsta gjalddaga 6 mán. eftir að umsækjandi hefur lokið námi.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir árlega samkvæmt þeim reglum sem gilda um birtingu á reikningum opinberra sjóða.

10. gr.

Sjóður þessi er stofnaður vegna óska arfleiðanda, Guðmundar heitins Guðjónssonar, um að fjármunum þessum verði varið til eflingar menntunar sjónskertra og blindra félagsmanna Blindarfélagsins.

11. gr.

Sjóðstjórn getur breytt skipulagsskrá þessari enda sé hún einhuga um breytinguna.

12. gr.

Leita skal samþykkis forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Ákveðið er að leita eftir samþykkt Dómsmálaráðuneytisins fyrir skipulagsskrá þessari.

19. apríl 1978. Nr. 243.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hermanns Haraldssonar frá Heiðarseli, S-Þingeyjarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. apríl 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hermanns Haraldssonar frá Heiðarseli, S-Þingeyjarsýslu.

Hermann Haraldsson fæddist að Heiðarseli í Bárðdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu, 22. ágúst 1901 og andaðist í Reykjavík 15. nóvember 1977. Hann átti ekki niðja, en lét eftir sig nokkrar eignir, og hafa systkini hans, sem á lífi eru, ákveðið að verja hluta af þeim til stofnunar þessa styrktarsjóðs, að ósk hins látna. Hermann

fékk lömunarveiki á unga aldri og átti við langvarandi vanheilsu að stríða. Það var einlæg ósk hans að verða lömuðum og fötluðum að liði.

Systkini hins látna eru Sigurður Haraldsson, Sigrún Haraldsdóttir, Ingi Haraldsson, Dagur Haraldsson og Valgerður Haraldsdóttir.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hermanns Haraldssonar. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja lömuð og fötluð börn til lækninga og endurhæfingar.

3. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu þriggja manna sjóðstjórnar. Hana skipa formaður stjórnar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, sem er formaður, yfirlæknir endurhæfingarstöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og eitt af systkinum hins látna, meðan þau óska eftir, en að þeim frágengnum maður kjörinn af stjórn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

Fyrstu sjóðstjórnina skipa Friðfinnur Ólafsson formaður stjórnar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Guðný Daníelsdóttir, yfirlæknir endurhæfingarstöðvar félagsins og Ingi Haraldsson bróðir hins látna.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er í verðtryggðum spariskírteinum samtals að verðmæti í apríl 1978 um kr. 2 270 000.

Sjóðsstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls í verðtryggðum spariskírteinum, eftir því sem við verður komið, en afganginn skal hafa á vaxtaaukareikningi.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal sjóðstjórnin árlega birta ársreikninginn endurskoðaðan af tveim endurskoðendum, kjörnum af félagsstjórn, í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Fyrsta starfsár sjóðsins skal leggja allan verðmætaauka hans við höfuðstól, en eftir það skal árlegt styrktarfé til ráðstöfunar vera ⅔ hlutar af verðmætisauka, en ⅓ hluta skal leggja við höfuðstól.

Komi það fyrir eitthvert ár að enginn eða ekki fullur styrkur sé veittur úr sjóðnum, ákveður sjóðstjórn, hvort hið óráðstafaða fé skuli lagt við höfuðstól eða því bætt við úthlutun næsta árs eða næstu ára.

6. gr.

Sjóðstjórn skal eftir föngum kynna sér, hverjir þurfi mest á styrk að halda, þar á meðal með því að auglýsa eftir umsóknum. Að jafnaði skal auglýsa eftir umsóknum í janúar og úthluta í mars ár hvert. Við úthlutun skal jafnan fara eftir því, hvar þörfin er mest. Sjóðstjórn ákveður tölu styrkþega hverju sinni.

7. gr.

Sjóðinn má efla með minningargjöfum og með öðrum ráðum, er sjóðstjórn telur heppileg.

8. gr.

Sjóðstjórn getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé hún einhuga um breytinguna.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Lis og Ingvard Thorsen, útgefin á venjulegan hátt að undangengnum dómsmálaráðherra 29. maí 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Sjóðurinn heitir Námssjóður Lis og Ingvard Thorsen.

Stofnfé hans er gjöf hjónanna Lis og Ingvard Thorsen í tilefni mikilla og góðra samskipta þeirra við Ísland og Íslendinga.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins 2 000 000.00 — tværmilljónirkróna —, skal mynda höfuðstól sjóðsins. Höfuðstólinn má auka með fjárhæðum sem síðar kunna að berast sjóðnum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal varðveitt í tryggðum verðbréfum og ávaxtað með hagkvæmustu kjörum á grundvelli verðtryggingar eða með hæstu leyfilegum vöxtum eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki til ungra Íslendinga, sem hyggja á nám í landbúnaði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráðstafa öllum árlegum tekjum sjóðsins til styrkveitinga í samræmi við tilgang hans, en höfuðstól má eigi skerða.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal óska eftir því við skólastjóra bænda- og garðyrkjuskóla, að þeir tilkynni um væntanlegar styrkúthlutanir, svo að nemendum gefist færi á að sækja um styrki. Ef stjórn sjóðsins þykir ástæða til skal hún einnig auglýsa eftir umsóknum um styrki í fjölmiðlum eða birta um þá fréttatilkynningar.

Úthlutun styrkja skal fara fram, þegar stjórn sjóðsins ákveður og tilkynning um þá skal birt opinberlega.

6. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera þrír menn tilnefndir til tveggja ára. Einn tilnefndur af stjórn Grænmetisverslunar landbúnaðarins og skal hann vera formaður sjóðstjórnar, annar tilnefndur af stjórn Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins og þriðji tilnefndur af stjórn Búnaðar- og garðyrkjukennarafélags Íslands.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður, hve miklu fé er varið til styrkveitinga hverju sinni innan þeirra marka, sem sett eru í 4. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum.

8. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins annast ritara- og skrifstofustörf sjóðsins endurgjaldslaust samkvæmt nánara samkomulagi milli fyrirtækisins og sjóðsstjórnar.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Grænmetisverslunar landbúnaðarins.

10. gr.

Ef nauðsyn krefur, setur stjórnin sér starfsreglur, er hafa að geyma nánari fyrirmæli um starfsemi sjóðsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Nr. 245. 20. mars 1978.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Aðalsteins Kristjánssonar til eflingar náttúruvísindum og efnafræði við Háskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. mars 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Aðalsteins Kristjánssonar til eflingar náttúruvísindum og efnafræði við Háskóla Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar til eflingar náttúruvísindum og efnafræði við Háskóla Íslands. Hann er stofnaður með dánargjöf Aðalsteins Kristjánssonar, er bjó lengstum í Winnipeg í Kanada og síðast í Puente, Los Angeles, Kaliforniu, en Aðalsteinn lést hinn 14. júlí 1949.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins verður greint í fyrsta reikningi, sem háskólaráð gerir um sjóðinn, sbr. 4. gr. Það verður varðveitt hjá Royal Trust Company í Kanada samkvæmt samningi þar um milli Háskóla Íslands og þess fyrirtækis uns öðruvísi verður ákveðið. Tekjur af ávöxtun fjárins verða til reiðu fyrir Háskóla Íslands hvenær sem óskað er til ráðstöfunar samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár þessarar. Ávöxtun sjóðsins og varsla er í höndum rektors og háskólaráðs, en háskólaráð hefur samþykkt samning þann, er fyrr greinir, um ávöxtun stofnfjár.

Stjórn sjóðsins er að öðru leyti undir yfirumsjón háskólaráðs falin stjórnarnefnd, sem háskólaráð kýs til þriggja ára í senn, og skipuð er 3 aðalmönnum og 3 varamönnum. Stjórnin kýs sér formann og ritara. Hún getur kvatt sér til ráðuneytis sérfróða menn til að meta úthlutanir til rannsóknarverkefna.

Stjórnin skal halda gerðabók, er rektor Háskóla Íslands löggildir, og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, úthlutun styrkja úr sjóðnum og aðrar fundarsamþykktir, svo og annað, er varðar hag sjóðsins og starfsemi.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en dánargjöfina, eins og hún verður ákveðin hinn 1. janúar 1978, skal skoða sem höfuðstól sjóðsins í þessu sambandi.

Árlegum tekjum sjóðsins skal verja til að veita styrki stúdentum og kandídötum, er leggja stund á náttúruvísindi (þar á meðal og án þess að talning sé tæmandi í lífeðlisfræði, líffræði, eðlisfræði, jarðfræði, grasafræði, efnafræði, jarðeðlisfræði og haffræði), svo og kennurum og rannsóknarmönnum við Háskóla Íslands á greindum vísindasviðum til einstakra rannsóknarverkefna. Veita má stúdentum og kandidötum styrki, þótt þeir nemi við erlenda háskóla, sérstaklega

í Kanada eða Bandaríkjunum, og stúdentar eða kandidatar frá þeim löndum, sem stunda nám við Háskóla Íslands í framangreindum fræðum, geta einnig notið styrkja.

Nú fellur niður úthlutun úr sjóðnum tiltekið ár, og skal það fé þá leggjast við handbært fé, sem til ráðstöfunar er samkvæmt skipulagsskrá og eigi leggjast við höfuðstól.

Sá, er styrk hlýtur, skal gera fyrirfram viðhlítandi grein fyrir fyrirhuguðum rannsóknum sínum eða námi. Eftir að rannsókn er lokið eða námi með styrk úr sjóðnum skal viðkomandi gera sjóðstjórn rækilega grein fyrir rannsóknum eða námi. Skal sjóðstjórn birta skýrslu um þetta í árbók Háskólans eða öðru sambærilegu háskólariti.

Stjórn sjóðsins ákveður, hvort auglýsa skulu eftir umsóknum úr sjóðnum eða ekki.

4. gr.

Háskólaráð lætur gera árlega reikninga sjóðsins og skulu þeir birtir í árbók Háskólans. Reikningar skulu endurskoðaðir með sama hætti sem reikningar annarra háskólasjóða.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 246.

REIKNINGAR

Samvinnubanka Íslands h.f. 1977.

Rekstursreikningur.

Tekjur:

Vaxtatekjur	kr.	1 152 117 617
Aðrar tekjur	—	197 281 951
	kr.	1 349 399 568

Gjöld:

Vaxtagjöld	kr.	871 550 623
Reksturskostnaður	—	443 289 608
Fyrningar	—	7 658 617
Til varasjóðs	—	9 000 000
Til höfuðstólsreiknings	—	17 900 720
	kr.	1 349 399 568

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1977.

Eignir:

Sjóður		kr.	77 522 030
Seðlabankinn:			
Viðskiptareikningur	kr. 344 502 944		
Bundinn reikningur	— 1 427 248 300		
		kr.	1 771 751 244
Stofnfjárframlög		—	77 004 000
Innleistar ábyrgðir		—	12 818 310
Afurðalán		—	1 121 611 437
Yfirdráttarlán		—	982 831 668
Víxlar		—	1 518 102 953

Verðbréf:			
Skuldabréf	kr.	1 035 866 586	
Vaxtaaukalán	—	831 493 951	
			— 1 867 360 537
Fasteignir			— 600 680 000
Áhöld og búnaður			— 58 165 000
Ógreiddar tekjur			— 177 487 740
Aðrar eignir			— 181 775 664
			kr. 8 447 110 583
Skuldir:			
Veltiinnlán:			
Hlaupareikningar	kr.	719 780 195	
Ávísanareikningur	—	831 230 774	
			kr. 1 551 010 939
Spariinnlán:			
Almennar bækur	kr.	3 120 208 303	
Bundnar bækur	—	570 041 095	
Vaxtaaukareikningar	—	1 646 707 837	
			— 5 336 957 235
Seðlabankinn: Endurseld lán o. fl.			— 905 733 000
Framkvæmdasjóður Íslands			— 43 400 000
Stofnlánadeild samvinnufélaga			— 2 411 841
Fyrirframgreiddir vextir			— 57 101 000
Aðrar skuldir			— 54 794 848
Eigið fé:			
Hlutafé kr. 463 186 000			
— þar af ógreitt — 83 385 000			
	kr.	379 801 000	
Varasjóður	—	98 000 000	
Höfuðstólsreikningur	—	17 900 720	
			— 495 701 720
			kr. 8 447 110 583
Utan efnahagsreiknings:			
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna			kr. 382 649 793

Framanskráðan rekstursreikning ársins 1977 og efnahagsreikning pr. 31. desember 1977 höfum við borið saman bækur Samvinnubankans. Ennfremur höfum við kannað sjóðs- og verðbréfaeign ásamt skilríkjum.

Endurskoðunin hefur ekki gefið tilefni til athugasemda.

Reykjavík, 13. mars 1978.

Ásgeir G. Jóhannesson. *Magnús Kristjánsson.* *Óskar Jónatansson.*

Reykjavík, 15. janúar 1978.

Kristleifur Jónsson. **Einar S. Einarsson.**

Margeir Daníelsson.

Með tilvísun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda bankans kvittar bankaráð fyrir reikninginn.

Reykjavík 14. mars 1978.

Erlendur Einarsson. **Vilhjálmur Jónsson.** **Hjörtur Hjartar.**

REGLUGERÐ

um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Íslenskum skipum, sem veiðar stunda með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar veiðar innan fiskveiðilandhelginnar á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Í Reykjafjarðarál allt árið á svæði, sem markast að vestan af línu, sem dregin er frá Horni (viðmiðunarstaður 1), í 66°55′ n.br. og 21°50′ v.lgd., að norðan af línu, sem dregin er úr 66°55′ n.br. og 21°50′ v.lgd. í 66°59′ n.br. og 20°40′ v.lgd., að austan markast svæðið af 20°40′ v.lgd.
2. Fyrir Norðausturlandi allt árið, á svæði, er að vestan takmarkast af línu, sem dregin er réttvísandi í norður frá Rifstanga (viðmiðunarstaður 8) og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi í austur frá Langanesi (viðmiðunarstaður 10). Að utan takmarkast svæðið af línu, sem dregin er 70 sjómílur utan við viðmiðunarlínu, samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
3. Fyrir Suðausturlandi allt árið á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirfarandi punkta:
   a) 64°01′0 n.br., 14°07′0 v.lgd.
   b) 64°05′5 n.br., 13°46′0 v.lgd.
   c) 63°49′5 n.br., 13°39′0 v.lgd.
   d) 63°45′0 n.br., 14°00′0 v.lgd.
4. Fyrir Vesturlandi allt árið á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
   a) 65°25′0 n.br., 27°00′0 v.lgd.
   b) 65°26′0 n.br., 26°54′0 v.lgd.
   c) 65°08′0 n.br., 26°48′0 v.lgd.
   d) 64°39′0 n.br., 26°54′0 v.lgd.
   e) 64°39′0 n.br., 27°02′0 v.lgd.
   f) 65°03′0 n.br., 27°09′0 v.lgd.

Enn fremur eru íslenskum skipum bannaðar allar veiðar á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Fyrir Suðurlandi á tímabilinu frá 20. mars til 15. maí á svæði er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
   a) 63°32′0 n.br., 22°00′0 v.lgd.
   b) 63°32′0 n.br., 21°10′0 v.lgd.
   c) 63°00′0 n.br., 21°10′0 v.lgd.
   d) 63°00′0 n.br., 22°00′0 v.lgd.
2. Norður af Kögri allt árið á svæði er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
   a) 67°17′0 n.br., 23°51′0 v.lgd.
   b) 67°21′5 n.br., 22°03′0 v.lgd.
   c) 67°02′4 n.br., 21°47′0 v.lgd.
   d) 66°57′0 n.br., 23°21′0 v.lgd.

Á þessum svæðum skal þó heimilt að stunda loðnuveiðar þegar slíkar veiðar eru leyfðar og enn fremur er ráðuneytinu heimilt að veita leyfi til rækjuveiða á svæðinu norður af Kögri.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt ákvæðum 6.—8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast gildi 10. júlí 1978 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 415 7. desember 1976, um friðunarsvæði við Ísland ásamt síðari breytingum á henni nr. 177/1977, 255/1977 og 263/1977.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júlí 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 — 1978

18. júlí 1978. 423 Nr. 248.

REGLUGERÐ
um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 22. júlí 1978 nema kr. 48.40 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 22. júlí 1978. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. laga nr. 78/1977 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 22. júlí 1978, skal greiða kr. 11.90 af hverjum lítra slíkra birgða, sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur til umráða yfir 300 lítra af bensíni eða meira þann 22. júlí 1978 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 22. júlí 1978.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 18. júlí 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 21, nr. 248. Útgáfudagur 20. júlí 1978.

B 55

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 — 1978

Nr. 249. 424 31. maí 1978.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmála Vestmannaeyjabæjar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja skal skipuð 9 (níu) bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórn er almennt í fyrirsvari fyrir Vestmannaeyjabæ, og skal engu máli er varðar sérstaklega hagsmuni bæjarins, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða að á henni kunna að hvíla að öðru leyti:

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
   1) Hún skal fyrir lok desembermánaðar ár hvert gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveiting til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B. lið, og ennfremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
   2) Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun, eða samkv. annarri ákvörðun bæjarstjórnar, og ennfremur að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
   3) Hún skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en 30. júní ár hvert.

B. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk eftir því, sem ástæða þykir til.

C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Ennfremur skipar hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum er um getur í 50. gr. og semur um laun þeirra.

D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður lóðaleigur, gjaldskrá bæjarfyrirtækja, eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

II. KAFLI
Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta, úr hópi bæjarfulltrúa til 1 árs í senn. Sá er réttkjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest atkvæði fengu.

Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um, hverja tvo skyldi kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið nýr forseti. Ef enginn forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti, eða forfallast frá störfum bæjarstjórnar, áður en kjörtími þeirra er á enda, skal kjósa forseta í hans stað, fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabils hans.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til bæjarstjórnar.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til 1 árs í senn á sama fundi og forsetakosningar fara fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er fram fara atkvæðagreiðslur í bæjarstjórn.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar og hafa skrifarar í samráði við forseta, eftirlit með því að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal skráð, hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja fundinn, töluröð bæjarstjórnarfunda, svo og hver sé fundarritari, og einnig það, sem forseti vill láta til bókar færa, þótt ekki sé þess getið í dagskrá fundarins.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi, einn fund í hverjum mánuði, og getur bæjarstjórn, ef hún telur ástæðu til, ákveðið fasta fundardaga. Þó er bæjarstjórn heimilt að fella niður fundi í júlí og ágúst.

Bæjarstjóri boðar fundi bæjarstjórnar.

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar, eða ef 3 bæjarfulltrúar, hið fæsta, æskja þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og

fundarefni. Bæjarstjóri ákveður þá fundarstað og fundartíma og tilkynnir það bæjarfulltrúum með svo löngum fyrirvara, sem unnt er.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem kunna að þurfa staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar skv. 2. gr. sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd, eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.
3. Lögmætar kosningar nefndar og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á að fjalla um að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð, eigi síðar en 48 klst. fyrir boðaðan bæjarstjórnarfund.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi 24 klst. fyrir boðaðan bæjarstjórnarfund, hafa sent öllum bæjarfulltrúum og jafnmörgum varabæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, sem fram hafa komið og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, afrit af skýrslum og athugasemdir endurskoðenda svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá.

Ef ákveðinn verður aukafundur, skv. 3. mgr. 7. gr., skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, er send verði bæjarfulltrúum með 24 klst. fyrirvara.

Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara, ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé þess getið með fundarboðun, hvaða mál sé á dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki viðstaddir bæjarfulltrúar þau afbrigði með meirihluta greiddra atkvæða þar um.

9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar skal auglýsa fundi bæjarstjórnar með a. m. k. 24 klst. fyrirvara og greina þar dagskrá.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið með atkvæðagreiðslu án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála, nema annað sé sérstaklega áskilið í samþykkt þessari.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og á móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra, nefnda, eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslu um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu, nema hina árlegu fjárhagsáætlun, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingar ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta á milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hönd.

Nafnakall skal viðhafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar, eða tveir bæjarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfn varabæjarfulltrúa skal færa á skrá í réttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal.

Við nafnakall er bæjarfulltrúum skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gilda.

Ef bæjarfultrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem vill taka til máls á bæjarstjórnarfundum, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumenn svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér hljóðs samtímis, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt, þá hann talar, nema ef forseti ákveði, að hann skuli flytja ræður sínar úr ræðustóli.

Bæjarstjórn getur heimilað, ef ⅔ bæjarfulltrúa samþykkja, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundum, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd.

Bæjarstjóri, sem ekki er jafnframt bæjarfulltrúi, skal hafa málfrelsi á bæjarstjórnarfundum til jafns við bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Ekki má lesa upp prentað mál á bæjarstjórnarfundum, nema forseti leyfi.

16. gr.

Ef forseti telur umræðu dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að umræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt.

Þá getur forseti hvenær sem er, lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en svo tíma, meðan nokkur bæjarfultrúi kveður sér hljóðs. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, sbr. 1. og 2. mgr., umræðulaust.

Hver bæjarfulltrúi getur borið fram slíka tillögu og skal hún einnig afgreidd umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun á ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

17. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að hlíta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi, það sem eftir er fundar. Skal sú tilaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúar hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir, eða ef nauðsyn krefur, fresta eða slíta fundi.

18. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að allar umræður í bæjarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert niður fella, sem fram hefur komið á fundi bæjarstjórnar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera, nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Bæjarstjórn getur einnig ákveðið, að umræðurnar skuli gefnar út á prenti, ásamt því sem fest hefur verið í gerðabækur, svo og önnur skjöl, eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Ef bæjarstjórn ákveður slíka útgáfu, skal hún jafnframt kjósa nefnd bæjarfulltrúa til að hafa umsjón með útgáfunni.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundir skuli hljóðritaðir til geymslu einhvern ákveðinn tíma.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögleg forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem hefur verið forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða öðrum nefndum, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Bæjarfulltrúum er skylt að koma prúðmannlega fram á bæjarstjórnarfundum og gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kynnu að fá vitneskju um, sem bæjarfulltrúar.

Þá er þeim og skylt að gæta hagsmuna og velferðar bæjarins út á við sem inn á við, eftir sinni bestu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála sem upp kunna að koma milli bæjarstjórnarfulltrúa og hafa í huga, að heill bæjarfélagsins er ofar þrasi og togstreitu stjórnmálanna.

20. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf bæjarins og stofnana hans. Með öll slík erindi skulu þeir snúa sér til bæjarstjóra.

21. gr.

Hver bæjarstjórnarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn, skv. ákvörðun hennar. Bæjarstjórn ákveður einnig þóknun fyrir nefndarstörf.

22. gr.

Ef bæjarfulltrúi kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn, skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem þess óskar, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI.
Bæjarráð.

24. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júní ár hvert, skal kjósa þrjá menn í bæjarráð og þrjá menn til vara, hlutfallskosningu. Kosning bæjarráðs gildir uns nýtt bæjarráð hefur verið kjörið. Flokkur, sem býður fram sjálfstæðan lista, og fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki í bæjarráði, má tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt. Þeir skulu fá sömu þóknun fyrir fundarsetu og kjörnir fulltrúar í bæjarráði. Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs.

Bæjarráð kýs formann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Bæjarráð skal halda fund í viku hverri og ákveður bæjarráð vikudag. Heimilt er að fækka fundum bæjarráðs í júlí og ágúst. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða ef tveir bæjarráðsmenn óska þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðs.

Bæjarráð getur ráðið fundarritara utan bæjarráðs. Í gerðabók skal greina frá því hvar fundur er haldinn og hvenær, tölu fundar, hverjir sitja fundinn og hver sé fundarritari. Þá skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

25. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn Vestmannaeyjabæjar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin, skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur skv. heimild 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um verulegt fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni, þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum. Ekki getur bæjarráð þó tekið fullnaðarákvörðun um mál, ef bæjarráðsmaður eða bæjarstjóri óskar, að bæjarstjórn taki fullnaðarákvörðun um það, nema um sé að ræða mál, sem bæjarstjórn hefur vísað til fullnaðarafgreiðslu hjá bæjarráði.

26. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárstjórn bæjarins. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins og sér um, að ársreikningar hans séu samdir og tilbúnir til endanlegrar afgreiðslu bæjarstjórnar.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun. Bæjarráð fjallar um fjárhagshlið þeirra málaflokka, sem sérstökum nefndum bæjarstjórnar er falið að hafa með höndum.

27. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef það eða bæjarstjóri óskar þess, þegar til umræðu eru þau málefni, sem störf þeirra snerta.

V. KAFLI
Um bæjarstjóra.

28. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtími bæjarstjórnar. Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

29. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Bæjarstjóri skal hafa ákveðna viðtalstíma, sem auglýstir eru á skrifstofum bæjarins.

30. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt. Hann á einnig sæti í fastanefndum.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt í bæjarstjórn né í bæjarráði, nema hann sé til þess kjörinn.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og í nefndum.

31. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni afrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

32. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykkt bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til geiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

33. gr.

Bæjarstjóra er heimilt að fela öðrum að gegna störfum sínum í forföllum. Stendur sú ákvörðun óhögguð, nema bæjarráð ákveði aðra tilhögun.

VI. KAFLI
Endurskoðendur.

34. gr.

Bæjarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar og jafnmargir varabæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d. liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

35. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela lögg. endurskoðanda að semja reikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans sbr. 26. gr. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og gæta þess, að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt. Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

VII. KAFLI
Nefndir.

36. gr.

Bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin mál eftir því, sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt bæjarstjórnar í júní ár hvert:

A. Til eins árs:

1. Byggingarnefnd: fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
2. Útsvarsnefnd: þrír aðalmenn og þrír til vara.
3. Atvinnumálanefnd: þrír aðalmenn og þrír til vara.
4. Ekknasjóður: þrír aðalmenn og þrír til vara.
5. Landnytjanefnd: þrír aðalmenn og þrír til vara.
6. Kjörstjórnir við bæjarstjórnarkosningar:
   a) Yfirkjörstjórn: þrír aðalmenn og þrír til vara.
   b) Kjördeildir: þrír aðalmenn í hverja kjördeild og þrír til vara.
7. Kjörstjórnir við Alþingis- og forsetakosningar.
   a) Undirkjörstjórn: þrír aðalmenn og þrír til vara.
   b) Kjördeildir: þrír aðalmenn í hverja kjördeild og þrír til vara.
8. Stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja: tveir aðalmenn og tveir til vara.
9. Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar: einn aðalmaður og einn til vara.
10. Stjórn Veitustofnana: fjórir aðalmenn og fjórir til vara.

11. Skólanefnd Iðnskóla: fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
12. Skólanefnd Framhaldsskóla: fimm aðalmenn og fimm til vara.
13. Samninganefnd: tveir aðalmenn og tveir til vara.

B. Til fjögurra ára:
1. Hafnarstjórn: fimm aðalmenn og fimm til vara.
2. Heilbrigðis- og Umhverfisverndarnefnd: fimm aðalmenn og fimm til vara.
3. Stjórn Íþróttamiðstöðvar: þrír aðalmenn og þrír til vara.
4. Umferðarnefnd: þrír aðalmenn og þrír til vara.
5. Brunavarnarnefnd: fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
6. Skólanefnd Grunnskóla: fimm aðalmenn og fimm til vara.
7. Félagsmálaráð: fimm aðalmenn og fimm til vara.
8. Tómstundaráð: fimm aðalmenn og fimm til vara.
9. Barnaverndarnefnd: fimm aðalmenn og fimm til vara.
10. Stjórn Sjúkrahúss og Heilsugæslustöðvar: þrír aðalmenn og þrír til vara.
11. Stjórn Sjúkrasamlags: fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
12. Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands: einn aðalmaður og einn til vara.
13. Safnanefnd: þrír aðalmenn og þrír til vara.
14. Sjó- og Verslunardómur: átta aðalmenn og átta til vara.
15. Samband ísl. sveitarfélaga: þrír aðalmenn og þrír til vara.
16. Áfengisvarnarnefnd: sjö aðalmenn.

Aðrar nefndir skal bæjarstjórn kjósa eftir þörfum.

37. gr.

Nefndir, sem starfa á vegum bæjarstjórnar, skulu kjósa sér formann.

Formenn skulu boða nefndir saman til funda.

Ef tveir nefndarmenn hið fæsta, óska eftir að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga setu í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann, og skal hann þá boða nefndina saman til fundar svo fljótt sem auðið er.

Einnig getur bæjarstjóri boðað að fundir skulu haldnir í nefndum, ef honum þykir ástæða til, að ræða einhver bæjarmál.

C. Endurskoðendur til eins árs, sbr. lög nr. 58/1961:
1. Tvo endurskoðendur reikninga bæjarsjóðs og tvo til vara.
2. Tvo endurskoðendur reikninga hafnarsjóðs og tvo til vara.
3. Tvo endurskoðendur reikninga Rafveitu og tvo til vara.
4. Tvo endurskoðendur reikninga Sparisjóðs Vestmannaeyja og tvo til vara.
5. Tvo endurskoðendur reikninga Ekknasjóðs og tvo til vara.
6. Tvo endurskoðendur reikninga Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar og tvo til vara.

38. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefnda er ákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

39. gr.

Allar fastanefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðarbækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda, svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

40. gr.

Byggingarnefnd skipa 4 menn auk bæjarstjóra, sem er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar lögum samkvæmt. Tveir hinna kjörnu fulltrúa nefndarmanna skulu vera bæjarfulltrúar, en tveir utan bæjarstjórnar.

Byggingafulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar. Byggingarnefnd annast byggingamálefni bæjarins samkvæmt fyrirmælum í lögum og samþykktum um þau mál.

41. gr.

Í landnytjanefnd skulu kosnir þrír aðalmenn og þrír til vara og skulu tveir aðalmenn og jafnmargir varamenn kosnir úr hópi búfjáreigenda og/eða veiðiréttarhafa, en hinir úr hópi bæjarfulltrúa.

Nefndin sé bæjarstjórninni til ráðuneytis um ráðstöfun landnytja svo sem um leigu beitilands og garðlanda, útblutun veiðileyfa, svo og um veitingu leyfa til búfjárhalds. Hún skal einnig sjá um fjallskil og fóðurgæslu.

42. gr.

Stjórn Veitustofnana skipa 4 menn auk bæjarstjóra. Ekki færri en tveir hinna kjörnu fulltrúa skulu vera bæjarfulltrúar. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Stjórn Veitustofnana fer með eftirtalda málaflokka:

Framkvæmdastjórn raforkumála ásamt rafveitustjóra samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 117/1949.

Framkvæmdastjórn vatnsveitumála ásamt bæjartæknifræðingi samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 175/1968.

Framkvæmdastjórn Fjarhitunar í samráði við bæjarstjóra og bæjartæknifræðing samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 479/1975.

43. gr.

Hafnarstjórn skipa 5 menn, eigi færri en tveir hinna kjörnu fulltrúa skulu vera bæjarfulltrúar.

Hafnarstjórn starfar samkvæmt fyrirmælum í Hafnarlögum svo og í Hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 119/1975.

44. gr.

Stjórn Sjúkrahúss- og heilsugæslustöðvar skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara. Skulu þrír fulltrúar kjörnir af bæjarstjórn og tveir fulltrúar af starfsmannaráði sjúkrahússins.

45. gr.

Heilbrigðis- og umhverfisverndarnefnd skal skipuð fimm mönnum og fimm til vara. Nefndin hefur á hendi heilbrigðismál, náttúruvernd og umhverfismál þar með talin útivistarsvæði og fólkvanga ef stofnaðir eru. Heilbrigðisfulltrúi skal sitja fundi nefndarinnar. Starfssvið nefndarinnar markast m. a. af 3. gr. reglugerðar um náttúruvernd nr. 205/1973 svo og lögum og samþykktum um heilbrigðismál og hollustuhætti.

46. gr.

Skólanefnd Iðnskóla skal starfa þar til stofnaður hefur verið samræmdur framhaldsskóli. (Fjölbrautaskóli).

47. gr.

Félagsmálaráð er annar tveggja þátta Félagsmálastofnunar Vestmannaeyja, og hefur með höndum framkvæmd félagsmálastarfs kaupstaðarins. Í félagsmálaráð skulu kosnir fimm aðalmenn og fimm til vara. Auk þess situr félagsmálastjóri fundi ráðsins. Eigi færri en tveir ráðsmenn skulu vera bæjarfulltrúar.

Félagsmálaráð fer með dagvistunarmál, framfærslumál, heimilishjálp, húsnæðismál, áfengisvarnarmál, þjónustu við aldraða og hvers konar almenna félagslega

ráðgjöf og þjónustu. Auk þess fer ráðið með barnaverndunarmál í samstarfi við barnaverndarnefnd.

Félagsmálaráð skal halda fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Nánari ákvæði um starfsemi félagsmálaráðs skal setja í sérstakri reglugerð.

48. gr.

Tómstundaráð er hinn þáttur Félagsmálastofnunar Vestmannaeyja og hefur með höndum stjórn æskulýðs- og íþróttamála svo og annarra tómstundamála.

Í tómstundaráð skulu kosnir fimm aðalmenn og fimm til vara. Eigi færri en tveir þeirra skulu vera bæjarfulltrúar. Félagsmálastjóri situr fundi ráðsins.

Tómstundaráð fer meðal annars með málefni skólagarða, vinnuskóla, námsflokka, ungmennaklúbba og íþrótta- og æskulýðsmál almennt, að svo miklu leyti sem bæjarfélagið lætur þau til sín taka. Tómstundaráð hefur umsjón með félagsstörfum aldraðra.

Tómstundaráð skal halda fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Nánari ákvæði um starfsemi ráðsins skal setja í sérstakri reglugerð.

49. gr.

Samninganefnd er skipuð tveimur aðalfulltrúum og tveimur til vara. Skulu þeir allir vera bæjarfulltrúar. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Samninganefnd hefur með höndum undirbúning að gerð aðalkjarasamnings og sérkjarasamninga við starfsmannafélag kaupstaðarins og einstaka starfsmenn, er þörf krefur.

VIII. KAFLI

Um starfsmenn bæjarins.

50. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins, og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði að skipa í ákveðnar stöður.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó bæjarstjórn (bæjarráði) að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarstjórn (eða bæjarráð) getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um skipan í stöður hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarstjórnar gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlýða breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi numin Samþykkt um stjórn bæjarmála Vestmannaeyjarbæjar nr. 120 14. apríl 1966.

Félagsmálaráðuneytið, 31. maí 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands 1977.

Rekstrarreikningur 1977.

Gjöld:

1.	Kostnaðarreikningur	kr.	106 881 034
2.	Vextir greiddir á árinu	—	2 358 472 459
3.	Lagt í Stofnsjóð	—	1 300 000 000
4.	Lagt í Afskriftareikning	—	50 000 000
5.	Lagt í Varasjóð	—	150 000 000
6.	Yfirfært til næsta árs	—	**3 832 661**
		kr.	3 969 186 154

Tekjur:

1.	Yfirfært frá fyrra ári	kr.	9 262 289
2.	Af útflutningsgjaldi	—	888 836 805
3.	Mótframlag ríkissjóðs vegna útflutningsgjalds	—	422 991 946
4.	Framlag ríkissjóðs	—	35 000 000
5.	Vextir, innheimtir á árinu	—	2 613 095 114
		kr.	3 969 186 154

Efnahagsreikningur 31. desember 1977.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum út á:			
	a) Fiskiskip		kr.	22 596 376 509
	b) Hraðfrystihús		—	3 143 375 571
	c) Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur		—	499 162 517
	d) Aðrar fiskvinnslustöðvar		—	653 051 009
	e) Skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir		—	109 739 598
	f) Ýmsar fasteignir (verbúðir o. fl.)		—	169 967 503
2.	Skuldabréf vegna breytinga á skuldum sjávarútvegs 1975 fyrir lánum út á:			
	a) Fiskiskip		—	967 302 014
	b) Fasteignir		—	807 982 723
3.	Fyrirframgreiðslur vegna innlendrar skipasmíði o. fl.		—	2 397 713 739
4.	Verðbréf		—	65 430 657
5.	Ýmsir skuldunautar		—	22 024 396
6.	Bankainnstæður:			
	a) Fiskveiðasjóður	kr. 586 674 205		
	b) Stofnfjársjóður	— 645 339 867		
	c) Gengisjöfnunarstyrkur	— 4 485 128		
			—	1 236 499 200
			kr.	32 668 625 436

Skuldir:

1.	Skuldir við innlenda banka	— 2 857 688 823
2.	Skuldir í erlendri mynt	— 13 521 285 023
3.	Framlagsreikningur Seðlabanka, Landsbanka og Útvegsbanka	— 175 393 000
4.	Skuldir við innlenda banka vegna lausaskuldalána	— 1 655 080 841
5.	Skuld við gengismunarsjóð vegna lausaskuldalána	— 85 571 500
6.	Innstæður lántakenda vegna erlendra lána til skipakaupa	— 7 554 611 680
7.	Stofnfjársjóður fiskiskipa	— 645 339 867
8.	Viðskiptamenn	— 78 597 929
9.	Sumarsíldveiðar 1968, lög nr. 79/1968 17. gr. B.	— 2 499 242
10.	Gengisjöfnunarstyrkur, lög nr. 79/1968 17. gr. A.	— 4 239 742
11.	Gengisjöfnunarstyrkur, 1974 og 1975, lög nr. 106/1974 og 55/1975	— 4 485 128
12.	Eigið fé	— 6 083 832 661
		kr. 32 668 625 436

Reykjavík, 30. janúar 1978.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Sverrir Júlíusson.

Guðjón Halldórsson.
Svavar Ármannsson.

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikningsfærslu og bókhald sjóðsins á árinu, fylgiskjöl, lánsskjöl, verðbréf og bankareikninga og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 8. febrúar 1978.

Birgir Finnsson. *Ásm. B. Olsen.*

Með vísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1977 rétta.

Reykjavík, 9. febrúar 1978.

Davíð Ólafsson. *Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson.* *Jónas H. Haralz.*
Björn Guðmundsson. *Jónas Þorsteinsson.* *Bjarni Guðbjörnsson.*
Einar B. Ingvarsson.

Með skírskotun til framanritaðra yfirlýsinga endurskoðenda og sjóðstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1977 hér með staðfestir.

Reykjavík, 12. maí 1978.

Matthías Bjarnason.

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda.

Tekju- og gjaldareikningur 1977.

IÐGJÖLD:		
Iðgjöld framleiðenda 1977 skv. áætlun stjórnar	kr.	153 985 000
Iðgjöld neytenda 1977 skv. áætlun stjórnar	—	278 100 000
Iðgjöld framleiðenda 1976, hækkun	—	8 245 005
Iðgjöld neytenda 1976, hækkun	—	21 691 000
Iðgjöld launþega	—	161 723
Iðgjöld vinnuveitenda	—	242 593
Réttindaflutningur	—	÷1 571 577
Endurgreidd iðgjöld	—	÷311 411
Framlag Ríkissjóðs Íslands vegna lífeyrisgr.	—	101 034 066
Framlag Stofnlánadeildar landbúnaðarins v/lífeyrisgr.	—	60 616 745
Samtals	kr.	622 193 144
LÍFEYRISGREIÐSLUR:		
Barnalífeyrir	kr.	11 044 735
Ellilífeyrir	—	293 068 489
Makalífeyrir	—	0
Örorkulífeyrir	—	10 240 909
Samtals	kr.	314 354 133
IÐGJÖLD ÷ LÍFEYRISGREIÐSLUR	kr.	307 839 011
LÍFEYRISGREIÐSLUR VEGNA UMSJÓNARNEFNDAR EFTIRLAUNA	kr.	7 585 392
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:		
Vaxtatekjur	kr.	149 055 158
Vísitöluálag	—	150 574 867
Fjármagnsgjöld	—	÷893 616
Samtals	kr.	298 736 409
SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR:		
Laun og launatengd gjöld	kr.	2 720 256
Annar kostnaður	—	5 246 260
Samtals	kr.	7 966 516
AFSKRIFTIR	kr.	33 028
TEKJUAFGANGUR TIL RÁÐSTÖFUNAR	kr.	590 990 484

Efnahagsreikningur 31. desember 1977.

Eignir:

VELTUFJÁRMUNIR:		
Handbært fé, bankainnstæður	kr.	136 610 802
Skammtímakröfur:		
Útistandandi iðgjöld skv. áætlun stjórnar	kr.	109 068 906
Skuldabréf Bændahallarinnar	—	30 000 000
Samtals	kr.	139 068 906

VELTUFJÁRMUNIR	kr.	275 679 708

Fastafjármunir:

LANGTÍMAKRÖFUR OG ÁHÆTTUFJÁRMUNIR:		
Skuldabréf Framkvæmdasjóðs Íslands, nafnverð	kr.	207 248 684
Áfallin vísitala	—	112 757 931
Skuldabréf Stofnlánadeildar landb., nafnverð	—	117 466 668
Áfallin vísitala	—	27 374 792
Skuldabréf Veðd. Búnaðarbanka Íslands, nafnv.	—	275 083 332
Skuldabréf Stofnlánadeildar landb., nafnverð	—	630 866 668
Samtals	kr.	1 370 798 075
VARANLEGIR FJÁRMUNIR, SKRIFSTOFUÁHÖLD	kr.	231 200
FASTAFJÁRMUNIR	kr.	1 371 029 275
EIGNIR SAMTALS	kr.	1 646 708 983

Skuldir og eigið fé:

EIGIÐ FÉ:		
Höfuðstóll 1. janúar 1977	kr.	1 055 718 499
Tekjuafgangur 1977 til ráðstöfunar	—	590 990 484
Eigið fé	kr.	1 646 708 983

Pétur Sigurðsson,
framkvæmdastjóri.

Við undirritaðir, sem erum skipaðir endurskoðendur skv. 4. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, höfum endurskoðað framanskráðan tekjugjaldareikning 1977 og efnahagsreikning 31. desember 1977, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins. Tilgreind skuldabréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 17. febrúar 1978.

Vigfús Gunnarsson,
lögg. endurskoðandi.
Örn Marinósson.

Nr. 252.

REIKNINGUR

sjóðsins Gerðuminning 1977.

Tekjur:

1. Eignir sjóðsins 1. janúar 1977:			
a) Innstæða í Landsbanka Íslands	kr.	74 174	
b) Vextir af sama	—	12 101	
		kr.	86 275

2. Minningargjöf um Ragnh. Jónsdóttur, spariskírteini ríkissjóðs nafnverð	—	10 000
3. Spariskírteini ríkissjóðs, nafnverð	—	150 000
4. Happdrættislán ríkissjóðs	—	1 000
Samtals	kr.	247 275

Gjöld:

1. Innstæða í Landsbanka Íslands	kr.	86 275
2. Spariskírteini ríkissjóðs	—	160 000
3. Happdrættislán ríkissjóðs	—	1 000
Samtals	kr.	247 275

Reykjavík, 11. janúar 1978.

Ólöf Sigurjónsdóttir.

Við undirritaðir höfum lesið ársreikning sjóðsins Gerðuminning fyrir árið 1977 og ekki fundið neitt athugavert við færslur. Bankainnstæða og verðbréf eru fyrir hendi.

Reykjavík, 20. janúar 1978.

Vigdís Jónsdóttir Guðrún Markúsdóttir.

Nr. 253.

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1977.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1977.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	kr.	54 024
	kr.	54 024

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld	kr.	54 024
	kr.	54 024

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1977.

Eignir:

Bankainnstæður	kr.	381 530
	kr.	381 530

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:			
Hrein eign pr. 1. janúar 1977	kr.	327 506	
Hreinar tekjur árið 1977	—	54 024	
			kr. 381 530
			kr. 381 530

Samgönguráðuneytið, 16. mars 1978.

Brynjólfur Ingólfsson.

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1977.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1977.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum		kr. 28 812
		kr. 28 812

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld		kr. 28 812
		kr. 28 812

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1977.

Eignir:

Bankainnstæður		kr. 207 039
		kr. 207 039

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:		
Hrein eign pr. 1. janúar 1977	kr. 178 227	
Hreinar tekjur árið 1977	— 28 812	
		kr. 207 039
		kr. 207 039

Samgönguráðuneytið, 16. mars 1978.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 255. 6. júlí 1978.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1978:

Óverkaður saltfiskur

Stórfiskur nr. 1	kr.	616.00
Millifiskur nr. 1	—	578.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	—	493.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	—	455.00

Verð þessi eru fob. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Söltuð ufsaflök

15/20 FF	kr.	644.00
15/20 AB	—	560.00
21/25 FF	—	623.00
21/25 AB	—	542.00
26/30 FF	—	603.00
26/30 AB	—	524.00
31/35 FF	—	581.00
31/35 AB	—	505.00
36/40 FF	—	560.00
36/40 AB	—	487.00

Verð þessi eru cif. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júlí 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

6. júlí 1978. Nr. 256.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978:

Óverkaður saltfiskur

Stórfiskur nr. 1	kr.	536.00
Millifiskur nr. 1	—	503.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	—	429.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	—	396.00

Verð þessi eru fob. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Verðgrunnur þessi kemur í stað þess, er ráðuneytið staðfesti í febrúar síðastliðnum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júlí 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

1. gr.

Á tímabilinu 1. ágúst til 7. ágúst 1978, að báðum dögum meðtöldum, eru allar þorskveiðar bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Útgerðaraðilum skuttogara er þó heimilt að velja um að stöðva þorskveiðar á fyrrgreindu tímabili eða dagana 8. ágúst til 14. ágúst 1978, að báðum dögum meðtöldum, enda sé sjávarútvegsráðuneytinu tilkynnt um það eigi síðar en 20. júlí.

2. gr.

Skuttogarar, með aflvél 900 bremsuhestöfl eða stærri mega ekki stunda þorskveiðar í 30 daga samtals í íslenskri fiskveiðilandhelgi frá útgáfudegi þessarar reglugerðar til 15. nóvember 1978 og eru þá meðtaldar takmarkanir þær, sem um getur í 1. gr. Útgerðaraðilar geta ráðið tilhögun þessarar veiðitakmörkunar, þó þannig, að hver skuttogari verður að láta af þorskveiðum ekki skemur en 7 daga í senn.

3. gr.

Útgerðaraðilar skulu tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu eigi síðar en 15. ágúst hvernig þeir haga veiðitakmörkun á þorskveiðum samkvæmt ákvæðum 2. greinar. Verði slíkar áætlanir ekki látnar í té getur ráðuneytið ákveðið hvenær viðkomandi togarar skuli láta af þorskveiðum. Útgerðaraðilar eru bundnir við áætlanir sínar og verða að leita samþykkis ráðuneytisins ef þeir vilja breyta þeim.

4. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar skv. 1. og 2. gr. má hlutdeild þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli hverrar veiðiferðar fram úr 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla.

5. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili því, sem þorskveiðar eru bannaðar samkvæmt 1.—3. gr., og hlutfall þorsks í aflanum reynist hærra en 15%, skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 4. gr., nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru óheimilar samkvæmt 1.—3. gr. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabilsins skv. 1.—3. gr. hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

6. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

7. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæða laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. júlí 1978.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

17. júlí 1978. Nr. 258.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsar verslanir á Keflavíkurflugvelli á vegum ríkisins.

1. gr.

Starfræktar skulu, á vegum ríkisins, sölubúðir á Keflavíkurflugvelli, er selja tollfrjálsar vörur, farþegum og áhöfnum millilandaflugvéla. Nafn sölubúðanna skal vera: Fríhöfnin, Keflavíkurflugvelli.

Í Fríhöfninni má selja hvers konar varning, eins og tíðkast í fríhöfnum erlendis.

Í sölubúð þeirri, sem ætluð er farþegum og áhöfnum, sem eru að koma til landsins, skal þó aðeins heimilt að selja eftirtalinn varning, svo sem tíðkast hefur, og innan eðlilegra takmarka, að mati tollgæslunnar:

Áfengi, tóbak, sælgæti, ilmvötn, snyrtivörur og filmur. Utanríkisráðherra getur heimilað fleiri tegundir varnings, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Fríhöfninni skal stjórnað af fríhafnarstjóra og framkvæmdastjóra fjármála, sem skipaðir eru af utanríkisráðherra. Bera þeir ábyrgð á rekstri hennar samkvæmt erindisbréfi, sem utanríkisráðherra setur þeim. Störf þeirra heyra beint undir utanríkisráðuneytið. Annað starfslið, sem nauðsynlega þarf við daglegan rekstur Fríhafnarinnar, skal ráðið af framkvæmdastjóra fjármála í samráði við fríhafnarstjóra með samþykki ráðuneytis.

3. gr.

Að því er varðar farþega og áhafnir, sem eru að fara af landi brott, skal tollgæslan á Keflavíkurflugvelli sjá um og bera ábyrgð á, að gætt sé nauðsynlegra varúðarráðstafana um meðferð seldrar vöru, uns komið er um borð í flugvél þá, sem er á förum.

Þá skal þess og gætt, að farþegar og áhafnir, er versla við komu til landsins, færi varning sinn beint til tollgæslumanns.

4. gr.

Fríhöfnin fær, uns annað kann að verða ákveðið, til umráða í flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli húsnæði fyrir skrifstofur og sölubúðir ásamt birgðageymslum, eftir því, sem mögulegt er og reksturinn krefst á hverjum tíma, svo og birgðaskemmur innan flugvallarsvæðisins, eftir því, sem þörf krefur.

5. gr.

Fríhöfnin skal halda nákvæma skrá (birgðabók) um allar vörur, sem fluttar eru til Fríhafnarinnar.

Þegar vörur eru seldar til Fríhafnarinnar skal fylgja þeim nákvæm skýrsla til tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli, þar sem tilgreint er hvaða vörur er um að ræða í hverri sendingu, og skal tollgæslan bera ábyrgð á og hafa eftirlit með, að vörur þessar séu fluttar til Fríhafnarinnar.

6. gr.

Þegar heimilt er að endurgreiða innlent tollvörugjald eða aðflutningsgjöld af hráefni í iðnaðarvöru við útflutning, ber að endurgreiða nefnd gjöld ef Fríhöfnin kaupir slíkar vörur sem söluvarning. Skulu gjöldin endurgreidd þá er varan er komin í tollvörugeymslur, skv. vottorði tollgæslumanns.

7. gr.

Fríhöfninni er heimilt að annast innflutning á öllum varningi, sem hún óskar að selja á sínum vegum.

Einnig er Fríhöfninni heimilt að kaupa vörur beint úr tollvörugeymslu innflytjenda.

8. gr.

Verslanir Fríhafnarinnar séu aðskildar frá birgðaskemmum og verði varningur sem afhentur er verslunum frá birgðaskemmum, reiknaður á útsöluverði verslananna.

Í birgðaskemmum skal fært birgðabókhald, sem sýni nákvæmlega birgðir hverju sinni, enda sé þess vandlega gætt, að sem greiðastur aðgangur verði að samanburði birgða verslana og birgðaskemma. Birgðir Fríhafnarinnar skal telja svo oft, sem ástæða er til og fært þykir og skal niðurstaða talningar send utanríkisráðherra og tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli hverju sinni.

9. gr.

Fríhöfnin skal selja varning sinn í erlendum gjaldeyri, þó með þeirri undantekningu, að Íslendingum skal heimilt að versla í Fríhöfninni fyrir þann íslenska gjaldeyri, sem þeim á hverjum tíma er leyfilegt að hafa með sér úr landi.

Erlendum flugfarþegum skal einnig heimilt að versla fyrir allt að þeirri upphæð í íslenskum gjaldeyri, sem þeir geta sýnt kvittun fyrir, að hafi verið keypt í íslenskum banka.

10. gr.

Ef flugvél er komin af stað frá flugvellinum, en verður af einhverjum orsökum að snúa aftur, skulu tollgæslumenn taka í sínar vörslur vörur, sem keyptar hafa verið í Fríhöfninni eða gæta þess, að ekki sé farið með þær út úr flugvélinni.

11. gr.

Fríhöfninni er heimilt að senda vörur í pósti til viðtakenda búsettra erlendis, í samráði við tollyfirvöld, enda hafi varan verið greidd fyrir fram.

Tollgæslan skal bera ábyrgð á, að réttar vörur séu sendar samkvæmt pöntunum og bera ábyrgð á, að vörunum sé komið í hendur póstþjónustunnar.

Útfylla skal afgreiðsluseðla vegna póstsendinga þessara og skulu tollgæslumaður og póstafgreiðslumaður staðfesta með undirskrift sinni móttöku vörunnar fyrir hönd kaupanda.

12. gr.

Ef Fríhöfnin hefur í birgðum sínum illseljanlegar eða gallaðar vörur, er henni heimilt að selja þær til þeirra aðilja hjá varnarliðinu, sem rétt hafa til innkaupa, fyrir erlendan gjaldeyri.

Sala þessi skal fara fram undir eftirliti tollgæslu.

13. gr.

Framkvæmdastjóri fjármála hefur yfirumsjón með færslu bókhalds Fríhafnarinnar.

Fríhöfnin skal árlega senda utanríkisráðuneytinu sérstaka áætlun ásamt greinargerð um tekjur og gjöld Fríhafnarinnar.

14. gr.

Fríhöfnin skal að jafnaði eigi sjaldnar en vikulega selja til banka allan innkominn erlendan gjaldeyri.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 47 frá 11. júní 1960, um tollvörugeymslur o. fl., sbr. breyting á þeim lögum, nr. 61 frá 12. maí 1970, og öðlast hún gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 5 frá 12. janúar 1971 um tollfrjálsar verslanir á Keflavíkurflugvelli á vegum ríkisins.

Utanríkisráðuneytið, 17. júlí 1978.

Einar Ágústsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

18. júlí 1978. Nr. 259.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á kolmunna- og spærlingsafurðum fyrir tímabilið frá 16. júlí til 31. desember 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á kolmunna- og spærlingsafurðum fyrir tímabilið frá 16. júlí til 31. desember 1978:

Mjöl $ 6.60 á próteineiningu í lest.
Lýsi $ 460.00 fyrir hverja lest.
Verðbil verður 8%.

Verðin miðast við cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1 = 259.80.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 60% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. júlí 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUR

um hreindýraveiðar árið 1978.

1. gr.

Heimilt skal að veiða allt að 1025 hreindýr í Norður-Þingeyjarsýslu, Múlasýslum og Austur- Skaftafellssýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1978. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr., skiptast þannig milli eftirgreindra hreppa:

1.	Fjallahreppur	10	hreindýr
2.	Skeggjastaðahreppur	10	—
3.	Vopnafjarðarhreppur	23	—
4.	Fljótsdalshreppur	110	—
5.	Jökuldalshreppur	110	—
6.	Fellahreppur	70	—
7.	Tunguhreppur	70	—
8.	Hlíðarhreppur	27	—
9.	Hjaltastaðahreppur	30	—
10.	Borgarfjarðarhreppur	17	—
11.	Seyðisfjarðarhreppur	13	—
12.	Seyðisfjörður	13	—
13.	Skriðdalshreppur	65	—
14.	Vallahreppur	80	—
15.	Egilsstaðahreppur	30	—
16.	Eiðahreppur	40	—
17.	Mjóafjarðarhreppur	13	—
18.	Norðfjarðarhreppur	13	—
19.	Helgustaðahreppur	17	—
20.	Eskifjörður	13	—
21.	Reyðarfjarðarhreppur	30	—
22.	Fáskrúðsfjarðarhreppur	13	—
23.	Búðahreppur	13	—
24.	Stöðvarhreppur	13	—
25.	Breiðdalshreppur	42	—
26.	Beruneshreppur	30	—
27.	Búlandshreppur	13	—
28.	Geithellahreppur	30	—
29.	Bæjarhreppur	27	—
30.	Nesjahreppur	27	—
31.	Hafnarhreppur	13	—
		1025	hreindýr

3. gr.

Auk þeirra hreindýra sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr ekki til skipta. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns, sbr. 5. gr.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs samkvæmt hlutfalli í 2. gr. en hver hreppsnefnd (bæjarstjórn) skiptir fénu innan síns svæðis. Skal hreppsnefnd fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd sín, njóta arðs af veiðunum en síðan sveitarsjóð, enda greiði hann þóknun þeim mönnum sem eru hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar við veiðarnar, sbr. 5. gr. Heimilt er þó að þeir fái í sinn hlut hreindýraafurðir í stað greiðslu.

Ekki er heimilt að selja veiðileyfi.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverjum þeirra hreppa og kaupstaða sem nefndir eru í 2. gr. Skal hann ráðinn af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og að höfðu samráði við sýslumann. Ráðuneytið ákveður og greiðir fasta þóknun hans fyrir starfið.

Hreindýraeftirlitsmenn ráðuneytisins framkvæma ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður sem ráðinn er fyrir Fljótsdalshrepp og hefur hann einnig umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra sem til þess hafa nægja skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Gætt skal þess að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 46/1977 og reglugerð nr. 16/1978. Aðalhreindýraeftirlitsmaður ákveður hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota. Eigi er þó leyfilegt að nota minni stærð riffils en cal. 243.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæta þess vandlega að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagvenjist heldur þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um að veidd séu þau dýr sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan viðgang hjarðarinnar. Þeir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum.

9. gr.

Athygli er vakin á að skv. lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum er óheimilt að hafa hreindýrakjöt til sölu nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 72/1954 um breyting á lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar allt að 50 000 kr. sekt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Fallnar eru úr gildi reglur nr. 269/1977 um hreindýraveiðar á Austurlandi 1977.

Menntamálaráðuneytið, 20. júlí 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1978.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1978, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	.....	kr. 80 000
II. flokkur	.....	— 68 000
III. flokkur	.....	— 56 000
IV. flokkur	.....	— 42 000
V. flokkur	.....	— 30 000

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn
Reykjavíkur Apótek

II. flokkur: Apótek Austurbæjar
Apótek Keflavíkur
Laugavegs Apótek

III. flokkur: Akureyrar Apótek
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Ingólfs Apótek
Stjörnu Apótek
Vesturbæjar Apótek

IV. flokkur: Akraness Apótek
Apótek Vestmannaeyja
Borgar Apótek
Garðs Apótek
Háaleitis Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek
Kópavogs Apótek
Laugarness Apótek
Lyfjabúð Breiðholts
Selfoss Apótek

V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði
Apótek Blönduóss
Árbæjar Apótek
Borgarness Apótek
Dalvíkur Apótek
Egilsstaða Apótek
Hafnar Apótek
Nes Apótek, Neskaupstað
Patreks Apótek
Sauðárkróks Apótek
Siglufjarðar Apótek
Stykkishólms Apótek
Ölfus Apótek, Hveragerði.

3. gr.

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjaverslun ríkisins
Pharmaco hf.

II. flokkur: Stefán Thorarensen hf.

4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds sem hér segir:

I. flokkur: G. Ólafsson hf.
Lyfjaverslun ríkisins
Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur: Ásgeir Sigurðsson hf.
Hermes sf.
Pharmaco hf.

III. flokkur: Farmasía hf.
H. Ólafsson & Bernhöft
Lyf sf.

5. gr.

Héraðslæknar, sem annast lyfjasölu samkvæmt 42. gr. lyfsölulaga, skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt V. flokki.

6. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús. Skulu þá deildskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkvæmt II. flokki, en önnur sjúkrahús samkvæmt V. flokki.

7. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. október 1978. Gjaldið er lögtakskræft.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júlí 1978.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

27. júní 1978. Nr. 262.

AUGLÝSING

um endurnýjun skotvopnaleyfa og leyfa til þess að mega versla með skotvopn og skotfæri.

Samkvæmt heimild í 5. tölul. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda, er frestur til endurnýjunar skotvopnaleyfa og leyfa til þess að versla með skotvopn og skotfæri samkvæmt 1. og 7. tölul. í ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 16/1978 um skotvopn og skotfæri framlengdur til 31. desember 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. júní 1978.

F. h. r.
Baldur Möller.

Þorleifur Pálsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169/1970 um söluskatt með síðari breytingum.

1. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Tekur gjaldskyldan til gjafa, sýnishorna og annarra þess háttar muna.

2. gr.

14. tl. 13. gr. orðist svo:
Sala á fasteignum, skipum, loftförum og loftfaravarahlutum. Sala og smíði á nýjum skipum er undanþegin söluskatti og innheimtir skipasmíðastöð því ekki söluskatt úr hendi kaupanda eða eiganda skips. Undanþága þessi nær þó ekki til skemmtibáta.

3. gr.

18. tl. 13. gr. orðist svo:
Sala skipasmíðastöðva og annarra viðgerðaraðila á efni og vélavinnu til skipaviðgerða. Á þetta við um efni og vélavinnu til viðgerða á bolum skipa, föstum vélum, tækjum og munum, sem telja má venjulegt fylgifé skipa. Undanþágan tekur aðeins til sölu á efni, sem viðgerðaraðilar vinna sjálfir úr, og skulu þeir með reikningum sínum staðfesta notkun efnisins eða vélavinnunnar við skipaviðgerðina.

4. gr.

19. tl. 13. gr. orðist svo:
Þegar efni til skipaviðgerðar er keypt hjá verslunum eða öðrum aðilum, sem ekki annast úrvinnslu þess eða niðursetningu um borð í skip er heimilt að endurgreiða eigendum eða umráðamönnum skips söluskatt af hinu keypta efni. Sama á við um söluskatt sem greiddur er við innflutning skipseiganda sjálfs á efni eða varahlutum til skipaviðgerða. Slík endurgreiðsla er þó því aðeins heimil, að greiddur söluskattur vegna efnis nemi a. m. k. 25 000 kr. við einstaka samfellda viðgerð. Endurgreiðsla á söluskatti kemur því aðeins til greina að reikningar þeir sem farið er fram á endurgreiðslu á beri það greinilega með sér að söluskattur hafi verið greiddur. Umsókn skipseiganda um endurgreiðslu skal fylgja staðfesting Siglingamálastofnunar ríkisins á notkun efnis til skipaviðgerða. Skipseigandi sem fær endurgreiðslu skv. þessum tl. skal tilgreina endurgreiddan söluskatt sérstaklega á skattframtali sínu eða í gögnum með því.

5. gr.

2. mgr. 2. töluliðs 14. gr. falli niður.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 18. júlí 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir tímabilið 15. júlí til 31. desember 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir tímabilið 15. júlí til 31. desember 1978:

Loðnumjöl, $ 6.60 á próteineiningu í lest.
Loðnulýsi, $ 460.00 fyrir hverja lest.
Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1 = 259.80.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. júlí 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um Ferðamálasjóð.

1. gr.

Ferðamálasjóður er stofnaður samkvæmt 23. gr. laga um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976, og aflað tekna samkvæmt 25. gr. sömu laga.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að byggingu gisti- og veitingahúsa í landinu, með lánum eða óafturkræfum framlögum, svo og að bæta á annan hátt með lánveitingum skilyrði til móttöku og aðbúnaðar fyrir ferðamenn.

3. gr.

Umsóknir um lán og framlög úr Ferðamálasjóði skulu sendar Ferðamálaráði Íslands, sem fjallar um þær á fundi og vísar þeim til stjórnarnefndar, sbr. næstu mgr., ef ástæða þykir til.

Sérstök þriggja manna stjórnarnefnd, sem kosin er af Ferðamálaráði og til sama tíma og ráðið, fjallar um umsóknirnar og gerir tillögur um einstakar lánveitingar og framlög til Ferðamálaráðs, sem afgreiðir þær á fundi.

Allar ákvarðanir Ferðamálaráðs um ráðstöfun fjár úr Ferðamálasjóði skulu lagðar fyrir samgönguráðherra til staðfestingar.

4. gr.

Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um, hvernig verja eigi lánsfénu, efnahags- og rekstrarreikningar síðasta árs, ef um eldra fyrirtæki er að ræða, uppdrættir af byggingum og lýsing á búnaði og fyrirkomulagi.

Við athugun á teikningum, búnaði og fyrirkomulagi skal þess gætt, að í samræmi sé við lög og reglugerðir um veitingasölu og gististaðahald, svo og lög um heilbrigðis- og hollustuhætti.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands annast vörslu Ferðamálasjóðs, bókhald, innheimtu og útborganir, svo og mat á þeim tryggingum, sem settar eru fyrir lánum úr sjóðnum.

Samið skal um sérstaka þóknun til bankans til að standa undir kostnaði við rekstur og umsjón sjóðsins.

6. gr.

Ekkert lán má vera hærra en sem nemur ⅓ hluta þess fjár, sem sjóðurinn getur haft til útlána á árinu, að lánsfé meðtöldu. Eigi má lána meira til eins verks en sem nemur ⅔ hlutum af áætluðu kostnaðarverði.

Rekstrarlán er óheimilt að veita úr Ferðamálasjóði.

7. gr.

Lán eru ekki framseljanleg nema með leyfi Ferðamálaráðs. Verði rekstri þeim hætt, sem skapað hefur rétt til láns, hefur Ferðamálaráð heimild til þess að krefjast greiðslu á eftirstöðvum lánsins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur niður reglugerð um Ferðamálasjóð nr. 272 31. desember 1964.

Samgönguráðuneytið, 24. júlí 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 266. 24. júlí 1978.

REGLUGERÐ

um almennar ferðaskrifstofur.

1. gr.

Almennar ferðaskrifstofur gegna því hlutverki að veita í atvinnuskyni þjónustu fyrir almenning, sem nánar greinir í 14. gr. laga um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976.

2. gr.

Til þess að reka almenna ferðaskrifstofu þarf leyfi samgönguráðuneytisins, hvort heldur er um að ræða aðalskrifstofu eða útibú.

3. gr.

Ferðaskrifstofa skal vera þannig staðsett, að almenningur eigi greiðan aðgang að húsakynnum hennar. Afgreiðsla ferðaskrifstofu skal vera opin allt árið, a. m. k. 5 daga í viku hverri á venjulegum skrifstofutíma.

4. gr.

Einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofu á hverjum tíma skal hafa að baki a. m. k. þriggja ára reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

5. gr.

Til reksturs ferðaskrifstofu, hvort heldur er um að ræða aðalskrifstofu eða útibú, skal setja bankatryggingu.

Við endurskoðun á fjárhæð tryggingar, sem eigi skal vera sjaldnar en á þriggja ára fresti, skal leggja til grundvallar þær breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar, sem átt hafa sér stað síðan tryggingarfjárhæð var síðast ákveðin.

6. gr.

Nú hættir ferðaskrifstofa störfum og fellur þá skylda til tryggingar niður. Þó fellur trygging eigi niður, fyrr en fram hefur verið lögð yfirlýsing löggilts endurskoðanda um að eigi sé til að dreifa ófullnægðum kröfum skuldheimtumanna eða annarra viðskiptamanna ferðaskrifstofunnar á hendur henni.

7. gr.

Með eigendum og umráðamönnum samgöngutækja samkvæmt 22. gr. laganna er átt við flugfélög og skipafélög, sem reka samgöngutæki til farþegaflutninga allt árið í áætlun eða leigu, svo og sérleyfishafa, enda hafi þessir aðilar opna skrifstofu eða afgreiðslu allt árið a. m. k. 5 daga í viku hverri á venjulegum skrifstofutíma.

Samgönguráðuneytið getur ákveðið að fenginni umsögn Ferðamálaráðs að veita öðrum aðilum tímabundið leyfi til að skipuleggja og selja í ferðir, þannig að fæði og/eða næturgisting fylgi.

8. gr.

Ráðuneytið úrskurðar að öðru leyti, hvað telst leyfisskyld ferðaskrifstofustarfsemi og um starfsemi þeirra íslensku ferðafélaga, sem ráðuneytið veitir undanþágu frá ákvæðum laganna.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla niður reglur um tryggingarfé ferðaskrifstofa nr. 153 16. júní 1965.

Samgönguráðuneytið, 24. júlí 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284 11. desember 1970, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:
Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Fastagjald á mánuði verði kr. 1 200.00 fyrir hvern aðalhemil.
2. Vatnsgjald verði kr. 2 000.00 fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1978 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. júlí 1978.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Gísli Einarsson.

Nr. 268. 27. júlí 1978.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.

Einstakir miðar fullorðnir	kr. 230
Einstakir miðar börn	— 100
10 miða kort fullorðnir	— 1 500
10 miða kort börn	— 500
Aldraðir 67 ára og eldri, 10 miðar	— 750
Gufubað	— 400
Leiga á handklæðum og skýlum	— 180
Sundnámskeið 20 st. fullorðnir	— 5 000
Sundnámskeið 20 st. börn	— 3 750
Sundfélög	
10 miða kort 16 ára og eldri	— 500
10 miða kort yngri en 16 ára	— 300

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1978.
Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 27 21. janúar 1978.

Félagsmálaráðuneytið, 27. júlí 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

Stjórnartíðindi B 22, nr. 249—268. Útgáfudagur 31. júlí 1978.

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 — 1978

8. júní 1978. 455 Nr. 269.

REGLUGERÐ

um brunavarnir og brunamál.

Skilgreiningar

Byggingarefni í flokki A skulu hafa eftirfarandi eiginleika við staðlaðar brunaprófanir:

a. það skal vera nánast óbrennanlegt
b. nær ógjörlegt skal vera að kveikja í því
c. það skal ekki breiða út eld
d. reykmyndun skal nánast engin vera.

Algengustu byggingarefni í A-flokki eru: steinsteypa, vikursteypa, gjallsteypa, brenndur múrsteinn, steinull, glerull o. s. frv.

Byggingarefni í flokki B skal hafa eftirfarandi eiginleika við staðlaðar brunaprófanir:

a. erfitt skal að kveikja í því
b. það skal ekki breiða út eld, að neinu ráði
c. reykmyndun skal vera lítil.

Byggingarefni í flokki F. Hér er fyrst og fremst um að ræða þráðgler og málma.

Klæðning í flokki 1 skal hafa eftirfarandi eiginleika við staðlaðar brunaprófanir:

a. yfirborð hennar skal hafa sömu brunateknisku eiginleika og byggingarefni í A-flokki
b. hún skal hindra í a.m.k. 10 mín. íkviknun í brennanlegu undirlagi (timbri).

Ef klæðning er lagskipt, þ. e. a. s., ef bakhlið hennar hefur lakari brunatekniska eiginleika en efni í flokki A, þá má því aðeins nota hana, að hún falli þétt (án holrúma) að undirlagi.

Klæðning í flokki 2 skal hafa eftirfarandi eiginleika við staðlaðar brunaprófanir:

a. yfirborð hennar skal hafa sömu eiginleika og byggingarefni í flokki B
b. hún skal hindra íkviknun í brennanlegu undirlagi (tré) í a.m.k. 10 mín.

Ef klæðning er lagskipt, þ. e. a. s. bakhliðin hefur lakari eiginleika en efni í flokki B, þá má því aðeins nota hana, að hún falli þétt (án holrúma) að undirlagi.

Gólfefni, sem eru ákjósanleg frá brunateknisku sjónarmiði, skulu hafa eftirfarandi eiginleika við staðlaðar brunaprófanir:

a. það skal ekki breiða út eld að neinu ráði
b. reykmyndun skal vera lítil.

Þakklæðning, sem er ákjósanleg frá brunateknisku sjónarmiði, skal hafa eftirfarandi eiginleika við staðlaðar brunaprófanir:

a. hún skal útbreiða eld treglega
b. hún skal varna því, að í þakinu kvikni vegna neistaflugs.

Brunamótstaða er sá tími (í mínútum), sem byggingarhluti þolir upphitun við staðlaðar brunaprófanir, án þess að tapa þeim brunatæknilegu eiginleikum, sem af honum er karafist.

Byggingarhluti merkir í reglugerð þessari fyrst og fremst þá hluta húss, sem afmarka brunahólf, eða brunasamstæðu, þ. e. a. s. veggi, hæðaskil, þök, hurðir o. s. frv., ennfremur

sérstök burðarvirki, eins og t. d. súlur, bita o. s. frv. Byggingarhlutar skiptast í þrjá eldvarnarflokka, en þeir eru:

a. eldtraustir (ET)
b. eldhindrandi (EH)
c. logastöðvandi(LS)

ET-byggingarhlutar eru úr byggingarefnum í A-flokki. EH-hlutar eru úr byggingarefnum í A og B-flokki og brennanlegri efnum, og LS hlutar úr byggingarefnum í F-flokki.

Brunaþol byggingarhluta er tilgreint í mínútum fyrir aftan kennistafi flokksins t. d. ET60, EH90, LS30 o. s. frv. Hér á eftir eru þó einungis notaðir kennistafir byggingarefna og brunaþolið. Þannig merkir ET60 sama og A60, EH90 sama og B90 og LS30 sama og F30 o. s. frv.

Eftirfarandi reglur gilda um eldvarnarflokkana. Frá brunatæknilegu sjónarmiði má ávallt nota A-byggingarhluta í staðinn fyrir B- og F- hluta, ef brunamótstöðutala er hin sama eða hærri. B- byggingarhluta má á sama hátt ávallt nota í staðinn fyrir F-hluta. Reglu þessari má ekki snúa við.

Eldvarnarhurðir eru staðlaðir byggingarhlutar úr A-og F-efnum sem við staðlaða brunaprófun hafa ákveðna brunamótstöðu. Algengustu gerðir eru: A30, A60, A90 og A120.

Brunahindrandi hurðir eru hurðir úr B-efnum og/eða úr brennanlegri efnum, (en B-efnum) sem við staðlaða brunaprófun hafa ákveðna brunamótstöðu. Algengustu gerðir eru B30, og B60.

Logastöðvandi hurðir eru hurðir úr F-efnum, sem við staðlaða brunaprófun hafa ákveðna brunamótstöðu. Algengasta gerð er F30. Einnig eru til F60 hurðir. A60, A90, A120, B60 og F-hurðir skulu ávallt vera sjálflokandi.

Brunahólf er eitt eða fleiri herbergi, sem skilin eru frá öðrum hlutum húss með a. m. k. B60 byggingarhlutum. Þeir hlutar brunahólfs, sem afmarkast af útveggjum og þaki, þurfa þó ekki að hafa 60 mímútna brunaþol, (gluggar hafa það t. d. ekki) ef slökkviliðið getur þrátt fyrir það hindrað útbreiðslu elds, eða ef hún verður heft á annan hátt (t. d. með sprinklerslökkvikerfi). Einnig má í mörgum tilvikum nota hurðir með minni brunamótstöðu, en þó aldrei meira en hálfu minni en veggur sá, sem þær eru í. T. d. má ekki nota lakari hurð í B90 vegg en B60 (ekki B30).

Brunasamstæða er eitt eða fleiri brunahólf, sem aðskilin eru sameiginlega frá öðrum hlutum húss með byggingarhlutum a. m. k. A60. Um útveggi þök og eldvarnarhurðir gildir sama og um brunahólf.

Í reglugerðinni er m. a. kveðið á um stærð og brunatekniska afmörkun brunahólfa og brunasamstæðna í húsnæði, sem þar er tekið til meðferðar.

Brunaálag er = E/A MJ/m² klst. Hér merkir E samanlagða hitaorku, sem leysast myndi úr læðingi, ef allt brennanlegt efni í brunahólfi brynni til ösku. Mælieiningin er Megajoule/klst. (MJ/klst. Joule = Wattsekunda) A = samanlagður flötur sem umlykur brunahólf (veggir, loft og gólf). Mælieining er m².

Brunastúka (brandsluss) er eldtraust brunahólf í rýmingarleið, (eða annars staðar) sem til þess er ætlað, að hindra útbreiðslu elds og reyks. Hurðir á brunastúku skulu vera sjálflokandi, og þannig staðsettar, að fara megi um stúkuna með því að opna aðeins aðra hurðina í senn.

Eldvarnarveggur er veggur úr efni í A-flokki, sem skal hafa a. m. k. 120 mínútna brunamótstöðutíma. Hann skal standa á sjálfstæðri undirstöðu og geta staðið, þótt hús öðrum megin við hana brenni til ösku.

Eldhindrandi veggir eru að hluta úr efnum í flokki A (t. d. steinull) og að hluta úr efnum í flokki B, eða lakari (t. d. eldvarnarasbesti og timbri). Þeir skulu hafa brunamótstöðu 30 — 90 mínútur (B30, B60 og B90).

Eldtraust herbergi er rými, sem er afmarkað í hólf og gólf með a. m. k. A60 byggingarhlutum. Hurðir skulu vera A60.

Öryggisstigahús er eldtraust (A60 a. m. k.) stigahús, sem gengið er úr og í um svalir undir

beru lofti. Svalir við slík stigahús mega ekki vera innfelldar um meira en 180 sm. Þær skulu vera 300 sm a. m. k. á lengd.

Eldtraust stigahús er stigi og stigahús A60 a. m. k., með hurðum a. m. k. B30 með reykþéttingum. Ef um aðalstigahús er að ræða, þá skal a. m. k. afmarka það með F30 byggingarhlutum á hverri hæð, þar sem það er í sambandi við ganga eða annað rými, þannig að ekki sé að jafnaði opin leið á milli brunahólfa á mismunandi hæðum húss. Að öðrum kosti telst aðalstigahús ekki vera rýmingarleið.

Önnur stigahús í rýmingarleið skulu vera að öllu leyti eldtraust, með hurðum a. m. k. B30 með reykþéttingum.

Rýmingarleið er gangur, göngusvæði og stigar, sem hvert í sínu lagi eða saman gera fólki örugglega fært að forðast eldsvoða með því að komast út úr húsi til öruggs staðar á jörðu niðri.

Óháðar rýmingarleiðir merkja, að ávallt skuli vera hægt að nota a. m. k. eina, þótt hinar (hin) teppist af eldi og reyk.

Reykræsting er búnaður til að hleypa undir bert loft lofttegundum, sem myndast við bruna, og kæla þannig hið brennandi rými.

Staðlaðar brunaprófanir eru framkvæmdar í brunatekniskum tilraunastofum. Þær eru m. a. gerðar til að sannreyna brunaþol og aðra eiginleika byggingarefna og byggingarhluta. Slík tilraunastofa er ekki til á Íslandi, né heldur önnur aðstaða til einföldustu rannsókna á sviði brunatækni.

Á meðan að svo er ástatt, skal byggja ákvarðanir um brunatekniska stöðlun byggingarefna og byggingarhluta á niðurstöðum einhverra eftirtalinna rannsóknarstofnana:

Statens Prøvningsanstalt, brandlaboratoriet, Kaupmannahöfn.
Norges brandtekniske laboratorium, Þrándheimi.
Statens forskningsanstalt, brandlaboratoriet, Borås, Svíþjóð.
Finlands brandlaboratorium, Otnäs, Helsingfors.

Byggja má ákvarðanir á niðurstöðum annarra tilraunastofa en að framan greinir, en ganga skal úr skugga um, að ekki séu gerðar vægari kröfur en samkvæmt reglum NORDTEST.

Brunamálstofnun ríkisins skal annast samvinnu við þessar stofnanir og einnig við NORDTEST, sem er samstarfs og samræmingaraðili framangreindra fjögurra stofnana.

1. ALMENN ÁKVÆÐI.

1.1.1. Reglugerð þessi gildir fyrir landið allt og tekur til húsa og annarra mannvirkja, sem reist verða eftir gildistöku hennar.
Nú er hús eða annað mannvirki í byggingu við gildistöku reglugerðarinnar, og er þá skylt að fara eftir ákvæðum hennar, m. a. samræma hús eða mannvirki ákvæðum hennar eftir því sem unnt er.

Í húsum og öðrum mannvirkjum, sem fullgerð eru við gildistöku reglugerðarinnar, er og skylt að fara eftir ákvæðum hennar eftir því sem unnt er og gera þær ráðstafanir, sem brunamálanefnd (slökkviliðsstjóri) telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir menn og eignir.

Nú verður ágreiningur um. hvort eiganda (umráððamanni) sé skylt að gera ráðstafanir skv. 2. og 3. mgr. eða hve víðtækar þær skulu vera, og getur hann þá skotið ágreiningi til félagsmálaráðuneytisins, sem sker úr að fenginni umsögn brunamálastjóra.

Málskot, skv. 3. mgr., frestar ekki heimild til aðgerða skv. 1.1.9.

1.1.2. Hverju húsi og annars konar mannvirki, sem reglugerð þessi tekur til, skal valinn staður, það hannað, byggt og frágengið, þannig að gætt sé eftirtalinna sjónarmiða:

a. að hverfandi líkur séu á því, að þar komi eldur upp

b. að viðráðanlegt sé, miðað við aðstæður, að slökkva eld í húsi og hindra, að hann breiðist út frá því

c. að tryggt sé, svo sem framast er unnt, að þeir, sem í húsi dveljast komist út af eigin rammleik eða með aðstoð annarra, ef eldsvoða ber að höndum, svo og að sem best skilyrði séu til að bjarga verðmætum, sem í hættu eru vegna eldsvoða

1.1.3. Ákvæði í gr. 1.1.2. gilda um öll hús (byggingar, mannvirki). Ákvæði í köflum 2—8 eru að jafnaði lágmarkskröfur. Hús þau, sem fjallað er um í köflum 9—17, uppfylla skilyrðin í 1.1.2., ef ákvæðum í 2—8 er fullnægt, að viðbættum hinum sérstöku kröfum í hverjum kafla fyrir sig. Þær skulu gilda, hvort heldur þær eru vægari eða strangari en ákvæðin í kafla 2—8.

1.1.4. Ákvæði í reglugerð þessari skal heimfært á hús, sem ekki er tilgreint í 9—17, ef það er sambærilegt við eitthvert þeirra, hvað varðar notkun, stærðir brunahólfa, brunaálag, rýmingarleiðir og möguleika til að slökkva eld.

1.1.5. Hús, sem ekki er fjallað um í köflum 9—17, og ekki verður jafnað til þeirra, sbr. 1.1.4., svo sem sjúkrahús, læknamiðstöðvar, meiriháttar bókasöfn, listasöfn, byggðasöfn, sýningarskálar, umferðamiðstöðvar, yfirbyggðar götur, og önnur hús, þar sem vænta má verulegra mannaferða, skulu hljóta sérstaka brunatæknilega hönnun, til að tryggt sé, að þau uppfylli kröfurnar í 1.1.2. Slík hönnun er háð samþykki Brunamálastofnunar ríkisins. Hönnuðum mannvirkja sem falla undir þessa grein er ráðlagt að leita álits Brunamálastofnunar ríkisins á frumstigi hönnunar. Sama gildir um olíustöðvar, benzínafgreiðslustöðvar, frystihús, beina- og síldarverksmiðjur, vélahús fyrir mótorrafstöðvar og virkjanir svo og annað húsnæði fyrir meiriháttar atvinnurekstur.

Byggingarnefndir mega ekki samþykkja slík hús endanlega fyrr en aðaluppdrættir hafa hlotið samþykki brunamálastofnunar.

Einnig skal að jafnaði leita álits hennar um uppdrætti að húsum, þótt um það sé fjallað í 9—17, ef fyrirhugað er:

1. að margt fólk dveljist í þeim að staðaldri (t. d. hótel, vistheimili fyrir fatlaða o. þ. h.)
2. að verulegur mannfjöldi safnist þar saman (t. d. samkomuhús).

1.1.6. Slökkviliðsstjóri skal sitja fundi byggingarnefndar með tillögurétti og málfrelsi. Hann skal ásamt byggingarfulltrúa og nefndarmönnum gæta þess, að ákvæði reglugerðar þessarar séu haldin. Ef ágreiningur verður milli byggingarfulltrúa eða slökkviliðsstjóra og meirihluta byggingarnefndar um það, hvort uppdrættir brjóti í bág við reglugerð þessa, geta þeir skotið þeim ágreiningi til úrskurðar brunamálastofnunar.

1.1.7. Trésmiðir og múrarameistarar, sem bera ábyrgð á smíði húss gagnvart byggingarnefnd, bera einnig ábyrgð á því sameiginlega, að byggingarfulltrúa sé tilkynnt, þegar hús, eða hluti þess, telst fullnægja ákvæðum þessarar reglugerðar. Óheimilt er að taka í notkun hús, sem um ræðir í 10.—17. kafla nema fyrir liggi vottorð byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra. Þetta á þó ekki við um einbýlishús, sbr 9. kafla, fjölbýlishús 4 hæðir eða lægri, sbr. 10. kafla, verzlanir, þar sem gólfflötur er minni en 150 m², sbr. 14. kafla svo og iðnaðar- og geymsluhús, þar sem samanlagður gólfflötur er minni en 200 m², sbr. 15. kafla, enda sé allsstaðar um sjálfstæð brunahólf að ræða.

Nú er hús ekki fullgert, en meistarar telja sínum afskiptum lokið, og geta þeir þá tilkynnt það byggingarfulltrúa. Byggingarnefnd er þá heimilt að leysa þá undan ábyrgð, enda sé tryggt að aðrir komi í staðinn. Ákvæði þessarar greinar firra húseiganda (umráðamann) ekki þeirri ábyrgð, sem hann ber eftir almennum reglum.

1.1.8. Stjórn brunamálastofnunar getur að fengnum meðmælum brunamálastjóra veitt í einstaka tilfellum undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar.

Þá getur hún með sérstöku samþykki félagsmálaráðuneytisins frestað gildistöku tiltekinna ákvæða reglugerðarinnar í vissum sveitarfélögum um ákveðinn tíma.

1.1.9. Nú kemur í ljós, að ákvæði laga eða reglugerðar þessarar eru brotin, og skal þá slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til, að úr verði bætt. Hann leggur málið fyrir brunamálanefnd, sem ákveður, hvort það skuli sent lögreglustjóra til meðferðar.

Nefndin getur ákveðið, að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda eða ákveðið honum dagsektir allt að 1000 kr. á dag, unz úr er bætt, og renna þær í sveitarsjóð. Þá getur hún og ákveðið, ef almannahætta stafar af því, að ekki er fylgt settum reglum, að rekstur fyrirtækis sé stöðvaður, framkvæmdum hætt eða aðrar slíkar ráðstafanir gerðar, t. d. olíukyndingartæki tekin úr sambandi og innsigluð, unz úr hefur verið bætt. Er lögreglu skylt að veita aðstoð við framkvæmd slíkrar ráðstöfunar. Ef mál er svo vaxið, að slökkviliðsstjóri telur, að ráðstafanir skv. þessari mgr. þoli ekki bið, getur hann látið framkvæma þær þegar í stað, en leggja skal málið fyrir brunanefnd svo fljótt sem unnt er.

Nú telur brunamálastjóri, að brotin séu ákvæði laga eða þessarar reglugerðar, og að brunamálanefnd (slökkviliðsstjóri) geri ekki fullnægjandi ráðstafanir, skv. því sem segir í þessari grein, og hefur hann þá rétt til að beita þeim heimildum, sem greinin veitir.

Ef hann telur, að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni skv. lögum um brunavarnir og brunamál og reglugerð þessari er honum heimilt að láta bæta úr á kostnað sveitarsjóðs.

1.1.10. Brot á reglugerð þessari varða sektum 1000—100.000 krónum, en varðhaldi eða fangelsi, ef sakir eru miklar.

Um brot á lögum þessum fer samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála.

2. BIL MILLI HÚSA.

2.1.1. Hús skulu vera sérstæð nema annað sé ákveðið í deiliskipulagi. Eftirfarandi eru lágmarksfjarlægðir frá húsvegg að mörkum nærliggjandi lóðar, eða til miðju stígs eða götu. Fjarlægðir frá þakskeggi eða vindskeið mega vera 30 sm minni:

a. 0.5 × hæð húss. Skal þá miða við meðalhæð frá húsmæni til jarðar við húsvegg, er að lóðamörkum veit

b. 300 sm þegar veggir eru úr steinsteypu, gjallsteypu eða brenndum steini, og þak klætt plötum úr málmi, steini, asbesti eða steindum pappa

c. 400 sm þegar yfirborð ystu klæðningar, útveggja er í flokki 1, (t. d. bárujárn, múrhúðun, asbest) og þak eins og í b

d. 500 sm þegar ysta klæðning útveggja er í flokki 2, (t. d. 22 mm þykk timburklæðning) og þak eins og í b

e. lágmarksfjarlægð á milli húsa er jöfn samanlagðri fjarlægð hvors um sig frá lóðarmörkum eða hálfri samanlagðri hæð þeirra. Fjarlægð skal miða við þá summu, sem hærri er. Sama gildir um fjarlægðir á milli húsa á sömu lóð, annarra en bílskúra, sbr. 2.1.3

Tafla 1

Lágmarksfjarlægðir samkvæmt liðum b—d.

Hús b—b	600 sm
Hús c—c	800 sm
Hús d—d	1000 sm
Hús b—c	700 sm
Hús b—d	800 sm
Hús c—d	900 sm

Ákveða má í skipulagi, að fjarlægð húss frá lóðamörkum skuli vera minni en tilskilið er í 2.1.1., en bil á milli húsa má aldrei vera minna en tilgreint er í 2.1.1. lið e (sjá þó ákvæði um bílskúra og bílskýli í 2.1.3.).

2.1.3. Eftirfarandi gildir um bílskúra og bílskýli (carport) sem byggð eru á lóðum einbýlishúsa (hér með talin raðhús, keðjuhús og parhús):

a. bílskúra allt að 50 m² má byggja með ystu veggklæðningu í flokki 2, en þak skal vera samkvæmt 2.1.1. lið b. Ef bil á milli bílskúrs og íbúðarhúss á sömu lóð er minna en 250 sm þá skal aðskilja húsin með vegg B60 a. m. k. Hann getur tilheyrt öðruhvoru húsinu, eða verið sameiginlegur fyrir þau bæði. Ef lágmarksfjarlægð slíks bílskúrs frá lóðamörkum er minni en 250 sm þá skal veggur sá er að lóðamörkum veit vera B60 a. m. k.

b. ákvæði í lið a gilda einnig fyrir bílskúra með ystu veggklæðningu í flokki 1 og fyrir steypta og hlaðna bílskúra. Ef klæðning er í flokki 1, þá skulu veggir er vita að húsi og lóðamörkum vera B60 a. m. k. , ef bil er minna en 200 sm. Ef um steypta eða hlaðna skúra er að ræða, mega múrop á veggjum þessum eigi vera stærri en tilgreint er í 3.1.7., ef bil frá húsi eða lóðamörkum er minna en 150 sm

c. bifreiðaskýli, allt að 50 m², má byggja á lóðamörkum, ef einungis er um þak að ræða, borið uppi af stoðum. Ysta klæðning þaksins skal vera úr óbrennanlegu efni (t. d. bárujárni)

d. bílskúra, allt að 100m² má byggja á sama hátt og tilgreint er í 2.1.3. a—b, að öðru leyti en því að í staðinn fyrir B60 veggi skulu koma A60 veggir.

e. A60 og B60 veggir skulu í öllum tilvikum ná upp að ystu þakklæðningu.

3. ELDVARNARVEGGIR.

3.1.1. Ef hús stendur nær lóðamörkum en tilskilið er í 2.1.1.—2.1.3. þá skal það hafa eldvarnarvegg á þeirri hlið er að lóðarmörkum veit. Sambyggð hús mega hafa sameiginlegan eldvarnarvegg á lóðamörkum.

3.1.2. Eldvarnarveggur skal vera A120, á sjálfstæðri undirstöðu. Hann skal halda stöðugleika sínum (stabilitet) þótt hús, sem áfast er við hann brenni til grunna.

3.1.3. Eldvarnarvegg skal byggja 30 sm a. m. k. upp fyrir þak, mælt hornrétt á þakflötinn. Slíkur brunakambur skal útfærður á sama hátt og undirliggjandi veggur. Sleppa má brunakambi ef eldvarnarveggur nær upp að neðri brún ystu þakklæðningar og þökin sitt hvorum megin við hann eru gerð B60, 120 sm út frá vegg, eða A60, 60 sm út frá vegg. Innri klæðning skal vera í flokki 1 og vandlega fest.

3.1.4. Í steyptum og hlöðnum húsum skulu eldvarnarveggir sambyggðir útveggjum. Í öðrum húsum skulu þeir ná að innri brún ystu veggklæðningar.

Þegar sérstaklega stendur á, geta brunamálayfirvöld krafist þess, að eldvarnarveggur nái út í gegnum ystu veggklæðningu.

3.1.5. Tréverk, sem liggur meðfram eldvarnarvegg má ekki vera nær honum en svo, að 20 sm séu frá því, að gagnstæðri hlið veggsins. Þegar um er að ræða enda á bitum, þakásum eða þakklæðningu má þó minnka bil þetta í 10 sm. Gangi slíkt tréverk inn í sameiginlegan eldvarnarvegg báðum megin frá þá skal óskert steypa (steinn) á milli enda vera 10 sm a. m. k.

3.1.6. Reykháfar, loftræsistokkar, raufar fyrir leiðslur o. s. frv. mega ekki skerða þykkt eldvarnarveggs.

3.1.7. Setja má op á eldvarnarvegg samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. loftræstiop allt að 600 sm² með 2 metra bili. Í opunum skulu vera innmúraðar ristar úr óbrennanlegu efni, sem hafi bræðslumark hærra en 800° C. Slíkar ristar mega ekki vera opnanlegar
b. ljósop allt að 0.25 m². Í opunum skal vera innmúrað þráðgler, 6 mm þykkt a. m. k., eða innmúraður glersteinn. Fjarlægð á milli opa skal vera 100 sm a. m. k.
c. dyraop mega vera stærst b × h = 100 × 230 sm. Fyrir þeim skal vera sjálflokandi eldvarnarhurð A60
d. op fyrir leiðslur. Meðfram leiðslum skal þétta vandlega með óbrennanlegu efni
e. ekki má setja stærra op á eldvarnarvegg er veit að nábúalóð en 600 sm², nema til komi skriflegt samþykki eiganda lóðarinnar
f. op í eldvarnarvegg takmarkar ekki rétt nábúans til að byggja síðar meir á lóðamörkum

3.1.8. Sérhverri framkvæmd, sem hefur í för með sér, að op er gert á eldvarnarvegg, sem fyrir er, skal hraða svo sem unnt er, þannig að opinu verði lokað og veggurinn gerður jafn traustur og áður, eins fljótt og verða má.

4. RÝMINGARLEIÐIR.

4.1. Almenn ákvæði.

4.1.2. Rýmingarleiðir eru gangar göngusvæði og stigar, sem hvert í sínu lagi eða saman gera fólki örugglega fært að forðast eldsvoða með því að komast út úr húsi til öruggs staðar á jörðu niðri.

4.1.3. Lyftur og rúllustigar (escalators) eru ekki rýmingarleiðir.

4.1.4. Fjarlægð á milli stigahúsa í sömu rýmingarleið má ekki vera meiri en 50 metrar.

4.1.5. Í hringstiga, sem er hluti af rýmingarleið, skal innstig vera a. m. k. 20 sm breitt, 35 sm frá spindli.

4.1.6. Rýmingarleiðir skulu vera einfaldar, auðrataðar og greiðfærar. Ganga eða stigahús má ekki nota sem geymslu og ekki má setja þar upp búnað, sem hindrað gæti umferð. Ef rafmagnstafla er í rýmingarleið, þá skal hún vera í lokuðum stálkassa.

4.1.7. Veggir og loft í göngum rýmingarleiða skulu a. m. k. vera jafn góð og klæðning í flokki 1. Í einstaka tilvikum má þó setja klæðningu í flokki 2 á veggi, en aðeins upp í 120 sm hæð frá gólfi. Ekki má vera holrúm á milli klæðningar og undirlags.

4.1.8. Gólfefni í rýmingarleiðum skal vera ákjósanlegt frá brunatæknisku sjónarmiði. (sjá brunatekniskar skilgreiningar)

4.1.9. Gangar, þar með taldir svalagangar, skulu vera a. m. k. 130 sm breiðir. Í íbúðum skal þó minnsta breidd vera 110 sm, ef frá eru taldar forstofur. Þær skulu vera a. m. k. 130 sm breiðar. Hæðarmun, allt að 35 sm skal jafna með rampa, halli 1:10, eða minni.

4.1.10. Glugga í rýmingarleið, sem er minna en 80 sm yfir gólfi eða tröppu, skal verja með handriði eða á annan öruggan hátt.

5. STIGAR OG STIGAHÚS.

5.1.1. Stigar og útitröppur í einbýlishúsum (þar með talin parhús, raðhús og keðjuhús) mega vera úr brennanlegu efni. Í öðrum húsum skulu aðalstigar vera eldtraustir, A60 a. m. k. Aukastigar, t. d. hringstigar mega þó vera úr stáli eða öðru óbrennanlegu efni. Stigar í rýmingarleiðum skulu vera í eldtraustum stigahúsum.

5.1.2. Stigahús skulu annaðhvort hafa opnanlega glugga á hverri hæð, sem auðvelt sé að komast að, eða uppfylla skilyrðin í 5.1.4.

5.1.3. Stigahús án opnanlegra glugga á vegg, s. b.r. 5.1.2. skal hafa eftirfarandi búnað: Á þaki þess skal vera reykræstihleri, opnunarflatarmál a. m. k. 1 m^2. Hann skal vera hægt að opna á auðveldan hátt frá stigahúsi á 1. og efstu hæð. Opnunarbúnaður má ekki vera háður rafmagni. Hann skal merkja vandlega á vegg stigahúss með orðinu „Reykræsting". Búnaður þessi er háður samþykki Brunamálastofnunar ríkisins.

5.1.4. Í stigahúsi, þar sem ekki er leiðsla með tengjum fyrir brunaslöngur slökkviliðs (sbr. 5.1.5.) skal ljósop stigapípu vera a. m. k. 20 sm breitt.

5.1.5. Í húsum, þar sem gólf efstu hæðar er í meira en 22 metra hæð yfir jörð (8 hæðir), og annarsstaðar, þar sem stigar slökkviliðs ná ekki til, eða það er að öðru leyti vanbúið til björgunar, skal stigahús vera bæði eldtraust og reyklaust. Þetta merkir að ganga skal í og úr stigahúsi um svalir undir beru lofti. Slík stigahús verða hér eftir nefnd öryggisstigahús. Þetta gildir fyrir allar hæðir án tillits til hæðar yfir jörð. Í slíkum stigahúsum skal ávallt vera stigleiðsla 76 mm í þvermál. Á hverri hæð skal vera T-grein með loka, og tengignu fyrir slöngur slökkviliðs. Á jarðhæð skal vera búnaður til að setja leiðsluna undir þrýsting frá dælum slökkviliðs. Hann skal greinilega merktur „stigaleiðsla". Tæmingakrani skal vera á neðsta punkti leiðslunnar.

5.1.6. Öryggisstigahús má aðeins tengja kjallara um svalir. Í því mega engin brennanleg efni vera, nema í stigahandriði.

5.1.7. Um gerð stiga vísast til byggingarsamþykktar.

6. HURÐIR Í RÝMINGARLEIÐUM.

6.1.1. Hurðir í rýmingarleiðum skulu vera a. m. k. 90 sm breiðar. Þær skal vera hægt að opna í rýmingaráttina án lykils. Hurðir á íbúðarhúsum og öðrum húsum, þar sem ekki er um mannsöfnuð að ræða (færri en 60 manns) mega opnast inn, en hægt skal vera að opna þær innanfrá án lykils. Á vængjahurðum skal lokunarbúnaður vera þannig, að hægt sé að opna báða vængina með því að þrýsta niður handfangi. (Pasguil skrá, panic bar).

6.1.2. Dyr í rýmingarleið, sem veitir aðgang að salarkynnum, er rúma meira en 60 manns, skulu opnast út í rýmingarleiðina.

6.1.3. Rennihurðir, hverfihurðir eða hurðir með sérstökum hindrunarbúnaði má ekki nota í rýmingarleiðum.

6.2. Björgunarop.

6.2.1 Björgunarop eru dyr, gluggar og lúgur, sem nota má til að bjarga fólki út um. Auðvelt skal vera að komast bæði út og inn um opin.

6.2.2. Björgunarhurðum, gluggum og lúgum skal vera létt að ljúka upp og halda í opinni stöðu, þannig að auðvelt sé að komast bæði út og inn um opin.

6.2.3. Frjáls (án hindrunar) stærð björgunarops skal vera slík, að samanlögð hæð og breidd sés eigi minni en 150 sm. Ef um er að ræða hliðarhengdan glugga eða hlemm, eða renniglugga, þá skal breidd opsins vera 50 sm a. m. k. Í öðrum tilvikum skal breiddin vera 60 sm a. m. k. Hæð má aldrei vera minni en 60 sm.

Þar sem neðri brún björgunarops er minna en 200 sm yfir jörð skal lágmarksstærð björgunarops vera 50 × 50 sm.

6.2.4. Í húsum, þar sem neðri brún björgunarops er hærra yfir jörð en 10.8 metrar (4 hæðir) skulu op þessi á öllum hæðum vera dyr, hliðarhengdir gluggar, hliðarhengdir hlerar eða renniggluggar. Frjáls stærð ops skal vera eins og tilgreint er í 6.2.3.

6.2.5. Hæð frá gólfi að björgunaropi má ekki vera meiri en 120 sm. Ef settur er fastur bekkur, a. m. k. 50 sm breiður, undir opið, þá má reikna hæðina frá yfirborði hans.

6.2.6. Í rishæðum, þar sem fólk dvelst að staðaldri, skal staðsetja björgunarop þannig (einnig á kvistum), að lárétt fjarlægð frá opi að þakskeggi sé ekki meiri en 140 sm, ef ekki er hægt að komast að opinu um svalir.

7. ALMENN ÁKVÆÐI VARÐANDI BRUNAÞOL O. FL.

7.1.1. Byggingarhlutar skulu tengdir saman á þann hátt, að þeir séu sem heild ekki verr varðir frá brunateknisku sjónarmiði en hver einstakur byggingarhluti.

7.1.2. Í húsum, sem eru meira en tvær hæðir skulu berandi byggingarhlutar svo sem útveggir, berandi innveggir, bitar, súlur og hæðaskil, (plötur) þar með taldar svalir og svalagangar, uppfylla a. m. k. eftirfarandi kröfur um öryggi gegn eldi (kjallari með lofthæð 200 sm eða meiri reiknast hæð, sömuleiðis ris, ef hæð undir skammbita er 200 sm eða meiri):

a. í húsum, öðrum en einbýlishúsum, þar sem hæð frá jörðu upp á gólf á efstu hæð er minni en 12 metrar, skulu berandi byggingarhlutar (þar með talin hæðaskil) vera eldtraustir af gerð A60 a. m. k.

b. í húsum, þar sem efsta gólf er meira en 12 metrar yfir jörð, skulu burðarvirki á 12 efstu metrunum miðað við gólf efstu hæðar vera eldtraust af gerð A60 a. m. k.

Burðarvirki hæða þeirra sem neðar eru, skulu vera eldtraust af gerð A120 a. m. k.

c. í tveggja hæða húsum, öðrum en einbýlishúsum, sbr. kafla 9.4 skulu hæðaskil vera eldtraust A60 a. m. k. Sömuleiðis lóðrétt burðarvirki.

7.1.3. Veggir og loft næst ónotuðu þakrými eða þakrými, sem ekki telst vera hæð samkvæmt 7.1.2., skulu vera B30 a. m. k.

7.1.4. Þegar mismunandi há hús eru sambyggð, þá skal þak lægra hússins vera a. m. k. B60 á 600 sm breiðu bili meðfram hærra húsiñu. Eldvörn þessari má sleppa ef veggurinn fyrir ofan lægra húsið er eldvarnarveggur. Eldvörninni má einnig sleppa, ef bæði húsin eru í sama brunahólfi.

7.1.5. Þök skal útfæra þannig, bæði hvað frágang og efnisval varðar, að þau séu eldtreg a. m. k. Ysta þakklæðning skal vera æskileg frá brunateknisku sjónarmiði (sjá skilgreiningu á bls. 455)

Í einnar hæðar húsum má þó nota byggingarhluta (element) með litla brunamótstöðu, t. d. gagnsæjar plastplötur, ef við það skapast ekki sambrunahætta.

7.1.6. Um ofanljós gilda eftirfarandi ákvæði, auk þess, sem segir í 7.1.5.:

a. samanlagt flatarmál ofanljósa má ekki vera meira en 12% af þakfleti (sjá þó 7.1.7. og 7.2.).

b. hvert einstakt ofanljós má ekki vera stærra en 12 m².

c. fjarlægð á milli ofanljósa skal a. m. k. vera jöfn lengd (breidd) hins stærsta af

nærliggjandi ofanljósum í sömu stefnu. Fjarlægð þessi þarf þó ekki að vera meiri en 500 sm.

d. smærri ofanljós má staðsetja nær hvort öðru en samkvæmt c, ef samanlagt flatarmál þeirra er ekki meira en 12 m².

7.1.7. Gróðurhús og sólstofur sérstæðra einbýlishúsa eru undanþegin ákvæðum í 7.1.5. og 7.1.6. Einnar hæðar geymsluhús og verkstæðishús eru undanþegin ákvæðum 7.1.6.

7.2. Brunahólfun þaka og niðurhengdra lofta.

7.2.1. Stór samfelld þök, sem að verulegu leyti eru úr brennanlegu efni, eins og t. d. þök með timburklæðningu á burðarvirki úr timbri, skal brunahólfa með A60 a. m. k. eða B90 byggingarhlutum. Stærð brunahólfs má að jafnaði ekki vera stærra en 200 m².

Ónotað þakrými yfir steyptri plötu skal brunahólfa með A60 eða B90 byggingarhlutum þannig, að brunahólf verði eigi stærri en 500 m². Í sambýlishúsum skulu eldvarnarveggir á milli stigahúsa ná upp að ystu þakklæðningu a. m. k.

7.2.2. Ef einhver hluti niðurhengds lofts, t. d. burðargrind, er úr brennanlegu efni, t. d. timbri, þá skal brunahólfa það með B30 byggingarhlutum. Hámarksstærð slíkra brunahólfa skal vera 50 m².

7.2.3. Niðurhengd loft, sem eru að öllu leyti úr óbrennanlegu efni, t. d. áli, stáli, steinull, glerull o. s. frv., skal brunahólfa með a. m. k. B30 byggingarhlutum, þannig að hvert hólf verði ekki stærra en 100 m². Engin brennanleg efni, önnur en raflagnir mega vera á milli lofts og plötu.

7.2.4. Skilrúm, sem afmarka herbergi, skulu að jafnaði standast á við brunahólfun lofta, sbr. 7.2.2. og 7.2.3., eða ná upp í gegnum loftin að steyptri plötu.

7.3. Um efni til að hitaeinanga húsa o. fl.

7.3.1. Brennanlega einangrun t. d. (frauðplst), skal eldverja með klæðningu í flokki 1 eða 2. Ef klæðning er í flokki 2 þá skal miða þykkt hennar við, að holrúm sé á bak við klæðningu. Efstu plötu í ónotuðum rishæðum má þó einangra með frauðplasti án eldvarnarlags.

7.3.2. Ekki má nota brennanlega einangrun í samkomuhús, skóla, verslunarmiðstöðvar, eða önnur þau hús, þar sem vænta má mannsafnaðar, nema á undirlag úr steinsteypu (eða öðru jafngóðu A-efni). Slík einangrun skal liggja þétt að undirlaginu, án holrúms. Hana skal eldverja með klæðningu í flokki 1.

Sama gildir um hús til annarra nota, ef um verulega eldhættu er að ræða, að dómi Brunamálastofnunar ríkisins.

7.3.3. Bannað er að nota frauðplast, eða önnur plastefni með svipaða brunatekniska eiginleika sem loft eða veggklæðningu, nema hún sé eldvarin eins og segir í 7.3.1.

7.4. Loftræsistokkar.

7.4.1. Loftræsistokkar skulu vera úr óbrennanlegu efni og einangrun þeirra skal vera óbrennanleg.

7.4.2. Loftræsivélar, sem tengdar eru við stokka með 1500 fersentimetra þverskurðarflatarmáli eða stærra, skulu vera í sérstöku herbergi A60 a. m. k., með A30 hurð.

7.4.3. Í loftræsistokkum skulu vera sjálfvirkar eldvarnarlokur, sem hindra að þeir geti flutt eld og reyk á milli brunahólfa. Þeir skulu vera A30 utan þess brunahólfs, sem

þeir loftræsa. Ef þeir liggja eftir ónotuðu þakrými nægir þó að þeir séu úr óbrennanlegu efni.

7.4.4. Loftræsistokk má ekki tengja við reykháf, sem flytur reyk frá eldstæði.

7.5. Ýmis ákvæði.

7.5.1. Á milli tveggja iðnfyrirtækja eða iðnfyrirtækis og verslunar í sama húsi skal að jafnaði vera veggur B60 a. m. k. Hægt er að krefjast öruggari aðskilnaðar, ef fram fer í húsinu starfsemi, sem veruleg eldhætta stafar af að dómi Brunamálastofnunar ríkisins.

7.5.2. Við burðarþolsreikninga á burðarvirkjum úr límtré skal gera ráð fyrir, að berandi þversnið minnki um 35 mm/klst. (bæði hæð og breidd þversniðsins). Styrkleikaákvörðun skal miða við það, að eftir 1 klst bruna sé spennan í hinu skerta þversniði ekki meiri en 2 × leyfileg spenna við óskert þversnið. Þegar um súlur er að ræða, þá má svignunartala (slankhetstall) ekki vera hærri en 170. Þar að auki skal óskert þversnið súlu ekki vera minna en hér segir:

90 × 90 mm fyrir flokk B30
140 × 140 mm fyrir flokk B60
190 × 190 mm fyrir flokk B90

Mótsvarandi töflur fyrir bita eru:

Brunatekniskur flokkur	B30			B60		
Þykkt bita í mm	90	140	190	140	165	190
Hæð bita mm	300	200	150	600	500	400

7.5.3. Hljóðeinangrunarbúnaður, sem hengdur er neðan í loft („stöyabsorbenter") skal að öllu leyti vera úr óbrennanlegu efni, þannig að hann geti ekki breitt út eld.

7.5.4. Aðalburðarvirki skulu hafa meiri brunamótsstöðu en húshlutar þeir, sem á þeim hvíla. Þakbitar eða sperrur skulu t. d. þola eld lengur en þakásar eða þakklæðning, án þess að bresta.

7.5.5. Lyftugöng og lyftuhús skulu vera eldtraust A60 a. m. k. Ef lyftur eru hlið við hlið, þá skulu þær aðskildar með A60 veggjum. Lyftuhurðir skulu vera B30 a. m. k. Í kjallara skulu þær vera A60.

7.5.6. Seljandi byggingarefna eða tækja, sem haft geta áhrif á öryggi húss gegn eldi, er skyldur að afla nauðsynlegra upplýsinga um brunatekniska eiginleika þeirra og láta Brunamálastofnun ríkisins í té. Upplýsingarnar skulu vera frá viðurkenndum óháðum brunatekniskum tilraunastofum. Brunamálastofnunin tekur á grundvelli þessara upplýsinga ákvörðun um, hvort nota megi efnið (tækið), og þá til hvers, og með hvaða skilyrðum og gefur út skriflegt vottorð þar að lútandi. Ef ekki tekst að afla nægilegra brunatekniskra upplýsinga um byggingarefni eða tæki að dómi stofnunarinnar, þá skal seljandi efnis (tækis) láta prófa það á sinn kostnað í brunatekniskri tilraunastofu, sem brunamálastofnunin samþykkir. Hún getur bannað sölu efnis (tækis), sem ekki hefur verð sótt um leyfi fyrir eða fullnægjandi brunatekniskar upplýsingar fást ekki um. Lögreglu er skylt að aðstoða við slíkar aðgerðir, ef þörf krefur.

7.5.7. Þar til fullnægjandi prófunaraðstöðu hefur verið komið upp hér á landi, skal yfirleitt við það miðað, að byggingarefni (tæki) hljóti viðurkenningu hér, ef það er samþykkt af brunamálayfirvöldum í einhverju hinna norðurlandanna.

7.6. Aðkoma slökkviliðs og björgunarsvæði.

7.6.1. Meðfram húsum, sem eru hærri en 4 hæðir og kjallari skulu vera björgunarsvæði, nema því aðeins að allar íbúðir í húsinu hafi aðgang að öryggisstigahúsi.

7.6.2. Björgunarsvæði skulu vera a. m. k. 4 metra breið og þannig staðsett, að sem þægilegast sé að koma við stigum og öðrum björgunarbúnaði slökkviliðs. Halli má ekki vera meiri en 1:20. Svæðin skulu þannig frá gengin, að þau þoli hjólaþrýsting björgunartækja og þannig formuð að auðvelt sé að koma tækjunum við. Aðkoma að björgunarsvæðum skal vera eftir a. m. k. 2.8 metra breiðum vegum, sem auðvelt sé að finna.

7.6.3. Aðkomuleiðir slökkviliðs að húsi, sem ekki þarf björgunarsvæði samkvæmt 7.6.1. skal vera a. m. k. 2.8 metra breiður vegur er þoli umferð slökkvibíla. Hægt skal vera að komast með létta stiga að björgunaropum.

7.7. Útgöngu- og neyðarlýsing.

7.7.1. Útgönguljós. Út-ljósaskiltum skal koma fyrir yfir eða við útgöngudyr, svo og til að leiðbeina fólki að útgöngudyrum. Þau skulu vera sýnileg frá hvaða stað sem er í sölum eða rýmingarleiðum, þannig að með hjálp þeirra einna megi rata út undir bert loft á jörðu niðri, hvort heldur er um aðalútganga eða neyðarútganga.

Út- ljósaskilti skulu vera græn að lit með hvítum stöfum eða hvít með grænum stöfum. Á þeim skal standa ÚT og auk þess exit, neyðarútgangur og leiðbeiningarörvar eftir því sem við á.

Stærð stafa í ÚT skal fara eftir formúlunni $H = 4 \times L$, þar sem H = hæð stafa í mm (80 mm lágmark) og L = lesfjarlægðin í metrum. Stærð stafa í öðrum texta (exit og neyðarútgangi) má þó vera helmingi minni.

Út-ljósaskilti skulu vera sílogandi eða síupplýst. Þau skulu útbúin varastraumgjafa er taki sjálfkrafa við og gefi ljós í a. m. k. 30 mín. ef aðalstraumgjafi bregst.

7.7.2. Neyðarlýsing skal þannig uppsett að hún gefi sem jafnasta birtu í sölum og rýmingarleiðum. Lýsingin skal vera a. m. k. 1 lux við gólf. Neyðarlýsing skal taka sjálfkrafa við, ef aðalstraumgjafi bregst og gefa ljós í 30 mín.a. m. k.

7.7.3. Varastraumgjafar skulu vera vararafstöðvar eða rafhlöður, sem fara sjálfkrafa í gang, ef aðalstraumgjafi bilar.

7.8. Brunaslöngur og slöngukefli innanhúss.

7.8.1. Vatnsfylltar brunaslöngur á keflum skulu vera í samræmi við eftirfarandi reglur:

a. afköst slöngu skulu vera a. m. k. 30 lítrar/mín við 20 metra vatnsþrýsting og 6 mm þvermál á úðastút. Heildaraðfærsla vatns skal nægja fyrir a. m. k. 2 slöngur.

Slöngur með 19 mm þvermáli skal tengja við a. m. k. 25 mm víða pípu og 25 mm slöngu við 32 mm pípu a. m. k. Yfirleitt skal miða við 25 metra langar, 19 mm víðar slöngur með lokanlegum úðastútum, 6 mm víðum.

b. krani á pípu við slöngu, má vera lokaður, ef hann er vel sýnilegur.

7.8.2. Þar sem slöngukefla er krafist (sjá kafla 9—17 hér á eftir) skulu þau staðsett þannig, að hægt sé að sprauta á hvaða stað sem vera skal í húsi, með 25 metra langri slöngu.

7.9. Sorpgeymslur og sorprennur.

7.9.1 Sorpgeymslur í öðrum húsum en einbýlishúsum skulu vera eldtraustar A60 a. m. k. Aðeins má vera gengt í þær utanfrá. Sama gildir um einbýlishús, að öðru leyti en því, að þar mega slíkar geymslur vera B60.

Sorpgeymslur skulu vera vel lýstar, og í þeim skal vera niðurfall, ef fleiri en 4 íbúðir eru um geymsluna.

7.9.2. Í sambýlishúsum skulu vera sorprennur í hverju stigahúsi.

7.9.3. Sorprennur skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a. innra þvermál rennu skal vera 40 sm a. m. k. Þær skulu ná upp fyrir þak. Vídd þeirra fyrir ofan efstu sorplúgu skal vera 30 sm. a. m. k. Sorprennur skulu vera eldtraustar A60 a. m. k.

b. þvermál ops fyrir sorplúgu má ekki vera meira en 25 sm.Hún skal vera með öruggri lokun og þéttingu og úr óbrennanlegu efni. Sorplúga má ekki opnast inn í íbúð nema í einbýlis- og tvíbýlishúsum.

7.9.4. Ekki má geyma umbúðir, efnisafganga eða annað rusl á lóðum eða inn í húsum, þannig að eldhætta geti stafað af. Allt slíkt skal flytja burt daglega, eða geyma í lokuðum ílátum úr járni. Ef eigandi (umráðamaður) fasteigna sinnir ekki fyrirmælum slökkviliðsstjóra um brottflutning rusls, þá getur slökkviliðsstjóri (brunamálastjóri) látið fjarlægja það á hans kostnað. Ákvæði þessi gilda um öll hús.

8. KYNDIKLEFAR, REYKHÁFAR, ELDSTÆÐI O. FL.

8.1. Kyndiklefar og olíugeymar.

8.1.1. Miðstöðvarkatlar skulu vera í sérstökum kyndiklefum. Sýna skal fjölda og staðsetningu þeirra á uppdráttum til byggingarnefndar. Ef samanlögð kyndiorka katla á tímaeiningu (effekt) í sama kyndiklefa er 60 kwst/klst eða minni (51000 kcal/klst eða minni) þá nægir að veggir, loft og gólf séu B60. Ef samanlögð kyndiorka er meiri en 60 kwst/klst þá skal kyndiklefi vera A60 a.m.k. Gólfniðurföll skulu vera í öllum kyndiklefum.

8.1.2. Allir kyndiklefar skulu hafa ólokanlegt útiloftsinntak. Frítt op skal vera a.m.k. tvöfalt stærra en þverskurðarflatarmál reykops í reykháfi. Á kyndiklefa skal auk þess vera opnanlegur gluggi a.m.k. 0.2 m^2.

8.1.3. Í öllum húsum, öðrum en einbýlis- tvíbýlis- eða þríbýlishúsum skal aðeins gengt utanfrá í kyndiklefa. Í klefum sem gengt er í innanfrá, skal hurð vera a.m.k. B30, sjálflokandi.

8.1.4. Kyndiklefa má ekki nota sem geymslu. Þar má ekkert vera nema kyndibúnaður. (sjá þó 8.1.5.)

8.1.5. Í eldtraustum kyndiklefum má geyma olíu, allt að 2000 lítrum í geymum úr óbrennanlegu efni. Geymir skal vera í a.m.k. 100 sm fjarlægð frá kynditæki og katli.

8.1.6. Geyma má olíu utanhúss í neðanjarðargeymum allt að 15000 lítrum. Um stærri geyma gilda ákvæði 1.1.5. Geymar skulu vera ryðvarðir og umbúnaður slíkur, að ekki sé hætta á olíumengun drykkjarvatns. Fjarlægð frá húsi sé 100 sm a.m.k. Um geyma ofanjarðar og byrgðastöðvar fyrir olíur og bensín gilda ákvæði í 1.1.5. Ef olíugeymir er sambyggður eldstæði, þá má hann ekki rúma meira en 20 lítra.

8.2. Reykháfar.

8.2.1. Á húsi, sem ekki fær hita frá fjarhitun, t. d. hitaveitu, skal vera reykháfur.

8.2.2. Reykháfar skulu gerðir úr óbrennanlegum efnum, sem þola vel áhrif reykefna. Þeir skulu standa á fastri undirstöðu. Reykháfar og reykháfshlutar utanhúss skulu byggðir úr veðrunarþolnum efnum. Reykháfar skulu þannig gerðir að ekki verði hætta á sprungumyndunum eða öðrum skemmdum vegna hitaþenslu.

8.2.3. Ljósop reykháfs skal að jafnaði vera hring- eða ferningslaga. Breidd reykops má ekki vera minni en 2/3 af lengd þess. Veggþykkt skal vera 14 sm hið minnsta.

8.2.4. Reykháf skal fóðra að innan með múrsteini eða öðru óbrennanlegu efni, sem örugglega bindst steypunni vel og hefur nægilegt hitaþol. Innra borð reykganga skal vera slétt og án holrúma.

8.2.5. Reykháfur skal ná a. m. k. 80 sm upp úr þaki og aldrei minna en svo að fjarlægð efsta hluta hans í lárétta stefnu frá þakfleti sé a. m. k. 300 sm. Byggingarnefnd getur krafist að reykháfur nái hærra yfir þak, en að framan segir, ef hætta er á óþægindum vegna reyks.

8.3. Litlir reykháfar.

8.3.1. Reykháfur telst lítill, ef samanlögð kyndiorka eldstæða, sem við hann eru tengd er ekki meiri en 120 kwst/klst, („effekt" ekki meiri en 120 kw) og ef hitastig reyksins við stöðugt hámarksálag verður ekki hærra en 350°C við inntak í reykháf.
Reykháfar skulu að jafnaði vera lóðréttir. Ef nauðsyn krefur má þó sveigja þá um allt að 30° frá lóðréttri línu, en gæta skal þess vandlega,að þeir séu bornir uppi og skorðaðir forsvaranlega frá brunateknisku sjónarmiði.

8.3.2. Ljósop reykháfa skal samsvara samanlagðri kyndiorku á klst. samkvæmt eftirfarandi töflu:

Kyndiorka í kw.	10	20	30	40	50	60	80	100	120
Ljósop reykháfs í sm² ..	100	130	170	210	250	290	370	450	530

Ljósop má vera allt að 20% stærra en tilgreint er í töflunni.
Þetta gildir um reykháfa, sem eru lægri en 5 metrar mælt frá gólfi kyndiklefa.
Ef hæð reykháfs er á bilinu 5-10 metrar, þá má minnka ljósopið um allt að 35%. Ef hæð er meiri en 10 metrar, þá má minnka ljósopið um allt að helmingi, miðað við töfluna. Ljósop reykháfs má þó aldrei vera minna en 100 sm².

8.3.3. Ljósop reykháfs, sem flytur reyk frá opnu eldstæði (t. d. arni) skal ekki vera minna en 300 sm², ef loftop arins er stærra en 2500 sm². Ef það er 2500 sm² eða minna, þá má minnka ljósopið niður í 175 sm². Með loftopi arins er átt við samanlögð op á hliðum hans. Ef t. d. þrjár hliðar hans eru opnar, þá skal leggja saman flatarmál þeirra.

8.3.4. Eftirfarandi gildir um fjarlægðir frá brennanlegu efni:

a. brennanleg efni í byggingarhlutum, eins og t. d. timbur í hæðaskilum, veggjum, stigum, skápum o. s. frv. skal vera í a. m. k. 10 sm fjarlægð frá úthlið reykháfs. Ef veggþykkt reykháfs er a. m. k. 22 sm þá má timbur liggja þétt að honum.
b. gólfefni og veggklæðningar þynnri en 2 sm mega liggja þétt að reykháfi, ef aðeins brúnir efnanna snerta hann. Ekki má festa þau við reykháfinn.
c. allt að 12 sm háir gólf- og loftlistar mega að jafnaði liggja þétt að reykháfi.
d. ef reykháfur gengur í gegnum hæðaskil úr timbri, þá skal fylla holrúmið í hæðaskilunum umhverfis hann með óbrennanlegri einangrun. (t. d. steinull)
e. ef reykháfur gengur upp í gegnum skáp, þá skal einangra hann og loftræsta skápinn, þannig að engin hætta sé á yfirhitun í skápnum

f. ef reykháfur gengur upp í gegnum herbergi, sem ætluð eru til geymslu á eldfimum vörum, þá skal hólfa hann af með rimlaveggjum, er séu a. m. k. 50 sm frá úthliðum hans, og nái frá gólfi til lofts. Slík hólfun má ekki fela reykháfinn
g. reykháfa skal vera hægt að hreinsa með góðu móti. Á þeim skulu vera minnst tvö sótop. Mesta fjarlægð milli sótopa eða frá efsta sótopi að efstu brún reykháfs má vera 700 sm. Neðsta sótop skal vera a. m. k. 40 sm frá gólfi og skal botn reykháfs vera við neðri brún þess. Sóturum skal heimil umferð um íbúðir og önnur húsakynni til sóthreinsunar og eftirlits með reykháfum og eldstæðum
h. sótlúgur skulu vera a. m. k. jafn stórar og ljósop reykháfs
i. ef hreinsa skal reykháf ofan frá, (þ. e. frá efsta punkti hans, t. d. verksmiðjureykháfa), þá skal vera örugg leið að honum á þaki. Á frítt standandi reykháfum skulu vera stigar eða stig, eftir því, sem þörf krefur
j. sótlúgur skulu vera a. m. k. 20 sm frá brennanlegu efni.

8.3.5. Litla reykháfa má byggja úr steyptum einingum, en framleiðendur slíkra eininga skulu leita samþykkis Brunamálastofnunar ríkisins á þeim. Þeir skulu, ef hún krefst þess, sýna fram á með prófunum, að einingarnar hafi nægilegt brotþol og að reykháfar úr þeim verði fullkomlega reykþéttir.

8.3.6. Eftirfarandi reglur gilda um reykháfa með kjarna úr steypujárni eða stálpípum:
a. efnisþykkt pípu skal vera a. m. k. 4 mm. Pípur skulu settar saman með múffum, sem gerðar eru þéttar með hitaþolnu efni. Einnig má log- eða rafsjóða saman pípur (stálpípur). Ef pípur eru gerðar úr álhúðuðum plötum (húðunin skal gerð úr bráðnu áli), þá þarf efnisþykkt ekki að vera meiri en 2 mm enda sé álhúðin a. m. k. 70 gr á fermetra á hvorri hlið. Logsuðu á samskeytum skal framkvæma þannig að álhúðin skemmist sem minnst.
b. kjarnann skal hitaeinangra vandlega frá grunni og upp úr. Einangrun skal vera tvöfaldar steinullarmottur.Samanlögð þykkt þeirra skal vera a. m. k. 5 sm. Samskeyti skulu víxllögð. Innri mottan má í mesta lagi innihalda 1% af lífrænum bindiefnum. Rúmþyngd hennar skal vera a. m. k. 100 kg/m^3, og hitaþol a. m. k. 950° C.
Utan um motturnar skal vefja sinkhúðuðum vír eða vírneti, þannig að þær séu örugglega fastar við kjarnann. Utan um einangrunina skal koma kápa úr 0.5 mm þykkum galvaniseruðum járn- eða stálplötum. Frá þeim skal gengið þannig að öruggt sé, að ekki komist vatn í einangrunina. Ekki má vera málmtenging á milli ytri og innri pípna, nema efst og neðst.

8.3.7. Reykháfar samkvæmt 8.3.6. a og b skulu vera frítt standandi.

8.4. Stórir reykháfar.

8.4.1. Reykháfur telst stór, ef samanlögð orka kynditækja á klst., (sem við hann eru tengd) er meiri en 120 kwst. („effekt" 120 kw) Sömuleiðis, ef hitastig reyks við inntak í reykháf er hærra en 350° C við stöðugt hámarksálag.

8.4.2. Stórir reykháfar skulu hannaðir og frágengnir þannig, að vissa sé fyrir því að þeir dreifi reyknum á fullnægjandi hátt í andrúmsloftið, þannig að hann valdi ekki mengun.

8.5. Eldstæði. Almennar kröfur.

8.5.1. Með eldstæði er átt við bæði lokuð eldstæði, t. d. venjulega miðstöðvarkatla og opin eldstæði, t. d. arna. Eldstæði, kynditæki og reykpípur skulu þannig gerð, að notkun þeirra og viðgerð á þeim hafi ekki í för með sér eldhættu, sprengihættu, eitrunarhættu, eða óþægindi af völdum reyks. Stærð og gerð eldstæðis skal ákvarða þannig, að um óþarfa orkusóun verði ekki að ræða.

8.5.2. Á eldstæði skulu vera nægileg hreinsiop, þannig staðsett, að hægt sé að komast að þeim til að hreinsa sót og ösku úr eldstæðunum.

8.5.3. Eldstæði skal geta fengið nægilegt loft til brunans. Þau má aðeins setja upp í herbergjum, sem eru vel loftræst.

8.5.4. Handstýrð eða sjálfvirk stjórntæki á kynditækjum, kötlum og reykpípum, (trekkspjöld) skulu verka þannig, að þau tryggi fullkominn bruna á hverjum tíma, og einnig nauðsynlega viðrun kyndiklefa, þegar kynditæki er ekki í gangi.

8.5.5. Krafan í 8.5.1. um, að eldstæði með tilheyrandi búnaði, skuli ekki valda eldhættu, er að jafnaði uppfyllt, hvað venjuleg byggingarefni snertir, ef hitastig þeirra verður eigi hærra en 80° C af völdum eldstæðis, sem kynt er með hámarksafköstum í lengri tíma. Ef hitastig verður hærra, þá gilda ákvæðin í 8.6. hér á eftir, um fjarlægð eldstæðis frá brennanlegu efni og um eldvörn þess.

8.5.6. Með kyndiorku á tímaeiningu („effekt") er átt við margfeldið af eldsneytiseyðslu í kg) á sekúndu og neðra hitagildi eldsneytisins í Kj/kg (Kj/kg=kíló Joule/kg.) Gjöra skal ráð fyrir, að hitagildi timburs sé 15 000 KJ/kg, kola 30 000 KJ/kg og olíu 42 000 KJ/kg. Ef kyndiorka á tímaeiningu í mjög litlu eldstæði er ekki þekkt, þá skal miða við að hún sé 10 kw.

8.6. Lítil eldstæði.

8.6.1. Með litlum eldstæðum er átt við lokuð eða opin eldstæði með kyndiorku/klst 60 kwst („effekt" 60kw) eða minni, t. d. miðstöðvarkatla, olíuofna, eldavélar, arna o. s. frv.

8.6.2. Eftirfarandi reglur gilda um fjarlægðir eldstæða frá brennanlegu efni:

a. fjarlægð þess hluta eldstæðis, sem ekki er vatnskældur, frá brennanlegu efni, skal vera a. m. k. 30 sm. Sama gildir um óeinangraðar reykpípur. Fjarlægð frá venjulegum gólflista má þó vera 20 sm eða meiri.
Ef óvatnskældir fletir eldstæðis eru einangraðir með óbrennanlegri einangrun, sem jafngildir a. m. k. 2 sm þykkri steinull, eða hið brennanlega efni er varið með a. m. k. 8 mm þykku eldvarnarasbesti, þá nægir 20 sm fjarlægð. Sama gildir um reykpípur.
Þegar um arna er að ræða, þá má mæla fjarlægðina frá innhlið eldhólfs.

b. Fjarlægð vatnskældra flata eldstæðis frá brennanlegu efni, skal vera 15 sm a. m. k. Ef fletirnir eru einangraðir sbr. a, þá nægir 10 sm bil.

c. Fjarlægð brennanlegs efnis frá þeim flötum eldstæðis, sem geta náð mjög háu hitastigi, skal vera 50 sm a. m. k. Hér er t. d. um að ræða hliðar á eldhólfum katla, sem ekki eru „innmúruð". Fjarlægð þessa má minnka í 30 sm, ef hið brennalega efni er eldvarið samkvæmt a.

d. ef botn eldstæðis er allur vatnskældur, þá þarf bil frá botni að brennanlegu undirlagi ekki að vera meira en 6 sm enda skal bilið fyllt með steinull.
Þegar um er að ræða eldstæði fyrir fast eldsneyti, með rist og öskuhólfi undir henni, þá skal bil frá brennanlegu gólfi að rist vera a. m. k. 25 sm, og er þá gengið út frá, að botn í öskuhólfi sé heill. Frá botni eldstæðis að gólfi skal vera a. m. k. 10 sm hátt opið eða vel loftræst rými.

8.6.3. Lítil lokuð eldstæði fyrir fast eldsneyti má setja á gólf úr brennanlegu efni, ef gólfið undir eldstæðinu er eldvarið með óbrennanlegu efni. Eldvörn þessi skal ná a. m. k. 30 sm fram fyrir eldstæðið og 15 sm út fyrir hliðar þess og aftur fyrir það. Ef eldstæðið er opið (t. d. arinn) þá skal eldvörnin ná a. m. k. 50 sm fram fyrir opið.

8.7. Stór eldstæði.

8.7.1. Eldstæði er talið stórt, ef kyndiorka er meiri en 60 kwst/klst („effekt" meiri en 60 kw).

8.7.2. Kyndiorka/klst í katli fyrir fast eldsneyti má ekki vera meiri en svo, að hitastig reyks sé 250°C, eða lægra, þar sem hann fer út úr katlinum. Er þá miðað við stöðuga notkun á hreinsuðum katli.

8.7.3. Eftirfarandi gildir um fjarlægð frá brennanlegu efni:

a. fjarlægð frá flötum, sem ekki eru vatnskældir skal vera 100 sm a. m. k.

b. Fjarlægð frá vatnskældum flötum sem og reykrörum skal vera 50 sm a. m. k.

c. ef brennanlegt efni er varið með óbrennanlegu efni, þá má minnka framangreindar fjarlægðir. Hversu mikil minnkunin má vera fer eftir einangrunarhæfni hins verjandi efnis.

8.8. ELDSTÆÐI TIL NOTKUNAR Í ATVINNUREKSTRI.

8.8.1. Byggingarnefnd og slökkviliðsstjóri geta gert sérstakar öryggiskröfur varðandi eldstæði, sem notuð eru í atvinnurekstri, t. d. varðandi brauðgerðarofna, þurrkofna fyrir timbur, ofna og annan búnað til að reykja matvæli o. s. frv.

8.8.2. Úttekt og eftirlit með gufukötlum annast Öryggiseftirlit ríkisins.

8.8.3. Heimilt er í samráði við slökkviliðsstjóra að setja upp í vinnusölum, þar sem ekki fer fram starfsemi með eldnæmum efnum, olíukynta lofthitunarkatla með beinni hitun, allt að 40 kwst/klst. Ekki má leiða loft frá slíkum ofnum í stokkum á milli herbergja. Koma skal fyrir búnaði, þar sem loftið kemur upp úr katli, er slökkvi á kynditækinu, ef hið hitaða loft er reykblandað. Búnaður þessi er háður samþykki Brunamálastofnunar ríkisins.

8.8.4. Umhverfis slíka katla skal vera steypt þró a. m. k. 10 sm há, með niðurfalli. Brennanlegt efni má ekki vera nær slíkum katli en 100 sm.

8.8.5. Lofthitunarkatla skal tengja við reykháfa, sem fullnægja skilyrðum í 8.2.og.8.3.

8.8.6. Lofthitunarkatla með beinni hitun má aðeins nota í vinnusölum, en alls ekki í öðrum húsum, t. d. í skólum, samkomuhúsum, verslunum, íbúðarhúsum o. s. frv.

8.8.7. Brunamálastofnun ríkisins setur reglur um smíði og frágang lofthitunarkatla og er framleiðendum og/eða innflytjendum slíkra katla skylt að hlíta þeim reglum.

Öryggiseftirlit ríkisins setur reglur um og annast eftirlit varðandi öryggisbúnað rafhitaðra katla og vatnsgeyma.

8.9. Tenging eldstæðis við reykháf.

8.9.1. Lítið eldstæði má ekki tengja stórum reykháfi.

8.9.2. Ekki má tengja opið eldstæði við reykháf, sem tekur við reyk frá öðru eldstæði, nema um sé að ræða tvö opin eldstæði í sömu íbúð.

8.9.3. Eldstæði skulu tengjast reykháfi beint, eða um reykpípur eða reykstokka, sem uppfylli sömu kröfu um þéttleika, einangrun og endingu og reykháfar. Tengingar við eldstæði og reykháf skulu vera þéttar. Vídd reykpípu eða reykstokks skal ákvarða með hliðsjón af kyndiorku ketils á tímaeiningu („effekt').

8.9.4. Í herbergi, þar sem eldstæði er staðsett, mega reykpípur (reykstokkar) þó vera eins og segir hér á eftir í a—b.

a. reykpípur úr 3 mm þykkum plötum má nota óeinangraðar ef þær eru ekki lengri en 100 sm, fyrir katla með allt að 120 kwst/klst kyndiorku (120 kw).

b. reykpípur úr a. m. k. 2 mm þykkum járnplötum má nota óeinangraðar allt að 200 sm langar, til að tengja arin eða brennsluofn við reykháf.

8.9.5. Nauðsynlegar sótlúgur skulu vera á reykpípum og reykstokkum, þannig að hreinsun og eftirlit sé auðvelt.

8.9.6. Ef fleiri en ein reykpípa er tengd sama reykháfi, þá skal hæðarmunur á milli inntaka í reykháf vera a. m. k. 25 sm.

8.10. Ráðstafanir til að draga úr sprengiþrýstingi.

8.10.1. Ef starfsemi í húsi eða hluta húss er slík, að hætta geti verið á sprengingu t. d. af völdum gass, vökva eða reyks, þá skal umbúnaður vera slíkur, að húsið hrynji ekki eða laskist verulega af völdum sprengingar. Þetta merkir, að á slíkum vistarverum skulu vera sprengilúgur, gluggar eða léttir útveggir, sem blása burt við sprengingu og minnka þrýstinginn þannig, að hús skaddist ekki að öðru leyti.

8.10.2. Þrýstiminnkunarbúnaður samkvæmt 8.10.1. má ekki vera þannig staðsettur, að hann stofni vegfarendum eða mannvirkjum í hættu.

9. EINBÝLISHÚS.

9.1.1. Einbýlishús (þar með talin parhús, raðhús og keðjuhús) mega ekki vera hærri en 2 hæðir og kjallari. Nýtanlegt ris telst vera hæð.

9.1.2. Hvert einbýlishús skal vera sjálfstætt brunahólf. Samanlagður gólfflötur (brúttó) í brunahólfi skal ekki vera stærri en 400 m² sjá þó 9.4.1.).

9.1.3. Veggir á milli sambyggðra einbýlishúsa (parhúsa, raðhúsa og keðjuhúsa) skulu vera A60 eða B90. Veggirnir skulu a. m. k. ná út að ystu vegg- og þakklæðningum.

9.1.4. Berandi byggingarhlutar, svo sem útveggir, milliveggir, súlur, bitar, hæðaskil o. s. frv. skulu vera B30 a. m. k.

9.1.5. Léttir útveggir, (ekki berandi) skulu vera a. m. k. B30.

9.1.6. Varðandi veggi og loft næst ónotuðu þakrými, sjá 7.1.3.

9.1.7. Veggur á milli íbúðar og bílskúrs skal vera B60 a. m. k. Í einnar hæðar húsum skal hann a. m. k. ná upp að ystu þakklæðningu. Hurð skal vera B30 a. m. k. Hún má ekki opnast inn í svefnherbergjagang eða inn í kyndiklefa.

9.1.8. Hæðaskil yfir bílskúr eða bílskýli skulu vera B60 a. m. k.

9.2. Efni til klæðninga.

9.2.1. Klæðning útveggja, jafnt að utan sem að innan, má ekki vera lakari frá brunatæknisku sjónarmiði en í flokki 2. Sama gildir um loft og innveggi.

9.2.2. Ákvæði í 9.2.1. gilda einnig um bílskúra. Ef þeir eru áfastir við, eða innbyggðir í íbúðarhús, þá skal klæðning vera í flokki 1.

9.2.3. Hæðaskil yfir bílskúrum og bílskýlum, skal klæða að neðanverðu með klæðningu í flokki 1 a. m. k.

9.3. Björgunarop.

9.3.1. Í svefndeild skal vera a. m. k. eitt björgunarop sbr. 6.2. og annað úr stofu.

9.4. Sérákvæði um timburhús.

9.4.1. Frítt standandi einbýlishús úr timbri, eða timburhús klætt með bárujárni (áli, plasti) skal ekki vera stærra að grunnfleti en 300 m², ef það er ein hæð, og ekki stærra en 150 m², ef það er tvær hæðir, eða ein hæð og nýtanleg rishæð. Ekki má byggja hærri íbúðarhús úr timbri en tvær hæðir (nýtanleg rishæð telst vera hæð). Slík hús má þó byggja á steyptan kjallara, sbr. 9.1.2. Ef timburhús er tvær hæðir, þá má kjallari hvergi ná meira en 1 metra upp úr jörð. Önnur timburhús en einbýlishús mega ekki vera hærri en 1 hæð, og ekki stærri en 1000 m². Sama gildir um járnklædd timburhús.

9.4.2. Sambyggð einbýlishús (raðhús, keðjuhús) skal aðskilja með eldvarnarvegg A120 fyrir hverja 500 m², grunnflatar, ef hús er ein hæð, en fyrir hverja 300 m², ef hús er tvær hæðir. Hámarksstærð íbúðar skal vera 150 m².
9.4.3. Lekastraumsrofar skulu vera á raflögnum íbúðarhúsa úr timbri.
9.4.4. Ekki má vera sjálfstæð íbúð á efri hæð timburhúss.

10. FJÖLBÝLISHÚS.

10.1.1 Hús, með tveimur íbúðum eða fleiri, þar sem lóð er sameiginleg, telst fjölbýlishús.
10.1.2. Veggir á milli íbúða skulu vera A60 a. m. k. eða B90. Í húsum, þar sem gólf í efstu íbúð er hærra en 22 metrar yfir jörð, (hærra en 8 hæðir) skulu slíkir veggir þó vera A60 a. m. k. á öllum hæðum. (sjá ennfremur kafla 5 og 7).
10.1.3. Fjölbýlishúsalengjum skal skipta með eldvarnarveggjum A120 í brunaeiningar, þannig að ekki sé stærra grunnflatarmál á milli slíkra veggja en 500 m². Þetta gildir óháð annarri brunahólfun.
10.1.4. Léttir útveggir (ekki berandi) skulu vera B60 a. m. k. Á húsum, sem eru hærri en tvær hæðir og kjallari skal ysta klæðning vera í flokki 1 a. m. k. Lóðréttum loftrúmum í léttum útveggjum skal loka á öllum hæðaskilum. Einangrun skal vera óbrennanleg.

10.2. Vegg og loftfletir.

10.2.1. Yfirborð útveggja skal ekki vera lakara frá brunateknisku sjónarmiði en á klæðningu í flokki 1.
10.2.2. Innanhúss skulu veggfletir ekki vera lakari en klæðning í flokki 2. Þetta gildir um hús, þar sem efsta íbúð er ekki hærra en 22 metra yfir jörð (mest 8 hæða hús). Í hærri húsum skal a. m. k. miða við klæðningu í flokki 1 á öllum hæðum.
10.2.3. Yfirborð loftflata skal ekki vera lakara en á klæðningu í flokki 1. Í tveggja hæða húsum má nota klæðningu í flokki 2.

10.3. Rýmingarleiðir.

10.3.1. Rýmingarleiðir skulu vera samkvæmt kafla 4, og einnig samkvæmt eftirfarandi ákvæðum.
10.3.2. Ekki mega fleiri en 4 íbúðir á sömu hæð vera um stigahús, nema um öryggisstigahúss sé að ræða.
10.3.3. Á öllum íbúðum og á öllum hæðum í sambýlishúsum, frá 2. hæð og upp ór, skulu vera svalir a. m. k. 120 sm breiðar. Þær skulu vita að björgunarsvæðum slökkviliðs, sbr. 7.6.
10.3.4. Í húsum þar, sem krafist er öryggisstigahúsa, sbr. 5.1.6., skulu íbúðir hafa aðgang að svölum við stigahús um forstofu, sem skal vera eldtraust, A60 a. m. k. Hún skal ekki vera mjórri en 150 sm. Mesta fjarlægð frá dyrum íbúðar að svölum við stigahús skal vera 10 metrar. Hámarks grunnflötur íbúðarhæðar sé 500 m². Við framangreinda forstofu mega aðeins vera íbúðir, lyfta og svalir við stigahús. Á svalagangshúsum skal hámarksfjarlægð frá íbúðardyrum að stigahússdyrum vera 15 metrar. Á slíkum húsum skulu einnig vera svalir á öllum íbúðum, á þeim hliðim hússins, sem ekki hafa svalagang. Aðstaða slökkviliðs til að bjarga fólki skal vera samkvæmt kafla 7.6.
10.3.5. Í tveggja hæða íbúðum í sambýlishúsum, skal stigi á milli hæða vera í eldtraustu stigahúsi, í öllum slíkum íbúðum, ef hús er hærra en 8 hæðir. Slíku stigahúsi má þó

sleppa, ef hvor hæð um sig er í sambandi við öryggisstigahús samkvæmt reglum í 5.1.5.

10.3.6. Tvær óháðar útgönguleiðir skulu vera úr hverri íbúð í fjölbýlishúsi. Önnur skal vera um eldtraust stigahús eða öryggisstigahús, en hin má vera um veggsvalir, sem stigar eða annar bjöjrgunarbúnaður slökkviliðs nær til. Ef íbúð er hærra yfir jörð en svo, að stigar slökkviliðs nái með góðu móti til svala hennar, þá skal hún eiga aðgang um forstofu að öryggisstigahúsi, svo og allar aðrar íbúðir í húsinu. Í húsum með einu stigahúsi má mesta fjarlægð að stiga ekki vera meiri en 25 m í húsum allt að 4 hæðum og ekki meiri en 15 metrar í 5—8 hæða húsum. Sama gildir um skrifstofuhús.

10.4. Hurðir.

10.4.1. Hurð á milli íbúðar og stigahúss skal vera B30 a. m. k. með reykþéttingu.

10.4.2. Hurð á milli íbúðar og forstofu, sbr. 10.3.4. skal vera B60 a. m. k. með reykþéttingu.

10.4.3. Hurðir á milli svala og öryggisstigahúss skulu vera B30 a. m. k. Þeim má ekki vera hægt að læsa.

10.4.4. Hurðir á milli forstofu og svala við öryggisstigahús skulu vera ólæsanlegar. Þær skulu vera með a. m. k. 1 m^2 rúðum.

10.4.5. Ef lyfta nær niður í kjallara, þá skal gengið úr henni og í um forstofu og brunastúku. Forstofa þessi og brunastúka skal vera A60 a. m. k. og hurðir í þeim A30. Varðandi tengingu öryggisstigahúss við kjallara, sjá 5.1.6.

11. HÓTEL.

11.1.1. Öryggisreglur um hótel gilda einnig um heimavistir, verbúðir, heilsuhæli, hjúkrunarheimili, hvíldar- og hressingarheimili, elliheimili og aðrar hliðstæðar stofnanir.

11.1.2. Hús með svefnplássum fyrir 10 manns eða færri, skulu a. m. k. uppfylla öryggiskröfur fyrir íbúðarhús (sjá kafla 9 og 10). Með svefnplássi er hér átt við rúm eða svokallað svefnpokapláss.

11.1.3. Með svefnherbergjadeild eða svefndeild er átt við eitt eða fleiri svefnherbergi með tilheyrandi göngum og öðru rými, þar með talin svefnherbergi starfsfólks.

11.1.4. Ef um er að ræða, samkomusali og/eða kennsluhúsnæði, auk gisti- og dvalaraðstöðu, þá gilda reglurnar í köflum 12 og 13 einnig um slíkt húsnæði.

11.2. Brunasamstæður, brunahólf, brunaþol o. fl.

11.2.1. Hvert svefnherbergi um sig, með tilheyrandi forstofu og snyrtiherbergi, skal mynda sjálfstætt brunahólf A60 a. m. k. Ef innangengt er úr svefnherbergi í eitt eða fleiri nærliggjandi herbergi, sem hafa dyr út á gang, þá skulu þau hvert um sig mynda brunahólf. Hurðir á milli slíkra herbergja skulu vera B30 a. m. k. Ekki mega vera dyr á milli svefnherbergis og stigahúss. Á svefnskála skal vera björgunarop á hvern tug svefnplássa og einu opi betur. Ef slíkur skáli er á jarðhæð, og dyr beint út, þá má sleppa öðrum björgunaropum.

11.2.2. Gangur í rýmingarleið skal mynda sjálfstætt brunahólf. Ef hús er meira en ein hæð, þá skal hann afmarkaður með a. m. k. A60 byggingarhlutum, en annars með B60 a. m. k. Ef slíkur gangur er lengri en 50 metrar þá skal skipta honum með a. m. k. F30 skilrúmi. Hurð skal vera reykþétt og sjálflokandi. Hurð á milli rýmingarleiðar og svefnherbergis skal vera B30 a. m. k. og á milli rýmingarleiðar og geymslurýmis A60 a. m. k.

11.2.3. Stigahús í rýmingarleið skal vera eldtraust. Það skal aðskilið með a. m. k. F30

byggingarhluta frá gangi í rýmingarleið svefndeildar og a. m. k. með B60 frá öðru rými, ef kjallari er frátalinn. Þar skal hurð í stigahúsi vera A60 a. m. k. Ef hús er hærra en 4 hæðir, þá skal tengja stiga við kjallara með brunastúku A60, sem hafi hurðir A30. Allar hurðir í stigahúsum skulu vera sjálflokandi.

11.2.4. Svefndeildir skulu aðgreindar frá öðrum hlutum húss með a.m. k. A60 byggingarhlutum og A30 hurðum. Þetta á t. d. við um þá hluta húss, sem hafa að geyma eldhús, samkomusali, kennslurými, skrifstofur o. s. frv. Í göngum og stigahúsum má nota F30 hurðir sbr. 11.2.3.

11.2.5. Hvað sem annarri brunahólfun líður þá skal skipta húsum sem hér um ræðir í brunasamstæður með eldvarnarveggjum a. m. k. A120 og hurðum A60, sem ekki séu stærri en 600 m², ef hús er hærra en 1 hæð. Í einnar hæðar húsum mega slíkar einingar vera allt að 1000 m². Eldhús, búr og aðrar geymslur í sambandi við það, skulu mynda sjálfstætt brunahólf.

11.2.6. Sjálflokandi hurðum má aðeins halda í opinni stöðu með segulgripum, sem stjórnað er af reykskynjurum.

11.2.7. Í hjúkrunarheimilum, elliheimilum og öðrum slíkum stofnunum, þar sem búast má við, að vistmenn eigi erfitt með að bjarga sér sjálfir, ef eldur verður laus, getur brunamálastofnunin krafist, að svefndeildir 500 m² eða stærri séu sprinklervarðar.

11.2.8. Í einnar hæðar húsum skulu burðarvirki vera B60 a. m. k.

11.2.9. Léttir (ekki berandi) útveggir skulu vera a. m. k. eins öruggir og tilgreint er í 10.1.4.

11.2.10. Yfirborð vegg- og loftflata í gistiherbergjum og rýmingarleiðum skal ekki vera lakara frá brunateknisku sjónarmiði en á klæðningu í flokki 1, ef hús er 2 hæðir eða meira. Klæðning skal vera í 1. flokki.

11.3. Rýmingarleiðir.

11.3.1. Svefnherbergi, sem ekki er á jarðhæð og með útidyrum, skal opnast í rýmingarleið, er liggi í tvær gagnstæðar áttir að óháðum útgöngum. Hámarksfjarlægð frá svefnherbergisdyrum að stigahúsi skal ekki vera meiri en 25 metrar.
Útgangar eru:
a. útidyr á jarðhæð
b. dyr á eldtraustu stigahúsi, með beinum útgangi undir bert loft á jörðu niðri
c. dyr á nærliggjandi brunahólfi, sem hefur útidyr á jarðhæð, eða eldtraust stigahús eins og tilgreint er í b.

11.3.2. Ef svefnherbergi er þannig staðsett (t. d. við enda gangs) að ekki sé hægt að uppfylla kröfuna um rýmingarleiðir í tvær gagnstæðar átti, þá telst rýmingarleið í eina átt nægjanleg, ef fjarlægð að næsta útgangi er ekki meiri en 6 metrar og unnt að komast framhjá honum í annan útgang lengra burtu.

11.3.3 Björgunarop, sem ekki er hærra yfir jörð en 2 metrar má reikna sem útgang.

11.3.4. Í stofnunum, þar sem búast má við að flytja þurfi fólk á sjúkrabörum eða í sjúkrarúmum, skulu gangar vera a. m. k. 2.4 metrar á breidd. Auðvelt skal vera að komast um stiga með sjúkrabörur.

11.3.5. Í öllum hótelherbergjum skal vera uppdráttur, festur á vegg, er sýni greinilega útgönguleiðir af viðkomandi hæð.

11.4. Útgöngu og neyðarlýsing.

11.4.1. Þegar samanlagt flatarmál svefndeilda, sem nota sömu rýmingarleið, er meira en 600 m², þá skal vera útgöngu- og neyðarlýsing á rýmingarleiðum samkv. 7.7.

11.5. Viðvörunarkerfi.

11.5.1. Í svefndeildum elliheimila, hjúkrunarheimila og annarra stofnana, þar sem ætla má að vistmenn séu vanbúnir að bjarga sér, ef eldur verður laus, skal vera sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi. Sama gildir um svefndeildir hótels með fleiri en 20 svefnplássum.

11.5.2. Viðvörunarkerfi skulu samþykkt af Brunamálastofnun ríkisins. Kerfi til þeirra þarfa, sem hér um ræðir skulu gefa 75 dB (A) a. m. k.

11.6. Slökkvibúnaður.

11.6.1. Setja skal upp slöngurúllur skv. 7.8. Slökkviliðsstjóri ákveður gerð og staðsetningu handslökkvitækja.

12. SAMKOMUHÚS.

12.1 Almenn ákvæði.

12.1.1. Eftirtalin hús skulu gerð eftir þessum kafla:
Samkomuhús, þar með talin félagsheimili, leikhús, kvikmyndahús, hljómleikahús, hús með fundarsölum, sýningasölum, íþróttasölum, mötuneyti fyrir 60 manns eða fleiri o. s. frv. Ennfremur kirkjur, safnaðarheimili og önnur hús, sem notuð eru í svipuðum tilgangi.

12.1.2. Samkomuhús fyrir 50 manns eða færri skulu fullnægja öryggiskröfum, sem gilda um íbúðarhús.

12.1.3. Samkomuhús fyrir 150 manns eða færri skulu fullnægja öryggiskröfum, sem gilda um íbúðarhús, og auk þess ákvæðum í 12.4.

12.1.4. Stærri samkomuhús skulu auk þess að fullnægja öryggiskröfum um íbúðarhús, einnig fullnægja ákvæðum í 12.1.5. — 12.8.2. Þau gilda einnig um sali, tvo eða fleiri, ef þeir nota sömu rýmingarleið og eru samanlagt fyrir fleiri en 150 manns.

12.1.5. Ef nota skal samkomuhús til vörusýninga eða til annarrar þeirrar starfsemi, sem leitt getur til þess, að brunaálag verði meira en 400 MJ/m^2, þá skal gera sérstakar ráðstafanir til að ákvæðum í 1.1.2. verði fullnægt. Brunamálastofnun ríkisins ákveður, hvaða ráðstafanir skuli gera, en þær geta t. d. verið sprinkelvörn, sjálfvirkt viðvörunarkerfi, öruggari rýmingarleiðir o. s. frv. Slíkar ráðstafanir skal gera þótt hús sé ætlað fyrir færri en 150 manns.

12.1.6. Fólksfjölda í samkomusal skal miða við að tveir menn komi á hvern fermetra gólfflatar. Í sölum með föstum sætum skal miða við sætafjölda.

12.2. Brunahólf, brunasamstæður, brunaþol o. fl.

12.2.1. Samkomusalir skulu vera sjálfstæð brunahólf A60 a. m. k., ef þeir eru ekki á jarðhæð í einnar hæðar húsum. Þeir skulu aðskildir frá geymslurými með A30 hurðum a. m. k. og frá öðrum herbergjum, þar á meðal göngum með B30 hurðum.

12.2.2. Gangar og forstofur í rýmingarleið skulu vera sjálfstæð brunahólf A60 a. m. k., ef þau eru ekki á jarðhæð í einnar hæðar húsum. Hurðir í þeim séu B30 a. m. k.

12.2.3. Stigahús í rýmingarleið skal vera eldtraust A60 a. m. k. Það skal skilið frá samkom-

usölum, forstofum og göngum (sjá 12.2.2.) með B30 hurðum a. m. k. og frá öðru rými með A60 hurðum a. m. k. Á milli kjallara og stigahúss skal vera A60 hurð. Ef hús er meira en 3 hæðir þá skal tengja stigahús við kjallara með brunastúku sbr. 11.2.3.

12.2.4. Samkomusalir með tilheyrandi forstofum, göngum, geymslum og öðru rými skulu mynda brunasamstæðu. Hún skal skilin frá öðrum brunasamstæðum, sem innihalda eldhús, svefndeildir, íbúðir og þesshättar, með A30 hurðum a. m. k. Á sama hátt skal skilja þær frá stigahúsi, sem er hluti af rýmingarleið svefndeildar. Frá öðrum brunasamstæðum skulu þær skildar með A60 hurðum a. m. k.

12.2.5. Ef hús er meira en ein hæð, þá má brunasamstæða, sem inniheldur samkomusal ekki vera stærri en 500 m², en 1500 m² í einnar hæðar húsi.
Brunasamstæða með samkomusal í 1. hæðar húsi má þó vera stærri en 1500 m², ef salurinn afmarkast á tvo eða fleiri vegu af útveggjum, og er skilinn frá öðrum vistarverum hússins með hurðum A30 a. m. k.

12.2.6. Í staðinn fyrir B30 hurðir, á milli samkomusalar og forstofu, (gangs) og á milli gangs og stigahúss, má nota F30 hurðir, ef það er ekki brot á kröfunum í 1.1.2., að mati Brunamálastofnunar ríkisins.

12.2.7. Sjálflokandi hurðum má aðeins halda opnum að staðaldri með segulgripi, sem stjórnað er af reykskynjara.

12.2.8. Í einnar hæðar húsum skulu burðarvirki vera B60 a. m. k.

12.2.9. Léttir útveggir (ekki berandi) skulu ekki vera lakari frá brunatæknisku sjónarmiði en tilskilið er í 10.1.4.

12.3. Vegg- og loftfletir.

12.3.1. Klæðningar utan húss skulu vera a. m. k. í flokki 1. Klæða má veggi á samkomusölum 100 m² eða minni með klæðningu í flokki 2 í tveggja metra hæð frá gólfi. Þar fyrir ofan skal yfirborð veggja vera a. m. k. eins gott og á klæðningu í flokki 1, sama gildir um loft. Í stærri sölum skulu bæði veggir og loft vera a. m. k. í flokki 1.

12.4. Rýmingarleiðir.

12.4.1. Úr samkomusal skulu vera a. m. k. tvær óháðar rýmingarleiðir, sem næst því hvor úr sínum enda salar. Þær skulu liggja til öruggs staðar á jörðu niðri. Mesta fjarlægð að útgangi (úr samkomusal) skal vera 25 metrar. Þangað skal hægt að komast eftir 130 sm breiðum hindrunarlausum gönguleiðum.
Útgangar eru:
a. útidyr á jarðhæð
b. dyr á eldtraustu stigahúsi í rýmingarleið
c. dyr á aðliggjandi brunahólfi, sem hefur útidyr á jarðhæð, eða stigahús samkvæmt b.

12.4.2. Rýmingarleiðir, þar með taldar dyr og gönguleiðir í sal, skulu vera það breiðar samanlagt, að svari til 1 sm fyrir hvern mann, sem salurinn getur rúmað, sbr. 12.1.6. Dyr mega þó ekki vera þrengri en 100 sm.

12.5. Útgöngu- og neyðarlýsing.

12.5.1. Útgöngu- og neyðarlýsing samkv. 7.7. skal vera í öllum samkomusölum, sem rúma fleiri en 150 manns. Samskonar lýsing skal vera í rýmingarleiðum þeirra.

12.6. Reykræsting.

12.6.1. Í gluggalausum samkomusölum, sem eru stærri en 200 m², skal setja reykræstibúnað á þak, eða uppi við þak. Samanlagt opnunarflatarmál skal vera a. m. k. 0,5% af gólffleti.

12.7. Stólaskipan o. fl.

12.7.1. Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, ráðstefnusölum og hliðstæðum byggingum skulu stólar vera festir við gólf eða vera spenntir saman a. m. k. 4. Frágangur skal vera slíkur, að stólar færist ekki til. Bil á milli raða sé a. m. k. 80 sm, og breidd einstakra sæta a. m. k. 50 sm.
Ekki mega vera fleiri en 12 stólar í samfelldri röð að gönguleið, og stólaraðir ekki fleiri en 20. Lágmarksbreidd gönguleiðar þvert á raðir sé 130 sm, og einnig meðfram röðum, ef stólar eru festir í gólf, en 200 sm, ef þeir eru spenntir saman. Í stórum húsum ráðast breiddir þessar af því, að gangur skal vera a. m. k. 1 sm fyrir hvern mann, sem um hann skal fara til að komast að útgöngudyrum salar.

12.8. Slökkvibúnaður.

12.8.1. Í samkomuhúsum skulu vera slöngukefli samkvæmt 7.8.
12.8.2. Slökkviliðsstjóri ákveður gerð, fjölda og staðsetningu handslökkvitækja.

12.9. Leiksvið.

12.9.1. Eftirfarandi gildir um leiksvið, sem er stærra en 100 m².
a. Leiksvið skal vera hægt að skilja frá áhorfendasal með ståltjaldi, sem renna má niður á augabragði. Það skal þola láréttan kraft a. m. k. 450 N/m² (45 Kp/m²).
b. leiksvið skal hafa reykræstibúnað á þaki eða uppi við þak. Opnunarflatarmál skal vera a. m. k. 10% af gólffleti. Reykræstilúgunum skal vera hægt að stjórna frá leiksviðsgólfi.
c. leiksvið skal hafa handstýrt vatnsúðunarkerfi í lofti (sprinkler)
d. frá leiksviði skulu vera tvær óháðar rýmingarleiðir. Ef önnur er um áhorfendasal þá skal ganga í hana af leiksviði um brunastúku A60 með hurðum B30. Ekki má nota stúkuna til annars en umferðar. Bil á milli hurða skal ekki vera minna en 2 metrar og ekki meira en 6 metrar.
e. Brunaslöngur á leiksviði skulu fullnægja skilyrðum í 7.8.

13. SKÓLAR OG AÐRAR DAGVISTARSTOFNANIR.

13.1. Almenn ákvæði.

13.1.1. Kennsludeild þar sem nemendur eru færri en 50, skal a. m. k. fullnægja brunatekniskum ákvæðum um íbúðarhús.
13.1.2. Kennsludeild þar sem nemendur eru færri en 150, skal a. m. k. fullnægja brunatekniskum ákvæðum um íbúðarhús, að viðbættum ákvæðum í 13.2. og 13.4. hér á eftir.
13.1.3. Um kennsludeild, þar sem nemendur eru 150 eða fleiri, gilda ákvæði þessa kafla. Kennsludeildir, sem hafa sameiginlega rýmingarleið, reiknast sem ein deild.

13.1.4. Með kennsluhúsnæði er átt við hverskyns húsnæði, sem tengt er kennslunni, eins og t. d. skólastofur, hópherbergi, ganga, geymslur, bókasöfn, leikfimissali, eldhús, borðstofur o. s. frv. Um samkomusali, sem taka 150 manns eða fleiri, gilda ákvæðin í kafla 12.

13.1.5. Kennsludeild merkir í þessu sambandi eina eða fleiri kennslustofur með tilheyrandi göngum, geymslum og öðru rými, sem er beinlínis tengt deildinni.

13.2. Brunahólf, brunasamstæður og brunaþol.

13.2.1. Hver skólastofa um sig skal vera brunahólf. Hún skal vera skilin frá gangi og öðrum herbergjum með B30 hurð. Skólastofa með samliggjandi hópherbergi, geymslu o. s. frv. reiknast þó sem eitt brunahólf, ef samanlagður grunnflötur er ekki stærri en 150 m². Ef brunahólf eru stærri en 150 m², þá gilda sömu ákvæði og um samkomuhús, sbr. kafla 12. Ekki mega vera dyr á milli skólastofu og stigahúss. Skólastofur, sem ekki eru á jarðhæð með útidyrum, skulu hafa eitt björgunarop fyrir hvern tug nemenda og einu betur. Miða skal við þann nemenda fjölda, sem stofan er ætluð fyrir.

13.2.2. Gangar í rýmingarleiðum skulu vera sjálfstæð brunahólf. Þá skal skilja frá geymslum og öðrum herbergjum með B30 hurðum. (Á snyrtiherbergjum mega þá vera venjulegar hurðir). Göngum, sem eru lengri en 50 metrar skal skipta með sjálflokandi F30 hurðum, sem falla þétt í karma.

13.2.3. Stigahús í rýmingarleið skal vera eldtraust A60 a. m. k. Það skal skilið með a. m. k. F30 hurðum frá göngum í kennsludeild og a. m. k. með B30 hurðum frá öðru rými. Hurð á milli kjallara og stigahúss skal þó vera A60. Ef hús er meira en 3 hæðir, þá skal stigi tengdur kjallara um brunastúku samkvæmt 11.2.3.

13.2.4. Kennsludeild skal vera sjálfstæð brunasamstæða. Hún skal skilin frá brunasamstæðu, er inniheldur svefndeild, og stigahúsi í rýmingarleið svefndeildar með A30 hurðum a. m. k. Frá öðrum brunasamstæðum skal hún skilin með A60 hurðum a. m. k. Í göngum má þó nota F60 hurðir.

13.2.5. Brunasamstæða sem inniheldur kennsludeild má ekki vera stærri en 600 m². Í einnar hæðar húsum má hún þó vera 1200 m². Ef brunasamstæða er stærri þá skal ákvæðum um samkomuhús fullnægt sbr. 12. kafla.

13.2.6. Sjálflokandi hurðum má aðeins halda til lengdar í opinni stöðu með segulgripi, sem stjórnað er af reykskynjara.

13.2.7. Í einnar hæðar húsum skulu burðarvirki vera B60 a. m. k.

13.2.8. Léttir útveggir (ekki berandi) skulu vera samkvæmt 10.1.4.

13.3. Vegg- og loftfletir.

13.3.1. Yfirborð útveggja skal ekki vera lakara frá brunateknisku sjónarmiði en á klæðningu í flokki 1.

13.3.2. Veggir og loft í kennsluhúsnæði (sjá 13.1.4.) skulu hafa yfirborð, sem ekki er lakara en á klæðningu í flokki 1. Ef þeir eru klæddir, þá skal klæðning vera í flokki 1 eða betri frá brunateknisku sjónarmiði.

Í einnar hæðar kennsluhúsnæði, sem ekki er stærra að grunnfleti en 100 m², má þó nota klæðningu í flokki 2. Þetta gildir þó ekki um skólastofur, þar sem um sérstaka eldhættu er að ræða, eins og t. d. stofur fyrir efna- og eðlisfræðikennslu, föndur, skólaeldhús o. s. frv. Þar skal klæðning vera a. m. k. í flokki 1.

13.4. Rýmingarleiðir.

13.4.1. Frá kennslustofum, sem ekki eru á jarðhæð og með útidyrum, skulu vera rýmingarleiðir í tvær gagnstæðar áttir að óháðum útgöngum. Hámarks fjarlægð frá dyrum kennslustofu að útgangi má ekki vera meiri en 25 metrar.
Útgangar eru:
a. útidyr
b. dyr á eldtraustu stigahúsi með beinum útgangi undir bert loft
c. dyr á nærliggjandi brunahólfi, sem hefur útidyr á jarðhæð, eða stigahús samkvæmt b.

13.4.2. Brunamálastofnun ríkisins getur ákveðið, að á kennslustofum, þar sem eldhætta getur verið veruleg, eins og t. d. í eðlis- og efnafræðistofum, föndurstofum, skólaeldhúsum, o. s. frv. skuli vera tvennar útgöngudyr, svo langt hvor frá annarri, að engin hætta sé á því, að menn geti lokast inni í stofunni þótt eldur verði laus þar. Hurðir á slíkum stofum skulu opnast í rýmingaráttina.

13.4.3. Samanlögð breidd rýmingarleiða skal vera a. m. k. 1 sm á mann. Skal þá miða við mesta mannfjölda, sem hugsanlega þyrfti að nota leiðina samtímis. Breidd dyra í rýmingarleið skal ákvarða eftir sömu reglu. Þær skulu þó aldrei vera þrengri en 100 sm.

13.5. Útgöngu og neyðarlýsing.

13.5.1. Útgöngu- og neyðarlýsing samkvæmt 7.7. skal vera í skólum, sem ætlaðir eru fyrir fleiri en 150 nemendur.

13.6. Viðvörunarkerfi.

13.6.1. Í skólum, þar sem samanlagður gólfflötur er 800 m² eða stærri, skal vera hægt að gera nemendum og kennurum viðvart um hátalarakerfi eða á annan öruggan hátt, ef eldur verður laus. Í stærri skólum skulu vera sjálfvirk viðvörunarkerfi.

13.7. Slökkvibúnaður.

13.7.1. Í skólum skulu vera slöngukefli samkvæmt 7.8.

13.7.2. Slökkviliðsstjóri ákveður gerð, fjölda og staðsetningu handslökkvitækja.

14. VERSLANIR.

14.1. Almenn ákvæði.

14.1.1. Verslanir með minni gólfflöt en 150 m² skulu a. m. k. fullnægja brunatekniskum ákvæðum, sem gilda um íbúðarhús.

14.1.2. Ef gólfflötur verslunar er minni en 600 m², þá skal hún fullnægja brunatekniskum ákvæðum, sem gilda um íbúðarhús, og þar að auki ákvæðum í 14.2. til og með 14.4.

14.1.3. Verslanir með 600 m² gólfflöt og þar yfir skulu vera samkvæmt ákvæðum í köflum 14.2. — 14.7. hér á eftir.

Tvær eða fleiri verslanir, sem nota sömu rýmingarleið reiknast sem ein í brunateknisku tilliti.

14.1.4. Þegar rætt er um flatarmál verslana, er með talið þjónusturými, eins og t. d. vörugeymslur, skrifstofur, verkstæði, herbergi fyrir starfsfólk o. s. frv.

14.2. Brunahólf, brunasamstæður og brunaþol.

14.2.1. Verslanir skulu vera sjálfstæðar brunasamstæður, skildar frá göngum og stigahúsum með a. m. k. B30 hurðum.

14.2.2. Þjónusturými skal mynda sjálfstæða brunasamstæðu, ef það er stærra en 150 m². Það skal skilið með a. m. k. A30 hurðum frá öðru rými.

14.2.3. Gangar, sem mynda rýmingarleið skulu vera sjálfstæð brunahólf eða brunasamstæður. Þá skal skilja frá öðru rými með hurðum A30 a. m. k.

14.2.4. Stigahús í rýmingarleið skulu vera eldtraust og skilin frá öðru rými með A30 hurðum a. m. k. Hurð á milli geymslukjallara og stigahúss skal þó vera A60 a. m. k. Ef hús er meira en tvær hæðir og kjallari, þá skal tengja stigahús við geymslukjallara með brunastúku sbr. 11.2.3.

14.2.5. Brunasamstæðu (eða brunahólf), sem er stærra en 1000 m², skal verja með sjálfvirku sprinklerkerfi. Í einnar hæðar húsi má þó stærð brunasamstæðu (brunahólfs) vera allt að 2000 m² án sprinklervarnar. Mesta samanlögð stærð sprinklervarinnar brunasamstæðu skal vera 6000 m².

Ekki má vera opið samband á milli fleiri en þriggja hæða í verslunarhúsi að kjallara meðtöldum, og skulu þær allar vera sprinklervarðar, ef samanlagt gólfflatarmál þeirra er stærra en 1000 m². Hægt er að leyfa stærri brunasamstæður en 6000 m², en þá verður að gera auknar varúðarráðstafanir. Þær geta t. d. verið sjálfvirkur reykræstibúnaður, sjálfvirkt viðvörunarkerfi o. s. frv.

14.2.6. Þrátt fyrir ákvæði í 14.2.2. mega sölusvæði og þjónusturými vera í sömu brunasamstæðu, ef hvort tveggja er sprnkelvarið. Þetta gildir þó því aðeins að brunaálag og/eða eldhætta sé ekki mjög mismunandi.

14.2.7. Léttir útveggir (ekki berandi) skulu vera samkvæmt 10.1.4.

14.3. Vegg- og loftfletir.

14.3.1. Yfirborð útveggja skal ekki vera lakara frá brunateknisku sjónarmiði en á klæðningu í flokki 1.

14.3.2. Yfirborð lofta og veggflata í sölurými skal ekki vera lakara frá brunateknisku sjónarmiði en á klæðningu í flokki 1, og ekki skal nota lakara efni til klæðningar.

14.4. Rýmingarleiðir.

14.4.1. Frá hverri brunasamstæðu skulu vera a. m. k. tvær óháðar rýmingarleiðir til öruggs staðar á jörðu niðri. Útgangar úr sölurými skulu vera a. m. k. tveir, staðsettir á eða við gagnstæða veggi.

Frá engum stað í brunasamstæðu má vera lengra en 25 metrar að útgangi. Útgangar eru skilgreindir eins og í 13.4.1.

14.4.2. Samanlögð breidd rýmingarleiða (þar með taldar gönguleiðir í sölurými) skal vera a. m. k. 1 sm fyrir hvern mann, sem brunasamstæðan getur rúmað. Sama gildir um dyr í rýmingarleið. Þær skulu þó aldrei vera þrengri en 1 metri.

14.4.3. Reikna skal með að í sölurými geti samtímis verið 1 maður á hverja 3 m² og 1 maður á m² í veitingastofum.

14.5. Útgöngu og neyðarlýsing.

14.5.1. Í brunasamstæðu (með sölurými), sem er stærri en 1000 m², skal vera útgöngu- og neyðarlýsing samkvæmt 7.7.

14.6. Viðvörunarkerfi.

14.6.1. Í brunasamstæðum (með sölurými) allt að 1000 m² skal vera hægt, á öruggan hátt, að vara alla við, sem í samstæðunni dveljast hverju sinni, ef eldur verður laus. Í brunasamstæðum stærri en 1000 m², skal vera sjálfvirkt viðvörunarkerfi.

14.7. Slökkvibúnaður (annar en sprinkler).

14.7.1. Slöngukefli skulu vera samkvæmt 7.8.
14.7.2. Slökkviliðsstjóri ákveður gerð og staðsetningu handslökkvitækja.

15. EINNAR HÆÐAR IÐNAÐA- OG GEYMSLUHÚS.

15.1. Almenn ákvæði.

15.1.1. Einnar hæðar iðnaðarhús (þar með talin fiskiðnaðarhús) og geymsluhús, þar sem brunaálag er lítið (minna en 400 MJ/m²) og starfsemi fylgir lítil eldhætta, skulu fullnægja ákvæðum þessa kafla.

15.2. Brunahólf, brunasamstæður og brunamótstaða.

15.2.1. Brunamótstaða burðarvirkja í þaki (sperrur, bitar, ásar o. s. frv.) skal örugglega vera meiri en þakklæðningar. Þetta merkir, að burðarvirki skulu halda í a. m. k. jafnlangan tíma og líður, uns 5% þakflatar er brunninn í gegn, þannig að brunaloft komist út. Þessu skal koma til leiðar með reykræstibúnaði, auðbrennanlegum þakhjálmum eða þakplötum, sem dreifast jafnt á þakið og eru samanlagt a. m. k. 5% af gólfflatarmáli.
15.2.2. Brunamótstaða skal vera samkvæmt 7.5.4.
15.2.3. Plata yfir kjallara skal vera steypt, a.m.k. A60, sömuleiðis burðarveggir kjallara. Stigar skulu vera óbrennanlegir. Þá skal afmarka í kjallara með A60 byggingarhlutum og A60 hurð.
15.2.4. Brunasamstæðum, sem eru stærri en 500 m², skal skipta þannig í brunahólf, að rými með mjög mismunandi brunahættu og/eða verðmæti, séu í sérbrunahólfum.
Eldfim efni skal geyma í sérstökum eldtraustum geymslum (A60 amk.), eða í sérstæðum smáhýsum á lóð verksmiðju (verkstæðis). Ekki má hafa meira magn slíkra efna í vinnusal (sölum) en svo, að nægi til eins dags notkunar.
15.2.5. Ef brunasamstæða er stærri en 2000m², þá getur byggingarnefnd eða Brunamálastofnun ríkisins krafist þess, að hún verði varin með sjálfvirku sprinklerkerfi. Sprinklervarðar brunasamstæður mega vera allt að 6000 m².
15.2.6. Frystigeymsla stærri en 150 m³ skal vera hólfuð frá öðrum hlutum húss með A60 veggjum a. m. k.

15.2.7. Veiðarfærageymsla stærri en 150 m^3 skal vera hólfuð frá öðrum hlutum húss með A60 byggingarhlutum a. m. k.

15.2.8. Milligólf eða pallar, sem að hluta gera hús tvær hæðir, skulu vera eldtraust A60 a. m. k. Sömuleiðis stoðir og veggir, sem bera það uppi. Samfelld milligólf mega ekki vera stærri en 150 m^2, og samanlagt mega þau ekki vera stærri en 70% af gólffleti. Í húsum, þar sem brunahólf eru ekki stærri en 1000 m^2 og þar sem eldhætta er lítil, mega milligólf þó vera A30 eða B60. Samfellt milligólf af þeirri gerð má ekki vera stærra en 100 m^2 og samanlögð stærð ekki meiri en 50% af stærð brunahólfs.

15.2.9. Hleðsla á rafdrifnum forklyfturum skal fara fram í sérstöku herbergi, sem sé afmarkað með byggingarhlutum B60 a. m. k. Hurð skal vera B30 a. m. k. Herbergið skal loftræst, þannig að loftskipti séu a. m. k. 6 sinnum á klst., meðan á hleðslu stendur.

15.3. Loft- og veggfletir.

15.3.1. Yfirborð loft- og veggflata skal ekki vera lakara frá brunateknisku sjónarmiði en yfirborð á klæðningu í flokki 1. Eigi skal heldur nota lakari klæðningu. Í húsnæði þar sem eldhætta er lítil getur þó Brunamálastofnun ríkisins leyft klæðningu í flokki 2, ef brunahólf er ekki stærra en 1000 m^2.

15.4. Rýmingarleiðir.

15.4.1. Á hverju brunahólfi skulu vera tveir óháðir útgangar.

15.4.2. Frá engum stað í brunahólfi (þar með talin milligólf) má vera lengra að útgöngudyrum en 25 metrar.

15.5. Smurgryfjur.

15.5.1. Smurgryfjur skulu búnar vélknúnum útsogsbúnaði. Hann skal tryggja loftskipti, sem svara til tífalds rúmmáls gryfjunnar á klst. Minnsta loftmagn skal þó vera 120 m^3/klst. Loftið skal sogað um op, sem dreifast um botn gryfjunnar, þannig að öruggt sé að hún viðrist öll.

15.6. Herbergi fyrir úðamálun („sprautuklefar")

15.6.1. Úðamálun með brennanlegum efnum má aðeins framkvæma í herbergi sem er B60 a. m. k. Hurð að öðru herbergi skal vera a. m. k. B30 og opnast út. Rýmingarleiðir frá herberginu skulu vera greiðfærar og öruggar.

15.6.2. Yfirborð gólfs skal vera þannig frá gengið, að ekki myndist neistar við gólf.

15.6.3. Ekki má vera eldstæði í herbergi, sem ætlað er til úðamálunar. Aðeins má nota gufu, heitt vatn, heitt loft eða viðurkennda rafmagnsofna til upphitunar.
Ekki má nota bakstreymisloft, („returluft") ef um lofthitun er að ræða.

15.6.4. Í herbergi fyrir úðamálun skal vera sjálfstætt loftræsikerfi, algjörlega skilið frá öðrum slíkum kerfum. Útblástursstokkur skal liggja einn sér og enda undir beru lofti. Auðvelt skal vera að hreinsa hann. Fjarlægð hans frá brennanlegu efni skal vera 30 sm a. m. k. Einnig má aðskilja hann frá brennanlegu efni með a. m. k. 12 sm þykkri steinsteypu.

Ef notaður er úðunarkassi, þá skal loftræsa hann á fullnægjandi hátt, þannig að loft í úðunarherberginu spillist ekki af hans völdum. Loftræsistokkur frá úðunarherbergi skal að jafnaði opnast undir bert loft um útvegg á herberginu. Ef hann þarf að liggja um annað herbergi, þá skal hann vera A30 a. m. k.

15.6.5. Loftþjappa í úðunarherbergi skal fá loft beint utanfrá (útiloft). Rafmótor við slíka þjöppu skal vera sprengiþéttur samkvæmt vottorði frá Rafmagnseftirliti ríkisins.

Aðeins má nota rafmagnsljós í úðunarklefum. Lampar skulu vera sprengiþéttir.

15.6.6. Setja skal upp handslökkvitæki, sem viðurkennd eru til að slökkva í eldfimum vökvum, samkvæmt fyrirsögn slökkviliðsstjóra.

15.6.7. Ákvæði þessi gilda jafnt, hvort sem úðamálunarklefi er í einnar hæðar húsi eða hærra.

15.7. Slökkvibúnaður.

15.7.1. Slökkvibúnaður skal vera samkvæmt 7.8.

15.7.2. Slökkviliðsstjóri ákveður gerð og staðsetningu slökkvitækja.

16. STÓRAR BÍLAGEYMSLUR.

16.1. Almenn ákvæði.

16.1.1. Bílageymslur, sem eru stærri en 100 m² að grunnfleti, skal byggja samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

16.2. Brunahólf, brunasamstæður og brunaþol.

16.2.1. Bílageymslur skulu vera sjálfstæðar brunasamstæður. Þær skulu vera skildar frá öðru rými með a. m. k. A60 byggingarhlutum. (Sjá þó undantekningar samkvæmt 16.2.2. — 16.2.5.).

16.2.2. Samband á milli bílageymslu og annarrar brunasamstæðu skal vera um brunastúku. Hún skal vera eldtraust a. m. k. A60 með A60 hurð bílageymslumegin, en a. m. k. B30 hurð að öðru brunahólfi. Brunastúkuna má aðeins nota til umferðar. Bil á milli hurða skal vera minnst 2 m, en mest 6 m.

16.2.3. Leyfa má dyr úr bílageymslu í aðra brunasamstæðu, ef þær eru sjaldan notaðar, og öruggt samkvæmt eðli málsins, að þær séu ávallt læstar þess á milli (t. d. móttaka á vörum, aðgangur að spennistöð o. s. frv., en alls ekki aðgangur að vinnustað). Hurð fyrir slíkum dyrum skal vera A60.

16.2.4. Ef bæði bílageymslan og aðliggjandi brunasamstæða eru sprinklervarðar, má tengja þær með hurð B30 eða F30.

16.2.5. Ganga má í lyftu úr bílageymslu, ef hurð á lyftuhúsi er A60 og a. m. k. B30 á öðrum hæðum. Ef lyftuhurð í bílageymslu er lakari en A60, þá skal ganga í lyftu um eldtrausta forstofu með A60 hurð.

16.2.6. Rýmingarleiðir frá bílageymslu skulu mynda sjálfstæðar brunasamstæður. Þær skulu skildar frá öðru rými með A60 veggjum og A60 hurðum.

16.2.7. Eftirfarandi ákvæði gilda um bifreiðageymslur með gólf undir jarðyfirborði:

a. bílageymslu 600 ² eða stærri, með loft í eða að hluta til yfir jarðhæð (fyrsti kjallari) skal sprinklerverja.

b. bílageymslu allt að 2000 m² með loft í eða að hluta til yfir jarðhæð, þarf ekki að sprinklerverja, ef henni er skipt niður í einingar, sem ekki eru stærri en 100 m². Veggir á milli eininga skulu vera A60 og hurðir F30.
c. bílageymslur með reykræstibúnaði (sbr. 16.6.1.) þarf ekki að sprinklerverja, ef enginn staður í þeim er fjær reykræstiopi en 12 metra (lárétt fjarlægð).
d. bílageymslu með loft undir yfirborði jarðar (2. kjallari) skal sprinklerverja.

16.2.8. Eftirfarandi ákvæði gilda um bílageymslur með gólf í eða yfir jarðhæð:
a. einnar hæðar bílageymslu 2000 m² eða stærri, skal sprinklerverja, nema hún hafi reykræstibúnað samkvæmt 16.6.1. og enginn staður í henni sé fjær reyksræstiopi en 12 metra (lárétt fjarlægð).
b. bílageymslu sem er meira en ein hæð skal sprinklerverja nema hún hafi reykræstibúnað samkvæmt 16.6.1. og enginn staður í henni sé fjær reykræstiopi en 12 metra (lárétt fjarlægð).

16.2.9. Ekki má hafa bensínafgreiðslu í bílageymslu , né heldur nota hana til annars en geymslu á bílum og því, sem þeim fylgir.

16.3. Loft- og veggfletir.

16.3.1. Yfirborð loft- og veggflata í bílageymslum skal ekki vera lakara en yfirborð á klæðningu í flokki 1, né heldur klæðning.

16.4. Rýmingarleiðir.

16.4.1. Úr bílageymslu, sem er 600 m² eða stærri, skulu vera a. m. k. 2 óháðar rýmingarleiðir úr gagnstæðum endum geymslunnar.

16.4.2. Frá engum stað í bílageymslu má vera lengra en 25 metrar að útgangi. Útgangar eru útidyr eða dyr á öðru brunahólfi, sem hefir útidyr. Í sprinklervörðum bílageymslum má fjarlægð að útgangi vera allt að 50 metrar.

16.5. Útgöngu og neyðarlýsing.

Í bílageymslum 600 m² og stærri skal vera útgöngu- og neyðarlýsing samkvæmt 7.7.

16.6. Loftræsing.

16.6.1. Reykræsiop í bílageymslum skulu vera á þaki þeirra eða á veggjum uppi við loft. Opunum má ekki loka. Þeim skal jafndreift, og samanlagt flatarmál þeirra skal vera a. m. k. 5% af gólffleti. Auk þessa skulu vera op við gólf á gagnstæðum veggjum. Samanlagt flatarmál þeirra sé 0,25% af gólffleti.

16.6.2. Bílageymsla án reykræsiopa skal búin vélknúnum loftræsibúnaði. Hann skal sjúga eldfimar og sprengihættar lofttegundir við gólf og einnig kolsýring (CO) og blása þeim undir bert loft. Jafnframt skal hann blása eða soga inn ferskt loft.

Í bílageymslu, þar sem bílar eru geymdir í lengri tíma (a. m. k. nokkra klukkutíma í einu að jafnaði), og sami maður dvelst skemur en 1 klst. á sólarhring, skulu loftskipti vera a. m. k. 3 m^3/m^3/klst. Útsogskerfi fyrir bílageymslur skulu hönnuð af sérfræðingum.

16.6.3. Í bílageymslu allt að 600 m², með gólf yfir jarðhæð, má sleppa vélknúnum loftræsibúnaði, ef loftræsiop eru á gagnstæðum veggjum við gólf. Samanlagt flatarmál skal vera a. m. k. 0,25% af gólffleti.

16.6.4. Ef heilbrigðisnefnd og byggingarnefnd leyfa, þá má nota útblástursloft frá lofthitunarkerfi nærliggjandi brunasamstæðu til að hita upp bílageymslu. Eldvarnarloka F60 skal vera í loftstokk, þar sem hann liggur inn í bílageymsluna. Hún skal loka við 70° og/eða ef reykur kemst í stokkinn, en í honum skal vera reykskynjari, sem lokar spjaldinu og stöðvar blástur, ef reykur kemur að honum.

16.7. Frárennsli.

16.7.1. þar, sem gólf liggur að dyrum að öðru brunahólfi, að stigum, lyftugöngum o. s. frv. skal gera ráðstafanir til að vökvi (bensín) sem óvart kann að hellast niður, renni ekki inn í nærliggjandi brunahólf á sama gólfi eða neðar.

16.7.2. Í sprinklervörðum bílageymslum skulu vera frárennsliskerfi með gólfniðurföllum til að leiða burt slökkvivatn.

16.8. Slökkvibúnaður.

16.8.1. Í bílageymslum, sem eru stærri en 100 m², skal vera slökkvibúnaður samkvæmt 7.8.

16.8.2. Slökkviliðsstjóri ákveður gerð og staðsetningu slökkvitækja.

17. HLÖÐUR, PENINGSHÚS OG VERKFÆRAGEYMSLUR.

17.1.1. Peningahús skulu þannig gerð að auðvelt sé að koma dýrunum út undir bert loft, ef eldur verður laus.

17.1.2. Brunamótstaða burðarvirkja skal vera samkvæmt 7.5.4.

17.1.3. Ef peningshús með fylgirými (t. d. mjólkurklefa) er stærra en 200 m², þá skal það aðskilið frá hlöðu með eldvarnarvegg A120. Hurðir á milli hlöðu og peningshúss skulu þá vera A60.

17.1.4. Loft- og veggfletir skulu ekki vera lakari frá brunateknisku sjónarmiði en harðpressaðar spónaplötur.

17.1.5. Í súgþurrkunarklefa má aðeins vera blásari og það, sem honum fylgir. Loftstokk frá blásara skal vera hægt að loka örugglega, þannig að hægt sé að fyrirbyggja að hlöðueldur fái loft frá stokkum.

17.1.6. Verkfærageymslu skal aðskilja frá hlöðu og peningshúsi með eldvarnarvegg A120. Að öðrum kosti skal bil vera samkvæmt 2.1.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55 frá 8. maí 1969, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hér eiga hlut að máli.

Jafnframt falla úr gildi eldri brunamálasamþykktir og ákvæði, sem brjóta í bág við reglugerð þessa.

Félagsmálaráðuneytið, 8. júní 1978.

Gunnar Thoroddsen

Hallgrímur Dalberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 — 1978

10 ágúst 1978. 487 Nr. 270.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 90.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn um stillanlegan, sjálfvirkan hemil, og miðast þá gjald til hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámarksrennsli, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda frá tengidegi til 1. mars næst á eftir, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. mars ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Gjald fyrir hvern mínútulítra er kr. 23 652.00 á ári. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða aukahemla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) fyrir mæla eða hemla allt að ¾“	kr.	780.00
b) fyrir mæla eða hemla 1“—2“	—	1 750.00
c) fyrir mæla eða hemla 3“ og stærri	—	3 500.00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðarmót ef um hemil er að ræða.

B 63

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma enn einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1 632.00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss: (utanmál) m³	Heimæðargjald			
Allt að 400	249 883.00 kr.			
400— 2 000	249 883.00 kr.	fyrir	400 m³ + 200.00 kr./m³	þar yfir
2 000— 6 000	569 883.00 kr.	fyrir	2 000 m³ + 170.00 kr./m³	þar yfir
6 000—10 000	1 249 883.00 kr.	fyrir	6 000 m³ + 150.00 kr./m³	þar yfir
Meira en 10 000	1 849 883.00 kr.	fyrir	10 000 m³ + 131.00 kr./m³	þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 30 000.00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 3 240.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur er hér með staðfest skv. 28. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 16. ágúst 1978 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 18 23. janúar 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 10. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

10. ágúst 1978. Nr. 271.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

A) Samkvæmt magnhemli kr. 5 000.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

B) Samkvæmt vatnsmæli kr. 250.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þegar um ofnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Jöfnur í 7. gr. gjaldskrárinnar, sem gilda um útreikning á heimæðagjaldi verði þannig:

a liður; $H = 259\,400 + 283 \times V$

b liður; $H = 389\,100 + 425 \times V$

c liður; $$H = \frac{H_n}{259\,400 \times n + 283 \times V_n} \times (259\,400 + 283 \times V)$$

8. gr. gjaldskrárinnar, fyrsta setning, orðist þannig:

Af húsnæði, sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfellur hluti heimæðagjalds, allt að helmingur gjaldsins, þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla, þegar tengingu heimæðar er lokið. Miða skal endanlegt heimæðagjald við gildandi gjaldskrá þegar tenging fer fram.

11. gr. gjaldskrárinnar, fyrsta málsgrein, orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1978, 217 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. ágúst 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eigi að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 10. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Lýsing.

Verð á rafmagni til lýsingar er sem hér segir:

2.1. Kr. 25.88 hver kWst.

2.2. Kr. 109 973.00 hvert árskílówatt í uppsettu afli til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði Rafmagnsveitunnar. Auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifallinn í verðinu en notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

3. gr.

Heimili o. fl.

Verð á rafmagni til almennrar heimilisnotkunar svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum, elliheimilum og hliðstæðum stofnunum, til eldunar á veitingahúsum og gistihúsum og til súgþurrkunar á heyi er sem hér segir:

3.1. Kr. 19.82 hver kWst. Lágmarksgjald er kr. 991.00 á ársfjórðungi.

4. gr.

Vélar.

Verð á rafmagni til vélanotkunar er sem hér segir:

4.1. Kr. 25.88 hver kWst.

4.2. Kr. 5.53 hver kWst. og kr. 17 525.00 hvert árskílówatt samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW.

4.3. Kr. 38.82 hver kWst. til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.

5. gr.

Hitun.

Verð á rafmagni til hitunar er sem hér segir:

5.1. Kr. 7.68 hver kWst. til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi og kr. 10.21 hver kWst. til annarrar hitunar. Heimilt er að krefjast lágmarksgjalds kr. 102 100.00 á ári.

5.2. Kr. 4.44 hver kWst. til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi og kr. 5.91 hver kWst. til annarrar hitunar. Straumur til hitunar skv. þessum lið er rofinn tvisvar sinnum á sólarhring, allt að tveim klukkustundum í hvort skipti.

5.3. Kr. 2.30 hver kWst. til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi og kr. 3.07 til annarrar hitunar. Straumur til hitunar skv. þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 9.00—21.00.

5.4. Kr. 4.09 hver kWst. á tímabilinu kl. 22.00—9.00 og kr. 17.35 hver kWst. á tímabilinu kl. 9.00—22.00 samkvæmt tvígjaldsmælingu.

6. gr.

Mælaleiga o. fl.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 660.00
Orkumælir, þrífasa	— 2 650.00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	— 4 460.00
Aflmælir	— 4 310.00
Aflmælir með straumspennum	— 6 790.00
Tvígjaldsorkumælir	— 4 310.00
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	— 6 790.00
Móttökuliði, einpóla	— 2 980.00
Móttökuliði, þrípóla	— 4 310.00

Leiga skal þó ekki greidd af tækjum, sem notuð eru við rafmagnssölu samkvæmt lið 3.1.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

7. gr.
Heimtaugar.

7.1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

7.2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

Aðalheimtaugar.

7.3. Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A), málraun (kVA)		Stofngjald kr.	Lengdargjald[1] kr./m
63A	1-fasa	134 000.00	Innifalið
63A	3-fasa	144 700.00	—
100A	—	172 000.00	—
200A	—	277 200.00	—
315A	—	577 700.00	—
300kVA	—	807 400.00	Skv. kostnaði
500kVA	—	1 347 600.00	—
800kVA	—	2 155 000.00	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

7.4. Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur		Stofngjald kr.	Lengdargjald[1][2] Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./stólpa
63A	1-fasa	23 800.00	3 500.00	44 800.00
63A	3-fasa	33 400.00	3 500.00	52 100.00
100A	—	35 400.00	4 600.00	59 600.00

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.
Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

A merkir málmstraum stofnvara í amper.
kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sérspennistöð er að ræða.

7.5. Séu aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

7.6. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

7.7. Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

8. gr.
Ýmis ákvæði.

Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

9. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

10. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það að tekjur Rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skulu ætíð liggja fyrir áætlanir um rekstur og fjárfestingar á næsta 5 ára tímabili.

11. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma Rafmagnsveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald 1500 kr.

12. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 2100 kr.

13. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald 2900 kr. fyrir, að settur sé straumur á að nýju.

14. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt 5. grein er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

15. gr.

Sölugjald 20% og verðjöfnunargjald 13%, samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

16. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 455 20. desember 1977 og birtist til eftirbreytni öllum er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 368 27. október 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 9. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

9. ágúst 1978. Nr. 273.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kWh-mæli á 77.15 kr. hverja kWh.
2. Um kWh-mæli á 32.05 kr. hverja kWh, auk fastagjalds, er nemi 9 663.00 kr. á ári fyrir allt að 25 m^2 gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal og 183.00 kr. fyrir hvern m^2 umfram 25 m^2. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða 92.00 kr. á m^2 á ári.

   Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílówattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWh-mæli á 17.50 kr. hverja kWh og auk þess fastagjald 1 799.00 kr. á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhúss, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

1. Um kWh-mæli á 32.05 kr. hverja kWh.
2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kW. Aflgjald skv. kW-mæli á 18 788.00 kr. hvert árskW. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kWh-mæli 6.77 kr. hverja kWh. Minnsta aflgjald er 93 940.00 kr. á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kVA-notkun í stað mestu kW-notkunar.

D. Hitun.

1. Um kWh-mæli á 13.90 kr. hverja kWh.
2. Um kWh-mæli á 17.15 kr. hverja kWh.
3. Um kWh-mæli á 3.95 kr. hverja kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.
4. Um kWh-mæli á 6.55 kr. hverja kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.
5. Um kWh-mæli á 2.06 kr. hverja kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. Um kWh-mæli á 3.41 kr. hverja kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
7. Um kWh-mæli á 7.11 kr. hverja kWh til hitunar á bílageymslum og þeim stöðum, þar sem hitunar er aðallega þörf að vetri til, enda megi rjúfa strauminn í allt að 5 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
8. Um kWh-mæli á 9.45 kr. hverja kWh til notkunar fyrir leirbrennsluofna, enda megi rjúfa strauminn á tímabilunum kl. 10.30 — 12.30 og kl. 17.00 — 20.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafist.
d) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
e) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafist og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta útihita hitaþörfin sé miðuð.

E. Stórnotkun.

1. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200kW.
   Aflgjald: 34 244 00 kr. hvert árs-kW.
   Orkugjald: 3.82 kr. hverja kWh.
   Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðnum A til D á orku, sem er notuð á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur. Um kWh-mæli á 39.36 kr. hverja kWh.
3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu: 110 554 00 kr. hvert árskílówatt, þótt mælitækjum verði ekki við komið, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði skv. tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

1. Af einfasa mælum kr. 99.00 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum til og með 100 A, kr. 236.00 á mánuði.
3. Af þrífasa mælum yfir 100 A, kr. 448.00 á mánuði.
4. Af mestumælum kr. 833.00 á mánuði.
5. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

II. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu: Fari lengd jarðlínuheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðlína Lágmark kr.	Jarðlína Yfirlengd kr./m	Loftlína Lágmark kr.	Loftlína Yfirlengd kr./stólpa
			220 V kerfi	
63 A 1-fasa	61 800	3 450	46 500	45 400
100 A 1-fasa	74 500	4 110	59 200	56 700
63 A 3-fasa	76 900	4 110	59 200	56 700
100 A 3-fasa	97 200	4 670	67 100	70 400
125 A 3-fasa	119 100	5 230	83 900	73 800
200 A 3-fasa	185 800	7 090	132 900	84 300
300 A 3-fasa	268 300	8 610		
			380 V kerfi	
63 A 1-fasa	61 800	3 450	52 800	45 400
63 A 2-fasa	74 500	3 450	53 200	56 700
63 A 3-fasa	104 200	4 110	80 200	56 700
100 A 3-fasa	164 700	4 670	119 100	70 400
125 A 3-fasa	206 100	5 230	144 600	73 800
200 A 3-fasa	322 100	7 090	229 000	84 300
300 A 3-fasa	465 300	8 610		

Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald, er nemi 2 551.00 kr. á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 400, 500 og 630 A. Yfirlengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A samkvæmt töflunni.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 63—200 A í 220 V kerfi og 63—125 A í 380 V kerfi reiknast frá varkassa stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug af ofangreindum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með. — Lengd stærri jarðlínuheimtaugar, en að ofan greinir, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegarlengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Yfirlengdin reiknast sem yfirlengd jarðlínu skv. töflu, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu. Lengd loftlínuheimtaugar, 63—100 A í 220 og 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu stystu greiðfæru leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m, svo að hún nái löglegri hæð, skal greitt umframgjald kr. 28 000.00 fyrir stólpann.

Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta, er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga. Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal

notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera honum viðvart um það fyrirfram.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, eða ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug, vegna breytinga á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi fyrir heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Bessastaðahrepps.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veituna hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun 3 000.00 kr.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt 3 000.00 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar. Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum til samræmingar við nágrannasveiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa allt að 48% af þeirri hækkun.

Fyrir full 5%, sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupgjaldsvísitölu eftir 1. nóvember 1977, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar og 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, samtals 33%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema á töxtum D1, D3, D5 og D7.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 16. ágúst 1978, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 366 27. október 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 9. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 78.91 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 30.86 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 343.75 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 114 á ári af hverjum fermeter.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 19.73 hverja kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 44.51 hverja kWst. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 21 665.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 44.51 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst.-mæli á kr. 6.55 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 21 665.00. Notað afl telst vera meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 6.55 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 20 500.00 hvert kW. í málraun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 21 665.00 á kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 6.55 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósa kr. 343.75 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 114.00 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 188.00 á hvern fermetra á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 8.70 hverja kWst. án rofs.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 5.00 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæla:

a) á kr. 5.00 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 4 197.00 hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 2.50 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahitunar.

a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

c) Að notandi kostaði teikningu og uppsetningu á álagstýriofnum sem rafveitan leggur til og greiði þeim samkv. gjaldskrá.
d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðar séu niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 23.50 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 40.00.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 7.15 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 5.73 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 17.93 hver kWst. frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 23.20 hverja kWst.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 120.00 pr. mán.
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 143.50 pr. mán.
3.	Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 358.70 pr. mán.
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 538.00 pr. mán.
5.	Af álagsstýringarliðum	— 538.00 pr. mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarks-afl kVa	Heimtaug-argjald kr.
1.	3 × 60	22	99 040.00
2.	3 × 100	38	143 780.00
3.	3 × 200	75 sp.	283 100.00
4.	3 × 350	132 sp.	471 525.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínu heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 20 540.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 25 900.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörð, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 2 800.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt 2 800.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Innifalin í gjaldskrá eru 33% vegna söluskatts og verðjöfnunargjalds.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. ágúst 1978. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 470 29. desember 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 10. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 226 26. maí 1977.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald, kr. 469.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b) Vatnsgjald kr. 3 765.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun bera að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 550.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 16. ágúst 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 10. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 276. 10. ágúst 1978.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 78.91 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 30.86 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 343.75 á hvern fermetra gólffletar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 114 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 19.73 hverja kWst. auk mælaleigu.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 44.51 hverja kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 21 665.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 44.51 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst.-mæli á kr. 6.55 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 21 665.00. Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung á kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 6.55 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 20 500.00 á hvert kW. í málraun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 21 665.00 á kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 6.55 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 343.75 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 114.00 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 188.00 á hvern fermetra á ári.

D. Hitun.

Söluskattsfrítt frá 1. desember 1973.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 8.70 hverja kWst.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 5.00 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæla:

a) á kr. 5.00 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 4 197.00 hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 2.50 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahitunar.

a) Að vélaafl, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b) Að notandi kosti tenginguna og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim samkv. gjaldskrá.

c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.

e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.

f) Að lagðar séu niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 23.50 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 40.00 hverja kWst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 7.15 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 5.73 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 17.93 hver kWst. frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 23.50 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 120.00 pr. mán.
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 143.50 pr. mán.
3.	Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 358.70 pr. mán.
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 538.00 pr. mán.
5.	Af álagsstýringarliðum	— 538.00 pr. mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara	Hámarks-afl kVa	Heimtaug-argjald kr.
1.	3 × 60	22	99 040.00
2.	3 × 100	38	143 780.00
3.	3 × 200	75 sp.	283 100.00
4.	3 × 350	132 sp.	471 525.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínu heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 20 540.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 25 900.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörð, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnanr svo og allan kostnað af spennistöðinni.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 2 800.00 á hvern mæli.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt 2 800.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR, GJALDSKRÁRBREYTINGAR O. FL.

Innifalinn í gjaldskránni eru söluskattur og verðjöfnunargjald, nema af raforku til húshitunar.

Bæjarstjórn Grindavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari um allt að 20%, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikningana um allt að 50% af hækkuninni.

Hækkanir skv. ofanrituðu eru háðar samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. ágúst 1978. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 427 29. desember 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 10. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA.

A. GJALDSKRÁRLIÐIR.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	109.32 á kWst.
1.2.	Fast gjald	—	F1+F2
	Orkugjald	—	58.93 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

2.1.	Fast gjald	kr.	F1+F3
	Orkugjald	—	28.44 á kWst.
	Markmæling:		
2.3.	Aflgjald, lágmarksstilling 2—4 kW	—	37 400.00 á kW á ári
	Aflgjald, umfram 4 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	20 255.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	4.36 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	28.44 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

3.1.	Fast gjald	kr.	F1+F2
	Lágmarksgjald	—	5×F1 á ári
	Orkugjald	—	58.93 á kWst
3.2.	Aflgjald, lágmark 3 kW	—	109 910.00 á ári
	Aflgjald, umfram 3 kW	—	29 645.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1+F3
	Orkugjald	—	10.94 á kWst.
3.4.	Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. okt.		
	Aflgjald	kr.	11 047.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	4.78 á kWst.

4. Húshitun, íbúðarhúsnæði.

4.1.	Fast gjald	kr.	F1+F4
	Orkugjald	—	15.91 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.2.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
	Orkugjald	—	6.78 á kWst.
	Roftími allt að 2×1,5 klst. á dag.		
	Markmæling:		
4.3.	Fast gjald	—	F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	39 535.00
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	7 907.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	4.61 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	28.44 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		

4.4.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
	Orkugjald	—	3.56 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

5. Utanhússlýsing.

5.1.	Fast gjald	kr.	F1
	Fyrir hvert götuljósker	—	½×F1 á ári
	Orkugjald	—	13.67 á kWst.
5.2.	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	28.98 á kWst.

6. Húshitun fyrir annað en íbúðarhúsnæði.

6.1.	Fast gjald	kr.	F1+F4
	Orkugjald	—	17.53 á kWst.
	Roftími allt að ein klst. á dag.		
6.2.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
	Orkugjald	—	7.50 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
	Markmæling:		
6.3.	Fast gjald	—	F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	44 125.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	8 825.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	5.04 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	28.44 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
6.4.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
	Orkugjald	—	3.98 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

7. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila eru samtals kr. 5 200 fyrir hvert skipti.

B. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Föst gjöld.

F 1		kr.	10 260.00 á ári
F 2	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o.þ.h.	—	382.00 á m^2 á ári
	b) Gangar, geymslur o.þ.h.	—	191.00 á m^2 á ári
F 3		—	4 040.00 á ári

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 ferm. eða minna reiknast hálft, en 25 ferm. eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla gistihús, sjúkrahús o.þ.h. 20 ferm., mælt innan útveggja.

c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm., ein gjaldeining.

d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o.þ.h. 30 ferm. fyrir vinnslurúm, 40 ferm. fyrir geymslurúm.

F 4 Hvert uppsett kW ..... kr. 1 760.00 á ári

2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín meðalálag.
2. Gjaldskrárliður 3.2.

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
   Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.
   Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð miðað við söluverð díselolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 45.05 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárlið 4.1. og 6.1. — 1.7 aura á lið 4.2. og 6.2. — 1.5 aura á lið 4.3. og 6.3. — 0.9 aura á lið 4.4. og 6.4. Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlið 2.3. lækka eða hækka um 1.0 eyri hver kWst. við sömu verðbreytingu á olíu.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á díselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið 2.3. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

II. HEILDSALA.

Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá eru miðuð við afhendingu raforkunnar með 6—11 kV spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Gjaldskráin gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Einnig er heimilt að selja öðrum raforkukaupendum samkvæmt þessari gjaldskrá enda sé þá greitt fyrir minnst 800 kW afl og fyrir 6—11 kV aðfærsluveitu frá aðalkerfi Rafmagnsveitna ríkisins, miðað við fjarlægð, aflnotkun og samningsbundna tímalengd notkunar.

Rafmagnsveitunum er heimilt að afhenda orkuna á hærri spennu en gjaldskrá þessi miðast við, enda sé um það gerður sérstakur samningur á milli Rafmagnsveitnanna og þess kaupanda, sem í hlut á.

Rafmagnsgjald.

Aflgjald	kr. 12 653.00 á árskW
+ Orkugjald:	
Fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW	400.8 aurar á kWst
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	231.8 aurar á kWst
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	115.9 aurar á kWst

Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálag á afhendingarstað.

Ársnýting.

Ársnýtingartími í klst. er raforkunotkun eins almanaksárs í kWst deilt með þeim álagstoppi í kW, sem greiða skal fyrir.

Ákvörðun aflsgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða minnst 80% af umsömdu afli.

Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundarverð skv. 2. grein umræddS mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætla orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánsvextir greiðast á fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58/1967.

Önnur ákvæði.

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Hvorki verðjöfnunargjald né söluskattur eru innifalin í verðinu.

III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugagjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis.

Teikning af húsnæðinu fylgir heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.

2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 HEIMTAUG

Varstærð	Stofngjald	Gjald af yfirlengd[1])	
		Jarðstrengur	Loftlína
Amp.	kr.	kr./m.	kr./stólpa
63 einfasa	150 600	3 030	51 200
63 þriggjafasa	163 010	3 030	58 200
100 þriggjafasa	192 500	3 500	
200 þriggjafasa	313 600	4 500	
315 þriggjafasa	617 900	5 450	
300 kVa spst.	989 700	Samkv. kostn.	
500 kVa spst.	1 583 600	—	
800 kVa spst.	2 515 100	—	

2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.

2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

---

1) Yfirlengdargjald reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð og loftlínuheimtaug sem er lengri en 50 m, nema annars sé getið.

Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni. eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður að hverju sinni.

3.2 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínustaur í kerfi Rafmagnsveitnanna skal greiða minnst kr. 17 250 miðað við 63 Amp. stofnvar en að öðru leyti fer um gjald samkv. lið 3.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna, hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. ágúst 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 377, 28. okt. 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 10. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

10. ágúst 1978. Nr. 278.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur og Rafveita Gerðahrepps selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1.1. Um kWst.-mæli á kr. 78.91 hver kWst.

1.2. Um kWst.-mæli á kr. 30.86 hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 343.75 á ári af hverri einingu gólffletar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Um kWst.-mæli á kr. 19.73 hver kWst.

C. Vélanotkun.

3.1. Um kWst.-mæli á kr. 43.80 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 7 862.50 á hvert uppsett kW vélanna.
3.2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 17.93 hver kWst.
3.3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
   a. Um kWst.-mæli á kr. 12.64 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
   b. Um tvígjaldsmæli á kr. 74.94 hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 14.00 hver kWst. utan þess tíma.
3.4. Um mæli á kr. 16 176.50 fyrir hvert kW. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 8.54 á notaða kWst.
3.5. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:

Um mæli á kr. 10 607.90 fyrir hvert uppsett kW. vélanna og auk þess kr. 8.54 á notaða kWst. Ef fasviksstuðull er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

4.1. Um kWst.-mæli á kr. 8.70 hver kWst., án rofs.
4.2. Um kWst.-mæli á kr. 4.80 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
4.3. Um kWst.-mæli á kr. 2.40 hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

5.1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á kr. 23.50 hver kWst., enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.
5.2. Til nota fyrir vinnuljósalagnir meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 40.00 hver kWst.

5.3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 5.73 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 17.93 hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
5.4. Til gatnalýsingar á kr. 17.93 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 120.00 pr. mán.
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 143.50 pr. mán.
3.	Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 358.70 pr. mán.
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 538.00 pr. mán.
5.	Af álagsstýringarliðum	— 538.00 pr. mán.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 2 540.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduropnun kr. 1 943.00.

HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun		Heimtaugargj. kr.	Yfirlengdargjald Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./m
63A	1-fasa	130 832.00	3 154.00	41 547.00
63A	3-fasa	141 209.00	3 776.00	51 860.00
100A	—	167 862.00	4 275.00	64 562.00
200A	—	270 562.00	Samkv. kostnaði	
315A	—	563 870.00	—	
300kVA	—	787 992.00	—	
500kVA	—	1 315 417.00	—	
800kVA	—	2 103 395.00	—	

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur		Stofngjald	Lengdargjald[1)2)] Jarðstrengur	Loftlína
63A	1-fasa	23 200.00	Sama og aðalheimtaugar	
63A	3-fasa	32 570.00	Sama og aðalheimtaugar	
100A	3-fasa	34 540.00	Sama og aðalheimtaugar	

A merkir málstraum stofnvara í amper.
kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 375 28. október 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 10. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 279. 10. ágúst 1978.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og með því móti, sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 78.91 hver kWst.

2. Um kWst-mæli á kr. 30.86 hver kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 343.75 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verslun, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 114.00 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst-mæli á kr. 19.73 hver kWst.

3. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 43.80 hver kWst. hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 7 862.50 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 34.59 hver kWst.
3. Um mæli á kr. 20 500.00 fyrir hvert kW. mest notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mín. meðalálag og auk þess kr. 6.55 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 343 75 hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h. en kr. 114.00 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 188.00 annars staðar.

5. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 5.00 hver kWst. enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag í tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWst.-mæli á kr. 2.50 hver kWst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kWst.-mæli á kr. 8.70 hver kWst. án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar.

a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis er hita skal þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 23.50 hverja kWst. enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, kWst.-mælir á kr. 40.00 hver kWst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 5.73 hver kWst. á tímanum frá klukkan 22 til 8.30 og kr. 17.93 hver kWst. á tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 23.50 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárliði, skal setja eftir gjaldskrárlið 1—1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasa mælum upp að 30 amper	kr. 120.00
Af þrífasa mælum upp að 50 amper	— 143.50

Af þrífasa mælum 50—220 amper	— 358.70
Af þrífasa mælum yfir 220 amper	— 538.00
Af liða fyrir álagsstýringu	— 538.00

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins, leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greeitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 800.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 2 800.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2 nema þyngri refsing liggi við.

9. Heimtaugagjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi tölum.

1.	63 A 3-fasa	kr.	116 140.00
2.	63 A 3-fasa	—	125 352.00
3.	200 A 3-fasa	—	240 180.00
4.	300 A Kva 3-fasa	—	699 500.00

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu samkv. ósk heimtaugarbeiðanda skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá, yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

Yj = (312 + KVA) kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metra þannig: Yl = (62 + KVA) kr./m að viðbættum kr. 41 547.00 á hvá hvern staur í umframlengd. Sé bráðabirgðaheimtaug lögð í vinnuskúr eða hús í byggingu, er greitt fyrir hana eins og hér segir:

Málmstraumur	Stofngjald kr.	Jarðstrengur kr./m.	Loftlína kr./staur
63 A 1-fasa	20 954.00	2 800.00	36 882.00
63 A 3-fasa	28 912.00	3 766.00	46 036 00
100 A 3-fasa	30 663.00	4 275.00	64 562.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar og 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, samtals 33%, eru talin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, nema á töxtum 5—1, 5—2, og 5—3.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 15. ágúst 1978. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 373 28. október 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 10. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

10. ágúst 1978. Nr. 280.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps.

RAFORKA

Rafveita Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 78.91 hver kWst.
2. Um kWst-mæli á kr. 30.86 hver kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 343.75 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verslun, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 114.00 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst-mæli á kr. 19.73 hver kWst.

3. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 43.80 hver kWst. hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 7 862.50 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 34.59 hver kWst.
3. Um mæli á kr. 20 500.00 fyrir hvert kW. mest notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mín. meðalálag og auk þess kr. 6.55 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 343.75 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h. en kr. 114.00 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 188.00 annars staðar.

5. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 5.00 hver kWst. enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag í tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1½ klst í senn.
2. Um kWst.-mæli á kr. 2.50 hver kWst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kWst.-mæli á kr. 8.70 hver kWst. án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar.

a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis er hita skal þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 23.50 hverja kWst. enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, kWst.-mælir á kr. 40.00 hver kWst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 5.73 hver kWst. á tímanum frá klukkan 22 til 8.30 og kr. 17.93 hver kWst. á tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 23.50 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárliði, skal setja eftir gjaldskrárlið 1—1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasa mælum upp að 30 amper	kr. 120.00
Af þrífasa mælum upp að 50 amper	— 143.50
Af þrífasa mælum 50—220 amper	— 358.70
Af þrífasa mælum yfir 220 amper	— 538.00
Af liða fyrir álagsstýringu	— 538.00

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins, leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 800.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 2 800.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2 nema þyngri refsing liggi við.

9. Heimtaugagjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi tölum.

1.	63 A	3-fasa	.....	kr. 116 140.00
2.	63 A	3-fasa	.....	— 125 352.00
3.	200 A	3-fasa	.....	— 240 180.00
4.	300 A Kva	3-fasa	.....	— 699 500.00

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu samkv. ósk heimtaugarbeiðanda skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá, yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

Yj = (312 + KVA) kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metra þannig: Yl = (62 + KVA) kr./m að viðbættum kr. 41 547.00 á hvern staur í umframlengd. Sé bráðabirgðaheimtaug lögð í vinnuskúr eða hús í byggingu, er greitt fyrir hana eins og hér segir:

Málmstraumur	Stofngjald kr.	Jarðstrengur kr./m.	Loftlína kr./staur
63 A 1-fasa	20 954.00	2 800.00	36 882.00
63 A 3-fasa	28 912.00	3 766.00	46 036.00
100 A 3-fasa	30 663.00	4 275.00	64 562.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar og 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, samtals 33%, eru talin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, nema á töxtum 5—1, 5—2, og 5—3.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 16. ágúst 1978. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 372 28. október 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 10. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 281. 11. ágúst 1978.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

I. Raforka.

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Taxti A—1.	Orka til almennrar lýsingar ..... Mælaleiga samkv. kafla II	kr.	44.70 á kWst.
A—2.	Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kW.)	—	58 828.00 árs kW
Taxti B—1.	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimilia, hótela og hliðstæðra stofnana	—	20.70 á kWst.
	Lágmarksgjald ..... Leiga af mælum ekki tekin.	—	300.00 á mán.
Taxti C—1.	Orka til véla og mannvirkjagerða ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	—	44.70 á kWst.
C—2.	Orka samkv. 15 mínútna meðalaflsmælingu aflgjald (lágmark 20 kW.) ..... Mælaleiga samkv. kafla II. Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málraun véla.	— —	6.90 á kWst. 28 430.00 árs kW.
Taxti D—1.	Hitun: Orka til húshitunar, roftími 2×1.5 klst á dag án söluskatts ..... Mælaleiga samkvæmt kafla II.	—	5.07 á kWst.
D—2.	Önnur hitanotkun, roftími 2×1.5 klst. á dag Mælaleiga samkv. kafla II.	—	6.08 á kWst.
D—3.	Orka til næturhitunar, eða hliðstæðra nota, Roftími allt að 13 klst. á sólarhring ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	—	5.20 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:

Minnsta ársnotkun sé 6 000 kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim skv. reglum, sem gilda um mæla.

c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og ákvörðun sú er skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minna ..... kr. 106.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minna ..... — 179.00 á mán.
3. Af þrífasa mælum 50—100 amp. ..... — 250.00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 15 m. skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Jarðstrengur Yfirlengd kr./m.
63 A 1-fasa	107 500.00	3 455.00
63 A 3-fasa	127 565.00	3 455.00
100 A 3-fasa	165 980.00	4 710.00
125 A 3-fasa	207 775.00	5 265.00
200 A 3-fasa	324 710.00	7 145.00
300 A 3-fasa	469 065.00	12 925.00

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðist skv. kostnaði.

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist skv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m. frá varkassa.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafveitunni að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt

að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 450.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 1 450.00 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

Söluskattur 20% auk 13% verðjöfnunargjalds, til Rafmagnsveitna ríkisins samtals 33%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema taxta 41.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1928 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi frá 16. ágúst 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 369 26. október 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 11. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 282. 11. ágúst 1978.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr 70.47 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 21.72 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 11 091.00 á ári fyrir 25 m² gólfflöt, eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 329.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW, sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Um tvo kWst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar kr. 70.47 hver kWst. til ljósa og kr. 18.94 hver kWst. til suðu og hitunar.

B—2 Kr. 15.76 hver kWst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 127.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar íbúðar. Við útreikning á gólffleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 39.08 hver kWst. til iðnaðar.
C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 13 612.00 hvert kW, og kr. 6.99 hver kWst.
C—3 Kr. 23.41 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.
C—4 Sértaxti Gefjunar, kr. 3.01/2.72 hver kWst. og kr. 24 937.00 hvert kW.

D. Hitun.

D—1 Kr. 4.88 hver kWst. til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
D—2 Kr. 3.37 hver kWst. til upphitunar (næturhitun), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.
D—3 Sértaxti til upphitunar kr. 4.24 hver kWst. utan mesta álagstíma á vetrum. Rofið í um það bil 6 mánuði. Bundið því skilyrði að annar upphitunarmöguleiki sé fyrir hendi.

E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 10.67 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.
E—2 Kr. 13.88 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
E—3 Kr. 6.76 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 7.34 hver kWst. til iðnaðar.

Önnur skilyrði til raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi kosti tengingu stjórntækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 amp. kr.	30—50 amp. kr.	50—100 amp. kr.	100—500 amp. kr.	Yfir 500 amp. kr.
1-fasa kWst.-mælar	1 210.00	1 488.00	1 621.00		
3-fasa kWst.-mælar	2 420.00	3 146.00	4 050.00	6 740.00	14 829.00
Tvígj.- og mestastr.-mælar ..		4 050.00	6 740.00	10 857.00	21 765.00
Stýrikerfisliðar		5 009.00			

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar.
2. Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun		Stofngjald Jarðstr. kr.	Stofngjald Loftlína kr.	Lengdargjald Jarðstr. kr./m.	Lengdargjald Loftlína kr./stólpi	Umframgjald Loftlína kr./stólpi
25 A	1-fasa	27 225	13 600		Innif.	24 400
25 A	3-fasa	40 500	20 200			34 000
63 A	1-fasa	98 000	20 200	Innif.		34 000
63 A	3-fasa	107 000	22 900			38 000
110 A	3-fasa	133 600	27 000			47 400
200 A	3-fasa	76 000		5 585		
315 A	3-fasa	231 000		7 625		
300 kVA	3-fasa	616 000		Skv. kostn.		
500 kVA	3-fasa	981 000				
800 kVA	3-fasa	1 591 000				

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa í húsveitu.
7. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðamarka í jarðstrengs-heimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðamarka í loftlínuheimtaug.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 2 000.00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun ólevfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 2 000.00 og sett viðeigandi vör.
3. Söluskattur 17%, 2% viðlagasjóðsgjald og 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar, eru innifalin í upphæðum gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.
4. Verðjöfnunargjald 13% samkvæmt lögum um verðjöfnunargjald af raforku, er innifalið í gjöldum þeim, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. ágúst 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 377 27. október 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 11. ágúst 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

10. ágúst 1978. Nr. 283.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Lýsing.

11.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	kr.	75.00 á kWst.
12.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	22.50
	Fastagjald af gólffleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja:		
	Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	380.00 á m² á ári
	Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	142.00 á m² á ári
13.	Til götulýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	kr.	22.50 á kWst.
14.	Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II:		
	Orkugjald	—	37.50 á kWst.

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21.	Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	kr.	17.00 á kWst.
	Fastagjald af hverju herbergi	—	1.530.00 á ári

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálft, en 25 m² eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

22. Til matargerðar í gisti- og veitingastöðum og öðrum slíkum stöðum, enn fremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 17.00 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 37.50 á kWst.

Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12, en þriðjungi lægra.

32. Um afl og orkumæla:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 5.85 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kW ..... — 58 746.00 á ári
Aflgjald umfram 2 kW ..... — 19 582.00 á kW á ári

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.

Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12 og lágmarksaflgjald af 20 kW.

33. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 5.85 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kW ..... — 50 706.00 á ári
Aflgjald af uppsettum kW í málraun véla ..... — 15 562.00 á kw á ári

Ef fasviksstöðull hjá notenda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum hjá notendum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

41. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst á dag. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 10.50 á kWst.

42. Til húshitunar, roftími 2×1½ klst. á dag.
Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 4.90 á kWst.

43. Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til.
Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 2.94 á kWst.

44. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. að degi til.
Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 5.12 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. notkun á hvert kW. uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennur þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða mælaleigu sem hér segir:

1. Af einfasa kWst.-mælum 40 A og minni ..... kr. 1 218.00 á ári
2. Af þrífasa kWst.-mælum 50 A og minni ..... — 2 700.00 á ári
3. Af þrífasa kWst.-mælum yfir 50 og til 100 A ..... — 3 064.00 á ári

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ Málraun	Heimtaugargjald kr.	Yfirlengdargjald Jarðstrengur kr./m.	Loftlína kr./stólpa
63 A 1-fasa	95 900.00	3 140.00	32 890.00
63 A 3-fasa	103 750.00	3 140.00	40 720.00
100 A 3-fasa	123 400.00	3 350.00	52 100.00
200 A 3-fasa	196 650.00	4 760.00	
315 A 3-fasa	414 550.00	6 640.00	
300 kVA 3-fasa	580 400.00	Samkv. kostn.	
500 kVA 3-fasa	961 650.00	— —	
800 kVA 3-fasa	1 539 300.00	— —	

Yfirlengdargjald miðast við, jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum eða næsta útitengiskáp að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins.

Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Í nýjum byggingarhverfum er rafveitunni heimilt að jafna yfirlengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í þágu hans, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt sem hér segir:

63 A 1-fasa kr. 20 100.00 63 A 3-fasa kr. 28 600.00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu:

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt kostnaði.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 10 730.00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra helmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 560.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald kr. 1 560.00 til rafveitunnar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 16. ágúst 1978.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss, nr. 471 29. desember 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 10. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Stjórnartíðindi B 24, nr. 270—283. Útgáfudagur 16. ágúst 1978.

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 — 1978

11. ágúst 1978. 527 Nr. 284.

AUGLÝSING

um niðurfellingu eða endurgreiðslu tolls og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar.

I. KAFLI

Um niðurfellingu tolls og/eða sölugjalds af vara- og vélahlutum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður eftir því sem við á, toll og/eða sölugjald af vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.:

úr 14.05.00 náttúrlegir könglar
39.07.76
40.09.01
40.09.09
40.10.00
40.14.04
40.14.05
42.04.00
44.26.00
45.04.03
48.08.00
48.20.00
48.21.51
59.16.00
59.17.00
68.04.00
úr 68.06.00 slípibelti, tilsniðin
68.13.01
69.09.00
70.20.39
70.21.09
73.29.03
73.32.00
73.35.09
73.40.56
74.15.00
74.16.00
76.16.04
úr 82.02.00 sagarblöð fyrir vélsagir
úr 82.05.00 í vélar
82.06.00
82.07.00
83.08.00
84.62.00
84.63.03
84.63.04
84.63.05
84.63.06
84.63.07
84.63.09
84.64.00
84.65.09
úr 85.01.60 til véla í nr. 85.01.51
85.02.00
85.12.69
85.18.00
85.19.11
85.19.13
85.19.16
85.19.40
85.21.31
85.21.32
85.21.40
85.21.50
85.26.10
85.26.20
85.26.30
85.28.00
úr 91.06.00 til véla
96.02.02

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. gr.

Niðurfelling gjalda samkvæmt 1. gr. tekur einungis til fullbúinna varahluta til véla og tækja sem notaðar eru til framleiðslu á iðnaðarvörum í samkeppnisiðnaði. Tollmeðferð þessi er jafnframt bundin þeim skilyrðum að innflutningur sé allur á nafni viðkomandi iðnfyrirtækis og fyrirsvarsmaður þess lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu að varan sé eingöngu flutt inn til eigin nota til aðvinnslu á hráefnum og efnivörum við framleiðslu á nánar tiltekinni iðnaðarvöru í samkeppnisiðnaði.

Undanþága frá greiðslu gjalda samkvæmt auglýsingu þessari verður eigi veitt nema framleiðsla sé þegar hafin og viðkomandi hafi jafnframt tilkynnt skattyfirvöldum starfsemi sína skv. 11. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt og sýni ef óskað er skírteini frá skattyfirvaldi þess efnis, að viðkomandi hafi með höndum starfsemi sem framleiðandi iðnaðarvara og heimild til að kaupa vörur án söluskatts.

Við frágang aðflutningsskýrslu skulu niðurfelld gjöld eigi reiknuð en að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl. svo og reglum og öðrum fyrirmælum settum þar að lútandi.

II. KAFLI

Um niðurfellingu eða endurgreiðslu tolls og/eða sölugjalds af vélum, tækjum og vélahlutum.

3. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður eftir því sem við á toll og/eða sölugjald af vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

84.01.10		
84.01.20		
84.02.10		
84.02.20		
84.03.00		
84.05.10		
84.05.20		
84.10.32		
84.10.41		
úr 84.10.61	til dæla í nr. 84.10.32 og 84.10.41	
84.11.11		
84.11.12		
84.11.21		
84.13.01		
84.14.00		
84.15.49		
84.16 00		
84.17.29		
84.18.13		
84.18.19		
84.18.22		
84.18.24		
84.18.29		
úr 84.18.39	til véla í nr. 84.18.22 og 84.18.29	
84.18.32		
84.19.29		
84.19.39		
84.21.00		
84.22.13		
úr 84.22.71	til véla í nr. 84.22.13	
84.30.11		
84.30.12		
84.30.14		
84.30.20		
84.31.10		
84.31.20		
84.31.30		
84.32.10		
84.32.20		
84.33.10		
84.33.20		
84.34.10		
84.34.20		
84.34 30		
84.35.10		
84.35.20		
84.35.30		
84.35.40		
84 35.50		
84.36.10		
84 36.20		
84.36.30		

84.37.10	
84.37.20	
84.37.30	
84.38.10	
84.38.20	
84.38.30	
84.39.00	
84.40.40	
84.40.62	
84.40.63	
84.40.64	
úr 84.40.72	til véla í nr. 84.40.40
84.40.79	
84.41.12	
84.41.20	
84.42.00	
84.43.10	
84.43.20	
84.44.10	
84.44.20	
84.45.10	
84.45.15	
84.45.20	
84.45.25	
84.45.30	
84.45.35	
84.45.40	
84.45.45	
84.45.50	
84.45.55	
84.45.60	
84.45.65	
84.45.70	
84.45.75	
84.46.00	
84.47.01	
84.47.09	
84.48.10	
84.48.20	
84.48.30	
84.49.10	
84.49.20	
84.50.00	
84.56.32	
úr 84.56.50	til véla í nr. 84.56.32
84.57.00	
84.59.10	
84.59.30	
84.59.40	
84.59.60	
84.59.70	
84.59.81	
84.59.84	
84.59.99	
84.60.00	
84.61.01	
84.61.02	
84.61.11	
84.61.15	
85.01.51	
85.01.76	
85.11.10	
85.11.20	
90.07.12	
90.07.32	
úr 90.09.01	til prentiðnaðar
úr 90.10.10	til prentiðnaðar
úr 90.10.20	til véla til prentiðnaðar í nr. 90.10.10
90.10.33	

Niðurfelling gjalda samkvæmt þessari grein getur einungis farið fram að uppfylltum skilyrðum 2. gr. auglýsingar þessarar.

4. gr.

Nú er vara skv. 3. gr. flutt inn til endursölu eða um er að ræða slíka vöru framleidda hér á landi og skulu þá gjöld innheimt við sölu en endurgreidd eftir á, enda sæki endanlegur kaupandi vörunnar um endurgreiðslu til viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs (sýslumanns eða bæjarfógeta en í Reykjavík til tollstjóra), að uppfylltum skilyrðum 2. gr.

Umsókn um endurgreiðslu sölugjalds skal borin fram í þríriti á sérstöku eyðublaði sem fjármálaráðuneytið lætur gera í þessu skyni. Skal umsókn fylgja frumrit og eitt afrit af reikningi yfir hina keyptu vöru er beri greinilega með sér að sölugjald hafi verið greitt. Umsókn skal m. a. tilgreina eftirfarandi:

a. Tollskrárnúmer hverrar vöru og vörulýsingu.
b. Kaupverð hverrar vöru um sig og upphæð greidds sölugjalds.
c. Fjárhæð umbeðinnar endurgreiðslu af hverri vöru fyrir sig.

d. Heildarfjárhæð endurgreiðslubeiðni.
e. Yfirlýsing umsækjenda um að varan sé ætluð til eigin nota við framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði, sbr. 2. gr.

Við endurgreiðslu sölugjalds skal viðkomandi innheimtumaður halda eftir frumriti umsóknar ásamt afriti reiknings en afhenda viðkomandi umsækjanda annað afrit umsóknar ásamt frumriti reiknings með áritun um endurgreiðslu. Eitt afrit umsóknar skal hann senda skattstofu í því umdæmi þar sem umsækjandi hefur aðsetur.

5. gr.

Nú fer saman beiðni um endurgreiðslu tolls og sölugjalds og skal þá sótt um endurgreiðslu tolls á sérstöku eyðublaði um endurgreiðslu aðflutningsgjalda. Skal umsókn fylgja samrit aðflutningsskýrslu (bleikt eintak) með tollafgreiðslustimpli viðkomandi tollyfirvalda svo og afrit vörureiknings. Umsókn skal m. a. tilgreina eftirfarandi:

a. Tollskrárnúmer hverrar vöru og vörulýsingu.
b. Tollverð (cif-verð) hverrar vöru um sig og upphæð greidds tolls.
c. Fjárhæð umbeðinnar endurgreiðslu af hverri vöru fyrir sig.
d. Heildarfjárhæð endurgreiðslubeiðni.

6. gr.

Umsókn um endurgreiðslu samkvæmt 4. og 5. gr. skal hafa borist viðkomandi innheimtumanni innan 6 mánaða frá sölu til þess aðila er sækir um endurgreiðslu og nema minnst 50 000 kr. til þess að vera endurgreiðsluhæf. Heimilt er að leggja saman reikninga til þess að lágmarksfjárhæð náist.

Endurgreiðsla kemur því aðeins til greina að allar upplýsingar séu skilmerkilega færðar og umsókn undirrituð af umsækjanda.

Tollstjórar í hverju umdæmi munu veita umsækjendum upplýsingar um tollskrárnúmer vara ef þess er óskað.

III. KAFLI

Um lækkun eða niðurfellingu tolls af efni.

7. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að lækka eða fella niður toll af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði. Iðnfyrirtæki er framleiða slíka vöru geta sótt um tollívilnun í skriflegu erindi til fjármálaráðuneytisins, þar sem gerð skal grein fyrir viðkomandi framleiðslu, aðföngum þeim sem óskað er eftir að njóti tollívilnana og þýðingu þeirra fyrir framleiðsluna. Til frekari skýringar skulu fylgja erindinu tæknilegar upplýsingar um vöruna, teikningar, myndir og/eða sérstök lýsing.

Ráðuneytið mun þó eigi lækka eða fella niður toll af neðangreindu efni:

a. Innfluttu efni til framleiðslu á sams konar fullbúinni iðnaðarvöru framleiddri erlendis, sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna samninga við EFTA og EBE, ef efnivaran ber jafnhá eða lægri gjöld en hin fullbúna samkeppnisvara.
b. Furu til annarra nota en framleiðslu á einingahúsum.
c. Efni, sem við aðvinnslu skiptir ekki um tollskrárnúmer samkvæmt tollskrárlögum, þ. e. óveruleg eða einföld aðvinnsla er eigi talin fullnægjandi svo sem sigtun, flokkun, umbúðaskipti, átöppun, ásetning merkimiða og blöndun.

8. gr.

Beiðni um niðurfellingu tolls af einstökum efnissendingum, þegar við tollafgreiðslu, skal fylgja auk þeirra gagna sem nefnd eru í 1. mgr. 7. gr. aðflutningsskýrsla ásamt öllum skjölum sem afhenda ber vegna tollmeðferðar vöru, sbr. 18. og 19. gr. tollskrárlaga. Vörureikningur þarf þó eigi að vera bankastimplaður. Að öðru leyti skal fullnægt skilyrðum 2. gr. auglýsingar þessarar.

Ráðuneytið getur veitt fyrirtækjum heimild til að fá tiltekna efnivöru tollafgreidda án greiðslu tolls án þess að til ákvörðunar ráðuneytisins komi hverju sinni. Óski fyrirtæki slíkrar heimildar skal þess getið sérstaklega í erindi þess. Teljast gögn þau sem nefnd eru í 1. mgr. 7. gr. fullnægjandi í slíkum tilvikum.

Ráðuneytið getur bundið almenna heimild samkvæmt 2. mgr. skilyrðum sem við kunna að eiga hverju sinni

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Samkeppnisiðnaður í auglýsingu þessari tekur einungis til iðngreina sem framleiða vörur er tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt ákvæðum samnings um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), sbr. 1. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum. Skipasmíðar skulu teljast til samkeppnisiðnaðar í þessu sambandi.

10. gr.

Aðili sem fær endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar skal tilgreina endurgreidd gjöld sérstaklega, annað hvort í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum, en þar skal greina undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð svo og fjárhæð hennar.

11. gr.

Reglum þessum getur fjármálaráðuneytið breytt án fyrirvara.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

12. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., svo og XVI. lið 6. gr. laga nr. 86 31. desember 1977 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi felldar auglýsingar nr. 433 31. desember 1976 og nr. 204 10. maí 1977.

Fjármálaráðuneytið, 11. ágúst 1978.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Höfðahrepps, Höfðakaupstað.

1. gr.

Hreppsnefnd Höfðahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til hafnarinnar í Höfðakaupstað.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast öll framkvæmdastörf er vatnsveituna varða, svo og viðhald hennar og umsjón alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu vatnsveitunnar er henta þykir.

3. gr.

Hver sá er vill komast í samband við vatnsveitu hreppsins, skal senda hreppsnefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hversu mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

4. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsleiðslur liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella lætur umsjónarmaður gera það á hans kostnað.

Heimilt er hreppsnefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu, eða greiða ekki vatnsskatt eða tengigjald á réttum gjalddögum. Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma er vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

5. gr.

Hver sá sem veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Engum er heimilt án leyfis hreppsnefndar eða brunaliðsstjóra að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

6. gr.

Skylt er sérhverjum að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óþægindi og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef eigi næst samkomulag.

7. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi hreppsnefndar. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum í hús sín, og annast viðhald þeirra.

Skylt er húseigendum að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveituna, án leyfis vatnsveitunefndar.

8. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu sem metin eru til fasteignamats og tengd eru vatnsveitu hreppsins skal greiða árlega vatnsskatt:

a. 0.15% af fasteignamati húsa og lóða eins og það er á hverjum tíma. Lágmarksgjald hverrar sjálfsstæðrar íbúðar skal þó aldrei vera lægra en kr. 8 000.
b. Af húsum sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnota svo sem hraðfrystihúsum, fiskverkunarstöðvum, verksmiðjum, iðnaðarfyrirtækjum o. s. frv. skal greiða 0.5% af fasteignamati húsa og lóða ef vatn er ekki selt eftir mæli.
c. Vatnsveitan getur þar sem ástæða þykir til selt vatnsnot samkvæmt mæli fyrir kr. 5 hverja smálest. Árleg leiga af vatnsmælum skal vera kr. 10 000.
d. Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölur skal greiða kr. 20 000 á ári fyrir vatnsnotin.
e. Auk venjulegs vatnsskatts skal greiða fyrir sérstaka vatnsnotkun sem hér segir: Við síldarsöltun skal greiða kr. 80 á uppsaltaða tunnu. Sama gjald er fyrir tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 80 fyrir hvert landað tonn. Fyrir hverja smálest af vatni til skipa greiðist kr. 100 en minnsta gjald skal vera kr. 500 fyrir fiskiskip en kr. 1 000 fyrir önnur skip.
f. Af beitingaskúrum, gripahúsum og fleiri slíkum húsum skal lægsta gjald vera kr. 4 000.
g. Greiðsla fyrir önnur vatnsnot en hér eru talin fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.
j. Tengigjald skal vera kr. 15 000.

9. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtur og greiðslur.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. mars ár hvert og greiðist hann í einu lagi.

10. gr.

Framtalin gjöld samkvæmt 8. grein eru miðuð við byggingarvísitölu 159 stig 1. október 1977 og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna eins og hún er 1. okt. ár hvert. Þó má hækkun ekki nema meiru en 50% án samþykkis ráðuneytisins.

11. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000 — hundrað þúsund — nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi Reglugerð fyrir Vatnsveitu Höfðahrepps, Höfðakaupstað, nr. 9 11. janúar 1961.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júní 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmálefna Selfoss.

I. KAFLI

1. gr.

Bæjarstjórn Selfoss er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum samkv. lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Bæjarstjórn Selfoss er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli er hann varðar til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar. Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum svo og málefni sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
   1) Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, ennfremur skal sýna, hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
   2) Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjármálastjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheitar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun.
      Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins og/eða bæjarstofnana, eða með annarri ákvörðun bæjarstjórnarinnar eða bæjarráðs í umboði hennar.
   3) Bæjarstjórn hefur umsjón með því, að eigur bæjarins séu tryggilega varðveittar.
   4) Bæjarstjórn kveður á um lántökur fyrir kaupstaðinn, þó er bæjarstjóra heimilt að taka stutt rekstrarlán án sérstakrar samþykktar bæjarstjórnar.
   5) Bæjarstjórn kveður á um ábyrgðir bæjarsjóðs. Heimilt er þó bæjarráði að taka fullnaðarákvörðun um ábyrgð bæjarsjóðs, sé ekki um meiri háttar fjárhæð að ræða og ábyrgð bæjarsjóðs er nægilega tryggð með öruggri baktryggingu.
   6) Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga kaupstaðarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

B. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um verklegar framkvæmdir á fjárhagsárinu í megindráttum. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.

C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Ennfremur kýs bæjarstjórn fulltrúa kaupstaðarins á fundi samtaka sveitarfélaga, sem kaupstaðurinn er aðili að, svo og fulltrúa er kaupstaðnum kann að vera skylt að tilnefna samkvæmt lögum.
   Hún skipar einnig fasta starfsmenn bæjarins og semur um laun beirra.

D. Bæjarstjórn setur reglur og reglugerðir um stjórn og meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrá bæjar og bæjarfyrirtækja eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI
Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseti úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs. Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo sem flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Aldursforseti gegnir forsetastörfum uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr, eða varaforseti eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar er sker þá úr.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs sér tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar sem sér um færslu gerðabókar og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því að rétt sé fært til bókar.

Í forföllum fundarritara annast skrifarar bæjarstjórnar færslu gerðabókar í samráði við forseta.

Í gerðabók skal geta þess, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók og skulu viðstaddir fulltrúar undirrita hana.

Hver sá fulltrúi, sem eigi er sammála hinum á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Reglulega fundi heldur bæjarstjórn annan miðvikudag hvers mánaðar kl. 16.00 ef mál eru fyrir hendi. Fundum bæjarstjórnar skal ljúka eigi síðar en kl. 22.00. Þó er heimilt að halda fundi áfram ef ⅔ bæjarfulltrúa samþykkja.

Bæjarstjórn getur þó ákveðið að fella niður fundi í júlí- og ágústmánuði, enda veiti hún þá bæjarráði jafnframt heimild til fullnaðarafgreiðslu erinda frá bygginganefnd, annarra en skipulagsmála.

Aukafundi skal halda samkvæmt ákvörðun bæjarstjóra eða forseta eða ef minnst þrír bæjarfulltrúar æskja þess skriflega, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni. Bæjarstjóri ákveður stað og stund til aukafundarhalds og boðar til hans með svo löngum fyrirvara, sem unnt er.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda í samráði við forseta.

Á dagskrá skal taka:

1) Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem kunna að þurfa staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2) Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar skv. 2. gr. samþykktar þessarar sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra eða bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa að málið sé á dagskrá tekið.
3) Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á að fjalla um að lögum.

Sá sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð eigi síðar en kl. 12.00 næsta mánudag fyrir fund. Heimilt er þó bæjarstjóra að verða við ósk um að mál sé tekið á dagskrá þótt síðar berist, enda hafi ósk um það borist áður en dagskrá er send bæjarfulltrúum.

Nú óskar þegn bæjarfélagsins, sem er utan bæjarstjórnar, að erindi frá honum sé tekið á dagskrá bæjarstjórnar og skal þá bæjarstjóri vísa því til bæjarráðs eða þeirrar nefndar, sem það vegna efnis frekast heyrir undir og skal það tekið á dagskrá bæjarstjórnar, sem liður í fundargerð bæjarráðs eða nefndarinna, nema erindið sé afgreitt með fullnaðarákvörðun bæjarráðs eða hlutaðeigandi nefndar.

Bæjarstjóri skal senda öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar eigi síðar en kl. 20.00 næsta mánudag fyrir fund. Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir sem fyrir fundi liggja, tillögur sem fram hafa komið og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðin verður aukafundur, samkvæmt 7. gr., skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er forseta að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði verði afbrigði veitt með samþykki ⅔ viðstaddra bæjarfulltrúa.

9. gr.

Auglýsa skal fundi bæjarstjórnar um leið og dagskrá er borin út til bæjarfulltrúa á sama hátt og venja er að birta opinberar tilkynningar frá bæjarskrifstofunni.

Fundina skal auglýsa með dagskrá, nema um sé að ræða fundi fyrir luktum dyrum sbr. 10. gr.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði þegar þeir eru auglýstir.

Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögur, viðaukatillögur eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og bæjarstjórn á úrskurðarvald um.

Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, en veita skal forseti fundarmönnum ráðrúm til að semja tillögu á fundi, ef þörf krefur. Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa frá með rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefnda eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu, nema fjárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra. Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer fram þannig, að bæjarfulltrúi réttir upp hönd. Nafnakall skal við hafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri eða bæjarfulltrúi óskar.

Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta inn í skrána í réttri stafrófsröð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni er forseti metur gild.

Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa hvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann, svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal tala úr ræðustól, nema forseti leyfi annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, ef ⅔ bæjarfulltrúa samþykkja, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundi, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd um fundarsköp.

Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra um málefni, sem ekki er á dagskrá skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða, þó er forseta heimilt að leyfa, að fyrirspurn sé borin fram á fundi, enda samþykki bæjarstjóri afbrigðin.

16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann taka fram hvaða lið eða liði fundargerðar hann óskar að ræða og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum sé hætt.

Þá getur forseti hvenær sem er lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur um dagskrármál en tvo tíma meðan nokkur bæjarfulltrúa er á mælendaskrá.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Tveir fulltrúar hið fæsta geta einnig borið fram slíkar tillögur og skulu þær líka afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann og nefna þau ummæli, sem hann vítir.

Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur slíta fundi.

19. gr.

Fundagerðir bæjarstjórnarfunda skal vélrita og senda bæjarfulltrúum og fyrstu varamönnum að fundi loknum, eða með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar sem haldinn er.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

20. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar og sitja þá til enda, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum t. d. forsetastörf, setu í nefndum o. s. frv.

Sá sem verið hefur forseti bæjarstjórnar eða setið í nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Bæjarfulltrúum er skylt að koma prúðmannlega fram á bæjarstjórnarfundum og gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem bæjarfulltrúar. Þá er þeim og skylt að gæta hagsmuna og velferðar bæjarins út á við, sem inn á við eftir sinni bestu getu og vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála.

21. gr.
Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

22. gr.
Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn.

23. gr.
Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir, vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann er kjörinn til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn. Hafi hann engan tilnefnt fer um varamenn samkvæmt 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.
Bæjarfulltrúar skulu hafa auglýstan viðtalstíma á bæjarskrifstofunni fyrir bæjarbúa tvær klst. í senn, eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.
Skulu tveir bæjarfulltrúar mæta í hverjum viðtalstíma og skulu þeir ekki vera af sama lista.
Bæjarstjóri skipuleggur viðtalstímana og auglýsir þá.

25. gr.
Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI
Bæjarráð.

26. gr.
Á bæjarstjórnarfundi í júní skulu kosnir 3 bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara.
Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði, en ekki hefur hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn í ráðið.
Bæjarráð kýs sér formann og varaformann og má kjósa bæjarstjóra þótt hann sé ekki kjörinn í ráðið.
Bæjarráð getur leyft að flokkur, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki í bæjarráði megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétti.
Bæjarráð skal halda fundi að jafnaði vikulega. Heimilt er þó að fella niður annan hvern fund í júlí og ágústmánuði. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða bæjarráðsmaður óskar þess skriflega.
Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda og sér um að fundarboð sé tilkynnt bæjarráðsmönnum eigi síðar en á hádegi tveim dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé tilgreint á dagskrá, en skylt er þó að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, ef þess verður óskað.
Formaður sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum og úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum.
Bæjarritari er ritari bæjarráðs, en í forföllum hans tilnefnir formaður bæjarráðs ritara í hans stað.
Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau hljóta.
Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því sem þau geta átt við.

27. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Selfoss, að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur samkvæmt heimild 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum, enda sé eigi ágreiningur í bæjarráði né við bæjarstjóra um slíkar ákvarðanir.

Bæjarráð getur þó tekið lokaafgreiðslu í þeim málum, sem bæjarstjórn hefur vísað til þess til fullnaðarafgreiðslu.

28. gr.

Bæjarráð hefur umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúning fjárhagsáætlana og gerir tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins. Ennfremur hefur það eftirlit með allri starfsemi kaupstaðarins, sem ekki er falin öðrum samkvæmt lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar með þeim takmörkunum sem 47. gr. laga nr. 58/1961 setur. Í þeim tilvikum, að sérstökum nefndum bæjarstjórnar er falið að hafa með höndum tiltekna málaflokka, skal bæjarráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.

29. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað.

V. KAFLI

Um bæjarstjóra.

30. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar og getur þá ráðherra ákveðið að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

31. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn og bæjarráð gerir og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekið mál. Skylt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtalstíma og sé hann auglýstur í skrifstofu bæjarins.

32. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og fastanefnda og hefur hann þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar. Ekki hefur hann þó atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar, nema hann sé bæjarfulltrúi og ekki á fundum bæjarráðs og nefnda, nema hann sé lögskipaður eða kjörinn nefndarmaður.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda.

33. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda félagsmálaráðuneytinu skýrslu og leggur það úrskurð á málið.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktun bæjarráðs sbr. 2. mgr. 27. gr.

34. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögboðin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar eða fullnaðarákvörðun bæjarráðs, má ekki greiða nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð hans eða bæjarráðs til slíks.

35. gr.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans, nema bæjarstjórn feli öðrum. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu, en þá samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um þau málefni.

Hann hefur með höndum umsjón með skrifstofum bæjarins og daglega stjórn á fjármálum bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra, þar á meðal innheimtu tekna bæjarins.

VI. KAFLI
Endurskoðendur.

36. gr.

Bæjarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa.

Um framkvæmd endurskoðunarstarfa fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. maí ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

37. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans, sbr. 36. gr. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og gæta þess að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt.

Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

VII. KAFLI
Um kosningar, skipan og starfssvið nefnda.

38. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekið málefni, eftir því sem lög mæla fyrir:

A. Til eins árs á fundi í júní ár hvert:
1. Forseta bæjarstjórnar.
2. 1. varaforseta bæjarstjórnar.
3. 2. varaforseta bæjarstjórnar.
4. 2 skrifara bæjarstjórnar og 2 til vara.
5. 2 endurskoðendur bæjarreikninga og 2 til vara.
6. 3 bæjarfulltrúa í bæjarráð og 3 til vara.
7. Fjóra menn í bygginga- og skipulagsnefnd, þar af tvo innan bæjarstjórnar og fjóra varamenn á sama hátt. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar, samkv. lögum. Bæjarritari er varamaður bæjarstjóra í nefndinni. Á fundum nefndarinnar eiga sæti, auk nefndarmanna með málfrelsi og tillögurétti, byggingarfulltrúi, bæjartæknifræðingur og slökkviliðsstjóri.
8. Þrjá menn í samninganefnd um kjaramál og þrjá til vara.

B. Til eins árs á fundi í desember ár hvert:
1. Fimm menn í hátíðanefnd 17. júní og jafnmarga til vara. Heimilt er að fela félagasamtökum framkvæmd hátíðahaldanna, og skal sú ákvörðun tekin á desemberfundi.
2. Þrjá menn í kjörstjórn og jafnmarga til vara.

C. Til fjögurra ára á fyrsta fundi eftir bæjarstjórnarkosningar:
1. Fimm menn í orku- og veitunefnd. Þar af minnst einn innan bæjarstjórnar og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt. Nefndin annast málefni rafveitu, hitaveitu og vatnsveitu. Bæjarstjóri, bæjartæknifræðingur og rafveitustjóri eiga auk þess sæti á fundum nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétti. Bæjarstjóri er formaður nefndarinnar.
2. Þrjá menn í heilbrigðisnefnd, þar af einn innan bæjarstjórnar sem jafnframt er formaður nefndarinnar og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt.
   Héraðslæknir og héraðsdýralæknir eiga jafnframt sæti í nefndinni, samkvæmt lögum um málfrelsi og tillögurétt.
3. Fimm menn í skólanefnd grunnskóla og framhaldsskóla, þar af minnst einn innan bæjarstjórnar og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt.
   Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann samkvæmt lögum.
4. Þrjá menn í skólanefnd Iðnskólans á Selfossi og þrjá til vara. Skulu tveir vera iðnlærðir hið minnsta. Að auki tilnefna nemendur einn fulltrúa og varamann til tveggja ára í senn.
   Ráðherra skipar fimmta manninn í skólanefndina, samkvæmt lögum og skal hann vera formaður nefndarinnar.

3—4. Formaður og varaformaður skólanefndar og formaður skólanefndar Iðnskóla, skulu ásamt skólastjórum skólanna mynda samstarfsnefnd undir formennsku formanns skólanefndar. Skal nefndin vinna að samræmingu fræðslumála í bænum og á héraðsgrundvelli í samráði við héraðsbúa og menntamálaráðuneytið.
   Bæjarstjóri skal sitja fundi nefndarinnar sé þess sérstaklega óskað af nefndarmönnum eða honum sjálfum.

5. Fimm menn í atvinnumálanefnd þar af minnst einn innan bæjarstjórnar og jafnmarga til vara kosna á sama hátt. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.
6. Tvo menn í sáttanefnd og jafnmarga til vara.
7. Þrjá menn í umhverfisnefnd og jafnmarga til vara.
   Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.
8. Þrjá menn í framtalsnefnd og jafnmarga til vara.
   Bæjarstjóri er sjálfkjörinn í nefndina.
9. Fjóra fulltrúa á þing Samtaka sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi og jafnmarga til vara.
10. Einn fulltrúa á aðalfund Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
11. Tvo forðagæslumenn og einn til vara.
12. Þrjá menn í stjórn íbúðalánasjóðs og jafnmarga til vara.
13. Þrjá menn í stjórn verkamannabústaða og jafnmarga til vara.
14. Tvo menn í stjórn Brunavarna Árnessýslu og tvo til vara.
15. Fjóra fulltrúa í Íþróttaráð, þar af einn bæjarfulltrúa, sem jafnframt skal vera formaður ráðsins og jafnmarga til vara.
    Formaður Umf. Selfoss er sjálfkjörinn í ráðið og skal varaformaður Umf. Selfoss vera varamaður hans.
16. Fimm menn í félagsmálaráð, þar af einn bæjarfulltrúi og skal hann vera formaður ráðsins og jafnmarga til vara.
17. Þrjá menn í tómstundaráð, þar af einn bæjarfulltrúa, sem jafnframt skal vera formaður ráðsins.
    Tveir skulu tilnefndir að auki af starfandi félögum á Selfossi á árlegum fundi félagsmálastjóra með félögum að undanskildum stjórnmálafélögum.
    Jafnmarga varamenn skal kjósa með sama hætti.
18. Fimm menn og fimm til vara í stjórn félagsmálastofnunar Selfoss. Þar af skulu formenn félagsmálaráðs, tómstundaráðs og íþróttaráðs eiga sæti í stjórninni.
19. Einn fulltrúa og einn til vara á fulltrúafund Afréttamálafélags Flóa og Skeiða.

D. Aðrar nefndir vegna sérstakra samþykkta bæjarstjórnar.

Formenn skulu sjá um að nefndir séu boðaðar til fundar. Ef tveir nefndarmenn hið fæsta óska eftir að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga setu í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann og skal hann þá boða nefndina til fundar svo fljótt sem auðið er. Einnig getur bæjarstjóri boðað, að fundir skuli haldnir í nefndum, ef honum þykir ástæða til að ræða ýmis bæjarmál.

Bæjarstjórn kýs formenn nefnda, sem starfa á vegum bæjarins, nema öðruvísi sé fyrir mælt.

39. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Kjörtímabil nefnda og umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem hefur fengið til úrlausnar ákveðið afmarkað verkefni, þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst er verkefnið er til lykta leitt eða bæjarstjórn leggi nefndina niður.

40. gr.

Allar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

41. gr.

Nefndarmenn eiga rétt á þóknun fyrir störf sín samkvæmt reglum sem bæjarstjórn setur, nema annað sé tekið fram í lögum eða reglugerðum.

Þó skal eigi launa úr bæjarsjóði þá nefndarmenn sem tilnefndir eru af öðrum aðilum.

VIII. KAFLI

Starfsmenn kaupstaðarins.

42. gr.

Bæjarráð skipar fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó bæjarráði að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarráð getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í stöður hjá bænum, svo sem sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður. Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarstjórnar gilda ákvæði laga um réttindi og skildur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við getur átt nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlíða breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

43. gr.

Bæjarstjórn ákveður með sérstökum samþykktum, hver störf skuli talin föst hjá kaupstaðnum og fyrirtækjum hans, auk þeirra starfa, sem skv. lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

44. gr.

Uppsagnarfrestur fastra starfsmanna skal vera þrír mánuðir.

IX. KAFLI

45. gr.

Til þess að gera breytingu á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Selfoss hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júlí 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Suðurfjarðahreppi í Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem getur í 5. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans og orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila eru 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júlí 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um holræsi í Varmahlíð í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Þegar Seyluhreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús eða í námunda við, skylt að byggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytja allt skólp frá því út í aðalræsið.

Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða út í ræsið.

Vanræki einhver húseigandi að láta gera holræsi, skal hreppsnefnd heimilt, með hæfilegum fyrirvara, að vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins.

3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt skal hann skýra oddvita eða umsjónarmanninum frá því og fá samþykki þar til.

Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns í öllu því, er að tilhögun lagningu ræsanna lýtur, enda hafi umsjónarmaður ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, olíur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

5. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppssjóði.

Til þess að standa straum af þeim kostnaði svo og viðhaldi aðalholræsakerfisins skal hver húseigandi greiða hreppssjóði tengigjald, er hann tengir hús sitt við holræsakerfið.

Greiða skal í tengigjald kr. 250.00 pr. m^3 íbúðarhúsa og kr. 125.00 pr. m^3 annarra húsa, hvorttveggja miðað við byggingarvísitölu 192. Gjald þetta breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu.

Tengigjald skal greitt eða um það samið, áður en tenging við aðalræsið er leyfð.

Þá skal og hver húseigandi, sem tengt hefur hús sitt holræsakerfinu greiða árlega 0.3% af fasteignamati húss og lóðar þó aldrei minna en kr. 3 000.00 af húsi eða húshluta, sem talið er sér í fasteignamati, enda sé skolplögn frá viðkomandi húsi eða húshluta. Undanþága frá greiðslu fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalda. Sé hús, sem greiða ber holræsagjald fyrir, ekki virt fasteignamatsvirðingu ákveður hreppsnefnd gjaldið.

Gjöld samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

6. gr.

Holræsagjald greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart hreppnum.

Kröfur þær, sem hreppsnefnd kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveðrétti fyrir hvers konar samnings- og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 15. jan. ár hvert.

Gjaldið greiðist oddvita hreppsins eða þeim, sem hreppsnefnd felur innheimtu þess.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum, sekt þessi rennur í sveitarsjóð. Mál út af broti gegn reglugerð þessari skal fara með sem almennt lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Seyluhrepps í Skagafjarðarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júlí 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

11. júlí 1978. Nr. 289.

REGLUGERÐ

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

Greiðslur sjúkrasamlaga á lyfjakostnaði eru því aðeins heimilar samkvæmt eftirfarandi, að fyrir liggi lyfseðill læknis (tannlæknis), sem afgreiddur hefur verið í lyfjabúð eða af öðrum aðilum (læknum), sem rétt eiga eða leyfi hafa til lyfjasölu samkvæmt lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963.

2. gr.

1. Sjúkrasamlög skulu greiða að fullu lyf, sem sjúklingum er nauðsynlegt að nota að staðaldri við eftirgreindum sjúkdómum, enda séu lyfin auðkennd með „100" í gildandi lyfjaverðskrám:
   a. Astma (aðeins innúðalyf)
   b. Berklaveiki.
   c. Briskirtilsbólga, langvarandi
   d. Flogaveiki
   e. Gláka
   f. Hjartasjúkdómar (hjartaöng, hjartsláttartruflanir)
   g. Hýperkalcaemía
   h. Hýperkólesterólaemía, hýperlípópróteinaemía
   i. Hýpóglýkaemía
   j. Krabbamein
   k. Skjaldkyrtilssjúkdómar
   l. Sykursýki
   m. Vöðvaslenufár (Myasthenía gravis)
   n. Þvaghlaup (Diabetes inspidus)

2. Með samþykki trúnaðarlæknis samlags fyrir tiltekinn sjúkling um tiltekinn tíma, skal greiða að fullu lyf við eftirgreindum sjúkdómum, enda séu lyfin auðkennd með „B“ í lyfjaverðskrám.
   a. Eirsýki (mb. Addisonii)
   b. Geðveiki (neuroleptika og antidepressiva)
   c. Mergruni (anæmia perniciosa og alvarlegur fólínsýruskortur) (anæmia macrocytia Folinoparva)
   d. Hjartaöng og hjartsláttartruflanir (beta adrenergir blokkarar)
   e. Parkinssonssjúkdómur
   f. Psoriasis og exem

   Við afgreiðslu slíkra lyfja skal framvísa lyfjaskírteini, sem viðkomandi sjúkrasamlag gefur út. Slíkt skírteini skal bera með sér hvaða lyf greiðast að fullu, sé þeim ávísað á nafngreindan sjúkling.

3. Með samþykki trúnaðarlæknis samlags fyrir tiltekinn sjúkling, skal greiða að fullu lyf við eftirgreindum sjúkdómi:
   a. Meðfædd efnaskiptatruflun (fibrosis cystica (mucoviscidosis))

   Við afgreiðslu slíkra lyfja skal framvísa lyfjaskírteini, sem viðkomandi sjúkrasamlag gefur út. Slíkt skírteini skal bera með sér hvaða lyf greiðast að fullu, sé þeim ávísað á nafngreindan sjúkling.

3. gr.

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I greiðir samlagsmaður fyrstu 325 krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 650 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar á fullt verð.

   Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

4. gr.

Eftirfarandi lyf falla ekki undir skilgreiningu 2. og 3. gr., enda séu þau auðkennd með „O“ í lyfjaverðskrám:

   a. Vítamín, að undanteknum stungulyfjum, B_1-vítamíni (sbr. e-lið 2. tl. 2. gr.). níkótínamíði og pýridoxini.
   b. Lystarhemjandi lyf og örvandi lyf (psykostimulantia)
   c. Getnaðarvarnarlyf
   d. Lyf, sem ekki eru greind í gildandi lyfjaverðskrám, nema auglýst hafi verið sérstaklega að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra sbr. 5. gr.

5. gr.

Heimilt er að greiða niður óskráð sérlyf, sem flutt eru inn samkvæmt undanþágu sbr. 3. mgr. 54. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og fer um slíka greiðslu eftir þeim meginreglum, sem settar eru með reglugerð þessari.

Ráðuneytið gefur út skrá um slík undanþágulyf.

6. gr.

Lyfjanefnd gerir tillögur um greiðslutilhögun sérlyfja í samræmi við þær meginreglur, sem settar eru með reglugerð þessari.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatrygg'ngar nr. 67/1971 sbr. lög um breytingu á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 107/1974 með áorðnum breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. júlí 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

31. júlí 1978. Nr. 290.

REGLUGERÐ

um sauðfjárbaðanir.

1. gr.

Öllum þeim sem hafa sauðfé eða geitfé undir höndum er skylt að láta fara fram böðun á því eins og lög og reglur segja fyrir um.

Fjáreigendum er skylt að hafa allt fé sitt tiltækt til böðunar annað hvort í húsi eða í rétt, þegar baðstjóri segir fyrir um. Þeir skulu einnig hafa tiltæka baðþró, sundþró, þ. e. svo stóra og djúpa þró, að auðvelt sé að kaffæra kindina í baðinu án þess að hún nái fótfestu. Þróin skal þann veg útbúin að kindur geti sjálfar gengið upp úr henni á rúmgóðan sigpall.

Þess skal gætt að öll aðstaða sé haganleg svo fé verði fyrir sem minnstu hnjaski og aðstaða til verksins góð.

Eigandi og umráðamaður sauðfjár eða geitfjár skal hafa tiltækt nægilegt magn af vatni og baðlyfi því sem yfirvöld ákveða og nægan mannafla svo verkið geti gengið vel og greiðlega.

Baðstjóri skal hafa eftirlit með því að baðlyf sé blandað vatni eins og reglur mæla fyrir um.

Böðun skal fara fram innanhúss og þess gætt að fé sæti ekki hrottalegri meðferð.

Nú telur baðstjóri að aðstaða eða mannafli sé ófullnægjandi og skal fjáreigandi þá bæta úr án tafar, ella hlutast baðstjóri til um að úr verði bætt á kostnað eiganda fjárins svo böðun verði framkvæmd á viðhlýtandi hátt.

2. gr.

Böðun sauðfjár skal fara fram annað hvert ár á tímanum 1. nóvember til 15. mars, eins og nánar greinir í lögum um sauðfjárbaðanir. Þó skal ekki hefja böðun fyrr en að lokinni haustslátrun í héraðinu og eigi fyrr en fé er almennt komið á hús.

Vanti sauðfé, þegar böðun fer fram á bænum eða ef fresta verður böðun á einhverju af fénu af óviðráðanlegum ástæðum, skal allt hið baðaða fé auðkennt og skal því haldið tryggilega aðskildu frá óböðuðu fé, þar til lokið er við að baða allt fé á bænum.

Sérstaka gát skal hafa á fé sem heimtist seint og gæta þess vandlega að það sé ekki sett saman við annað fé fyrr en það hefur verið baðað.

3. gr.

Nú óskar sýslunefnd eða sýslunefndir eftir því að fá undanþágu frá böðunarskyldu á tilteknu svæði, og skal þá senda um það skriflega umsókn til landbúnaðarráðuneytisins fyrir 1. október þann vetur sem böðunin skal framkvæmd að lögum. Þar skal fram tekið að böðunarreglum hafi verið framfylgt undanfarin ár á svæðinu. Ennfremur skal fylgja umsókninni vottorð héraðsráðunauta í sauðfjárrækt, gærumatsmanna og heilbrigðiseftirlitsmanna í sláturhúsum á svæðinu sem og þeirra er framkvæma bólusetningu gegn garnaveiki um það að ekki hafi orðið vart kláða eða annarra óþrifa í fénu næstliðin 4 ár.

Landbúnaðarráðherra er heimilt þegar svo stendur á að veita undanþágu frá böðunarskyldu í tiltekinn tíma, enda mæli viðkomandi héraðsdýralæknir og yfirdýralæknir með undanþágunni.

Nú kemur upp grunur um kláða eða óþrif eða kláða verður vart á svæði þar sem undanþágan gildir. Skal þá hreppsstjóri í viðkomandi sveit kveða til héraðsdýralækni til að fá úr því skorið hvort um kláða eða önnur óþrif sé að ræða. Ef um kláða eða önnur óþrif er að ræða skal gera ráðstafanir til þess að smit dreifist ekki. Jafnframt skal hafin könnun á því hve víðtæk útbreiðsla kláðans eða óþrifanna er á svæðinu. Jafnframt skal hefja undirbúning að útrýmingu með böðun alls fjár á svæðinu. Í slíkum tilvikum er landbúnaðarráðherra heimilt að gera hverjar þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar til að hefta útbreyðslu sjúkdómsins og uppræta hann.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita einstökum fjárbúum frest á böðun í tiltekinn tíma ef héraðsdýralæknir telur heilsu fjárins þann veg farið að hætta geti stafað af böðun. Skal fénu þá gefið inni uns fært þykir að framkvæma böðun, eða tryggja á annan hátt að hið óbaðaða fé komi ekki saman við fé fyrr en að lokinni böðun.

4. gr.

Skylt er öllum þeim sem starfa við smölun, réttun, hirðingu og gæslu sauðfjár að hafa vakandi auga á því hvort fjárkláða eða annarra óþrifa verði vart. Sama skylda hvílir á þeim sem hafa með höndum heilbrigðiseftirlit á sláturhúsum.

Verði kláða eða annarra óþrifa vart skal það tilkynnt hreppstjóra eða viðkomandi héraðsdýralækni án tafar og skal hann staðfesta sjúkdómsgreiningu svo fljótt sem við verður komið. Jafnframt skal leitast við að rekja upphaf smitsins eftir því sem kostur er.

5. gr.

Nú verður fjárkláða vart eða grunur leikur á því að kind sé kláðasjúk og skal þá sá, sem þess verður var tilkynna það hreppstjóra eða lögreglustjóra þegar í stað. Skulu þeir þá hlutast til um að hið grunaða eða kláðasjúka fé sé einangrað á kostnað og ábyrgð eiganda uns héraðslæknir hefur úrskurðað, hvort um fjárkláða sé að ræða. Reynist svo, skipar yfirdýralæknir fyrir um nauðsynlega böðun. Heimilt er þegar svo stendur á að láta fara fram ítarlega skoðun á þeim bæjum þar sem fé hefur haft samgang við hinar sjúku kindur. Er fjáreigendum skylt að framvísa fé sínu til skoðunar og veita nuðsynlega aðstoð við verkið sé þess óskað. Skoðunarmönnum er heimill aðgangur að húsum þar sem skepnur kunna að vera geymdar til eftirlits.

Heimilt er að gera hverjar þær ráðstafanir sem eftirlitsmaður og yfirdýralæknir telja nauðsynlegar til þess að hefta og uppræta sjúkdóminn, svo sem að tvíbaða fé á sýktum bæjum og bæjum sem haft hafa samgang við sjúkar kindur, hefta samgang fjár, farga einstöku kindum sem eru helsjúkar af kláða eða ef lækning þeirra tekur fyrirsjáanlega mjög langan tíma, sótthreinsa fjárhús og aðrar fjárgeymslur, svo sem kostur er og eyða ullarkleprum, skófum og öðru sem smithætta getur stafað af. Kostnað af slíkum aðgerðum annan en baðlyfskostnað ber fjáreigandi.

6. gr.

Ef fjárkláða verður vart hvað eftir annað í einhverju fjárskiptahólfi eða annarra óþrifa í sauðfé eða geitfé, þrátt fyrir að almennri böðunarskyldu hafi verið fullnægt er landbúnaðarráðherra rétt að fyrirskipa að ráði yfirdýralæknis og að höfðu samráði við sveitarstjórnir á viðkomandi svæði útrýmingarböðun (tvíböðun) á svo stóru svæði sem þurfa þykir.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að skipa sérstakan framkvæmdastjóra til að stýra framkvæmd slíkrar útrýmingarböðunar, og taki hann laun úr ríkissjóði. Hann skal sjá um að sauðfjárböðun á svæðinu fari í hvívetna fram eftir settum reglum, allt fé sé baðað á tilskyldum tíma og fylgst sé vandlega með því að fé sem heimtist eftir böðun sé baðað án tafar.

Nú er ákveðin sérstök útrýmingarböðun og er þá hreppsnefnd skylt að láta fara fram sérstakar fjárleitir til þess að tryggja sem bestar fjárheimtur.

Skoðun alls fjár fyrir böðun skal vanda sem best svo unnt sé að gera sérstakar ráðstafanir við böðun á sjúku fé og halda því aðskyldu uns það hefur verið læknað.

Böðun skal fara fram undir eftirliti baðstjóra og skal vanda hana svo sem föng eru á.

Að lokinni seinni böðun skulu fjárhús og fjárgeymslur sótthreinsaðar með baðlegi og ullarkleprum af sjúkum kindum eytt á eldi.

Ef nauðsynlegt er talið að dómi yfirdýralæknis, eftirlitsmanns og hins sérstaka framkvæmdastjóra er ráðherra heimilt að fyrirskipa sauðfjárböðun árlega og tvíböðun þar sem kláða verður vart, þar til talið er tryggt að kláða hafi verið útrýmt á svæðinu.

Þegar tvíböðun hefur verið ákveðin í tilteknum landshluta skal tilkynna það eftirlitsmönnum en þeir baðstjórum.

Tilkynning um tvíböðun skal birt í Lögbirtingablaðinu og lesin í Ríkisútvarpi tvisvar.

Nú tregast fjáreigandi við að hlýta fyrirmælum um böðun, kláðaskoðun, einangrun fjárins eða aðrar nauðsynlegar aðgerðir vegna fjárkláða og skal þá framkvæmdastjóri eða eftirlitsmaður leita fulltingis hreppstjóra eða sýslumanns, er láta böðun eða aðrar aðgerðir fara fram á kostnað eiganda.

Nú framkvæmir fjáreigandi sauðfjárböðun án þess að hafa um það samráð við baðstjóra eða að honum fjarverandi og skal þá slík böðun ekki metin sem lögboðin sauðfjárböðun.

Nú er fé geymt í óbyggðum eyjum og því ekki baðað er almenn böðun fer fram, þá er eiganda skylt að flytja féð í land strax og fært er og láta baða þar eftir settum reglum.

7. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum þar sem þeir eru búsettir að svo miklu leyti sem þeir geta annast það eftirlit, að dómi landbúnaðarráðherra.

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum, einn í hverju sýslufélagi að fengnum tillögum yfirdýralæknis og sýslunefndar eða bæjarstjóra.

Eftirlitsmenn skulu sjá um skipulagningu sauðfjárbaðana hver í sínu umdæmi. Þar sem um er að ræða tvo eða fleiri eftirlitsmenn í sama fjárskiptahólfi og hætta er á samgangi fjár milli eftirlitssvæða, skulu eftirlitsmenn hafa samstarf um skipulag baðana, svo þær komi að sem fyllstum notum.

Þeir skulu hlutast til um að verslanir hafi tiltæk næg baðlyf, annast skýrsluhald varðandi baðanir og setja baðstjórum starfsreglur varðandi eftirlit við böðun, upplýsa þá um verkanir baðlyfja, meðferð fjár við böðun og annað er máli skiptir

í því sambandi. Þeir skulu afhenda baðstjórum skýrslublöð um baðanir og sjá um að blöðin séu vandlega útfyllt jafnóðum.

Eftirlitsmenn ákveða í samráði við sveitarstjórnir og baðstjóra hvenær baðað skuli í hverjum hreppi innan þeirra tímamarka sem lög ákveða (1. nóvember til 15. mars).

Skipuleggja skal böðun í hverjum hreppi þannig að henni verði allsstaðar lokið á sem skemmstum tíma til að forðast hugsanlegan samgang baðaðs fjár og óbaðaðs.

Nú heimtist fé eftir að böðun er almennt lokið og skal sá er finnur, einangra kindurnar á ábyrgð og kostnað eiganda og tilkynna það hreppstjóra án tafar. Hlutast hann þá til um í samráði við baðstjóra og eftirlitsmann að kindurnar séu baðaðar þegar í stað á kostnað eiganda.

8. gr.

Eftirlitsmenn skulu tilnefna baðstjóra í samráði við hreppsnefndir eigi síðar en 20. október ár það sem allsherjar böðun er ákveðin. Til þess að hægt sé að ljúka böðun í hreppnum á sem skemmstum tíma er heimilt að skipa fleiri en einn baðstjóra og skulu þeir hafa samstarf sín á milli um böðunarframkvæmdir. Í bæjum útnefna eftirlitsmenn baðstjóra í samráði við bæjarstjórnir.

9. gr.

Baðstjórar skulu skipuleggja sauðfjárbaðanir hver á sínu svæði. Þeir skulu vera viðstaddir böðun bæði þrifaböðun (einböðun) og útrýmingarböðun (tvíböðun) og hafa nána gát á því hvort óþrif leynist í fénu. Þeir skulu sjá um blöndun á baðlyfi, leiðbeina og segja fyrir um framkvæmd verksins og hafa gát á því að þeir sem við böðun starfa fylgi settum reglum.

Baðstjóra og eftirlitsmanni skal vegna skyldustarfa sinna frjáls og greiður aðgangur að öllum útihúsum og öðrum vistarverum þar sem fé kann að vera geymt til eftirlits.

Fjáreiganda eða umráðamanni er skylt að framvísa öllu fé, sem hann hefur undir höndum til böðunar eða skoðunar þegar baðstjóri eða eftirlitsmaður óskar eftir því.

Ef sauðfjáreigandi eða umráðamaður vill eigi hlýta fyrirmælum baðstjóra eða skorast undan því að fylgja settum reglum við böðun og eftirlit skal baðstjóri og eftirlitsmaður leita fulltingis hreppstjóra eða sýslumanns.

10. gr.

Ávallt skal þess gætt að fé verði fyrir sem minnstu hnjaski við böðun og forðast skal að baða fé sem er þreytt, mótt eftir rekstur eða fé sem er mjög fullt.

Kindur sem eru í tveimur reifum verður skilyrðislaust að rýja fyrir böðun.

Aðskilja skal kláðasjúkar kindur frá heilbrigðu fé og halda þeim aðskildum þar til þær hafa verið læknaðar. Allar kláðakindur skal auðkenna greinilega með málningu á vinstra horn eða vinstri kjamma.

Til þess að forðast ofkælingu er rétt að hýsa féð fyrstu tvo sólarhringana eftir böðun og gæta þess að dragsúgur sé ekki í húsum þar sem nýbaðað fé er geymt.

Ef reka þarf fé til böðunar milli húsa eða bæja skal ávallt reka það mjög hægt og lofa því að jafna sig í 1—2 klst. áður en böðun hefst.

Þegar böðun er lokið skulu fjárhús hreinsuð þannig að mokað er út efsta lagi af gólfskán allir ullarlagðar og kleprar tíndir saman og brenndir. Síðan skal gegnvæta með baðlyfi veggi, garða, garðabönd, stoðir og gólf.

Geitfé skal baða á sama hátt og sauðfé.

Baðstjórum er skylt að halda skýrslur um böðun sauðfjár, tölu þess, sjúkar kindur, framkvæmd verksins og hvenær það var unnið samkvæmt fyrirsögn eftirlitsmanns.

11. gr.

Ef fjárkláði finnst í fé skal taka þær kindur til sérstakrar lækningar. Klippa skal ull kringum kláðablettina eða rýja það alveg. Síðan skal nudda baðlegi rækilega á kláðablettina, svo að kláðaskófirnar blotni vel upp. Þegar búið er að bleyta skófirnar vel upp er kindin böðuð. Sé kláði á byrjunarstigi leynist hann stundum í holum neðan við augun, augngrófum, við rót hornanna, einkum á hrútum, í hlustinni, í fellingum í klofi og nára. Því ber að athuga þessa staði sérstaklega ef grunur er um fjárkláða.

Bændur skulu leggja fram eða kosta viðhlýtandi mannafla til böðunar. Einnig skulu bændur bera kostnað þann sem kann að vera samfara aukinni fóðrun fjárins eftir böðun og af öðrum áföllum sem fram kunna að koma í sambandi við böðun.

12. gr.

Nú tekur ríkissjóður þátt í baðlyfskostnaði og skal þá viðkomandi verslun innheimta hluta ríkissjóðs, enda hafi viðkomandi eftirlitsmenn úrskurðað reikninginn réttan.

13. gr.

Nú lætur umráðamaður eða fjáreigandi undir höfuð leggjast að baða fé sitt á lögskipuðum tíma, án þess að lögmæt forföll hamli að dómi eftirlitsmanns og sýslumanns eða bæjarfógeta skal hann þá greiða dagsektir allt að kr. 50.00 á hverja kind á dag hvern sem böðun dregst fram yfir lögskildan tíma þ. e. 15. mars. Sektir þessar eru miðaðar við verðlag ársins 1978.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð og skal sýslumaður annast innheimtu sektarinnar.

Jafnframt skal sýslumaður í samráði við hlutaðeigandi eftirlitsmann gera ráðstafanir til þess að féð sé baðað á kostnað eiganda eins fljótt og aðstæður leyfa.

Brot gegn reglugerð þessari og öðrum fyrirmælum sem sett kunna að verða samkvæmt lögum um sauðfjárbaðanir nr. 22, 1977 skulu varða sektum allt að andvirði 300 kg. af 1. fl. dilkakjöti í næstliðinni sláturtíð og renna þær í ríkissjóð.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 22 10. maí 1977 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli og tekur gildi 1. september 1978.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. júlí 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

8. ágúst 1978. Nr. 291.

AUGLÝSING

um söluskatt af innfluttum, prentuðum bókum, bæklingum og öðrum þess konar ritum á erlendu máli í tollskrárnúmeri 49.01.09.

Ráðuneytið tilkynnir hér með, að það hefur ákveðið samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, að hámarksfjárhæð tollverðs af söluskattsfrjálsum innflutningi í tollskrárnúmeri 49.01.09 skuli vera kr. 25 000.

Niðurfelling söluskatts er bundin því skilyrði að um sé að ræða innflutning til eigin nota og að varan sé ekki ætluð til endursölu. Þó tekur niðurfellingin ekki til sýnishorna, heldur fer um söluskatt af þeim samkvæmt leiðbeiningum til tollyfirvalda um tollmeðferð á verðlitlum sýnishornum.

Fjármálaráðuneytið, 8. ágúst 1978.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 292. 8. ágúst 1978.

REGLUGERÐ
um síldveiðar.

1. gr.
Allar síldveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar.

2. gr.
Þrátt fyrir ákvæði 1. gr., getur sjávarútvegsráðuneytið veitt sérstök leyfi til veiða á síld í reknet, lagnet og hringnót.
Ráðuneytið getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra skilyrðum þeim, er þurfa þykir.

3. gr.
Lágmarksmöskvastærð rekneta og lagneta, sem notuð eru til síldveiða, skal vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika 63 cm breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

4. gr.
Þegar heimild er veitt samkvæmt 2. gr. er þó bannað að veiða smásíld, 27 cm að lengd eða minni sé hún hluti síldarafla fiskiskips, samanber 6. gr.
Lágmarksstærð síldar er mæld frá trjónuodda að sporðsenda.

5. gr.
Fái fiskiskip síldarkast, sem bersýnilega er að mestu leyti smásíld, 27 cm að lengd eða minni, þá er skipstjóra skylt að sleppa síldinni þegar í stað úr nótinni.

6. gr.
Sé skipsstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smásíldar í aflanum, þá ber honum áður en verulega hefur verið brengt að síldinni í nótinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 síldir valdar af handahófi. Reynist meira en 25 síldir, 27 cm að lengd eða minni, ber honum að sleppa síldinni þegar í stað.

7. gr.
Nú kemur síldveiðiskip eða síldarmóttökuskip með síldarfarm til hafnar blandaðan smásíld og er þá síldarmóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smásíldarinnar í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 síldum í hverju. Sé hlutur smásíldar, samanber 4. gr. að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 25%, skal síldarmóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem síðan gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og gerir sjávarútvegsráðuneytinu viðvart sé hlutur smásíldar yfir 25%.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4.—7. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið veitt að fengnu áliti Hafrannsóknarstofnunarinnar leyfi til veiði smásíldar, 27 cm að lengd eða minni, til niðursuðu eða annarrar vinnslu til manneldis eða til beitu. Leyfi þetta má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

9. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða og eftirlitsmenn ráðuneytisins skulu hafa eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa samkvæmt 2. gr. og 8. gr. sé fylgt.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 280 5. ágúst 1977 um síldveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. ágúst 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

1. ágúst 1978. Nr. 293.

AUGLÝSING

um takmarkanir á ávísun lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf.

Samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. og 2. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, skulu eftirtalin ávana- og fíknilyf skráð á lista A yfir ávana- og fíkniefni, sbr. fylgiskjal með ofangreindri reglugerð:

Amphetaminum
Dexamphetaminum
Metamphetaminum
Methylphenidatum
Pemolinum

Eftirtaldar undanþágur og fyrirmæli skulu gilda um notkun þessara lyfja til lækna svo og sölt þessara lyfja og hvers konar samsetningar:

1. Ávísanir lækna skulu einungis ætlaðar sjúklingum, er þjást af eftirtöldum sjúkdómum:
   1.1 Narcolepsia
   1.2 Hyperkinesis
   1.3 Retardatio mentis

1.4 Epilepsia
1.5 Parkinsonismus
1.6 Aðrar mjög mikilvægar ástæður.

2. Leyfi þarf til að ávísa megi þeim lyfjum, er að framar greinir. Sækja skal um slík leyfi til landlæknis. Leyfisumsókn skal fylgja rökstuðningur læknis, sbr. 1. tölulið að framan, og skal auk nafns sjúklings, greint frá fæðingardegi, ári og nafnnúmeri.

Landlæknir gefur út leyfi til tiltekins tíma, allt að 5 árum, í formi lyfjakorts, sem sjúklingur skal framvísa lækni og lyfjabúð.

Landlæknir sendir lyfjaeftirliti ríkisins og lyfsölum tilkynningu um sérhvert leyfi, sem gefið er út eða er afturkallað.

3. Óheimilt er að ávísa í síma lyfjum þeim, er að framan greinir.
4. Innflutningur ofangreindra lyfja er bundinn innflutningsleyfum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 390/1974. Innflutningsleyfi eru gefin út af lyfjamáladeild ráðuneytisins.
5. Fyrirmæli auglýsingar þessarar um takmörkun lyfjaávísana eiga við afgreiðslu lyfja, hvort sem er innan eða utan sjúkrastofnana.
6. Landlæknir getur afturkallað leyfi til þess að sjúklingi sé ávísað lyfjum þessum, ef hann telur að hlutaðeigandi hafi brotið í bága við fyrirmæli auglýsingar þessarar, villt á sér heimildir eða aðrar mikilvægar ástæður mæla með afturköllun.
7. Læknum og lyfjabúðum er skylt að halda eftir ógildum lyfjakortum sem framvísað er og senda landlækni.

Með brot gegn auglýsingu þessari fer skv. 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni.

Fyrirmæli auglýsingar þessarar öðlast gildi þegar í stað til eftirbreytni öllum er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 230 4. júní 1976 um sama efni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. ágúst 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 294. **14. ágúst** 1978.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 320 16. ágúst 1976 um laun innheimtumanna ríkissjóðs fyrir innheimtu.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar falli niður.

2. gr.

3. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skal enginn innheimtumaður ríkissjóðs missa meira en þriðjung þeirra innheimtulauna er hann hefði haft samkvæmt eldri reglum vegna innheimtu á árinu 1977, og vegna innheimtu á árinu 1978 skal enginn innheimtumaður ríkissjóðs missa meira en tvo þriðju hluta þeirra innheimtulauna er hann hefði haft samkvæmt eldri reglum.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 92 24. desember 1955 sbr. lög nr. 84 31. maí 1976, öðlast þegar gildi og skulu ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda við greiðslu innheimtulauna á árinu 1978 vegna innheimtu ársins 1977.

Fjármálaráðuneytið, 14. ágúst 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

12. júní 1978. Nr. 295.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

1. Legu Dalavegar hefur verið breytt þannig að hann verður nú beint framhald af neðri hluta Strembugötu, þar til hann mætir gamla Dalavegi skammt norðan við Strembu. Allar aðliggjandi götur hafi biðskyldu fyrir hinni nýju aksturs-leið.
2. Miðstræti hefur biðskyldu fyrir Kirkjuvegi.
3. Hrauntún hefur biðskyldu fyrir Illugagötu.
4. Bifreiðastöður bannaðar norðan megin á Hásteinsvegi.
5. Bifreiðastöður bannaðar vestan megin á Heiðarvegi.
6. Bifreiðastöður verði bannaðar norðan megin á Strandvegi, auk þess að sunnan frá Flötum að Hlíðarvegi.
7. Bifreiðastöður verði bannaðar norðan megin á Kirkjuvegi, frá Heiðarvegi að Illugagötu.

Framangreindar reglur taka gildi 1. júlí n. k.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum, 12. júní 1978.

Kristján Torfason.

26. júní 1978. Nr. 296.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eftirtaldar götur eru aðalbrautir:

1. Hlíðarbraut frá Hörgárbraut að Hlíðarfjallsvegi.
2. Skarðshlíð.
3. Höfðahlíð.
4. Fosshlíð.
5. Smárahlíð.
6. Sindragata.

Umferð um Höfðahlíð skal víkja fyrir umferð um Skarðshlíð á vesturmörkum Höfðahlíðar.
Umferð um Skarðshlíð víki fyrir umferð um Höfðahlíð við Höfðahlíð 1.
Umferð um Fosshlíð víki fyrir umferð um Skarðshlíð.
Umferð um Smárahlíð víki fyrir umferð um Skarðshlíð.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 26. júní 1978.
Ófeigur Eiríksson.

Nr. 297. 9. ágúst 1978.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Þjónustumiðstöð bókasafna, Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. ágúst 1978.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ
fyrir Þjónustumiðstöð Bókasafna.

1. gr.

Stofnunin heitir Þjónustumiðstöð bókasafna og er sjálfseignarstofnun. Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið stofnunarinnar er að bæta bókasafnsþjónustu á Íslandi. Skal það gert m. a. á eftirfarandi hátt:

A. Að vinna að miðskráningu bóka.
B. Að gefa út alls konar bókfræðileg gögn, t. d. spjaldskrárspjöld, samskrár, bókaskrár, bókfræðilykla, upplýsingarit um nýjar útgáfur bóka, platna og snældna.
C. Að gefa út rit, sem varða starfsemi bókasafna, t. d. leiðbeiningarbækur fyrir bókaverði og rit varðandi stefnur í bókasafnsmálum almennt.
D. Að annast sameiginleg innkaup bókasafna á safnkosti og sjá um band og frágang bóka til útláns.
E. Að framleiða ýmis konar bókasafnsvörur og dreifa þeim til safna.
F. Að veita sérfræðilega aðstoð og ráðgjöf, sem horfir til heilla íslenskum bókasöfnum.

3. gr.

Stofnendur Þjónustumiðstöðvar bókasafna eru Bókavarðafélag Íslands og Félag bókasafnsfræðinga. Félagsmenn þessara félaga á hverjum tíma ráða rekstri stofnunarinnar og annast eignir hennar.

4. gr.

Stofnframlag til Þjónustumiðstöðvar bókasafna skal vera kr. 8 750 000.00 — áttamilljónirsjöhundruðogfimmtíuþúsundkrónur —, en í fjárhæð þessari felst ólaunað vinnuframlag félagsmanna í Bókavarðafélagi Íslands og Félagi bókasafnsfræðinga vegna útgáfu bókaskrár og spjaldskrárspjalda og styrkir úr Vísindasjóði og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til sama verkefnis, enda taki stofnunin að sér að ljúka verkefninu og verji hagnaði af sölu nefndra gagna í samræmi við ákvæði 2. greinar.

5. gr.

Æðsta vald í málefnum stofnunarinnar, innan þeirra marka sem stofnskrá þessi og landslög setja, er í höndum lögmætra aðalfunda eða lögmætra aukafunda.

6. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert. Aukafundi skal halda þegar stjórn stofnunarinnar þykir þess þörf. Skylt er þó stjórninni að boða til fundar, ef a. m. k. 1/10 hluti samanlagðs fjölda félagsmanna í Bókavarðafélagi Íslands og Félagi bókasafnsfræðinga krefst þess. Ef stjórnin hefur ekki boðað fund innan 14 daga frá móttöku kröfunnar, er þeim, sem að henni stóðu, heimilt að boða sjálfir fundinn.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal boða til aðalfundar á sannanlegan hátt með minnst fjórtán daga fyrirvara, en aukafundi má eigi boða með minna en 7 daga fyrirvara. Fundarmála skal stuttlega getið í fundarboði.

Aðalfundir og aukafundir eru lögmætir, ef til þeirra er löglega boðað og viðstaddir eru hið fæsta 1/10 hluti samanlagðs fjölda félagsmanna í Bókavarðafélagi Íslands og Félagi bókasafnsfræðinga. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal kvatt til nýs fundar innan mánaðar með 7 daga fyrirvara og þess getið í fundarboði, að fundurinn sé haldinn í stað þess fyrri fundar er eigi varð lögmætur. Er síðari fundurinn þá lögmætur án tillits til fundarsóknar.

8. gr.

Formaður stjórnar stofnunarinnar stýrir fundum eða kveður til fundarstjóra í sinn stað og tilnefnir hann fundarritara. Fundarstjóri skal leysa úr öllu, er varðar lögmæti fundarins samkvæmt skipulagsskrá þessari, og stýrir öllum umræðum og atkvæðagreiðslum.

9. gr.

Á aðalfundum skulu tekin fyrir eftirfarandi mál:

A. Skýrsla stjórnar um hag og rekstur liðins starfsárs.
B. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
C. Kosning stjórnar og endurskoðenda.
D. Fjárhagsáætlun komandi starfsárs.
E. Önnur málefni, sem löglega eru upp borin.

10. gr.

Halda skal gerðabók og skrá þar allar ályktanir, sem gerðar eru, ásamt stuttri greinargerð um annað, sem gerist á aðal- og aukafundum. Fundargerðin skal undirrituð af fundarstjóra og fundarritara. Skráðar fundargerðir skulu vera full sönnun þess, sem gerst hefur á fundum.

11. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa 5 menn og jafn margir til vara. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Félagsmenn í Bókavarðafélagi Íslands annars vegar og félagsmenn í Félagi bókasafnsfræðinga hins vegar skulu skiptast á um að skipa meirihlutann, eitt ár í senn. Ákvæði til bráðabirgða: Stjórn fyrsta starfsársins verði ekki kjörin heldur skipi stjórn Félags bókasafnsfræðinga 3 menn í stjórn stofnunarinnar og jafn marga til vara, en stjórn Bókavarðafélags Íslands skipi 2 menn og jafn marga til vara.

12. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, kýs sér formann, gjaldkera og ritara. Stjórn stofnunarinnar stýrir öllum málefnum hennar milli aðalfunda og hefur almenna umsjón með rekstri og fjárhag stofnunarinnar.

13. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir hvenær sem formaður telur þess þörf. Þó er formanni skylt að boða stjórnarfund sé þess krafist af einhverjum stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra stofnunarinnar, verði hann ráðinn.

Stjórnarfundir eru lögmætir, ef mættir eru 3 stjórnarmenn. Við afgreiðslu mála ræður afl atkvæða, en verði atkvæði jöfn skal atkvæði formanns skera úr. Stjórninni ber að skrá stutta skýrslu um það, er á stjórnarfundum gerist, og staðfesta hana með undirskrift sinni.

14. gr.

Teljist þess þörf er stjórn stofnunarinnar heimilt að ráða framkvæmdastjóra og annað starfsfólk. Stjórnin veitir prókúruumboð fyrir stofnunina.

15. gr.

Á aðalfundi skal kjósa 2 endurskoðendur til eins árs í senn. Skal jafnan annar kjörinn frá Bókavarðafélagi Íslands en hinn frá Félagi bókasafnsfræðinga. Ákvæði til bráðabirgða: Stjórnir greindra félaga skipa endurskoðendur fyrsta starfsár stofnunarinnar. Endurskoðendur skulu rannsaka reikninga stofnunarinnar og öll reikningsgögn starfsársins. Skulu þeir hafa aðgang að öllum bókum og skjölum stofnunarinnar í þeim tilgangi.

16. gr.

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Stjórn skal semja árlega rekstrar- og efnahagsreikning stofnunarinnar.

17. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal hafa lokið gerð ársreikninga fyrir liðið starfsár og lagt þá fyrir endurskoðendur ekki síðar en mánuði fyrir aðalfund. Endurskoðendur skili stjórninni reikningunum ásamt athugasemdum í síðasta lagi viku fyrir aðalfund.

18. gr.

Tillögur til breytinga á skipulagsskrá þessari verða aðeins bornar upp á aðalfundum og skulu þær hafa borist stjórn stofnunarinnar eigi síðar en 31. mars. Lögmætra breytingartillagna á skipulagsskrá skal getið í fundarboði til aðalfundarins. Hljóti tillagan atkvæði ⅔ hluta atkvæðisbærra fundarmanna telst hún löglega samþykkt. Löglega samþykktar breytingar á skipulagsskrá ber að senda til dómsmálaráðuneytisins.

19. gr.

Með tillögur um, að stofnunin verði lögð niður, skal fara sem um breytingar á skipulagsskrá þessari að öðru leyti en því, að skylt er að leita samþykkis dómsmálaráðuneytisins á ákvörðunum þar að lútandi. Hljóti tillagan tilskilinn meirihluta atkvæða skal hún send án tafar í ábyrgðarbréfi dómsmálaráðuneytinu til samþykktar eða synjunar. Hafi svar eigi borist frá ráðuneytinu innan 4 mánaða frá dagsetningu bréfsins telst tillagan löglega samþykkt.

Verði starfsemi stofnunarinnar lögð niður skulu allar eignir hennar hverju nafni sem nefnast renna til aðila, sem þá þegar er til eða síðar kann að verða til, og hefur sömu markmið og Þjónustumiðstöð bókasafna.

20. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um hundahald í Reyðarfjarðarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Reyðarfjarðarhreppi að undanskildum leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki samkvæmt læknisráði.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í sveitarfélaginu undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Hundurinn skal skráður hjá lögreglu staðarins og þar fær eigandi hundsins afhenta plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b. Árlega skal greiða í sveitarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði og eftirliti með hundum í sveitarfélaginu og skal upphæðin við það miðuð.
c. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi. Gjalddagi leyfisgjaldsins er 1. júlí ár hvert.
d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skóla, leikvelli, matvöruverslanir, fiskvinnsluhús, kjötvinnsluhús eða aðra staði þar sem matvörur og fóðurvörur eru um hönd hafðar.
e. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því að þeir raski ekki ró íbúa þorpsins og séu hvorki þeim né öðrum sem um þorpið fara til óþæginda.
f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þar á meðal reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.
g. Skráðum bændum á lögbýlum sem hafa landbúnað að aðalatvinnu er heimilt að hafa 2 hunda án gjalds, en að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar.
h. Við brot á skilyrðum fyrir leyfi til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Hreppsnefnd er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Ofangreind samþykkt sveitastjórnar Reyðarfjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. júlí 1978.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REIKNINGUR

Söfnunarsjóðs Íslands.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1977.

Tekjur:

Dráttarvextir	kr.	724 057	
Lántökugj. o. fl.	—	722 343	
			kr. 1 446 400
Vaxtatekjur:			
Ógreiddir vextir 31. des. 1977	kr.	6 260 073	
Ógreiddir vextir 31. des. 1976	—	5 075 080	
	kr.	1 184 993	
Innborgaðir vextir	—	9 785 999	
			— 10 970 992
			kr. 12 417 392

Gjöld:

Launakostnaður	kr.	1 255 925	
Annar kostnaður	—	555 877	
			kr. 1 811 802
Vextir af innstæðufé:			
Aðaldeild	kr.	7 984 715	
Erfingjarentudeild	—	1 118 078	
Útborgunardeild	—	898 229	
			— 10 001 022
Tekjuafgangur til varasjóðs			— 604 568
			kr. 12 417 392

Efnahagsyfirlit Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1977.

Eignir:

Veðskuldabréf	kr.	59 523 889	
Vaxtabréf	—	8 094 000	
			kr. 67 617 889
Sjóðseign	kr.	276 712	
Bankainnstæður	—	2 759 743	
Óinnheimtir vextir	—	6 260 073	
Skrifstofugögn	—	810 221	
			— 10 106 749
			kr. 77 724 638

Skuldir:

Innstæður í deildum:			
Aðaldeild	kr.	55 327 294	
Erfingjarentud.	—	7 415 552	
Útborgunardeild	—	6 257 074	
			kr. 68 999 920
Vextir geymdir til útb.	kr.	1 684 576	
Geymslufé	—	839 686	
			— 2 524 262

Varasjóður 31. des. 1976	kr.	5 595 888	
Tekjuafgangur 1976	—	604 568	
			— 6 200 456
			kr. 77 724 638

Reykjavík, 24. febrúar 1978

Með tilvísun til skýrslu endurskoðanda staðfestir stjórn Söfnunarsjóðsins reikninginn.

Sigurður J. Briem.

Alvar Óskarsson. **Jóna Guðjónsdóttir.**

Nr. 300.

REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1977.

Gjöld:

Ýmis kostn., prentun o. fl. 1977	kr.	528 133
Styrkveitingar árið 1977	—	1 050 000
Tekjur til ráðstöfunar 1978	—	9 800 000
Tekjur lagðar við höfuðstól	—	12 163 121
Samtals	kr.	23 541 254

Tekjur:

Samúðarskeyti Landssímans	kr.	11 885 588		
÷ 15% til F. Í. S.	—	1 782 837		
			kr.	10 102 751
Aðrar minningargjafir			—	22 200
Arður af hlutabréfum E. Í.			—	11 400
Vaxtatekjur			—	13 404 903
Samtals			kr.	23 541 254

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1977.

Eignir:

Innstæða á ávísanareikningi			kr.	15 956
Bankainnstæður: vaxtaaukareikn.			—	73 728 181
Spariskírteini 1. fl. 74 nr. 1136—40	kr.	250 000		
Spariskírteini 1. fl. 75 nr. 1046—65	—	250 000		
Spariskírteini 1. fl. 76 nr. 1363—92	—	1 500 000		
			—	2 000 000
Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands			—	114 000
Áfallnir vextir af spariskírteinum			—	112 786
			kr.	75 970 923

Skuldir:

Til ráðstöfunar 1978 skv. 5. gr. skipulagsskrár frá fyrri árum	kr.	16 100 000	
af tekjum ársins 1977	—	9 800 000	
			kr. 25 900 000
Höfuðstóll 1. jan. 1977	kr.	37 850 802	
Jöfnunarhlutabréf í Eimskipafélaginu 1977	—	57 000	
lagt við höfuðstól 31. des. 1977	—	12 163 121	
			— 50 070 923
			kr. 75 970 923

Reykjavík, 9. janúar 1978.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi bankabækur, fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 16. janúar 1978.

Ólöf Pétursdóttir. Vilborg Gunnlaugsdóttir.

Minningargjöf um Hans Natansson og Kristínu Þorvarðardóttur.

Eignir:		
Innstæða í Söfnunarsjóði aðaldeild nr. 456	kr.	42 310
	kr.	42 310
Skuldir:		
Hrein eign 1. jan. 1977	kr.	36 821
Vaxtatekjur 1976	—	5 489
	kr.	42 310

Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán, Elísabetu, Sveinbjörn og Steinunni.

Eignir:			
Innstæða á vaxtaaukar. nr. 510591 Búnaðarbanka Íslands			kr. 57 883
			kr. 57 883
Skuldir:			
Hrein eign 1. jan. 1977			kr. 47 247
Vaxtatekjur til 17. mars 1977	kr.	1 596	
Vaxtatekjur frá 17. mars til 31. des.	—	9 040	
			— 10 636
			kr. 57 883

Minningargjöf um Hans Wium, sýslumann.

Eignir:		
Innstæða á vaxtaaukareikningi nr. 28257 Landsbanka Íslands	kr.	31 108
	kr.	31 108

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1977			kr. 25 386
Vaxtatekjur til 17. mars 1977	kr.	858	
Vaxtatekjur frá 17. mars til 31. des.	—	4 864	
		—	5 722
		kr.	31 108

Minningargjöf um Þórunni Jónassen.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikningi nr. 28230 Landsbanka Íslands	kr.	63 802
	kr.	63 802

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1977			kr. 52 042
Vaxtatekjur til 17. mars 1977	kr.	1 758	
Vaxtatekjur frá 17. mars til 31. des.	—	10 002	
		—	11 760
		kr.	63 802

Minningargjöf um Vigfús G. Melsted.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikningi nr. 28249 Landsbanka Íslands	kr.	40 672
	kr.	40 672

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1977			kr. 33 148
Vaxtatekjur til 17. mars 1977	kr.	1 120	
Vaxtatekjur frá 17. mars til 31. des.	—	6 404	
		—	7 524
		kr.	40 672

Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikningi nr. 28273 Landsbanka Íslands	kr.	137 522
	kr.	137 522

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1977			kr. 112 189
Vaxtatekjur til 17. mars 1977	kr.	3 789	
Vaxtatekjur frá 17. mars til 31. des.	—	21 544	
		kr.	25 333
		kr.	137 522

Minningargjöf um Gísla Oddsson, skipstjóra.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikningi nr. 28281 Landsbanka Íslands	kr.	114 626
	kr.	114 626

Skuldir:		
Hrein eign 1. jan. 1977		kr. 93 521
Vaxtatekjur til 17. mars 1977	kr. 3 159	
Vaxtatekjur frá 17. mars til 31. des.	— 17 946	
		— 21 105
		kr. 114 626

Sjóður Guðlaugar Jónsdóttur og Guðjóns Björnssonar.

Eignir:		
Innstæða á vaxtaaukareikningi nr. 28265 Landsbanka Íslands		kr. 639 817
		kr. 639 817
Skuldir:		
Hrein eign 1. jan. 1977		kr. 522 015
Vaxtatekjur til 17. mars 1977	kr. 17 632	
Vaxtatekjur frá 17. mars. til 31. des.	— 100 170	
		— 117 802
		kr. 639 817

Sjóður Marsibilar Illugadóttur.

Eignir:		
Innstæða á vaxtaaukareikningi nr. 28222 Landsbanka Íslands		kr. 153 029
		kr. 153 029
Skuldir:		
Hrein eign 1. jan. 1977		kr. 124 875
Vaxtatekjur til 17. mars 1977	kr. 4 218	
Vaxtatekjur frá 17. mars til 31. des.	— 23 936	
		— 28 154
		kr. 153 029

Reykjavík, 9. janúar 1978.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi bankabækur og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 16. janúar 1978.

Ólöf Pétursdóttir. Vilborg Gunnlaugsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 — 1978

27. júlí 1978. 567 Nr. 301.

REGLUGERÐ

um skírteini gefin út af flugmálastjórn.

— Efnisyfirlit. —

I. KAFLI — ORÐASKÝRINGAR OG ALMENN ÁKVÆÐI
1.1. Orðaskýringar
1.2. Almenn ákvæði

II. KAFLI — SKÍRTEINI OG ÁRITANIR FLUGMANNA
2.1. Áritanir á skírteini flugmanna og réttindi, sem þær veita
2.2. Flugnemi/flugvél og flugnemi/þyrla
2.3. Einkaflugmaður/flugvél
2.4. Atvinnuflugmaður III. flokks/flugvél
2.5. Atvinnuflugmaður II. flokks/flugvél
2.6. Atvinnuflugmaður I. flokks/flugvél
2.7. Svifflugmaður
2.8. Stjórnandi loftbelgs
2.9. Einkaflugmaður/þyrla
2.10. Atvinnuflugmaður III. flokks/þyrla
2.11. Atvinnuflugmaður I. flokks/þyrla
2.12. Áritun fyrir stjórnað sjónflug
2.13. Blindflugsáritun/flugvél
2.14. Blindflugsáritun/þyrla
2.15. Flugkennsluáritun/flugvél og flugkennsluáritun/þyrla
2.16. Flugkennsluáritanir fyrir svifflugur og lausa loftbelgi
2.17. Viðurkenning á flugtíma

III. KAFLI — SKÍRTEINI FLUGLIÐA ANNARRA EN FLUGMANNA
3.1. Flugleiðsögumaður
3.2. Flugvélstjóri

IV. KAFLI — SKÍRTEINI OG ÁRITANIR ANNARRA EN FLUGLIÐA
4.1. Flugvéltæknir — II. flokkur
4.2. Flugvéltæknir — I. flokkur
4.3. Flugumferðarstjóri
4.4. Áritanir á skírteini flugumferðarstjóra
4.5. Flugumsjónarmaður
4.6. Flugradíómaður

V. KAFLI — GERÐ SKÍRTEINA

VI. KAFLI — HEILBRIGÐISSKILYRÐI
6.1. Almenn heilbrigðisskilyrði
6.2. Skilyrði um líkamshreysti og andlega heilbrigði fyrir útgáfu, endurnýjun og áritun skírteina

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6.3. Skilyrði um sjón fyrir útgáfu, endurnýjun og áritun skírteina
6.4. Skilyrði um litaskynjun fyrir útgáfu, endurnýjun og áritun skírteina
6.5. Skilyrði um heyrn fyrir útgáfu, endurnýjun og áritun skírteina

VII. KAFLI — VIÐBÓTARÁKVÆÐI
7.1. Umsóknir um veitingu skírteinis
7.2. Almenn ákvæði um próf
7.3. Framlenging og endurnýjun skírteinis
7.4. Gildisaukning skírteinis
7.5. Skráning flugtíma
7.6. Svipting eða ógilding skírteinis

VIII. KAFLI — GILDISTAKA O.FL.
8.1. Undanþágur
8.2. Refsiákvæði
8.3. Gildistaka

I. KAFLI
ORÐASKÝRINGAR OG ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. **Orðaskýringar.**

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau merkingu þá sem hér segir:

Að fullgilda skírteini (Rendering a licence valid): Gildistaka skírteinis sem gefið hefur verið út af öðru aðildarríki, í stað útgáfu sérstaks íslensks skírteinis.

Að lýsa lofthæfi (To certify as airworthy): Að lýsa því að loftfar, eða hluti þess, fullnægi gildandi skilyrðum um lofthæfi eftir grannskoðun, viðgerð, breytingu eða ísetningu.

Að stýra loftfari (To pilot): Að handfjalla stjórntæki loftfars meðan á flugtíma stendur.

Aðstoðarflugmaður (Co-pilot): Flugmaður, sem er handhafi flugskírteinis og hefur hvers konar flugmannsstarf í loftfari, annað en starf flugstjóra, þó ekki flugmaður sem er í loftfarinu eingöngu til að njóta flugþjálfunar.

AIP (Aeronautical Information Publication): Flugmálahandbók.

Áritun (Rating): Áritun á skírteini eða fylgiblað sem telst hluti þess og segir til um sérstök skilyrði, réttindi eða takmarkanir, tengd skírteininu.

Atvinnuflutningar (Air transport operations for remuneration or hire): Flutningar með loftförum gegn endurgjaldi eða til leigu í reglubundnu eða óreglubundnu flugi.

Blindflug (IFR-flight): Flug samkvæmt blindflugsreglum (IFR).

Blindflugstími (Instrument flight time): Tími sá sem flugmaður stjórnar loftfari eingöngu eftir mælitækjum án viðmiðunar utan stjórnklefans.

Blindflugsæfingatími á jörðu (Instrument ground time): Tími sá, sem flugmaður æfir blindflug á jörðu niðri í gerviflugþjálfa sem viðurkenndur hefur verið af flugmálastjórn til slíkrar þjálfunar.

Blindflugsæfingatími (Instrument time): Blindflugstími eða blindflugsæfingatími á jörðu.

Blindflugsþjálfi (Basic instrument flight trainer): Sjá nánara gerviflugþjálfi.

Einflugstími (Solo flight time): Flugtími sá sem flugnemi er einn í loftfarinu.

Flugathafnaþjálfi (Flight procedures trainer): Sjá nánara gerviflugþjálfi.

Flugáætlun (Flight plan): Tilteknar upplýsingar um fyrirhugað flug eða hluta þess, látnar flugumferðarþjónustudeild í té.
Flugliði (Flight crew member): Áhafnarliði sem er handhafi skírteinis, sem út hefur verið gefið eða fullgilt af flugmálastjórn, og falið er starf sem nauðsynlegt er við starfsemi loftfars meðan á flugtíma stendur.
Flugstjóri (Pilot-in-command): Flugmaður, sem ber ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á flugtíma stendur.
Flugtími (Flight time): Allur tíminn frá því að loftfar hreyfist af stað fyrir eigin afli fyrir flugtak þar til það stöðvast að afloknu flugi.
Ath.: Flugtími, eins og hann er skilgreindur hér, er reiknaður frá því að loftfarið fer af hlaði brottfararstaðar þar til það stöðvast á hlaði ákvörðunarstaðar.
Flugtími í svifflugu (Glider flight time): Allur flugtíminn, hvort sem sviffluga er í togi eða ekki, frá því að hún hreyfist af stað í flugtaki þar til hún stöðvast að afloknu flugi.
Flugtími með kennara (Dual instruction time): Flugtími sá, þegar einhver nýtur flugkennslu í loftfari hjá flugmanni með tilskilin réttindi.
Flugtogstími í svifflugu (Aero-tow flight time/glider): Allur tíminn, sem sviffluga er í flugtogi frá því hún hreyfist af stað í flugtaki þar til hún losnar við dráttartaugina.
Flugtog (Aero-tow flight): Flug þar sem sviffluga er dregin af flugvél.
Flugvél (Aeroplane): Vélknúið loftfar, þyngra en loft, sem helst á flugi aðallega vegna verkana loftsins á vængfleti sem eru óhreyfanlegir meðan á tilteknum þætti flugs stendur.
Flugvélarlíki (Flight simulator): Sjá nánara gerviflugþjálfi.
Fullgildur flugumferðarstjóri (Rated air traffic controller): Flugumferðarstjóri sem er handhafi skírteinis með gildri áritun fyrir þau störf sem honum er ætlað að vinna.
Gerviflugþjálfi (Synthetic flight trainer): Sameiginlegt nafn um eftirtaldar þrjár gerðir tækja á jörðu þar sem líkt er eftir flugaðstæðum:
— **Flugvélarlíki** (Flight simulator) sem gefur svo nákvæma mynd af stjórnrými tiltekinnar tegundar loftfars að stjórn vélrænna kerfa, rafmagns- og rafeindakerfa, svo og annarra kerfa, líkist í raun réttri því sem er í þessari tegund loftfars; enn fremur líkjast umhverfi flugliða, getumörk loftfarsins og flugeiginleikar á sama hátt.
— **Flugathafnaþjálfi** (Flight procedures trainer) sem gefur raunhæfa mynd af stjórnrými þar sem líkja má eftir viðbrögðum mælitækja og stjórn á vélrænum rafmagns-, rafeinda- og öðrum kerfum, ásamt getumörkum og flugeiginleikum loftfars af tilteknum flokki.
— **Blindflugsþjálfi** (Basic instrument flight trainer) sem búinn er viðeigandi mælitækjum til að líkja eftir aðstæðum í stjórnrými loftfars á flugi í blindflugsskilyrðum.
ICAO (International Civil Aviation Organization): Alþjóðaflugmálastofnunin.
IFR (Instrument flight rules): Alþjóðlegt tákn sem notað er um blindflugsreglur.
ILS (Instrument landing system): Blindlendingarkerfi.
IMC (Instrument meteorological conditions): Alþjóðlegt tákn sem notað er um blindflugsskilyrði.
INS (Inertial navigation system): Tregðuleiðsögukerfi.
Leiðarflug (Enroute flight): Sá hluti flugs milli áfangastaða, sem ekki telst til brottflugs eða aðflugs.

Loftfar (Aircraft): Sérhvert það tæki, sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.
Loftfars-gerð (Aircraft-category): Flokkun loftfara eftir grundvallareiginleikum, svo sem flugvél, sviffluga, þyrilvængja, loftbelgur o. s. frv.
Loftfars-tegund (Aircraft-type of): Öll loftför, gerð eftir sömu grundvallarhönnun, með þeim breytingum sem á loftförum kunna að hafa verið gerðar svo fremi að þær hafi ekki haft í för með sér breytta flugeiginleika.
NOTAM (Notices to airmen): Tilkynningar til flugmanna.
Nótt (Night): Sá tími sem miðpunktur sólar er 6 gráður eða meira fyrir neðan sjóndeildarhring.
PAR (Precision approach radar): PAR-aðflugsradar.
PFT (Proficiency flight test training): Hæfniprófflug/þjálfun.
PPI (Plan position indicator): PPI-radarskjár.
PT (Proficiency test training): Hæfnipróf/þjálfun.
Rafeindabúnaður loftfara (Aircraft avionics): Sérhvert rafeindatæki, sem notað er í loftförum, að meðtöldum rafmagnsbúnaði þess. Þar eru meðtalin radíótæki, einnig sjálfstýribúnaður og mælakerfi, sem rafeindatækni er notuð við.
Rekstrarflugáætlun (Operational flight plan): Áætlun þess, sem loftfar rekur, um öruggan framgang flugsins, gerð með hliðsjón af getumörkum loftfarsins, öðrum rekstrartakmörkunum og þeim skilyrðum sem skipta máli og búast má við á leið þeirri, sem fara á, og á hlutaðeigandi flugvöllum.
RVR (Runway visual range) Flugbrautarskyggni.
Skírteinishafi (Licenced airman): Handhafi skírteinis, sem flugmálastjórn hefur gefið út eða viðurkennt og veitir handhafa réttindi til þess að starfa í eða við loftfar, eða við starfsemi tengda loftförum og starfrækslu þeirra.
S-PFT (Special proficiency flight test/training): Sérstakt hæfniprófflug/þjálfun.
S-PT (Special proficiency test/training): Sérstakt hæfnipróf/þjálfun.
SRE (Surveilance radar element): SRE-radar.
Stjórnað flug (Controlled flight): Flug sérhvers loftfars sem veitt er flugstjórnarþjónusta.
Stjórnað sjónflug (Controlled VFR flight): Stjórnað flug í samræmi við sjónflugsreglur.
Viðurkennt læknisfræðilegt mat (Accredited medical conclusion): Niðurstaða, sem einn eða fleiri sérfræðilæknar, viðurkenndir af flugmálastjórn, hafa komist að í tilteknu máli. Samráð má hafa, þegar þurfa þykir í slíku máli, við sérfræðinga í flugrekstri eða á öðrum sviðum.
Undirritun viðhaldsvottorðs (Signing a maintenance release): Að votta að eftirlit og viðhald hafi verið framkvæmt á fullnægjandi hátt og samkvæmt aðferðum þeim, sem viðhaldsbókin mælir fyrir um, með því að gefa út viðhaldsvottorð það sem vísað er til í ICAO, viðbæti 6.
VFR (Visual flight rules): Alþjóðlegt tákn sem notað er um sjónflugsreglur.
VHF (Very high frequency): Örtíðni.
Viðurkennd viðhaldsstofnun (Approved maintenance organization): Stofnun sem fengið hefur samþykki flugmálastjórnar til að framkvæma undir viðurkenndri umsjón skoðanir, grannskoðanir, viðhald, viðgerðir og/eða breytingar á loftförum eða hluta þeirra.

Ath.: Ekkert mælir gegn því að slík stofnun og umsjón hennar sé viðurkennd af fleiri en einu ríki.

Viðurkennd þjálfun (Approved training): Þjálfun framkvæmd samkvæmt ákveðinni námskrá og undir umsjón sem samþykkt er af flugmálastjórn.
VMC (Visual meteorological conditions): Alþjóðlegt tákn sem notað er um sjónflugsskilyrði.
VOR (VHF omnidirectional range): Fjölstefnuviti.
Þyrilvængja (Rotorcraft): Loftfar, þyngra en loft, sem helst á flugi aðallega vegna lyftikrafts sem einn eða fleiri þyrlar framleiða.
Þyrla (Helicopter): Þyrilvængja sem heldur láréttu flugi aðallega fyrir tilverkan hreyfilknúinna þyrla.

1.2. **Almenn ákvæði.**

Reglugerð þessi nær til allra, sem starfa að stjórn og leiðbeiningu loftfara, viðgerðum þeirra, viðhaldi og eftirliti, og hér eru taldir:

1. **Flugmenn**, þ. e. flugliðar, sem stýra loftförum.
   a) Flugnemar (Student pilots), sbr. gr. 2.2.
   b) Einkaflugmenn (Private pilots), sbr. gr. 2 3. og 2.9.
   c) Svifflugmenn (Glider pilots), sbr. gr. 2.7.
   d) Stjórnendur loftbelgja (Free balloon pilots), sbr. gr. 2.8.
   e) Atvinnuflugmenn III. flokks (Commercial pilots), sbr. gr. 2.4. og 2.10.
   f) Atvinnuflugmenn II. flokks (Senior commercial pilots), sbr. gr. 2.5.
   g) Atvinnuflugmenn I. flokks (Airline transport pilots), sbr. gr. 2.6. og 2.11.
2. **Flugliðar**, aðrir en flugmenn:
   a) Flugleiðsögumenn (Flight navigators), sbr. gr. 3.1.
   b) Flugvélstjórar (Flight engineers), sbr. gr. 3.2.
3. **Aðrir** en flugliðar.
   a) Flugvéltæknar II. flokkur (Aircraft maintenance (technicians/engineers/mechanics) type II), sbr. gr. 4.1.
   b) Flugvéltæknar I. flokkur (Aircraft maintenance (technicians/engineers/mechanics) type I), sbr. gr. 4.2.
   c) Flugumferðarstjórar (Air traffic controllers), sbr. gr. 4.3.
   d) Flugumsjónarmenn (Flight operations officers), sbr. gr. 4.5.
   e) Flugradíómenn (Aeronautical station operators), sbr. gr. 4.6.

1.2.1. **Starfsréttindi.**

Ekki mega aðrir takast á hendur þau störf í íslenskum loftförum eða hér á landi og getur í gr. 1.2. en þeir, sem eru handhafar gilds skírteinis samkvæmt þessari reglugerð og gefið er út eða fullgilt af flugmálastjórn.

1.2.2. **Hvernig fullgilda skal skírteini.**

1.2.2.1. Þegar skírteini, gefið út af öðru aðildarríki ICAO, er tekið gilt í stað þess að gefa út íslenskt skírteini, skal það fullgilt með sérstakri staðfestingu sem fylgja skal skírteininu. Slík fullgilding skal aldrei gilda lengur en skírteinið sjálft.

Ath.: Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir að ríkið, sem gaf út skírteinið, geti framlengt það með viðeigandi tilkynningu án þess að krefjast að fá skírteinið sent eða handhafi þess snúi sér sjálfur til yfirvalda þess ríkis.

1.2.2.2. Flugmannsskírteini, sem gefið er út af aðildarríki ICAO, samkvæmt ICAO viðbæti 1, skal gilda, innan sinna marka, til einkaflugs á loftförum skrásettum á Íslandi. Rétt er flugmálastjórn og umráðendum loftfarsins að at-

huga gildi skírteinisins og skoða flugdagbók handhafa þess til að ganga úr skugga um færni hans.

1.2.3. **Réttindi skírteinishafa.**
Skírteinishafa er ekki heimilt að neyta annarra réttinda en þeirra sem skírteinið veitir.

1.2.4. **Heilbrigðisskilyrði.**

1.2.4.1. Flugmálastjórn skal tilnefna trúnaðarlækna til að kanna heilsufar umsækjenda vegna útgáfu eða endurnýjunar á skírteinum eða áritunum sem um getur í II. og III. kafla og viðeigandi skírteinum IV. kafla.

1.2.4.1.1. Trúnaðarlæknar skulu hafa hagnýta þekkingu á og reynslu af því umhverfi þar sem handhafar atvinnuskírteina og áritana þeirra vinna störf sín.

1.2.4.2. Umsækjandi um skírteini eða áritun þar sem fyrirmæli eru um tiltekna líkamlega eða andlega hæfni, skal láta trúnaðarlækni í té undirritaða yfirlýsingu um hvort hann hafi áður gengið undir nauðsynlega skoðun og þá hver niðurstaða hafi orðið.

1.2.4.2.1. Nú reynist yfirlýsing, sem umsækjandi hefur látið trúnaðarlækni í té, röng og skal það þá tilkynnt Flugmálastjórn Íslands og flugmálastjórn þess ríkis þar sem umsækjandi hefur ríkisfang, ef það er ekki íslenskt, þannig að hægt verði að gera viðeigandi ráðstafanir.

1.2.4.3. Læknisskoðanir skal framkvæma og meta skal heilsufar samkvæmt VI. kafla. Trúnaðarlæknir skal tilkynna flugmálastjórn niðurstöður sínar í samræmi við kröfur hennar.

1.2.4.3.1. Nú telur trúnaðarlæknir sig ekki geta metið heilsufar umsækjanda nema aflað sé frekari upplýsinga. Er umsækjanda þá skylt að gangast undir þá viðbótarrannsókn sem trúnaðarlæknir telur nauðsynlega.

1.2.4.4. Ekki skal gefa út eða endurnýja skírteini ef heilbrigðisskilyrðum er ekki fullnægt. Þó má, í sérstökum tilvikum, gefa út og endurnýja skírteini ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) Viðurkennt læknisfræðilegt mat felur í sér að ástæðan til þess að umsækjandinn fullnægði ekki heilbrigðisskilyrðum, hvort sem um reglubundna skoðun eða aðra er að ræða, er þess eðlis að það hafi ekki áhrif á öryggi flugsins þótt umsækjandinn neyti réttinda sem skírteinið, sem sótt er um, veitir. Flugmálastjórn skal þess fullvís að tekin hafi verið til greina viðeigandi hæfni, leikni eða reynsla umsækjandans.

b) Skírteinið skal áritað með sérstakri takmörkun eða takmörkunum þegar örugg framkvæmd skyldustarfa skírteinishafa er háð slíkum takmörkunum.

1.2.4.5. Sætti umsækjandi sig ekki við niðurstöðu læknisskoðunar getur hann áður en 14 dagar eru liðnir leitað úrskurðar þriggja manna nefndar, sem í eiga sæti trúnaðarlæknar flugmálastjórnar, samgönguráðuneytis og hagsmunafélags umsækjanda, eða læknir tilnefndur af honum sé téður umsækjandi ófélagsbundinn.

1.2.5. **Gildi skírteina.**

1.2.5.1. Þegar ákvæðum VII. kafla er fullnægt, gefur flugmálastjórn út eða endurnýjar skírteini til tveggja ára í senn, miðað við lok þess mánaðar þegar útgáfa eða endurnýjun á sér stað.
Handhafa skírteinis er eigi heimilt að neyta réttinda þeirra sem skírteini og/eða áritanir þess veita, nema hann hafi haldið við hæfni sinni og fullnægt sé ákvæðum laga og reglugerða er varða heilbrigðiskröfur, nýlega reynslu og hæfnipróf, enda er skírteinið og áritanir þess eigi í gildi ef þess er ekki gætt.

1.2.5.1.1. Prófað skal á þann hátt sem flugmálastjórn ákveður, hvort flugliði hefur haldið við hæfni sinni. Það skal staðfest með áritun í flugdagbók hlutaðeigandi flugliða.

1.2.5.2. Með þeim undantekningum, sem um getur í gr. 1.2.5.2.1. skal leggja fram heilbrigðisvottorð samkvæmt gr. 1.2.4.2. og 1.2.4.3. á ekki lengri fresti en hér segir:

24	mánaða	fyrir	skírteini	flugnema/flugvél og flugnema/þyrla
24	—	—	—	einkaflugmanns/flugvél
24	—	—	—	sviffflugmanns
24	—	—	—	einkaflugmanns/þyrla
24	—	—	—	stjórnanda loftbelgs
12	—	—	—	atv.flugm. III. flokks/flugvél
12	—	—	—	atv.flugm. III. flokks/þyrla
6	—	—	—	atv.flugm. II. flokks/flugvél
6	—	—	—	atv.flugm. I. flokks/flugvél
6	—	—	—	atv.flugm. I. flokks/þyrla
12	—	—	—	flugleiðsögumanns
12	—	—	—	flugvélstjóra
12	—	—	—	flugumferðarstjóra

1.2.5.2.1. Þegar handhafi er orðinn fertugur skal 24 mánaða gildistími heilbrigðisvottorðs einkaflugmanns, sviffflugmanns og stjórnanda loftbelgs lækkaður í 12 mánuði og 12 mánaða gildistími heilbrigðisvottorðs atvinnuflugmanns III. flokks lækkaður í 6 mánuði.

1.2.5.2.2. **Hvenær fresta má læknisskoðun.**
Fresta má endurnýjun læknisskoðunar skírteinishafa, sem er að störfum fjarri aðsetri trúnaðarlæknis, með sérstakri undanþágu flugmálastjórnar. Slíka frestun skal þó ekki veita nema sérstaklega standi á. Fyrir eftirtalda skírteinishafa skal hún ekki vera lengri en:

a) eitt sex mánaða tímabil ef um er að ræða flugliða loftfars sem ekki er í atvinnuflugi.
b) tvö þriggja mánaða tímabil samfleytt ef um flugliða í atvinnuflugi er að ræða, að því tilskildu að fyrir bæði tímabilin fái skírteinishafi fullnægjandi vottorð frá hlutaðeigandi héraðslækni eða trúnaðarlækni erlendra flugmálastjórna. Ef það er ekki unnt skal leggja fram vottorð frá lækni þeim, sem til næst. Skýrsla um læknisskoðunina skal send flugmálastjórn.
c) eitt tímabil ekki lengra en 24 mánuði þegar skoðunin er gerð af lækni sem tilnefndur er samkvæmt gr. 1.2.4.1. af því ríki innan ICAO þar sem umsækjandinn er staddur. Þetta á þó aðeins við ef einkaflugmaður á í hlut. Skýrsla um læknisskoðunina skal send flugmálastjórn.

1.2.6. **Heilsubrestur um stundarsakir.**

1.2.6.1. Skírteinishafi skal ekki neyta réttar þess sem skírteinið veitir ef hann verður þess var að heilsu hans hafi hrakað svo að óvíst sé að hann geti notfært sér réttindi skírteinisins á öruggan hátt.

1.2.7. **Almennt.**

1.2.7.1. Handhafi skírteinis skal jafnan hafa það í sinni vörslu þegar hann er að störfum, og sýna hlutaðeigandi yfirvöldum þegar þess er krafist.

1.2.7.2. Til þess að mega nota talstöðvar skulu skírteinishafar enn fremur afla sér sérstakra skírteina sem Póst- og símamálastofnunin gefur út í því skyni.

II. KAFLI

SKÍRTEINI OG ÁRITANIR FLUGMANNA

2.1. **Áritanir á skírteini flugmanna og réttindi sem þær veita.**

2.1.1. Áritanir, sem taka til loftfara, eru sem hér segir:
a) gerðaráritun,
b) flokksáritun,
c) tegundaráritun.

2.1.1.1. Gerðaráritun skal ná til ferns konar gerða loftfara.
Þau eru:
a) flugvél,
b) þyrilvængja (þ. e. þyrla eða þyrilfluga),
c) sviffluga,
d) loftbelgur (laus).
Gerðaráritun skal skráð á skírteini flugmanns ef hennar er ekki sérstaklega getið í fyrirsögn skírteinisins.
Ath.: Þörfin fyrir gerðaráritanir fer eftir tegundum flugmannsskírteina.

2.1.1.2. Flokksáritun skal ná til eftirfarandi flokka loftfara.
Þeir eru:
a) Flugvélar:
i) einhreyfils landflugvél,
ii) einhreyfils sjóflugvél,
iii) fjölhreyfla landflugvél,
iv) fjölhreyfla sjóflugvél.
b) Þyrilvængjur:
i) einþyrils þyrla,
ii) fjölþyrla þyrla,
iii) þyrilfluga.

2.1.1.3. Tegundaráritun skal segja til um stöðu þá (flugstjóri eða aðstoðarflugmaður) sem áritunin gildir um og skal vera fyrir:
a) hverja tegund loftfars sem hefur skráða hámarksþyngd við flugtak meiri en 5700 kg,
b) sérhverja tegund þyrlu,
c) hverja þá tegund, þar á meðal óvenjulega tegund eða margbrotna, sem flugmálastjórn ákveður.

2.1.2. **Hvenær krefjast skal áritana sem taka til loftfara.**

2.1.2.1. Handhafa flugskírteinis er eigi heimilt að starfa án áritunar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á loftfari sem krefst meira en eins flugmanns nema slík réttindi hafi verið staðfest á réttmætan hátt af flugmálastjórn.

2.1.2.2. Réttmæt staðfesting er gerð með:
a) gerðaráritun,
b) flokksáritun, þegar við á, og
c) tegundaráritun þegar þess er krafist, samkv. gr. 2.1.1.3.

2.1.3. **Sönnun á hæfni fyrir áritanir sem taka til loftfara.**

2.1.3.1. Þegar umsækjandi hefur sannað hæfni sína til þess að verða handhafi flugskírteinis skulu þær áritanir, sem eiga við gerð, flokk og tegund loftfarsins sem notað var við prófið, skráðar á flugskírteini hans.

2.1.3.2. Nú sækir handhafi flugskírteinis um viðbótaráritanir, sem taki til loftfara og skal hann þá sanna að hann hafi hæfni þá, sem hæfir skírteini hans og flugstarfi, til að fljúga gerð, flokki og tegund loftfars þess sem óskað er áritunar fyrir þegar það á við, samkvæmt gr. 2.1.1.3.

2.1.3.2.1. Með samþykki flugmálastjórnar má leysa verkefni þau, sem krafist er í prófum fyrir útgáfu skírteinis eða áritunar, í gerviflugþjálfa. Ef viðeigandi tæki er hins vega ekki tiltækt má breyta verkefnum eða fella þau niður ef ekki þykir ráðlegt að leysa þau af hendi í loftfari því sem notað er við prófin.

2.1.4. **Hvenær krefjast skal áritunar fyrir blindflug.**

2.1.4.1. Handhafa flugskírteinis er eigi heimilt að starfa sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður samkvæmt blindflugsreglum (IFR) nema slík réttindi hafi verið staðfest á réttmætan hátt af flugmálastjórn. Réttmæt staðfesting er fólgin í blindflugsáritun fyrir gerð loftfars þess sem við á.

Ath.: Blindflugsáritun fyrir flugvél felst í skírteini atvinnuflugmanns I. flokks/flugvél. Fyrirmæli greinar 2.1.4.1. tákna því ekki að eigi megi gefa út skírteini sem fela í sér blindflugsáritun.

2.1.5. **Hvenær krefjast skal áritunar fyrir flugkennslu.**

2.1.5.1. Handhafa flugskírteinis er eigi heimilt að veita flugkennslu fyrir einkaflugspróf, gerðaráritun eða blindflugsáritun nema slík réttindi hafi verið á réttmætan hátt staðfest af flugmálastjórn. Réttmæt staðfesting er fólgin í:

a) áritun á skírteinið fyrir flugkennslu,
b) heimild til að starfa fyrir viðurkennda stofnun sem flugmálastjórn hefur leyft að stunda flugkennslu, eða
c) sérstakri heimild frá flugmálastjórn.

2.1.6. **Hvenær krefjast skal áritunar fyrir stjórnað sjónflug.**

2.1.6.1. Handhafa flugskírteinis er eigi heimilt að starfa sem flugstjóri á leiðarflugi sem telst til stjórnaðs sjónflugs nema slík réttindi hafi verið staðfest á réttmætan hátt af flugmálastjórn. Réttmæt staðfesting er fólgin í því að skrá áritun fyrir stjórnað sjónflug á skírteinið.

Ath. 1: Í þessum skilningi er stjórnað VFR-leiðarflug allt stjórnað sjónflug annað en flugvallarumferð og sérlegt sjónflug.

Ath. 2: Áritun fyrir stjórnað sjónflug felst í skírteinum atvinnuflugmanns/flugvél, I., II. og III. flokks, atvinnuflugmanns/þyrla I. og III. flokks. Fyrirmæli greinar 2.1.6.1. tákna því ekki að eigi megi gefa út skírteini sem felur í sér áritun fyrir stjórnað sjónflug.

2.1.7. **Réttindamissir flugmanna sem náð hafa 60 ára aldri.**

2.1.7.1. Skírteinishafa er eigi rétt að starfa sem flugstjóri í loftfari, sem rekið er í atvinnuflutningum, eftir að hann hefur náð 60 ára aldri.

2.1.7.2. Skírteinishafa er eigi rétt að starfa sem aðstoðarflugmaður í loftfari, sem rekið er í atvinnuflutningum, eftir að hann hefur náð 60 ára aldri.

2.1.7.3. Heimilt er þó að framlengja hámarksaldur þann, sem um getur í gr. 2.1.7.1. og 2.1.7.2., um allt að 3 árum enda gangist hlutaðeigandi flugmaður undir læknisskoðun trúnaðarlækna flugmálastjórnar ekki sjaldnar en á fjögurra mánaða fresti eftir að hann nær 60 ára aldri.

2.2. **Flugnemi/flugvél og flugnemi/þyrla.**

2.2.1. **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.**

Umsækjandi um skírteini flugnema/flugvél eða flugnema/þyrla skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu, reynslu, færni og heilbrigði.

2.2.1.1. **Aldur.**

Hann skal ekki vera yngri en 17 ára.

2.2.1.2. **Þekking.**
Hann skal, skriflega eða munnlega, sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:
a) flugreglum og fyrirmælum um einkaflug á flugvélum eða þyrlum,
b) hagnýtum atriðum um landflug og gerð flugáætlana fyrir sjónflug,
c) viðeigandi öryggisreglum og neyðarráðstöfunum, þar á meðal hvernig ber að forðast hættuleg veðurskilyrði.

2.2.1.3. **Reynsla.**
Hann skal hafa lokið að minnsta kosti 8 klst. flugtíma á hlutaðeigandi gerð loftfars með kennara, þó með þeim fyrirvara að flugmálastjórn geti lækkað kröfur þessar í samræmi við hæfni hans og reynslu ef hann er handhafi skírteinis flugmanns á annarri gerð loftfars.

2.2.1.4. **Færni.**
Hann skal í reynsluflugi með flugkennara, sbr. gr. 2.15.3., sanna að hann sé fær um að fljúga tilgreindri tegund flugvéla eða þyrla einn síns liðs á öruggan hátt.

2.2.1.5. **Heilbrigði.**
Hann skal fullnægja eftirfarandi heilbrigðisskilyrðum:
Skilyrðum um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 3
— — sjón no. 2
— — litaskynjun
— — heyrn no. 2

2.2.2. **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði, sem fullnægja þarf til að njóta þeirra.**
Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í gr. 1.2 5., 1.2.6. og 2.1., hefur handhafi skírteinis flugnema/flugvél eða flugnema/þyrla rétt til, undir eftirliti og með leyfi fullgilds flugkennara eða aðstoðarflugkennara, að fljúga flugvél eða þyrlu af tiltekinni tegund einn síns liðs. Honum er heimilt undir slíku eftirliti að fljúga landflug en flugnemi má ekki fljúga milli landa nema sérleg leyfi hlutaðeigandi landa komi til.

2.2.3. **Gildi.**
Skírteinið er gefið út eftir að skrifleg ósk um það hefur borist frá viðurkenndum flugskóla, en flugkennara sbr. gr. 2.15.3. er þó heimilt að senda nemann í fyrsta einflug áður en skírteinið er gefið út.
Skírteinið er því aðeins í gildi að flugkennari nemans hafi áritað það fyrir hvert flug og getið um hvað æfa skuli og um lengd æfingatímans. Flugkennari skal í flugi kynna sér hæfni nemans áður en hann áritar skírteinið ef neminn hefur ekki flogið síðustu 30 dagana.

2.3. **Einkaflugmaður/flugvél.**

2.3.1. **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.**
Umsækjandi um skírteini einkaflugmanns/flugvél skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu, reynslu, færni og heilbrigði:

2.3.1.1. **Aldur.**
Hann skal ekki vera yngri en 17 ára.

2.3.1.2. **Þekking.**
Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:
a) undirstöðuatriðum flugfræðinnar, sem varða flugvélar, sérstaklega eðli og hugsanlegar afleiðingar ofriss,
b) getumörkum viðeigandi flugvéla og hreyfla,

c) gerð flugáætlana fyrir almannaflug við sjónflugsskilyrði, bæði fyrir flugtak og meðan á flugi stendur,
d) notkun flugmálahandbóka AIP og NOTAM,
e) reglum og reglugerðarákvæðum um einkaflug á flugvélum, þar með taldar viðeigandi venjur og reglur um flugumferðarþjónustu og stöðutilkynningar,
f) hagnýtingu á undirstöðuatriðum flugveðurfræðinnar og aðferðum við öflun veðurfrétta,
g) hagnýtum atriðum um landflug og notkun leiðarreiknings og annarrar flugleiðsögutækni sem flugmenn nota við staðsetningar, þar með talin notkun flugkorta,
h) notkun flugmælitækja og búnaðar, meðal annars VOR og ADF, fyrir sjónflug, ásamt mismunandi stillingu hæðarmæla, og
i) viðeigandi öryggisreglum og neyðarráðstöfunum, þar með talið hvernig ber að forðast hættuleg veðurskilyrði.

2.3.1.3. **Reynsla.**

Hann skal hafa lokið að minnsta kosti:

a) 40 klst. flugtíma á flugvél, einn síns liðs og með kennara eða a. m. k. 35 klst., ef hann hefur lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri, þó með þeim fyrirvara að
   — ef hann óskar skírteinis til að fljúga flugvél sem að dómi flugmálastjórnar er af óvenjulegri eða margbrotinni tegund má breyta þessum ákvæðum eftir þeirri hæfni og reynslu sem nauðsynleg er í hverju tilviki,
   — ef hann er handhafi skírteinis svifflugmanns eða flugmanns á þyrilvængju getur flugmálastjórn dregið úr kröfum þessum í samræmi við hæfni hans og reynslu,
b) 10 klst. flugtíma, einn síns liðs í landflugi. Skal eitt flugið vera til flugvallar í a. m. k. 90 km (50 sjómílna) fjarlægð frá brottfararstað og skal lent á ekki færri en tveimur stöðum á flugleiðinni, þannig að flugvélin staðnæmist eftir lendingu. Þessar 10 klst. í landflugi mega vera innifaldar í heildarflugtímanum, þ. e. 40 klst. eða 35 klst., sem um getur í gr. 2.3.1.3. a),
c) blindflugsnámi í flugvél í a. m. k. 5 klst.

2.3.1.4. **Færni.**

Hann skal sanna hæfni sína til að
a) leysa af hendi bæði venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf sem eiga við þá tegund flugvélar sem notuð er við prófið,
b) fara eftir venjum og aðferðum við flugumferðarþjónustu,
c) sinna blindflugi að því marki að hann geti snúið við eftir mælitækjum ef þörf krefur.

Ath.: Ofangreindar kröfur um færni gilda einnig fyrir sérstakt hæfnipróf (S-PFT).

2.3.1.5. **Heilbrigði.**

Hann skal fullnægja eftirfarandi heilbrigðisskilyrðum:

Skilyrðum um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 3
— — sjón no. 2
— — litaskynjun
— — heyrn no. 2

2.3.1.5.1. Ef óskað er blindflugsáritunar skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:
Skilyrðum um heyrn no. 1.

2.3.2. **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að njóta þeirra.**

2.3.2.1. Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., hefur einkaflugmaður/flugvél rétt til að starfa án endurgjalds

a) sem flugstjóri hverrar þeirrar flugvélar sem ekki er rekin gegn endurgjaldi, að því tilskildu:
   i) að hann flytji ekki farþega ef hann hefur ekki leyst af hendi a.m.k. 5 flugtök og 5 lendingar á hlutaðeigandi tegund flugvélar á síðustu 90 dögum, og
   ii) að hann flytji ekki farþega að nóttu, ef hann hefur ekki á undanförnum 6 mánuðum leyst af hendi 5 lendingar og 5 flugtök að nóttu eða á undanförnum 12 mánuðum leyst af hendi 10 lendingar og 10 flugtök að nóttu,

b) sem aðstoðarflugmaður hverrar þeirrar flugvélar sem ekki er rekin gegn endurgjaldi.

2.3.2.2. Til þess að halda réttindum sínum þarf einkaflugmaður/flugvél að hafa skráðan a.m.k. 10 klst. flugtíma sem flugstjóri eða með kennara á síðustu 12 mánuðum eða hafa staðist hæfnipróf (PFT) fyrir einkaflug. Helmingur þessa flugtíma má vera á svifflugum eða þyrilvængjum. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir einkaflug ekki sjaldnar en á 24 mánaða fresti.

2.3.2.3. Ef réttindi, sem skírteinið veitir, falla úr gildi skal handhafi þess standast sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn eða reynsluflugmanni sem flugmálastjórn samþykkir. Ef skírteinið hefur verið ógilt 12 mánuði eða lengur skal hann auk þess standast próf í flugreglum hjá flugmálastjórn. Ef það hefur verið ógilt 24 mánuði eða lengur skal hann þar að auki standast próf í siglingafræði og veðurfræði. Ef skírteinið hefur verið ógilt lengur en 36 mánuði skal hann standast próf í öllum greinum sem þarf til þess að fá í hendur skírteinið.

2.4. **Atvinnuflugmaður III. flokks/flugvél.**

2.4.1. **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.**

Umsækjandi um skírteini atvinnuflugmanns III. flokks/flugvél skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni og heilbrigði:

2.4.1.1. **Aldur.**

Hann skal ekki vera yngri en 18 ára.

Ath.: Tiltekin réttindi tengd skírteininu falla úr gildi samkvæmt gr. 2.1.7. þegar skírteinishafi hefur náð 60 ára aldri.

2.4.1.2. **Þekking og menntun.**

2.4.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:

a) flugfræði flugvéla,
b) getumörkum viðeigandi flugvéla og hreyfla, meginreglum um hleðslu og niðurröðun farmþunga og áhrifum hennar á flugeiginleika; ályktun af heimildum um getu, þar með töldum flugtakshömlum,
c) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, rekstrarflugáætlana og flugáætlana meðan á flugi stendur,
d) notkun upplýsingarita um flug, svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,

e) reglum og reglugerðarákvæðum sem varða réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks/flugvél, þar með taldar viðeigandi venjur og reglur um flugumferðarþjónustu og stöðutilkynningar,
f) hagnýtingu á undirstöðuatriðum flugveðurfræðinnar, þar með talin túlkun veðurkorta og veðurskeyta ásamt aðferðum við öflun veðurfrétta,
g) hagnýtri loftsiglingafræði fyrir landflug, notkun flugkorta, flugmælitækja og viðeigandi flugleiðsögutækja, ásamt mismunandi stillingu hæðarmæla,
h) talstöðvaviðskiptum og viðeigandi orðasamböndum og skal sérstök áhersla lögð á tilkynningar um staðarákvarðanir,
i) ráðstöfunum, sem gera þarf, ef radíósamband rofnar og þegar flug við sjónflugsskilyrði er ekki framkvæmanlegt eftir gildandi flugáætlun vegna versnandi veðurs,
j) notkun og prófun á viðeigandi tækjum og tækjakerfum flugvéla,
k) almennum atriðum um viðhald flugvéla og hreyfla þeirra, og
l) viðeigandi öryggisreglum og neyðarráðstöfunum.

2.4.1.2.2. Hann skal hafa lokið a. m. k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, eða öðru hliðstæðu námi og hafa gott vald á íslensku máli.
Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum sé fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar.

2.4.1.3. **Reynsla.**
Hann skal hafa alla þá reynslu, sem krafist er fyrir skírteini einkaflugmanns/flugvél og má hún vera innifalin í þeim kröfum sem tilgreindar eru í gr. 2.4.1.3.1.

2.4.1.3.1. Hann skal hafa lokið a. m. k. 200 klst. flugtíma í flugvél eða 150 klst. flugtíma ef hann hefur lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri. Þessar 200 klst. eða 150 klst. skulu, eftir því sem við á, fela í sér:
a) 100 klst. sem flugstjóri,
b) 20 klst. flugtíma í landflugi sem flugstjóri, þar af eitt flug minnst 550 km (300 sjómílur) með viðkomu á tveimur stöðum á leiðinni þar sem loftfarið hefur staðnæmst eftir lendingu,
c) 10 klst. blindflugsæfingatíma en þar af mega allt að 5 klst. vera blindflugsæfingatími á jörðu,
d) ef næturflugsréttinda er óskað, 5 klst. næturflug, þar með talin a. m. k. 10 flugtök og 10 lendingar sem flugstjóri, þannig að hann handfjalli einn stjórntækin.
Ef umsækjandi er handhafi flugskírteinis fyrir þyrilvængjur eða svifflugur má lækka kröfur þær sem um getur í a), b), c) og d) eftir hæfni hans og reynslu í slíku flugi.

Ath.: Reynsla sú í næturflugi, sem um getur í gr. 2.4.1.3.1. d), og blindflugsæfingatími sá, sem um getur í gr. 2.4.1.3.1. c), veita ekki handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks/flugvél rétt til að fljúga flugvélum samkvæmt blindflugsreglum (IFR).

2.4.1.4. **Færni.**
Hann skal, samkv. gr. 2.1.3., sanna hæfni sína til að:
a) leysa af hendi bæði venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf sem eiga við þá tegund flugvélar sem notuð er við prófið,

b) fara eftir venjum og aðferðum við flugumferðarþjónustu og annast viðeigandi fjarskipti með þeirri hæfni sem handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks/flugvél sæmir,

c) fljúga blindflug, að því marki, að hann geti stjórnað flugvél og leyst af hendi einföld flugstörf eingöngu eftir mælitækjum. Þetta veitir þó ekki réttindi til blindflugs.

Ath.: Ofangreindar kröfur um færni gilda einnig fyrir sérstakt hæfnipróf (S-PFT).

2.4.1.5. **Heilbrigði.**

Hann skal fullnægja eftirfarandi heilbrigðisskilyrðum:

Skilyrðum um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 1.
— — sjón no. 1.
— — litaskynjun.
— — heyrn no. 1.

2.4.2. **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að njóta þeirra.**

2.4.2.1. Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., skulu réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks/flugvél vera sem hér segir:

a) að njóta allra þeirra réttinda sem einkaflugmaður/flugvél nýtur og einnig réttinda handhafa áritunar fyrir stjórnað sjónflug,

b) að starfa sem flugstjóri í sérhverri flugvél sem ekki er rekin til atvinnuflutninga,

c) að starfa sem flugstjóri í atvinnuflutningum í hverri þeirri flugvél sem hefur skráða hámarksþyngd við flugtak 5700 kg eða lægri. Hann skal þó ekki starfa sem slíkur að nóttu nema hann hafi uppfyllt ákvæði gr. 2.4.1.3.1. d) og að hann hafi á síðustu 6 mánuðum fyrir slíkt næturflug leyst af hendi a. m. k. 10 flugtök og 10 lendingar að nóttu eða á síðustu 12 mánuðum fyrir slíkt næturflug leyst af hendi a. m. k. 20 flugtök og 20 lendingar að nóttu. Hann skal þó ekki starfa sem flugstjóri í atvinnuflutningum með farþega fyrr en hann hefur náð 500 klst. flugtíma reynslu.

d) að starfa sem aðstoðarflugmaður í atvinnuflutningum í flugvélum sem þarfnast aðstoðarflugmanns.

2.4.2.2. Til þess að halda réttindum sínum þarf atvinnuflugmaður III. flokks/flugvél að hafa skráðan a. m. k. 70 klst. flugtíma sem flugstjóri á síðustu 12 mánuðum eða hafa á sama tíma staðist sérstakt hæfnipróf (S-PFT). Allt að helmingur þessa flugtíma má vera á þyrlu. Samsvarandi flugtíma sem aðstoðarflugmaður má taka til greina í hlutföllunum 1:2. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) til atvinnuflugs III. flokks/flugvél ekki sjaldnar en á 12 mánaða fresti.

2.4.2.3. Ef handhafi fullnægir ekki kröfum sem gerðar eru um heilbrigði, nýlega reynslu eða hæfnipróf (PFT) til þess að halda óskertum réttindum sem skírteinið veitir þá heldur skírteinishafi sjálfkrafa réttindum lægri réttindaflokks ef hann fullnægir kröfum sem þar eru gerðar.

2.4.2.4. Ef réttindi, sem skírteinið veitir, falla úr gildi skal handhafi þess standast sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn eða reynsluflugmanni sem flugmálastjórn samþykkir. Ef skírteinið hefur verið ógilt 12 mánuði eða lengur skal hann auk þess standast próf í flugreglum hjá flugmálastjórn. Ef það hefur verið ógilt í 24 mánuði eða lengur skal hann þar að auki standast próf í siglingafræði og veðurfræði. Ef skírteinið hefur verið

ógilt lengur en 36 mánuði skal hann standast próf í öllum greinum sem þarf til þess að fá í hendur skírteinið.

2.5. **Atvinnuflugmaður II. flokks/flugvél.**

2.5.1. **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.**

Umsækjandi um skírteini atvinnuflugmanns II. flokks/flugvél skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni og heilbrigði:

2.5.1.1. **Aldur.**

Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.

Ath.: Tiltekin réttindi tengd skírteininu falla úr gildi samkvæmt gr. 2.1.7. þegar skírteinishafi hefur náð 60 ára aldri.

2.5.1.2. **Þekking og menntun.**

2.5.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:

a) flugfræði flugvéla,
b) getumörkum viðeigandi flugvéla og hreyfla, meginreglum um hleðslu og niðurröðun farmþunga og áhrifum hennar á flugeiginleika; ályktun af heimildum um getu, þar með töldum flugtakshömlum,
c) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, rekstrarflugáætlana og flugáætlana meðan á flugi stendur,
d) notkun upplýsingarita um flug, svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,
e) reglum og reglugerðarákvæðum, sem varða réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns II. flokks/flugvél, þar með taldar viðeigandi venjur og reglur um flugumferðarþjónustu og stöðutilkynningar,
f) flugveðurfræði og hinni alþjóðlegu veðurþjónustu, veðurkortum og skjölum um veðurþjónustu, aðferðum við öflun veðurfrétta,
g) veðurfari á svæðum, sem alþjóðlegar flugleiðir liggja um með hliðsjón af þeim atriðum sem hafa áhrif á flugsamgöngur, þróun og hreyfingar lægða og þrýstikerfa, gerð veðurskila, svo og uppruna og sérkennum mikilvægra veðurfyrirbrigða sem hafa áhrif á flugskilyrði, bæði meðan á flugi stendur og við flugtök og lendingar,
h) loftsiglingafræði, þar með talin notkun á formúlum, flugkortum, flugmælitækjum og flugleiðsögutækjum; mismunandi stillingum hæðarmæla ásamt skilningi á eiginleikum og einkennum viðeigandi leiðsögukerfa,
i) aðferðum við talstöðvaviðskipti, sem notaðar eru við flugrekstur,
j) notkun og prófun á viðeigandi tækjum og tækjakerfum flugvéla,
k) almennum atriðum um viðhald flugvéla og hreyfla þeirra, og
l) viðeigandi öryggisreglum og neyðarráðstöfunum.

2.5.1.2.2. Hann skal hafa lokið:

a) a. m. k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, og hafa gott vald á íslensku máli,
b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og eðlisfræði eða öðru hliðstæðu námi að mati flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það hvort fyrrgreindum menntunarkröfum sé fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar.

2.5.1.3. **Reynsla.**

Hann skal hafa alla þá reynslu, sem krafist er fyrir skírteini atvinnuflugmanns III. flokks/flugvél og má hún vera innifalin í þeim kröfum sem tilgreindar eru í gr. 2.5.1.3.1.

2.5.1.3.1. Hann skal:

a) hafa lokið a. m. k. 900 klst. flugtíma í flugvél eða 700 klst. flugtíma á viðurkenndu flugþjálfunarnámskeiði. Af þessum tíma skal hann hafa flogið a. m. k. 150 klst. sem flugstjóri og það sem vantar á 200 klst., skal hann annaðhvort hafa flogið sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður, sem vinnur flugstjórastörf undir sérstakri handleiðslu flugstjóra að því tilskildu að tilhögun slíkrar handleiðslu sé samþykkt af flugmálastjórn. Flugtíma, sem maður hefur þannig flogið sem aðstoðarflugmaður undir handleiðslu, skal taka til greina samkvæmt gr. 2.17.

i) í þessum umræddu 200 klst. skal vera 50 klst. flugtími í landflugi, þar af a. m. k. 10 klst. að nóttu, enn fremur 25 klst. næturflug með 10 flugtökum og lendingum,

ii) eða í stað 10 klst. landflugs að nóttu, sem tilgreint er í i), 10 klst. blindflugstími í landflugi sem þá skal vera til viðbótar við blindflugsæfingatímann sem um getur í gr. 2.5.1.3.1. b),

b) hafa lokið a. m. k. 20 klst. blindflugsæfingatíma. Þar af mega allt að 10 klst. vera blindflugsæfingatími á jörðu.

Ef umsækjandi er handhafi flugskírteinis fyrir þyrilvængjur eða svifflugur má lækka kröfur þær, sem um getur í a) og b), eftir hæfni hans og reynslu í slíku flugi.

Ath.: Næturflugsreynsla, sem tilgreind er í gr. 2.5.1.3.1. a), og blindflugsæfingatíminn, sem tilgreindur er í gr. 2.5.1.3.1. a) og b), veita ekki handhafa skírteinis atvinnuflugmanns II. flokks/flugvél rétt til að fljúga flugvélum samkvæmt blindflugsreglum (IFR).

2.5.1.4. **Færni.**

Hann skal samkvæmt gr. 2.1.3. sanna hæfni sína til að:

a) leysa af hendi

i) bæði venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf,

ii) í blindflugi, eingöngu eftir mælitækjum, venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf, þar með talið að rétta flugvélina við úr óeðlilegri flugstöðu.

b) fara eftir venjum og reglum um flugumferðarþjónustu og annast fjarskipti með þeirri hæfni sem handhafa skírteinis atvinnuflugmanns II. flokks/flugvél sæmir.

Ath.: Ofangreindar kröfur um færni gilda einnig fyrir sérstakt hæfnipróf (S-PFT).

2.5.1.5. **Heilbrigði.**

Hann skal fullnægja eftirfarandi heilbrigðisskilyrðum:

Skilyrðum um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 1.

— — sjón no. 1.

— — litaskynjun.

— — heyrn no. 1.

2.5.2. **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að njóta þeirra.**

2.5.2.1. Að því tilskildu, að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., skulu réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns II. flokks/flugvél vera sem hér segir:

a) að njóta allra réttinda einkaflugmanns/flugvél og atvinnuflugmanns III. flokks/flugvél og einnig réttinda handhafa áritunar fyrir stjórnað sjónflug,

b) að starfa sem flugstjóri í atvinnuflutningum í hverri þeirri flugvél sem hefur skráða hámarksþyngd við flugtak 20 000 kg eða minni,
c) að starfa sem aðstoðarflugmaður í atvinnuflutningum í flugvélum sem þarfnast aðstoðarflugmanns.

2.5.2.1.1. Til þess að njóta réttinda skírteinis atvinnuflugmanns II. flokks/flugvél í atvinnuflutningum þarf skírteinishafi að hafa gilda blindflugsáritun/flugvél.

2.5.2.2. Til þess að halda réttindum sínum þarf atvinnuflugmaður II. flokks/flugvél að hafa skráðan a. m. k. 35 klst. flugtíma sem flugstjóri á síðustu 6 mánuðum eða hafa staðist á sama tíma sérstakt hæfnipróf (S-PFT). Allt að helmingur þessa flugtíma má vera á þyrlu. Samsvarandi flugtíma sem aðstoðarflugmaður má taka til greina í hlutföllunum 1:2. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) til atvinnuflugs II. flokks/flugvél ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Milli þessara hæfniprófa má ekki vera skemmra en 4 mánuðir og ekki lengra en 8 mánuðir.

2.5.2.3. Ef skírteinishafi fullnægir ekki kröfum sem gerðar eru um heilbrigði, nýlega reynslu eða hæfnipróf (PFT) til þess að halda óskertum réttindum sem skírteinið veitir þá heldur skírteinishafi sjálfkrafa réttindum lægri réttindaflokks ef hann fullnægir kröfum sem þar eru gerðar.

2.5.2.4. Ef réttindi, sem skírteinið veitir, falla úr gildi skal handhafi þess standast sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn eða reynsluflugmanni sem flugmálastjórn samþykkir. Ef skírteinið hefur verið ógilt í 12 mánuði eða lengur skal hann að auki standast próf í flugreglum hjá flugmálastjórn. Ef það hefur verið ógilt í 24 mánuði eða lengur skal hann þar að auki standast próf í siglingafræði og veðurfræði. Ef skírteinið hefur verið ógilt lengur en 36 mánuði skal hann standast próf í öllum greinum sem þarf til þess að fá í hendur skírteinið.

2.6. **Atvinnuflugmaður I. flokks/flugvél.**

2.6.1. **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.**
Umsækjandi um skírteini atvinnuflugmanns I. flokks/flugvél skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni og heilbrigði:

2.6.1.1. **Aldur.**
Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.

Ath.: Tiltekin réttindi tengd skírteininu falla úr gildi samkvæmt gr. 2.1.7. þegar skírteinishafi hefur náð 60 ára aldri.

2.6.1.2. **Þekking og menntun.**

2.6.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:
a) flugfræði flugvéla,
b) getumörkum viðeigandi flugvéla og hreyfla, meginreglum um hleðslu og niðurröðun farmþunga og áhrifum hennar á flugeiginleika; ályktun af heimildum um getu og hömlum tengdum getu,
c) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, rekstrarflugáætlana og flugáætlana meðan á flugi stendur,
d) notkun upplýsingarita um flug, svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,
e) reglum og reglugerðarákvæðum um flugrekstur í öllum veðurskilyrðum ásamt viðeigandi aðferðum við flugumferðarþjónustu,
f) flugveðurfræði og hinni alþjóðlegu veðurþjónustu, veðurkortum og skjölum um veðurþjónustu, aðferðum við öflun veðurfrétta,

g) veðurfari á svæðum, sem alþjóðlegar flugleiðir liggja um með hliðsjón af þeim atriðum, sem hafa áhrif á flugsamgöngur, þróun og hreyfingar lægða og þrýstikerfa, gerð veðurskila, svo og uppruna og sérkennum mikilvægra veðurfyrirbrigða sem hafa áhrif á flugskilyrði bæði meðan á flugi stendur og við flugtök og lendingar,
h) loftsiglingafræði, þar með talin notkun á formúlum, flugkortum, flugmælitækjum og flugleiðsögutækjum; mismunandi stillingum hæðarmæla ásamt skilningi á eiginleikum og einkennum flugleiðsögukerfa, bæði þeirra, sem eru sjálfum sér nóg í loftfarinu (t. d. INS) og þeirra, sem háð eru stöðvum á jörðu,
i) flugleiðsögukerfum þeim, sem flugmenn lesa beint af, og notkun þeirra í blindflugi og við aðflug og lendingar. Hann skal geta dæmt um áreiðanleika upplýsinga frá slíkum kerfum á flugi,
j) aðferðum við talstöðvaviðskipti sem notaðar eru við flugrekstur,
k) starfsemi ásamt notkun og prófun á viðeigandi tækjum og tækjakerfum flugvéla,
l) almennum atriðum um viðhald flugvéla og hreyfla þeirra og
m) öryggisreglum og neyðarráðstöfunum.

2.6.1.2.2. Hann skal hafa lokið:

a) a. m. k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans og hafa gott vald á íslensku máli,
b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og eðlisfræði eða öðru hliðstæðu námi að mati flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum sé fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar.

2.6.1.3. **Reynsla.**

Hann skal hafa alla þá reynslu sem krafist er fyrir skírteini atvinnuflugmanns II. flokks/flugvél og má hún vera innifalin í þeim kröfum sem tilgreindar eru í gr. 2.6.1.3.1.

2.6.1.3.1. Hann skal hafa lokið a. m. k. 1500 klst. flugtíma í flugvél, viðurkenndum í samræmi við gr. 2.17. Í þessum samanlagða flugtíma skal ekki vera minna en:

a) 100 klst. næturflug sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður,
b) 250 klst. annaðhvort sem flugstjóri eða þannig að a. m. k. 150 klst. hafi hann verið flugstjóri og það, sem á vantar, aðstoðarflugmaður sem gegnir störfum flugstjóra undir sérstakri handleiðslu flugstjóra að því tilskildu að tilhögun slíkrar handleiðslu sé samþykkt af flugmálastjórn. Flugtíma, sem þannig er fenginn sem aðstoðarflugmaður undir handleiðslu, skal taka til greina samkvæmt gr. 2.17. Í þessum 250 klst. skal vera innifalinn 100 klst. landflugstími, þar af a. m. k. 25 klst. að nóttu,
c) 200 klst. landflugstími sem aðstoðarflugmaður í flugvél sem krefst aðstoðarflugmanns. Skal þessi tími tekinn til greina samkvæmt gr. 2.17. en í þess stað má koma 100 klst. flugtími í landflugi sem flugstjóri, en þessi tími má hafa verið innifalinn í þeim 250 klst. sem um getur í b),
d) 75 klst. blindflugsæfingatími, þar af mega allt að 25 klst. vera blindflugsæfingatími á jörðu.

Ef umsækjandi er handhafi flugskírteinis fyrir þyrilvængjur eða svifflugur má lækka kröfur þær, sem um getur í a), b), c) og d), eftir hæfni hans og reynslu í slíku flugi.

2.6.1.4. **Færni.**
Hann skal samkvæmt gr. 2.1.3. sanna hæfni sína til að:
a) leysa af hendi
i) bæði venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf,
ii) í blindflugi, og eingöngu eftir mælitækjum, venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf, þar með talið að rétta flugvélina við úr óeðlilegri flugstöðu,
b) fljúga fjölhreyfla flugvélum með einn hreyfil óvirkan,
c) fara eftir venjum og reglum um flugumferðarþjónustu og annast fjarskipti með þeirri hæfni sem handhafa skírteinis atvinnuflugmanns I. flokks/flugvél sæmir,
d) leysa af hendi biðflugsstörf og aðflugsstörf í flugvél í blindflugi eða gerviblindflugi með aðstoð flugleiðsögutækja, sem flugmenn lesa af sjálfir, og sýna nauðsynlega hæfni í notkun allra mælitækja, sem með þarf, og þar með hæfni sína fyrir blindflugsáritun,
e) leysa af hendi a), b) og c) í fjölhreyfla flugvél með skráða hámarksflugtaksþyngd yfir 5700 kg eða í fjölhreyfla flugvél sem flugmálastjórn samþykkir að jafngildi flugvélum sem notaðar eru í reglubundnum flugrekstri.

Ath.: Ofangreindar kröfur um færni gilda einnig fyrir sérstakt hæfnipróf (S-PFT).

2.6.1.5. **Heilbrigði.**
Hann skal fullnægja eftirfarandi heilbrigðisskilyrðum:
Skilyrðum um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 1.
— — sjón no. 1.
— — litaskynjun.
— — heyrn no. 1.

2.6.2. **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að njóta þeirra.**

2.6.2.1. Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., skulu réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns I. flokks/flugvél vera sem hér segir:
a) að njóta allra réttinda einkaflugmanns/flugvél, atvinnuflugmanns III. og II. flokks/flugvél og einnig réttinda handhafa áritunar fyrir stjórnað sjónflug og blindflug í flugvélum,
b) að starfa sem flugstjóri og sem aðstoðarflugmaður í loftflutningum.

2.6.2.2. Til þess að halda réttindum sínum þarf atvinnuflugmaður I. flokks/flugvél að hafa skráða a. m. k. 35 klst. flugtíma á síðustu 6 mánuðum eða hafa staðist á sama tíma sérstakt hæfnipróf (S-PFT). Allt að helmingur þessa flugtíma má vera á þyrlu. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) til atvinnuflugs I. flokks/flugvél ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Milli þessara hæfniprófa má ekki vera skemmra en 4 mánuðir og ekki lengra en 8 mánuðir.

2.6.2.3. Ef skírteinishafi fullnægir ekki kröfum, sem gerðar eru um heilbrigði, nýlega reynslu eða hæfnipróf (PFT) til þess að halda óskertum réttindum sem skírteinið veitir, þá heldur skírteinishafi sjálfkrafa réttindum lægri réttindaflokks ef hann fullnægir kröfum sem þar eru gerðar.

2.6.2.4. Ef réttindi sem skírteinið veitir falla úr gildi skal handhafi þess standast sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn eða reynsluflugmanni sem flugmálastjórn samþykkir. Ef skírteinið hefur verið ógilt í 12 mánuði eða lengur skal hann að auki standast próf hjá flugmálastjórn í flugreglum.

Ef það hefur verið ógilt í 24 mánuði eða lengur, skal hann þar að auki standast próf í siglingafræði og veðurfræði. Ef skírteinið hefur verið ógilt lengur en 36 mánuði skal hann standast próf í öllum greinum sem þarf til þess að fá í hendur skírteinið.

2.7. **Svifflugmaður.**

2.7.1. **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.**

Umsækjandi um skírteini svifflugmanns skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu, reynslu, færni og heilbrigði:

2.7.1.1. **Aldur.**

Hann skal ekki vera yngri en 16 ára.

2.7.1.2. **Þekking.**

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:

a) undirstöðuatriðum flugfræði svifflugna, sérstaklega eðli og hugsanlegum afleiðingum ofriss,
b) getumörkum viðeigandi svifflugna,
c) notkun flugmálahandbóka AIP og NOTAM,
d) reglum og reglugerðarákvæðum sem varða réttindi handhafa svifflugsskírteinis, þar með taldar viðeigandi venjur og reglur um flugumferðarþjónustu,
e) hagnýtingu á undirstöðuatriðum flugveðurfræðinnar og aðferðum við öflun veðurfrétta,
f) hagnýtum atriðum um landflug og notkun leiðarreiknings og annarrar flugleiðsögutækni sem flugmenn nota við staðsetningar, þar með talin notkun flugkorta,
g) notkun flugmælitækja og búnaðar fyrir sjónflug, ásamt mismunandi stillingum hæðarmæla, og
h) viðeigandi öryggisreglum og neyðarráðstöfunum, þar með talið hvernig ber að forðast hættuleg veðurskilyrði.

2.7.1.3. **Reynsla.**

Hann skal hafa lokið a.m.k. 6 klst. flugtíma í svifflugu, sem hæf er til landflugs, þar af a.m.k. 20 flugferðir einn síns liðs samtals 2 klst. Ef hann er þegar handhafi flugmannsskírteinis/flugvél er heimilt að lækka þessar kröfur til samræmis við hæfni hans og reynslu.

2.7.1.4. **Færni.**

Hann skal sanna:

a) þekkingu sína á og hæfni til að leysa af hendi bæði venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf, sem henta svifflugu sem hæf er til landflugs, með þeirri nákvæmni sem hæfir svifflugmanni,
b) hæfni sína til að fljúga svifflugu þannig að það samræmist annarri flugumferð.

2.7.1.5. **Heilbrigði.**

Hann skal fullnægja eftirfarandi heilbrigðisskilyrðum:

Skilyrðum um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 3.
— — sjón no. 2.
— — litaskynjun.
— — heyrn no. 2.

2.7.2. **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að njóta þeirra.**

2.7.2.1. Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., skulu réttindi handhafa skírteinis svifflugmanns vera að

starfa sem stjórnandi hvaða sviffflugu sem er og flytja farþega eftir að hann hefur öðlast a. m. k. 10 klst. reynslu í sviffflugu. Enn fremur fær hann réttindi til flugs í flugtogi enda hafi hann aflað sér slíkrar reynslu og skal hún staðfest með undirskrift sviffflugkennara í flugbók.

2.7.2.2. Handhafa skírteinis sviffflugmanns er heimilt að fljúga mótorsviffflugum samkvæmt nánari reglum er flugmálastjórn setur um mótorsviffflugur. Réttindin skulu staðfest með áritun á flugskírteinið.

2.7.2.3. Til þess að halda réttindum sínum þarf sviffflugmaður að hafa flogið a. m. k. 12 flugferðir, sem samtals eru a. m. k. 3 klst., á síðasta 24 mánaða tímabili eða standast hæfnipróf (PFT) eftir nánari ákvörðun flugmálastjórnar.

2.8. **Stjórnandi loftbelgs.**

2.8.1. **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.**

Umsækjandi um skírteini stjórnanda loftbelgs skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu, reynslu, færni og heilbrigði:

2.8.1.1. **Aldur.**

Hann skal ekki vera yngri en 17 ára.

2.8.1.2. **Þekking.**

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:

a) undirstöðuatriðum flugfræðinnar og atriðum sem varða flug í loftvægum loftförum, einkum lausum loftbelgjum,
b) einni tegund af lausum loftbelg, búnaði hans, áfyllingu, undirbúningi fyrir flug, stjórn við flugtak, varúðarráðstöfunum gegn kulda og mikilli hæð,
c) notkun flugmálahandbóka AIP og NOTAM,
d) reglum og reglugerðarákvæðum sem varða réttindi handhafa skírteinis stjórnanda loftbelgs, þar með taldar viðeigandi venjur og reglur um flugumferðarþjónustu,
e) hagnýtingu á undirstöðuatriðum flugveðurfræðinnar og aðferðum við öflun veðurfrétta,
f) hagnýtum atriðum um landflug og notkun flugkorta,
g) notkun flugmælitækja og búnaðar fyrir sjónflug ásamt mismunandi stillingum hæðarmæla, og
h) viðeigandi öryggisreglum og neyðarráðstöfunum.

2.8.1.3. **Reynsla.**

Hann skal hafa lokið a. m. k. 8 flugferðum í loftbelg, hverri um sig að meðaltali í 2 klst. Í þessum flugferðum skal með talið:

a) 6 flugferðir sem nemi,
b) 1 flugferð sem stjórnandi með og undir handleiðslu handhafa skírteinis stjórnanda loftbelgs. Skal það flug ná a. m. k. 10 000 feta (3000 m) flughæð,
c) 1 einflug í loftbelg.

2.8.1.4. **Færni.**

Hann skal sanna þekkingu sína á og hæfni til að leysa af hendi bæði venjulegt flug í loftbelg og flugstörf í erfiðum skilyrðum, sem henta loftbelg þeim sem notaður er við prófið, með þeirri nákvæmni sem hæfir stjórnanda loftbelgs.

2.8.1.5. **Heilbrigði.**

Hann skal fullnægja eftirfarandi heilbrigðisskilyrðum:

Skilyrðum um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 3.
— — sjón no. 2.
— — litaskynjun.
— — heyrn no. 2.

2.8.2. **Réttindi handhafa skrírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til þess að njóta þeirra.**

2.8.2.1. Að því tilskildu, að fullnægt sé skilyrðum þeim er um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., skulu réttindi handhafa skírteinis stjórnanda loftbelgs vera þau að annast flugstjórn á lausum loftbelg. Þó skal hann ef um næturflug er að ræða, hafa farið 2 næturflugferðir með og undir handleiðslu stjórnanda loftbelgs sem hefur réttindi til slíks. Hvor þessara flugferða skal vera að meðaltali 2 klst.

2.8.2.2. Til þess að halda réttindum sínum þarf stjórnandi loftbelgs að hafa flogið a. m. k. 8 sinnum og leyst af hendi 4 tæmingar og fyllingar loftbelgs á síðustu 24 mánuðum eða standast hæfnipróf (PFT) eftir nánari ákvörðun flugmálastjórnar.

2.9. **Einkaflugmaður/þyrla.**

2.9.1. **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinisins.**
Umsækjandi um skírteini einkaflugmanns/þyrla skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu, reynslu, færni og heilbrigði:

2.9.1.1. **Aldur.**
Hann skal ekki vera yngri en 17 ára.

2.9.1.2. **Þekking.**
Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:
a) undirstöðuatriðum flugfræðinnar sem varða þyrlur, sérstaklega eðli og hugsanlegum afleiðingum of ofrisi þyrilblaða,
b) getumörkum viðeigandi þyrlna og hreyfla,
c) gerð flugáætlana fyrir almannaflug við sjónflugsskilyrði bæði fyrir flugtak og meðan á flugi stendur,
d) notkun flugmálahandbóka AIP og NOTAM,
e) reglum og reglugerðarákvæðum um einkaflug á þyrlum þar með taldar viðeigandi venjur og reglur um flugumferðarþjónustu og stöðutilkynningar,
f) hagnýtingu á undirstöðuatriðum flugveðurfræðinnar og aðferðum við öflun veðurfrétta,
g) hagnýtum atriðum um landflug og notkun leiðarreiknings og annarrar flugleiðsögutækni sem flugmenn nota við staðsetningar, þar með talin notkun flugkorta,
h) notkun flugmælitækja og búnaðar fyrir sjónflug, ásamt mismunandi stillingu hæðarmæla, og
i) viðeigandi öryggisreglum og neyðarráðstöfunum, þar með talið hvernig ber að forðast hættuleg veðurskilyrði.

2.9.1.3. **Reynsla.**
Hann skal hafa lokið í þyrlu að minnsta kosti:
a) 40 klst. flugtíma einn síns liðs og með kennara eða a. m. k. 35 klst. ef hann hefur lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri,
b) 10 klst. flugtíma einn síns liðs, þar af skulu a. m. k. 3 klst. vera landflug. Skal eitt flugið vera til staðar sem er í a. m. k. 45 km (25 sjómílna) fjarlægð frá brottfararstað og skal lent þar. Þessar 10 klst. mega vera innifaldar í þeim 40 og 35 klst. sem nefndar eru í lið a).

Ef umsækjandi er handhafi skírteinis flugmanns/flugvél eða þyrilflugu má lækka kröfurnar um reynslu, sem tilgreindar eru í lið a), eftir hæfni hans og reynslu í að fljúga þessum gerðum loftfara. Þessi lækkun á flugtíma skal þó ekki vera meiri en 5 klst.

2.9.1.4. **Færni.**

Hann skal sanna hæfni sína til að:

a) leysa af hendi bæði venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf sem eiga við þá tegund þyrlu sem notuð er við prófið,

b) fara eftir venjum og aðferðum við flugumferðarþjónustu.

Ath.: Ofangreindar kröfur um færni gilda einnig fyrir sérstakt hæfnipróf (S-PFT).

2.9.1.5. **Heilbrigði.**

Hann skal fullnægja eftirfarandi heilbrigðisskilyrðum:

Skilyrðum um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 3.
— — sjón no. 2.
— — litaskynjun.
— — heyrn no. 2.

2.9.1.5.1. Ef óskað er blindflugsáritunar skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:
Skilyrðum um heyrn no. 1.

2.9.2. **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að njóta þeirra.**

2.9.2.1. Að því tilskildu, að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., hefur handhafi skírteinis einkaflugmanns/þyrla rétt til þess að starfa án endurgjalds:

a) sem flugstjóri hverrar þeirrar þyrlu sem ekki er rekin gegn endurgjaldi. Hann skal þó ekki flytja:
i) farþega ef hann hefur ekki leyst af hendi a.m.k. 5 flugtök og 5 lendingar á hlutaðeigandi tegund þyrlu á síðustu 90 dögum.
ii) farþega að næturlagi nema hann hafi á síðustu 90 dögum leyst af hendi a.m.k. 5 flugtök og 5 aðflug og lendingar að nóttu, eða á síðustu 12 mánuðum leyst af hendi a.m.k. 20 flugtök og 20 aðflug og lendingar að nóttu.

b) sem aðstoðarflugmaður hverrar þeirrar þyrlu sem ekki er rekin gegn endurgjaldi.

2.9.2.2. Til þess að halda réttindum sínum þarf einkaflugmaður/þyrla að hafa skráðan a.m.k. 10 klst. flugtíma á þyrlu á síðustu 12 mánuðum eða hafa staðist hæfnipróf (PFT) fyrir einkaflug/þyrla. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir einkaflug/þyrla ekki sjaldnar en á 24 mánaða fresti.

2.9.2.3. Ef réttindi skírteinisins falla úr gildi skal handhafi þess standast sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn eða reynsluflugmanni sem flugmálastjórn samþykkir. Ef skírteinið hefur verið ógilt 12 mánuði eða lengur skal hann að auki standast próf í flugreglum hjá flugmálastjórn. Ef það hefur verið ógilt 24 mánuði eða lengur skal hann þar að auki standast próf í siglingafræði og veðurfræði. Ef skírteinið hefur verið ógilt lengur en 36 mánuði skal hann standast próf í öllum greinum sem þarf til þess að fá í hendur skírteinið.

2.10. **Atvinnuflugmaður III. flokks/þyrla.**

2.10.1. **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.**

Umsækjandi um skírteini atvinnuflugmanns III. flokks/þyrla skal full-

nægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni og heilbrigði:

2.10.1.1. **Aldur.**

Hann skal ekki vera yngri en 18 ára.

Ath.: Tiltekin réttindi tengd skírteininu falla úr gildi samkvæmt gr. 2.1.7. þegar skírteinishafi hefur náð 60 ára aldri.

2.10.1.2. **Þekking og menntun.**

2.10.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:

a) flugfræði þyrlna,
b) getumörkum viðeigandi þyrlna og hreyfla, meginreglum um hleðslu og niðurröðun farmþunga og áhrifum hennar á flugeiginleika; ályktun af heimildum um getu,
c) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, viðeigandi rekstrarflugáætlana og flugáætlana meðan á flugi stendur,
d) notkun upplýsingarita um flug, svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,
e) reglum og reglugerðarákvæðum sem varða réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks/þyrla, þar með taldar viðeigandi venjur og reglur um flugumferðarþjónustu og stöðutilkynningar,
f) hagnýtingu á undirstöðuatriðum flugveðurfræðinnar, þar með talin túlkun veðurkorta og veðurskeyta ásamt aðferðum við öflun veðurfrétta,
g) hagnýtri loftsiglingafræði fyrir landflug, notkun flugkorta, flugmælitækja og viðeigandi flugleiðsögutækja ásamt mismunandi stillingu hæðarmæla,
h) talstöðvaviðskiptum og viðeigandi orðasamböndum og skal sérstök áhersla lögð á tilkynningar um staðarákvarðanir,
i) ráðstöfunum sem gera þarf þegar radíósamband rofnar,
j) notkun og prófun á viðeigandi tækjum og tækjakerfum þyrlu,
k) almennum atriðum um viðhald þyrlna og hreyfla þeirra og
l) viðeigandi öryggisreglum og neyðarráðstöfunum.

2.10.1.2.2. Hann skal hafa lokið a.m.k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, eða öðru hliðstæðu námi og hafa gott vald á íslensku máli.

Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum sé fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar.

2.10.1.3. **Reynsla.**

Hann skal hafa alla þá reynslu, sem krafist er fyrir skírteini einkaflugmanns/þyrla og má hún vera innifalin í þeim kröfum sem tilgreindar eru í gr. 2.10.1.3.1.

2.10.1.3.1. Hann skal hafa lokið a.m.k. 150 klst. flugtíma í þyrlu eða 100 klst. flugtíma ef hann hefur lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri. Þessar 150 klst. eða 100 klst. skulu, eftir því sem við á, fela í sér:

a) 35 klst. sem flugstjóri þyrlu,
b) 10 klst. flugtíma í landflugi sem flugstjóri þyrlu.

Ef umsækjandinn er handhafi skírteinis flugmanns/flugvél eða þyrilflugu má lækka kröfur um reynslu í þyrlu samkvæmt þessari grein eftir hæfni og reynslu hans að fljúga þessum gerðum loftfara. Þessi lækkun á flug-

reynslu í þyrlu skal þó ekki vera meiri en 25 af hundraði af þeim flugtíma sem krafist er.

2.10.1.4. **Færni.**

Hann skal samkvæmt gr. 2.1.3. sanna hæfni sína til að:

a) leysa af hendi bæði venjuleg flugstörf og neyðarflugstörf sem eiga við þá tegund þyrlu sem notuð er við prófið,

b) fara eftir venjum og aðferðum við flugumferðarþjónustu og annast viðeigandi fjarskipti með þeirri hæfni sem handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks/þyrla sæmir.

Ath.: Ofangreindar kröfur um færni gilda einnig fyrir sérstakt hæfnipróf (S-PFT).

2.10.1.5. **Heilbrigði.**

Hann skal fullnægja eftirfarandi heilbrigðisskilyrðum:

Skilyrðum um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 1.

— — sjón no. 1.

— — litaskynjun.

— — heyrn no. 1.

2.10.2. **Rétindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að njóta þeirra.**

2.10.2.1. Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., skulu réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks/þyrla vera sem hér segir:

a) að njóta allra þeirra réttinda, sem einkaflugmaður/þyrla nýtur og einnig réttinda handhafa áritunar fyrir stjórnað sjónflug,

b) að starfa sem flugstjóri í hverri þeirri þyrlu sem ekki er rekin til farþegaflutninga í atvinnuskyni,

c) að starfa sem flugstjóri í atvinnuflutningum með farþega í hverri þeirri þyrlu sem hefur skráða hámarksþyngd við flugtak 5700 kg eða lægri. Hann skal þó ekki flytja farþega að nóttu ef hann hefur ekki á síðustu 90 dögum fyrir slíkt næturflug með farþega leyst af hendi a. m. k. 5 flugtök og 5 aðflug og lendingar að nóttu eða á síðustu 12 mánuðum fyrir slíkt næturflug leyst af hendi a. m. k. 20 flugtök og 20 aðflug og lendingar að nóttu,

d) að starfa sem aðstoðarflugmaður í þyrlum sem krefjast aðstoðarflugmanns.

2.10.2.2. Til þess að halda réttindum sínum þarf atvinnuflugmaður III. flokks/þyrla að hafa skráðan a. m. k. 70 klst. flugtíma sem flugstjóri á síðustu 12 mánuðum eða á sama tíma staðist sérstakt hæfnipróf (S-PFT). Þar af mega allt að 20 klst. vera á flugvél. Samsvarandi flugtíma sem aðstoðarflugmaður má taka til greina í hlutföllunum 1:2. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) atvinnuflugmanns III. flokks/þyrla ekki sjaldnar en á 12 mánaða fresti.

2.10.2.3. Ef handhafi fullnægir ekki kröfum, sem gerðar eru um heilbrigði, nýlega reynslu eða hæfnipróf (PFT) til þess að halda óskertum réttindum sem skírteinið veitir, þá heldur skírteinishafi sjálfkrafa réttindum lægri réttindaflokks ef hann fullnægir kröfum sem þar eru gerðar.

2.10.2.4. Ef réttindi, sem skírteinið veitir falla úr gildi skal handhafi þess standast sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn eða reynsluflugmanni sem flugmálastjórn samþykkir. Ef skírteinið hefur verið ógilt í 12 mánuði eða lengur skal hann að auki standast próf í flugreglum hjá flugmálastjórn. Ef það hefur verið ógilt í 24 mánuði eða lengur skal hann

þar að auki standast próf í siglingafræði og veðurfræði. Ef skírteinið hefur verið ógilt lengur en 36 mánuði skal hann standast próf í öllum greinum sem þarf til þess að fá í hendur skírteinið.

2.11. **Atvinnuflugmaður I. flokks/þyrla.**

2.11.1. **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.**

Umsækjandi um skírteini atvinnuflugmanns I. flokks/þyrla skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni og heilbrigði:

2.11.1.1. **Aldur.**

Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.

Ath.: Tiltekin réttindi tengd skírteininu falla úr gildi samkvæmt gr. 2.1.7. þegar skírteinishafi hefur náð 60 ára aldri.

2.11.1.2. **Þekking og menntun.**

2.11.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:

a) flugfræði þyrlna,
b) getumörkum viðeigandi þyrlna og hreyfla þeirra, meginreglum um hleðslu og niðurröðun farmþunga og áhrifum hennar á flugeiginleika; ályktun af heimildum um getu og skyldum stöðlum,
c) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, rekstrarflugáætlana og flugáætlana meðan á flugi stendur,
d) notkun upplýsingarita um flug, svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,
e) reglum og reglugerðarákvæðum sem varða réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns I. flokks/þyrla, þar með taldar viðeigandi venjur og reglur við flugumferðarþjónustu og stöðutilkynningar,
f) flugveðurfræði og hinni alþjóðlegu veðurþjónustu, veðurkortum og skjölum um veðurþjónustu, aðferðum við öflun veðurfrétta,
g) veðurfari á viðeigandi svæðum með hliðsjón af þeim atriðum sem hafa áhrif á rekstur þyrlu, þróun og hreyfingar lægða og þrýstikerfa, gerð veðurskila og uppruna og sérkennum mikilvægra veðurfyrirbrigða sem hafa áhrif á flugskilyrði bæði á meðan á flugi stendur og við flugtök og lendingar,
h) loftsiglingafræði, þar með talin notkun á formúlum, flugkortum, flugmælitækjum og flugleiðsögutækjum; mismunandi stillingum hæðarmæla ásamt skilningi á eiginleikum og einkennum viðeigandi flugleiðsögukerfa, bæði þeirra sem eru sjálfum sér nóg í loftfarinu (t. d. INS) og þeirra, sem háð eru stöðvum á jörðu,
i) flugleiðsögukerfum þeim sem flugmenn lesa beint af og notkun þeirra í blindflugi og við aðflug og lendingar. Hann skal geta dæmt um áreiðanleika upplýsinga frá slíkum kerfum á flugi,
j) aðferðum við talstöðvaviðskipti sem notaðar eru við flugrekstur,
k) starfsemi ásamt notkun og prófun á viðeigandi tækjum og tækjakerfum þyrlna,
l) almennum atriðum um viðhald þyrlna og hreyfla þeirra, og
m) öryggisreglum og neyðarráðstöfunum.

2.11.1.2.2. Hann skal hafa lokið:

a) a. m. k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans og hafa gott vald á íslensku máli,
b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og eðlisfræði eða öðru hliðstæðu námi að mati flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það hvort fyrrgreindum menntunarkröfum sé fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar.

2.11.1.3. **Reynsla.**
Hann skal hafa alla þá reynslu, sem krafist er fyrir skírteini atvinnuflugmanns III. flokks/þyrla og má hún vera innifalin í þeim kröfum sem tilgreindar eru í gr. 2.11.1.3.1.

2.11.1.3.1. Hann skal hafa lokið a. m. k. 200 klst. flugtíma sem flugstjóri þyrlu og auk þess a. m. k. 1000 klst. viðurkenndum flugtíma samkvæmt gr. 2.17. Þó má fækka þessum 1000 klst. ef þeir hafa aðallega verið flognir á þyrlum eða ef umsækjandinn hefur, að dómi flugmálastjórnar, öðlast hliðstæða reynslu.

2.11.1.4. **Færni.**
Hann skal samkvæmt gr. 2.1.3. sanna hæfni sína til að:

a) stjórna þyrlu á fullnægjandi hátt á jörðu og í lofti bæði í hangi og venjulegu flugi, þar með talið flug af legi eða í mikilli hæð þegar við á,
b) leysa af hendi neyðarflugstörf sem eiga við tegund þyrlunnar.

Ath.: Ofangreindar kröfur um færni gilda einnig fyrir sérstakt hæfnipróf (S-PFT).

2.11.1.5. **Heilbrigði.**
Hann skal fullnægja eftirfarandi heilbrigðisskilyrðum:
Skilyrðum um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 1.
— — sjón no. 1.
— — litaskynjun.
— — heyrn no. 1.

2.11.2. **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að njóta þeirra.**

2.11.2.1. Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1. skulu réttindi handhafa skírteinis atvinnuflugmanns I. flokks/þyrla vera sem hér segir:

a) að njóta allra réttinda einkaflugmanns/þyrla og atvinnuflugmanns III. flokks/þyrla ásamt réttindum handhafa áritunar fyrir stjórnað sjónflug,
b) að starfa sem flugstjóri á hvers konar þyrlu í hvers konar rekstri.

2.11.2.2. Til þess að halda réttindum sínum þarf atvinnuflugmaður I. flokks/þyrla að hafa skráðan a. m. k. 35 klst. flugtíma á síðustu 6 mánuðum eða hafa á sama tíma staðist sérstakt hæfnipróf (S-PFT). Þar af mega allt að 10 klst. vera á flugvél. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) atvinnuflugmanns I. flokks/þyrla ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Milli þessarra hæfniprófa má ekki vera skemmra en 4 mánuðir og ekki lengra en 8 mánuðir.

2.11.2.3. Ef handhafi fullnægir ekki kröfum sem gerðar eru um heilbrigði, nýlega reynslu eða hæfnipróf (PFT) til þess að halda óskertum réttindum sem skírteinið veitir þá heldur skírteinishafi sjálfkrafa réttindum lægri réttindaflokks, ef hann fullnægir kröfum sem þar eru gerðar.

2.11.2.4. Ef réttindi, sem skírteinið veitir, falla úr gildi skal handhafi þess standast sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn eða reynsluflugmanni sem flugmálastjórn samþykkir. Ef skírteinið hefur verið ógilt í 12 mánuði eða lengur skal hann að auki standast próf í flugreglum hjá flugmálastjórn. Ef það hefur verið ógilt í 24 mánuði eða lengur skal hann þar að auki standast próf í siglingafræði og veðurfræði. Ef skírteinið

hefur verið ógilt lengur en 36 mánuði skal hann standast próf í öllum greinum sem þarf til þess að fá í hendur skírteinið.

2.12. **Áritun fyrir stjórnað sjónflug.**

2.12.1. **Skilyrði fyrir árituninni.**

Umsækjandi um áritun fyrir stjórnað sjónflug skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um þekkingu, reynslu og færni:

2.12.1.1. **Þekking.**

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem áritunin gefur tilefni til:

a) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, rekstrarflugáætlana og flugáætlana meðan á flugi stendur í samræmi við getu loftfarsins og veðurskilyrði, einnig venjum og viðeigandi aðferðum flugumferðarþjónustu,
b) dreifingu, túlkun og nýtingu veðurfrétta,
c) hagnýtri loftsiglingafræði með notkun leiðarreiknings og viðeigandi ratsjárupplýsinga- og leiðsögutækja sem flugmenn nota,
d) talstöðvarviðskiptum og viðeigandi orðasamböndum með sérstakri áherslu á tilkynningar um staðarákvörðun, og
e) ráðstöfunum sem gera þarf ef fjarskipti rofna þegar flug við sjónflugsskilyrði er ekki framkvæmanlegt eftir gildandi flugáætlun vegna versnandi veðurs.

2.12.1.2. **Reynsla.**

Hann skal:

a) hafa lokið ekki minna en 100 klst. flugtíma, þar af sem flugstjóri a. m. k. 60 klst. og skulu 20 klst. af þeim tíma vera landflug, eða
b) hafa lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri þannig að hæfni sú, sem krafist er í gr. 2.12.1.3., hafi náðst.

2.12.1.3. **Færni.**

Hann skal sýna hæfni sína í að fara að reglum um flugumferðarþjónustu við stjórnað sjónflug, þar með talin hæfni til að fylgja gildri flugáætlun miðað við feril, hraða og hæð.

2.12.2. **Réttindi áritunarhafa.**

Réttindi handhafa áritunar fyrir stjórnað sjónflug eru að starfa sem flugmaður loftfars sem er þátttakandi í stjórnuðu VFR-leiðarflugi.

Ath.: Í þessum skilningi er stjórnað VFR-leiðarflug allt stjórnað sjónflug annað en flugvallarumferð og sérlegt sjónflug.

2.13. **Blindflugsáritun/flugvél.**

2.13.1. **Skilyrði fyrir árituninni.**

Umsækjandi um blindflugsáritun/flugvél skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um þekkingu, reynslu, færni og heilbrigði.

2.13.1.1. **Þekking.**

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem áritunin gefur tilefni til:

a) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, rekstrarflugáætlana og flugáætlana meðan á flugi stendur svo sem krafist er fyrir blindflug,
b) notkun upplýsingarita um flug, svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,
c) reglum og reglugerðarákvæðum um rekstur loftfara í öllum veðurskilyrðum ásamt viðeigandi aðferðum við flugumferðarþjónustu,

d) sérstökum atriðum veðurfræðinnar, þar með talin:
— veðurfræðileg atriði, sem varða stillingu hæðarmæla, notkun veðurradars í flugvélum, skýjamyndanir, ísingu og ókyrrð í lofti,
— veðurfyrirbrigði við jörðu sem skipta máli við flugtök og lendingar,
e) hagnýtri loftsiglingafræði, þar með talin notkun á formúlum, flugkortum, flugmælitækjum og flugleiðsögutækjum,
f) flugleiðsögukerfum þeim, sem flugmenn lesa beint af, og notkun þeirra í blindflugi og við aðflug og lendingar. Hann skal geta dæmt um áreiðanleika upplýsinga frá slíkum kerfum á flugi,
g) aðferðum við talstöðvarviðskipti sem notaðar eru við flugrekstur,
h) notkun og prófun á mælitækjum þeim sem nauðsynleg eru við stjórn flugvéla í blindflugi, og
i) öryggisreglum og neyðarráðstöfunum sem eiga við blindflug.

2.13.1.2. **Reynsla.**

Hann skal:

a) hafa a. m. k. skírteini einkaflugmanns/flugvél,
b) hafa lokið a. m. k. 150 klst. flugtíma sem flugstjóri á flugvél eða þyrilvængju, þar með talinn a. m. k. 50 klst. flugtími í landflugi,
c) hafa lokið a. m. k. 40 klst. blindflugsæfingatíma í flugvélum eða þyrilvængjum. Þar af mega allt að 20 klst. vera blindflugsæfingatímar á jörðu, eða, ef hann hefur lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri, 30 klst. blindflugsæfingatímar og mega þá allt að 15 klst. vera blindflugsæfingatími á jörðu,
d) af blindflugstímanum, sem krafist er í c), skulu að minnsta kosti 10 klst. vera flugnám með kennara í flugvél.

2.13.1.3. **Færni.**

Hann skal samkvæmt gr. 2.1.3. á flugi, sem leyst er eingöngu af hendi eftir mælitækjum, sanna hæfni sína til að:

a) leysa af hendi þau flugstörf sem nauðsynleg teljast til að sanna hæfni hans til að fljúga flugvélum,
b) gera staðarákvarðanir og við stjórn flugvélar í raunverulegu blindflugi eða gerviblindflugi fljúga biðflug og aðflug með aðstoð flugleiðsögutækja sem flugmenn lesa af sjálfir, og jafnframt annast viðeigandi fjarskipti,
c) túlka radíó-kennimerki á morsi,
d) að fljúga fjölhreyfla flugvélum með einn hreyfil óvirkan ef áritunar er óskað fyrir fjölhreyfla flugvélar.

Breyta má eða fella niður hverja þá flugathöfn prófsins sem tilgreind er í a) til d) ef hún hæfir ekki þeirri tegund flugvélar sem notuð er við prófið.

2.13.1.4. **Heilbrigði.**

Hann skal fullnægja eftirfarandi heilbrigðisskilyrðum:
Skilyrðum um heyrn no. 1.

2.13.2. **Réttindi áritunarhafa og skilyrði sem fullnægja þarf til að njóta þeirra.**

2.13.2.1. Handhafi blindflugsáritunar/flugvél hefur rétt til að stjórna flugvélum samkvæmt blindflugsreglum (IFR) og nýtur jafnframt réttinda áritunar fyrir stjórnað sjónflug.

2.13.2.2. Til þess að halda réttindum sínum þarf handhafi blindflugsáritunar/flugvél að hafa skráðan a. m. k. 20 klst. blindflugstíma á síðustu 12 mánuðum eða hafa staðist hæfnipróf (PFT) fyrir blindflug á síðustu 6 mánuðum. Helmingur þessa flugtíma má vera á þyrlu eða í gerviflug-

þjálfa er flugmálastjórn hefur samþykkt. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir blindflug/flugvél ekki sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Í annað hvort skipti má taka slíkt hæfnipróf (PFT) í viðurkenndum gervi-flugþjálfa.

2.14. **Blindflugsáritun/þyrla.**

2.14.1. **Skilyrði fyrir árituninni.**

Umsækjandi um blindflugsáritun/þyrla skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um þekkingu, reynslu, færni og heilbrigði.

2.14.1.1. **Þekking.**

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:

a) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, rekstrarflugáætlana og flugáætlana meðan á flugi stendur svo sem krafist er fyrir blindflug,
b) notkun upplýsingarita um flug svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,
c) reglum og reglugerðarákvæðum um rekstur loftfara í öllum veður-skilyrðum ásamt viðeigandi aðferðum við flugumferðarþjónustu,
d) sérstökum atriðum veðurfræðinnar, þar með talin
   — veðurfræðileg atriði sem varða notkun veðurratsjár í loftförum, skýjamyndanir, ísingu og ókyrrð í lofti,
   — veðurfyrirbrigði við jörðu sem skipta miklu máli við flugtök og lendingar,
e) hagnýtri loftsiglingafræði, þar með talin notkun á formúlum, flug-kortum, flugmælitækjum og flugleiðsögutækjum,
f) flugleiðsögukerfum þeim, sem flugmenn lesa beint af, og notkun þeirra í blindflugi og við aðflug og lendingar. Hann skal geta dæmt um áreiðanleika upplýsinga frá slíkum kerfum á flugi,
g) aðferðum við talstöðvarviðskipti sem notaðar eru við flugrekstur,
h) notkun og prófun á mælitækjum þeim sem nauðsynleg eru við stjórn þyrlna í blindflugi, og
i) öryggisreglum og neyðarráðstöfunum sem eiga við blindflug.

2.14.1.2. **Reynsla.**

Hann skal:

a) hafa skírteini flugmanns þyrlu,
b) hafa lokið a. m. k. 150 klst. flugtíma sem flugstjóri á flugvél eða þyrilvængju, þar með talinn a. m. k. 50 klst. flugtími í landflugi,
c) hafa lokið a. m. k. 40 klst. blindflugsæfingatíma í flugvélum eða þyril-vængjum, þar af mega allt að 20 klst. vera blindflugsæfingatími á jörðu. Af þessum 40 klst. blindflugsæfingatíma skulu a. m. k. 20 klst. hafa verið í þyrlu,
d) í 40 klst. blindflugsæfingatímanum, sem krafist er í c), skal vera hæfilegt flugnám með kennara að dómi flugmálastjórnar.

2.14.1.3. **Færni.**

Hann skal sanna á flugi, með því að styðjast eingöngu við mælitæki, hæfni sína til að:

a) leysa af hendi þau flugstörf sem nauðsynleg teljast til að sanna hæfni hans til að fljúga þyrlum,
b) gera staðarákvarðanir og við stjórn þyrlu í raunverulegu blindflugi eða gerviblindflugi, fljúga aðflug með aðstoð flugleiðsögutækja, sem flugmenn lesa af sjálfir, og jafnframt annast viðeigandi fjarskipti,
c) túlka radíó-kennimerki á morsi, og

d) fljúga fjölhreyfla þyrlu með einn hreyfil óvirkan ef óskað er áritunar fyrir slíka þyrlu.

2.14.1.4. **Heilbrigði.**

Hann skal fullnægja eftirfarandi heilbrigðisskilyrðum:

Skilyrðum um heyrn no. 1.

2.14.2. **Réttindi áritunarhafa.**

2.14.2.1. Handhafi blindflugsáritunar/þyrla hefur rétt til að stjórna þyrlum samkvæmt blindflugsreglum (IFR) og nýtur jafnframt réttinda áritunar fyrir stjórnað sjónflug.

2.14.2.2. Til þess að halda réttindum sínum þarf handhafi blindflugsáritunar/þyrla að hafa skráðan a. m. k. 20 klst. blindflugstíma á síðustu 12 mánuðum eða hafa staðist hæfnipróf (PFT) fyrir blindflug á síðustu 6 mánuðum. Helmingur þessa flugtíma má vera á þyrlu eða í gerviflugþjálfa sem flugmálastjórn hefur samþykkt. Hann skal standast hæfnipróf (PFT) fyrir blindflug/þyrla ekki sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Í annað hvort skipti má taka slíkt hæfnipróf (PFT) í viðurkenndum gerviflugþjálfa.

2.14.3. **Sameiginleg áritun fyrir blindflugsréttindi fyrir flugvélar og þyrlur.**

Réttindi þau, sem tilgreind eru í gr. 2.13.2. og 2.14.2., má sameina í eina áritun sem gildir jafnt fyrir flugvélar og þyrlur enda hafi skilyrðum þeim, sem tilgreind eru í gr. 2.13. og 2.14., verið fullnægt.

2.15. **Flugkennsluáritun/flugvél og flugkennsluáritun/þyrla.**

2.15.1. **Almennar reglur um veitingu áritunarinnar.**

2.15.1.1. Réttindaflokkar: Flugkennsluáritun er veitt í tvennu lagi a) aðstoðarflugkennari, b) flugkennari.

2.15.1.2. Flugmálastjórn getur krafist þess, að umsækjandi sanni hæfni sína með því að gangast undir sálfræðilega rannsókn og fullnægja þeim kröfum sem flugmálastjórn gerir, í samráði við trúnaðarsálfræðing sinn.

2.15.2. **Aðstoðarflugkennari.**

2.15.2.1. **Skilyrði fyrir árituninni.**

Umsækjandi um áritunina skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu, reynslu og færni.

2.15.2.2. **Aldur.**

Hann skal ekki vera yngri en 19 ára.

2.15.2.3. **Þekking.**

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

a) öllum þeim þekkingaratriðum sem krafist er af atvinnuflugmanni III. flokks/flugvél eða atvinnuflugmanni III. flokks/þyrla, eftir því sem við á,

b) fræðilegum og verklegum vandamálum sem fram koma í námi og þjálfun flugnema,

c) kennsluloftfarinu og æfingum sem krafist er fyrir einkaflugmannspróf, og

d) undirbúningi fyrir kennsluflug og viðræðuhæfni við nemandann að loknu flugi.

2.15.2.4. **Reynsla.**

a) Hann skal a. m. k. hafa reynslu handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks á þá gerð sem áritunin gildir fyrir, og ef sótt er um flugkennsluáritun/flugvél þá skal umsækjandi vera handhafi blindflugsáritunar.

b) Hann skal hafa lokið a. m. k. 300 klst. flugtíma, viðurkenndum í samræmi við gr. 2.17.

c) Hann skal hafa lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði í flugkennslu og bóklegri kennslu með fullnægjandi árangri.

2.15.2.5. **Færni.**

Hann skal samkvæmt 2.1.3. sanna hæfni sína til að:

a) framkvæma á flugi og útskýra þær æfingar sem tilheyra námsskrá fyrir skírteini einkaflugmanns eða blindflugsáritun, eftir því sem við á,

b) útskýra fræðileg og verkleg vandamál sem við er að etja í flugkennslu.

2.15.2.6. **Réttindi handhafa áritunarinnar og skilyrði sem fullnægja þarf til þess að njóta þeirra.**

2.15.2.6.1. Að því tilskildu, að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., skulu réttindi handhafa flugkennsluáritunar aðstoðarflugkennara vera sem hér segir:

a) hann má hafa eftirlit með einflugi flugnema. Hann má þó ekki úrskurða flugnema hæfan til fyrsta einflugs né fyrsta landflugs,

b) hann má kenna flug til einkaflugmannsprófs undir eftirliti flugkennara.

2.15.2.6.2. Til þess að halda réttindum sínum, þá þarf handhafi að fullnægja kröfum, sem gerðar eru til viðhalds flugskírteinis hans og til viðhalds blindflugsáritun hans (flugkennsluáritun/flugvél). Hann skal á síðustu 12 mánuðum hafa staðist hæfnipróf (PFT) hjá flugmálastjórn til viðhalds flugkennararéttindum og hafa skráðan a.m.k. 50 klst. flugtíma á þann flokk loftfara, sem hann hefur flugkennsluáritun fyrir. Hafi hann ekki skráðan ofangreindan flugtíma, þá skal hann hafa staðist sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn á síðustu 6 mánuðum. Flugmálastjórn getur hvenær sem er krafist hæfniprófs (PFT).

2.15.3 **Flugkennari.**

2.15.3.1. **Skilyrði fyrir árituninni.**

Umsækjandi um áritunina skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu, reynslu og færni.

2.15.3.2. **Aldur.**

Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.

2.15.3.3. **Þekking.**

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

a) öllum þeim þekkingaratriðum, sem krafist er af atvinnuflugmanni III. flokks/flugvél eða atvinnuflugmanni III. flokks/þyrla, eftir því sem við á,

b) fræðilegum og verklegum vandamálum sem fram koma í námi og þjálfun flugnema,

c) kennsluloftfarinu og æfingum sem krafist er fyrir einkaflugmannspróf,

d) undirbúningi fyrir kennsluflug og viðræðuhæfni við nemandann að loknu flugi.

2.15.3.4. **Reynsla.**

a) Hann skal a.m.k. hafa reynslu handhafa skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks á þá gerð sem áritunin gildir fyrir, og ef sótt er um flugkennsluáritun/flugvél þá skal umsækjandi vera handhafi blindflugsáritunar.

b) Hann skal hafa lokið a.m.k. 500 klst. flugtíma, viðurkenndum í samræmi við gr. 2.17.

c) Hann skal hafa starfað sem aðstoðarflugkennari samkvæmt gr. 2.15.2. í a.m.k. 200 klst. og á þeim tíma búið a.m.k. 3 nema undir einflugspróf.

2.15.3.5. **Færni.**
Hann skal samkvæmt gr. 2.1.3. sanna hæfni sína til að:
a) framkvæma á flugi og útskýra þær æfingar sem tilheyra námsskrá fyrir skírteini einkaflugmanns eða blindflugsáritun, eftir því sem við á,
b) útskýra fræðileg og verkleg vandamál, sem við er að etja í flugkennslu.

2.15.3.6. **Réttindi handhafa áritunarinnar og skilyrði sem fullnægja þarf til þess að njóta þeirra.**

2.15.3.6.1. Að því tilskildu, að fullnægt sé ákvæðum þeim sem um getur í gr. 1.2.5., 1.2.6. og 2.1., skulu réttindi handhafa flugkennsluáritunar flugkennara vera sem hér segir:
a) hann má hafa eftirlit með einflugi flugnema og úrskurða hann hæfan til fyrsta einflugs og fyrsta landflugs, og
b) kenna flug til einkaflugmannsprófs, hjá viðurkenndum flugskóla eða sjálfstætt, ef hann hefur leyfi flugmálastjórnar til þess og/eða
c) kenna blindflug fyrir blindflugsáritun enda hafi hann gilda blindflugsáritun.

2.15.3.6.2. Til þess að halda réttindum sínum, þá þarf handhafi að fullnægja kröfum, sem gerðar eru til viðhalds flugskírteinis hans og til viðhalds blindflugsáritunar hans (flugkennaraáritun/flugvél) hans. Hann skal á síðustu 12 mánuðum hafa staðist hæfnipróf (PFT) hjá flugmálastjórn til viðhalds flugkennararéttindum og hafa skráðan a.m.k. 50 klst. flugtíma á þann flokk loftfara, sem hann hefur flugkennsluáritun fyrir. Hafi hann ekki skráðan ofangreindan flugtíma, þá skal hann hafa staðist sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn á síðustu 6 mánuðum. Flugmálastjórn getur hvenær sem er krafist hæfniprófs (PFT).

2.16. **Flugkennsluáritanir fyrir sviffflugur og lausa loftbelgi.**
Flugmálastjórn setur reglur um áritanir fyrir flugkennslu á sviffflugur og lausa loftbelgi.

2.17. **Viðurkenning á flugtíma.**

2.17.1. Viðurkenna skal og fullgilda til fullnægingar á skilyrðum um flugtíma fyrir flugmannsskírteini, sem veitir meiri réttindi, allan þann flugtíma sem flugnemi eða handhafi skírteinis einkaflugmanns starfar sem flugstjóri og handfjallar einn stjórntækin.

2.17.2. Ekki skal viðurkenna gildan til fullnægingar á skilyrðum um flugtíma fyrir skírteini atvinnuflugmanns III. flokks nema helming þess flugtíma sem einkaflugmaður starfar sem aðstoðarflugmaður á loftfari þar sem að jafnaði er krafist aðstoðarflugmanns. Flugtími sem þannig er viðurkenndur skal ekki vera yfir 50 klst.

2.17.3. Viðurkenna skal og fullgilda til fullnægingar á skilyrðum um flugtíma fyrir flugmannsskírteini, sem veitir meiri réttindi, allan þann flugtíma sem handhafi skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks eða atvinnuflugmanns II. flokks starfar sem flugstjóri.

2.17.4. Viðurkenna skal og fullgilda allan þann flugtíma sem handhafi skírteinis atvinnuflugmanns III. flokks eða atvinnuflugmanns II. flokks sem í starfi aðstoðarflugmanns leysir af hendi störf flugstjóra undir handleiðslu hans. Tími, sem þannig er tekinn til greina, skal þó ekki fara fram úr 300 klst., þegar skírteini atvinnuflugmanns II. flokks er veitt, og 500 klst. þegar skírteini atvinnuflugmanns I. flokks er veitt.

2.17.4.1. Ekki skal viðurkenna gildan til fullnægingar á skilyrðum um flugtíma fyrir flugmannsskírteini, sem veitir meiri réttindi, nema helming þess

flugtíma sem atvinnuflugmaður starfar sem aðstoðarflugmaður í loftfari þar sem að jafnaði er krafist aðstoðarflugmanns.

2.17.5. Viðurkenna skal allan flugtíma handhafa skírteinis atvinnuflugmanns I. flokks, hvort sem hann starfar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður, enda hafi skírteini hans verið réttilega staðfest samkvæmt gr. 2.1.2.

2.17.6. Viðurkenna skal gildan til fullnægingar á skilyrðum um flugtíma fyrir flugmannsskírteini, sem veitir meiri réttindi, allan flugtíma flugmanns þegar hann handfjallar stjórntækin í raunverulegu blindflugi eða gervi-blindflugi eingöngu eftir mælitækjum án viðmiðunar utan stjórnklefans.

2.17.7. Til viðbótar við flugtímann, sem viðurkenndur er samkvæmt gr. 2.17.1. og 2.17.3., skal taka til greina allan flugtíma með kennara til fullnægingar á skilyrðum fyrir flugmannsskírteini, sem veitir meiri réttindi, eða fyrir blindflugsáritun ef þessi flugtími heyrir undir blindflugstíma.

III. KAFLI
SKÍRTEINI FLUGLIÐA ANNARRA EN FLUGMANNA

3.1. Flugleiðsögumaður.

3.1.1. Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.

Umsækjandi um skírteini flugleiðsögumanns skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni og heilbrigði:

3.1.1.1. Aldur.

Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.

3.1.1.2. Þekking og menntun.

3.1.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

a) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu, rekstrarflugáætlana og flugáætlana meðan á flugi stendur,

b) getumörkum flugvéla, meginreglum um hleðslu og niðurröðun farmþunga og áhrifum hennar á flugeiginleika; ályktun af heimildum um getu og skyldum stöðlum,

c) notkun upplýsingarita um flug, svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,

d) reglum og reglugerðarákvæðum um almennt flug, einkum þeim sem varða flugleiðsögu,

e) flugveðurfræði og hinni alþjóðlegu veðurþjónustu, veðurkortum og skjölum um veðurþjónustu, aðferðum við öflun veðurfrétta,

f) aðferðum við flugumferðarþjónustu, einkum þeim sem varða flugleiðsögu,

g) veðurfari á svæðum sem alþjóðlegar flugleiðir liggja um með hliðsjón af þeim atriðum sem hafa áhrif á flugsamgöngur, þróun og hreyfingar lægða og þrýstikerfa, gerð veðurskila svo og uppruna og sérkennum mikilvægra veðurfyrirbrigða sem hafa áhrif á flugleiðsögu,

h) himinhvolfinu og lögun jarðar, þar með talið skilgreiningar, einingar og formúlur sem varða flugleiðsögu,
— hreyfing himintungla og ráð til að velja og þekkja þau til miðana,

i) starfsaðferðir við flugleiðsögu, þar með talið:
— útfylling nauðsynlegra skjala,
— leiðsögn eftir leiðarreikningi,
— leiðsögn bæði eftir kerfum, sem eru sjálfum sér nóg, og þeirra sem háð eru stöðvum á jörðu,

j) leiðsögukerfum fyrir loftför bæði í sjónflugi og blindflugi, og
k) stöðlun, stillingu og notkun mælitækja og annars búnaðar loftfara sem notaður er við flugleiðsögu.

3.1.1.2.2. Hann skal hafa lokið:

a) a. m. k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla með fullnægjandi árangri að mati skólans og hafa gott vald á íslensku máli,
b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og eðlisfræði eða öðru hliðstæðu námi að mati flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum sé fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar.

3.1.1.3. **Reynsla.**

3.1.1.3.1. Umsækjandi skal hafa 200 klst. flugtíma verklega reynslu í flugleiðsögu í landflugi. Þar af skulu a. m. k. 30 klst. flugtímar hafa verið í næturflugi. Ef hann hefur þegar reynslu sem flugmaður í loftflutningum má færa honum til góða helming þess flugtíma, sem þannig er fenginn, til þess að ná helmingi þeirra 200 klst. flugtíma sem um getur að ofan en þó ekki til að fullnægja kröfunni um 30 klst. flugtíma landflug að nóttu.

3.1.1.3.2. Hann skal færa sönnur á að hann hafi á fullnægjandi hátt ákvarðað á flugi staðsetningu loftfars í minnsta lagi 25 sinnum með stjörnumiðunum að nóttu og 25 sinnum að degi til með því að styðjast við rafeindabúnað, hæðarmælingar og önnur hjálpargögn og hafa notað slík gögn og aðferðir við hagnýta flugleiðsögn.

3.1.1.3.3. Umsækjandi,sem lokið hefur viðurkenndri þjálfun í flugleiðsögu, er talinn fullnægja skilyrðum um reynslu samkvæmt gr. 3.1.1.3.1

3.1.1.4. **Færni.**

Hann skal sanna hæfni sína til að:

a) notfæra sér leiðsögutæki og leysa af hendi stillingar á þeim, einnig til að þekkja og túlka merki leiðsögutækja á jörðu.
b) annast flugleiðsögu að nóttu og degi með þeirri nákvæmni sem ætlast er til að af handhafa skírteinis flugleiðsögumanns.

3.1.1.5. **Heilbrigði.**

Hann skal fullnægja eftirfarandi heilbrigðisskilyrðum:

Skilyrðum um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 2
— — sjón no. 1
— — litaskynjun
— — heyrn no. 1

3.1.2. **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að njóta þeirra.**

3.1.2.1. Að því tilskildu, að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í gr. 1.2.5. og 1.2.6., hefur handhafi skírteinis flugleiðsögumanns rétt til að starfa sem slíkur í hvaða loftfari sem er.

3.1.2.2. Til þess að halda réttindum sínum skal hann á síðustu 12 mánuðum:

a) hafa sýnt undir eftirliti hæfni sína til þess að gegna störfum flugleiðsögumanns, eða
b) hafa skráðan a. m. k. 24 klst. flugtíma sem slíkur.

3.1.2.3. Ef réttindi skírteinisins falla úr gildi skal handhafi þess standast sérstakt hæfnipróf (S-PT) hjá flugmálastjórn eða flugleiðsögumanni sem hún tilnefnir.

3.2. **Flugvélstjóri.**

Ath.: Flugvirkjun er iðngrein á Íslandi og skírteini flugvélstjóra veita því handhöfum ekki réttindi til þess að vinna flugvirkjastörf, nema þeir séu einnig flugvirkjar.

3.2.1. **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.**

Umsækjandi um skírteini flugvélstjóra skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni og heilbrigði:

3.2.1.1. **Aldur.**

Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.

3.2.1.2. **Þekking og menntun.**

3.2.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

a) flugfræði,
b) eiginleikum og getumörkum loftfara,
c) tilteknum atriðum, sem varða gerð flugáætlana, svo sem staðsetningu þyngdarpunkts, eldsneytiseyðslu og flugþoli, nýtingu hreyfilorku,
d) flugskjölum sem varða starf flugvélstjóra,
e) reglum og reglugerðarákvæðum um rekstur almennra loftfara að því er varðar starf flugvélstjóra,
f) undirstöðuatriðum um viðhald og starfsemi skrokka, hreyfla ásamt búnaði þeirra, mælitækja og annars búnaðar, einnig búnaðar í farþegarými ef um er að ræða loftför sem í þarf að vera flugvélstjóri,
g) aðgerðum ef truflanir verða á starfsemi hreyfla eða tækjakerfa, og
h) undirstöðuatriðum loftsiglingafræðinnar.

3.2.1.2.2. Hann skal hafa lokið:

a) a. m. k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans og hafa gott vald á íslensku máli,
b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og eðlisfræði eða öðru hliðstæðu námi að mati flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum sé fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar.

3.2.1.2.3. Hann skal vera handhafi skírteinis flugvéltæknis I. eða II. flokks sem tekur til loftfara í heild sinni.

3.2.1.3. **Reynsla.**

Hann skal hafa, undir eftirliti, lokið a. m. k. 100 klst. reynslu á flugi í störfum flugvélstjóra. Þó má upp í þessa kröfu taka gilda allt að 50 klst. þjálfun í flugvélarlíki enda hafi hún farið fram á viðurkenndu þjálfunarnámskeiði fyrir flugvélstjóra.

3.2.1.4. **Færni.**

Hann skal hafa sýnt hæfni sína til að gegna störfum flugvélstjóra, þar með talið að grípa til neyðarráðstafana. Enn fremur skal hann geta leyst af hendi á flugi minni háttar viðgerðir og stillingar og geta skipt um tæki.

3.2.1.5. **Heilbrigði.**

Hann skal fullnægja eftirfarandi heilbrigðisskilyrðum:

Skilyrðum um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 2
— — sjón no. 2
— — litaskynjun
— — heyrn no. 1

3.2.2. **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að njóta þeirra.**

3.2.2.1. Að því tilskildu, að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í gr. 1.2.5. og 1.2.6., skal handhafi skírteinis flugvélstjóra hafa rétt til að starfa sem flugvélstjóri í sérhverju loftfari enda hafi hann á síðustu 12 mánuðum:

a) sýnt, undir eftirliti, hæfni sína til að gegna störfum flugvélstjóra á hlutaðeigandi tegund loftfars og skal hafa kynnt sér gildandi upplýsingar um rekstur þess loftfars, eða

b) starfað sem flugvélstjóri í a. m. k. 50 flugtíma á hlutaðeigandi tegund loftfars.

3.2.2.2. Ef réttindi skírteinis falla úr gildi skal handhafi þess standast sérstakt hæfnipróf (S-PFT) hjá flugmálastjórn eða flugvélstjóra sem hún tilnefnir.

IV. KAFLI
SKÍRTEINI OG ÁRITANIR ANNARRA EN FLUGLIÐA

4.1. **Flugvéltæknir — II. flokkur.**

Ath. 1: Flugvéltæknir getur verið flugtæknifræðingur, flugverkfræðingur eða flugvirki. Í vissum tilvikum, hvað varðar rafeindabúnað loftfara, getur verið um radíóvirkja eða aðilja með hliðstæð menntun að ræða.

Ath. 2: Eftirfarandi reglur gera ráð fyrir að hægt sé að gefa út skírteini flugvéltækna II. flokks sem veita réttindi sem varða viðhald loftfara í heild sinni eða réttindi takmörkuð við þá hluta loftfara sem skráð eru á skírteinið.

Ath. 3: Flugvirkjun er iðngrein á Íslandi og skírteini flugvéltækna II. flokks veita því handhöfum ekki réttindi til þess að vinna flugvirkjastörf, nema þeir séu einnig flugvirkjar.

4.1.1. **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.**

Umsækjandi um skírteini flugvéltæknis II. flokks skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu og færni:

4.1.1.1. **Aldur.**

Hann skal ekki vera yngri en 18 ára.

4.1.1.2. **Þekking og menntun.**

4.1.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

a) reglum um skyldur handhafa skírteinis flugvéltæknis II. flokks,

b) samsetningu, starfsemi, skoðun, viðhaldi og hönnun þeirra eftirtalinna hluta sem við eiga og veita á réttindi fyrir:

i) loftfara í heild sinni,
ii) skrokka, þ. e. bola, vængja, stjela og stýra,
iii) hreyfla loftfara með búnaði þeirra,
iv) kerfa loftfara og eininga þeirra,
v) mælitækja loftfara,
vi) rafeindabúnaðar loftfara.

4.1.1.2.2. Hann skal hafa lokið:

a) a. m. k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, og hafa gott vald á íslensku máli,

b) stúdentsprófi í ensku, eða öðru hliðstæðu námi, að mati flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum sé fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar.

4.1.1.3. **Reynsla.**

Hann skal hafa eftirfarandi reynslu í skoðun og viðhaldi loftfara eða hluta þeirra:

a) fyrir útgáfu skírteinis, sem veitir rétt til að undirrita viðhaldsvottorð, eigi minna en:
   i) 3 ár, eða
   ii) 2 ár ef umsækjandi hefur lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnámskeiði sem veitir samsvarandi verklega reynslu.

b) fyrir útgáfu skírteinis með takmörkuðum réttindum, samkvæmt gr. 4.1.2.2. b) eða c), skal hann hafa reynslutíma sem gefur mönnum kost á að ná sömu hæfni og krafist er samkvæmt a).

   Þessi tími skal ekki vera styttri en:
   i) 2 ár, eða
   ii) sá tími sem flugmálastjórn telur nauðsynlegan til að samsvarandi verkleg reynsla fáist fyrir umsækjendur sem lokið hafa viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri.

4.1.1.4. **Færni.**

Hann skal hafa sannað hæfni sína til að annast þau störf sem réttindin eru veitt fyrir.

4.1.2. **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að njóta þeirra.**

4.1.2.1. Að því tilskildu, að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í gr. 4.1.2.2., hefur handhafi skírteinis flugvéltæknis II. flokks réttindi sem hér segir:

a) fyrir skírteini sem tekur til loftfara í heild sinni
   — til að lýsa loftfar lofthæft eftir lítils háttar viðgerðir, heimiladar minni háttar breytingar, ísetningu viðurkennds hreyfils, aukabúnaðar og tækja og til að undirrita viðhaldsvottorð að aflokinni skoðun og/eða venjulegu viðhaldi,

b) fyrir skírteini með takmörkuðum réttindum samkvæmt gr. 4.1.2.2. b) eða c)
   — til að lýsa lofthæfa þá hluta loftfars, sem skírteinið tekur til, eftir skoðun, lítils háttar viðgerðir eða heimiladar minni háttar breytingar.

4.1.2.2. Réttindi handhafa skírteinis flugvéltæknis II. flokks, sem tilgreind eru í gr. 4.1.2.1., gilda aðeins:

a) um þau loftför í heild sem rituð eru á skírteinið annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða á breiðum grundvelli, eða

b) um þá skrokka, hreyfla og þau kerfi eða einingar sem rituð eru á skírteinið, annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða á breiðum grund- og/eða

c) um þau kerfi eða einingar rafeindabúnaðar loftfara sem rituð eru á skírteinið, annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða á breiðum grundvelli,

d) ef hann hefur kynnt sér viðeigandi upplýsingar og fyrirmæli, sem í gildi eru, um viðhald og lofthæfi þeirrar tilteknu tegundar loftfars, sem hann undirritar viðhaldsvottorð fyrir, eða fyrir þá skrokka, hreyfla, hluta loftfara, kerfi og rafeindabúnað sem hann lýsir lofthæfan,

e) ef hann hefur á síðastliðnum 24 mánuðum annaðhvort notfært sér viðeigandi réttindi flugvéltæknis II. flokks ekki skemur en 6 mánuði eða hann hafi sannað flugmálastjórn að hann fullnægi kröfum til að öðlast skírteinið með viðeigandi réttindum.

4.1.3. **Réttindi veitt viðurkenndri viðhaldsstofnun.**
Visireglurnar í gr. 4.1.1. og 4.1.2. taka til veitingar skírteina til einstaklinga. Þegar í þess stað eru veitt réttindi, hliðstæð gr. 4.1.2.1., viðurkenndri viðhaldsstofnun skal þess gætt að með kröfum, sem gerðar eru til slíkrar stofnunar, sé tryggt að sömu hæfni sé krafist. Gæta skal þess þegar stofnun eru veitt slík réttindi að heimild til að undirrita viðhaldsvottorð sé takmörkuð við einstaklinga sem hafa þekkingu og reynslu samsvarandi því sem um getur í gr. 4.1.1.2. og 4.1.1.3.

4.2. **Flugvéltæknir — I. flokkur.**

Ath. 1: Flugvéltæknir getur verið flugtæknifræðingur, flugverkfræðingur eða flugvirki. Í vissum tilvikum, hvað varðar rafeindabúnað loftfara, getur verið um radíóvirkja eða aðilja með hliðstæða menntun að ræða.

Ath. 2: Eftirfarandi reglur gera ráð fyrir, að hægt sé að gefa út skírteini flugvéltækna I. flokks sem veita réttindi sem varða grannskoðanir, heimilaðar viðgerðir eða heimilaðar breytingar loftfara í heild sinni eða réttindi takmörkuð við þá hluta loftfara sem skráð eru á skírteinið.

Ath. 3: Flugvirkjun er iðngrein á Íslandi og skírteini flugvéltækna I. flokks veita því handhöfum ekki réttindi til þess að vinna flugvirkjastörf, nema þeir séu einnig flugvirkjar.

4.2.1. **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.**
Umsækjandi um skírteini flugvéltæknis I. flokks, skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu og færni:

4.2.1.1. **Aldur.**
Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.

4.2.1.2. **Þekking og menntun.**

4.2.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

a) reglum um skyldur handhafa skírteinis flugvéltæknis 1. flokks,
b) samsetningu, starfsemi, skoðun og hönnun þeirra hluta sem við eiga og veita á réttindi fyrir:
   i) loftfara í heild sinni,
   ii) skrokka, þ. e. bola, vængja, stjela og stýra,
   iii) hreyfla loftfara með búnaði þeirra,
   iv) kerfa loftfara og eininga þeirra,
   v) mælitækja loftfara, og
   vi) rafeindabúnaðar loftfara,
c) aðferðum og tilhögun við skoðanir og viðurkenningu á viðgerðum, grannskoðunum og prófunum þeirra hluta, sem við eiga og veita á réttindi fyrir:
   i) loftfara í heild sinni,
   ii) skrokka, þ. e. bola, vængja, stjela og stýra,
   iii) hreyfla loftfara, þar með taldar viðeigandi einingar þeirra, búnaður, mælitæki og aðrir fylgihlutir, svo og ísetning þessara hluta,
   iv) kerfa loftfara og eininga þeirra,

v) mælitækja loftfara, og
vi) rafeindabúnaðar loftfara.

4.2.1.2.2. Hann skal hafa lokið:

a) a. m. k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla með fullnægjandi árangri að mati skólans og hafa gott vald á íslensku máli,
b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og eðlisfræði, eða öðru hliðstæðu námi að mati flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum sé fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar.

4.2.1.3. **Reynsla.**

Hann skal hafa eftirfarandi reynslu í skoðunum, grannskoðunum, leyfðum viðgerðum og heimiluðum breytingum á loftförum eða hlutum þeirra:

a) til útgáfu skírteinis sem veitir réttindi til að lýsa loftför lofthæf a. m. k.:
   i) 5 ár, eða
   ii) 3 ár, ef umsækjandi hefur lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnámskeiði sem veitir samsvarandi verklega reynslu,
b) til útgáfu skírteinis með takmörkuðum réttindum samkvæmt gr. 4.2.2.2. b) skal hann hafa reynslutíma, sem gerir kleift að ná sömu hæfni og fæst samkvæmt a). Þessi tími skal ekki vera styttri en:
   i) 3 ár, eða
   ii) sá tími sem flugmálastjórn telur nauðsynlegan til að samsvarandi verkleg reynsla fáist fyrir umsækjendur sem lokið hafa viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri.

Ath.: Viðeigandi reynslu, sem handhafi skírteinis II. flokks hefur aflað sér, má taka til greina sem fullnægjandi fyrir kröfur um reynslu fyrir útgáfu skírteinis I. flokks.

4.2.1.4. **Færni.**

Hann skal hafa sannað hæfni sína til að annast þau störf sem réttindin eru veitt fyrir.

4.2.2. **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að njóta þeirra.**

4.2.2.1. Að því tilskildu, að fullnægt sé skilyrðum þeim sem um getur í gr. 4.2.2.2., hefur handhafi skírteinis flugvéltæknis I. flokks réttindi sem hér segir:

a) fyrir skírteini sem tekur til loftfara í heild sinni:
   — til að lýsa loftfar lofthæft eftir sérhverja grannskoðun, leyfða viðgerð eða leyfða breytingu á loftfari, skrokk eða hreyfli, að meðtöldum aukabúnaði og mælitækjum, rafeindabúnaði og öðrum búnaði, svo og ísetningu þeirra. Áskilið er að við þessar grannskoðanir, viðgerðir og/eða breytingar verði eingöngu notaðir viðurkenndir varahlutir til endurnýjunar.
b) fyrir skírteini með takmörkuðum réttindum samkvæmt gr. 4.2.2.2. b):
   — til að lýsa lofthæfa þá hluti loftfars, sem skírteinið tekur til, eftir grannskoðun, leyfða viðgerð eða leyfða breytingu, þar með talin ísetning viðurkenndra varahluta.

Ath.: Í þessu felast ekki réttindi til að undirrita viðhaldsvottorð nema í samræmi við gr. 4.2.3.

4.2.2.2. Réttindi handhafa skírteinis flugvéltæknis I. flokks, sem tilgreind eru í gr. 4.2.2.1., gilda aðeins:

a) um þau verk og þau loftför í heild sem rituð eru á skírteinið, annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða á breiðum grundvelli, eða
b) um þau verk og þá skrokka loftfara, þá hreyfla, þau kerfi eða einingar og rafeindakerfi og hluta þeirra sem rituð eru á skírteinið annaðhvort nákvæmlega tilgreind eða á breiðum grundvelli,
c) ef hann hefur kynnt sér allar gildandi upplýsingar um lofthæfi þeirrar tegundar loftfars, skrokks, hreyfils, kerfis eða hluta þess, svo og rafeindabúnaðar, sem hann lýsir lofthæft eftir grannskoðun, leyfða viðgerð og leyfða breytingu,
d) ef hann hefur á síðastliðnum 24 mánuðum annaðhvort notfært sér viðeigandi réttindi flugvéltæknis I. flokks ekki skemur en 6 mánuði eða hafi sannað flugmálastjórn að hann fullnægi kröfum til að öðlast skírteinið með viðeigandi réttindum.

4.2.3. **Veiting og nýting sameiginlegra réttinda I. flokks og II. flokks skírteinis.**
Réttindi, sem skilgreind eru í gr. 4.1.2.1. og 4.2.2.1., má veita með einu skírteini í stað þess að gefa út sérstakt I. flokks og II. flokks skírteini enda hafi kröfum þeim, sem um getur í gr. 4.1.1. og 4.2.1., verið fullnægt. Réttinda, sem þannig eru veitt, skal vera neytt samkvæmt gr. 4.1.2.2. og 4.2.2.2.

4.2.4. **Réttindi veitt viðurkenndri viðhaldsstofnun.**
Visireglurnar í gr. 4.2.1. og 4.2.2. taka til veitingar skírteina til einstaklinga. Þegar í þess stað eru veitt réttindi, hliðstæð gr. 4.2 2.1., viðurkenndri viðhaldsstofnun skal þess gætt að með kröfum, sem gerðar eru til slíkrar stofnunar, sé tryggt að sömu hæfni sé krafist.

4.3. **Flugumferðarstjóri.**

4 3.1. **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.**
Umsækjandi um skírteini flugumferðarstjóra skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni og heilbrigði ásamt kröfum um a. m. k. eina flugumferðarstjórnaráritun, samkv. gr. 4.4.1., 4.4.2., 4.4.3. og 4.4.4. Flugmálastjórn er þó rétt að setja nánari reglur um töku prófa fyrir útgáfu skírteinis og áritana.

4.3.1.1. **Aldur.**
Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.

4.3.1.2. **Þekking og menntun.**

4.3.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

a) íslensku og ensku til notkunar við flugumferðarstjórn og hæfni til að tala þau mál án hreims eða málfarslegra galla sem myndu hafa bagaleg áhrif á radíóviðskipti,
b) flugreglum eins og þær eru skráðar í ritum ICAO og flugmálastjórnar,
c) vinnu við flugumferðarstjórn eins og frá henni er greint í viðeigandi ICAO-ritum og íslenskum starfsreglum. Sérstaka áherslu skal leggja á stjórn IFR-umferðar,
d) viðeigandi köflum úr ICAO-ritum er varða fjarskiptabúnað og fjarskiptaaðferðir, þar með talin orðasambönd og venjur í talviðskiptum,
e) undirstöðuatriðum í loftsiglingafræði, þar á meðal kunnátta í notkun hæðarmæla,
f) viðeigandi gerðum flugleiðsögutækja að meðtöldum merkingum og ljósabúnaði ásamt notkun þeirra og takmörkunum,
g) veðurkortum, veðurskeytum og veðurspám svo að hann geti metið veður og veðurhorfur eftir þeim,

h) getumörkum mismunandi tegunda loftfara, að því er varðar flugumferðarstjórn, og
i) undirstöðuatriðum radartækja, notkun þeirra og takmörkunum.

4.3.1.2.2. Hann skal hafa lokið:

a) a. m. k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans, og hafa gott vald á íslensku máli,
b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og eðlisfræði eða öðru hliðstæðu námi að mati flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum sé fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar.

4.3.1.3. **Reynsla.**

Hann skal hafa:

a) nýlega starfað í a. m. k. 12 mánuði sem flugmaður eða flugleiðsögumaður, eða
b) starfað á fullnægjandi hátt í a. m. k. 9 mánuði við stjórn flugumferðar undir eftirliti fullgilds flugumferðarstjóra, eða
c) lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri og starfað í a. m. k. 3 mánuði við stjórn flugumferðar undir eftirliti fullgilds flugumferðarstjóra.

Ath.: Reynsla sú, sem tilgreind er í gr. 4.4.1.2., 4.4.2.2., 4.4.3.2. og 4.4.4.3., má vera hluti reynslu þeirrar sem um getur í gr. 4.3.1.3. b) og c).

4.3.1.4. **Heilbrigði.**

Hann skal fullnægja eftirfarandi heilbrigðisskilyrðum:

Skilyrðum um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 4
— — sjón no. 1
— — litaskynjun
— — heyrn no. 1

4.4. **Áritanir á skírteini flugumferðarstjóra.**

Áritanir á skírteini flugumferðarstjóra skulu vera fyrir flugturnsþjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu, flugstjórnarsvæðisþjónustu og radar. Skilyrði fyrir útgáfu áritana eru skráð í gr. 4.4.1., 4.4.2., 4.4.3. og 4.4.4. og réttindi þeirra eru samkv. gr. 4.4.5.

4.4.1. **Skilyrði áritunar fyrir flugturnsþjónustu.**

Umsækjandi um áritun skal fullnægja eftirfarandi kröfum um þekkingu, reynslu og færni í eftirfarandi greinum að því er varðar flugvöll þann sem sótt er um áritun fyrir.

4.4.1.1. **Þekking.**

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

a) reglum sem gilda um flugvöllinn,
b) flugleiðsögutækjum sem tiltæk eru innan hringlaga svæðis með 25 sjómílna geisla frá miðju flugvallarins,
c) númerum, skammstöfunum og öðru sem lýtur að veðurfregnum, svo og sérkennum veðurfars á flugvellinum og í nánd hans,
d) sérkennum flugumferðar við flugvöllinn,
e) samstarfi flugumferðarstjórnar vallarins við aðrar flugumferðarþjónustudeildir, eins og við á,
f) umhverfi flugvallarins og kennileitum,
g) reglum, sem gilda á staðnum, um notkun og athuganir á brautarskyggni (RVR) eins og við á, og
h) reglum, sem gilda á staðnum, um neyðarráðstafanir.

4.4.1.2. **Reynsla.**

a) hann skal hafa lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnámskeiði og starfað á fullnægjandi hátt undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra ekki skemur en einn mánuð á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða

b) ef viðurkenndu þjálfunarnámskeiði hefur ekki verið lokið skal starfsreynslan undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra hafa verið a. m. k. 6 mánuðir á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða

c) ef umsækjandi hefur þegar skírteini flugumferðarstjóra með áritun fyrir aðflugsstjórnarþjónustu eða flugstjórnarsvæðisþjónustu skal starfreynslutíminn ekki vera skemmri en 1 mánuður.

4.4.1.3. **Færni.**

Hann skal hafa sýnt hæfni sína í framkvæmd þeirra starfa sem honum eru veitt réttindi til.

4.4.2. **Skilyrði áritunar fyrir aðflugsstjórnarþjónustu.**

Umsækjandi um áritun skal fullnægja eftirfarandi kröfum um þekkingu, reynslu og færni í eftirfarandi greinum, að því er varðar flugvöll þann eða flugvelli þá sem sótt er um áritun fyrir.

4.4.2.1. **Þekking.**

Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

a) staðbundnum reglum um aðflug að flugvöllum og flugstjórnarsvið,

b) flugleiðsögutækjum innan og í nánd við ábyrgðarsvæði hans,

c) númerum, skammstöfunum og öðru, sem lýtur að veðurfregnum, ásamt sérkennum veðurfars sem líkleg eru að hafa áhrif á ábyrgðarsvæðinu,

d) sérkennum flugumferðar í svæðinu,

e) rafeindabúnaði sem notaður er við flugumferðarstjórn,

f) samstarfi aðflugsstjórnarinnar við aðrar flugumferðarþjónustudeildir, eins og við á,

g) landslagi og kennileitum,

h) staðbundnum reglum um notkun og athuganir á brautarskyggni (RVR), eins og við á,

i) aðferðum við leitar- og björgunarþjónustu og tiltækum gögnum hennar,

j) reglum sem gilda á staðnum um neyðarráðstafanir, og

k) aðferðum við biðflug, aðflug, fráhvarfsflug og brottflug í blindflugsskilyrðum.

4.4.2.2. **Reynsla.**

4.4.2.2.1. a) hann skal hafa lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnámskeiði og starfað á fullnægjandi hátt undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra ekki skemur en 3 mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn eða

b) ef viðurkenndu þjálfunarnámskeiði hefur ekki verið lokið skal starfsreynslan undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra hafa verið a. m. k. 6 mánuðir á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn,

c) ef umsækjandi hefur þegar skírteini flugumferðarstjóra með áritun fyrir fluturnsþjónustu eða flugstjórnarsvæðisþjónustu skal starfsreynslutíminn ekki vera skemmri en 2 mánuðir.

4.4.2.2.2. Flugmálastjórn ákveður eftir aðstæðum hverju sinni hve mikil staðbundin reynsla er nauðsynleg til að öðlast áritun fyrir aðflugsstjórnarþjónustu á nýjum stað.

4.4.2.3. **Færni**
Hann skal hafa sýnt hæfni sína í framkvæmd þeirra starfa sem honum eru veitt réttindi til.

4.4.3. **Skilyrði áritunar fyrir flugstjórnarsvæðisþjónustu.**
Umsækjandi um áritun skal fullnægja eftirfarandi kröfum um þekkingu, reynslu og færni í eftirfarandi greinum að því er varðar flugstjórnarsvæði það sem sótt er um áritun fyrir.

4.4.3.1. **Þekking.**
Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:

a) flugleiðsögutækjum innan og í nánd við flugstjórnarsvæðið,
b) gögnum um veðurupplýsingar og sérkennum veðurfars sem líkleg eru til að hafa áhrif á ábyrgðarsvæði hans,
c) flugvöllum og sérkennum flugumferðar,
d) samstarfi flugstjórnarmiðstöðvarinnar við aðrar flugumferðarþjónustudeildir,
e) viðeigandi atriðum um fjarskiptastöðvar, þar með talið hver tíðni þeirra og starfsemi er,
f) landslagi og kennileitum,
g) aðferðum við leitar- og björgunarþjónustu og tiltækum gögnum hennar, og
h) aðferðum við biðflug, aðflug, fráhvarfsflug og brottflug við blindflugsskilyrði.

4.4.3.2. **Reynsla.**

a) hann skal hafa lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu þjálfunarnámskeiði og starfað á fullnægjandi hátt undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra ekki skemur en 3 mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða
b) ef viðurkenndu þjálfunarnámskeiði hefur ekki verið lokið skal starfsreynslan undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra hafa verið a. m. k. 6 mánuðir á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, eða
c) ef umsækjandi hefur skírteini flugumferðarstjóra með áritun fyrir flugturnsþjónustu eða aðflugsstjórnarþjónustu skal starfsreynslutíminn undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra ekki vera skemmri en 2 mánuðir.

4.4.3.3. **Færni.**
Hann skal hafa sýnt hæfni sína til að leysa af hendi þau störf sem honum eru veitt réttindi til.

4.4.4. **Skilyrði fyrir radaráritun.**
Umsækjandi skal hafa fullgilt skírteini flugumferðarstjóra, sbr. gr. 4.3.1., með þeirri áritun sem krafist er á viðeigandi stað. Hann skal fullnægja kröfum um þekkingu, skv. gr. 4.4.4.2., og reynslu, skv. gr. 4.4.4.3., um flugvöll þann eða flugvelli þá og flugstjórnarsvæði, sem áritunar er óskað fyrir, með hliðsjón af þeim radar sem nota skal.

Ath. 1: Þessar kröfur gera ráð fyrir að umsækjandi hafi viðeigandi áritun fyrir flugturnsþjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu eða flugstjórnarsvæðisþjónustu sem radarréttinda er óskað eftir.

Ath. 2: Þetta ber ekki að skilja svo að radaráritun geti ekki verið innifalin í áritun fyrir flugturnsþjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu eða flugstjórnarsvæðisþjónustu.

4.4.4.1. Radaráritun skiptist í áritanir fyrir PAR-aðflugsradar, SRE-aðflugsradar og svæðisradar.

4.4.4.2. **Þekking.**
Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:
a) aðferðum til að tryggja rétta hæð yfir jörðu, þar með taldar viðeigandi ATS-flugleiðir og hindranalágmörk sem við eiga,
b) sérkennum og flughæfi mismunandi tegunda loftfara, að því er varðar radarflugstjórn,
c) grundvallaratriðum radartækni,
d) sérkennum hlutaðeigandi radartækja, notkun þeirra og takmörkunum, þar með taldar takmarkanir vegna landslags, veðurskilyrða og annarra atriða sem hafa áhrif á starfsemi þeirra,
e) samstarfi innan flugumferðarþjónustudeildarinnar og við aðrar slíkar deildir, hvort sem þær eru búnar radar eða ekki,
f) aðferðum við radarauðkenningu loftfara, eins og við á, og
g) aðferðum við radarflugstjórn við aðflug, fráhvarfsflug, brottflug og leiðarflug, eins og við á.

4.4.4.3. **Reynsla.**
a) hann skal hafa lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu námskeiði og hafa á fullnægjandi hátt starfað undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra, sem hefur radarréttindi, eigi skemur en einn mánuð á síðustu 12 mánuðum, eða
b) hann skal hafa starfað með fullnægjandi árangri undir stjórn fullgilds flugumferðarstjóra, sem hefur radarréttindi, eigi skemur en 3 mánuði á síðustu 12 mánuðum, að því tilskildu að
   i) ef umsækjandi á að starfa við PAR-aðflugsradar skal reynsla hans skv. lið a) eða b), fela í sér a. m. k. 200 slík aðflug. Af þeim skulu ekki vera fleiri en 100 í viðurkenndu þjálfunartæki og a. m. k. 50 leyst af hendi með PAR-aðflugsradar á þeim flugvelli þar sem umsækjandi hyggst starfa,
   ii) ef umsækjandi á að starfa við SRE-aðflugsradar skal reynsla skv. lið a), fela í sér a. m. k. 25 hringsjáraðflug (PPI) eða skv. lið b) fela í sér a. m. k. 50 hringsjáraðflug (PPI). Við öll aðflugin skulu hafa verið notuð sams konar radartæki og það sem sótt er um réttindi fyrir.

Ath.: Kröfur þær um reynslu, sem tilgreindar eru í gr. 4.4.4.3., má telja sem hluta af þeirri reynslu sem tekin er til greina og um getur í gr. 4.4.2.2. c).

4.4.4.4. **Færni.**
Hann skal hafa sýnt hæfni sína í að leysa af hendi þau störf sem honum eru veitt réttindi til.

4.4.5. **Réttindi handhafa skírteinis flugumferðarstjóra og skilyrði sem fullnægja þarf til að njóta þeirra.**

4.4.5.1. Að því tilskildu, að fullnægt sé kröfum þeim er greinir í gr. 1.2.5. og 1.2.6., eru réttindi handhafa skírteinis flugumferðarstjóra, sem hefur eina eða fleiri neðantaldra áritana, svo sem hér greinir:

4.4.5.1.1. **Áritun fyrir flugturnsþjónustu:**
að annast eða hafa í sinni umsjá flugturnsþjónustu á þeim flugvelli sem hann hefur áritun fyrir, að því tilskildu að hann hafi kynnt sér allar upplýsingar sem máli skipta og í gildi eru.

4.4.5.1.2. **Áritun fyrir aðflugsstjórnarþjónustu:**
að annast eða hafa í sinni umsjá aðflugsstjórnarþjónustu við flugvöll eða flugvelli þá, sem hann hefur áritun fyrir, í því loftrými eða í til-

teknum hluta þess sem flugmálastjórn hefur ákveðið að heyri undir hlutaðeigandi aðflugsstjórnarþjónustudeild enda hafi hann kynnt sér allar upplýsingar sem máli skipta og í gildi eru.

4.4.5.1.3 **Áritun fyrir flugstjórnarsvæðisþjónustu:**
að annast eða hafa í sinni umsjá þjónustu á því flugstjórnarsvæði eða á tilteknum hluta þess sem hann hefur áritun fyrir enda hafi hann kynnt sér allar upplýsingar sem máli skipta og í gildi eru.

4.4.5.1.4. **Radaráritun:**
að annast eða hafa í sinni umsjá stjórn flugumferðar sem hann hefur áritun fyrir, með
a) notkun tilgreinds PAR-aðflugsradars á ákveðnum flugvelli,
b) notkun tilgreinds SRE-aðflugsradars til aðflugsstjórnar í loftrými tilgreindrar aðflugsstjórnardeildar,
c) notkun tilgreinds svæðisradars til umferðarstjórnar í loftrými tilgreindrar flugstjórnarmiðstöðvar.

4.4.5.2. **Gildistími áritana.**
Áritun fellur úr gildi þegar flugumferðarstjóri hefur ekki starfað samsamkvæmt henni á 6 mánaða tímabili. Hafi áritun fallið úr gildi getur flugumferðarstjóri endurnýjað hana með því að standast sérstakt hæfnipróf (S-PT). Hann skal einnig standast hæfnipróf (PT) fyrir áritun þá, sem hann starfar eftir eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

4.5. **Flugumsjónarmaður.**

4.5.1. **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.**
Umsækjandi um skírteini flugumsjónarmanns skal fullnægja eftirfarandi kröfum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu og færni:

4.5.1.1. **Aldur.**
Hann skal ekki vera yngri en 21 árs.

4.5.1.2. **Þekking og menntun.**

4.5.1.2.1. Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum að því marki sem réttindi hans gefa tilefni til:
a) gerð flugáætlana fyrir flugumferðarþjónustu og rekstrarflugáætlana, þar með talinn útreikningur á þyngdarpunkti, eldsneytiseyðslu og flugþoli ásamt vali á varaflugvöllum,
b) notkun upplýsingarita fyrir flug, svo sem flugmálahandbóka AIP, NOTAM, lykla og skammstafana,
c) reglum og reglugerðarákvæðum um loftflutninga,
d) aðferðum og venjum við flugumferðarstjórn sem varða starf flugumsjónarmanna,
e) flugveðurfræði,
f) notkun og takmörkunum hæðarmæla, einkanlega mismunandi stillingum þeirra,
g) grundvallaratriðum um flugleiðsögu, sérstaklega á flugrekstri við blindflugsskilyrði,
h) aðferðum við flugleiðsögu, og
i) fjarskiptaaðferðum við loftför og viðeigandi farþjónustustöðvar.

4.5.1.2.2. Hann skal hafa lokið:
a) a. m. k. eins árs almennu námi að loknum grunnskóla, með fullnægjandi árangri að mati skólans og hafa gott vald á íslensku máli,
b) stúdentsprófi í ensku, stærðfræði og eðlisfræði, eða öðru hliðstæðu námi að mati flugmálastjórnar.

Vafaatriðum um það, hvort fyrrgreindum menntunarkröfum sé fullnægt, má vísa til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar.

4.5.1.3. **Reynsla.**

4.5.1.3.1. Hann skal hafa á síðustu 3 árum fyrir umsókn lokið tveggja ára starfi í einhverri einni eða fleiri en einni eftirtalinna starfsgreina enda hafi hann verið starfsmaður í einhverri þeirra ekki skemur en 1 ár:

a) flugmaður í loftflutningum,
b) flugleiðsögumaður í loftflutningum,
c) flugloftskeytamaður í loftflutningum,
d) veðurfræðingur í sambandi við flugrekstur,
e) flugumferðarstjóri eða tæknilegur umsjónarmaður með flugumsjón hjá flugfélagi sem rekur loftflutningastarfsemi, eða

4.5.1.3.2. Hann skal hafa starfað sem aðstoðarmaður við flugumsjón með loftflutningum eigi skemur en 1 ár á síðustu 2 árum fyrir umsókn, eða

4.5.1.3.3. Hafa lokið viðurkenndu þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi árangri.

4.5.1.3.4. Umsækjandi, sem fullnægir settum skilyrðum, samkvæmt gr. 4.5.1.3.1., 4.5.1.3.2. og 4.5.1.3.3., skal hafa starfað sem flugumsjónarmaður undir eftirliti flugumsjónarmanns með full réttindi eigi skemur en 90 daga á síðustu 6 mánuðum fyrir umsókn.

4.5.1.4. **Færni.**

Hann skal sanna hæfni sína til að:

a) gera á fullnægjandi hátt, á grundvelli daglegra veðurkorta og veðurskeyta, grein fyrir ríkjandi veðurfari á tiltekinni flugleið eða í námunda við hana og segja fyrir veðurbreytingar, sem varða loftflutninga, með sérstakri hliðsjón af tilteknum flugvöllum,
b) ákvarða æskilegustu flugleið,
c) annast flugumsjón og alla aðra aðstoð við flug í slæmum skilyrðum, svo sem handhafa skírteinis flugumsjónarmanns ber að gera.

4.5.2. **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að njóta þeirra.**

4.5.2.1. Að því tilskildu, að fullnægt sé skilyrðum gr. 1.2.5., eru réttindi handhafa skírteinis flugumsjónarmanns þau að starfa sem flugumsjónarmaður á hverju því svæði sem hann fullnægir lágmarkskröfum fyrir að því tilskildu að hann haldi við hæfniskröfum þeim sem um getur í ICAO, viðbæti 6.

4.5.2.2. Til þess að halda réttindum sínum skal handhafi skírteinis flugumsjónarmanns hafa starfað sem slíkur a. m. k. 6 mánuði á síðustu 24 mánuðum eða hafa staðist sérstakt hæfnipróf (S-PT), sem flugmálastjórn tekur gilt.

4.6. **Flugradíómaður.**

4.6.1. **Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.**

4.6.1.1. Umsækjandi um skírteini flugradíómanns skal fullnægja eftirfarandi kröfum um aldur, þekkingu, reynslu og færni. Einstaklingur má þó starfa sem flugradíómaður án þess að hafa skírteini enda fullnægi hann engu að síður kröfum þessum.

Ath. 1: Samkvæmt ICAO viðbæti 10 er „Flugradíó" skilgreint sem radíóstöð á landi sem veitir loftförum farstöðvarþjónustu. Í sérstökum tilvikum getur flugradíóstöð verið um borð í skipi eða í gervitungli.

Ath. 2: Flugumferðarstjórar, sem fullnægja kröfum í gr. 4.4.1., teljast fullnægja kröfum þessum.

4.6.1.2. **Aldur.**
Hann skal vera a. m. k. 18 ára gamall.

4.6.1.3. **Þekking.**
Hann skal sanna þekkingu sína á eftirfarandi atriðum:
a) undirstöðuatriðum í skipulagi talstöðvarkerfis sem notað er við flugsamgöngur,
b) séreinkennum hátíðni og notkun mismunandi tíðniflokka,
c) mælitækjum, ICAO-stafrófinu og orðasamböndum sem notuð eru í farstöðvarviðskiptum,
d) táknmáli og skammstöfunum sem notaðar eru,
e) skipulagi fastastöðvarþjónustunnar sem tengd er farstöðvarþjónustunni. Sérstaka áherslu skal leggja á nauðsyn skjótrar og tafarlausrar sendingar skilaboða til lofttfara og frá þeim,
f) starfsaðferðum ICAO við fjarskipti, þróun og beitingu þeirra. Áhersla skal lögð á hvernig bregðast skuli við í neyðartilvikum,
g) íslensku og ensku, þar sem þess er þörf, án hreims eða málgalla sem myndu spilla fyrir radíóviðskiptum, og
h) almennum skilningi á flugumferðarstjórnarþjónustu.

4.6.1.4. **Reynsla.**
Hann skal hafa:
a) lokið með fullnægjandi árangri viðurkenndu námskeiði á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn og hafa starfað með fullnægjandi árangri undir stjórn fullgilds flugradíómanns eigi skemur en 2 mánuði, eða
b) starfað með fullnægjandi árangri undir stjórn fullgilds flugradíómanns eigi skemur en 6 mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn.

4.6.1.5. **Færni.**
Hann skal sýna eða hafa sýnt hæfni sína í að:
a) meðhöndla og hagnýta venjuleg sendi- og móttökutæki sem í notkun eru,
b) leysa af hendi daglegt eftirlit og skoðanir á radíótækjum sem hann notar. Skoðanir þessar skulu vera svo nákvæmar að hann geti fundið og gert við bilanir sem algengastar eru enda þurfi ekki sérhæft tæki til viðgerðanna,
c) senda talskeyti, beita réttri senditækni, hafa góðan og skýran framburð,
d) taka á móti talskeytum, og þar sem það er nauðsynlegt, skrá radíómerki og skeyti jafnhraðan á ritvél.

4.6.1.5.1. Ef óskað er eftir auknum réttindum sem taka til símritunar skal umsækjandi sanna eða hafa sannað hæfni sína í að:
i) senda og taka á móti hljóðmerkjum hins alþjóðlega morskerfis (stafir, tákn og punktamerki) á hraða sem er ekki minni en 16 samstæður á mínútu og í mæltu máli á hraða sem er ekki minni en 20 orð á mínútu. Táknasamstæður skulu að jafnaði hafa 5 stafi hver. Tölustafur og greinarmerki teljast 2 stafir. Í mæltu máli skulu að jafnaði vera 5 stafir í orði. Sérhvert próf skal vara eigi skemur en 5 mínútur, og
ii) meðhöndla og stilla stjórntæki venjulegs símritabúnaðar flugstöðvar.

4.6.2. **Réttindi fullgilds flugradíómanns og skilyrði þau sem fullnægja þarf til þess að njóta þeirra.**

4.6.2.1. Að því tilskildu, að fullnægt sé þeim kröfum sem tilgreindar eru í gr. 1.2.5. og 4.6.2.2., eru réttindi fullgilds flugradíómanns þau að hann má starfa

sem slíkur í flugradíóstöð, að því tilskildu að hann hafi kynnt sér allar tiltækar upplýsingar sem máli skipta um tæjabúnað og tækni sem notuð er í hlutaðeigandi flugradíóstöð.

4.6.2.2. Ef þekking og hæfni umsækjanda hefur einnig verið sannreynd að því er varðar símritun þá má flugmálastjórn með áritun auka réttindi skírteinishafa þannig að þau nái einnig til þess að hagnýta símrita. Handhafi slíks skírteinis má hagnýta morslykla jafnt og talstöðvartæki í flugradíóstöð.

V. KAFLI
GERÐ SKÍRTEINA

5.1. **Skírteini útgefin af flugmálastjórn samkvæmt þessari reglugerð, skulu gerð í samræmi við eftirfarandi ákvæði:**

5.1.1. **Atriði.**

Eftirfarandi atriði skulu koma fram á skírteininu:

I. Nafn ríkisins (feitu letri).
II. Tegund skírteinisins (mjög feitu letri).
III. Númer skírteinisins með arabískum tölum.
IV. Fullt nafn skírteinishafa.
V. Heimilisfang skírteinishafa.
VI. Þjóðerni skírteinishafa.
VII. Eiginhandarundirskrift skírteinishafa.
VIII. Útgefandi skírteinisins og, ef nauðsynlegt er, með hvaða skilyrðum skírteinið er útgefið.
IX. Ákvæði um gildistíma og réttindi skírteinishafa.
X. Undirskrift fulltrúa flugmálastjórnar og dagsetning útgáfu skírteinisins.
XI. Stimpill flugmálastjórnar.
XII. Áritanir, þ. e. flokksáritanir, tegundaráritanir, radaráritanir o. s. frv.
XIII. Athugasemdir, þ. e. sérstakar athugasemdir um takmörkun réttinda og aukin réttindi.
XIV. Sérhver önnur atriði er flugmálastjórn æskir.

5.1.2. **Efni.**

Skírteinin skulu gerð úr fyrsta flokks pappír eða öðru hentugu efni og atriðin í 5.1.1. skulu sjást þar greinilega.

5.1.3. **Litur.**

5.1.3.1. Ef pappír af sama lit er notaður fyrir allar tegundir skírteina skal hann vera hvítur.

5.1.3.2. Ef sérhver tegund skírteina er einkennd ákveðnum lit, skal það vera á eftirfarandi hátt:

a) Einkaflugmaður/flugvél — ljósbrúnt.
b) Atvinnuflugmaður III. flokks/flugvél — ljósblátt.
c) Atvinnuflugmaður II. flokks/flugvél — dökkblátt.
d) Atvinnuflugmaður I. flokks/flugvél — dökkgrænt.
e) Flugleiðsögumaður — rautt.
f) Flugloftskeytamaður — rauðgult.
g) Flugvélstjóri — brúnt.
h) Sviffflugmaður — bleikt.
i) Stjórnandi loftbelgs — fjólublátt.
j) Einkaflugmaður/þyrla — ljósgrátt.
k) Atvinnuflugmaður III. flokks/þyrla — dökkgrátt.

l) Atvinnuflugmaður I. flokks/þyrla — tvær eða fleiri dökkgráar rendur á hvítum grunni.
m) Flugvéltæknir — II. flokks — rauðbrúnt.
n) Flugvéltæknir — I. flokks — rauðbrúnt.
o) Flugumferðarstjóri — gult.
p) Flugumsjónarmaður — ljósgrænt.
q) Flugradíómaður — tvær eða fleiri rauðgular rendur á hvítum grunni.

5.1.4. **Tungumál.**
Skírteinin skulu prentuð á íslensku og heiti atriða no. I., II., VI., IX., XII., XIII. og XIV. í grein 5.1.1. þýdd á ensku.

5.1.5. **Stærð og niðurröðun atriða:**

5.1.5.1. **Niðurröðun atriða.**
Atriði skulu tölusett rómverskum tölustöfum eins og segir í gr. 5.1.1. og í samræmi við nefnda gr. Niðurröðun má vera sú er best þykir henta en samræmi skal vera milli hinna ýmsu gerða skírteina.

5.1.5.2. **Stærð.**
Stærðin skal ekki vera meiri en 15×19 cm.
Ath.: Til þess er ætlast að skírteinin séu eins lítil og hentugt er og geti samanbrotin verið í venjulegu veski.

VI. KAFLI
HEILBRIGÐISSKILYRÐI

6.1. **Almenn heilbrigðisskilyrði.**

6.1.1. Ógerningur er að rekja vísireglur í þessum kafla nægilega í smáatriðum, þannig að þær nái yfir öll einstök tilvik, og verða því margar ákvarðanir, sem varða mat á heilbrigðisástandi, háðar dómgreind og skynsemi hlutaðeigandi trúnaðarlækna flugmálastjórnar. Slíkt mat skal því reist á nákvæmri læknisrannsókn í samræmi við almennar lækningakröfur, enda sé höfð nægileg hliðsjón af þeim réttindum, sem um er sótt, og þeim skilyrðum sem líklegt er að beita þurfi réttindunum við.

6.1.2. Læknir sá, sem um rannsóknina sér, skal tilkynna flugmálastjórn sérhvert tilvik þar sem sýnd hæfni, dugnaður og reynsla geta að hans áliti vegið upp á móti því að fullnægt sé settum heilbrigðisskilyrðum, án þess að dregið sé úr hæfni til að gegna þeim störfum á öruggan hátt sem útgefið skírteini veitir rétt til.
Ath.: Athygli er vakin á greinum 1.2.4. — 1.2.6., sérstaklega gr. 1.2.4.4.

6.1.3. Umsækjandi skal gefa undirritaða yfirlýsingu um sjúkrasögu sína og fjölskyldu sinnar, þar með taldar erfðir innan fjölskyldunnar. Athygli umsækjanda skal vakin á nauðsyn þess að yfirlýsing þessi sé eins nákvæm og vitneskja hans leyfir og að farið verði með rangar upplýsingar í samræmi við gr. 1.2.4.2.1.

6.1.4. **Fyrsta rannsókn og síðari rannsóknir.**

6.1.4.1. Heilbrigðisskilyrði til endurnýjunar skírteinis og áritunar skulu vera þau sömu og við fyrstu útgáfu skírteinis eða áritunar nema þau sem sérstaklega er getið um í þessum kafla.
Ath.: Tímabilið milli venjulegra læknisrannsókna til staðfestingar á því, hvort líkamleg og andleg hreysti sé ennþá nægileg, er tilgreint í gr. 1.2.5.2. og í töflu um heilbrigðisskilyrði gr. 6.6.

6.2. **Skilyrði um líkamshreysti og andlega heilbrigði fyrir útgáfu, endurnýjun og áritun skírteina.**

6.2.1. **Skilyrði um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 1.**
Læknisrannsókn og mat skulu styðjast við eftirfarandi skilyrði um líkamshreysti og andlega heilbrigði:

6.2.1.1. Umsækjandi skal vera laus við:
a) hvers konar afbrigðileika, meðfæddan eða fenginn, eða
b) hvers konar virka, óvirka, bráða eða langvinna vanhæfi, eða
c) hvers konar sár, áverka eða eftirstöðvar aðgerða,
sem gætu haft í för með sér svo verulega óhæfni að líkindi væru til að truflað gætu örugga stjórn loftfars í hvaða hæð sem er meðan á löngu eða erfiðu flugi stendur.

6.2.1.2. Umsækjandi má ekki þjást af sjúkdómi eða vanhæfi til starfa sem ef til vill gæti skyndilega gert hann ófæran til að stjórna loftfari örugglega.

6.2.1.3. Í sjúkrasögu eða læknisrannsókn umsækjanda má ekkert koma fram sem samkvæmt viðurkenndu læknisfræðilegu mati gerir umsækjanda ókleift að neyta á öruggan hátt þeirra réttinda sem skírteini það eða áritun veitir sem sótt er um eða þegar er fengið. Þau atriði, sem undir þetta heyra, eru eftirfarandi:
a) geðveiki,
b) ofdrykkja,
c) lyfjaávani (drug dependance),
d) hvers konar geðræn truflun, sérstaklega ef um svo alvarlega truflun er að ræða að umsækjandi hafi hvað eftir annað gerst sekur um brotlegt athæfi,
e) afbrigðilegt geðlag eða taugaveiklun.

6.2.1.3.1. Í sjúkrasögu eða læknisrannsókn umsækjanda má ekki koma fram neins konar afbrigðilegt geðlag, andleg truflun eða taugaveiklun, sem samkvæmt viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti bent til að umsækjandi innan tveggja ára frá læknisskoðun verði óhæfur til þess að neyta á öruggan hátt þeirra réttinda sem skírteini það eða áritun veitir sem sótt er um eða þegar er fengið.

Ath.: Umsækjandi, sem hefur fengið bráðan geðsjúkdóm af völdum eitrunar, þarf ekki að teljast óhæfur ef hann hefur ekki orðið fyrir neinum varanlegum skaða.

6.2.1.4. Í sjúkrasögu eða við læknisrannsókn umsækjanda mega ekki koma fram eftirfarandi atriði:
a) virkur eða óvirkur sjúkdómur í taugakerfinu sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti truflað örugga stjórn loftfars,
b) flogaveiki,
c) hvers konar truflun meðvitundar án fullnægjandi læknisfræðilegrar skýringar á orsök hennar.

6.2.1.5. Umsækjandi, sem hlotið hefur höfuðmeiðsli sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gætu truflað örugga stjórn loftfars, skal ekki talinn hæfur.

6.2.1.6. Umsækjandi má ekki þjást af neinum meðfæddum né fengnum hjartagalla sem er líklegur til þess að geta truflað örugga stjórn loftfars. Ef umsækjandi hefur þjáðst af kransæðastíflu skal hann ekki talinn hæfur.

Ath.: Algengt óregluástand, svo sem mishraðan hjartslátt við andardrátt, óregluleg aukaslög hjartans, sem hverfa við áreynslu, aukinn hjartsláttarhraða, sem stafar af geðshræringu eða áreynslu, eða hægan hjartslátt án misræmis milli slaga fram- og afturhólfa (auriculoventricular dissociation), má telja innan takmarka hins eðlilega.

6.2.1.7. Hjartalínuritun skal vera hluti hjartarannsóknar við fyrstu útgáfu skírteinis og skal endurtekin við endurrannsókn umsækjanda á aldrinum 30 til 40 ára, a. m. k. á tveggja ára fresti og eftir það ekki sjaldnar en árlega.

Ath.: Tilgangur venjulegrar hjartalínuritunar er að greina sjúkdómstilfelli. Hún er þó engan veginn næg ástæða til að réttlæta það, að umsækjandi sé talinn óhæfur, án frekari nákvæmrar rannsóknar á æðakerfi hjartans.

6.2.1.8. Blóðþrýstingur (efra og neðra mark) skal vera eðlilegur.

Ath.: Ef umsækjandi notar lyf gegn háum blóðþrýstingi telst hann ekki hæfur, nema ef um er að ræða lyf sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati samræmist öruggri stjórn loftfars.

6.2.1.9. Ekki mega vera neinar starfrænar né vefrænar veilur í æðakerfinu.

6.2.1.10. Ekki má vera um neina bráða sjúkdóma í lungum, miðmæti (mediastinum) né brjósthimnu (pleura) að ræða. Röntgenmyndataka skal vera hluti læknisrannsóknar í þeim tilvikum þar sem vafi leikur á sjúkdómsgreiningu.

6.2.1.10.1. Röntgenmyndataka skal vera hluti fyrstu rannsóknar í brjóstholi og skal endurtaka hana reglulega eftir það.

6.2.1.11. Umsækjandi með meiri háttar sköddun á brjóstveggnum, innfallinn brjóstkassa, ásamt afleiðingum uppskurðar, sem hefur í för með sér minnkun á öndunarhæfni í mikilli hæð skal ekki talinn hæfur.

6.2.1.12. Umsækjandi með lungnaþembu sem er á því stigi að einkenni koma í ljós, skal ekki talinn hæfur.

6.2.1.13. Umsækjandi með virka lungnaberkla telst ekki hæfur. Ef um óvirk eða læknuð mein er að ræða sem greina má sem berkla eða ætla má að séu berklakyns má telja umsækjanda hæfan.

6.2.1.13.1. Þegar vafi leikur á, hversu virkt meinið er, og virk einkenni koma ekki fram við rannsókn þá skal ekki telja umsækjanda hæfan í a. m. k. 3 mánuði eftir læknarannsóknina. Að þeim tíma liðnum skal enn taka röntgenmynd af brjóstholinu og bera hana vandlega saman við þá upprunalegu. Ef ekki koma fram nein merki um að sjúkdómurinn þróist áfram og engin almenn einkenni sem varða brjóstholið þá má telja umsækjanda hæfan í 3 mánuði. Þessa rannsókn skal endurtaka á þriggja mánaða fresti og endurnýja réttindi umsækjanda til þriggja mánaða í senn. Þegar umsækjandi hefur gengist undir þessar rannsóknir samfellt í 2 ár a. m. k. og samburður röntgenmynda sýnir engar breytingar, eða aðeins að meinið virðist dvína, þá má líta svo á að meinið sé „óvirkt" eða „læknað".

6.2.1.14. Umsækjandi með sjúkdóm, sem veldur vanhæfi og er samfara verulegum truflunum í meltingarfærum og líffærum sem þeim eru tengd (adnexae), skal ekki talinn hæfur.

6.2.1.15. Þess skal krafist að umsækjandi hafi engan vott af kviðsliti.

6.2.1.16. Umsækjandi með hvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á meltingarvegi og líffærum, sem honum eru tengd (adnexae), sérstaklega lokun líffæris vegna þrengsla eða þrýstings á líffæri sem gætu valdið skyndilegri óhæfni skírteinishafa á flugi skal ekki talinn hæfur.

6.2.1.16.1. Umsækjandi, sem hefur gengist undir meiri háttar skurðaðgerð á gallgangi eða á meltingarvegi og þeim líffærum, sem honum eru tengd, sem haft hefur í för með sér brottnám að hluta eða öllu leyti eða breytingu á einhverjum hluta líffæra þessara, skal ekki talinn hæfur þar til trún-

aðarlæknir flugmálastjórnar hefur kynnt sér öll gögn, sem lúta að aðgerðinni, og að því loknu metið afleiðingar og áhrif skurðaðgerðarinnar ólíklegar til þess að valda skyndilegri óhæfni á flugi.

6.2.1.17. Umsækjandi með efnaskipta-, næringar- og innrennsliskirtlatruflanir, sem gætu haft áhrif á örugga stjórn loftfars, skal ekki talinn hæfur.

6.2.1.18. Umsækjandi með sykursýki, sem hægt er að meðhöndla án sykursýkislyfja, skal talinn hæfur.

6.2.1.19. Umsækjandi með svo mikla miltisstækkun að miltið nær stöðugt niður fyrir brún rifjahylkis skal ekki talinn hæfur.

6.2.1.20. Umsækjandi með greinilega stækkun á eistökum eitlum eða eitlakerfi líkamans í heild skal ekki talinn hæfur. Ef umsækjandi gengur með blóðsjúkdóm skal hann ekki talinn hæfur.

6.2.1.20.1. Í þeim tilvikum, sem nefnd eru í gr. 6.2.1.20. þar sem ástandið er tímabundið, skal umsækjandi ekki talinn hæfur í bili.

6.2.1.21. Umsækjandi með merki um vefræna sjúkdóma í nýrum skal ekki talinn hæfur. Ef aðeins er um tímabundinn sjúkdóm að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur í bili. Í þvagi mega ekki vera nein óeðlileg efni sem trúnaðarlæknir telur af sjúklegum uppruna. Umsækjandi með hvers konar einkenni um sjúkdóma í þvagvegum og kynfærum skal ekki talinn hæfur. Ef um tímabundið ástand er að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur í bili.

6.2.1.22. Ef um er að ræða hvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á nýrum eða þvagvegum, séstaklega lokun líffæris sem stafar af þrengslum eða þrýstingi, sem gæti orsakað skyndilega óhæfni, skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef annað nýra hefur verið numið burt en hitt starfar eðlilega án hækkaðs blóðþrýstings eða þvageitrunar má telja umsækjanda hæfan.

6.2.1.22.1. Umsækjandi, sem hefur gengist undir meiri háttar skurðaðgerð á þvagfærum sem haft hefur í för með sér brottnám að hluta eða öllu leyti eða breytingu á einhverjum hluta líffæra þessara, skal ekki talinn hæfur þar til trúnaðarlæknir flugmálastjórnar hefur kynnt sér öll gögn, sem lúta að aðgerðinni, og að því loknu metið afleiðingar og áhrif skurðaðgerðarinnar ólíklega til þess að valda skyndilegri óhæfni á flugi.

6.2.1.23. Umsækjandi, sem haft hefur sárasótt og sækir um skírteini í fyrsta sinn, skal leggja fram gögn sem sanna trúnaðarlækni að hann hafi gengist undir fullnægjandi meðferð.

6.2.1.24. Kona, sem haft hefur verulega óreglu á tíðum sem ekki hefur lagast við viðeigandi meðferð og líklegt er að trufli örugga stjórn loftfars, skal ekki teljast hæf. Ef álitið er að um þungun sé að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur í bili. Eftir fósturlát eða fæðingu skal konu ekki leyft að neyta réttinda skírteinis síns fyrr en hún hefur gengist undir nýja læknisskoðun og verið talin hæf.

6.2.1.24.1. Umsækjanda, sem hefur gengist undir skurðaðgerð við kvensjúkdómi, skal meta í hvert sinn eftir atvikum.

6.2.1.25. Ef um er að ræða einhvers konar virkan sjúkdóm í beinum, liðamótum, vöðvum eða sinum eða einhvers konar starfrænar afleiðingar af meðfæddum eða fengnum sjúkdómi skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef um er að ræða starfrænar afleiðingar meins í beinum, liðamótum, vöðvum eða sinum og tiltekna líffæragalla, sem ekki mundu trufla örugga stjórn loftfars í hvaða hæð sem er og meðan á löngu eða erfiðu flugi stendur má telja umsækjanda hæfan.

6.2.1.26. Ekki má vera:

a) neitt sjúklegt ástand, brátt eða langvinnt í innra eyra eða miðeyra,
b) neitt ógróið op á hljóðhimnu. Ef hins vegar er um að ræða eitt þurrt op sem ekki stafar af smitandi sjúkdómi má telja umsækjanda hæfan. Við þessar aðstæður skal skírteini hvorki gefið út né endurnýjað nema viðeigandi kröfum um heyrn í gr. 6.5. sé fullnægt,
c) nein varanleg stífla í kokhlustum,
d) nein varanleg truflun í völundarhúsi. Ef um tímabundið ástand er að ræða má telja umsækjanda ekki hæfan í bili.

Ath.: Frá heyrnarkröfum er greint í einstökum atriðum í gr. 6.5.

6.2.1.27. Nasagöng skulu vera vel opin báðum megin. Engin veruleg missmíði eða alvarleg, bráð eða langvinn ígerð má vera í koki eða efri öndunarvegi. Ef umsækjandi er málhaltur eða stamar skal hann ekki talinn hæfur.

6.2.2. **Skilyrði um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 2.**
Læknisrannsókn og mat skulu styðjast við eftirfarandi skilyrði um líkamshreysti og andlega heilbrigði.

Ath.: Athygli skal vakin á því hve líkir textarnir í gr. 6.2.1. og gr. 6.2.2. eru. Aðalmunurinn er í notkun þeirra. Í skilyrðum um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 2 koma fyrir setningar eins og „örugg ástundun skyldustarfa" í stað nánari ákvæða í heilbrigðisskilyrðunum no. 1 eins og „örugg stjórn loftfars". Hlutaðeigandi trúnaðarlæknir flugmálastjórnar getur því, með notkun slíkra ákvæða, metið umsækjanda hæfan skv. heilbrigðisskilyrðum no. 2 þótt hann hefði ekki verið talinn hæfur samkvæmt ákvæðum í heilbrigðisskilyrðum no. 1.

6.2.2.1. Umsækjandi skal vera laus við:

a) hvers konar afbrigðileika, meðfæddan eða fenginn, eða
b) hvers konar virka, óvirka, bráða eða langvinna vanhæfi, eða
c) hvers konar sár, áverka eða eftirstöðvar aðgerða,

sem gætu haft í för með sér svo verulega óhæfni að líkindi væru til að truflað gætu örugga ástundun skyldustarfa í hvaða hæð sem er meðan á löngu eða erfiðu flugi stendur.

6.2.2.2. Umsækjandi má ekki þjást af sjúkdómi eða vanhæfi til starfa sem ef til vill gætu skyndilega gert hann ófæran til að vinna skyldustörf sín örugglega.

6.2.2.3. Í sjúkrasögu eða við læknisrannsókn umsækjanda má ekkert koma fram sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gerir umsækjanda óhæfan að neyta á öruggan hátt þeirra réttinda sem skírteini það eða áritun veitir sem sótt er um eða þegar er fengið. Þau atriði, sem undir þetta heyra, eru eftirfarandi:

a) geðveiki,
b) ofdrykkja,
c) lyfjaávani (drug dependance),
d) hvers konar geðræn truflun, sérstaklega ef um svo alvarlega truflun er að ræða að umsækjandi hafi hvað eftir annað gerst sekur um brotlegt athæfi,
e) afbrigðilegt geðlag eða taugaveiklun.

6.2.2.3.1. Í sjúkrasögu eða læknisrannsókn umsækjanda má ekki koma fram neins konar afbrigðilegt geðlag, andleg truflun eða taugaveiklun sem samkvæmt

viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti bent til að umsækjandi innan tveggja ára frá læknisskoðun verði óhæfur til þess að neyta á öruggan hátt þeirra réttinda sem skírteini það eða áritun veitir, sem sótt er um eða þegar er fengið.

Ath.: Umsækjandi sem hefur fengið bráðan geðsjúkdóm af völdum eitrunar þarf ekki að teljast óhæfur ef hann hefur ekki orðið fyrir neinum varanlegum skaða.

6.2.2.4. Í sjúkrasögu eða við læknisrannsókn umsækjanda mega ekki koma fram eftirfarandi atriði:

a) virkur eða óvirkur sjúkdómur í taugakerfinu sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti truflað örugga ástundun skyldustarfa,
b) flogaveiki,
c) hvers konar truflun meðvitundar án fullnægjandi læknisfræðilegrar skýringar á orsök hennar.

6.2.2.5. Umsækjandi, sem hlotið hefur höfuðmeiðsl sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati geta truflað örugga ástundun skyldustarfa, skal ekki talinn hæfur.

6.2.2.6. Umsækjandi má ekki þjást af neinum meðfæddum né fengnum hjartagalla sem gæti truflað örugga ástundun skyldustarfa. Ef umsækjandi hefur þjáðst af kransæðastíflu skal hann ekki talinn hæfur.

Ath.: Algengt óregluástand, svo sem mishraðan hjartslátt við andardrátt, óregluleg aukaslög hjartans, sem hverfa við áreynslu, aukinn hjartsláttarhraða, sem stafar af geðshræringu eða áreynslu, eða hægan hjartslátt án misræmis milli slaga fram- og afturhólfa (auriculoventricular dissociation), má telja innan takmarka hins eðlilega.

6.2.2.7. Hjartalínuritun skal vera hluti hjartarannsóknar við fyrstu útgáfu skírteinis og skal endurtekin við endurrannsókn umsækjanda á aldrinum 30 til 40 ára, a. m. k. á tveggja ára fresti og eftir það ekki sjaldnar en árlega.

Ath.: Tilgangur venjulegrar hjartalínuritunar er að greina sjúkdómstilfelli. Hún er þó engan veginn næg ástæða til að réttlæta það að umsækjandi sé talinn óhæfur án frekari nákvæmrar rannsóknar á æðakerfi hjartans.

6.2.2.8. Blóðþrýstingur (efra og neðra mark) skal vera eðlilegur.

Ath.: Ef umsækjandi notar lyf gegn háum blóðþrýstingi telst hann ekki hæfur, nema ef um er að ræða lyf sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati trufla ekki örugga ástundun skyldustarfa.

6.2 2.9. Ekki mega vera neinar starfrænar né vefrænar veilur í æðakerfinu.

6.2.2.10. Ekki má vera um neina bráða sjúkdóma í lungum, miðmæti (mediastinum) né brjósthimnu (pleura) að ræða. Röntgenmyndataka skal vera hluti læknisrannsóknar í þeim tilvikum þar sem vafi leikur á um sjúkdómsgreiningu.

6.2.2.10.1. Röntgenmyndataka skal vera hluti fyrstu rannsóknar í brjóstholi og skal endurtaka hana reglulega eftir það.

6.2.2.11. Umsækjandi með meiri háttar sköddun á brjóstveggnum, innfallinn brjóstkassa, ásamt afleiðingum uppskurðar sem hefur í för með sér minnkun á öndunarhæfni í mikilli hæð skal ekki talinn hæfur.

6.2.2.12. Umsækjandi með lungnaþembu, sem er á því stigi að einkenni koma í ljós, skal ekki talin hæfur.

6.2.2.13. Umsækjandi með virka lungnaberkla telst ekki hæfur. Ef um er að ræða óvirk eða læknuð mein sem greina má sem berkla eða ætla má að séu berklakyns má telja umsækjanda hæfan.

6.2.2.13.1. Þegar vafi leikur á, hversu virkt meinið er, og virk einkenni koma ekki fram við rannsókn þá skal ekki telja umsækjanda hæfan í a. m. k. 3 mánuði eftir læknisrannsóknina. Að þeim tíma liðnum skal enn taka röntgenmynd af brjóstholinu og bera hana vandlega saman við þá upprunalegu. Ef ekki koma fram nein merki um að sjúkdómurinn þróist áfram og engin almenn einkenni sem varða brjóstholið þá má telja umsækjanda hæfan í 3 mánuði. Þessa rannsókn skal endurtaka á þriggja mánaða fresti og endurnýja réttindi umsækjanda til þriggja mánaða í senn. Þegar umsækjandi hefur gengist undir þessar rannsóknir samfellt í 2 ár a. m. k. og samanburður röntgenmynda sýnir engar breytingar, eða aðeins að meinið virðist dvína, þá má líta svo á að meinið sé „óvirkt" eða „læknað".

6.2.2.14. Umsækjandi með sjúkdóm, sem veldur vanhæfi og er samfara verulegum truflunum í meltingarfærum og líffærum sem þeim eru tengd (adnexae), skal ekki talinn hæfur.

6.2.2.15. Þess skal krafist að umsækjandi hafi engan voit af kviðsliti.

6.2.2.16. Umsækjandi með hvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á meltingarvegi og líffærum sem honum eru tengd (adnexae), sérstaklega lokun líffæris vegna þrengsla eða þrýstings á líffæri sem gætu valdið skyndilegri óhæfni skírteinishafa á flugi, skal ekki talinn hæfur.

6.2.2.16.1. Umsækjandi, sem hefur gengist undir meiri háttar skurðaðgerð á gallgangi eða á meltingarvegi og þeim líffærum, sem honum eru tengd, og haft hefur í för með sér brottnám að hluta eða öllu leyti eða breytingu á einhverjum hluta líffæra þessara, skal ekki talinn hæfur þar til trúnaðarlæknir flugmálastjórnar hefur kynnt sér öll gögn, sem lúta að aðgerðinni, og að því loknu metið afleiðingar og áhrif skurðaðgerðarinnar ólíklegar til þess að valda skyndilegri óhæfni á flugi.

6.2.2.17. Umsækjandi með efnaskipta-, næringar- og innrennsliskirtlatruflanir, sem gætu hindrað örugga ástundun skyldustarfa, skal ekki talinn hæfur.

6.2.2.18. Umsækjandi með sykursýki, sem hægt er að meðhöndla án sykursýkislyfja, skal talinn hæfur.

6.2.2.19. Umsækjandi með svo mikla miltisstækkun, að miltið nær stöðugt niður fyrir brún rifjahvlkis, skal ekki talinn hæfur.

6.2.2.20. Umsækjandi með greinilega stækkun á einstökum eitlum eða eitlakerfi líkamans í heild skal ekki talinn hæfur. Ef umsækjandi gengur með blóðsjúkdóm skal hann ekki talinn hæfur.

6.2.2.20.1. Í þeim tilvikum, sem nefnd eru í gr. 6.2.2.20., þar sem ástandið er tímabundið, skal umsækjandi ekki talinn hæfur í bili.

6.2.2.21. Umsækjandi með merki um vefræna sjúkdóma í nýrum skal ekki talinn hæfur. Ef aðeins er um tímabundinn sjúkdóm að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur í bili. Í þvagi mega ekki vera nein óeðlileg efni sem trúnaðarlæknir telur af sjúklegum uppruna. Umsækjandi með hvers konar einkenni um sjúkdóma í þvagvegum og kynfærum skal ekki talinn hæfur. Ef um tímabundið ástand er að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur í bili.

6.2.2.22. Ef um er að ræða einhvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á nýrum eða þvagvegum, sérstaklega lokun líffæris sem stafar af þrengslum eða þrýstingi, sem gæti orsakað skyndilega óhæfni, skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef annað nýra hefur verið numið burt en hitt starfar

eðlilega án hækkaðs blóðþrýstings eða þvageitrunar má telja umsækjanda hæfan.

6.2.2.22.1. Umsækjandi, sem hefur gengist undir meiri háttar skurðaðgerð á þvagfærum sem haft hefur í för með sér brottnám að hluta eða öllu leyti eða breytingu á einhverjum hluta líffæra þessara, skal ekki talinn hæfur þar til trúnaðarlæknir flugmálastjórnar hefur kynnt sér öll gögn, sem lúta að aðgerðinni, og að því loknu metið afleiðingar og áhrif skurðaðgerðarinnar ólíklega til þess að valda skyndilegri óhæfni á flugi.

6.2.2.23. Umsækjandi, sem haft hefur sárasótt og sækir um skírteini í fyrsta sinn, skal leggja fram gögn sem trúnaðarlæknir telur sanna að hann hafi gengist undir fullnægjandi meðferð.

6.2.2.24. Kona, sem haft hefur verulega óreglu á tíðum sem ekki hefur lagast við viðeigandi meðferð og sem líklegt er að trufla muni örugga ástundun skyldustarfa, skal ekki teljast hæf. Ef talið er að um þungun sé að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur í bili. Eftir fósturlát eða fæðingu skal konu ekki leyft að neyta réttinda skírteinis síns, fyrr en hún hefur gengist undir nýja læknisskoðun og verið talin hæf.

6.2.2.24.1. Umsækjanda, sem gengist hefur undir skurðaðgerð við kvensjúkdómi, skal meta í hvert sinn eftir atvikum.

6.2.2.25. Ef um er að ræða einhvers konar virkan sjúkdóm í beinum, liðamótum, vöðvum og sinum og einhvers konar starfrænar afleiðingar af meðfæddum eða fengnum sjúkdómi skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef um er að ræða starfrænar afleiðingar meina í beinum, liðamótum, vöðvum eða sinum og tiltekna líffæragalla sem ekki mundu trufla örugga ástundun skyldustarfa í hvaða bæð sem er og meðan á löngu eða erfiðu flugi stendur má telja umsækjanda hæfan.

6.2.2.26. Ekki má vera:

a) neitt sjúklegt ástand, brátt eða langvinnt, í innra eyra eða miðeyra,

b) neitt ógróið op á hljóðhimnu. Ef hins vegar er um að ræða þurrt op má telja umsækjanda hæfan.
Við þessar aðstæður skal skírteini hvorki gefið út né endurnýjað nema viðeigandi kröfum um heyrn í gr. 6.5 sé fullnægt,

c) nein varanleg stífla í kokhlustum,

d) nein varanleg truflun í völundarhúsi. Ef um tímabundið ástand er að ræða má telja umsækjanda ekki hæfan í bili.

Ath.: Frá heyrnarkröfum er greint í einstökum atriðum í gr. 6.5.

6.2.2.27. Nasagöng skulu vera vel opin báðum megin. Engin veruleg missmíði eða alvarleg, bráð eða langvinn ígerð má vera í koki eða efri öndunarvegi. Ef umsækjandi stamar mjög mikið skal hann ekki talinn hæfur.

6.2.3. **Skilyrði um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 3.**
Læknisrannsókn og mat skulu styðjast við eftirfarandi skilyrði um líkamshreysti og andlega heilbrigði.

6.2.3.1. Umsækjandi skal vera laus við:

a) hvers konar afbrigðileika, meðfæddan eða fenginn, eða

b) hvers konar virka, óvirka, bráða eða langvinna vanhæfi, eða

c) hvers konar sár, áverka eða eftirstöðvar aðgerða,
sem gætu haft í för með sér svo verulega óhæfni að líkindi væru til að truflað gætu örugga stjórn loftfars við venjuleg skilyrði.

6.2.3.2. Umsækjandi má ekki þjást af sjúkdómi eða vanhæfi til starfa sem ef til vill gætu skyndilega gert hann ófæran til að stjórna loftfari örugglega.

6.2.3.3. Í sjúkrasögu eða við læknisrannsókn umsækjanda má ekkert koma fram sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gerir umsækjanda óhæfan að neyta á öruggan hátt þeirra réttinda sem skírteini það eða áritun veitir sem sótt er um eða þegar er fengið. Þau atriði, sem undir þetta heyra eru eftirfarandi:

a) geðveiki,
b) ofdrykkja,
c) lyfjaávani (drug dependance),
d) hvers konar geðræn truflun, sérstaklega ef um svo alvarlega truflun er að ræða að umsækjandi hafi hvað eftir annað gerst sekur um brotlegt athæfi,
e) afbrigðilegt geðlag eða taugaveiklun.

6.2.3.3.1. Í sjúkrasögu eða við læknisrannsókn umsækjanda má ekki koma fram neins konar afbrigðilegt geðlag, andleg truflun eða taugaveiklun sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gætu bent til að umsækjandi verði innan tveggja ára frá læknisskoðun óhæfur til þess að neyta á öruggan hátt þeirra réttinda sem skírteini það eða áritun veitir sem sótt er um eða þegar er fengið.

Ath.: Umsækjandi, sem hefur fengið bráðan geðsjúkdóm af völdum eitrunar, þarf ekki að teljast óhæfur ef hann hefur ekki orðið fyrir neinum varanlegum skaða.

6.2.3.4. Í sjúkrasögu eða við læknisrannsókn umsækjanda mega ekki koma fram eftirfarandi atriði:

a) virkur eða óvirkur sjúkdómur í taugakerfinu sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gætu truflað örugga stjórn loftfars,
b) flogaveiki,
c) hvers konar truflun meðvitundar án fullnægjandi læknisfræðilegrar skýringar á orsök hennar.

6.2.3.5. Umsækjandi, sem hlotið hefur höfuðmeiðsli sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati geta truflað örugga stjórn loftfars, skal ekki talinn hæfur.

6.2.3.6. Umsækjandi má ekki þjást af neinum meðfæddum né fengnum hjartagalla sem er líklegur til þess að geta truflað örugga stjórn loftfars. Ef umsækjandi hefur þjáðst af kransæðastíflu skal hann ekki talinn hæfur.

Ath.: Algengt óregluástand, svo sem mishraðan hjartslátt við andardrátt, óregluleg aukaslög hjartans, sem hverfa við áreynslu, aukinn hjartsláttarhraða, sem stafar af geðshræringu eða áreynslu, eða hægan hjartslátt án misræmis milli slaga fram- og afturhólfa (auriculoventricular dissociation), má telja innan takmarka hins eðlilega.

6.2.3.7. Hjartalínuritun skal vera hluti hjartarannsóknar við fyrstu útgáfu skírteinis, við fyrstu endurrannsókn eftir 40 ára aldur og eftir það a. m. k. á fimm ára fresti og einnig í endurrannsóknum almennt ef um vafatilvik er að ræða.

Ath.: Tilgangur venjulegrar hjartalínuritunar er að greina sjúkdómstilfelli. Hún er þó engan veginn næg ástæða til að réttlæta það að umsækjandi sé talinn óhæfur án frekari nákvæmrar rannsóknar á æðakerfi hjartans.

6.2.3.8. Blóðþrýstingur (efra og neðra mark) skal vera eðlilegur.

Ath.: Ef umsækjandi notar lyf gegn háum blóðþrýstingi telst hann ekki

hæfur nema ef um lyf er að ræða sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati trufla ekki örugga ástundun skyldustarfa.

6.2.3.9. Ekki mega vera neinar starfrænar né vefrænar veilur í æðakerfinu. Umsækjandi með æðahnúta telst ekki skilyrðislaust óhæfur.

6.2.3.10. Ekki má vera um neina bráða sjúkdóma í lungum, miðmæti (mediastinum) né brjósthimnu (pleura) að ræða. Röntgenmyndataka skal vera hluti læknisrannsóknar í þeim tilvikum þar sem vafi leikur á um sjúkdómsgreiningu.

6.2.3.10.1. Röntgenmyndataka skal vera hluti fyrstu rannsóknar í brjóstholi og skal endurtaka hana reglulega eftir það.

6.2.3.11. Umsækjandi með meiri háttar sköddun á brjóstveggnum, innfallinn brjóstkassa, ásamt afleiðingum uppskurðar sem hefur í för með sér minnkun á öndunarhæfni í mikilli hæð, skal ekki talinn hæfur.

6.2.3.12. Umsækjandi með lungnaþembu, sem er á því stigi að einkenni koma í ljós, skal ekki talinn hæfur.

6.2.3.13. Umsækjandi með virka lungnaberkla telst ekki hæfur. Ef um er að ræða óvirk eða læknuð mein sem greina má sem berkla eða ætla má að séu berklakyns má telja umsækjanda hæfan.

6.2.3.13.1. Þegar vafi leikur á, hversu virkt meinið er, og virk einkenni koma ekki fram við rannsókn þá skal umsækjandi ekki talinn hæfur í a. m. k. 3 mánuði eftir læknisrannsóknina. Að þeim tíma liðnum skal enn taka röntgenmynd af brjóstholinu og bera hana vandlega saman við þá upprunalegu. Ef ekki koma fram nein merki um að sjúkdómurinn þróist áfram og engin almenn einkenni sem varða brjóstholið þá má telja umsækjanda hæfan í 3 mánuði. Þessa rannsókn skal endurtaka á þriggja mánaða fresti og endurnýja réttindi umsækjanda til þriggja mánaða í senn. Þegar umsækjandi hefur gengist undir þessar rannsóknir samfellt í 2 ár a. m. k. og samanburður röntgenmynda sýnir engar breytingar eða aðeins að meinið virðist dvína þá má líta svo á að meinið sé „óvirkt“ eða „læknað“.

6.2.3.14. Umsækjandi með sjúkdóm, sem veldur vanhæfi og er samfara verulegum truflunum í meltingarfærum og líffærum, sem þeim eru tengd (adnexae), skal ekki talinn hæfur.

6.2.3.15. Þess skal krafist að umsækjandi hafi ekki kviðslit. Trúnaðarlæknir getur þó talið umsækjanda hæfan ef nægilegt er að notað sé gott kviðslitsbelti.

6.2.3.16. Umsækjandi með hvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á meltingarvegi og líffærum, sem honum eru tengd (adnexae), sérstaklega lokun líffæris vegna þrengsla eða þrýstings á líffæri sem gætu valdið skyndilegri óhæfni skírteinishafa á flugi skal ekki talinn hæfur.

6.2.3.16.1. Umsækjandi, sem hefur gengist undir meiri háttar skurðaðgerð á gallgangi eða á meltingarvegi og þeim líffærum, sem honum eru tengd, og haft hefur í för með sér brottnám að hluta eða öllu leyti eða breytingu á einhverjum hluta líffæra þessara, skal ekki talinn hæfur, þar til trúnaðarlæknir flugmálastjórnar hefur kynnt sér öll gögn, sem lúta að aðgerðinni, og að því loknu metið afleiðingar og áhrif skurðaðgerðarinnar ólíklegar til þess að valda skyndilegri óhæfni á flugi.

6.2.3.17. Umsækjandi með efnaskipta-, næringar- og innrennsliskirtlatruflanir, sem gætu haft áhrif á örugga stjórn loftfars, skal ekki talinn hæfur.

6.2.3.18. Umsækjandi með sykursýki, sem hægt er að meðhöndla án sykursýkislyfja, skal talinn hæfur. Notandi sykursýkislyfja telst ekki hæfur nema ef um

lyf er að ræða sem tekin eru inn við skilyrði sem gera viðeigandi læknis-eftirlit kleift og að viðurkenndu læknisfræðilegu mati trufla ekki örugga stjórn loftfars.

6.2.3.19. Umsækjandi með greinilega stækkun á einstökum eitlum eða eitlakerfi líkamans í heild telst ekki hæfur. Ef umsækjandi gengur með blóðsjúkdóm skal hann ekki talinn hæfur.

6.2.3.19.1. Í þeim tilvikum, sem nefnd eru í gr. 6.2.3.19. þar sem ástandið er tímabundið, skal umsækjandi ekki talinn hæfur í bili.

6.2.3.20. Umsækjandi með merki um vefræna sjúkdóma í nýrum skal ekki talinn hæfur. Ef aðeins er um tímabundinn sjúkdóm að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur í bili. Í þvagi mega ekki vera nein óeðlileg efni sem trúnaðarlæknir telur af sjúklegum uppruna. Umsækjandi með hvers konar einkenni um sjúkdóma í þvagvegum og kynfærum skal ekki talinn hæfur. Ef um tímabundið ástand er að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur í bili.

6.2.3.21. Ef um er að ræða einhvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á nýrum eða þvagvegum, sérstaklega lokun líffæris sem stafar af þrengslum eða þrýstingi, sem gæti orsakað skyndilega óhæfni, skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef annað nýra hefur verið numið burt en hitt starfar eðlilega án hækkaðs blóðþrýstings eða þvageitrunar má telja umsækjanda hæfan.

6.2.3.21.1. Umsækjandi, sem hefur gengist undir meiri háttar skurðaðgerð í þvagfærum sem haft hefur í för með sér brottnám að hluta eða öllu leyti eða breytingu á einhverjum hluta líffæra þessara, skal ekki talinn hæfur þar til trúnaðarlæknir flugmálastjórnar hefur kynnt sér öll gögn, sem lúta að aðgerðinni, og að því loknu metið afleiðingar og áhrif skurðaðgerðarinnar ólíklega til þess að valda skyndilegri óhæfni á flugi.

6.2.3.22. Umsækjandi sem haft hefur sárasótt og sækir um skírteini í fyrsta sinn skal leggja fram gögn sem trúnaðarlæknir telur sanna að hann hafi gengist undir fullnægjandi meðferð.

6.2.3.23. Ef álitið er að um þungun sé að ræða skal umsækjandi ekki álitinn hæfur í bili.

6.2.3.24. Ef um einhvers konar virkan sjúkdóm í beinum, liðamótum vöðvum eða sinum og einhvers konar starfrænar afleiðingar af meðfæddum eða fengnum sjúkdómi er að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef um er að ræða tilteknar starfrænar afleiðingar meina í beinum, liðamótum, vöðvum og sinum og tiltekna líkamsgalla sem ekki valda óhæfni og ekki mundu trufla örugga stjórn loftfars má telja umsækjanda hæfan.

6.2.3.25. Ekki má vera:

a) neitt sjúklegt ástand, brátt eða langvinnt, í innra eyra eða miðeyra,

b) nein varanleg truflun í völundarhúsi. Ef um tímabundið ástand er að ræða má telja umsækjanda ekki hæfan í bili.

Ath.: Frá heyrnarkröfum er greint í einstökum atriðum í gr. 6.5.

6.2.3.26. Engin veruleg missmíði eða alvarleg, bráð eða langvinn ígerð má vera í koki eða efri öndunarvegi.

6.2.4. **Skilyrði um líkamshreysti og andlega heilbrigði nr. 4.**

Læknisrannsókn og mat skulu styðjast við eftirfarandi skilyrði um líkamshreysti og andlega heilbrigði.

6.2.4.1. Umsækjandi skal vera laus við:

a) hvers konar afbrigðileika, meðfæddan eða fenginn, eða

b) hvers konar virka, óvirka, bráða eða langvinna vanhæfi, eða
c) hvers konar sár, áverka eða eftirstöðvar aðgerða,
sem gætu haft í för með sér svo verulega óhæfni, að líkindi væru til að truflað gætu örugga ástundun skyldustarfa.

6.2.4.2. Umsækjandi má ekki þjást af sjúkdómi eða vanhæfi til starfa sem ef til vill gætu skyndilega gert hann ófæran til að vinna skyldustörf sín örugglega.

6.2.4.3. Í sjúkrasögu eða við læknisrannsókn umsækjanda má ekkert koma fram sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gerir umsækjanda óhæfan að neyta á öruggan hátt þeirra réttinda sem skírteini það eða áritun veitir sem sótt er um eða þegar er fengið. Þau atriði, sem undir þetta heyra, eru eftirfarandi:

a) geðveiki,
b) ofdrykkja,
c) lyfjaávani (drug dependance),
d) hvers konar geðræn truflun, sérstaklega ef um svo alvarlega truflun er að ræða að umsækjandi hafi hvað eftir annað gerst sekur um brotlegt athæfi,
e) afbrigðilegt geðlag eða taugaveiklun.

6.2.4.3.1. Í sjúkrasögu eða við læknisrannsókn umsækjanda má ekki koma fram neins konar afbrigðilegt geðlag, andleg truflun eða taugaveiklun sem samkvæmt viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti bent til að umsækjandi verði innan tveggja ára frá læknisskoðun óhæfur til þess að neyta á öruggan hátt þeirra réttinda, sem skírteini það eða áritun veitir sem sótt er um eða þegar er fengið.

Ath.: Umsækjandi, sem hefur fengið bráðan geðsjúkdóm af völdum eitrunar, þarf ekki að teljast óhæfur ef hann hefur ekki orðið fyrir neinum varanlegum skaða.

6.2.4.4. Í sjúkrasögu eða við læknisrannsókn umsækjanda mega ekki koma fram eftirfarandi atriði:

a) virkur eða óvirkur sjúkdómur í taugakerfinu sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gæti truflað örugga ástundun skyldustarfa,
b) flogaveiki,
c) hvers konar truflun meðvitundar án fullnægjandi læknisfræðilegrar skýringar á orsök hennar.

6.2.4.5. Umsækjandi sem hlotið hefur höfuðmeiðsli sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati gætu truflað örugga ástundun skyldustarfa, skal ekki talinn hæfur.

6.2.4.6. Umsækjandi má ekki þjást af neinum meðfæddum né fengnum hjartagalla sem gæti truflað örugga ástundun skyldustarfa. Ef umsækjandi, sem þjáðst hefur af kransæðastíflu, hefur að viðurkenndu læknisfræðilegu mati náð fullum bata, má telja hann hæfan.

Ath.: Algengt óregluástand, svo sem mishraðan hjartslátt við andardrátt, óregluleg aukaslög hjartans, sem hverfa við áreynslu, aukinn hjartsláttarhraða, sem stafar af geðshræringu eða áreynslu, eða hægan hjartslátt án misræmis milli slaga fram- og afturhólfa (auriculoventricular dissociation), má telja innan takmarka hins eðlilega.

6.2.4.7. Hjartalínuritun skal vera hluti hjartarannsóknar við fyrstu útgáfu skírteinis, við fyrstu endurrannsókn eftir 40 ára aldur og eftir það a. m. k.

á fimm ára fresti og einnig í endurrannsóknum almennt ef um vafatilvik er að ræða.

Ath.: Tilgangur venjulegrar hjartalínuritunar er að greina sjúkdómstilfelli. Hún er þó engan veginn næg ástæða til að réttlæta það að umsækjandi sé talinn óhæfur án frekari nákvæmrar rannsóknar á æðakerfi hjartans.

6.2.4.8. Blóðþrýstingur (efra og neðra mark) skal vera eðlilegur.

Ath.: Ef umsækjandi notar lyf gegn háum blóðþrýstingi telst hann ekki hæfur nema ef um lyf er að ræða sem að viðurkenndu læknisfræðilegu mati trufla ekki örugga ástundun skyldustarfa.

6.2.4.9. Ekki mega vera neinar starfrænar né vefrænar veilur í æðakerfinu. Umsækjandi með æðahnúta telst ekki skilyrðislaust óhæfur.

6.2.4.10. Ekki má vera um neina bráða sjúkdóma í lungum, miðmæti (mediastinum) né brjósthimnu (pleura) að ræða. Röntgenmyndataka skal vera hluti læknisrannsóknar í þeim tilvikum þar sem vafi leikur á um sjúkdómsgreiningu.

6.2.4.10.1. Röntgenmyndataka skal vera hluti fyrstu rannsóknar í brjóstholi og skal endurtaka hana reglulega eftir það.

6.2.4.11. Umsækjandi með lungnaþembu, sem er á því stigi að einkenni komi í ljós, skal ekki talinn hæfur.

6.2.4.12. Umsækjandi með virka lungnaberkla telst ekki hæfur. Ef um er að ræða óvirk eða læknuð mein sem greina má sem berkla eða ætla má að séu berklakyns getur umsækjandi talist hæfur.

6.2.4.12.1. Þegar vafi leikur á, hversu virkt meinið er, og virk einkenni koma ekki fram við rannsókn þá skal ekki telja umsækjanda hæfan í a. m. k. 3 mánuði eftir læknisrannsóknina. Að þeim tíma liðnum skal enn taka röntgenmynd af brjóstholinu og bera hana vandlega saman við þá upprunalegu. Ef ekki koma fram nein merki um að sjúkdómurinn þróist áfram og engin almenn einkenni sem varða brjóstholið þá má telja umsækjanda hæfan í 3 mánuði. Þessa rannsókn skal endurtaka á þriggja mánaða fresti og endurnýja réttindi umsækjanda til þriggja mánaða í senn. Þegar umsækjandi hefur gengist undir þessar rannsóknir samfellt í 2 ár a. m. k. og samanburður röntgenmynda sýnir engar breytingar eða aðeins að meinið virðist dvína þá má líta svo á að meinið sé „óvirkt" eða „læknað".

6.2.4.13. Umsækjandi með sjúkdóm, sem veldur vanhæfi og er samfara verulegum truflunum í meltingarfærum og líffærum, sem þeim eru tengd (adnexae), skal ekki talinn hæfur.

6.2.4.14. Þess skal krafist að umsækjandi hafi ekki kviðslit. Trúnaðarlæknir getur þó talið umsækjanda hæfan, ef nægilegt er að notað sé gott kviðslitsbelti.

6.2.4.15. Umsækjandi með hvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á meltingarvegi og líffærum, sem honum eru tengd (adnexae), sérstaklega lokun líffæris vegna þrengsla eða þrýstings á líffæri sem gætu valdið skyndilegri óhæfni skal ekki talinn hæfur.

6.2.4.16. Umsækjandi með efnaskipta-, næringar- og innrennsliskirtlatruflanir, sem gætu haft áhrif á örugga ástundun skyldustarfa, skal ekki talinn hæfur.

6.2.4.17. Umsækjandi með sykursýki, sem hægt er að meðhöndla án sykursýkislyfja, skal talinn hæfur. Notandi sykursýkislyfja telst ekki hæfur nema ef um lyf er að ræða sem tekin eru inn við skilyrði sem gera viðeigandi læknieftirlit kleift og að viðurkenndu læknisfræðilegu mati trufla ekki örugga ástundun skyldustarfa.

6.2.4.18. Umsækjandi með greinilega stækkun á einstökum eitlum eða eitlakerfi líkamans í heild skal ekki talinn hæfur. Ef umsækjandi gengur með blóðsjúkdóm skal hann ekki talinn hæfur.

6.2.4.18.1. Í þeim tilvikum, sem nefnd eru í gr. 6.2.4.18. þar sem ástandið er tímabundið, skal umsækjandi ekki talinn hæfur í bili.

6.2.4.19. Umsækjandi með merki um vefræna sjúkdóma í nýrum skal ekki talinn hæfur. Ef aðeins er um tímabundinn sjúkdóm að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur í bili. Í þvagi mega ekki vera nein óeðlileg efni sem trúnaðarlæknir telur af sjúklegum uppruna. Umsækjandi með hvers konar einkenni um sjúkdóma í þvagvegum og kynfærum skal ekki talinn hæfur. Ef um tímabundið ástand er að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur í bili.

6.2.4.20. Ef um er að ræða einhvers konar afleiðingar sjúkdóms eða uppskurðar á nýrum eða þvagvegum, sérstaklega lokun líffæris, sem stafar af þrengslum eða þrýstingi, sem gæti orsakað skyndilega óhæfni, skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef annað nýra hefur verið numið burt en hitt starfar eðlilega án hækkaðs blóðþrýstings eða þvageitrunar má telja umsækjanda hæfan.

6.2.4.21. Umsækjandi, sem haft hefur sárasótt og sækir um skírteini í fyrsta sinn, skal leggja fram gögn sem trúnaðarlæknir telur sanna að hann hafi gengist undir fullnægjandi meðferð.

6.2.4.22. Ef um einhvers konar virkan sjúkdóm í beinum, liðamótum, vöðvum eða sinum og einhvers konar starfrænar afleiðingar af meðfæddum eða fengnum sjúkdómi er að ræða skal umsækjandi ekki talinn hæfur. Ef um er að ræða starfrænar afleiðingar meina í beinum, liðamótum, vöðvum eða sinum og tiltekna líkamsgalla, sem ekki mundu trufla örugga ástundun skyldustarfa, má telja umsækjanda hæfan.

6.2.4.23. Ekki má vera:

a) neitt sjúklegt ástand, brátt eða langvinnt í innra eyra eða miðeyra,
b) nein varanleg truflun í völundarhúsi. Ef um tímabundið ástand er að ræða má telja umsækjanda óhæfan í bili.

Ath.: Frá heyrnarkröfum er greint í einstökum atriðum í gr. 6.5.

6.2.4.24. Engin veruleg missmíði eða alvarleg, bráð eða langvinn ígerð má vera í koki eða efri öndunarvegi. Ef umsækjandi er málhaltur eða stamar skal hann ekki talinn hæfur.

6.3. **Skilyrði um sjón fyrir útgáfu, endurnýjun og áritun skírteina.**

6.3.1. Þær aðferðir, sem notaðar eru við mælingu sjónnæmis, geta hæglega haft í för með sér mismunandi mat. Til að ná heildarsamræmi í mati skal gæta þess að innbyrðis samkvæmni ríki í mati á mismunandi aðferðum.

6.3.1.1. a) Til sjónnæmisprófunar í upplýstu herbergi skal notaður um það bil 50 lux ljósstyrkleiki, en hann samsvarar 30 candela á fermetra. Ljósstyrkleiki herbergisins ætti að vera um það bil ⅕ af þeim ljósstyrkleika sem notaður er við mælingu.

b) Til sjónnæmisprófunar í dimmu eða rökkvuðu herbergi skal notaður 15 lux ljósstyrkleiki en hann samsvarar 10 candela á fermetra.

c) Sjónnæmi er mælt með röð af sjónartöflum Landolts eða öðrum sjónartöflum líkum þeim. Skulu þær vera í 6 metra fjarlægð frá umsækjanda, eða 5 metra, eftir því sem á við prófunaraðferðina.

6.3.2. **Skilyrði um sjón no. 1.**

6.3.2.1. Starfsemi augnanna og þeirra líffæra, sem þeim eru tengd (adnexae),

skal vera eðlileg. Í hvorugu auga eða þeim líffærum, sem þeim eru tengd, má vera neitt virkt sjúkdómsástand, brátt eða langvinnt, þannig að það sé líklegt til að trufla eðlilega starfsemi augnanna svo mikið að það mundi ógna öryggi á flugi eða öruggri ástundun skyldustarfa.

6.3.2.2. Umsækjandi skal hafa eðlilegt sjónsvið.

6.3.2.3. Þess skal krafist að umsækjandi hafi fjarsjónnæmi, sem ekki er minna en 6/9 (20/30, 0.7) á hvoru auga um sig, með eða án sjónglers. Ef þessum kröfum um sjónnæmi er aðeins fullnægt með tilstilli sjónglers má telja umsækjanda hæfan ef:

a) sjónglerin eru notuð við þau störf sem skírteinið eða áritunin veita rétt til,

b) umsækjandi hefur sjónnæmi á hvoru auga um sig, án þess að nota gler, enda sé sjónnæmið ekki minna en 6/60 (20/200, 0.1), eða

c) sjónbrotsgalli er innan ± 3 ljósbrotseininga (diopter) (eða samsvarandi kúpuglersskekkja), og

d) umsækjandi hefur tiltæk viðeigandi varasjóngler þegar hann ræður flugliðastörf.

Ath.: Umsækjandi, sem viðurkennt er að fullnægi kröfum gr. 6.3.2.3. c), er talinn fullnægja þeim áfram nema ástæða sé til að halda að svo sé ekki en þá er augnrannsókn endurtekin eftir ákvörðun flugmálastjórnar. Sjónnæmið er mælt án glers og skráð við hverja endurrannsókn. Ástand, sem gefur tilefni til að ákvarða sjónbrotsgalla aftur, er m. a.: ljósbrotsniðurstaða sem nálgast þau mörk sem viðurkennd eru, veruleg minnkun á sjónnæmi án glers og ef um augnsjúkdóm, augnmeiðsli eða uppskurð á augum er að ræða.

6.3.2.4. Þess skal krafist að umsækjandi geti lesið N5 kortið eða kort, sem samsvarar því, úr fjarlægð sem hann velur sér sjálfur á milli 30—50 cm og geti lesið N14 kortið eða kort, sem samsvarar því, úr 100 cm fjarlægð. Ef kröfum þessum er ekki fullnægt nema með notkun sjónglers má telja umsækjanda hæfan með því skilyrði að sjóngler séu alltaf til taks við þau störf sem skírteinið veitir rétt til. Ekki skulu notuð nema ein sjóngler þegar prófað er eftir sjónkröfum nr. 1. Aðeins má nota sjóngler sem duga bæði nær og fjær.

Ath. 1: N5 og N14 eiga við „Times Roman" (rómverskt) letur.

Ath. 2: Umsækjandi, sem nota þarf sjóngler til að fullnægja þessum kröfum, verður að hafa „hálfmánagler", tvískipt eða jafnvel þrískipt gler til að geta lesið mælitæki og kort eða handbók sem hann hefur í hendi og einnig til að geta séð fjær sér í gegnum gluggarúðuna án þess að taka af sér glerin. Venjuleg sjóngler (óskipt gler, hæfileg til lestrar) draga verulega úr fjarsýnisnæmi. Þegar þörf er á að fá eða endurnýja sjóngler, er þess vænst að umsækjandi skýri augnlækni frá lestrarfjarlægðum í stjórnklefa við flugstörf í loftförum þeim sem líklegt er að hann starfi við.

6.3.2.4.1. Umsækjandi skal hafa 30 cm lágmarks brennivídd augans þegar hann notar sjóngler sem krafist er í gr. 6.3.2.3. Umsækjandi, sem fullnægir ekki þessum skilyrðum, má samt sem áður teljast hæfur með því skilyrði að hann leggi fram gögn, sem flugmálastjórn tekur gild, þess efnis að umsækjandi hafi fengið sjóngler fyrir stuttar vegalengdir og millivegalengdir eða að hann þarfnist ekki slíks sjónglers í bili. Þess skal krafist, að slíkur umsækjandi noti þau sjóngler, sem þörf er á fyrir stuttar vega-

lengdir og millivegalengdir, í viðbót við hvers konar gler sem krafist er samkvæmt gr. 6.3.2.3. við störf þau er skírteinið veitir rétt til.

6.3.3. **Skilyrði um sjón no. 2.**

6.3.3.1. Í hvorugu auga eða þeim líffærum sem þeim eru tengd, má vera neitt virkt sjúkdómsástand, brátt eða langvinnt, þannig að það sé líklegt til að trufla eðlilega starfsemi augnanna svo mikið að það gæti ógnað öryggi á flugi.

6.3.3.2. Umsækjandi skal hafa eðlilegt sjónsvið.

6.3.3.3. Þess skal krafist að umsækjandi hafi fjarsjónnæmi, sem ekki er minna en 6/12 (20/40, 0.5) á hvoru auga um sig, með eða án sjónglers. Ef þessum kröfum um sjónnæmi er aðeins fullnægt með hjálp sjónglers má telja umsækjanda hæfan ef:

a) sjónglerin eru notuð við þau störf sem skírteinið eða áritunin veita rétt til,

b) umsækjandi hefur tiltæk viðeigandi varasjóngler þegar hann rækir flugliðastörf.

6.3.3.3.1. Ef sjónnæmi það, sem krafist er í gr. 6.3.3.3., næst aðeins með notkun sjónglers og sjónnæmið án sjónglers, á hvoru auga, er minna en 6/60 (20/200, 0.1) má telja umsækjanda hæfan ef sjónbrotsgalli hans er innan við ± 5 ljósbrotseiningar (diopters) (samsvarandi kúpuglerskekkju). Umsækjanda með sjónbrotsgalla, sem er meiri en ± 5 ljósbrotseiningar (samsvarandi kúpuglersskekkju), má samt sem áður telja hæfan ef hann að viðurkenndu læknisfræðilegu mati þykir hæfur.

Ath.: Umsækjandi, sem viðurkennt er að fullnægi þessum kröfum, er talinn fullnægja þeim áfram nema ástæða sé til að halda að svo sé ekki en þá er augnrannsókn endurtekin eftir ákvörðun flugmálastjórnar. Sjónnæmið er mælt án glers og skráð við hverja endurrannsókn. Ástand, sem gefur tilefni til að ákvarða sjónbrotsgalla aftur, er m. a.: ljósbrotsniðurstaða sem nálgast þau mörk, sem viðurkennd eru, veruleg minnkun á sjónnæmi án glers og ef um augnsjúkdóm, augnmeiðsli eða uppskurð á augum er að ræða.

6.3.3.4. Umsækjandi skal geta lesið N5 kortið eða kort, sem samsvarar því, úr fjarlægð sem hann velur sér sjálfur á milli 30—50 cm. Ef umsækjandi fullnægir ekki kröfum þessum nema með notkun sjónglers má telja hann hæfan með því skilyrði að sjóngler séu alltaf til taks við þau störf sem skírteinið veitir rétt til. Ekki skulu notuð nema ein sjóngler þegar prófað er eftir gr. 6.3.3.3. Aðeins má nota sjóngler sem duga bæði nær og fjær.

Ath. 1: Venjuleg sjóngler (óskipt gler, hæfileg til lestrar) draga verulega úr fjarsýnisnæmi.

Ath. 2: Þegar þörf er á að fá eða endurnýja sjóngler er þess vænst að umsækjandi skýri augnlækni frá lestrarfjarlægðum í stjórnklefa við flugstörf í loftförum þeim sem líklegt er að hann starfi við.

6.4. **Skilyrði um litaskynjun fyrir útgáfu, endurnýjun og áritun skírteina.**

6.4.1. Flugmálastjórn skal nota rannsóknaraðferðir sem tryggja áreiðanlega prófun litaskynjunar.

6.4.2. Þess skal krafist að umsækjandi geti hæglega skynjað þá liti sem nauðsynlegt er að hann skynji til þess að geta leyst skyldustörf sín vel og örugglega af hendi.

6.4.2.1. Prófa skal hæfni umsækjanda til að þekkja rétta röð af samlitum plötum (töflum) í dagsljósi eða í gerviljósi, sem hefur sama lithitastig og ljósgjafar „C“ og „D“ sem skilgreindir eru af International Commission on

Illumination (I.C.I.). Umsækjandi, sem stenst þær kröfur er flugmálastjórn setur, skal teljast hæfur. Samt sem áður má telja umsækjanda hæfan þótt hann standist ekki slíkt próf ef hann getur hæglega þekkt ljósaliti flugsins sem framkallaðir eru með viðurkenndum litaskynjunarlampa.

6.5. **Skilyrði um heyrn fyrir útgáfu, endurnýjun og áritun skírteina.**

6.5.1. Flugmálastjórn skal gera heyrnarkröfur no. 1 og 2 í viðbót við eyrnarannsóknir í skilyrðum um líkamshreysti og andlega heilbrigði no. 1, 2, 3 og 4 í gr. 6.2.1.26., 6.2.2.26., 6.2.3.25. og 6.2.4.23.

6.5.2. Þess skal krafist að umsækjandi sé laus við hvers konar heyrnargalla sem mundu trufla örugga ástundun þeirra skyldustarfa sem skírteinið veitir honum rétt til.

6.5.3. **Skilyrði um heyrn no. 1.**

6.5.3.1. Umsækjandi, sem prófaður er með hreintónsheyrnarmæli við fyrstu útgáfu skírteinis og að minnsta kosti á fimm ára fresti fram til fertugs og eftir það að minnsta kosti á þriggja ára fresti, má ekki hafa heyrnardeyfð á hvoru eyra fyrir sig meiri en 35 db á tíðninni 500, 1000 eða 2000 Hz eða meira en 50 db við 3000 Hz. Ef heyrnardeyfð umsækjanda er meiri en að ofan greinir má samt sem áður telja hann hæfan, að því tilskildu að

a) umsækjandi hafi heyrn á hvoru eyra sem samsvarar heyrn venjulegs manns við sams konar hávaða og er í flugstjórnarklefa og fylgir fjarskiptum með tali og vitamerkjum,

b) umsækjandi geti heyrt með báðum eyrum venjulega rödd manns sem stendur í tveggja metra fjarlægð fyrir aftan hann.

6.5.3.2. Ef aðrar aðferðir eru notaðar skulu þær fullnægja sömu skilyrðum og greint er frá í gr. 6.5.3.1.

6.5.4. **Skilyrði um heyrn no. 2.**

6.5.4.1. Umsækjandi á að geta heyrt með báðum eyrum venjulega rödd manns sem stendur í tveggja metra fjarlægð fyrir aftan hann.

6.5.5. **Ath. við heyrnarskilyrði no. 1 og 2.**

Ath. 1: Viðmiðunarnúllið til stillingar hreintónsheyrnarmælis þess, sem notaður er í gr. 6.5 3.1., er skilgreint í R389, 1964 hjá Intenational Organization for Standardization Recommendation.

Ath. 2: Hæfilegt tíðnisvið hávaða þess, sem getið er í gr. 6.5.3.1. a), er 600—4800 Hz.

Ath. 3: Í vali samtalsefnis skal ekki aðeins notast við efni er við kemur flugstörfum. Skrá orða, sem eru í hljóðfræðilegu jafnvægi, er notuð með góðum árangri í mörgum löndum.

Ath. 4: Herbergi, sem hljótt er í og notað er í sambandi við skilyrði um heyrn no. 1 og 2, er herbergi þar sem styrkleiki sviðshávaðans er minni en 50 db mælt á hljóðstyrksmæli sem stillt er „hægt“ við „A“ álag.

Ath. 5: Vegna skilyrða um heyrn no. 1 og 2 skal athygli vakin á hljóðstyrkleika meðalsterkrar samtalsraddar en hann er á sviðinu 85 db—95 db.

6.5.6. Almennar athugasemdir við VI. kafla.

Tafla yfir heilbrigðisskilyrði*)

Tegundir skírteina og áritana	Reglugerðar-ákvæði No.	Heilbrigðisskilyrði: Líkamshreysti og andleg 1	2	3	4	Sjón No. 1	2	Lita-skyggni	Heyrn No.[2] 1	2	Venjul. gildist. (mán.)	Hjartalínurit
Flugnemi	2.2.1.5.			×			×	×		×	24	
Einkaflugmaður[1]												Við fyrstu útgáfu. Við 40 ára aldur og eftir það ekki sjaldnar en á 5 ára fresti og í skoðunum ef ástæða er til.
— Flugvél	2.3.1.5.			×			×	×		×	24[3]	
— Þyrla	2.9.1.5.			×			×	×		×	24[3]	
Atvinnuflugm. III. fl.												
— Flugvél	2.4.1.5.	×				×		×	×		12[4]	
— Þyrla	2.10.1.5.	×				×		×	×		12[4]	
Atvinnuflugm. II. fl.												Við fyrstu útgáfu. Ekki sjaldnar en á tveggja (2) ára fresti milli 30 og 40 ára aldurs og ekki sjaldnar en árlega eftir fertugt.
— Flugvél	2.5.1.5.	×				×		×	×		6	
Atvinnuflugm. I. fl.												
— Flugvél	2.6.1.5.	×				×		×	×		6	
— Þyrla	2.11.1.5.	×				×		×	×		6	
Svifflugmaður	2.7.1.5.			×			×	×		×	24[3]	Eins og fyrir einkaflugmann.
Stjórnandi loftbelgs	2.8.1.5.			×			×	×		×	24[3]	
Flugleiðsögumaður	3.1.1.5.		×			×		×	×		12	Eins og fyrir atvinnuflugmann I. fl.
Flugvélstjóri	3.2.1.5.		×			×		×	×		12	
Flugumferðarstjóri	4.3.1.4.				×	×		×	×		12	Eins og fyrir einkaflugmann.

*) Öll heilbrigðisskilyrði vísa til ákvæða reglug. þessarar nema annað sé tekið fram.
1) Einkaflugmaður/flugvél og einkaflugmaður/þyrla skal fullnægja heyrnarskilyrðum no. 1 þegar sótt er um skírteini til blindflugs.
2) Lágmarkstímabils milli heyrnarprófana no. 1 er getið í reglugerðarákvæði nr, 6.5.3.1.
3) Eftir 40 ára aldur skulu 24 mánaða tímabil milli skoðana lækka niður í 12 mánaða tímabil.
4) Eftir 40 ára aldur skulu 12 mánaða tímabil milli skoðana lækka niður í 6 mánaða tímabil.

VII. KAFLI
VIÐBÓTARÁKVÆÐI

7.1. **Umsókn um veitingu skírteinis.**

7.1.1. Umsókn um veitingu skírteinis skal senda til flugmálastjórnar á sérstökum eyðublöðum sem hún leggur til. Umsókn skal fylgja:

a) Skírnar- eða fæðingarvottorð.
b) Sakavottorð.
c) Læknisvottorð um það að umsækjandi fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í VI. kafla um heilbrigðisskilyrði, eftir því sem við á hverju sinni.
d) Greinargerð um fræðilega og verklega menntun umsækjanda, sem hann hefur aflað sér til þess að öðlast skírteini það sem hann sækir um, og þau gögn sem krefjast verður henni til sönnunar.
e) Tvær lausar ljósmyndir.
f) Skírteini Póst- og símamálastofnunar, sbr. 1.2.7.2. ef við á.

7.1.2. Eftir að flugmálastjórn hefur athugað umsóknina og vottorð þau, sem henni fylgja, og prófað, eftir því sem við á, hæfni umsækjanda til þess að öðlast skírteini það eða áritun sem hann sækir um, skal skírteinið gefið út eða áritað enda fullnægi umsækjandi skilyrðum reglugerðar þessarar.

7.2. **Almenn ákvæði um próf.**

Eftirfarandi almenn ákvæði gilda um próf:

7.2.1. Öll próf og athuganir á hæfni og leikni samkvæmt reglugerð þessari skulu fara fram undir umsjón flugmálastjórnar eða eftirlitsmanna eða prófdómenda, sem hún skipar, á þeim tíma og stað sem hún tiltekur.

7.2.2. Umsækjandi skal áður hafa staðist þær kröfur sem gerðar eru við læknisskoðun samkv. VI. kafla.

7.2.3. Umsækjandi skal leggja til loftfar fyrir öll nauðsynleg flugpróf, sem hann kann að taka, og skal loftfar þetta fullnægja þeim skilyrðum sem flugmálastjórn setur hverju sinni með hliðsjón af lofthæfni o. fl.

7.2.4. Til að standast skriflegt eða verklegt próf skal umsækjandi a. m. k. hljóta 70 stig í meðaleinkunn (miðað við hæst 100 stig), þó þannig að einkunn í einstakri grein sé eigi lægri en 60 stig.

7.2.5. Ef umsækjandi um flugmannsskírteini hefur ekki lokið öllum prófum og fullnægt að öðru leyti skilyrðum samkvæmt reglugerð þessari innan tveggja ára frá því að hann tók fyrsta prófið til þess að öðlast viðkomandi skírteini, skulu allar próflausnir hans og prófraunir þar að lútandi ógildar.

7.2.6. Umsækjanda, sem hefur ekki staðist próf í bóklegum námsgreinum, skal leyfilegt að endurtaka slíkt próf eftir 6 vikur ef flugmálastjórn telur hann hafa fengið nægilega kennslu í hlutaðeigandi námsgreinum til að þreyta próf á ný.

7.2.7. Umsækjanda um skírteini einkaflugmanns eða atvinnuflugmanns III. flokks, sem hefur ekki staðist það verklegt flugpróf sem með þarf, skal leyfilegt að endurtaka slíkt próf þegar hann hefur flogið í að minnsta kosti 4 klukkustundir, þar af 2 klst. með flugkennara. Skal flugkennarinn votta í flugdagbók umsækjanda að hann telji hann hæfan til þess að þreyta próf á ný.

7.2.8. Umsækjanda um skírteini atvinnuflugmanns II. og I. flokks, sem hefur ekki staðist það verklega próf sem með þarf, skal leyfilegt að endurtaka slíkt próf eftir einn mánuð, ef hann hefur flogið að minnsta kosti 10 klst. til viðbótar og þar af 5 klst. blindflug.

7.2.9. Nú hefur umsækjandi stundað nám við viðurkenndan skóla eða stofnun og lokið þaðan prófi og skal hann þá senda flugmálastjórn öll prófskírteini sín. Flugmálastjórn getur þá að athuguðu máli veitt skírteini það eða réttindi sem sótt var um án þess að nýtt próf komi til.

7.2.10. Flugmálastjórn getur veitt umsækjanda undanþágu frá prófi í einstökum greinum, ef hann hefur nýlega lokið slíku prófi til þess að öðlast annað skírteini.

7.3. **Framlenging og endurnýjun skírteinis.**

7.3.1. Ef óskað er framlengingar eða endurnýjunar á gildistíma skírteinis skal senda flugmálastjórn umsókn um það á eyðublöðum, sem gerð eru í því skyni, ásamt:

a. skírteininu;
b. læknisvottorði um, að handhafi fullnægi áfram þeim heilbrigðisskilyrðum sem gerð eru til hlutaðeigandi starfs, samkvæmt VI. kafla;
c. yfirliti yfir störf þau sem handhafi hefur leyst af hendi síðan skírteinið var gefið út eða endurnýjað síðast, ásamt flugdagbók hans ef við á.

7.3.2. Að lokinni athugun framlengir flugmálastjórn síðan skírteinið, áritar með takmörkuðum réttindum eða synjar erindinu allt eftir því sem við á.

7.4. **Gildisaukning skírteinis.**

7.4.1. Ef handhafi skírteinis óskar að því sé gefið aukið gildi skal hann senda flugmálastjórn skriflega umsókn um þetta ásamt skírteininu sjálfu og nákvæmri greinargerð um það hvernig hann hefur öðlast þá hæfni, fræðilega eða verklega sem til viðbótar þarf.

7.4.2. Ef talið er eftir nákvæma athugun að hægt sé að verða við umsókninni ritar flugmálastjórn gildisaukninguna á skírteinið.

7.5. **Skráning flugtíma.**

7.5.1. Um skráningu flugtíma skal farið eftir reglugerð um það efni eins og hún er á hverjum tíma.

7.6. **Svipting eða ógilding skírteinis.**

7.6.1. Handhafi skal ekki, hvernig sem á kann að standa, lána eða gefa skírteini sitt né láta öðrum það í té til afnota og skal það varða sviptingu réttinda ef ekki liggur þyngri hegning við að lögum.

7.6.2. Handhafar skírteina skv. reglugerð þessari, mega ekki neyta áfengis síðustu 18 klukkustundir áður en störf eru hafin né heldur meðan þeir eru að starfi. Varðar það að jafnaði missi skírteinisins um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu ef sakir eru miklar eða brot ítrekað. Sá, sem starfað hefur í loftfari, má eigi neyta áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja næstu 6 klukkutíma eftir að starfa hans í loftfari lauk enda hafi hann ástæðu til að ætla að opinber rannsókn verði hafin um atferli hans við starfann.

7.6.3. Nú kemur í ljós að rangar eða villandi upplýsingar hafa verið gefnar, þegar skírteini var gefið út, því gefið aukið gildi eða það verið endurnýjað og skal þá skírteinið, gildisaukningin eða endurnýjun skírteinis, sem vegna rangra eða villandi upplýsinga hafa verið veitt, talin ógild og afturkölluð nema eigandi skírteinis geti sannað að ekki sé hægt að gefa honum sök á hinum röngu eða villandi upplýsingum og að gefnar upplýsingar hafi ekki skipt máli fyrir útgáfu skírteinis, gildisaukningu eða endurnýjun þess.

7.6.4. Skylt er hverjum handhafa skírteinis að tilkynna flugmálastjórn tafarlaust ef nokkur vafi getur leikið á að hann vegna veikinda, slysa eða af öðrum ástæðum fullnægi áfram tilskildum heilbrigðisskilyrðum.

Ef flugmálastjórn telur vafa leika á að handhafi skírteinis hafi áfram nægilega verklega eða líkamlega hæfni eða fræðilega þekkingu getur hún afturkallað skírteinið þar til gengið hefur verið úr skugga um óskerta hæfni hans með læknisskoðun og/eða nýju prófi ef með þarf.
Flugmálastjórn getur, hvenær sem er, krafist nýs læknisvottorðs ef grunur leikur á að skírteinishafi fullnægi ekki lengur tilskildum heilbrigðisskilyrðum.

7.6.5. Flugmálastjórn getur fyrirvaralaust afturkallað skírteini um tiltekinn tíma ef handhafi hefur sýnt í starfi sínu ábyrgðarleysi, skort á dómgreind og reynslu, vanrækslu eða gerst brotlegur á annan hátt.

7.6.6. Ef skírteini hefur verið afturkallað eða hlutaðeigandi fyrirgert réttindum sem í því felast skal hann tafarlaust afhenda það flugmálastjórn eða trúnaðarmanni hennar.

VIII. KAFLI
GILDISTAKA O.FL.

8.1. Samgönguráðuneytið getur veitt heimild til að víkja frá reglugerð þessari þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa.

8.2. Ágreiningi sem rísa kann vegna reglugerðar þessarar má vísa til samgönguráðuneytisins til úrskurðar.

8.3. Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964.

8.4. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1978.
Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um fluglið nr. 184 1. nóvember 1949 og reglugerð nr. 3 6. janúar 1955, um breytingu á henni.

Samgönguráðuneytið, 27. júlí 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 302. 26. júní 1978.

REGLUGERÐ

um vatnshitunarkerfi, önnur en jarðvarmaveitur.

1. Skýringar á notkun hugtaka og orða í reglugerð þessari.

1.1. **Heitt vatn** kallast vatn, sem hitað er upp í hitastig, sem ekki fer yfir 120° C.

1.2. **Heitvatnsketill** kallast ketill, sem hitar vatn til hringrásar í hitakerfi. Hér almennt nefndur „ketill".

1.3. **Hitaður ketill** kallast ketill, sem tekur varma frá brennslu eldsneytis eða frá rafmagni. Hér almennt nefndur „ketill".

1.4. **Neysluvatnshylki** kallast hylki eða ketill fyrir bað- eða kranavatn sem hitnar við gegnumstreymi.

1.5. **Vélkyntur ketill** kallast ketill, sem fær eldsneyti á vélrænan hátt flutt til brunaholsins (dælur).

1.6. **Hitunarkerfi** kallast kerfi, þar sem hringrás heitvatns er notuð til upphitunar.
1.7. **Öryggisleiðsla** kallast pípa, sem er opin og liggur frá heitavatnskatli undir bert loft, eða til rúms þar, sem einungis þrýstingur andrúmsloftsins ríkir.
1.8. **Þensluleiðsla** kallast píputenging milli ketils og þenslukers eða þenslu-hylkis, getur einnig verið hluti öryggisleiðslu.
1.9. **Öndunarpípa** kallast pípa, sem liggur frá efsta vatnsfleti kerfis undir bert loft eða staðar þar, sem þrýstingur andrúmsloftsins ríkir.
1.10. **Sogrofi** kallast öndunarpípa sem kemur í veg fyrir sogsáhrif í pípum sjá 3. og 5. mynd á fylgiskjali I.
1.11. **Opið hitakerfi** kallast kerfi, sem hefur öryggisleiðslu, sem ekki er hægt að loka og sem hefur stöðugan stíganda frá katli til efsta hluta kerfisins.
1.12. **Lokað kerfi** kallast kerfi, sem ekki hefur öryggisleiðslu en lokað þenslu-hylki og öryggisloka.
1.13. **Þensluker eða þensluhylki** kallast ker eða hylki, sem til þess er ætlað að að taka við hitaþenslu vatnsins í hitakerfi.
1.14. **Hitunarafköst** kallast þau mestu stöðugu afköst, sem hitaður ketill eða geymir getur afkastað.
1.15. **Hitaflötur** kallast sá hluti ketilsins, sem er í beinni snertingu við hitagjafann annarsvegar og vatn hinsvegar.
1.16. **Rekstrarhitastillir** kallast raftæki, sem heldur hitastigi vatnsins í katlinum innan þeirra takmarka, sem ákveðin eru.
1.17. **Yfirhitavar** kallast tæki, sem stöðvar hitun ketilsins þegar hæsta leyfilegu hitastigi er náð og hindrar að hitun hefjist.
1.18. **Þrýstifallsvar** er tæki, sem stöðvar hitun ketils ef þrýstingur í kerfinu fellur óeðlilega.
1.19. **Vatnshæðarvar** er tæki, sem stöðvar hitun ketilsins, ef vatnshæðin í kerfinu fer niður fyrir ákveðið lágmark.
1.20. **Stöðuþrýstingur** (hvílandi þrýstingur) kallast:
1.20.1. Opið kerfi:
Þrýstingurinn, sem vatnshæðin frá hæsta stað kerfisins (efsta mögulegum vatnsfleti) til viðkomandi staðar í kerfinu skapar.
1.20.2. Lokað kerfi:
Þrýstingurinn í kerfinu, þegar dæla er ekki í gangi og við það ástand, sem ríkir í kerfinu þegar yfirhitavarið stöðvar hitunina, að viðbættri hæðinni frá vatnsfletinum í þenslukerinu til viðkomandi staðar í kerfinu.
1.21. **Dæluþrýstingur** kallast sú þrýstingsbreyting, sem hringrásardælan veldur á viðkomandi stað í kerfinu.
1.22. **Heildarþrýstingur** kallast samanlagður stöðuþrýstingur og dæluþrýstingur.
1.23. **Rekstrarþrýstingur** kallast sá þrýstingur, sem ríkir í katlinum við venjulegan rekstur.
1.24. **Blástursþrýstingur** kallast sá mesti þrýstingur, sem verður í katlinum við yfirhitun.
1.25. **Raunþrýstingur** kallast sá þrýstingur, sem einstakir hlutar kerfisins eru prófaðir með.
1.26. **Þrýstingur** er mældur í metrum vatnssúlu, bar eða aty (yfirþrýstingur), 1 aty er jöfn 0.981 bar.
1.27. **Hitastig** er mælt í °C.
1.28. **Hitaafköst** eru mæld í Gcal/h, Mcal/h, Kcal/h eða kW. Sé þess óskað að umreikna Mcal/h í kW, reiknast 1 Mcal/h = 1.163 kW eða 1 kW = 0.860 Mcal/h.

2. Almenn ákvæði.

2.1. **Gildissvið.**
Reglugerð þessi fjallar um fyrirkomulag og búnað miðstöðvarkerfa og neysluvatnshylkja einkum með hliðsjón af öryggi gegn slysum og eyðileggingu verðmæta.

Ákvæðin fjalla einkum um opin kerfi, lokuð kerfi, rafhituð neysluvatnshylki og safnhitunargeyma (næturhitunargeyma).

2.2. Hönnun. Sérhver hluti hitakerfis skal þannig hannaður að hann standist þær kröfur, sem gerðar eru varðandi þrýstiprófun og hitaþol. Ketillinn skal þannig geta þolað blástursþrýstinginn og vera hannaður samkvæmt reglum sem Öryggiseftirlit ríkisins viðurkennir um gerð og smíði hylkja fyrir hita og innri þrýsting. Rafsoðnir katlar skulu soðnir af rafsuðumönnum, sem Öryggiseftirlit ríkisins viðurkennir.

2.3. Þrýstiprófun. Katlar kerfis, lokuð þensluker, ofnar og aðrir hitafletir skulu þrýstiprófaðir af framleiðanda með að minnsta kosti 1.5 sinnum heildarþrýstingi í kerfinu. Raunþrýstingurinn má þó aldrei vera minni en 1.3 sinnum blástursþrýstingurinn. Sé um steypujárnshluta að ræða skal nota stuðulinn 2 í stað 1.5, eða 1.3. Raunþrýstingur má aldrei vera minni en 1.5 bar. (yfir).

Aðrir hlutar kerfisins, svo sem lokar, pípur og pípnatengi skulu hafa styrkleika að minnsta kosti til jafns við það, sem að framan getur.

2.4. Öryggisráðstafanir. Í öllum tilvikum skal þannig frá gengið að mögulegt sé að lofttæma kerfið, svo loftpokar komi ekki í veg fyrir tilætlaða starfsemi sjálfvirkra stilli- og öryggistækja. Ávallt skal svo frá kerfi gengið að í öllum hlutum þess verði nægilegur þrýstingur til þess að koma í veg fyrir eimyndun.

3. Opin kerfi.

3.1. Gildissvið: Kafli þessi tekur til opinna vatnshitunarkerfa, án tillits til hitunarafkasta þar sem notuð er önnur hitun en frá jarðvarmaveitu og mesti heildarefða stöðuþrýstingur í katli fer ekki yfir 50 m vatnssúlu.

3.2. Ketilmerking: Á katlinum skal vera merkiplata, á aðgengilegum og augljósum stað, vel fest og með áletrun, sem gefur eftirfarandi til kynna:

Framleiðanda ketilsins.
Tegundarmerki.
Framleiðsluár og framleiðslunúmer.
Hitunarafköst.
Raunþrýsting.

3.3. Öryggisbúnaður: Sérhver vélknúinn eða rafmagnshitaður ketill skal vera búinn rekstrarhitastilli (termostat) og sértengdu yfirhitavari eða líkum búnaði, sem Rafmagnseftirlit ríkisins tekur gildan (sjá reglur um vatnshitunartæki með rafhitun).

3.3.1. Rekstrarhitastillirinn skal á öruggan og sjálfvirkan hátt geta haldið hita ketilsins innan ákveðinna takmarka.

3.3.2. Yfirhitavarið, eða sá rafbúnaður, sem kann að vera settur í kerfið í þess stað, sjá 3.3. skal í síðasta lagi stöðva hitun ketilsins við 120°C ef rekstrarhitastillirinn bregst. Hafi yfirhitavarið stöðvað hitunina, má hitunin ekki á sjálfvirkan hátt hefjast á ný. Sé yfirhitavar búið fjarstýribúnaði (rafmagn, loft e. þ. h.) skal svo frá gengið að hitunin stöðvist sjálfkrafa, ef bilun verður í fjarstýribúnaðinum (biðstraumskerfi).

3.4. Öryggisleiðsla. Sérhver ketill skal búinn opinni pípuleiðslu, sem tengir hann beint við andrúmsloftið og má sameiginleg öryggisleiðsla vera frá mörgum

kötlum, sem eru í sama ketilrúmi. Öryggisleiðslan skal liggja upp frá efsta hluta ketilsins. Leiðslan skal hafa stöðugan stíganda. Hluta af framrás hitakerfisins má nota, sem öryggisleiðslu og má þá ekki vera neinn loki á þeim hluta framrásar. Öryggisleiðslunni skal þannig fyrir komið, að hún sé öll sjáanleg áður en kerfið er tekið í notkun. Öryggisleiðsla getur verið á þann veg sem hér segir:

a. Leiðslan liggur annaðhvort þannig að hún endi lóðrétt upp í gegnum þak, sjá 4. mynd á fylgiskjali I, eða hún liggur aftur niður frá hæsta stað sjá 3. og 5. mynd á fylgiskjali I.
b. Leiðslan liggur upp í opið þensluker og liggur síðan þaðan upp í gegnum þak, sjá 2. mynd á fylgiskjali I, eða liggur niður frá þennslukerinu, sjá 1. mynd á fylgiskjali I.

Ef öryggisleiðslan liggur upp úr þaki, skal þannig frá enda hennar gengið, að af útstreymandi vatni eða gufu geti ekki stafað hætta. Fallpípa öryggisleiðslu skal vera sýnileg og tengjast opin við niðurfall sem næst áfyllingarloka kerfisins.
Ef öryggisleiðsla liggur upp úr þaki skal liggja niður frá henni 20 mm aðvörunarleiðsla, sem tengist opin við niðurfall, sem næst áfyllingarloka kerfisins sjá 2., og 4. mynd á fylgiskjali I.
Ef öryggisleiðsla er leidd niður skal á hæsta stað hennar vera 15 mm öndunarpípa til þess að rjúfa sogverkun í fallpípunni sjá 3. og 5. mynd á fylgiskjali I.
Aðvörunarleiðsla og fallpípa öryggisleiðslu skulu hafa stöðugt fall frá hæsta stað pípunnar allt til enda niður undir gólfi í ketilrúmi. Neðri endi pípunnar má ekki vera skrúfuskorinn.

3.4.1. Gildleiki öryggisleiðslu. Minnsta innanþvermál öryggisleiðslu má hvergi vera minna en 20 mm, hversu lítið sem kerfið er. Þar sem hitaafköst eru meira en 20 Mcal/h og minni en 100 Mcal/h má reikna samkvæmt eftirfarandi jöfnu.

$$d_{öl} = 15 + 1{,}5 \cdot \sqrt{p} \text{ mm}$$

$d_{öl}$ = innanþvermál öryggisleiðslu í mm
p = hitaafköst ketilsins í Mcal/klukkustund.
Þetta gildir fyrir allt að 20 m langar öryggisleiðslur. Séu þær lengri skal tekið sérstakt tillit til þess með auknum gildleika.

3.5. Þensluker. Sérhvert vatnsveitukerfi skal hafa eitt eða fleiri þensluker og skal samanlagt rúmtak þeirra vera nægilega mikið til þess að taka við hitaþenslu vatnsins í kerfinu við venjulegan rekstur. Píputengingar milli þenslukersins og annarra hluta kerfisins mega hvergi vera þrengri en krafist er fyrir öryggisleiðslur.

3.5.1. Opin þensluker. Ekki eru gerðar sérstaklegar kröfur um gerð og styrkleika opinna þenslukerja. Opin þensluker, sem ekki eru tengd öryggisleiðslum skulu hafa að minnsta kosti 15 mm öndunarpípu sjá 3. mynd á fylgiskjali I.

3 5.2. Lokuð þensluker. Sjá 4.5 og 6. mynd á fylgiskjali I.
Lokuð þensluker skulu uppfylla þær kröfur, sem á hverjum tíma eru gerðar til hylkja fyrir innri þrýsting. Þau skulu hönnuð til að standast þann þrýsting, sem mestur getur orðið á viðkomandi stað í kerfinu (sbr. 2.3., ákvæði um þrýstpófun) og skal þá miða við þann þrýsting, sem orðið getur við yfirhitun. Nánari ákvörðun um búnað þeirra getur Öryggiseftirlit ríkisins gert.

3.6. Vatnssúlumælir. Í ketilrúmi hvers hitakerfis skal vera vatnssúlumælir á aðgenglegum stað þar sem auðvelt er að sjá til hans. Á talnaboga mælisins skulu vera rauð strik, sem sýna það þrýstingssvið, sem svarar til hæðarmunarins, sem er milli tengistaðar aðvörunarleiðslunnar og þeirrar lægstu vatnshæðar, sem vera má í kerfinu í rekstri. Við kerfi með opnu þenslukeri, sem komið

er fyrir í sama rúmi og ketillinn er, getur vatnssúlumælirinn verið vatnshæðarglas á þenslukerinu.

3.7. Hitamælir. Á hverjum katli skal vera hitamælir með greinilegum gráðuboga, minnst upp í 120°C. Hitinn skal mældur á efsta hluta ketilsins, eða í framrás kerfisins, rétt við ketilinn.

3.8. Vatnsáfylling. Frá hverju hitakerfi skal þannig gengið, að hægt sé að fylla á það vatni hvenær sem þess kann að vera þörf. Auk aðallokans á áfyllingarleiðslunni skal vera einstefnuloki.

3.9. Tæming kerfisins. Frá hverju hitakerfi skal þannig gengið að hægt sé að tæma ketilinn og öryggisleiðsluna. Hvergi má taka vatn úr hitakerfi til almennra nota, eða heimilisþarfa.

3.10. Frostvörn. Þensluker og öll öryggisleiðslan skulu á öruggan hátt varin frosti. Teljist slíkt nauðsynlegt skal hita þensluker og vatnsfylltar öryggisleiðslur með framrásarleiðslu frá hitakerfinu. Ef vörn gegn frosti er framkvæmd með hringrásarleiðslu til öryggisleiðslunnar, eða þenslukersins, skal slíkri leiðslu þannig fyrir komið að hægt sé að fylgjast með hringrásinni, t. d. með því að þreifa á leiðslunni með hendi. Slíka hringrásarleiðslu má tengja inn á öryggisleiðsluna, rétt neðan við þenslukerið, svo nærri sem pípnatengingarnar leyfa. Sé kerfið ekki í notkun að vetri til skal það með öllu vatnstæmt.

4. Lokuð kerfi.

(Sjá dæmi á 7., 8. og 9. mynd á fylgiskjali I).

4.1. Auk framangreindra ákvæða fyrir opin kerfi gilda eftirfarandi ákvæði fyrir lokuð kerfi, þar sem það á við.

4.2. Öryggisloki. Ketillinn á að hafa að minnsta kosti einn öryggisloka. Minnsta innanþvermál öryggisloka má ekki vera minna en 20 mm og öryggislokinn skal vera af gerð, sem öryggiseftirlit ríkisins viðurkennir. Efni lokans á að vera svo að það þoli allt að 140°C hita. Á öryggislokanum skal vera léttibúnaður og á lokakeilunni mega ekki vera stýriuggar þeim megin, sem að vatninu snýr. Opnunarþrýstingur lokans skal vera hærri en rekstrarþrýstingur ketilsins og lægri en 0,77 x raunþrýstingur ketilsins.

4.2.1. Öryggislokinn skal vera með merkiplötu, sem gefur eftirfarandi til kynna:

Framleiðenda
Tegundarmerki
Minnsta innanþvermál
Opnunarþrýsting
Blástursgetu

4.2.2. Blástursgeta öryggislokans í gufuformi, skal vera 1,6 sinnum eimingarafköst ketilsins. Ef öryggislokar eru tveir eða fleiri, skal reikna samanlagða blástursgetu lokanna. Öryggislokar skulu vera á efsta hluta ketilsins, á þeim stað, sem líklegast má telja að eimur safnist fyrir. Tengipípa milli ketils og öryggisloka má ekki vera minna að innanþvermáli en lokinn sbr. 4.2. Á tengipípunni mega ekki vera neinir hlutir, sem þrengja hana, svo sem lokar, dælur, beygjur, sem myndað geta vatnspoka eða annað því líkt. Fylgjast skal með því að ryð eða óhreinindi safnist ekki fyrir í pípunni. Tengipípan skal vera stutt og öryggislokinn svo nálægt katlinum, sem kostur er.

4.2.3. Í stað öryggisloka má nota sprengiplötu, ef sá búnaður getur talist öruggur að dómi Öryggiseftirlits ríkisins.

4.3. Þensluhylki lokaðra kerfa. Kerfið skal hafa þensluhylki til þess að taka við hitaþenslu vatnsins. Sjá 7. og 8. mynd á fylgiskjali I.

4.3.1. Á þensluhylkinu skal vera merkiplata, sem gefur eftirfarandi upplýsingar:
Framleiðanda eða seljanda.
Heildarrými í lítrum.
Raunþrýsting í bar (yfir).
Forþrýsting í bar (yfir).

4.3.2. Rúmtak hylkisins og þrýstingur loftpúðans skal þannig afmarkað að hylkið tekið við þeirri hitaþenslu, sem verður á vatninu frá 10°C til þess hita, sem verður í kerfinu þegar yfirhitavar stöðvar hitun ketilsins, án þess þó að þrýstingurinn nái því marki að öryggislokinn blási. Forþrýstingur (fyllingarþrýstingur) hylkisins í bar (yfir) má ekki vera minni en tíundi hluti lóðréttrar fjarlægðar milli þensluhylkisins og efsta hluta kerfisins í metrum.

4.3.3. Reikna má rúmtak þensluhylkisins, V_E, samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$V_E = \frac{(0{,}07\,t - 2{,}5)\ (P_1 + 1)}{100\ (P_1 - P_2)} \cdot V$$

t = hitastig í °C þegar yfirhitavar stöðvar hitun ketilsins
P_1 = opnunarþrýstingur öryggislokans í bar (yfir)
P_2 = forþrýstingur þenslukersins í bar (yfir).
V = heildar vatnsinnihald kerfisins í lítrum.

4.3.4. Á vatnsrými hylkisins skulu vera lokar, til að tæma það og hleypa úr því lofti. Einnig skal vera búnaður á loftpúðarýminu til að stilla forþrýstinginn og til annarra athugana, en ekki má notandi kerfisins hreyfa við þeim búnaði. Þensluhylkið skal vera í sama herbergi og ketillinn. Hylkið skal vera þannig tengt kerfinu að hitinn í því geti ekki farið yfir 100°C. Öryggiseftirlit ríkisins getur sett nánari ákvæði um gerð og búnað lokaðra þensluhylkja.

4.4. Milli ketilsins og þensluhylkisins skal vera þensluleiðsla, sem aldrei má vera minni en 20 mm að innanþvermáli. Þensluleiðslan skal vera opin alla leið og á henni mega ekki vera lokar eða neins konar tæki, eða annað, sem þrengi hana. Leiðslan á að vera svo stutt, sem kostur er og leitast skal við að ganga svo frá henni að ryð eða óhreinindi geti ekki safnast fyrir í henni.

4.5. Í kerfum með miklum hitunarafköstum, eða yfir 50 Mcal/h (58 kW) og þar, sem hvílandi þrýstingur er meira en 2,5 bar skal hafa eftirtalin öryggistæki telji Öryggiseftirlit ríkisins þau nauðsynleg:

a. Þrýstifallsvar, sem stöðvar hitun ketilsins ef þrýstingurinn í kerfinu fellur getur verið nauðsynlegt, ef hætta er á suðu í kerfinu, t. d. í kerfi, sem vinnur með hita, sem er yfir 100°C.

b. Vatnshæðarvar. Ef þensluhylkið er með loftpúða en án þindar, skal vera vatnshæðarvar sem stöðvar hitun ketilsins, ef vatnshæðin í þenslukerinu fellur.

5. Rafhituð neysluvatnshylki.

5.1. Neysluvatnshylki með einu úttaki.
Ef rafhitað heitavatnshylki er gert fyrir einn notkunarstað, má engin hindrun, hvorki loki né annað vera á útstreymispípu þess, en lokinn á að vera innstreymis megin við hylkið. Engar sérstakar kröfur eru gerðar um styrkleika slíkra vatnshitunarhylkja en rafbúnaður þeirra skal vera með rekstrarhitastilli.

5.2. Neysluvatnshylki með meira en einu úttaki.
Heitvatnshylki, sem ætlað er að hita vatn til tveggja eða fleiri notkunarstaða skulu hafa einn aðstreymisloka fyrir framan hylkið og afráðsarloka á hverjum notkunarstað. Slík hylki skulu hönnuð og prófuð samkvæmt þeim reglum, sem

á hverjum tíma kunna að gilda fyrir hylki með innri þrýstingi og hita, sbr. 2.2., 2.3. og 3.2. Auk rekstrarhitastillis og yfirhitavars á rafbúnaði skulu hylki þessi vera með öryggisloka, sem hleypt geti út allri þeirri gufu, sem myndast án þess að þrýstingur aukist yfir leyfileg mörk, ef full hitun heldur áfram án þess að heitvatn hylkisins sé notað.

6. Safnhitunargeymar (næturhitunargeymar).

Geymar þessir skoðast sem katlar í vatnshitunarkerfum og gilda sömu reglur um hönnun þeirra, styrkleika og prófun, sem venjulega daghitunarkatla, sbr. 2.2., 2.3. og 3.2. Safnhitunargeymir, sem er í kjallara íbúðarhúss má ekki vera stærri en 8 m³. Ef um stærri safnhitunargeymi er að ræða, hvort heldur um er að ræða í íbúðarhúsi, eða annars staðar skal hverju sinni leita heimildar Öryggiseftirlits ríkisins um staðsetningu.

7. Ýmis ákvæði.

7.1. Þar sem það telst ekki vera sérstaklega óhagkvæmt skulu miðstöðvarkerfi í íbúðarhúsum að jafnaði vera opin.

7.2. Ef lokað kerfi er í íbúðarhúsi, þegar reglugerð þessi tekur gildi, og óæskilegt talið að breyta því í opið kerfi, er heimilt að nota kerfið óbreytt áfram, en þá skal búa það öllum þeim öryggistækjum, sem reglugerð þessi krefst að séu á lokuðum kerfum.

7.3. Allur rafbúnaður vatnshitunarkerfa, sem falla undir reglur þessar skal vera samkvæmt gildandi reglum um raforkuvirki, eins og þær eru á hverjum tíma.

7.4. Þeim einum er heimilt að sjá um uppsetningu vatnshitunarkerfa, sem falla undir reglur þessar, er hefur meistararéttindi í pípulögnum. Meistarinn ber ábyrgð á því að kerfið sé búið öryggistækjum og rafbúnaði þeim, sem krafist er í reglum þessum enda hafi hann aflað sér staðfestingar rafvirkjameistara á því að allur tilskilinn rafmagnsbúnaður og tæki sé fyrir hendi, í fullkomnu lagi og í samræmi við gildandi reglur. Pípulagningameistari skal ábyrgjast að prófuð sé örugg starfsemi allra tækja kerfisins áður en hann afhendir kerfið til notkunar. Honum er skylt að tilkynna Öryggiseftirliti ríkisins um uppsetningu lokaðs kerfis strax þegar henni er lokið. Telji Öryggiseftirlit ríkisins ástæðu til að það láti framkvæma skoðun á hitunarkerfi er eigandum eða notendum kerfisins skylt að hlýta því.

7.5. Eigandi eða notandi vatnshitunarkerfis, sem reglugerð þessi tekur til, skal reglulega og að minnsta kosti einu sinni á ári láta iðnaðarmann í viðkomandi grein prófa allan öryggisbúnað kerfisins. Hafi starfsmaður Öryggiseftirlits ríkisins skoðað og prófað kerfið má skoðun falla niður að öðru leyti það ár nema ágallar hafi komið í ljós við skoðunina. Verði ágalla vart við skoðun skal kerfið ekki notað fyrr en bætt hefur verið úr þeim ágöllum, sem skoðunin kann að hafa leitt í ljós.

7.6. Ef of hár þrýstingur veldur sprengingu í hitunarkerfi eða ef það verður fyrir verulegum skemmdum af öðrum orsökum, skal þegar tilkynna Öryggiseftirliti ríkisins um skemmdirnar. Ekki má taka kerfið í notkun á ný fyrr en að loknum fullnaðarlagfæringum og að fengnu leyfi Öryggiseftirlitsins. Öryggiseftirlit ríkisins getur krafist þess að vatnshitunarkerfi, eða sérstakir hlutar þess séu rannsakaðir, ef það af öryggisástæðum telur slíkt nauðsynlegt. Eigandi eða notandi kerfis skal gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til að slík rannsókn geti farið fram og veita þá aðstoð við rannsóknina, sem kann að reynast æskileg.

Ef slík rannsókn leiðir í ljós, að kerfið sé í því ástandi, að hætta geti stafað af notkun þess getur Öryggiseftirlitið bannað notkun kerfisins þar til nauðsynlegar umbætur hafa farið fram.

8. Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 1. gr. laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23 1. febrúar 1952, öðlast þegar gildi.

9. Ákvæði til bráðabirgða.

Lokið skal lagfæringu kerfa þeirra sem ekki fullnægja kröfum reglugerðar þessarar fyrir 1. júlí 1980, enda teljist breyting kerfisins nauðsynleg með tilliti til öryggis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. júní 1978.


F. h. r.
Baldur Möller.

Jón Thors.

Fylgiskjal I: Myndir


1. mynd. Öryggisleiðsla gegnum hátt sitjandi opið þensluker og þaðan niður.

Opið þensluker




2. mynd. Öryggisleiðsla upp úr þaki lögð gegnum opið þensluker.

Opið þensluker með öndun yfir þak




3. mynd. Öryggisleiðsla lögð niður frá vendipunkti. Ekki tengd þenslukeri, sem situr hátt.


Opið þensluker á bakrás




4. mynd. Þensluker situr lágt og er lokað. Öryggisleiðsla upp úr þaki.




5. mynd. Þensluker situr lágt og er lokað. Öryggisleiðsla lögð upp að vendipunkti og þaðan niður.




6. mynd. Dæmi um fyrirkomulag frostvarnar.




7. mynd. Lítið lokað kerfi.











8. mynd. Stórt lokað kerfi.



9. mynd. Stórt lokað kerfi með þensluhylki með þind.



10. mynd. Táknaskýring.

	Öryggisloki
	Stöðviloki
	Einstefnuloki aðstreymi óskyggt
	Þrýstimælir
	Þrýstistilli
	Þrýstifallsvar
	Vatnshæðarvar
	Rekstrarhitastillir
	Yfirhitavar
	Hitamælir
	Dæla
	Tæmingarkrani

SAMÞYKKT
um sveitarstjóra í Gerðahreppi, Gullbringusýslu.

1. gr.
Hreppsnefndin kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.
Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.
Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.
Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefndin ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.
Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðast úr sveitarsjóði.

6. gr.
Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

7. gr.
Nú gerist sveitarstjóri sekur um vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Gerðahrepps hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 — 1978

23. ágúst 1978. 655 Nr. 304.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss nr. 277 1. júlí 1976.

5. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Vatnsgjöld:

Garðyrkjustöðvar kr. 280.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Meðan hemlar eru ekki komnir á íbúðarhús garðyrkjubænda, og vatn, sem notað er til upphitunar þeirra, er tekið af því vatni, sem garðyrkjustöðin fær í heild, samkvæmt mælingu, skal þar að auki greiða fastagjald af íbúðarhúsum, kr. 20.00 á mánuði af hverjum rúmm.

Íbúðarhús, samkvæmt mælingu um hemil, kr. 1 400.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Iðnaðarhús samkvæmt mælingu um hemil, kr. 700.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

2. Meðan hemlar eru ekki komnir á, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina og skal vatnsgjaldið vera kr. 280.00 á mánuði af hverjum mínútulítra. Þar að auki skal greiða fastagjald, kr. 20.00 á mánuði af hverjum rúmm. íbúðarhúss og kr. 13.00 á mánuði af hverjum rúmm. iðnaðarhúss. Gjöldin miðast við utanmál húsa.
3. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota, en að framan greinir, ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.
4. Hitaveitunefnd er heimilt að ákveða hemlagjöld.
5. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki fyrir skemmri tíma en 3 mánuði samfellt.

6. gr. orðist þannig:

Gjalddagar hitaveitugjalda samkv. 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar—mars, 1. apríl. Fyrir apríl—júní, 1. júlí. Fyrir júlí—september, 1. október. Fyrir október—desember, 1. nóvember. — Gjöldin skal greiða til innheimtumanns hitaveitunnar, eða innheimtustofnunar, sem hann vísar til. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan mánaðar frá gjalddaga. Séu gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða hitaveitunni dráttarvexti af því, sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

7. gr. orðist þannig:

Heimæðagjöld skulu vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:
Hús allt að 300 rúmm. að utanmáli kr. 115 200.00.

B 84

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Hús 300 rúmm. að utanmáli og stærri kr. 115 200.00 fyrir 300 rúmm. og kr. 192.00 af hverjum rúmm. þar fram yfir.

Heimæðagjöld gróðurhúsa skulu vera kr. 276 480.00 af sekl.

Heimæðagjald skal greiða þegar heimæð hefur verið lögð og áður en hún tengist hitakerfi hússins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af fulltrúum stjórnarnefndar Laugarásshéraðs og notenda í Laugarási er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. október 1978 og virtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 305. 23. ágúst 1978.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks nr. 113 3. apríl 1973 með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald allt að kr. 1 840.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. október 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 306. 23. ágúst 1978.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur nr. 259 16. júní 1977.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 900.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b) Vatnsgjald kr. 1 995.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 2 500.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1978, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

24. ágúst 1978. Nr. 307.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Borgarness nr. 13 11. janúar 1978.

Frá og með 1. september 1978 er verðgildi gjaldstigs 1g=15.70 Samkvæmt því breytast verðákvæði I. og II. kafla gjaldskrárinnar þannig:

I. KAFLI

RAFMAGNSSALA

Rafveita Borgarness selur rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Orku- og afltaxtar.

		g.	kr.
1.1.	Um mestaflmæli eða markaflmæli:		
1.1.1.	Orkuverð kWst. á	0.3	4.70
	Orkuverð umfram stillingu markaflsmælis kWst. á ..	3	47.10
1.1.2.	Aflverð árskílówatt á	1 600	25 120.00
1.1.3.	Fast árgjald = grunngjald + mæligjald, skv. 1.4. ..	2 800	43 960.00

2. Orkutaxtar.

2.1.	Um kWst.-mæli:		
2.1.1.	Orkuverð kWst. á	1	15.70
2.1.2.	Fast árgjald = mæligjald, 3-fasa m., skv. 1.4.	600	9 420.00
2.1.2.	Fast árgjald = mæligjald, 3-fasa m., skv. 1.4.	600	9 420.00
2.1.2.	Fast árgjald = mæligjald, 1-fasa m., skv. 1.4.	300	4 710.00
	Lágmark fyrir 21:5000 g/ári.		
2.2.	Um kWst.-mæli:		
2.2.1.	Orkuverð, allt að 1200 kWst./ári, kWst. á	3	47.10
	Orkuverð, umfram 1200 kWst./ári, kWst. á	2	31.40
2.2.2.	Fast árgjald = mæligjald, 3-fasa m., skv. 1.4.	600	9 420.00
	Fast árgjald = mæligjald, 1-fasa m., skv. 1.4.	300	4 710.00

3. Tímataxtar.

3.1.	Um kWst.-mæli til hitunar:		
3.1.1.	Án rofs kWst. á	0.61	9.58
3.1.2.	Allt að 1½ klst. rof á sólarhring kWst. á	0.34	5.34
3.1.3.	Allt að 2½ klst. rof á sólarhring kWst. á	0.32	5.02
3.1.4.	Allt að 4½ klst. rof á sólarhring kWst. á	0.26	4.08
3.1.5.	Allt að 14½ klst. rof á sólarhring kWst. á	0.18	2.83

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar og mælagjald skv. lið 1.4.

Taxtar 3.1 eru án söluskatts og verðjöfnunargjalds sem innheimtist ekki af rafmagni til húshitunar.

Aðrir tímataxtar, er til greina kunna að koma, falla undir 4. lið.

4. Sérákvæði um rafmagnssölu.

Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. — Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1.3 g/kWst.

II. KAFLI

TENGIGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

1	2		3		4	
Gjaldskrárliður	Málstraumur stofnvara í 220 V kerfi A	380 V kerfi A	Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis	kVA	Tengigjald skv. jöfnu g=3600+135×kVA gjaldstig g	Tengigjald kr.
T 1	2 × 60	1 × 60	0.22 × 60 =	13	5 360	84 150
T 2	3 × 60	2 × 60	0.38 × 60 =	22	6 570	103 150
T 3	3 × 100	3 × 60	0.38 × 100 =	38	8 730	137 000
T 4		3 × 100	0.66 × 100 =	66	12 510	196 400
T 5	3 × 200		0.38 × 200 =	76	13 860	217 600
T 6	3 × 350	3 × 200	0.66 × 200 =	132	21 420	336 250
T 7		3 × 350	0.66 × 350 =	231	34 780	546 000
T 8				300	44 100	692 000
T 9				500	71 100	1 116 000
T 10				800	111 600	1 752 000

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1978 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 2 500.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b) Vatnsgjald kr. 3 000.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

28. ágúst 1978. Nr. 309.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

Gildir frá 1. sept. 1978.

I. RAFORKA

1. Lýsing.

1.1. Orka til almennrar lýsingar kr. 45.00 á kWst.

2. Heimilisnotkun.

2.1. Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana kr. 19.80 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1. Orka til véla og mannvirkjagerðar kr. 45.00 á kWst.
3.2. Orka samkv. 15 mínútna meðalaflsmælingu, lágmark 20 kW kr. 6.90 á kWst. Aflgjald með lýsingu kr. 28.43 á kWst.
3.3. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:
Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun kr. 22/10 hverja kWst.
Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun kr. 14/70 hverja kWst.
Fyrir umfram 100 000 kWst. ársnotkun kr. 13/60 hverja kWst.

4. Hitun.

4.1. Orka til húshitunar, roftími 2×1.5 klst. á dag kr. 5.85 á kWst.
4.2. Orka til hitunar í iðnaði, roftími 2×1.5 klst. á dag kr. 7.80 á kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitunina sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar.
c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugagjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar, sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Flutningsgeta raftaugar	Heimtaugargjald kr.	Yfirlengdargjald kr./m
63 A 3ja fasa jarðstrengur	94 200.00	5 075.00
100 A 3ja fasa jarðstrengur	118 000.00	5 700.00
125 A 3ja fasa jarðstrengur	145 000.00	6 400.00
200 A 3ja fasa jarðstrengur	230 000.00	8 690.00
300 A 3ja fasa jarðstrengur	330 000.00	10 250.00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðamörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjöld, greiði aðeins hálft heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 450.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 450.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR

Söluskattur og verðjöfnunargjald, samtals 33% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 370 27. október 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 387 27. desember 1973 með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald kr. 1 300.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 2 600.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

24. ágúst 1978. Nr. 311.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, kr. 90.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil, kr. 24 836.00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Minnsta magn vatns sé 1 l/mín. fyrir hverja 100 m^3 húsnæðis.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1.	Fyrir mæla allt að ¾"	kr. 960.00 á mán.
2.	Fyrir mæla frá 1—2"	— 1 760.00 á mán.
3.	Fyrir hemla	— 960.00 á mán.

III. Heimæðagjald.

Heimæðagjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m^3, kr. 191 830.00.

400 til 2000 m^3, kr. 191 830.00 af 400 m^3 + kr. 160.00 á m^3 þar yfir að 2000 m^3.

2000 m^3, kr. 447 830.00 + kr. 131.00 á m^3 þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 27 980.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 930.00.

V. Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Selfoss er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 456 27. desember 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 312. 24. ágúst 1978.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

1. GJALDSKRÁRLIÐIR:

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði, sem hér segir.

11.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	60.50 á kWst.
12.	Fast gjald	—	F1 + F2
	Orkugjald	—	29.00 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa.

21.	Fast gjald	kr.	F1 + F3
	Orkugjald	—	18.15 á kWst.

3. Vélanotkun.

31.	Fast gjald	kr.	F1 + F2
	Orkugjald	—	34.65 á kWst.
	Lágmarksgjald	—	18 × F1 á ári
32.	Aflgjald lágmark 3 kW	—	77 573.00 á ári
	Aflgjald frá 3—5 kW	—	25 350.00 kWst. á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	8.47 á kWst.
33.	Aflgjald umfram 5 kW	—	21 508.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	6.82 á kWst.
34.	Til súgþurrkunar.		
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	8.54 á kWst.

4. Húshitun.

41.	Fast gjald	kr.	F1 +F4
	Orkugjald	—	13.55 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
42.	Fast gjald	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	5.78 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
43.	Fast gjald	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	3.03 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. á dag.		

5. Utanhússlýsing.

51.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	18.03 á kWst.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

Föst gjöld.

F1.		kr.	425.00 á mán.
F2.	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	15.15 á m² á mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	8.35 á m² á mán.
F3.		—	134.00 á gjaldein. á mánuði.

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálft, 25 m² eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús o. þ. h. 20 m² mælt innan útveggja.

c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h., 30 m² fyrir vinnslurúm, 40 m² fyrir geymslurúm.

d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m² eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m² ein gjaldeining.

F4.	Hvert uppsett kW	kr.	1 808.00 á kW á ári

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.

b) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.

c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðul undir 0.8.

II. OPNUNARGJÖLD

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 3 630.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 1 930.00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir :

Grunngjald af hverri heimtaug ..... kr. 7 560.00
Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þúsundi að kr. 605 000.00

5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3 × 70q skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húsahitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 450 20. desember 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 313. 24. ágúst 1978.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar nr. 245 8. júní 1977 með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er:

Vatnsgjald kr. 4 234.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Til hliðsjónar við ákvörðun verðsins er miðað við að kyndingarkostnaður sé sem næst 80% af kyndingarkostnaði með olíu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr.	12 750.00
2.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	—	3 750.00
3.	Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	—	3 750.00
4.	Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	—	3 750.00
5.	Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	—	700.00
6.	Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	—	5 800.00
7.	Fyrir fjármark	—	1 200.00
8.	Fyrir auglýsingu um óskilfénað, fyrir hverja kind eða hross	—	700.00
9.	Fyrir innköllun, þrjár birtingar	—	6 300.00
10.	Fyrir auglýsingu um skiptafund	—	2 250.00
11.	Fyrir einkaleyfisumsókn	—	2 250.00
12.	Fyrir ógildingarstefnu	—	5 800.00
13.	Fyrir dómsbirtingu	—	5 800.00
14.	Fyrir tilkynningu um iðjuleyfi	—	1 850.00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 535.00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 15. september 1978. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 360 10. október 1977 um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. ágúst 1978.

F. h. r.
Baldur Möller.

Jón Thors.

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 — 1978

Nr. 315. 666 30. ágúst 1978.

GJALDSKRÁ

fyrir eftirlitsstörf Öryggiseftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir eftirlit með verksmiðjum, vinnustöðum og vélum, svo sem hér segir:

A. Persónugjald.

Fyrir verkamann, karl eða konu, sem vinnur í fyrirtæki, skal greiða árlega kr. 475.00.

Skal tala verkafólks miðuð við það, sem hún er þegar fyrirtæki er í fullum gangi við venjulegan rekstur, t. d. vertíðarrekstur frystihúsa eða síldarverksmiðja.

B. Eimkatlar og hylki fyrir þrýsting.

1 m^2 hitaflatar telst vera 10 Mcal/h eða 11.63 kW.

1 kW telst 1.36 hö.

1. flokkur: Gjald kr. 2 600.00.

Lágþrýstieimkatlar með allt að 2kp/cm^2 þrýstingi og katlar með hærri þrýstingi, sem hafa allt að 2 m^2 hitaflöt. Opnir eimhitaðir geymar og lokuð eimhituð hylki með allt að 2 m^3 rúmtaki. Þrýstiloftshylki og hylki fyrir aðrar gastegundir með allt að 2 m^3 rúmtaki.

2. flokkur: Gjald kr. 3 900.00.

Eimkatlar, sem hafa meiri þrýsting en 2 kp/cm^2 og eru með hitafleti frá 2 m^2 til 30 m^2. Lokuð eimhituð hylki, sem hafa stærra rúmtak en 2 m^3. Eimhitaðir suðukatlar og þurrkarar. Þó að suðuketill eða þurrkari sé með hræribúnaði eða öðrum hreyfibúnaði reiknast aðeins gjald vegna aflvélar, en ekki vegna vélabúnaðar. Reykhitaðir forkatlar og yfirhitunarkerfi. Þrýstiloftshylki fyrir aðrar gastegundir með þrýstingi meira en 2 m^3 rúmtaki.

3. flokkur: Gjald kr. 10 400.00.

Eimkatlar með meira en 30 m^2 hitafleti.

C. Aflvélar.

Af hverju hestafli aflvélar greiðist kr. 85.00.

Fyrir hvern rafmótor, sem notaður er til aflyfirfærslu frá eigin rafstöð fyrirtækis greiðist kr. 85.00.

D. Vinnuvélar.

1. flokkur: Gjald kr. 85.00.

Dælur, sem nota allt að 5 hö., ádráttarsteinar (smergelskífur), fægivélar skósmiða, hnappagatavélar, sníðavélar, saumavélar, leðurgerðarvélar, loftblásarar undir 2 hö.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. flokkur: Gjald kr. 725.00.
Dælur, sem nota frá 5 til 10 hö., hræritæki í kerjum, málmsmíðavélar, loftblásarar yfir 2 hö., plastiðnaðarvélar, gúmmígerðarvélar, reykblásarar, þrýstiloftsþjöppur allt að 5 hö., brjóstssykurgerðarvélar, gosdrykkjagerðarvélar, bókbandsvélar, mjólkurstöðvarvélar, brauðgerðarvélar, skógerðarvélar, prjónavélar, roðflettivélar, marningsvélar, færibönd 2—5 m að lengd.

3. flokkur: Gjald kr. 780.00.
Trésmíðavélar, prentvélar, vökvaþrýstipressur, hjámiðjuþrýstipressur, skrúfupressur, niðursuðuvélar, sápugerðarvélar, málningargerðarvélar, fataþvottavélar, gærurotunarvélar, sútunarvélar, steinsmíðavélar, grjótmulningsvélar, flöskuáfyllingarvélar, tuskutætarar, dælur yfir 10 hö., hampvinnsluvélar, pappagerðarvélar, fiskþvottavélar, pönnufrystitæki, færibönd 5—10 m að lengd.

4. flokkur: Gjald kr. 1 560.00.
Ullarvinnsluvélar, skipadráttarvindur, einfaldar lyftivindur, þrýstiloftsþjöppur 10 hö. og meira, gasgramleiðslutæki, flöskuþvottavélar, matarlyftur að 50 kg. Færibönd 10 m og lengri, lokubúnaður í vatnsorkuverum, rækjupillunarvélar, hausunarvélar.

5. flokkur: Gjald kr. 3 250.00.
Brettatrillur og brettalyftarar, bifreiðalyftur, sjálfvirkar pappaprentvélar, vörulyftur 50—300 kg. Rúllustigar, sýningarklefar, steypuhrærivélar, flatningsvélar, flökunarvélar, málmbræðsluker með hreyfibúnaði, fosklöndunartæki (grabbar).

6. flokkur: Gjald kr. 7 800.00.
Fólkslyftur, skipadráttarvagnar, málarastólar og verkpallar í strengjum, fallhamrar (aflvélagj. innifalið). Vörulyftarar með sæti, færibrautir í sláturhúsum. Skíðalyftur minni og tvíbrauta lyftibúnaður.

7. flokkur: Gjald kr. 10 400.00.
Dráttarvélar, vegaþjöppur, vegheflar og aðrar vegagerðarvélar, jarðýtur, ámoksturvélar, skurðgröfur og aðrar svipaðar vélar, litlir farandkranar (bómul. minni en 8 m, lyftigeta minni en 2 tonn). Litlar steypustöðvar. Vörulyftur yfir 300 kg.

8. flokkur: Gjald kr. 15 600.00.
Farandkranar, byggingakranar, fisklöndunarkranar, malarvinnslusamstæður og aðrar svipaðar vélar, steypustöðvar stórar. Skíðalyftur stærri.

E. Frystivélar.

1. flokkur: Gjald kr. 780.00.
Frystivélar með allt að 10 000 kcal/h afköstum.
2. flokkur: Gjald kr. 2 080.00.
Frystivélar með 10 000 til 20 000 kcal/h afköstum.
3. flokkur: Gjald kr. 3 770.00.
Frystivélar með 20 000 til 50 000 kcal/h afköstum.
4. flokkur: Gjald kr. 7 800.00.
Frystivélar með yfir 50 000 kcal/h afköstum.

F. Byggingamannvirki og verkpallar.

Vegna byggingamannvirkja, sem eru í smíðum, greiðist kr. 4.00 af hverjum rúmmetra þess. Heimilt er þó að veita 50% afslátt af stórum byggingum með mjög litlum innréttingum.
Ef verkpallar eru notaðir við endurbætur, lagfæringar eða málun húsa eða

skipa eða við hleðslu á vörum, greiðist kr. 16.00 fyrir hvern hlaupandi lengdarmetra verkpalls. Þó skal ekki greiða af verkpöllum, sem eru í minna en tveggja metra hæð frá jörðu.

G. Losun og lestun.

Í hvert sinn, sem skip kemur frá erlendri höfn eða affermir vörur hér við land skal það greiða gjald vegna öryggiseftirlits þannig:

Skip, sem eru 100 til 1000 brúttólestir greiði	kr. 5 200.00
Skip, sem eru 1000 til 2000 brúttólestir greiði	— 10 400.00
Skip, sem eru 2000 til 3000 brúttólestir greiði	— 15 600.00
Skip, sem eru 3000 brúttólestir og þar yfir greiði	— 20 800.00

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 19. gr. hefur ráðuneytið hinn 18. ágúst 1978 staðfest þá breytingu á áður staðfestu skipulagi í Súðavíkurhreppi að:

Þjóðvegurinn skuli færast ögn nær sjónum á bilinu frá samkomuhúsi inn að fjárrétt eins og sýnt er á uppdrætti. Á móts við kaupfélagið nemur færslan um 8 metrum og við Neðri Grund þar sem færslan er hvað mest nemur hún 12 metrum.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

Nr. 331. 15. september 1978.

REGLUR

um merkingu skipa.

1. gr.

Nafn hvers skips og heimahafnar þess skal málað á afturstafn, ljósum stöfum á dökkan grunn eða dökkum stöfum á ljósan grunn. Sé afturstafn þannig lagaður að þessu verði ekki við komið, skal nafn þess og heimahafnar málað beggja megin á hliðar þess við afturstafn. Á sama hátt skal mála nafn skipsins á bóga þess.

Fiskiskip skulu, auk þess að vera merkt, sem að ofan greinir, vera merkt umdæmisstöfum og tölum á bóginn beggja megin.

Þá skulu fiskiskip einnig vera merkt með skipaskrárnúmeri á báðar hliðar á brúarvæng, á brúarþak eða annan stað, sem vel sést úr lofti að mati Siglingamálastofnunar ríkisins. Stærð stafanna skal vera eins og greint er í 3. gr. og skulu vera skýrt læsilegir hvítir stafir á svörtum grunni eða svartir stafir á hvítum grunni. Stafagerð skal háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.

Á hvert skráð skip, sem þjóðernisskírteini hlýtur, skal marka einkennisstafi þess á lúgubita eða karm.

Skip, sem eru minni en 30 brl., þarf ekki að merkja á eða við afturstafn.

2. gr.

Hvert skipaskráningarumdæmi hefur sína umdæmisbókstafi og skulu skráningarskyld fiskiskip og bátar bera umdæmisbókstafi og tölur þess umdæmis, sem það er skráð í.

Umdæmisbókstafirnir eru þessir:

AK	Akranes
ÁR	Árnessýsla
BA	Barðastrandarsýsla
EA	Eyjafjarðarsýsla og Akureyri
GK	Gullbringusýsla
HF	Kjósarsýsla og Hafnarfjörður
HU	Húnavatnssýslur
ÍS	Ísafjarðarsýslur og Ísafjörður
KE	Keflavík
KÓ	Kópavogur
MB	Mýra- og Borgarfjarðarsýsla
NK	Neskaupstaður
NS	Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður
ÓF	Ólafsfjörður
RE	Reykjavík
SF	Austur-Skaftafellssýsla
SH	Snæfellsness- og Hnappadalssýsla
SI	Siglufjörður
SK	Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókur
ST	Strandasýsla
SU	Suður-Múlasýsla
ÞH	Þingeyjarsýslur
VE	Vestmannaeyjar
VS	Vestur-Skaftafellssýsla

Skip og bátar, sem heima eiga í Kjósarsýslu eða Hafnarfirði mega halda umdæmisbókstöfum (GK) og tölum óbreyttum, en við frumskráningu skips eða umskráningu vegna eigendaskipta, skal það hljóta umdæmisbókstafina HF.

3. gr.

Hæð bókstafa í nafni og heimilisfangi skal minnst vera þessi:

Á skipum 30 brl. og stærri	15 cm
Á skipum undir 30 brl.	12 cm

Hæð umdæmisbókstafa og talna og skipaskrárnúmers skal vera minnst:

Á fiskiskipum 30 brl. og stærri	45 cm
Á fiskiskipum undir 30 brl	25 cm
Á opnum vélbátum	20 cm
Hæð einkennisbókstafa	15 cm

4. gr.

Á hvern björgunarbát, aðra en gúmmí- og slöngubáta, skal marka stærð hans, lengd, breidd og dýpt, og hámarkstölu þeirra manna, sem hann má flytja, auk nafns skipsins og heimahafnar, nema ef um bát á fiskiskipi sé að ræða, þá má merkja hann umdæmisbókstöfum og tölum í stað nafns og heimahafnar.

Bjarghringar skulu merktir nafni og heimahöfn skipsins, eða nafni og umdæmisbókstöfum og tölum, ef um fiskiskip er að ræða.

5. gr.

Bannað er að afmá einkenni þau, sem að ofan greinir, eða afbaka þau, gera þau óþekkjanleg, hylja þau eða dylja. Sama gildir um útlend skip meðan þau eru innan íslenskrar landhelgi.

6. gr.

Sú skylda hvílir á skipstjóra skips að halda vel við öllum merkjum, er skipi ber að hafa og sett hafa verið á það.

7. gr.

Brot gegn reglum þessum varða allt að kr. 100 000 sektum.

Með mál út af brotum á reglum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 53 12. maí 1970. um skráningu skipa, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um merkingu skipa, nr. 49 25. febrúar 1974.

Samgönguráðuneytið, 15. september 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 217 1. júní 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð hér á landi.

Gjaldið skal vera 16% til og með 8. september 1978 en tímabilið 9. september 1978 til og með 31. desember 1979 skal greiða það skv. 2. gr. reglugerðar þessarar í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

1. Af vörum sem falla undir gjaldflokk A skal greiða 16% gjald.
2. Af vörum sem falla undir gjaldflokk B skal greiða 30% gjald.

2. gr.

II. kafli reglugerðarinnar orðist svo:

II. KAFLI

Innflutningur.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. er innheimt við tollafgreiðslu á innfluttum vörum og skal það greitt í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum, sbr. tollskrárlög nr. 120/1976 með áorðnum breytingum, greiðist 16% gjald:

03.01.11	08.01.50	08.13.00	11.01.25
04.06.00	08.01.60	09.03.00	11.02.10
04.07.00	08.01.79	09.04.00	11.02.29
05.13.00	08.03.00	09.05.00	11.02.31
06.02.01	08.04.21	09.06.00	11.02.32
06.02.09	08.04.22	09.07.00	11.04.00
06.04.01	08.10.00	09.08.00	11.05.01
06.04.09	08.11.00	09.09.00	11.05.09
07.02.00	08.12.01	09.10.10	11.08.01
07.03.00	08.12.02	09.10.20	11.08.02
07.04.00	08.12.03	11.01.23	11.08.03
07.06.00	08.12.09	11.01.24	11.08.09

11.09.00	20.06.20	39.02.62	48.05.49
13.03.03	20.07.11	39.02.63	48.07.31
17.01.10	20.07.19	39.02.65	48.07.45
17.01.21	20.07.20	39.02.67	48.07.46
17.01.22	20.07.30	39.02.73	48.10.00
17.01.25	20.07.40	39.02.94	48.11.00
17.01.26	20.07.50	39.03.14	48.12.00
17.02.01	20.07.60	39.03.35	48.13.00
17.02.02	20.07.70	39.03.55	48.15.31
17.02.03	21.07.04	39.03.83	48.15.32
17.02.09	21.07.05	39.04.09	48.21.10
17.03.02	21.07.06	39.05.09	48.21.52
17.03.09	21.07.07	39.06.29	58.01.10
17.04.01	21.07.08	39.07.12	58.01.20
17.04.03	21.07.11	39.07.36	58.02.10
17.04.04	21.07.12	39.07.39	58.02.20
17.04.05	21.07.19	39.07.49	58.02.30
17.04.06	22.01.01	39.07.64	58.02.40
17.04.09	22.02.01	39.07.65	58.02.50
18.06.04	22.02.09	39.07.73	58.02.60
18.06.05	22.03.01	39.07.74	58.02.70
18.06.06	22.03.09	39.07.78	58.02.80
18.06.09	22.10.00	40.08.02	58.02.90
19.02.09	25.01.01	40.09.09	58.03.00
19.03.00	27.08.20	40.11.10	59.02.10
19.04.01	29.04.50	40.11.20	59.06.02
19.04.09	30.03.44	40.11.40	59.08.01
19.05.00	30.05.00	40.11.50	59.10.00
19.07.01	34.07.00	40.11.61	59.11.02
19.07.02	36.02.00	40.11.69	59.11.09
19.07.09	36.04.00	40.12.00	59.12.09
19.08.01	38.14.00	40.13.01	59.15.00
19.08.02	38.17.00	40.14.06	62.05.01
19.08.03	38.19.31	40.14.08	62.05.04
19.08.04	38.19.32	41.06.00	62.05.05
19.08.09	38.19.35	42.03.03	62.05.07
20.01.00	39.01.25	42.05.03	65.01.00
20.02.02	39.01.35	42.06.00	65.02.00
20.02.03	39.01.44	44.03.42	65.07.00
20.02.04	39.01.45	44.03.49	66.01.00
20.02.05	39.01.54	44.04.10	66.02.00
20.02.06	39.01.69	44.04.20	66.03.00
20.02.07	39.01.79	44.09.23	68.03.00
20.02.08	39.01.89	44.09.29	68.04.00
20.02.09	39.01.96	44.13.11	68.06.00
20.03.00	39.02.16	44.13.19	68.07.00
20.04.00	39.02.24	44.22.09	68.08.09
20.05.01	39.02.37	44.25.09	68.10.01
20.05.02	39.02.45	45.02.00	68.12.01
20.05.03	39.02.46	45.03.09	68.12.02
20.05.09	39.02.48	45.04.02	68.14.00
20.06.10	39.02.52	48.05.10	68.16.01

69.04.00	73.38.29	82.13.09	84.22.50
69.05.00	73.38.23	82.14.00	84.22.69
69.07.00	73.40.47	82.15.00	84.22.79
69.08.00	73.40.56	83.01.01	84.23.10
69.09.00	74.07.09	83.04.00	84.23.21
69.10.00	74.08.00	83.06.09	84.23.22
69.11.00	74.10.00	83.08.00	84.23.29
69.12.00	74.15.00	83.11.00	84.23.30
70.11.00	74.16.00	83.13.04	84.23.40
70.12.00	74.17.00	84.06.39	84.23.50
70.14.02	74.18.10	84.06.70	84.23.61
70.15.00	74.18.20	84.08.31	84.23.69
70.16.00	74.19.06	84.08.39	84.23.70
70.17.09	75.04.00	84.08.41	84.40.10
70.18.00	75.06.02	84.08.49	84.40.21
70.20.20	75.06.03	84.08.60	84.40.50
70.20.32	76.03.01	84.09.00	84.40.61
73.10.12	76.06.09	84.10.10	84.40.69
73.10.13	76.07.00	84.10.20	84.40.71
73.10.21	76.10.01	84.10.39	84.40.72
73.13.51	76.11.00	84.10.49	84.51.10
73.17.00	76.12.00	84.10.50	84.51.21
73.18.19	76.15.10	84.10.69	84.51.29
73.18.22	76.15.20	84.11.19	84.51.31
73.18.29	76.16.04	84.11.29	84.51.39
73.20.02	76.16.13	84.11.30	84.52.10
73.20.03	76.16.15	84.11.49	84.52.20
73.20.09	77.02.00	84.12.00	84.52.30
73.23.02	77.04.20	84.13.09	84.52.40
73.24.00	78.05.00	84.15.10	84.53.10
73.25.01	78.06.09	84.15.20	84.53.20
73.25.09	79.04.00	84.15.31	84.53.30
73.26.00	79.06.01	84.15.32	84.53.40
73.27.01	79.06.02	84.15.41	84.53.50
73.27.02	79.06.03	84.15.42	84.53.60
73.27.09	79.06.05	84.17.10	84.54.10
73.29.02	79.06.09	84.18.12	84.54.20
73.29.09	80.05.00	84.18.13	84.55.10
73.32.00	80.06.02	84.18.21	84.55.21
73.33.00	82.01.09	84.18.22	84.55.29
73.34.01	82.02.00	84.18.29	84.55.30
73.34.09	82.03.10	84.18.31	84.56.10
73.35.09	82.03.20	84.18.39	84.56.20
73.36.11	82.03.30	84.19.10	84.56.40
73.36.12	82.04.00	84.19.21	84.58.00
73.36.13	82.05.00	84.19.31	84.59.20
73.36.14	82.08.00	84.22.19	84.59.50
73.36.20	82.09.01	84.22.21	84.59.82
73.36.30	82.09.02	84.22.29	84.59.89
73.38.11	82.12.01	84.22.39	84.59.91
73.38.12	82.12.09	84.22.41	84.61.03
73.38.19	82.13.01	84.22.49	84.61.04

84.61.09	85.12.29	85.26.30	90.18.09
84.61.12	85.12.41	85.27.00	90.20.00
84.61.13	85.12.49	85.28.00	90.23.01
84.61.14	85.12.53	87.01.10	90.23.02
84.61.15	85.12.54	87.01.39	90.23.03
84.61.19	85.12.55	87.04.09	90.23.09
84.62.00	85.12.56	87.06.09	90.24.01
84.63.03	85.12.57	87.07.11	90.24.09
84.63.04	85.12.59	87.07.19	90.25.00
84.63.05	85.12.61	87.07.20	90.26.01
84.63.06	85.12.69	87.13.01	90.26.02
84.63.07	85.12.70	87.13.09	90.26.09
84.63.09	85.15.20	87.14.29	90.27.09
84.64.00	85.15.25	87.14.31	90.28.10
84.65.09	85.15.30	87.14.39	90.28.20
85.01.10	85.15.35	90.01.01	90.28.39
85.01.29	85.15.40	90.01.09	90.28.40
85.01.31	85.15.59	90.03.00	90.28.50
85.01.39	85.16.00	90.04.09	90.29.09
85.01.40	85.17.01	90.05.00	91.05.00
85.01.59	85.17.09	90.06.00	91.06.00
85.01.60	85.19.12	90.08.11	92.11.31
85.01.74	85.19.14	90.08.19	92.12.11
85.01.80	85.19.15	90.08.21	92.12.23
85.01.89	85.19.18	90.08.29	92.13.01
85.01.90	85.19.21	90.08.31	93.03.00
85.02.00	85.19.29	90.08.39	93.04.03
85.03.09	85.20.10	90.09.01	94.02.00
85.05.00	85.20.20	90.09.09	96.01.04
85.06.11	85.20.40	90.10.10	96.05.00
85.06.19	85.20.50	90.10.20	96.06.00
85.06.20	85.21.10	90.10.39	97.04.01
85.06.31	85.21.20	90.11.00	97.04.02
85.06.39	85.21.39	90.12.00	97.04.04
85.06.40	85.21.60	90.13.00	97.04.09
85.06.50	85.22.20	90.14.20	97.05.00
85.07.03	85.23.01	90.16.10	97.06.01
85.07.04	85.23.09	90.16.20	97.06.02
85.08.00	85.25.10	90.17.10	97.06.09
85.09.00	85.25.20	90.17.20	97.08.00
85.10.09	85.25.30	90.17.30	98.01.01
85.12.10	85.26.10	90.18.01	98.06.01
85.12.21	85.26.20		

B Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:

27.10.82	32.10.00	33.06.04	33.06.11
27.11.11	32.13.20	33.06.05	33.06.12
27.11.19	33.06.01	33.06.06	33.06.19
27.11.20	33.06.02	33.06.07	34.05.03
27.11.30	33.06.03	33.06.08	34.05.09

35.03.09	65.04.00	84.06.40	92.04.01
36.01.00	65.06.09	84.06.51	92.04.09
36.05.00	67.01.00	84.06.52	92.05.00
36.08.00	67.02.00	84.06.53	92.06.00
37.01.09	67.03.00	84.06.61	92.07.01
37.02.02	67.04.00	84.06.62	92.07.09
37.02.09	68.10.09	84.06.69	92.08.00
37.03.09	68.12.09	84.25.11	92.10.00
37.04.00	68.13.09	84.25.19	92.11.10
37.05.09	68.16.09	84.25.51	92.11.20
37.07.01	69.14.00	85.07.02	92.11.39
38.11.10	70.13.00	85.07.09	92.11.40
38.11.20	70.14.03	85.12.30	92.12.19
38.11.30	70.14.09	85.13.10	92.12.21
38.11.40	70.19.00	85.13.20	92.12.29
38.11.50	70.20.39	85.14.10	92.13.09
38.19.49	70.21.09	85.14.20	93.01.00
39.07.30	71.13.01	85.15.19	93.02.00
39.07.99	71.13.09	85.15.60	93.04.04
40.14.19	71.14.09	85.15.79	93.04.05
40.16.09	71.15.00	85.15.81	93.04.09
42.05.09	71.16.00	85.15.82	93.05.00
44.02.00	73.40.59	85.15.89	93.06.00
44.28.95	74.19.09	87.10.00	93.07.10
44.28.99	75.06.09	87.12.09	93.07.22
45.04.09	76.16.19	87.14.10	93.07.29
46.02.03	80.06.09	87.14.49	95.05.00
46.02.09	82.09.09	90.07.29	95.08.09
46.03.09	82.11.01	90.07.39	98.03.00
48.07.59	82.11.09	91.02.00	98.04.00
48.14.01	83.01.02	91.03.00	98.05.00
48.14.02	83.01.05	91.04.00	98.06.09
48.14.03	83.01.09	91.07.00	98.08.00
48.14.09	83.02.03	91.08.00	98.09.00
48.15.20	83.02.09	91.09.00	98.10.00
48.15.39	83.03.09	91.10.00	98.11.00
48.21.29	83.05.09	91.11.00	98.14.00
48.21.39	84.06.31	92.01.00	98.15.00
48.21.69	84.06.32	92.02.00	98.16.00
55.03.01	84.06.33	92.03.09	99.06.00
59.06.09			

3. gr.

Við innflutning gjaldskyldra vara er gjaldið lagt á tollverð vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og vörugjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1971. Gúmmígjald samkvæmt lögum nr. 79/1974, byggingariðnaðargjald samkvæmt lögum nr. 64/1965 og jöfnunargjald samkvæmt lögum nr. 83/1978 skulu þó ekki teljast gjaldstofn við útreikning á hinu sérstaka vörugjaldi við innflutning.

Við tollafgreiðslu á vörum sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Þó skal við sam-

ræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga eigi veita slíka undanþágu, hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri sem tollur er færður til samræmis við.

Þegar vara er flutt inn til eigin nota eða neyslu innflytjanda og söluskattur er innheimtur við tollafgreiðslu reiknast hið sérstaka vörugjald sem söluskattsstofn.

4. gr.

Innflytjendur og aðrir sem selja hráefni og aðrar efnivörur til innlendra framleiðenda skulu við sölu á vörum sem sérstakt vörugjald hefur verið greitt af við tollafgreiðslu færa söluna á sérstaka sölureikninga eða nótur og tilgreina þar fjárhæð vörugjalds.

3. gr.

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 16% og 30%, sbr. 2. mgr. 1. gr., á 89,3% heildsöluverðsins en það svarar til 14,29% og 26,79% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

4. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1978 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars er 1. maí 1978, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1978 er 1. ágúst 1978, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1978 er 1. nóvember 1978 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1978 er 1. febrúar 1979.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1979 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 1979 er 1. maí 1979, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1979 er 1. ágúst 1979, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1979 er 1. nóvember 1979 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1979 er 1. febrúar 1980.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann á næsta virkan dag á eftir.

5. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hið hærra vörugjald sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 9. september 1978 skv. 1. gr. reglugerðar þessarar skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 9. september 1978 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 9. september 1978.

Hafi innflytjandi fyrir 9. september 1978 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem skv. 1. gr. gildir til og með 8. september en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 20. september 1978.

Af vörum sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 9. september 1978 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hærra vörugjald sem skv. 1. gr. reglugerðar þessarar skal gilda frá og með 9. september 1978, nema tollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir lok októbermánaðar.

6. gr.

15. gr. reglugerðarinnar verði 16. gr. hennar. Jafnframt bætist ný grein aftan við 14. gr., er verði 15 gr. og orðist svo:

Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru sem sérstakt vörugjald hefur ekki verið greitt af. Á sama hátt er óheimil hækkun verðs vörubirgða vegna hækkunar sérstaks vörugjalds hinn 5. maí 1976 og hinn 9. september 1978.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 86 1. júní 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald og V. kafla laga nr. 96 8. september 1978 um kjaramál til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 8. september 1978.

Tómas Árnason.

Björn Hafsteinsson.

29. ágúst 1978. Nr. 333.

REGLUGERÐ

um framhaldsdeild Heyrnleysingjaskólans.

1. gr.

Við Heyrnleysingjaskólann skal starfa framhaldsdeild. Hlutverk hennar skal vera að veita heyrnskertum undirbúning og aðstoð við að afla sér menntunar og þjálfunar í ýmsum starfsgreinum og réttinda til sérnáms í framhaldsskólum og háskólum.

2. gr.

Framhaldsdeild skal gegna tvíþættu hlutverki:

a) að veita nemendum undirbúning undir nám á þeim námssviðum sem þeir hafa valið sér
b) að veita nemendum í framhaldsskólum aðstoð og kennslu að því leyti, sem þeir skólar geta ekki annast kennsluna.

3. gr.

Framhaldsdeild skal aðstoða nemendur við náms- og starfsval.

4. gr.

Árlegur starfstími framhaldsdeildarinnar skal vera hinn sami og almennra framhaldsskóla.

5. gr.

Skólastjóri Heyrnleysingjaskólans skal fyrir byrjun hvers kennsluárs gera áætlun um kennslu- og kennaraþörf framhaldsdeildarinnar og taka mið af þörfum þeirra, sem þar stunda nám. Áætlunina skal leggja fyrir menntamálaráðuneytið til samþykktar.

6. gr.

Skólinn gerir árlega kennsluáætlun er miðast við það nám sem nemandi stundar og að hve miklu leyti hann getur stundað það í öðrum skólum, enda sé hún gerð í samráði við þá skóla sem við á hverju sinni. Kennsluáætlunin sé lögð fyrir menntamálaráðuneytið til samþykktar.

7. gr.

Miða skal við að skólinn hafi að jafnaði til ráðstöfunar 9 kennslustundir á viku á nemanda er stundar nám í skólanum eða nýtur aðstoðar framhaldsdeildar við nám í öðrum skóla.

Ráðuneytið getur heimilað aukna aðstoð eða aukið kennslumagn umfram það sem tilgreint er í þessari grein, ef rökstutt álit sérfræðinga mælir með því.

8. gr.

Um kennslugögn til nemenda í framhaldsdeild, sbr. 2. gr., skal fara á sama hátt og í 9. bekk grunnskóla.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 13, 31. mars 1962 um heyrnleysingjaskóla, sbr. 1. gr. laga nr. 70, 19. maí 1978 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 29. ágúst 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Stjórnartíðindi B 33, nr. 320—333. Útgáfudagur 25. september 1978.

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 — 1978

REGLUGERÐ

um framkvæmd álagningar skatta skv. IV. kafla bráðabirgðalaga nr. 96 8. september 1978.

1. gr.

Við ákvörðun á hreinum tekjum eða rekstrartapi manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. brbl. nr 96/1978 skal telja til rekstrarkostnaðar og því til lækkunar á hreinum tekjum eða til viðbótar tapi af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi þá upphæð sem ætla má að laun þessara manna hefðu numið, miðað við vinnuframlag þeirra, ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskylds aðila

2. gr.

Við ákvörðun á reiknuðum launum fyrir framlagða vinnu við atvinnurekstur og sjálfstæða starfsemi skv. 1. gr. reglugerðar þessarar skal farið eftir viðmiðunarreglum þeim sem settar hafa verið vegna gjaldársins 1978 á grundvelli 2. gr. reglugerðar nr. 336/1976.

3. gr.

Sú upphæð reiknaðra launa sem skv. 1. gr. reglugerðar þessarar er talin til frádráttar hreinum tekjum eða til viðbótar rekstrartapi manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi við álagningu skatta skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. brbl. nr. 96/1968 skal jafnframt talin til tekna þessara aðila við álagningu skatts skv. 9. gr. laganna.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 11. gr. brbl. nr. 96/1978 sbr. 55. gr. laga nr. 68/1971 og 21. gr. laga nr. 7/1972 öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 20. september 1978.

Tómas Árnason.

Höskuldur Jónsson.

Stjórnartíðindi B 34, nr. 334. Útgáfudagur 25. september 1978.

B 90

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 — 1978

Nr. 335. 704 22. september 1978.

REGLUGERÐ

um ráðstöfun fjár gengismunarsjóðs 1978 til þess að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi, svo og til þess að auðvelda útvegsmönnum að hætta rekstri úreltra fiskiskipa sbr. b-lið b-liðar 3. greinar laga nr. 95/1978.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til fjórðungs hluta þess fjár sem kemur í gengismunarsjóð, af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar, fiskmjöls, loðnumjöls, loðnulýsis og saltsíldar og helmings þess fjár, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði annarra sjávarafurða.

2. gr.

Af öllu því fé sem reglugerð þessi tekur til, skal ⅘ hlutum varið til þess að létta með gengisstyrkjum stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, og ⅕ hluta skal varið til þess að auðvelda útvegsmönnum með úreldingarstyrkjum að hætta rekstri úreltra fiskiskipa.

II. KAFLI

Um gengisstyrki.

3. gr.

Styrkfjárhæðir ákveðast þannig, að öllu styrkfénu skal skipt í réttu hlutfalli við ógreiddar og ógjaldfallnar höfuðstólseftirstöðvar erlendra skulda reiknað á sölugengi 6. september 1978. Heildarhöfuðstólseftirstöðvar gengistryggðra Fiskveiðasjóðslána skulu metnar að ⅗ hlutum miðað við erlend lán.

4. gr.

Stofna skal sérstakan vaxtalausan reikning hjá Fiskveiðasjóði Íslands fyrir hvert skip, sem skuldar erlent og/eða gengistryggt lán. Heimilt er Fiskveiðasjóði að halda sérstakan reikning yfir þá styrkfjárhæð sem tilheyrir hverju erlendu eða gengistryggðu láni fyrir sig. Ef hagkvæmt þykir, er Fiskveiðasjóði heimilt að færa styrkfjárhæðir samkvæmt reglum þessum sem viðbótarfærslur á þá reikninga sem stofnaðir voru vegna ráðstöfunar sama eðlis á 600 milljónum króna úr gengismunarsjóði 1974, 950 millj. kr. úr gengismunarsjóði 1975 og 19,95% fjár gengismunarsjóðs frá febrúar 1978.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Er Fiskveiðasjóði borst fé úr gengismunarsjóði skal hann tekjufæra hina nýju reikninga, samkvæmt ákvæðum 3. gr. Reikningana skal tekjufæra í þeirri röð og þeim mæli, sem áætlað er að gjaldfæra þurfi reikningana samkvæmt reglum þessum. Heimilt er Fiskveiðasjóði að geyma á hverjum tíma nokkurn hluta fjár þess, er honum hefur borist úr gengismunarsjóði án þess að tekjufæra sérstaka reikninga fyrir fénu, enda getur sjóðurinn þá tekjufært slíkt fé þegar skyndilega þarf að gjaldfæra reikning af ófyrirsjáanlegum ástæðum.

6. gr.

Sú fjárhæð sem kemur í hlut hvers skips verður notuð til aðstoðar útgerðum við greiðslu vaxta og afborgana þeirra lána, er styrkirnir tilheyra, svo og til greiðslu á þeim hluta eigin framlags vegna skipakaupa erlendis, sem var umsaminn en ógreiddur hinn 6. september 1978. Fer útborgun styrks fram á fyrsta gjalddaga hinna erlendu gengistryggðu lána, eftir að unnt er að tekjufæra viðkomandi reikninga samkvæmt 5. gr.

7. gr.

Réttur til styrks samkvæmt reglum þessum fylgir því erlenda eða gengistryggða láni, sem hann er veittur út á, og nýtur því skuldari lánsins hverju sinni styrksins, þótt skuldskeyting eigi sér stað einu sinni eða oftar áður en útborgun fer fram.

8. gr.

Verði inneign á reikningi, þegar viðkomandi útgerð hefur greitt sína árlegu afborgun eða tvær misserisgreiðslur, er heimilt að greiða mismuninn út af reikningnum til útgerðarinnar.

9. gr.

Ef skip er selt úr landi falla niður allar styrkgreiðslur er skipið átti rétt á samkvæmt reglum þessum. Innstæða á reikningi þess skal þá færð á geymslureikning Fiskveiðasjóðs sbr. 5. gr.

10. gr.

Ef skip ferst eða er dæmt ónýtt skal þegar tekjufæra reikning þess fyrir öllum þeim styrk, er skipið á rétt á og nota fjárhæðina til uppgreiðslu hinna erlendu og gengistryggðu lána, ellegar greiða skipseiganda fjárhæðina.

III. KAFLI

Um úreldingarstyrki.

11. gr.

Heimilt er að veita eigendum stál- og eikarskipa úteldingarstyrk, til þess að auðvelda þeim að hætta rekstri skipanna.

12. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar nefnd til þess að gefa umsögn um styrkþega, fjárhæð styrkja og úthluta styrkjunum.

13. gr.

Sjávarútvegsráðherra tekur, í samráði við Fiskveiðasjóð Íslands, endanlega ákvörðun um greiðslutilhögun og greiðslutíma úreldingarstyrkja og getur hverju sinni sett þau skilyrði fyrir styrkveitingu, sem hann ákveður.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 95/1978 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. september 1978.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.

Nr. 336. 22. september 1978.

REGLUGERÐ

um ráðstöfun gengismunar til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði samkvæmt b-lið 3. gr. bráðabirgðalaga nr. 95 5. september 1978, o. fl.

1. gr.

Af gengismuni samkvæmt 3. mgr. 2. gr. bráðabirgðalaga nr. 95/1978 skal endurgeiða ríkissjóði það, sem hann kann að þurfa að greiða vegna framleiðslu áranna 1977 og 1978 til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, til þess að gera honum mögulegt að standa við greiðslu bóta í samræmi við viðmiðunarverð. Endurgreiðsla þessi gerist upp og miðast við skuldir hvers flokks afurða fyrir sig sérstaklega, og greiðist af andvirði hans til viðkomandi deildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til greiðslu skuldar hennar við ríkissjóð.

2. gr.

Fjórðungi þess fjár, sem kemur í gengismunasjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru í a-lið 3. gr. bráðabirgðalaga nr. 95/1978, svo og helmingur þess, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða skal varið til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skal fé þetta renna til þess lánaflokks Fiskveiðasjóðs Íslands, sem stofnað var til með reglugerð nr. 218 8. júní 1978 til hagræðingar í fiskiðnaði.

3. gr.

Af fé þessu skal veita lán til hraðfrystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva til hagræðingar og fjárhagslegrar endurskipulagningar, m. a. til vélakaupa, endurnýjunar á vélum og vinnslurásum og annarra ráðstafana, sem horfa til hagræðingar að mati sjóðsstjórnar.

Þau frystihús, sem stöðvað hafa rekstur eða þar sem rekstrarstöðvun er yfirvofandi og mikilvæg eru fyrir atvinnuöryggi á viðkomandi stað, skulu hafa forgang við lánveitingar samkvæmt reglugerð þessari, enda horfi stuðningur við þau til bætts skipulags í veiðum og vinnslu.

Við úthlutun lánanna skal þess gætt, að lánsfé fari til þess að ná fram bættri nýtingu, hagkvæmni í rekstri og stjórnunarlegum endurbótum, auk betri heildarnýtingar fjármagns m. a. með samruna fyrirtækja.

4. gr.

Lánin skulu vera til allt að 7 ára og heimilt að ákveða að allt að fyrstu tvö árin séu án afborgana. Sjóðsstjórnin ákveður lánstíma eftir eðli hvers láns.

Vextir af lánum þessum skulu ekki vera hærri en almennir fasteignalánavextir á hverjum tíma og ákvarðast af sjóðsstjórn, þó ekki lægri en 14% á árunum 1978 og 1979.

Gjalddagar afborgana og vaxta skulu vera 1. maí og 1. nóvember ár hvert og greiðast vextir eftirá.

5. gr.

Lán þessi skulu tryggð með veði í atvinnuhúsnæði lántakanda ásamt vélum og búnaði innan 70% af matsverði eða 50% af brunabótamati hins veðsetta. Nægi ekki umrædd veð, er stjórn sjóðsins heimilt að taka þau önnur veð eða ábyrgðir, sem hún telur fullnægjandi.

6. gr.

Að öðru leyti skulu um þessi lán gilda ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 44/1976 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 95 5. september 1978 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. september 1978.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Árnalds.

22. september 1978. Nr. 337.

GJALDSKRÁ

Iðntæknistofnunar Íslands yfir rannsóknir og tækniþjónustu.

1. gr.

1.1. Efnagreiningaþjónusta.

1.1.1. Matvæli, fóðurefni o. fl.

Sykurefni (með aðferð Fehlings)	kr.	2 000.00
Sterkja (í kjötmeti)	—	2 800.00
Kalsíum	—	1 500.00
Fosfór	—	1 500.00
Aska	—	750.00
Salt	—	900.00
Vatn	—	750.00
Fita (með Soxhlet)	—	1 300.00
Ammoníak	—	750.00
Natríum nítrít	—	1 800.00
Protein (Kjeldahl)	—	2 000.00
Meltanlegt protein	—	3 200.00
Tréni (aðferð Weende)	—	1 700 00
Vatn, aska, protein, fita, tréni	—	5 400.00
Vatn, aska, protein, fita, tréni, meltanlegt protein, Ca, Mg, Na, P	—	12 500.00

1.1.2. **Vatn (drykkjarvatn, heitt jarðvatn).**

Ammoníak	kr.	750.00
Permanganattala	—	1 100.00
Brennisteinsvetni	—	1 300.00
Flúoríð	—	1 100.00
Járn	—	1 100.00
NH_3, NO_3 og NO_2 (kvalitatif prófun)	—	1 100.00
Harka	—	1 100.00
Karbónat og bíkarbónat	—	900.00
Klóríð	—	900.00
Kísilsýra	—	1 800.00
Kalsíum og magníum	—	2 400.00
Natríum og kalíum	—	2 400.00
Steinefni, uppleyst	—	1 500.00
Steinefni, óuppleyst	—	900.00
Súlfat	—	1 500.00
Súrefni	—	1 300.00
Sýrustig, pH	—	750.00
Viðnám rafmagns	—	750.00

1.1.3. **Aðrar efnagreiningar.**

Aðrar efnagreiningar en þær, sem að framan greinir, greiðast samkvæmt ákvæðum 2. greinar.

1.2. Efnisprófanir.

1.2.1. **Togþolsmælingar.**

Prófun á togþoli, flotspennu og lengingu, pr. sýni	kr.	2 000.00
Togprófun án skýrslu, vélavinna eingöngu, pr. klst.	—	3 100.00

1.2.2. **Ljósþolsmælingar.**

Ljósþolsmæling, pr. sýni (300 klst.)	kr.	4 500.00
Ljósþolsmælin, pr. sýni (1000 klst.)	—	9 500.00

1.2.3. **Slitþolsmælingar.**

Slitþolsmæling, pr. sýni	kr.	3 600.00
Gangþolsmæling, pr. sýni	—	3 600.00

1.2.4. **Aðrar efnisprófanir.**

Aðrar efnisprófanir en þær, sem að framan greinir, greiðast samkvæmt ákvæðum 2. greinar.

1.3. Önnur tækniþjónusta.

Ráðgjafarstörf, hæfnipróf á málmsuðu, málmsuðuþjálfun og önnur áþekk þjónusta greiðist samkvæmt ákvæðum 2. greinar.

2. gr.

Gjaldskráin er miðuð við áætlaða tímaþörf rannsókna og prófana. Ef um sérstæð verk er að ræða skal verðleggja rannsókn samkvæmt tímaþörf hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 98 6. maí 1978 um Iðntæknistofnun Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rannsóknastofnunar iðnaðarins sama efnis nr. 428 23. desember 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 22. september 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

31. ágúst 1978. Nr. 338.

REGLUGERÐ

um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, í reglugerð þessari nefnd: „Samábyrgðin", skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Samábyrgðin tekst á hendur:

a. Endurtryggingu á skipum, sem frumtryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögum.
b. Aðrar endurtryggingar fyrir bátaábyrgðarfélög.
c. Frumtryggingu á skipum, sem ekki eru skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögum.
d. Frumtryggingu á skipum, sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir gera út eða sjá um útgerð á. Skylt er að vátryggja hjá Samábyrgðinni öll skip, sem ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, enda séu tryggingakjörin ekki lakari en hjá öðrum tryggingarfélögum að dómi ríkisstjórnarinnar.
e. Allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar svo og slysa- og ábyrgðartryggingar sjómanna. Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar.
f. Aðra fyrirgreiðslu til fiskiskipaútgerðar, sem stofnunin getur í té látið að mati stjórnarinnar.
g. Rekstur Aldurslagasjóðs fiskiskipa.

Samábyrgðin skal hafa eftirlit með starfsemi bátaábyrgðarfélaganna og vera þeim til ráðuneytis um rekstur.

3. gr.

Í stjórn Samábyrgðar eru fimm menn og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn, einn án tilnefningar og tvo eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna. Á sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í varastjórn. Bátaábyrgðarfélögin kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara, sbr. 6. gr. Skipunartími stjórnarinnar er fjögur ár.

Ef stjórnarmaður forfallast, skal varamaður tilnefndur af sama aðila, taka sæti hans. Skal annaðhvort aðalmaður eða varamaður, vera búsettur í Reykjavík eða nágrenni.

Stjórnin velur sér formann og varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, en hún greiðist af Samábyrgðinni.

4. gr.

Stjórnarfund skal halda, þegar formaður telur þess þörf eða tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaður í forföllum hans.

Stjórnarfundur er löglegur, ef þrír stjórnarmenn, þar á meðal formaður eða varaformaður, sækja fund.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum máls. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði fundarstjóra. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir Samábyrgðina og ákveður verksvið hans. Framkvæmdastjóri má ekki eiga sæti í stjórn félagsins.

5. gr.

Reikningsár Samábyrgðarinnar er almanaksárið.

Í reikningum félagsins skulu koma fram tekjur og gjöld í hverri grein trygginga fyrir sig í samræmi við þær reglur, sem Tryggingaeftirlitið setur.

Aldurslagasjóður fiskiskipa skal vera sérstök deild í Samábyrgðinni með aðgreindu reikningshaldi og ber aðalsjóður félagsins ekki ábyrgð á skuldbindingum þeirrar deildar.

Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

Stjórn Samábyrgðarinnar skal fyrir júlílok ár hvert senda ráðuneytinu og Tryggingaeftirlitinu reikninga félagsins fyrir næstliðið ár.

6. gr.

Samábyrgðin skal eigi sjaldnar en þriðja hvert ár boða til fundar með fulltrúum frá bátaábyrgðarfélögum þeim, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni. Til aukafulltrúafundar skal boða, ef þrjú eða fleiri bátaábyrgðarfélög óska þess.

Hvert félag hefur rétt til að senda tvo fulltrúa á fundinn. Formaður og framkvæmdastjóri félags eru sjálfkjörnir fulltrúar. Geti þeir ekki sótt fund, ákveður stjórn félagsins, hverjir skuli sækja fundinn af þess hálfu.

Stjórn Samábyrgðarinnar og framkvæmdastjóri hafa rétt til að sitja fulltrúafundi.

Á fulltrúafundi skal kjósa tvo menn í stjórn Samábyrgðarinnar og tvo til vara, sbr. 3. gr. Við þá kosningu hefur hvert félag eitt atkvæði. Þá skal ræða og gera ályktanir um málefni trygginganna.

Að afloknum fulltrúafundi skal Samábyrgðin senda ráðuneytinu afrit af fundargerðinni.

II. KAFLI

Aldurslagasjóður fiskiskipa.

7. gr.

Tilgangur Aldurlagasjóðs fiskiskipa er aðallega að greiða fyrir því, með bótagreiðslum, að gömul og óhentug fiskiskip verði tekin úr notkun og eyðilögð.

8. gr.

Við gildistöku laganna yfirtekur Aldurslagasjóður fiskiskipa allar eignir og skuldbindingar Bráðafúadeildar Samábyrgðarinnar.

9. gr.

Bætur úr Aldurslagasjóði skulu ákveðnar af stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

Það er skilyrði fyrir bótum, að ekki sé lengra liðið en 12 mánuðir frá því að viðkomandi skip var haldið til veiða með eðlilegum hætti, þegar óskað er bóta.

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en 100 þús. kr. á

rúmlest í skipi. Ef skip er yngra en 15 ára hækkar hámarkið um 10 þús. kr. á rúmlest fyrir hvert ár upp í 200 þús. kr. á rúmlest í 5 ára gömlu skipi.

Bætur skulu aldrei vera hærri en 30 millj. kr. vegna eins skips. Bætur frá tryggingafélagi og Aldurslagasjóði geta aldrei orðið hærri samanlagt en vátryggingarverð skipsins.

Heimilt er að veita bætur til viðgerða á bolskemmdum af bráðafúa eða skyldum orsökum. Slíkar bætur fara aldrei fram úr 60% viðgerðarkostnaðar, og eigi heldur fram úr þeim fjárhæðum sem nefndar eru í 3. og 4. mgr. þessarar greinar. Matsmönnum Samábyrgðarinnar skal gefinn kostur á að fylgjast með viðgerð slíkra skemmda.

Þegar bætur eru greiddar til þess að skip verði tekið úr notkun, skal skipseigandi sjá um að eyða bol skipsins. Bætur verða ekki greiddar að fullu fyrr en bolnum hefur verði eytt. Vélar og tæki úr skipinu eru eign skipseiganda.

10. gr.

Allir eigendur stálfiskiskipa stærri en 12 rúmlestir og tréfiskiskipa með þilfari annarra en súðbyrtra skipa eru skyldir að vera aðilar að Aldurslagasjóði fiskiskipa og greiða árgjöld til hans.

Árgjöld skulu vera 3 000 kr. á rúmlest af tréskipum, en 1 000 kr. á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera hærra en 400 þús. kr. af einu skipi.

Árgjöld falla í gjalddaga 1. janúar ár hvert.

Árgjöld endurgreiðast ekki þótt skip liggi í höfn eða standi uppi.

Heimilt er að innheimta vexti af ógreiddum árgjöldum. Skulu þeir vera 1% p. a. lægri en víxilvextir Landsbankans.

11. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að Tryggingasjóður fiskiskipa leggi Aldurslagasjóði til fé að fengnum tillögum stjórnarnefndar Tryggingasjóðs.

12. gr.

Aldurslagasjóður hefur lögveð í skipum og lögtaksrétt fyrir árgjöldum, þó eigi lengur en 2 ár frá gjalddaga.

13. gr.

Reikningar Aldurslagasjóðs skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

Aldurslagasjóður er undanþeginn eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til borgarsjóðs Reykjavíkur, nema fasteignagjöldum.

14. gr.

Fjárhæðum, sem greindar eru í þessum kafla, getur ráðherra breytt með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Samábyrgðarinnar.

Á sama hátt getur ráðherra sett nánari reglur um starfsemi sjóðsins.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Samábyrgðin hefur lögveð í skipum og lögtaksrétt fyrir vátryggingariðgjöldum og skoðunarkostnaði, þó eigi í lengri tíma en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja.

Þegar Samábyrgðinni hefur verið tilkynnt, að vátryggt skip sé í veði fyrir láni, má eigi fella skipið úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt, nema veðhafa hafi áður verið veittur hæfilegur frestur til að greiða iðgjaldið.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins.

16. gr.

Ágreiningur milli vátryggða og vátryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

17. gr.

Samábyrgðin er undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til borgarsjóðs Reykjavíkur, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi skv. V. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Vátryggingarskírteini, sem Samábyrgðin gefur út, eru undanþegin stimpilgjaldi.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum til að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni nr. 366/1976.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. ágúst 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 339. 22. september 1978.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir.

A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 74.90.
12. Um kWst.-mæli á kr. 31.41 á hverja kWst. auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal.
    Fastagjald reiknast þannig:
    a. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 25.00 á ferm. á mánuði.
    b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 12.32 á ferm. á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli kr. 18.48 á hverja kWst auk fastagjalds er nemi kr. 137.00 á mánuði af hverju herbergi.
    Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íbúðarherbergi, hol, eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. telst hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um einn kWst.-mæli þannig: Á kr. 51.22 á hverja kWst.
32. Kr. 15.58 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
33. Kr. 20.29 hver kWst. án skilyrðis um lokun fyrir straum. Til iðnaðar, ef uppsett vélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW.

34. Um afl- og orkumæla (mestaflsmæla) þannig reiknað: Aflgjald af notuðu afli kr. 19 386.00 á kW. á ári. Orkugjald af allri orkunotkun kr. 6.97.
35. Ef ekki eru tök að mæla notað afl, má selja þannig:
Um kWst.-mæli á kr. 6.97 hverja kWst., auk fastagjalds kr. 15 308.00 á ári fyrir hvert kW. í málraun véla.

D. Hitun.

41. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 8.64 hver kWst.
42. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 4.53 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

51. Til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli kr. 31.41 hver kWst.
Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal setja eftir gjaldskrárlið A—1.
52. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum kr. 12.90 hver kWst. Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku, eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum	kr. 137.00	á mán.
2.	Af þrífasa mælum allt að 100 A	— 181.00	- —
3.	Af þrífasa mælum yfir 100 A	— 435.00	- —
4.	Af mestaflsmælum	— 797.00	- —

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Stofngjald	Lengdargjald
1.	60 A 1-fasa	135 000.00	innif. allt að 40 m
2.	60 A 3-fasa	202 900.00	innif. allt að 40 m
3.	100 A 3-fasa	261 000.00	innif. allt að 40 m
4.	200 A 3-fasa	362 400.00	innif. allt að 40 m

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitingar- og bílskúra greiðast eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 000.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 2 000.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 55% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 20% söluskattur og 13% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 321 27. október 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 22. sept. 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 340. 22. september 1978.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða.

Orkubú Vestfjarða selur raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

Orku- og aflverð, fastagjöld.

A. Lýsing.

1.1.	Fast gjald	kr.	860.00 á mán.
	Orkugjald	—	109,20 á kWst.
1.2.	Fast gjald	—	860.00 á mán.
	Flatarmálsgjald	—	skv. skýringu.
	Orkugjald	—	58.80 á kWst.
1.3.	Útilýsing:		
	Fast gjald	—	860.00 á mán.
	Orkugjald	—	29.00 á kWst.
1.4.	Útilýsing:		
	Fast gjald	—	860.00 á mán.
	Fast gjald á ljósker	—	430.00 á mán.
	Orkugjald	—	13.70 á kWst.

1.5.	Húsbyggingar:		
	Fast gjald	—	860.00 á mán.
	Orkugjald	—	45.00 á kWst.

B. Heimli.

2.1.	Fast gjald	kr.	1 450.00 á mán.
	Orkugjald	—	28.40 á kWst.
2.2.	Notkun til búrekstrar o. fl. í dreifbýli.		
	Markmæling:		
	Aflgjald, lágmark 4 kW	—	149 300.00 á ári
	Aflgjald umfram 4 kW að hámarki 20 kW	—	20 300.00/kW á ári.
	Orkugjald af allri notkun	—	4.50 á kWst.
	Orkugjald umfram aflstillingu	—	28.40 á kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

3.1.	Fast gjald	kr.	860.00 á mán.
	Flatarmálsgjald		skv. skýringu.
	Orkugjald	—	58.80 á kWst.
3.2.	Fast gjald	—	860.00 á mán.
	Aflgjald lágmark 3 kW	—	36 575.00/kW á ári.
	Flatarmálsgjald		skv. skýringu.
	Orkugjald	—	11.40 á kWst.
3.3.	Súgþurrkun 1. júní — 31. október:		
	Fast gjald	—	860.00 á mán.
	Aflgjald	—	11 370.00/kW á ári
	Orkugjald	—	4.80 á kWst.

D. Húshitun.

4.1.	Fast gjald	kr.	860.00 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	1 760.00/kW á ári
	Orkugjald	—	20.30 á kWst.
	Enginn roftími.		
4.2.	Fast gjald	—	860.00 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	1 760.00/kW á ári
	Orkugjald	—	15.90/kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.3.	Fast gjald	—	860.00 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	1 760.00/kW á ári
	Orkugjald	—	6.70 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.4.	Markmæling:		
	Fast gjald	—	860.00 á mán.
	Aflgjald lágmark 5 kW, hámark 20 kW	—	8 530.00/kW á ári.
	Orkugjald af allri notkun	—	4.60 á kWst.
	Orkugjald af umfram aflstillingu	—	28.40 á kWst.

E. Sumar- og næturhitun.

4.5.	Sumarhitun:		
	Fast gjald	kr.	860.00 á mán.
	Orkugjald	—	4.60 á kWst.

4.6. Næturhitun:

Fast gjald	—	860.00 á mán.
Aflgjald lágmark 2 kW	—	1 760.00/kW á ári.
Orkugjald	—	4.60 á kWst.

F. Annað.

5.1. Gjöld yfir lokun og enduropnun veitu í hvert skipti kr. 5 220.00

5.2. Sérsamningar.

1. Flatarmálsgjöld.

Taxtar 1.2. og 3.1.:

Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	kr.	32.00 á m^2 á mán.
Gangar, geymslur o. þ. h.	—	16.00 á m^2 á mán.

Taxtar 3.2:

Fyrir hverja flatarmálseinningu	—	—320.00

Einingar:

A. Félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h.: 20 m^2 mælt innan útveggja.

B. Fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h.: 30 m^2 fyrir vinnslurúm, 40 m^2 fyrir geymslurúm.

2. Mestaaflsmæling.

2.1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.

2.2. Gjaldskrárliður 3.2.
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

2.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu afli.

3. Véla- og tækjaálag.

3.1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.

3.2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni. Heimilt er að taka aflgjald af rafsuðuspennum kr. 1 760/kW á ári.

4. Götulýsing.

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiðir stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annars O.V. á sinn kostnað.

5. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur O.V. takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilrafstöðvasvæðinu, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur O.V. sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

6. Annað.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi í gjaldskrárlið 2.2.

Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, og/eða breytingar sem kunna að verða gerðar á verðjöfnunargjaldi.

7. Hitun.

7.1. Heimilt er að selja órofna heimilisnotkun (B—2.1.) um sama mæli og D—4.1 — 4.3. reiknast þá til viðbótar fastagjald samkvæmt taxta B—2.1. margfaldað með tölunni 5.

7.2. Sumarhitun. Gildistímabil sumarhitunarleyfa er 1. maí til 30. september ár hvert. Ef notkun sumarorku fellur niður eða verður óeðlilega lítil fyrir fyrrgreint tímabil, að mati orkubússtjóra, endurnýjast viðkomandi leyfi ekki sjálfkrafa á næsta ári eins og ef um eðlilega notkun hefði verið að ræða.

8. Annað.

8.1. Sérsamningar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Orkubússtjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi Orkubúsins án mælis um stundarsakir, að því tilskyldu, að greiðsla komi fram í samningi við áætlaða notkun tækisins.

8.2. Orkubúinu er heimilt að áætla notkun á notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.

9. Heimtaugargjöld í þéttbýli.

9.1. Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum tengd veitusvæði Orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót.

9.2. Orkubúið ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

9.3. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

Varstærð Amp.	Stofngjald kr.	Gjald af yfirlengd Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./stólpa
63	175 000.00	5 300.00	55 000.00
100	206 600.00	6 100.00	62.500.00
200	336 800.00	9 100.00	
300	663 400.00	11 000.00	

Bráðabirgðaheimtaugar greiðast skv. kostnaði.

9.4. Tengingar með meiri flutningsgetu eða annarri spennu greiðast skv. kostnaði.

9.5. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubús Vestfjarða um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 300 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.

9.6. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubús Vestfjarða, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykkis Orkubús Vestfjarða í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Orkubúi Vestfjarða til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðis eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

9.7. Telji Orkubú Vestfjarða að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

10. Heimtaugargjald í sveitum.

10.1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn frá Orkubúi Vestfjarða eða fá heimtaug, sem fyrir er eða fá tengd hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

10.2. Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera kr. 165 900 á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald, skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 15 000 000 matsverði, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 15 000 000, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverjar 165 900 krónur, sem áætlað er að greiðist grunngjöldum. Framangreint grunngjald kr. 165 900 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 3490 stig. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur orkubústjóri áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 8 500 000 kr.

Heimtaugargjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðast samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein, skulu heimtaugargjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orkuráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða, og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976 er hér með staðfest til að öðlast gildi frá og með 1. október 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 193 10. maí 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 22. sept. 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

15. september 1978. Nr. 341.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Gullbringusýslu.

1. gr.

Í Gullbringusýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega, samkvæmt 2. gr., í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer samkvæmt ákvæðum vegalaga hverju sinni.

Sýsluvegir eru:

Vatnsleysustrandarhreppur:

1.	Stóru-Vatnsleysuvegur.	Af Vatnsleysustrandarvegi að Stóru-Vatnsleysu.
2.	Minni-Vatnsleysuvegur.	Af Vatnsleysustrandarvegi að Minni-Vatnsleysu.
3.	Litlabæjarvegur.	Af Vatnsleysustrandarvegi að Litlabæ.
4.	Kálfatjarnarvegur.	Af Vatnsleysustrandarvegi að Kálfatjörn.
5.	Þórustaðavegur.	Af Vatnsleysustrandarvegi að Þórustöðum.
6.	Landakotsvegur.	Af Vatnsleysustrandarvegi að Landakoti.
7.	Auðnarvegur.	Af Vatnsleysustrandarvegi að Auðnum.
8.	Stóra-Knarrarnesvegur.	Af Vatnsleysustrandarvegi að Stóra-Knarrarnesi.
9.	Minna-Knarrarnesvegur.	Af Vatnsleysustrandarvegi að Minna-Knarrarnesi.
10.	Hellnavegur.	Af Vatnsleysustrandarvegi að Hellnum.
11.	Áslaksstaðavegur.	Af Vatnsleysustrandarvegi að Áslaksstöðum.
12.	Naustakotsvegur.	Af Vatnsleysustrandarvegi að Naustakoti.
13.	Narfakotsvegur.	Af Vatnsleysustrandarvegi að Narfakoti.
14.	Suðurkotsvegur.	Af Vatnsleysustrandarvegi að Suðurkoti.
15.	Vegur að barnaskóla.	Af Vatnsleysustrandarvegi að barnaskóla.
16.	Sunnuhvolsvegur.	Af Vatnsleysustrandarvegi að Sunnuhlíð.
17.	Skipholtsvegur.	Af Vatnsleysustrandarvegi að Skipholti.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verka-

mannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitasjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 11 400. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. gr. vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppfélög út af fyrir sig, skulu ¾ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi árs, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Gullbringusýslu nr. 231 6. október 1964.

Samgönguráðuneytið, 15. september 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

25. september 1978. Nr. 342.

AUGLÝSING

um breytingu á flugreglum, sbr. auglýsingu nr. 415 11. september 1975.

Vegna breytingar nr. 21 á viðbæti nr. 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 2, "Rules of the Air"), eru hér með gerðar breytingar á flugreglum, samkvæmt 5. og 89. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, og birtar voru sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 415 11. september 1975 um setningu flugreglna.

Breytingarnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari og taka þær gildi þegar í stað.

Samgönguráðuneytið, 25. september 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

Fylgiskjal.

Breyting á flugreglum.

1. gr.

Í 1. kafla — ORÐASKÝRINGAR — breytast, bætast við eða falla niður eftirfarandi hugtök sem hér segir:

Fluglag (Flight level). Flötur með jöfnum loftþrýstingi, sem miðaður er við ákveðið loftþrýstimið, 1013.2 millibör, og aðgreindur er frá öðrum slíkum flötum af tilteknum loftþrýstingsmun.

Ath. 1 Þrýstingshæðarmælir, sem kvarðaður er samkvæmt ICAO-reglum um staðlaðan lofthjúp:
a) sýnir flughæð þegar hann er stilltur á QNH,
b) sýnir hæð yfir QFE viðmiðun þegar hann er stilltur á QFE,
c) sýnir fluglag, þegar hann er stilltur á 1013.2 millibör.

Ath. 2 Hugtökin „hæð" og „flughæð", sem tilgreind eru í ath. 1 hér að ofan, fela í sér stöðu hæðarmælis fremur en raunverulegar hæðir.

Stöðumið (Reporting point). Tiltekin staður á jörðu sem loftfar getur miðað við er það tilkynnir stöðu sína.

Skiptihæð (Transition altitude). Hæsta flughæð þar sem miða skal lóðrétta stöðu loftfars við flughæð.

Skiptistaður (Change-over point). Sá staður, er loftfari á hluta ATS-leiðar, sem ákveðin er af fjölstefnuvitum (VOR), er ætlað að skipta flugleiðsöguviðtöku frá VOR-stöðinni fyrir aftan það á VOR-stöðina framundan.

Ath. Skiptistaðir eru ákveðnir með hliðsjón af heppilegasta vægi styrks og gæða merkjasendinga viðkomandi stöðva til að tryggja að öll loftför á flugi á sama hluta flugleiðar notist við leiðsögu sömu stöðvar.

2. gr.

Í 3. kafla — ALMENNAR REGLUR — verður grein 3.1.3 sem hér segir:

3.1.3 **Farflugslög**

Farflugslög, sem flogið skal í á tilteknu flugi eða hluta þess, skulu miðuð við:

a) fluglög, fyrir flug í eða ofar lægsta nothæfa fluglagi eða, þegar við á, ofar skiptihæðar.

b) flughæðir, fyrir flug fyrir neðan lægsta nothæft fluglag eða, þegar við á, í eða neðan skiptihæðar.

Ath. Farfluglagakerfið er nánar útskýrt í "Procedures for Air Navigation Services — Aircraft Operations (ICAO Doc. 8168-OPS/611)".

Í grein 3.2.5.1 breytist fyrri athugasemdin þannig:

Ath. 1 — Sjá einnig 3.6 5.1.

Grein 3.3.1.2, **Efni flugáætlunar**, breytist samkv. eftirfarandi:

3.3.1.2.1 Flugáætlun skal geyma upplýsingar um þau eftirfarandi atriði, sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvald telur skipta máli:

— kallmerki loftfarsins
— flugreglur (IFR eða VFR) og tegund flugs
— fjölda og tegund loftfara auk hvirfilflokks (wake turbulence category)
— **búnað**
— brottfararstað (sjá ath. 1)
— brottfarartíma (sjá ath. 2)
o. s. frv.

Grein 3.3.1.3.2, **Gerð flugáætlunar**, breytist þannig:

3.3.1.3.2 Þegar flugáætlun er lögð fram skal hún að auki geyma upplýsingar um öll önnur viðeigandi atriði þegar hlutaðeigandi ATS-stjórnvald svo ákveður, eða þegar þeim sem leggur fram flugáætlunina þykir slíkt nauðsynlegt.

Í grein 3.3.1.4, **Breytingar á flugáætlun**, breytist 3 5.2.2 í 3.6.2.2 í annarri línu greinar 3.3.1.4.1.

Á eftir grein 3.6 2.1 koma þrjár nýjar greinar:

3.6.2.1.1 Ef ekki er annað heimilað, eða lagt fyrir af viðkomandi flugstjórnardeild, skulu stjórnuð flug, að svo miklu leyti sem við verður komið:

a) fliúga eftir skilgreindri miðlínu leiðarinnar þegar flogið er á ákveðinni ATS-leið; eða

b) fljúga beint á milli flugleiðsögustöðva og/eða staða sem ákvarða leiðina þegar flogið er á öðrum leiðum.

3.6.2.1.2 Svo framarlega sem kröfur greinar 3.6.2.1.1 eiga ekki við, skal loftfar á hluta ATS-leiðar, sem ákveðin er af fjölstefnuvitum (VOR), skipta flugleiðsöguviðtöku frá VOR-stöðinni fyrir aftan það á VOR-stöðina framundan, við eða sem næst skiptistaðnum, ef hann er tilgreindur.

3.6.2.1.3 Tilkynna skal hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild frávik frá þeim kröfum, sem birtar eru í gr. 3.6.2.1.1.

3. gr.

Í kafla 4 — SJÓNFLUGSREGLUR — verða eftirfarandi breytingar:

Grein 4.6 byrji þannig: Við sjónflug skal fylgja fyrirmælum 3.6:

Grein 4.7 endi þannig: Ath. — Sjá athugasemdir sem fylgja 3.3.1.1.2.1 c) og 3.6.5.1.

4. gr.

Í kafla 5 — BLINDFLUGSREGLUR — verða breytingar í eftirfarandi greinum:

Í grein 5.2.1 breytast 3.5 í 3.6.

Í grein 5.3.2 breytist 3.5.5.1 í 3.6.5.1.

Í grein 5.3.3 breytist 3.5.3 í 3.6.3 og 3.5 í 3.6.

5. gr.

Í VIÐAUKA A — MERKI, breytist athugasemd í kafla 2.1 „MERKI EINELTI-LOFTFARS OG VIÐBRÖGÐ EINELTS LOFTFARS", „viðbrögð einelts loftfars" þannig:

Ath. Um viðbótaraðgerðir hins einelta loftfars er mælt fyrir í 3. kafla, 3.8.

19. september 1978. Nr. 343.

REGLUGERÐ

um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

1. gr.

Hlutverk Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.

Lögheimili Verðjöfnunarsjóðs og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Verðjöfnunarsjóður skiptist eftir tegundum afurða í eftirgreindar deildir, er hafa aðskilinn fjárhag:

1. Deild fyrir frystar fiskafurðir, þar með taldar frystar sjávarafurðir skeldýra og krabbadýra.
2. Deild fyrir saltfiskafurðir.
3. Deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).
4. Deild fyrir skreiðarafurðir.
5. Deild fyrir saltsíldarafurðir.

3. gr.

Ráðherra skipar stjórn Verðjöfnunarsjóðs til fjögurra ára í senn á þann hátt, sem hér segir:

Fimm stjórnarmenn sitja í stjórn allra deilda Verðjöfnunarsjóðs, þar af skulu þrír stjórnarmanna skipaðir án tilnefningar, einn maður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands og einn maður eftir tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Ráðherra skipar tvo menn í stjórn hverrar deildar eftir tilnefningu hagsmunasamtaka í þeirri grein fiskiðnaðarins, sem í hlut á. Taka þeir sæti í stjórninni, þegar fjallað er um málefni deildarinnar, svo sem við ákvörðun um verðgrundvöll. Þeir skulu tilnefndir þannig:

1. Í deild fyrir frystar fiskafurðir: Einn maður eftir tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og einn maður eftir tilnefningu sjávarafurðadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga.
2. Í deild fyrir saltfiskafurðir: Tveir menn eftir tilnefningu Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda.
3. Í deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja: Tveir eftir tilnefningu Félags íslenskra fiskmjölsframleiðenda.
4. Í deild fyrir skreiðarafurðir: Einn maður eftir tilnefningu Samlags skreiðarframleiðenda og einn maður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu nokkurra stærstu skreiðarframleiðenda og útflytjenda, sem standa utan Samlags skreiðarframleiðenda, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

   Verði þessir aðilar ekki sammála um tilnefningu þannig að frá þeim komi tillögur um fleiri en einn mann, skal ráðherra hafa frjálst val um skipun þessa fulltrúa úr þeim hópi.
5. Í deild fyrir saltsíldarafurðir: Einn maður eftir tilnefningu Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og einn maður eftir tilnefningu Félags síldarsaltenda á Suður og Vesturlandi.

   Ráðherra skipar formann sjóðsstjórnar. Ráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnarinnar og skiptingu kostnaðar á deildir.

4. gr.

Seðlabanki Íslands hefur á hendi rekstur Verðjöfnunarsjóðs undir eftirliti sjóðsstjórnar, þ. á m. innheimtu, greiðslur, reikningsfærslu og ávöxtun inneigna. Endurskoðendur reikninga Seðlabankans hafa á hendi endurskoðun reikninga sjóðsins.

Hver deild Verðjöfnunarsjóðs skal hafa sjálfstæðan fjárhag.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Formaður boðar fundi með hæfilegum fyrirvara. Hann stýrir atkvæðagreiðslum, sér um færslu gjörðarbókar og annast fundarstjórn að öðru leyti.

Í gjörðabók skal færa ákvarðanir stjórnar og skýrslu um annað það, sem gerist á fundi.

Fundur stjórnar er ályktunarfær, ef helmingur stjórnarmanna er á fundi, enda sé til hans boðað með lögmætum hætti og minnst öðrum fulltrúa hvors hagsmunaaðila (þ. e. veiða og vinnslu), sé fært að mæta.

6. gr.

Sjóðsstjórninni er heimilt að ráða sér ritara, sem skal annast ritun fundargerða og önnur verkefni, er stjórnin felur honum.

Heimilt er sjóðsstjórninni að kveðja aðra menn en stjórnarmenn á fund, stjórninni til ráðuneytis um einstök málefni, svo og að ráða sérfræðinga til starfa að tilteknum viðfangsefnum, eftir því, sem þurfa þykir.

7. gr.

Tekjur Verðjöfnunarsjóðs skulu nema allt að þremur fjórðu hlutum af verðhækkun, sbr. 9. og 10. gr., sem verður á þeim afurðum fiskiðnaðarins til útflutnings, sem reglugerð þessi nær til. Renna þessar tekjur til viðkomandi deilda sjóðsins.

Við upphaf framleiðslutímabils, sem sjóðsstjórnin ákveður, er henni heimilt að ákveða þann hluta áætlaðrar verðhækkunar, sem innheimta skal jafnóðum af útflutningsandvirðinu. Breyta má þessari ákvörðun á framleiðslutímabilinu. Skulu greiðsl-

ur þessar innheimtar við gjaldeyrisskil til banka eða hjá sölusamtökum fiskiðnaðarins á gjalddögum, sem sjóðsstjórnin ákveður.

Þegar sölu á afurðum framleiðslutímabilsins er lokið, skal endanlegt uppgjör fara fram á greiðslum til sjóðsins samkvæmt reglugerð þessari.

8. gr.

Til greiðslu verðbóta úr Verðjöfnunarsjóði kemur, þegar meðalverð framleiðslu til útflutnings af einhverri þeirra útflutningsafurða fiskiðnaðarins, sem reglugerð þessi nær til, hefur lækkað á grundvelli eins árs eða framleiðslutímabils, sbr. 9.—11. gr. Verðbætur skulu þó aldrei nema meiru en þremur fjórðu hlutum verðlækkunarinnar og ekki umfram það fé, sem viðkomandi deild ræður yfir, þegar til greiðslu verðbóta kemur.

Greiðsla úr Verðjöfnunarsjóði samkvæmt 1. mgr. er gjaldkræf, þegar endanlegt uppgjör á sölu afurða framleiðslutímabilsins liggur fyrir. Þó er sjóðsstjórninni að fengnu samþykki ráðherra heimilt að inna fyrr af hendi greiðslu upp í væntanlegar verðbætur samkvæmt 1. mgr.

9. gr.

Sjóðsstjórnin ákveður viðmiðunarverð og gerir tillögu til ráðherra um verðbil og hlutföll þau, er greiðslur í eða úr sjóðnum miðast við, sbr. 7. og 8. gr. reglugerðarinnar.

Að fenginni samþykkt sjóðsstjórnar, tekur ráðherra afstöðu til þeirra atriða, sem greinir í 1. mgr. þessarar greinar, sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 72/1969, sbr. 1. gr. laga nr 45/1975, um breyting á þeim lögum.

10. gr.

Við ákvörðun viðmiðunarverðs skal sjóðsstjórnin einkum hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, svo og af niðurstöðum Verðlagsráðs sjávarútvegsins um afkomu framleiðslunnar, þó þannig, að tekið sé tillit til sérstakra ástæðna, svo sem óvenjulegra breytinga á erlendum mörkuðum, gengisbreytinga og annarra hliðstæðra atvika. Sjóðsstjórnin ákveður myndun sérreikninga fyrir einstakar framleiðslutegundir innan deilda.

Ákveða má, að hlutföll greiðslna í eða úr sjóðnum sbr. 7. og 8. gr. séu föst eða stigbreytileg miðað við hlutfallslega breytingu verðs og heildaraflamagns. Enn fremur má ákveða, að verðbreytingar að vissu marki frá viðmiðunarverði, þ. e. verðbil, hafi ekki í för með sér skyldu til greiðslu í eða úr sjóðnum.

11. gr.

Hafi verðfall afurða, er falla undir ákvæði reglugerðar þessarar, orðið svo mikið, að hagkvæmara þyki að færa notkun veiðiskipa eða vinnslutækja yfir til annarra veiða eða vinnslu, getur ráðherra ákveðið, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, að bæta skuli upp verð viðkomandi afurða með hliðsjón af þeim bótum, er fallið hefðu á óbreyttar veiðar eða vinnslu með hlutaðeigandi tækjum.

Ákvarðanir samkvæmt 9.—11. gr. skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaði. Ákvarðanir samkvæmt 7. gr. skulu birtar í Lögbirtingablaði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins ásamt lögum nr. 99 31. desember 1975 um breyting á þeim lögum og lögum nr. 106 31. desember 1974 um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 123 8.

júlí 1971 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og reglugerð nr. 106 6. apríl 1976, um breyting á þeirri reglugerð.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. september 1978.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.

Nr. 344. 15. september 1978.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundhöll Selfoss.

Ráðuneytið hefur staðfest nýja gjaldskrá fyrir Sundhöll Selfoss:

Fullorðnir í laug	kr.	230.00	
Börn í laug	—	80.00	
Baðstofa og laug	—	450.00	
Afsl. full. 10 skipti	—	1 500.00	
Afsl. barna 10 skipti	—	500.00	
Afsl. baðst. 10 skipti	—	3 500.00	
Leiga	—	180.00	
Baðst. fjölsk. tímar	—	1 000.00	
Baðst. hópar	—	1 700.00	per. mán.
Baðst. hópar	—	230.00	per. skipti

Auglýsing þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 — 1978

30. ágúst 1978. 727 Nr. 345.

REGLUGERÐ
um stofnkostnað skólamannvirkja.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til greiðslu stofnkostnaðar skólamannvirkja er falla undir ákvæði laga nr. 63/1974, um grunnskóla og ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað, að því leyti sem ákvæði þeirra laga eru ekki úr gildi felld með síðari lagasetningu.

2. gr.

Sé þess beiðst af sveitarfélagi að menntamálaráðuneytið geri tillögu um framlög í fjárlögum næsta árs um þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði skólamannvirkja, skulu umsóknir ásamt frumathugun berast ráðuneytinu fyrir 1. júní, hvort sem um er að ræða fyrsta framlag til framkvæmdar eða endurnýjaðar umsóknir.

3. gr.

Í frumathugun skal gerð grein fyrir núverandi aðstöðu til kennslu á því svæði sem skólamannvirkjum þessum er ætlað að þjóna.

Gerð skal grein fyrir væntanlegu skólaskipulagi og nemendafjöldi áætlaður fyrir fimm fyrstu árin eftir að væntanleg skólamannvirki koma í notkun.

Greina skal frá aðstöðu á þeim stað eða stöðum þar sem fyrirhugað er að reisa mannvirkin.

Lýsa skal samgöngumálum skólasvæðisins og gerð grein fyrir samgöngubótum, sem æskilegar væru skólans vegna og einnig hvort hin fyrirhuguðu skólamannvirki gætu að einhverju fullnægt almennum þörfum á sviði félags- og íþróttamála.

4. gr.

Ef um er að ræða breytingu á eða viðbyggingu við skólamannvirki skal, eftir því sem við á, fara eftir ákvæðum þessarar reglugerðar.

5. gr.

Ef menntamálaráðuneytið getur ekki fallist á umsókn sveitarfélags skal það tilkynnt aðila skriflega og bent á hverju sé áfátt að dómi ráðuneytisins. Fallist ráðuneytið á umsókn skal það áætla húsrými samkvæmt gildandi húsrýmisreglum („normum“) og gera aðila skriflega grein fyrir væntanlegum tillögum sínum um fjárframlög úr ríkissjóði.

Æski sveitarfélag stækkunar frá framangreindri húsrýmisáætlun skal leggja fram skriflega áætlun um þá stækkun og greinargerð um ástæður, svo og kostnaðaráætlun vegna hennar og hver greiði þann kostnað sem hlýst af stækkuninni.

6. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntamálaráðuneytisins og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Má verja í þessu skyni fjárhæð er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingardeildar ráðuneytisins.

7. gr.

Eftir að ráðuneytið hefur fallist á umsókn og gerð hefur verið og samþykkt af báðum aðilum húsrýmisáætlun samkvæmt 5. gr. ráða sveitarstjórnir sérfræðinga með skriflegum samningi til þess að gera uppdrætti og vinna aðra sérfræðilega undirbúningsvinnu. Skal samningurinn aðeins ná til þess eða þeirra byggingaáfanga sem samþykkt hefur verið að reisa, sbr. einnig húsrýmisáætlun samkvæmt 5. gr. og skal í honum m. a. kveðið á um skilatíma og frágang uppdrátta, þóknun og önnur fjármálaleg viðskipti við sérfræðinga.

Undirbúningi hönnunar telst lokið með því að sveitarstjórnir leggja fyrir ráðuneytið eftirtalin gögn:

a) Húsrýmisáætlun sbr. 5. gr.
b) Skriflegan samning við sérfræðinga sbr. framangreint.
c) Staðfest skilríki um að uppmælt og afmarkað landrými, sbr. staflið e, sé fyrir hendi kvaðalaust.
d) Staðfest skilríki um að vatnsréttindi séu tryggð og að samið hafi verið um afnot af jarðhita ef fyrir hendi er, svo og vottorð um efnafræðilega rannsókn á heitu og köldu vatni.
e) Afstöðumynd og útmælingu lóðar með hæðarmálum bygginga að aðliggjandi samgönguæðum og upplýsinga um tengingar við veitukerfi.
f) Samvinnusamning milli sveitarfélaga ef fleiri en eitt standa að framkvæmdinni.
g) Önnur gögn sem menntamálaráðuneytið kann að ákveða sérstaklega.

8. gr.

Þegar menntamálaráðuneytið hefur fallist á gögn varðandi undirbúning, sbr. 7. gr., má hefja hönnun og áætlanagerð sem skiptist í tvo þætti.

Til fyrri þáttar telst:

a) Gerð uppdrátta af fyrirhuguðu mannvirki (byggingarnefndarteikningar), afstöðumynd, grunnmyndir, sneiðingar og útlit. Uppdrættir af húsum skulu vera í mælikvarða 1:100 með árituðu nettó flatarmáli allra herbergja og húshluta. Heildarstærð gólfflata skal tilgreind bæði samkvæmt nettó og brúttó flatarmáli.
b) samanburður menntamálaráðuneytisins á uppdráttum skv. a-lið og húsrýmisáætlun (sbr. 5. gr.) og útreikningur á þeim hluta áætlaðs byggingarkostnaðar sem framlag ríkissjóðs mun miðast við.
c) Lýsing á fyrirhuguðu mannvirki þar sem fram komi helstu atriði varðandi gerð þess, svo sem gerð grunns og undirstöðu, byggingarefni, burðarvirki, frágangur veggja, lofta og gólfa, hitakerfi, rafkerfi, fjarskiptakerfi, loftræstingu, þakgerð og önnur þau atriði sem að mati ráðuneytisins skipta máli m. t. t. afnota og byggingarkostnaðar.
d) Frumáætlun um allan kostnað við bygginguna, hönnun, framkvæmdir, stjórnun, búnaðarkaup og lóðagerð.
e) Tíma- og greiðsluáætlun um framkvæmd verksins og greinargerð sveitarstjórna um hvernig tryggð verði fjárframlög þeirra.
f) Tillaga sveitarstjórna um listskreytingu, sbr. 6. gr., ef gerð er.

Þegar menntamálaráðuneytið og viðkomandi sveitarstjórnir hafa samþykkt framantalin gögn skulu sveitarstjórnir sjá um að fá samþykki viðkomandi bygging-

aryfirvalda á uppdráttum og leggja fram staðfestingu þeirra um að uppdrættir séu í samræmi við lög og reglugerðir.

9. gr.

Þegar fyrri þætti hönnunar og áætlunargerðar, sbr. 8. gr., er lokið og fjárframlög tryggð með fjárveitingum í fjárlögum og yfirlýsingu sveitarfélaga um fjárframlög skal gerður samningur milli þeirra og ráðuneytisins um greiðslur. Að samningi undirrituðum hefjist síðari þáttur hönnunar og áætlunargerðar en til hans telst:

a) Gerð vinnuteikninga og sérteikninga eftir því sem þörf krefur og ráðuneytið ákveður.
b) Afstöðumynd og teikning af lóð í mælikvarða 1:500 með hæðarlínum, áttum, stígum, götum, leikvöllum, bílastæðum, hjólastæðum, skólagarði og íþróttasvæði. Sýndar skulu aðliggjandi samgönguleiðir og af skipulagsskyldum svæðum fylgi uppdráttur af svæðinu þar sem mannvirki eru teiknuð inn á.
c) Nákvæm verklýsing og efnisáætlun.
d) Nákvæm og sundurliðuð kostnaðaráætlun.
e) Endurskoðuð tíma- og greiðsluáætlun.
f) Skriflegt samþykki viðkomandi byggingarnefndar, eldvarnareftirlits og heilbrigðisnefndar.

Óheimilt er að hefja verklegar framkvæmdir eða gera bindandi samninga við verksala fyrr en ákvæðum 8. og 9. gr. hefur verið fullnægt að mati ráðuneytisins.

10. gr.

Framlög ríkissjóðs til byggingar skólamannvirkja skulu ákveðin í greiðslusamningum, sbr. 9. gr., og miðast við kostnaðaráætlun er gerð skal á grundvelli reglna (norma) menntamálaráðuneytis um stærðir og gerð skólahúsnæðis sem gefnar verða út sér.

Kostnaðaráætlun sundurliðast þannig:

a) Beinn byggingarkostnaður með álagi fyrir hönnun, stjórnun o. fl. (sbr. 11. gr.).
b) Kostnaður vegna kaupa á stofnbúnaði (sbr. 12. gr.).
c) Kostnaður við gerð lóðar og leikvalla (sbr. 13. gr.).
d) Kostnaður við listskreytingu (sbr. 6. gr.).

11. gr.

Beinn byggingarkostnaður skólarýmis er áætlaður miðað við stærð þess og skal því skipt í:

1. Rými heimangöngu- og heimanaksturskóla eins og það er skilgreint í reglum (normum), sbr. 10. gr.
2. Heimavistarrými nemenda og íbúða þess starfsfólks sem þarf vegna heimavistar samkvæmt ákvæðum reglna (norma), sbr. 10. gr.
3. Rými vegna íbúða kennara umfram það sem fellur undir staflið 2.
4. Annað rými sem ríkisþátttaka er viðurkennd í samkvæmt sérstöku samkomulagi hverju sinni.

Beinn byggingarkostnaður er áætlaður kr. 70 000.00 á hvern vergan (brúttó) fermetra gólfflatar. Er þá miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 100 stig samkvæmt lögum nr. 93/1975 og breytist sú tala í hlutfalli við breytingar vísitölunnar. Á rými samkvæmt tölulið 1 reiknast 15% álag vegna hönnunar, áætlanagerðar, stjórnunar, veitna og heimæða og annars almenns kostnaðar. Á rými samkvæmt tölulið 2 er álag þetta 10% en 5% á annað rými.

Vegna flutningskostnaðar á efni og byggingarmönnum má reikna allt að 5% álag eftir því sem fjarlægðir segja til um og allt að 7% álag vegna kostnaðar við mötuneyti byggingarmanna og dvalaraðstöðu á byggingarstað. Álög þessi reiknast á grunntölu beins byggingarkostnaðar og breytast í samræmi við hana. Sveitarstjórnir skulu gera nákvæma og sundurliðaða áætlun um flutningskostnað, kostnað við mötuneyti og dvalaraðstöðu.

Vegna húsrýmis, sem viðurkennt er að ríkissjóður taki þátt í að greiða, skal framlag ríkissjóðs vegna beins byggingarkostnaðar vera 50% áætlaðs byggingarkostnaðar með umsömdum álögum fyrir rými undir tölulið 1, 85% eða 100 % fyrir rými undir tölulið 2, sbr. 7. gr. laga nr. 49/1967, 50%—75% fyrir rými undir tölulið 3 og eftir samkomulagi hverju sinni fyrir rými sem fellur undir tölulið 4.

Nú er ákveðið að byggja skóla í áföngum, skal þá áætla þátttöku ríkissjóðs að hundraðshluta fyrir alla áfanga samanlagt og verði greiðsluhlutfall hið sama í öllum áföngum án tillits til tímaröðunar framkvæmda eða fyrir hvern áfanga um sig ef þess er beiðst og henta þykir.

12. gr.

Ekki síðar en einu ári áður en fyrirhugað er að taka skólamannvirki í notkun skulu sveitarfélög láta semja og verðleggja stofnbúnaðarskrá með hliðsjón af viðmiðunarskrá ráðuneytisins og leggja hana fyrir ráðuneytið til samþykktar. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum jafnóðum við framvísun staðfestra reikninga hluta sinn, enda séu reikningsfjárhæðir í samræmi við áður samþykkta og verðlagða stofnbúnaðarskrá.

13. gr.

Um framkvæmdir vegna leikvalla, íþróttaaðstöðu utanhúss og lóðalögun við skóla skulu sett sunduliðuð ákvæði í samning, sbr. 9. gr. Samþykki menntamálaráðuneytið kostnaðaráætlun vegna þessa er greiðsluþátttaka ríkissjóðs 50% miðað við samþykkta fjárhæð af framvísuðum og staðfestum reikningum, enda séu reikningar í samræmi við áður samþykkta áætlun og breytingar á henni í samræmi við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar.

14. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að samþykkja 50% þátttöku ríkissjóðs í áætluðum stofnkostnaði húsrýmis sem er stærra en viðmiðunarreglur um skólahúsnæði kveða á um þegar svo stendur á að með því megi koma til móts við brýnar þarfir sveitarfélaga um húsnæði til almennra íþrótta-, félags- og æskulýðsstarfa. Þessar heimildir miðast við eftirfarandi stærðir:

1. Þátttaka ríkissjóðs í húsnæði til almenns félagsstarfs miðist að hámarki við 50 ferm. að viðbættum 0,1 ferm. á hvern íbúa á því svæði sem húsnæðið verður til afnota fyrir, hámarksstærð 150 m².
2. Þátttaka ríkissjóðs í stækkun á leikfimisal miðast við 202½ ferm., enda sé íbúafjöldi þess eða þeirra sveitarfélaga, sem salinn nota, minnst 500.

   Þar sem íbúar tveggja eða fleiri sveitarfélaga geta að mati menntamálaráðuneytisins notað sama íþróttasal fyrir almenna íþróttastarfsemi skal stækkun þessi aðeins heimiluð við einn skóla. Skulu sveitarfélög þessi sameiginlega gera tillögu um hvar stækkunin skuli heimiluð. Verði ekki um það samkomulag sker menntamálaráðuneytið úr.

   Þar sem sveitarfélag starfrækir marga skóla skal heimild þessari aðeins beitt einu sinni fyrir allt að 10 000 íbúa og tvisvar séu íbúar 10 000 — 20 000 o. s. frv.

3. Þátttaka ríkissjóðs í stækkun áhorfendasvæðis miðast að hámarki við 30 m² við hverja salareiningu.
4. Heimilt er að greiða framlag úr ríkissjóði vegna gufubaðsstofu 8 ferm. við eina salareiningu, 12 ferm. fyrir tvær salareiningar og 16 ferm. fyrir þrjár eða fleiri salareiningar.

Þátttaka ríkissjóðs í byggingarkostnaði samkvæmt þessum heimildum er háð því:

a) Að ekki sé fyrir hendi húsnæði ætlað til sömu nota og byggt með framlagi eða styrk úr ríkissjóði eða með hliðstæðum ríkisframlögum.
b) Að við síðari byggingu á sérstöku húsnæði til þessara nota með styrk frá ríkinu verði tekið tillit til þess húsnæðis sem byggt er með skólanum og komi það til frádráttar á styrkhæfu húsnæði síðar, að því marki sem það þjónar sama tilgangi.

15. gr.

Æski sveitarfélag eða sveitarfélög þau, sem skóla reka að byggja húsnæði samkvæmt framangreindum heimildarákvæðum og/eða stækka það umfram það sem þar er miðað við, skulu eftirfarandi reglur gilda:

a) Sveitarfélög sem hlut eiga að máli leggja fyrir byggingadeild menntamálaráðuneytisins tillögu að stærð húsa. Tillögu þessari skal fylgja sundurliðuð húsrýmisáætlun er sýni húsrými vegna skóla og húsrými umfram það. Einnig fylgi frumkostnaðaráætlun og áætluð skipting milli greiðsluaðila.
b) Áður en teiknivinna hefst skal gengið frá samkomulagi um skiptingu kostnaðar milli greiðsluaðila.
c) Að því leyti sem byggingin eða byggingaráfanginn er stærri en samrýmist reglum um greiðsluþátttöku ríkissjóðs, þá er byggingarkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.
d) Framkvæmdir samkvæmt þessum ákvæðum, þar með taldar undirbúningsframkvæmdir, skulu að öllu leyti lúta þeim fyrirmælum um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning sem gilda um framkvæmdir samkvæmt lögum nr. 49/1967 og ákvæðum reglugerðar þessarar.

16. gr.

Í samningi samkvæmt 9. gr. skal nánar kveðið á um hvernig hagað skuli greiðslum á framlögum ríkissjóðs og sveitarfélaga. Ríkissjóður greiðir framlög sín í sérstakan reikning í banka eða sparisjóði samkvæmt nánari ákvörðun í samningi. Sami háttur skal á hafður um greiðslu á framlagi sveitarsjóða.

Við ákvörðun fyrstu framlaga skal tekið tillit til þess undirbúningskostnaðar sem sveitarfélög kunna að hafa greitt og ráðuneytið viðurkennir sem stofnkostnað.

Ríkissjóður greiðir framlög sín að undangenginni greiðslu sveitarfélaga í þeim hlutföllum sem kveðið er á um í samningi. Greiðslur ríkissjóðs vegna beins byggingarkostnaðar skulu þó aldrei vera hærra hlutfall af heildarframlagi en hér segir, sbr. þó 3. mgr. 14. gr. laga nr. 49/1967 um skólakostnað:

25% þar til botnplata er steypt.
35% þar til bygging er fokheld.
60% þar til bygging er tilbúin undir tréverk.
95% þar til úttekt á byggingu fer fram.

Sveitarstjórnir skulu leggja fram vottorð viðkomandi byggingarfulltrúa eða annars byggingarfróðs manns, sem ráðuneytið samþykkir, þegar ofangreindum byggingarstigum er náð.

17. gr.

Nú telur sveitarstjórn hagkvæmara að kaupa húsnæði en ráðast í byggingu og skal hún þá senda menntamálaráðuneytinu umsókn um heimild til þess.

Með umsókn skal fylgja lýsing á umræddu húsnæði ásamt uppdráttum, enn fremur tillaga að kaupsamningi eða álit sveitarstjórnar um hugsanlegt kaupverð og greiðsluskilmála.

Ef gera þarf breytingar á húsnæðinu fer eftir ákvæðum 4. gr. hér að framan. Um meðferð umsóknar um kaup á húsnæði fer eftir ákvæðum þessarar reglugerðar eftir því sem við getur átt.

18. gr.

Ef verk, sem reglugerð þessi tekur til, er ekki í heild unnið samkvæmt útboði ber sveitarstjórn að haga bókhaldi um kostnað við verkið samkvæmt bókhaldsreglum sem ráðuneytið samþykkir.

19. gr.

Beiðni um greiðsluúttekt skal berast ráðuneytinu eigi síðar en viku áður en óskað er að hún fari fram.

Þegar verklegri framkvæmd er talið lokið skal fara fram úttekt á henni þar sem sannreynt sé að framkvæmd sé í samræmi við samning aðila, svo og teikningar og ákvæði verksamninga.

Tilkynna skal ráðuneytinu skriflega með minnst þriggja vikna fyrirvara hvenær lokaúttekt getur farið fram.

Lokaúttekt skal framkvæmd af tveim byggingafróðum mönnum, öðrum tilnefndum af sveitarfélögum eða framkvæmdaaðila á vegum þeirra og hinum tilnefndum af ráðuneytinu.

Ef þessir tveir menn koma sér ekki saman um úttektargerð skal þess beiðst að sýslumaður, bæjarfógeti eða borgardómari skipi oddamann. Úttektargerð þessara þriggja manna skal liggja fyrir innan tveggja vikna frá útnefningu oddamanns og er hún endanleg.

Við úttekt skal kanna hvort verkinu sé að fullu lokið og hvort það sé í samræmi við teikningar og verklýsingar. Ef verki er ekki að fullu lokið eða það er í ósamræmi við teikningar og verklýsingar skal þess getið í úttektargerð hverju áfátt sé eða hvað sé öðruvísi en ætlað var. Séu ágallar verulegir skal fram fara ný úttekt þegar úr hefur verið bætt, og er ríkissjóði heimilt að halda eftir lokagreiðslu uns endanleg úttektargerð liggur fyrir.

Hvor aðili um sig, sveitarfélög eða ráðuneyti, getur óskað eftir að úttekt fari fram á þeim hlutum verksins sem:

a) síðar verða óaðgengilegir

eða

b) teknir verða í notkun áður en lokaúttekt fer fram.

Slík úttekt nefnist hlutaúttekt.

Æski ráðuneytið að verksali og iðnmeistarar mæti við úttektir skal byggingarstjóri eða forráðamenn framkvæmdaaðila sjá um að þeir verði boðaðir með nægum fyrirvara.

Kostnað við úttekt greiðir hvor aðili um sig, ráðuneyti og sveitarfélög.

20. gr.

Við hönnun húsnæðis, sem reglugerð þessi tekur til, skal þess gætt að fötluðu fólki sé gert sem auðveldast að komast inn í húsin, fara um þau og nota þau.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1974 um grunnskóla og lögum nr. 49/1967 um skólakostnað öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 159/1969 um stofnkostnað skóla, nema hvað miða skal við ákvæði í fylgiskjölum þeirrar reglugerðar uns nýjar reglur hafa verið gefnar út. Ákvæði 11. gr. reglugerðarinnar skulu taka til skólabygginga sem hafnar eru með samþykki ráðuneytisins eftir 1. janúar 1978.

Menntamálaráðuneytið, 30. ágúst 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

21. ágúst 1978. Nr. 346.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar.

Ráðuneytið hefur staðfest nýja gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar:

Aðgangseyrir fyrir fullorðna	kr.	250.00
Aðgangseyrir fyrir börn	—	100.00
10 miða kort fyrir fullorðna	—	1 600.00
10 miða kort fyrir börn	—	500.00
Handklæði og sundföt	—	200.00

Auglýsing þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. ágúst 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

29. ágúst 1978. Nr. 347.

ERINDISBRÉF

hjúkrunarforstjóra við heilsugæslustöð.

1. gr.

Hjúkrunarforstjóri er skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Hann skal hafa lokið námi í hjúkrunarfræði og hafa hjúkrunarleyfi.

2. gr.

Hjúkrunarforstjóri skal vera ábyrgur gagnvart heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og stjórn heilsugæslustöðvarinnar.

Honum skal heimilt að sitja stjórnarfundi og hafa þar tillögurétt og málfrelsi.

3. gr.

Störf hjúkrunarforstjóra eru í aðalatriðum eftirfarandi:

Hjúkrunarstörf eftir því, sem nauðsyn krefur.

Ráðning á starfsliði í samráði við stjórn stöðvarinnar og yfirlækni.
Skipulagning og stjórnun á daglegri starfsemi.
Innkaup á lyfjum, hjúkrunarvörum og hreinlætisvörum og eftirlit með notkun á þeim.
Vera til ráðuneytis um nýbyggingar og breytingar á húsnæði heilsugæslustöðvarinnar svo og kaupum á áhöldum og húsbúnaði.
Umsjón og skipulagning á námi hjúkrunarfræðinema í samráði við viðkomandi skóla, og umsjón með annarri þeirri fræðslustarfsemi, er stöðin veitir.
Gerð ársskýrslu stöðvarinnar í samvinnu við lækna.
Hjúkrunarforstjóra ber að fylgjast með nýjungum í heilsugæslu og hafa góða samvinnu við aðrar heilbrigðisstofnanir.

4. gr.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 57/1978 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. ágúst 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 348. 15. september 1978.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 10 frá 19. janúar 1967 fyrir Vatnsveitu Þórshafnar.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Af öllum húsum í Þórshafnarkauptúni, sem metin eru til fasteignamats og tengd eru vatnsveitunni, skal greiða árlegan vatnsskatt, er nemi 0.1% af fasteignamati húsanna, þó aldrei minna en kr. 3 000.00 fyrir einbýlishús.
Fyrir hverja íbúð í fjölbýlishúsi kr. 3 000 00. Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, svo sem verksmiðjur, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, gistihús, frystihús o. fl., skal greiða aukavatnsskatt, er nemi 0.2% af fasteignamati húsanna, ef vatn er ekki selt eftir mæli samkvæmt 9. gr.

2. gr.

9. gr. orðist svo:

Vatnsveitunefnd er heimilt að setja upp mæla hjá þeim fyrirtækjum eða einstaklingum, sem nota mikið vatn og skal þá greiða kr. 10 00 fyrir hvern teningsmetra vatns, auk þess vatnsskatts sem um er getið í 8. gr. Vatnsveitunefnd sér um uppsetningu og útvegun mælanna, en vatnsnotandi skal greiða árlega mælaleigu að fjárhæð kr. 3 000.00.

3. gr.

10. gr. orðist svo:

Sé vatn ekki selt eftir mæli samkv. 9. gr., er heimilt að innheimta aukavatnsskatt sem hér segir: Af hverri tunnu uppsaltaðrar síldar kr. 7.50, af hverju máli (síld) sem lagt er upp til bræðslu kr. 23.00, af hverri smálest af frystum landbúnaðar- og fiskafurðum kr. 100.00, af hverri smálest af saltfiski kr. 20.00, af hverri kind, sem slátrað er, kr. 3.00.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

30. ágúst 1978. Nr. 349.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 455/1975 um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Lyfjaeftirlitið hefur eftirlit með sölu og varðveislu hættulegra efna í lyfjabúðum, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum, sbr. reglugerð um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna nr. 479/1977.

2. gr.

2. málsgr. 5. gr. orðist svo:

Heilbrigðiseftirlitið skal þannig hafa eftirlit með sölu og varðveislu hættulegra efna, sem eru á boðstólum í verslunum, sbr. ákvæði reglugerðar um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna nr. 479/1977.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 24. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. ágúst 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

15. september 1978. Nr. 350.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 9 frá 19. janúar 1967 um holræsi á Þórshöfn.

5. gr. orðist svo:

Kostnaður við holræsagerð hreppsins greiðist af holræsagerðinni og til þess að standa straum af kostnaði við lagningu og viðhald holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á eða lóðarréttindi við götu, sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 0.1% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en kr. 3 000.00 af húsi eða hluta húss, sem talin er sér í fasteignamati, enda sé skolplögn að viðkomandi húseign eða húshluta.

Gjöld samkvæmt grein þessari er hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 351. 30. ágúst 1978.

REGLUR

um íþróttarými o. fl. í grunnskóla.

Samkvæmt reglugerð frá 30. ágúst 1978, um stofnkostnað skólamannvirkja, skal framlag ríkissjóðs miðast við stærð byggingar.

Um hámarksstærð þess skólahúsnæðis, sem ríkissjóður tekur þátt í að byggja samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar, gilda reglur þær sem birtar voru sem fylgiskjöl með reglugerð nr. 159/1969 með eftirfarandi breytingum og viðbótum:

Leikfimirými.

Leikfimisalir 202½ m² í skólum með a. m. k. eina bekkjardeild í hverjum árgangi og allt að 50 kennslustundir á viku í leikfimi samkvæmt námsskrá.

Leikfimisalir 405 m² í skólum með 51—80 kennslustundir á viku.

Leikfimisalir 607½ m² í skólum með 81—120 kennslustundir á viku.

Leikfimisalir 810 m² í skólum með yfir 120 kennslustundir á viku.

Öryggissvæði leikvallar er innifalið í framangreindum tölum, þ. e. bil frá leikfleti að vegg.

Leikfimisalir 135 m² í skólum þar sem tveimur eða þremur aldursárgöngum er kennt saman og bekkir eru minnst tveir.

Áhaldageymsla 20 m² við hverja salareiningu.

Útiáhaldageymsla 15 m² við hverja salareiningu.

Varðarherbergi 8 m² við 202½ m² sal eða stærri.

Búningsherbergi:
2 á 20 m² 40 m² við 135 m² sal.
2 á 25 m² 50 m² við hverja 202½ m² salareiningu.

Bað og þurrkherb. 20 m² við 135 m² sal.

Bað og þurrkherb. 25 m² við hverja 202½ m² salareiningu.

Skó- og útifatageymsla 12 m² við eina salareiningu og 10 m² á hverja salareiningu til viðbótar.

Kennaraherbergi 8 m² fyrir fyrstu 30 kennslustundir í leikfimi á viku og 5 m² fyrir hverjar byrjaðar 30 kennslustundir umfram það.

Áhorfendasvæði 30 m² auk tilskilins fylgirýmis á hverja salareiningu.

Annað rými íþróttasalar 13% af sal og fylgirými, sbr. framangreint.

Veggir íþróttarýmis 11% af sal, fylgirými og öðru rými.

Félags- og samkomuaðstaða o. fl.

Samkomu- og matsalur 50 m^2 að viðbættum 0.25 m^2 á nemanda í skólum með tvær eða fleiri bekkjardeildir. Miðað er við að í salnum fari fram tónlistarkennsla að því marki sem við verður komið.

Leiksvið 30 m^2 að viðbættum 0.05 m^2 á nemanda.

Stólageymsla 20 m^2 að viðbættum 0.02 m^2 á nemanda.

Eldhús 31 m^2 + 0.05 m^2 á nemanda allt að 250 nemendum.

Eldhús 34 m^2 + 0.04 m^2 á nemanda séu þeir 250 og allt að 500.

Eldhús 54 m^2 séu nemendur 500 eða fleiri. Eldhús þessi eru miðuð við matarframreiðslu og er geymslurými meðtalið í stærðunum. Í heimavistarskólum og heimanaksturskólum, þar sem nemendur eiga að fá heita máltíð, komi í eldhúsi 0.45 m^2 til viðbótar á nemanda umfram 50 í fullu fæði (tvær heitar máltíðir) og 0.3 m^2 í matargeymslum fyrir hvern nemanda í fullu fæði. Í skólum, er kenna matreiðslu, skal eldhús þetta einnig notað í því skyni að því marki sem við verður komið og bætist þá við það rými fyrir geymslu á kennsluefni og kennslugögn.

Herbergi nemendaráðs og nemendafélaga:
12 m^2 fyrir allt að 250 nemendur.
15 m^2 fyrir 250 og allt að 500 nemendur.
20 m^2 fyrir 500 nemendur eða fleiri.

Herbergi umsjónaraðila 12 m^2 í skólum með 80 nemendur eða fleiri.

Geymsla umsjónaraðila:
10 m^2 fyrir 120 og allt að 250 nemendur.
12 m^2 fyrir 250 nemendur eða fleiri.

Söluskáli nemenda 5 m^2.

Geymslur v/söluskála:
3 m^2 séu nemendur allt að 80.
5 m^2 séu nemendur 80 og allt að 250.
7 m^2 séu nemendur 250 eða fleiri.

Setustofa og annað rými til tómstundaiðju 25 m^2 að viðbættum 0.1 m^2 á nemanda.

Fjölnýtisalur 100 m^2 í skólum sem ekki hafa leikfimisal og samkomusal skv. reglum þessum.

Fjölnýtisalur 100 m^2 viðbót við húsrými fyrir samkomusal þar sem sveitarfélag óskar eftir að fjölnýtisalur komi í stað einnar leikfimisalareiningar, t. d. vegna fjarlægðar frá íþróttahúsi.

Heimilt er, ef sveitarfélag óskar þess, að sameina í einn sal rými það sem ætlað er til samkomuhalds og fyrir leikfimisal.

Fjölnýtisali skal að gerð og búnaði miða við þau margvíslegu afnot sem um er að ræða.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 30. ágúst 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

SAMÞYKKT

um lokun sölubúða í Ólafsfjarðarkaupstað.

1. gr.

Sölubúðum í Ólafsfjarðarkaupstað skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal almennum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 18.00 og eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9.00 árdegis næsta virka dag. Þó skulu frá þessu þær undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13.00. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 24.00. Síðasta laugardag fyrir jól eða annan virkan dag skömmu fyrir jól skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 22.00. Á laugardögum í desember skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 18.00 en aðra laugardaga ársins til kl. 16.00. Áföstudögum er heimilt að halda búðum opnum til kl. 22.00.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudaginn í ágúst mega engar almennar sölubúðir vera opnar samanber þó 4. og 5. gr.

4. gr.

Ákvæði samþykktar þessarar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Bæjarstjórn getur leyft að vikið sé frá framangreindum ákvæðum um lokunartíma sölubúða þannig, að heimilt sé að selja í gegnum söluop, sem hér segir:

Á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl frá kl. 8.00 til kl. 22.00 og ennfremur föstudaga og laugardaga til kl. 23.30. Á tímabilinu frá 1. maí til 30. september frá kl. 8.00 til kl. 23.30.

c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- eða skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvara er um hönd höfð.

e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því að þeir raski eigi ró bæjarbúa og séu hvorki þeim, né öðrum sem fara um bæinn, til óþæginda.
f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Eskifjarðar staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 160/1973 um sama efni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. nóvember 1978.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

7. nóvember 1978. Nr. 399.

REGLUR

um búnað íslenskra skipa vegna varna gegn olíumengun sjávar.

1. gr.
Svið.

1.1. Þar sem annað er ekki sérstaklega tekið fram, skulu reglur þessar gilda um skip, sem smíðuð eru eftir gildistöku þeirra, þ. e. ný skip, svo og um gömul skip að því marki sem aðrar greinar reglnanna gera ráð fyrir.
1.2. Reglurnar skulu gilda fyrir öll skip, sem nota olíu sem eldsneyti og fljótandi fargögn sem flytja olíu lausa í farmi.
1.3. Reglurnar fjalla um búnað skipa til varnar gegn olíumengun sjávar frá daglegum rekstri þeirra.

2. gr.
Almenn ákvæði.

2.1. Olíuflutningaskip 150 brl. og stærri, skulu búin olíu-vatns skiljara til þess að hreinsa olíublandaða kjölfestu farmgeyma séu farmgeymar notaðir jöfnum höndum undir olíufarm og kjölfestu. Þá skal vera í skipinu söfnunargeymir nægilega stór til þess að taka við a. m. k. sem svarar 1/100 af hámarks olíufarmi skipsins, og skal hann taka við þeirri olíu sem hreinsuð er frá kjölfestunni með skiljaranum.
2.2. Í olíuflutningaskipum minni en 150 brl., sem sigla með kjölfestu í farmgeymum, skulu gerðar allar þær ráðstafanir sem telja verður mögulegar og framkvæmanlegar til þess að tryggja sem best að olíuinnihald kjölfestunnar, sem losuð er í sjó, sé ekki meira en 100 hlutar í milljón hlutum blöndunnar (hím).

2.3. Öll skip, 400 brl. og stærri, skulu búin olíu-vatns skiljara eða skiljurum til þess að hreinsa olíu úr austri vélarrúms og nægilega stórum söfnunargeymi fyrir olíuúrgang þann sem verður til við hreinsunina.

2.4. Ákvæði 2.3. greinar skulu einnig ná til allra skipa 300—400 brl. að stærð, séu þau smíðuð eftir gildistöku reglnanna.

2.5. Í gömlum skipum minni en 400 brl. að stærð og nýjum skipum minni en 300 brl., skulu gerðar allar þær ráðstafanir, sem telja verður mögulegar og framkvæmanlegar til þess að tryggja sem best að olíuinnihald í austri eða úrgangi sem losaður er í sjó, sé ekki hærra en 100 hím.

2.6. Í öllum skipum, sem nota miðflóttaaflsskilvindur til hreinsunar á eldsneyti og smurolíu um borð, skal vera geymir fyrir þennan úrgang, sorageymir, þó er heimilt að nota í þessum tilgangi söfnunargeymi þann, sem um getur í 2.3. grein.

2.7. Í öllum skipum skal vera búnaður til þess að dæla olíu og olíuúrgangi úr söfnunar-, sora- og set-geymum upp á efra þilfar og til móttökustöðva í landi.

2.8. Öll skip stærri en 300 brl. skulu eigi síðar en að liðnum 12 mánuðum frá gildistöku þessara reglna hafa um borð olíuskýrslubók í því formi, sem gildandi alþjóðasamþykkt um varnir gegn olíuóhreinkun sjávar segir til um.

2.9. Færa skal skýrt og skilmerkilega í olíuskýrslubókina allar þær athafnir um borð í skipinu, sem olíuskýrslubókin gerir ráð fyrir að færðar séu í hana.

3. gr.
Teikningar og eftirlit.

3.1. Áður en hafist er handa um uppsetningu á búnaði þeim sem hér um ræðir skulu Siglingamálastofnun ríkisins sendar teikningar í 3 eintökum af fyrirkomulagi búnaðarins til samþykktar.
Teikningarnar skulu sýna eftir aðstæðum:

a) Stærð, gerð og staðsetningu olíu-vatns skiljara og dælubúnaðar við skiljarann.
b) Staðsetningu, stærð og gerð set-geyma og röralagnir til og frá þeim.
c) Stærð söfnunar- og sorageyma ásamt röralögnum.
d) Fyrirkomulag til losunar á innihaldi söfnunar-, sora- og set-geyma frá borði til móttökustöðva í landi.

3.2. Verktaki sá, sem tekur að sér að annast verk viðkomandi búnaði skipa til varnar gegn olíumengun sjávar, skal tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins, þegar byrjað er á verkinu og þegar því er lokið, vegna eftirlits.

4. gr.
Olíu-vatns skiljari.

4.1. Olíu-vatns skiljarar, sem settir eru í skip eftir gildistöku þessarar reglna, skulu hafa hlotið viðurkenningu Siglingamálastjóra, byggða á prófun skv. ályktun A. 393 (X) frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni.

4.2. Siglingamálastjóri getur viðurkennt án sérstakrar prófunar olíu-vans skiljara sem hlotið hafa viðurkenningu opinberra aðila í öðrum löndum. Til þess að svo megi verða, verður að senda til Siglingamálastjóra fullnægjandi skýrslu um prófun hinna opinberu aðila, niðurstöður prófunarinnar og afrit af viðurkenningarskírteininu.

4.3. Eigendur skipa, sem þegar hafa olíu-vatns skiljara, skulu innan 12 mánaða frá gildistöku reglnanna senda inn til siglingamálastjóra teikningar af fyrirkomulagi skiljarans, söfnunargeyma og losunarbúnaðarins, sm.br. 3.1. grein reglnanna til samþykktar.

5. gr.
Set-geymar.

5.1. Í skipum þar sem ekki er gerð bein krafa um olíu-vatns skiljara um borð til þess að hreinsa olíu úr austri eða kjölfestu, er heimilt að nota set- geyma í stað skiljara og söfnunargeyma.

5.2. Set-geymar skulu gerðir með það fyrir augum að flýta fyrir aðskilnaði olíu og vatns. Frágangur þeirra skal vera þannig, að auðvelt sé að dæla vatni (sjó) undan þeim og olíu úr þeim upp á þilfar skipsins og til móttökustöðva í landi.

5.3. Stærð set-geyma ræðst í hverju tilfelli eftir aðstæðum, og er gerð þeirra og stærð háð samþykki siglingamálastjóra sm.br. 3.1. grein reglnanna.

6. gr.
Söfnunar- og sorageymar.

6.1. Söfnunargeymar skulu atka við olíu, sem skilin hefur verið frá austri og olíuúrgangi frá skilvinduhreinsun á olíu, ef ekki er sérstakur sorageymir um borð.

6.3. Sorageymar skulu taka við úrgangi frá skilvinduhreinsun á eldsneytis- og smurningsolíum um borð.

6.4. Mögulegt skal vera að hella olíu beint úr ílátum á söfnunargeyma.

6.5. Heildarstærð söfnunargeyma fyrir olíu úr austri skal í hvreju skipi vera a. m. k. eins og hér er greint:

Stærð skips brl.	Heildarstærð söfnunargeyma m³
— 300	0,5
300— 500	1,0
500— 1 000	2,0
1 000— 3 000	3,0
3 000—10 000	5,0

6.4. Heildarstærð sorageyma fyrir olíuúrgang frá skilvindum skal í hverju skipi ekki vera minni en sú stærð, sem ákvarðast af eftirfarandi líkingu:

$$S = \frac{2.10 \times P \times K}{100\,000} \text{ m}^3$$

Þar sem S = stærð geymis í m³

Þar sem P = afl aðalvélar skipsins í hö.

Þar sem K = dagafjöldi lengstu hugsanlegrar siglingar.

6.5. Séu olíuskilvindur sjálfhreinsandi (automatískar), skulu sorageymslur sm.br. 6.4. grein vera þannig útbúnar, að hægt sé á auðveldan hátt að hleypa vatni undan þeim.

7. gr.
Búnaður til losunar á olíu og olíuúrgangi í land.

7.1. Öll skip skulu þannig útbúin, að þau geti dælt olíu eða olíuúrgangi frá söfnunargeymum eða set-geymum til móttökustöðva í landi.

7.2. Búnaður þessi skal vera dæla og lögn frá geymum upp á efra þilfar skipsins og á enda lagnarinnar staðlaður flans, eins og greint er frá í eftirfarandi töflu:

Lýsing.	Stærð.
Ytra þvermál.	215 mm.
Innra þvermál.	Samkvæmt ytra þvermáli röralagnar.
Þvermál hrings í miðju á boltagötum.	183 mm.
Boltagöt.	6 boltagöt 22 mm að þvermáli. Skulu þau vera með jöfnu millibili innbyrðis staðsett á hring sem hefur ofanritað þvermál og skorin út úr ytri brún flansins. Þvermál raufar 22 mm.
Flansþykkt.	20 mm.
Boltar og rær: fjöldi, þvermál.	6 stk. 20 mm að þvermáli og nægilega langir.

7.3. Siglingamálastjóri getur þó viðurkennt annað fyrirkomulag á hinum staðlaða flansi skv. 7.2 gr., ef ljóst er að það hamlar ekki móttöku olíunnar í landi.

8. gr.
Refsingar.

8.1. Brot gegn reglum þessum varða sektum.

9. gr.
Gildistaka.

9.1. Reglur þessar eru settar skv. lögum nr. 77 10. maí 1966 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar frá 1962 á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954 og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávar, staðfestast hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. nóvember 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 400. 9. nóvember 1978.

ERINDISBRÉF

fyrir nefnd skv. lögum nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra.

1. gr.

Nefndin fjallar um nám þeirra kennara og skólastjóra sem lög nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra taka til, eftir því sem óskað er og þörf krefur.

2. gr.

Nefndin metur námið í námseiningum þar sem hver eining jafngildir fullri námsvinnu einnar viku. Skal miðað við meðalafköst í námi og taka í því sambandi

mið af námslengd og námsskipan í K.H.Í., H.Í. og öðrum stofnunum hérlendis sem mennta kennara.

3. gr.

Nefndin metur fyrst og fremst nám þeirra sem ekki hafa ótvíræð réttindi til starfa á því skólastigi sem þeir hyggjast starfa á skv. þeim prófum sem þeir hafa tekið, sbr. ákvæði laganna um einstök próf.

Sá sem leitar eftir úrskurði nefndarinnar skal senda ráðuneytinu fullnægjandi gögn um nám sitt.

4. gr.

Niðurstaða matsins skal leiða í ljós hvað hlutaðeigandi kennara skortir til að öðlast full kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi. Við matið skal fyrst og fremst taka tillit til þess hluta námsins sem ætla má að nýtist beint eða óbeint í kennslustarfinu.

5. gr.

Kennarar, sem auka við menntun sína hérlendis eða erlendis með því að sækja námskeið eða stunda nám á annan hátt, skulu fá þessa menntun viðurkennda, ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

a) að um hafi verið að ræða markvisst nám sem stuðlar að aukinni starfshæfni kennarans.
b) að fyrir liggi matshæf gögn varðandi námið.
c) að matsnefnd fallist á gildi námsins.

6. gr.

Nefndin leitar umsagnar kennarasamtaka þegar hún telur sérstakar ástæður til þess.

7. gr.

Nefndin kveður sérfræðinga í einstökum greinum eða í skólastarfi sér til aðstoðar eða leitar eftir umsögn þeirra eftir því sem hún telur nauðsynlegt.

Menntamálaráðuneytið, 9. nóvember 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

6. nóvember 1978. Nr. 401.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1978:

Óverkaður saltfiskur.

Stórfiskur nr. 1	kr. 684
Millifiskur nr. 1	— 642
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 547
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 505

Verð þessi eru f.o.b. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Sölтuð ufsaflök.

15/20 FF	kr. 812
15/20 AB	— 687
21/25 FF	— 785
21/25 AB	— 664
26/30 FF	— 757
26/30 AB	— 640
31/35 FF	— 728
31/35 AB	— 616
36/40 FF	— 701
36/40 AB	— 593

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verður 5%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. nóvember 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 402. 10. nóvember 1978.

REGLUGERÐ

fyrir Vinnuheimili S.Í.B.S. að Reykjalundi.

1. gr.

Stofnunin er eign S.Í.B.S., og rekin af því, svo sem nánar greinir í reglugerð þessari. Fjárhagur hennar er aðskilinn öðrum fjármálum sambandsins.

2. gr.

Starfssvið stofnunarinnar er læknisfræðileg, atvinnuleg og félagsleg endurhæfing og vinna við vernduð störf.

3. gr.

Berkla- og brjóstholssjúklingar skulu hafa forgang samkvæmt lögum S.Í.B.S. að ¼ hluta vistrýmis og skjólstæðingar Geðverndarfélags Íslands samkvæmt sérstökum samningi.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum, einum kjörnum af þingi S.Í.B.S., tveim kosnum úr hópi stjórnar sambandsins, og tveim kjörnum samkv. lögum nr.

57/1978 um heilbrigðisþjónustu, þ. e. a. s. af starfsmannaráði og viðkomandi sveitarstjórn.

Sömu aðilar kjósa jafnmarga varamenn.

Stjórnin skal kosin til tveggja ára eftir hvert reglulegt sambandsþing.

Stjórn stofnunarinnar heldur fundi svo oft, sem þörf krefur og skulu fundargerðir hennar bókaðar.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum og er fundur lögmætur ef meira en helmingur stjórnarinnar situr fund.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og yfirlækni í samráði við sambandsstjórn S.Í.B.S. Framkvæmdastjóri og yfirlæknir ráða annað starfsfólk og ákveða kjör í samráði við stjórn stofnunarinnar.

6. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Stjórn stofnunarinnar skal gæta þess, að vörubirgðir, peningar og aðrar eignir séu rétt taldar um áramót. Reikningar stofnunarinnar skulu lagðir fyrir sambandsstjórn, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, til samþykktar.

7. gr.

Stjórnin ákveður laun og hámarksvinnutíma þeirra sem vinna vernduð störf.

8. gr.

Yfirlækni og framkvæmdastjóra er heimilt að vísa þeim vistmanni burt af heimilinu, sem með hegðun sinni veldur truflunum eða verður uppvís að vanrækslu við störf sín.

9. gr.

Stjórn S.Í.B.S. getur breytt reglugerð þessari að fenginni umsögn eða tillögu stjórnar og yfirlæknis stofnunarinnar, enda verði breytingar staðfestar af heilbrigðismálaráðuneytinu.

10. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með skv. lögum nr. 57/1978 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 12 24. janúar 1945 með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. nóvember 1978.

Magnús H. Magnússon.

Jón Ingimarsson.

20. október 1978. Nr. 403.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Njarðargata verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Hringbraut og Sólcyjargötu.

2. Frakkastígur verður aðalbraut milli Skólavörðustígs og Njálsgötu, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Njálsgötu.
3. Stöðvunarskylda fyrir hægri beygju af Litluhlíð til vesturs inn á Hafnarfjarðarveg verður felld úr gildi, en í staðinn komi biðskylda.
4. Akstur annarra ökutækja en strætisvagna verður bannaður um stíg milli Hjallavegs og Flúðasels.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. nóvember 1978.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. október 1978.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 404. 27. apríl 1978.

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla skólaárið 1978—1979.

	Bekkur								
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.
Móðurmál					9	8	6	5	5
Stærðfræði					5	5	5	5	5
Saga, félagsfræði, landafræði	16	16	18	20					
Kristinfræði					7	7			
Líffræði, eðlis- og efnafræði							14	14	
Heimilisfræði									
Tónmennt									
Mynd- og handmennt	4	4	6	8	6	6			
Danska					3	3	3	4	4
Enska						3	4	4	4
Íþróttir[1]	2	2	2	2	3	3	3	3	3
Valgreinar									10—16
Nem. stundir	22	22	26	30	33	35	35	35	31—37
Skiptistundir			2	3	3	3	4	5	
Kenn. stundir	22	22	28	33	36	38	39	40	

1 Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund.

1) Stundaskrárviðmiðun þessi kemur í stað auglýsingar nr. 184/1977 um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk skólaárið 1976—77.
   Auk þess vísast til aðalnámskrár grunnskóla og ennfremur til gagna varðandi kennslu í einstökum greinum sem skólum verða send.
2) Miðað við stundaskrárviðmiðun fyrir skólaárið 1977—78, þá hafa eftirtaldar breytingar verið gerðar:
   a) Fjöldi kennslustunda í einstökum greinum er ekki tiltekinn nema í 5.—9. bekk í móðurmáli, stærðfræði og dönsku, í 6.—9. bekk í ensku og í íþróttum í öllum bekkjum. Að öðru leyti er aðeins tilgreint um stundafjölda í greinaflokkum og getur hver skóli um sig ákveðið kennslu í einstökum greinum innan þess ramma sem tilgreindur er. **Þó er ekki heimilt að fella niður kennslu í námsgrein nema þá tímabundið og að höfðu samráði við hlutaðeigandi fræðslustjóra.**

b) Fjöldi vikulegra nemendastunda í 7. og 8. bekk hefur verið lækkaður úr 37 stundum í 35 stundir og lágmarksfjöldi vikustunda í 9. bekk úr 33 stundum í 31 stund. Einnig hefur nemendastundum í 4. bekk verið fækkað um eina. Hins vegar hefur verið fjölgað um 2 stundir í 1. bekk og 1 stund í 2. bekk.

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum stundum til valgreina í 8. bekk. Þó er heimilt að gefa nemendum kost á þeim ef skólar telja að unnt sé að fullnægja markmiðum námskrár með færri stundum en tilgreint er í stundaskrárviðmiðuninni. Þetta skal þó ekki gert nema að höfðu samráði við fræðslustjóra.

c) Skiptistundir eru ætlaðar til að skipta bekkjum í kennslustundum t. d. heimilisfræði, mynd- og handmennt o. fl. greinum. Er bent á að tímabundin skipting bekkja getur verið hagkvæm t. d. þegar byrjað er á nýrri námsgrein og má í því sambandi benda á dönsku í 4. bekk, ensku í 6. bekk o. s. frv. Enda þótt þessar stundir séu skráðar í 3.—8. bekk er heimilt að nýta þær í 1. og 2. bekk ef henta þykir aðfengnu samþykki fræðslustjóra.

3) Auk þeirra stunda sem tilgreindar eru í töflunni fær hver skóli kennarastundir til ráðstöfunar sem nemur einni vikustund á hverja 25 nemendur í hverjum aldursárgangi í 1.—8. bekk, að svo miklu leyti sem þær rúmast innan hámarksákvæða 9. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla. Þessar stundir eru ætlaðar til námsaðgreiningar t. d. með því að skipta bekkjardeild í kennslu þegar tilteknir námsþættir eru kenndir eða með frjálsu viðbótarnámi hvorttveggja án þess að föst stundaskrá nemenda lengist fyrir vikið. Heimilt er skólastjóra, ef hann telur sérstaka ástæðu til, að flytja hluta umræddra stunda milli aldursárganga.

4) Skólastjórar skulu gera áætlun um skiptistundir vegna valgreina í 8. og 9. bekk og fá hana samþykkta af hlutaðeigandi fræðslustjóra. Sama gildir um kennarastundir til ráðstöfunar sbr. 4. tölulið.

5) Námsgreinum í 9. bekk er skipt í tvo flokka, kjarna og valgreinar. Í kjarna eru þessar greinar: móðurmál, stærðfræði, enska, danska og íþróttir, og skulu allir nemendur taka þær.

Valgreinar eru:

a) Saga, félagsfræði og landafræði ..... 4 stundir
b) Líffræði, eðlis- og efnafræði ..... 4 stundir
c) Mynd- og handmennt ..... 4 stundir
d) Aðrar greinar ..... 8 stundir

Í flokknum aðrar greinar eru m. a. þessar:

Kynning atvinnuvega,
viðskiptagreinar,
vélfræði,
heimilisfræði,
tækniteiknun,
tónmennt — hljóðfæraleikur — kórstarf.

Að sjálfstögðu geta einstakir skólar bætt við þennan lista ef þeir vilja gefa nemendum sínum kost á fleiri greinum. Hér er einkum lögð áhersla á verklegt nám og kynningu atvinnuveganna. Í þessu sambandi er sérstaklega bent á að nýta sem best þá aðstöðu sem er fyrir hendi til kennslu í heimilisfræði.

Nemendur skulu velja annað hvort sögu, félagsfræði og landafræði 4 st. eða líffræði, eðlis- og efnafræði 4 st. Nemendur geta einnig valið báðar grein-

arnar, samtals 8 st. Þar að auki skulu þeir velja greinar skv. c- og d-lið 8 st. minnst og 12 st. mest.

Í valgreinum skal meðalfjöldi nemenda eigi vera lægri en 17 og í einstökum námshópum skulu eigi vera færri nemendur en 12.

Tiltekið val í 9. bekk takmarkar ekki möguleika nemenda til framhaldsnáms að því tilskildu að þeir hafi fullnægt þeim lágmarkskröfum um námsárangur sem gerður er til inngöngu í framhaldsskóla.

6) Á sama hátt og undanfarin ár en stundaskráin gerð þannig að í öllum bekkjum er miðað við 40 mínútna stundir. Þrátt fyrir þessa 40 mínúna viðmiðun er heimilt að hafa einstakar kennslustundir lengri eða skemmri, t. d. allt frá 20 mín. og upp í 80 mín., eftir því sem heppilegt er talið frá kennslufræðilegu sjónarmiði og með hliðsjón af þeim viðfangsefnum sem unnið er að.

Þess skal þó gætt að heildarfjöldi kenndra stunda á viku sé að jafnaði sá sem stundaskráin tilgreinir.

7) Æskilegt er, og í sumum tilvikum skylt, að veita nemendum fræðslu um tiltekin atriði sem ekki koma fyrir í námsefni einstakra greina, t. d. umferðarmál, fíknilyf, kynlíf o. fl. Þessar greinar eru þess eðlis að þær er hagkvæmast að kenna á námskeiðum, löngum eða stuttum eftir atvikum. Er ekkert við það að athuga þótt vikulegur fjöldi kennslustunda víki um skeið nokkuð frá því sem stundaskráin ákveður ef þess er gætt að meðalstundafjöldi hvers nemanda á viku yfir allt skólaárið sé sem næst því sem tilgreint er.

Þá skal leitast við að halda uppi kórstarfi svo og fjölbreyttu félagsstarfi. Stundir til þessarar starfsemi getur skóli tekið af kvóta sínum samkvæmt 10. og 14. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla.

8) Stærð aldursflokka er víða þannig að mikil óhagkvæmni verður í rekstri skóla ef viðmiðunarstundaskrá er fylgt nákvæmlega. Það skal því endurtekið að stundaskrána ber að skoða sem viðmiðun en ekki nákvæmt fyrirmæli. Samkennsla mismunandi árganga, eða bekkjardeilda í sama árgangi í vissum greinum, er kennsluform, sem víða er beitt með góðum árangri, bæði í litlum og stórum skólum. Þessi tilhögun gerir kröfu um aukna samvinnu kennara en býður upp á fjölbreytni og aukinn sveigjanleika í skólastarfi auk þess að þær stundir sem skólar hafa til ráðstöfunar nýtast í mörgum tilvikum betur. Ekki er unnt að gefa neinar algildar reglur í þessu efni og er nauðsynlegt að kennarar þreifi sig áfram um hagkvæmar leiðir.

Hér á eftir fer dæmi um hugsanlega stundaskrá fyrir skóla með fáa nemendur.

Nemendum er skipt í þrjár deildir, þ. e. yngri deild 7—9 ára, eldri deild 10—12 ára og unglingadeild 13—15 ára.

	y-deild	e-deild	u-deild
Móðurmál	16	9	5
Stærðfræði		5	5
Saga, félagsfræði, landafræði		7	14
Kristinfræði			
Líffræði, eðlis- og efnafræði			
Heimilisfræði			
Tónmennt	5	6	
Mynd- og handmennt			
Danska		3	4
Enska			4
Íþróttir[1]	2	3	3
Valgreinar			
	23	33	35

Þegar kennsla hefst í ensku hjá 12 ára börnum verður að fella niður kennslu í annarri grein í staðinn. Sama gildir um valgreinar í unglingadeildum.

Með þessari skiptingu fá nemendur kennslu í jafnmargar vikustundir á 9 árum og stundaskráin gerir ráð fyrir.

9) Fagnámstjórar menntamálaráðuneytisins, eða sérstakir trúnaðarmenn þess, leiðbeina við kennsluáætlanir, námsefni og kennslu í einstökum greinum. Rétt er að skólastjórar og kennarar snúi sér beint til þessara aðila eftir því sem þörf krefur og ástæða þykir til.

10) Óski skóli eða skólahverfi eftir því að gera tilraunir í sambandi við kennslu skal umsókn um leyfi til slíks send menntamálaráðuneytinu fyrir maílok, ásamt greinargerð fyrir ástæðum til nýbreytninnar, kennsluskipan, kennslukröftum og kostnaðaráhrifum.

Athugasemd þessi á við breytingar sem eru verulegar og víkja frá gildandi námskrá og reglugerðarákvæðum. Um önnur og smærri frávik, sjá 3. lið.

11) Minnt skal á að nemendum er heimilt að þreyta próf í norsku eða sænsku og sleppa dönsku í staðinn. Þess er tæplega að vænta að grunnskólar geti að jafnaði boðið nemendum kennslu í öðru Norðurlandamáli en dönsku, en skólastjórar og kennarar eru beðnir að vera þeim nemendum, sem ekki læra dönsku, til aðstoðar við að skipuleggja sjálfsnám, eða annað nám sem þeir kunna að eiga kost á því máli sem þeir leggja stund á.

12) Ákvæði laga um grunnskóla nr. 63/1974 um kennslutíma o. fl. koma ekki að fullu til framkvæmda fyrr en eftir nokkurn tíma, enda gerir 88. gr. laganna ráð fyrir því að lögin komi til framkvæmda „svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntamálaráðuneytisins þó eigi síðar en innan 10 ára frá gildistöku".

Að því er varðar vikulega stundaskrá nemenda í 1.—9. bekk grunnskóla og kennsluskipan innan ramma hennar koma ákvæði laga um grunnskóla til framkvæmda á skólaárinu 1977—1978 að því marki sem tilgreint er í aðalnámskrá grunnskóla og þessari auglýsingu ásamt skýringum.

Lenging skólaskyldu úr 8 árum í 9 kemur ekki til framkvæmda að svo stöddu sbr. 88. gr. grunnskólalaga og ákv. til bráðabirgða.

Í menntamálaráðuneytinu, 27. apríl 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

14. nóvember 1978. Nr. 405.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur Yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið að framreikningsstuðull fyrir skráð matsverð allra fasteigna í landinu skuli vera 1.42.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð skv. þeim framreikningsstuðli, sem

ákveðinn hefur verið skv. framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignaskrár innihalda einnig þær matsbreytingar er Fasteignamat ríkisins hefur framkvæmt á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldri mötum og vegna úrskurða á kærum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Hefur fjármálaráðherra staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skrám Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1978.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 441/1977 frá 27. desember þess árs.

Fjármálaráðuneytið, 14. nóvember 1978.

Tómas Árnason.

Gunnlaugur Claessen.

Nr. 406. 3. nóvember 1978.

REGLUGERÐ

um fasteignaskráningu og fasteignamat.

1. gr.

Skráning á fasteignum skal fela í sér nýjustu upplýsingar sem tiltækar eru um eftirtalin atriði, sem fasteign varðar, auk nauðsynlegra greinitalna hverrar fasteignar:

1. Upplýsingar um land:
   Nafn lands.
   Flatarmál lands, eftir gæðaflokkum ef við á.
   Merki landa og lóða eða vísan til hvar þau eru skráð.
   Aðalnotkun.
   Aukanotkun.
   Réttindi til nota af öðru landi sem eigninni fylgir.
   Kvaðir, sem á eign hvíla.
   Hlunnindi.
   Tegund eignar- eða umráðaréttinda yfir landinu.
   Lok leigutíma, ef við á.
   Ársleiga, ef við á.
   Tilvitnun til mannvirkja á landinu.
   Matsverð.
2. Upplýsingar um mannvirki:
   2.1. Upplýsingar um mannvirki sem heild.
   Nafn mannvirkis, ef það er annað en lóðar.
   Aðalnotkun.
   Aukanotkun.
   Gerð, eftir nánari ákvörðun.
   Byggingarár.
   Byggingarstig, ef við á.

Byggingarefni.
Byggingarlag, fjöldi hæða o. þ. h.
Fjöldi skráningarhluta.
Grunnflatarmál mannvirkis.
Gólfflatarmál mannvirkis.
Rúmmál mannvirkis.
Tegund hitunarkerfis (ofnar, lofthitun, geislahitun)
Hitagjafi (heitt vatn, olía, kol, rafmagn).
Tenging við rafveitu.
Tenging við vatnsveitu.
Tenging við skolpveitu.
Sameign.
Matsverð, ef ekki er um fleiri sérgreinda hluta mannvirkis að ræða.

2.2. Upplýsingar um sérgreinda hluta mannvirkis.
Nafn, ef við á.
Greinitala skráningarhluta mannvirkis.
Rúmmál og flatarmál skráningarhluta.
Aðalnotkun.
Aukanotkun.
Byggingarstig, samkvæmt nánari ákvörðun.
Ásigkomulag.
Tegund eignar- og umráðaréttinda yfir skráningarhluta.
Matsverð.

2.3. Sérstakar upplýsingar um íbúðir.
Fjöldi herbergja.
Eldhús.
Eldunaraðstaða.
Baðherbergi.
Snyrting.
Sérþvottahús.
Lofthæð.

3. Upplýsingar um eigendur og/eða umráðamenn, sem skráðar skulu um land og mannvirki eða skráningarhluta mannvirkis, eftir því sem við á.
Nafn eiganda og nafnnúmer eða fyrirtækisnúmer.
Nafn umráðamanns og nafnnúmer eða fyrirtækisnúmer.
Nafn ábúanda og nafnnúmer eða fyrirtækisnúmer.
Nöfn eigenda annarra réttinda yfir hinni skráðu eign ásamt nafnnúmeri eða fyrirtækisnúmeri.
Þar sem um er að ræða leigjendur skal skráning takmörkuð við leigjendur að heilum skráningarhlutum.

4. Sérgreindar upplýsingar um bújarðir.
Nafngreina skal eiganda jarðar og ábúanda. Einnig skal tilgreina nöfn eigenda annarra réttinda yfir hinni skráðu eign ásamt nafnnúmeri eða fyrirtækisnúmeri. Að auki skulu skráðar upplýsingar, sem varða búskaparstöðu og legu gagnvart þjónustu, eftir því sem henta þykir.

2. gr.

1. Í lok hvers árs skal Fasteignamat ríkisins gefa út fasteignaskrá til nota fyrir opinbera aðila, og geymi hún nýjustu upplýsingar um skráningu og mat fasteigna.

2. Fasteignaskrá skal greina:
   2.1. Heiti eignar og greinitölu. Ennfremur skal lýsa því hvernig eignar- og afnotarétti sé háttað, án þess þó að rétthafar séu þar nafngreindir, svo sem hvort land er einstaklingseign eða í eigu bæjar- eða sveitarfélaga og hvort land er leigt eða í afnotum eigenda sjálfra. Þá skal og tilgreina sér, eftir því sem heimildir leyfa:
   2.1.1. Í sveitum: Stærð og matsverð túna og annarrar ræktunar. Matsverð á öðru landbúnaðarlandi, hlunnindum, íbúðarhúsum og loks öllum útihúsum sem ætluð eru til búskapar.
   2.1.2. Í þéttbýli: Stærð og matsverð sérskráðs lands og matsverð hvers matshluta á hinu sérskráða landi. Á sama hátt skal skrá þær fasteignir utan þéttbýlis, sem ekki tilheyra búrekstri, svo sem sumarbústaði, skóla, samkomuhús o. fl.
   2.2. Byggingarefni, aldur.
   2.3. Loks skal, eftir því sem við verður komið, birta nöfn og nafnnúmer þinglýstra eigenda viðkomandi fasteignar samkvæmt upplýsingum viðkomandi sveitarstjórnar, sbr. 9. gr. laga nr. 94/1976.

3. gr.

1. Allar fasteignir á landinu, sem ekki eru sérstaklega undanteknar skv. 4. gr. reglugerðar þessarar, skulu metnar til peningaverðs.
2. Í samræmi við nánari reglur í 5.—9. gr. skal meta land og mannvirki, sem við það eru skeytt, ásamt hvers konar verðmætum er fylgja samkvæmt ákvæðum laga og samninga eða öðrum gildum heimildum. Með slíkum verðmætum skulu talin umráð og not annarra fasteigna, svo sem ítök og ískyldur, sbr. nánar í 5. mgr. 8. gr.
3. Meta skal hús og önnur mannvirki þótt eigi fylgi réttindi yfir landi, en geta skal greinilega þessarar aðstöðu um lóðarréttindin.
4. Þótt fasteign sé undanþegin mati, skal yfirleitt greina hana á fasteignamatsskrá og upplýsingar um hana samkvæmt nánari fyrirmælum Fasteignamats ríkisins, sbr. 5. gr. og 3. mgr. 9. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna.
5. Halda skal mannvirki á fasteignaskrá uns það er rifið með öllu eða fjarlægt á annan hátt.
6. Eigi sjaldnar en á 8—10 ára fresti skal gera sérstaka athugun á upplýsingum, er varða skráningu og mat einstakra fasteigna.

4. gr.

Þessar eignir eru undanþegnar fasteignamati:

1. Vegir, götur og torg sem eru í eigu ríkis- eða sveitarfélaga, og ætluð eru almenningi til umferðar án endurgjalds, ásamt tilheyrandi landsvæðum og mannvirkjum í þágu samgangna, svo sem brúm, ljósastólpum, götuvitum, umferðarskiltum, vegvísum, gjaldmælum og biðskýlum.
2. Hvers konar svæði í eigu ríkis eða sveitarfélaga, sem ætluð eru til fegrunar eða í þágu almennings til umferðar eða dvalar án endurgjalds.
3. Rafveitur, þ. á m. línur til flutnings raforku ásamt burðarstólpum og spennistöðvum. Meta skal eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir aflstöðvar og spennistöðvar, og þær lóðir, er þau standa á.
4. Vatnsveitur, þ. á m. brunnar, geymar og dælubúnaður. Skólpveitur, þ. á m. skólpleiðslur og hreinsibrunnar.
5. Uppfyllingar og dýpkanir til hafnarbóta, ásamt bryggjum og hafnargörðum, ef höfn er eign hafnarsjóðs samkvæmt hafnalögum nr. 45/1973, eða ríkis eða

sveitarfélags. Land á hafnarsvæði, sem ekki er í beinum tengslum við hafnargerðina, er ekki undanþegið mati né heldur dráttarbrautir, þurrkvíar eða önnur slík mannvirki, þótt í eigu framangreinds aðila sé.
6. Flugbrautir flugvalla í eigu opinberra aðila, ásamt brautarljósum og öðrum búnaði flugbrauta, svo sem aðflugs- og lendingartækjum, og ennfremur þau landsvæði umhverfis flugbrautir, sem eru ónýtanleg vegna flugumferðar.
7. Lönd, sem í samræmi við gildandi reglur hafa verið ákveðin greftrunarstaðir manna, ásamt mannvirkjum sem eru í beinum tengslum við það markmið.
8. Fjarskiptavirki í eigu opinberra aðila, en meta skal þó eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir fjarskiptavirki, svo og lóðir og lönd, sem fjarskiptavirki eða hús yfir þau standa á.
9. Mannvirki í afnotum eða forráðum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku, svo og lóðir og lendur, sem því hefur verið lagt til samkvæmt ákvæðum laga nr. 110/1951.
10. Vitar.

5. gr.

1. Taka skal til sjálfstæðs mats, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, hverja lóð og land, sem vegna sérgreinds eignar- eða afnotaréttar, hagnýtingar, auðkenningar eða merkja, þykir eðlilegt að telja afmarkaða eind, sbr. nánari reglur í 2.—10. mgr. þessarar greinar.
2. Hver jörð, sem hefur sérstök bæjarhús og afskipt tún og engi, skal metin sér til verðs, hvort sem hún telst lögbýli eða eigi og hvort hún er býli byggt úr landi annarrar jarðar eða eigi.
3. Eyðijarðir og óbyggðar lóðir og lendur skal meta sér til verðs, sbr. ennfremur 6. og 7. mgr.
4. Meta skal sérstaklega ítök og önnur fasteignaréttindi, er ekki fylgja neinni ákveðinni fasteign, svo sem vatnsréttindi, námuréttindi, veiðiréttindi, beitarréttindi og jarðhitaréttindi, sem seld hafa verið undan jörðum og hefðu verið metin með jörðum, ef aðskilnaður hefði ekki átt sér stað. Því aðeins skal meta slík réttindi, að þau verði talin arðgæf, þegar mat fer fram.
5. Afréttarlönd, sem eru í eigu sveitarfélaga eða sameign fleiri jarða og aðallega eru notuð til upprekstrar, skal ekki meta sérstaklega, en taka skal upprekstrarréttinn til greina við mat þeirra jarða, sem hann eiga. Sama á við um skilaréttir og gangnamannakofa.
6. Lönd, sem eru í erfðafestu, skal meta sér, hvort sem mannvirki hafa verið reist þar eða eigi.
7. Meta skal sér allar eignar- og leigulóðir, svo og hvers konar eignar- og leigulönd, þar á meðal sumarbústaðalönd.
8. Meta skal sér íbúðir fjölbýlishúsa, sbr. lög nr. 59/1976, ásamt hlutdeild í lóð og annarri sameign, enda liggi skipting fyrir í þinglýstum heimildum. Að fullnægðu síðastgreindu skilyrði, skal einnig í öðrum tilvikum taka til sjálfstæðs mats einstaka hluta mannvirkja, sem vegna sérgreinds eignarréttar eða sérstakrar notkunar er eðlilegt að fara með sem sjálfstæðar eindir.
9. Þrætusvæði milli fasteigna má meta sér í lagi.
10. Nú rís ágreiningur um, hvort um sérstaka fasteign sé að ræða eða ekki, og sker þá Yfirfasteignamatsnefnd úr.

6. gr.

1. Mati skal haga þannig, að tilteknir þættir fasteignar séu metnir til grunnverðs, en síðan skal meta gangverð eignar í heild.
2. Hús og önnur mannvirki skulu metin ásamt fylgifé sínu. Til fylgifjár teljast

þeir munir, sem tilheyra mannvirki samkvæmt þeirri notkun, sem það er ætlað til, og almennt er gengið út frá að fylgi mannvirki af því tagi, sem um er að ræða. Til fylgifjár teljast þó ekki, þótt skeyttar séu við fasteign, vélar né önnur tæki til atvinnurekstrar né heldur heimilisvélar, að frátöldum eldavélum.

3. Mannvirki í byggingu skal að jafnaði meta einu sinni á ári miðað við það ásigkomulag, sem þau eru þá í. Mannvirki eða einstaka hluta þeirra skal þá fyrst taka í fasteignamat, er þeir teljast fokheldir.
4. Mannvirki, sem horfa fyrst og fremst til aukinna nota og arðs af landi, svo sem vegir, brýr og girðingar, eða horfa almennt til bættrar búskaparaðstöðu, eins og vatnsleiðslur og raflínur til bæja, skulu eigi metin sérstaklega, en við mat á landi skal tekið tillit til aukins verðmætis, sem frá mannvirkjunum stafar.

7. gr.

1. Mati til grunnverðs skal haga þannig, að einstakir þættir fasteignar séu metnir til verðs, sbr. 2.—5. mgr. þessarar greinar.
2. Meta skal verð lands og lóða til grunnverðs með hliðsjón af líklegu söluverði sambærilegs lands í því héraði, sem um er að ræða. Skal þar tekið tillit til hvers konar kosta á hagnýtingu eignar að frátöldum hlunnindum, er meta á sérstaklega til grunnverðs skv. 5. mgr. þessarar greinar. Við mat lands og lóða til frumverðs, skal gæta matssjónarmiða samkvæmt 8. gr. reglugerðar þessarar, eftir því, sem við á.
3. Meta skal mannvirki til grunnverðs með því að miða við byggingarkostnað (endurstofnverð) samsvarandi mannvirkis. Taka skal tillit til ásigkomulags mannvirkis, fyrst og fremst áhrifa aldurs miðað við byggingarefni, viðhald og byggingarlag.
4. Tún og önnur ræktun landbúnaðarlands skal metin á grundvelli endurræktunarkostnaðar.
5. Hlunnindi af veiði, reka, dún-, eggja- og fuglatekju svo og jarðhita skal að jafnaði meta til grunnverðs með því að tífalda árlegan nettóarð, sem af þeim fæst eða telja má eðlilegt að af þeim mætti hafa.

8. gr.

1. Mat fasteignar í heild skal miða við það gangverð, umreiknað til staðgreiðslu, sem líklegt er að hún mundi hafa í kaupum og sölum. Auk grunnverðs, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar, skal einkum hafa til hliðsjónar þau atriði sem talin eru í 2.—6. mgr. þessarar greinar.
2. Hafi fasteign verið seld eða verið metin vegna lántöku, vátryggingar eða af öðrum ástæðum á síðustu tíu árum áður en mat fór fram, skal hafa hliðsjón af því sölu- eða matsverði, en gæta skal almennra breytinga á verðlagi fasteigna, sem orðið hafa frá virðingar- og söludegi til matsdags. Þá skal tekið tillit til lánskjara við sölu og verðmætis útgefinna skuldabréfa. Á sama hátt má hafa hliðsjón af mats- og söluverði fasteigna í grendinni.
3. Taka skal tillit til tekna, sem af fasteign stafa, landfræðilegrar legu hennar og afstöðu til annarra fasteigna. Ennfremur legu fasteignar við samgöngum, viðskiptum og atvinnurekstri og hagnýtingarkostum hennar með hliðsjón af því og almennum ákvæðum löggjafar um byggingar- og skipulagsmál, vegalögum og hvers konar friðunarlöggjöf,, svo og ákvörðun þeirra stjórnvalda, er um slík málefni fjalla. Eigi skal taka tillit til sérstakra ákvæða eða reglna um hámarkssöluverð fasteigna.
4. Taka skal til greina landshætti alla á þeim stað, þar sem fasteign er, þróun atvinnumála þar, svo og það, hvernig þar er háttað viðskiptum, samgöngum,

menntunaraðstöðu, heilbrigðisþjónustu og hvers konar þjónustu annarri af hálfu hins opinbera eða einkaaðila.

5. Við mat á gangverði fasteignar skal eigi taka tillit til veðskulda, sem hvíla á fasteign, né heldur leigukjara, ef fasteign er leigð, nema að því leyti, sem slíkt er til upplýsingar um gangverð eignar. Til kvaðar skal taka tillit með þeim hætti, að hún sé metin til lækkunar á verði hinnar kvaðarbundnu eignar, en rétthafa til eignar, eftir atvikum með því að hækka verð þeirrar fasteignar, sem ítak eða annar slíkur réttur fylgir.
6. Mat lóða skal miðast við sennilegt söluverð slíkra lóða í því þéttbýlishverfi, sem um er að ræða, enda sé lóðin hæf til tilætlaðra nota, svo sem byggingar íbúarhúss, iðnaðarhúss eða fyrir annan atvinnurekstur. Skal leitast við að finna út lóðarverð í viðkomandi hverfi. Ber við slíkt almennt mat að taka tillit til þeirra atriða, sem hafa almennt áhrif á lóðarverð í hverfinu, svo sem afstöðunnar milli íbúðarhúsa og atvinnuhúsnæðis, þéttbýlis umhverfis viðskiptahverfi, samgangna, venjubundinnar aðsóknar almennings að einstökum verslunarhverfum, hagnýtingar og hagnýtingarkosta með hliðsjón af almennum ákvæðum laga um byggingar- og skipulagsmál og ákvörðunum yfirvalda, sem um slík málefni fjalla. Þá ber að taka tillit til þess tilkostnaðar, sem það hefur haft í för með sér að gera lóð hæfa til þeirra nota, sem hún er í. Við mat lóða skal fylgt sömu grundvallarreglum hvort sem um er að ræða eignarlóð eða leigulóð.
7. Við sjálfstætt mat sérstakra hluta mannvirkis, sbr. 8. mgr. 5. gr., skal taka tillit til þess, ef afnot einstaks eða einstakra hluta verður að telja verðmætari en not mannvirkis að öðru leyti, svo sem vegna betri aðstöðu til hagnýtingar legu lóðar við verslun og viðskiptum.
8. Bújarðir skulu metnar miðað við notkun þeirra til búskapar, á meðan þær eru nýttar þannig, en fullt tillit skal taka til hlunninda og annarra sérstakra verðmæta.
9. Skráð matsverð fasteignar skal vera gangverð, umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði haft í kaupum og sölum í nóvembermánuði næsta á undan matsgerð. Við útreikning staðgreiðsluverðs skal miða við raunverulegt verðmæti lána, sem tíðkast að veitt séu á hluta kaupverðs við sölu. Skal þar taka tillit til þess, hvernig peningamálum er háttað á hverjum tíma, svo og öðrum aðstæðum sem máli skipta.

9. gr.

1. Heildarmatsverð fasteignar skv. 8. gr. skal eftir því sem við á, skipta niður í eftirtalda þætti:
   1. Matsverð lands eða lóðar.
   2. Matsverð ræktunar, þegar um landbúnaðarland er að ræða.
   3. Matsverð hlunninda.
   4. Matsverð mannvirkja.
2. Við skiptingu matsverðs samkvæmt þessari grein skal þess gætt, að mismunur á verðmæti fasteigna vegna mismunandi legu komi eftir því, sem efni standa til, fram í mismunandi land- eða lóðarverði.

10. gr.

1. Fasteignamati ríkisins er heimilt að ráða í fullt starf með þriggja mánaða uppsagnarfresti fimm umdæmisfulltrúa, er starfi hver um sig í eftirtöldum umdæmum utan Reykjavíkur:

1. Í umdæmi, sem nær yfir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslur og Ísafjarðarsýslur og alla kaupstaði á svæðinu.
2. Í umdæmi, sem nær yfir Strandasýslu, Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslur og alla kaupstaði á svæðinu.
3. Í umdæmi, sem nær yfir Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýslu og alla kaupstaði á svæðinu.
4. Í umdæmi, sem nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Vestmannaeyjar og alla kaupstaði á svæðinu.
5. Í umdæmi, sem nær yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu og alla kaupstaði á svæðinu.

2. Umdæmisfulltrúar skulu aðstoða Fasteignamat ríkisins við öflun upplýsinga um fasteignir og við mat þeirra, eftir nánari ákvörðun stofnunarinnar.
3. Fasteignamat ríkisins ákveður aðsetur og starfsaðstöðu umdæmisfulltrúa, að fengnu samþykki fjármálaráðherra.
4. Fasteignamat ríkisins getur með samþykki fjármálaráðherra ákveðið fjölgun umdæma samkvæmt þessari grein svo og breytt mörkum umdæma með öðrum hætti.

11. gr.

1. Til að auðvelda Fasteignamati ríkisins gagnasöfnun, sbr. 13. gr. laga nr. 94/1976, til úrvinnslu upplýsinga um gangverð fasteigna við kaup og sölu og breytingar á því, er skylt bæði fasteignasölum og öðrum aðilum, er milligöngu kunna að hafa um fasteignaviðskipti, að senda Fasteignamati ríkisins samrit allra kaupsamninga strax og þeir hafa verið gerðir. Kaupsamningar skulu innihalda, svo eigi verði um villst, lýsingu hinnar seldu eignar og staðsetningu.

2. Kaupsamningar skulu einnig hafa að geyma heildarsöluverð eignar og greiðsluskilmála, s. s. sundurliðun á veittum lánum og yfirteknum skuldum, lánstíma og vaxtakjör, útgáfudag fjárskuldbindinga svo og upphaflegar fjárhæðir skulda og eftirstöðva þeirra við gerð kaupsamnings.

3. Nafnnúmer aðila skulu tilgreind svo og greinitölur fasteignar.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 94 20. maí 1976, um skráningu og mat fasteigna, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 301 10. desember 1969, um fasteignamat og fasteignaskráningu.

Fjármálaráðuneytið, 3. nóvember 1978.

Tómas Árnason.

Gunnlaugur Claessen.

Nr. 407 10. nóvember 1978.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Dyrhólahöfn í Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Takmörk Dyrhólahafnar eru:

Sjónhending úr Skorpunefi á syðsta odda Skershala, þaðan til vesturs sjónhending á nyrsta horn Lundadrangs, þaðan sjónhending til norðurs á syðsta horn

Tóarnefs á Dyrhólaey, og fylgir síðan bjargbrún að afmörkuðu landssvæði hafnarinnar.

2. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins. Hún kýs á fyrsta fundi sínum 3ja manna hafnarstjórn og jafnmarga til vara og skipar formann nefndarinnar og varaformann. Formaður hafnarstjórnar boðar til funda í hafnarstjórn og stýrir þeim.

Kjörtímbil hafnarstjórnar skal vera hið sama og sýslunefndar.

Hafnarvörður eða sá, sem sér um daglegan rekstur hafnarinnar, á sæti á fundum hafnarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Sýslunefnd ræður hafnarvörð eftir tillögu hafnarstjórnar og setur honum erindisbréf, þar sem verksvið hans er ákveðið. Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón annast hafnarvörður í samráði við hafnarstjórn.

4. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur í höfnina, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð þar. Hann skal vera kunnugur ákvæðum hafnarreglugerðarinnar.

5. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni, svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmanns ber að hlýða þegar í stað.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu eða affermingu eða öðrum störfum, sem þar eru unnin.

7. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn setur í samræmi við 26. gr. hafnarlaga nr. 45/1973 og samgönguráðuneytið staðfestir.

8. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, tækjum hennar og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur ekki honum í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

9. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðisins má ekki gera nein mannvirki, nema fyrir liggi umsögn hafnarstjórnar þar að lútandi.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000, nema þyngri refsing liggi við.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

11. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Samgönguráðuneytið, 10. nóvember 1978.

Ragnar Arnalds.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 408.

REIKNINGUR

Iðnlánasjóðs árið 1977.

Rekstrarreikningur árið 1977.

Gjöld:

Vextir	kr. 70 301 200	
Vísitölugreiðslur	— 25 052 510	
Lántökugjöld	— 9 000 000	
		kr. 104 353 710
Rekstrarkostnaður		— 28 957 956
Framlag til hagrannsókna		— 8 250 000
Afskrifað gengistap		— 13 751 658
Afskriftir af húsbúnaði		— 102 000
Tekjuafgangur		— 641 028 003
		Kr. 796 443 327

Tekjur:

Vextir	kr. 252 280 099	
Vísitöluálag	— 27 177 647	
Lántökugjöld	— 16 015 500	
		kr. 295 473 246
Innborgað iðnlánasjóðsgjald		— 340 736 721
Fjárveiting ríkissjóðs		— 150 000 000
Innborgað framleiðslugjald af áli		— 10 233 360
		Kr. 796 443 327

Efnahagsreikningur 31. desember 1977.

Eignir:

Vélalán 1. janúar 1977	kr. 949 309 192	
+ Útlán 1977	— 684 458 000	
	kr. 1 633 767 192	
÷ Afborganir 1977	— 168 631 430	
		kr. 1 465 135 762

Byggingalán 1. janúar 1977	kr.	927 997 174	
+ Útlán 1977	—	620 200 000	
	kr.	1 548 197 174	
÷ Afborganir 1977	—	76 730 502	
			— 1 471 466 672
Lausaskuldalán 1. janúar 1977	kr.	8 186 187	
÷ Afborganir	—	3 432 750	
			— 4 753 437
Hagræðingarlán 1. janúar 1977	kr.	3 585 755	
÷ Afborganir 1977	—	1 584 015	
			— 2 001 740
Verðbréf			— 18 005 599
Víxlar			— 5 384 666
Stofnfé Útflutningslánasjóðs			— 75 000 000
Hlutabréfaeign í Fjárfestingarfélagi Íslands			— 7 000 000
Áhöld og húsbúnaður			— 309 500
Gengismunur 1. janúar 1977	kr.	56 782 531	
Gengistap 1977	—	11 975 757	
	kr.	68 768 288	
÷ Afskrifað nú	—	13 751 658	
			— 55 006 630
			Kr. 3 104 064 006

Skuldir:

Framkvæmdasjóður Íslands			kr. 959 721 857
Iðnþróunarsjóður[1])			— 111 285 739
Skuldir við banka			— 8 266 668
Sérskuldabréfalán:			
v/lausaskuldalána	kr.	5 427 225	
v/hagræðingarlána	—	20 000	
			— 5 447 225
Óútborgað af veittum lánum			— 6 575 967
Þinglestur og stimpilgjöld			— 11 300
Skuld á bankareikningum			— 8 491 943
Stofnsjóður 1. janúar 1977	kr.	1 363 235 304	
+ tekjuafgangur	—	641 028 003	
			— 2 004 263 307
			Kr. 3 104 064 006

Veiðarfæradeild.

Rekstrarreikningur árið 1977.

Gjöld:

Vaxtagjöld	kr.	568 000
Tekjuafgangur	—	29 564 232
	Kr.	30 132 232

1) Skuld við Iðnþróunarsjóð hefur verið færð til skráðs gengis á Bandaríkjadollar 31. des. 1977. Gengistap, sem myndast, er afskrifað um ⅕, með hliðsjón af því, að útlánsvextir sjóðsins voru hækkaðir um ½% árið 1970 til að vega upp á móti hugsanlegu gengistapi vegna þessara lána.

Tekjur:

Vaxtatekjur	kr.	8 748 000	
Vísitöluálag	—	639 232	
Lántökugjöld	—	354 000	
			kr. 9 732 232
Verðföfnunargjald af veiðarfærum			— 20 400 000
			Kr. 30 132 232

Efnahagsreikningur 31. desember 1977.

Eignir:

Veiðarfæralán 1. jan. 1977	kr.	57 957 209	
+ Útlán 1977	—	25 000 000	
	kr.	82 957 209	
÷ Afborganir 1977	—	6 342 259	
			kr. 76 614 950
Innistæða			— 21 595 730
			Kr. 98 210 680

Skuldir:

Framkvæmdasjóður Íslands			kr. 2 800 000
Sérsjóður 1. jan. 1977	kr.	65 846 448	
+ tekjuafgangur 1977	—	29 564 232	
			kr. 95 410 680
			Kr. 98 210 680

Reykjavík, 27. febrúar 1978.

IÐNLÁNASJÓÐUR

Framkvæmdastjórnin

Bragi Hannesson. **Pétur Sæmundsen.**

Við undirritaðir endurskoðendur Iðnlánasjóðs og Veiðarfæradeildar Iðnlánasjóðs höfum yfirfarið reikninga sjóðsins ásamt fylgiskjölum, borið saman við bækur sjóðsins, svo og athugað bækur sjóðsins, útlán, verðbréf og bankainnstæður og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 27. febrúar 1978.

Bjarni Björnsson. **Ingólfur Finnbogason.**

Með tilvísun til yfirlýsingar endurskoðenda Iðnlánasjóðs, samþykkir stjórn sjóðsins reikningana.

Reykjavík, 6. mars 1978.

Gunnar S. Björnsson. **Gunnar J. Friðriksson.** **Þorvarður Árnason.**

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum í desember 1978 og janúar 1979.

1. gr.

Á tímabilinu frá 15. desember 1978 til 9. janúar 1979 að báðum dögum meðtöldum eru allar loðnuveiðar bannaðar.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. nóvember 1978.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.

23. október 1978. Nr. 410.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Strandasýslu um flutning þingstaðar í Fellshreppi í Strandasýslu.

„Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi 3. ágúst sl. og ósk hreppsnefndar Fellshrepps í Strandasýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Stóra-Fjarðarhorni í Broddanesskóla frá og með 1. janúar 1979 enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt húsrými til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar."

23. október 1978. Nr. 411.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um flutning þingstaðar í Hvítársíðuhreppi.

„Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 12. þ. m. og ósk hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps í Mýrasýslu veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Sámsstöðum í félagsheimilið að Stóra-Ási enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt húsrými til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður til frekari birtingar."

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups Íslands um að Knappsstaðasókn sameinist Barðssókn í Skagafjarðarprófastsdæmi.

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, háæruverðugi herra, varðandi beiðni sóknarmanna í Knappsstaðasókn að Knappsstaðasókn í Skagafjarðarprófastsdæmi verði sameinuð Barðssókn í sama prófastsdæmi.

Með skírskotun til tillagna yðar, svo og samþykkta safnaðafunda í báðum sóknum og samþykktar héraðsfundar Skagafjarðarprófastsdæmis, tekur ráðuneytið fram, samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla o. fl. að það samþykkir framangreinda ráðstöfun, þannig að Knappsstaðasókn skuli sameinast Barðssókn í Skagafjarðarprófastsdæmi."

Nr. 413. 27. nóvember 1978.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, að undanskyldum fæðingarstyrk, skv. 16. gr., skulu hækka um 6.12% frá 1. des. 1978 frá því sem þær voru í nóv. 1978. Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

Hámark tekjutryggingar (uppbót á lífeyri) samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skal hækka um 9% frá sama tíma. Skertar tekjutryggingar umreiknast samkvæmt því.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. nóvember 1978.

Magnús H. Magnússon.

Jón Ingimarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 — 1978

4. desember 1978. 839 Nr. 414.

REGLUGERÐ

um umferðarmerki og notkun þeirra.

I. UMFERÐARMERKI.

1. gr.

Umferðarmerki skiptast í þessa flokka:

A. Viðvörunarmerki.
B. Bannmerki.
C. Boðmerki.
D. Leiðbeiningarmerki.

A. Viðvörunarmerki.

2. gr.

Viðvörunarmerkjum er ætlað að vekja athygli vegfarenda á því, að vegur sé hættulegur, eða á einhverri sérstakri hættu á vegi.

Viðvörunarmerki skal vera jafnhliða þríhyrningur með rauðum jaðri og gulum miðfleti. Eitt af hornum þríhyrningsins skal snúa upp, nema á merki A 6, þar skal eitt hornið snúa niður. Á gula fletinum skal vera svartlituð táknmynd þeirrar hættu, sem framundan er.

Viðvörunarmerki skulu, eftir því sem þörf þykir, glituð eða lýst þannig, að þau sjáist vel í myrkri.

Stærð viðvörunarmerkja skal vera sem hér segir:

A. Venjuleg gerð: Lengd hliðarlínu 70 sm. Breidd jaðars 7 sm.
B. Stærri gerð: Lengd hliðarlínu 90 sm. Breidd jaðars 9 sm.

3. gr.

Viðvörunarmerki eru þessi:



A 1 Hættuleg beygja til hægri.

Merki þetta ber að nota fyrir framan einstaka hægri beygju, sem hættuleg er vegna legu vegarins, eða þar sem vegsýn er stutt.



A 2 Hættuleg beygja til vinstri.

Merki þetta ber að nota fyrir framan einstaka vinstri beygju, sem er hættuleg vegna legu vegarins, eða þar sem vegsýn er stutt.

B 107

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.



A 3 Hættulegar beygjur, sú fyrsta til hægri.
Merki þetta ber að nota fyrir framan vegarkafla, þar sem tvær eða fleiri hættulegar beygjur eru, hvor eða hver nálægt annarri. Ef beygjur eru fleiri en tvær, skal tilgreina lengd hins hættulega vegarkafla á undirmerki.



A 4 Hættulegar beygjur, sú fyrsta til vinstri.
Merki þetta ber að nota fyrir framan vegarkafla, þar sem tvær eða fleiri hættulegar beygjur eru, hvor eða hver nálægt annarri. Ef beygjur eru fleiri en tvær, skal tilgreina lengd hins hættulega vegarkafla á undirmerki.



A 5 Vegamót.
Merki þetta má nota, þar sem nauðsynlegt þykir, áður en komið er að vegamótum, þar sem almennur umferðarréttur gildir, enda sé útsýn slæm eða aðrar ástæður mæli sérstaklega með notkun merkisins. Ekki skal nota merkið í þéttbýli, nema sérstakar ástæður mæli með því.



A 6 Biðskylda.
Merki þetta ber að nota við veg, ef umferð á honum skal skilyrðislaust víkja fyrir umferð þess vegar, sem ekið er inn á eða yfir.







A 7—9 Vegamót, þar sem umferð af hliðarvegi víkur.
Merki þessi má nota, áður en komið er að vegamótum, þar sem þeim ber að víkja, sem af hliðarvegi kemur, enda séu merkin A 6 eða B 19 við hliðarveginn.



A 10 Hringakstur.
Merki þetta má nota, þegar torg með hringakstri er framundan og sérstakar ástæður valda því, að viðvörunar er þörf.



A 11 Börn.
Merki þetta ber að nota, þar sem nauðsynlegt þykir að ökumenn sýni sérstaka aðgæslu í grennd við skóla, leikvelli eða aðra slíka staði, þar sem vænta má ferða barna. Merkið ber einnig að nota, þar sem ekið er inn á leikgötu.



A 12 Gangbraut framundan.
Merki þetta má nota til þess að vara við því að gangbraut sé framundan, enda sé útsýn takmörkuð eða umferð að jafnaði hröð. Merkið má á sama hátt nota þar sem göngusvæði er framundan, einkum utan þéttbýlis.



A 13 Reiðmenn.
Merki þetta má nota til þess að vara við því að reiðvegur yfir veg sé framundan og þar sem sérstök ástæða er til að vara við umferð hestamanna.



A 14 Vegur mjókkar.
Merki þetta ber að nota, þar sem nauðsynlegt þykir að benda á, að vegur mjókki verulega.



A 15 Vegur mjókkar frá hægri.
Merki þetta ber að nota, þar sem nauðsynlegt þykir að benda á, að vegur mjókki verulega á þann hátt, sem merkið sýnir.



A 16 Vegur mjókkar frá vinstri.

Merki þetta ber að nota, þar sem nauðsynlegt þykir að benda á, að vegur mjókki verulega á þann hátt, sem merkið sýnir.



A 17 Vegavinna.

Merki þetta ber að nota, þegar nauðsynlegt þykir að benda á stað, þar sem unnið er að framkvæmdum á vegi.



A 18 Brött brekka niður á við.

Merki þetta ber að nota, ef nauðsynlegt þykir, áður en komið er að brattri brekku, og aðstæður að öðru leyti fela í sér hættu. Hallinn skal tilgreindur í hundraðshlutum.



A 19 Brött brekka upp á við.

Merki þetta ber að nota, ef nauðsynlegt þykir, áður en komið er að brattri brekku, og aðstæður að öðru leyti fela í sér hættu. Hallinn skal tilgreindur í hundraðshlutum.



A 20 Ósléttur vegur.

Merki þetta má nota, áður en komið er að vegarkafla eða stað á vegi með bundnu slitlagi, þar sem miklar ójöfnur eru á yfirborði akbrautar. Merki má einnig nota, ef þurfa þykir, þar sem malarvegur tekur við af vegi með bundnu slitlagi.



A 21 Grjóthrun. Snjóflóð.

Merki þetta má nota til þess að vekja athygli á grjóthrunshættu, grjóti, sem falið hefur á akbraut, eða hættu á snjóflóði.



A 22 Umferðarljós.
Merki þetta má nota, þar sem æskilegt þykir, áður en komið er að stað, þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum.



A 23 Lágflug.
Merki þetta má nota til þess að vekja athygli á því, að loftfar, sem hefur sig til flugs eða lendir á flugvelli nálægt vegi, kunni að fljúga lágt yfir hann.



A 24 Tvístefnuakstur.
Merki þetta ber að nota, þegar æskilegt þykir að vekja athygli á tvístefnuakstri á vegarkafla, sem kemur í beinu framhaldi af einstefnuakstursvegi.



A 25 Jarðgöng.
Merki þetta má nota til að vekja athygli á jarðgöngum, sem eru framundan.



A 26 Sleipur vegur.
Merki þetta má nota til þess að vara við stað á vegi eða vegarkafla, þar sem hætta getur verið á, að vegur sé mjög sleipur eða háll. Merkið skal þó ekki nota, þar sem hálka er, nema sérstakar ástæður mæli með því.



A 27 Önnur hætta.
Merki þetta ber að nota, þar sem ástæða þykir til að vara við hættu, annarri en að framan hefur verið getið. Gera skal nánari grein fyrir hættunni með undirmerki eða með tákni á merkinu sjálfu. Merkið má og nota án undirmerkis með öðru umferðarmerki, ef ástæða þykir til að vara sérstaklega við hættu.

B. Bannmerki.

4. gr.

Bannmerkjum er ætlað að banna eða mæla fyrir um umferð.

Bannmerki skal vera hringlaga með rauðum jaðri og gulum miðfleti, að undanskildum merkjunum B 2, B 19, B 21—24, B 27 og B 33. Á hinum gula fleti skal merkið skýrt nánar með táknmynd eða svörtu letri.

Bannmerki skulu, eftir því sem þörf þykir, glituð eða lýst þannig, að þau sjáist vel í myrkri.

Stærð bannmerkja skal vera sem hér segir:

A. Venjuleg gerð: Þvermál 60 sm, Breidd jaðars 6 sm.
B. Stærri gerð: Þvermál 80 sm. Breidd jaðars 8 sm.
C. Minni gerð: Þvermál 40 sm. Breidd jaðars 4 sm.

Merkið B 19 skal vera að breidd 70 sm með 3 sm jaðri, en stærri gerð 90 sm með 5 sm jaðri og minni gerð 60 sm með 2 sm jaðri.

Í þéttbýli má þvermál merkjanna B 21 og B 24 vera 25 sm og breidd jaðars 3 sm.

5. gr.

Bannmerki eru þessi:



B 1 Allur akstur bannaður.

Merki þetta ber að nota, þar sem umferð hvers konar ökutækja er bönnuð í báðar akstursáttir.



B 2 Innakstur bannaður.

Merki þetta ber að nota, þar sem umferð hvers konar ökutækja er bönnuð inn á veg.



B 3 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður.



B 4 Akstur vélknúinna ökutækja, annarra en tvíhjóla, bannaður.



B 5 Akstur vörubifreiða bannaður.
Ef bannið nær ekki til allra vörubifreiða, skal leyfð heildarþyngd letruð á undirmerki.



B 6 Akstur dráttarvéla og vinnuvéla bannaður.



B 7 Akstur bifhjóla bannaður.



B 8 Akstur beltabifhjóla bannaður.



B 9 Akstur léttra bifhjóla bannaður.



B 10 Akstur reiðhjóla og léttra bifhjóla bannaður.



B 11 Hestaumferð bönnuð.
Merki þetta ber að nota, þar sem bannað er að fara með hesta.



B 12 Umferð gangandi vegfarenda bönnuð.



B 13 Takmörkuð breidd ökutækja.
Leyfð breidd ökutækis skal letruð á merkið.



B 14 Takmörkuð lengd ökutækja.
Leyfð lengd ökutækis með eða án tengi- eða festivagns skal letruð á merkið.



B 15 Takmörkuð hæð ökutækja.
Leyfð hæð ökutækis skal letruð á merkið.



B 16 Takmörkuð heildarþyngd ökutækja.
Leyfileg heildarþyngd ökutækis skal letruð á merkið. Ef ökutæki dregur tengi- eða festivagn á takmörkunin við hvort ökutæki fyrir sig.



B 17 Takmörkuð heildarþyngd ökutækja með tengi- eða festivagn.
Leyfileg heildarþyngd ökutækis ásamt tengi- eða festivagni skal letruð á merkið.



B 18 Takmarkaður öxulþungi.
Leyfilegt hámark öxulþunga ökutækis skal letrað á merkið.



B 19 Stöðvunarskylda við vegamót.
Merki þetta skal setja við vegamót, þar sem ökumönnum ber skilyrðislaust að nema staðar og víkja fyrir umferð frá báðum hliðum.



B 20 Sérstök stöðvunarskylda.
Merki þetta má nota, þegar stöðva skal ökutæki annars staðar en við vegamót. Á neðri helming merkisins ber að letra skýringu á stöðvunarskyldu.



B 21 Bannað að leggja ökutæki.


Merki þetta ber að nota, þar sem bannað er að leggja ökutæki. Bannið tekur aðeins til þess vegarhelmings, sem merkið er á. Bannið gildir í aksturssteínu frá þeim stað, þar sem merkið er, og að næstu vegamótum. Ef bannið á ekki að ná að næstu vegamótum, má setja upp merki á þeim stað, þar sem banninu á að ljúka, og þar undir ör, sem snýr á móti aksturssteínunni. Ef bannið nær aðeins um skamman veg, má nota eitt merki með undirmerki, sem tilgreinir fjarlægðina. Ef þurfa þykir má árétta bannið með merki eða merkjum innan bannsvæðisins og þar undir örvum, sem vísa í báðar áttir. Nái bannið aðeins til ákveðinna tegunda ökutækja, skal velja undirmerki með upplýsingum um það. Þegar bannað er að leggja ökutækjum á ákveðnum dögum eða ákveðnum tíma dags, eða lengur en t.d. 30 mín., skal letra um það upplýsingar á undirmerki.

Merki þetta skal ekki nota, þar sem stöðumælar eru, en þeir gefa til kynna, að heimild til þess að leggja ökutæki sé takmörkuð við ákveðið tímabil gegn greiðslu.



B 22 Mörk svæðis, þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð.

Merki þetta ber að nota við akstursleiðir inn á svæði, þar sem bannað er að leggja ökutæki nema í takmarkaðan tíma. Nánari upplýsingar um takmörkun skulu letraðar á merkið.



B 23 Mörk svæðis, þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð.

Merki þetta ber að nota við akstursleiðir út af svæði, þar sem bannað er að leggja ökutæki nema í takmarkaðan tíma.



B 24 Bannað að stöðva ökutæki.

Merki þetta ber að nota, þar sem bannað er að stöðva ökutæki, enda sé stöðvun eigi nauðsynleg vegna annarrar umferðar. Hliðstæðar reglur gilda um notkun þessa merkis og um notkun merkisins B 21.



B 25 Skylt að víkja fyrir umferð, sem kemur á móti.
Merki þetta má nota við vegarkafla eða stað á vegi, þar sem aðstæður eru þannig, að ökutæki geta ekki mæst, og skylt er að víkja fyrir umferð, sem kemur á móti. Þegar merki þetta er notað, skal setja merkið D 5 upp við hinn enda vegarkafla eða hindrunar.



B 26 Hámarkshraði.
Merki þetta ber að nota til þess að sýna leyfðan hámarkshraða ökutækja. Skrá skal á merkið mesta leyfilegan hraða í kílómetrum á klukkustund. Þegar hraðamörk varða eingöngu ökutæki með ákveðinni leyfðri hámarksþyngd, skal það tilgreint á undirmerki.



B 27 Sérstakri takmörkun hámarkshraða lokið.
Merki þetta ber að nota, þar sem sérstakri takmörkun hámarkshraða lýkur.



B 28 Hægri beygja bönnuð.
Merki þetta má nota við vegamót, þar sem hægri beygja er bönnuð.



B 29 Vinstri beygja bönnuð.
Merki þetta má nota við vegamót, þar sem vinstri beygja er bönnuð.




B 30 U-beygja bönnuð.
Merki þetta ber að nota, þar sem bannað er að snúa ökutæki við á vegi. Merki, sem er sett við vegamót, táknar, að bannað sé að snúa ökutæki við á þeim vegamótum. Ella táknar merkið, að bannað sé að snúa ökutæki við fram að næstu vegamótum, nema annað komi fram á undirmerki.



B 31 Framúrakstur bannaður.
Merki þetta ber að nota, þar sem bannað er að aka fram úr öðrum vélknúnum ökutækjum en tvíhjóla.



B 32 Framúrakstur vörubifreiða bannaður.
Merki þetta ber að nota, þar sem vörubifreiðum með meiri leyfðri heildarþyngd en 3,5 tonn er bannað að aka fram úr öðrum vélknúnum ökutækjum en tvíhjóla.



B 33 Banni við framúrakstri lokið.
Merki þetta ber að nota, þegar banni við framúrakstri lýkur. Ef bannsvæði er stutt, má í stað þessa merkis nota merkin B 31 eða B 32 með undirmerki.

C. Boðmerki.

6. gr.

Boðmerkjum er ætlað að mæla fyrir um umferð.

Boðmerki skal vera hringlaga með hvítum jaðri og hvítu tákni á bláum fleti.

Boðmerki skulu, eftir því sem þörf þykir, glituð eða lýst þannig, að þau sjáist vel í myrkri.


Stærð boðmerkja skal vera sem hér segir:

A. Venjuleg gerð: Þvermál 60 sm.
B. Minni gerð: Þvermál 50 sm.

Heimilt er að nota merki, sem er 30 sm í þvermál, við umferðarljós og á umferðareyjum.


7. gr.

Boðmerki eru þessi:



C 1—8 Akstursstefnumerki.

Merki þessi má nota, þar sem mælt er fyrir um ákveðna akstursstefnu og má aðeins aka í þá átt eða þær áttir, sem örin eða örvarnar benda. Heimilt er að nota merkin C 6 og C 7 í stað merkjanna B 28 eða B 29, ef það er talið æskilegra.



C 9—11 Akbrautarmerki.
Merki þessi má nota til þess að benda ökumönnum á þá akbraut eða þann hluta akbrautar, sem þeir skulu nota. Þar sem merkið C 11 er sett, má aka þeim megin merkisins, sem ökumaður kýs.



C 12. Hringakstur.
Merki þetta má nota við hringtorg og sýna örvarnar þá átt, sem ekið skal í.



C 13 Hjólreiðastígur.
Merki þetta má nota við stíga, sem hjólreiðamenn skulu nota en ekki aðrir ökumenn.



C 14 Gangstígur.
Merki þetta má nota við stíga, sem gangandi vegfarendur skulu nota en ekki aðrir.



C 15 Reiðvegur.
Merki þetta má nota við vegi, sem hestamenn skulu nota en ekki aðrir.

D. Leiðbeiningarmerki.

8. gr.

Leiðbeiningarmerkjum er ætlað að gefa vegfarendum upplýsingar um ýmis atriði, sem telja má þýðingarmikil fyrir umferðina.

Leiðbeiningarmerki skal vera rétthyrndur ferhyrningur þannig sett, að tvær hliðar séu láréttar, þó skulu merkin D 3 og D 4 þannig sett, að eitt hornið snúi niður. Hengja má merkin yfir akbraut, ef hagkvæmt þykir.

Aðallitur leiðbeiningarmerkja skal vera blár, en tákn eða letur hvítt, svart eða rautt. Merkið D 2 skal þó vera blátt með svartri táknmynd á gulum fleti, D 3 gult og hvítt með svörtum ramma, D 4 gult og hvítt með svörtum ramma og svartri yfirstrikun, D28—34 gul með svörtu letri eða táknum, D 35 og D 36 blá með gulu letri og D 37 og D 38 skulu vera hvít með svörtu letri.

Leiðbeiningarmerki skulu, eftir því sem þörf þykir, glituð eða lýst þannig, að þau sjáist vel í myrkri.

Stærð leiðbeiningarmerkja skal háð samþykki vegamálastjóra utan kaupstaða og lögreglustjóra í kaupstöðum.

9. gr.

Leiðbeiningarmerki eru þessi:




D 1 Bifreiðastæði.

Merki þetta er notað til þess að sýna, hvar bifreiðastæði eru.



D 2 Gangbraut.

Merki þetta er notað við gangbraut og skal vera báðum megin akbrautar. Ef eyja er á akbraut, má merkið einnig vera þar.




D 3 Aðalbraut.

Merki þetta er notað til þess að gefa til kynna, að umferð frá hliðarvegi beri að víkja. Merkið er sett, þar sem aðalbraut byrjar, svo og við vegamót eftir því sem þurfa þykir, enda séu merkin A 6 eða B 19 sett við hliðarveginn.



D 4 Aðalbraut endar.

Merki þetta er notað, þar sem aðalbraut endar. Heimilt er að nota merkið ásamt undirmerki nokkru áður en aðalbraut lýkur.



D 5 Umferð á móti vikur.

Merki þetta er notað við annan enda vegarkafla eða staðar á vegi, þar sem merkið B 25 er við hinn endann.




D 6 Útskot.

Merki þetta er notað á mjóum vegi, þar sem sérstök aðstaða er til að mætast eða aka framúr.



D 7 Einstefna.

Merki þetta er notað, þar sem æskilegt þykir að gefa til kynna, að einstefnuakstur sé um veg. Letra má í örina orðið „einstefna".




D 8 Botngata.

Merki þetta er notað til þess að gefa til kynna, að vegur sé lokaður í annan endann.



D 9 Biðstöð leigubifreiða.



D 10 Biðstöð strætisvagna og áætlunarbifreiða.



D 11 Umferð fatlaðra.



D 12 Slysahjálp.
Merki þetta er notað til að gefa til kynna stað, þar sem slysahjálp er veitt.



D 13 Almenningssími eða neyðarsími.



D 14 Bifreiða- eða hjólbarðaverkstæði.



D 15 Bensínstöð.



D 16 Veitingastofa.



D 17 Veitingahús.



D 18 Tjaldsvæði.
Merki þetta er notað við viðurkennd tjaldsvæði.



D 19 Hjólhýsasvæði.
Merki þetta er notað við viðurkennd hjólhýsasvæði.



D 20 Farfuglaheimili.




D 21 Gististaður.



D 22 Sundstaður.



D 23 Sæluhús.




D 24 Athyglisverður staður.
Merki þetta er notað, þar sem ástæða þykir til að benda vegfarendum á athyglisverða staði, svo sem fornminjar, byggðasöfn, sérstætt landslag og útsýni.




D 25 Gönguleið.
Merki þetta er notað við upphaf gönguleiðar.




D 26 Flugvöllur.



D 27 Bílferja.



D 28 Akreinatafla.
Merki þetta er notað áður en komið er að vegamótum til leiðbeiningar ökumönnum um það, hvaða akrein þeir skuli velja.



D 29 Akreinatafla, klifurrein.
Merki þetta er notað, þar sem sérstök akrein er ætluð fyrir vörubifreiðar og hægfara umferð.







D 30—32 Akreinamerki.
Merki þessi eru sett yfir akbraut, sem skipt er í akreinar. Merkin eru til leiðbeiningar ökumönnum um það, hvaða akrein þeir skuli velja.



D 33 Vegvísir.
Merki þetta má setja við vegamót, þar sem þess er talin þörf. Letra skal staðarheiti eða sveitar á vegvísi, svo og fjarlægð í heilum km, ef ástæða þykir til.




D 34 Leiðamerki.
Merki þetta má setja við vegamót fjölfarinna vega, þar sem talið er, að vegvísar veiti ekki nægilegar leiðbeiningar.



D 35 Staðarmerki. Merki þetta má setja við veg til þess að vísa á tiltekinn stað, svo sem býli.




D 36 Staðarmerki.
Merki þetta má setja upp til þess að tilgreina heiti staðar, örnefni o. þ. h.



D 37 Vegnúmer.



D 38 Sýslu- og kaupstaðarmerki.
Merki þetta má setja við veg á mörkum sýslu eða kaupstaðar.



D 39 Upplýsingatafla.

10. gr.

Ef talin er þörf nánari leiðbeininga eða skýringa við umferðarmerki má nota til þess undirmerki með táknmynd eða áletrun. Undirmerki skal vera rétthyrnt í sama lit og aðalmerki.

Helstu undirmerki eru:



U 1 Fjarlægð að hættu eða til þess staðar sem bann eða leiðbeining varðar.



U 2 Fjarlægð hættusvæðis eða bannsvæðis.



U 3—5 Lengd bannsvæðis.



U 6 Gildistími banns.



U 7 Gildistími leyfis.




U 8—9 Vísun til staðar.



U 10 Leið aðalbrautar í vegamótum.



U 11 Umferð blindra.



U 12 Umferð heyrnardaufra.

11. gr.

Umferðarmerki skulu sett þannig að þau sjáist greinilega, að jafnaði hægra megin við veg miðað við aksturs-stefnu.

Viðvörunarmerki, bannmerki og leiðbeiningarmerki má setja báðum megin vegar, ef þörf þykir. Ef tvær aðgreindar akbrautir eru á vegi, má setja merki eða aukamerki á umferðareyju. Setja má merki yfir akbraut, ef hagkvæmt þykir. Nægilegt er, að leiðbeiningarmerkin D 6, D 33, D 35 og D 36 séu vinstra megin við veg, miðað við akstursstefnu.

Viðvörunarmerki ber jafnan að setja 25—250 m frá hættustaðnum, og er heimilt að nota fleiri en eitt merki, ef hinn hættulegi vegarkafli er langur. Í þéttbýli skal merkið A 6 aldrei vera lengra frá vegamótum en 25 m og utan þéttbýlis 50 m. Heimilt er þó að nota merkið fjær vegamótum til leiðbeiningar um að bið- eða stöðvunarskylda sé framundan. Skal þá á undirmerki letra fjarlægð að vegamótum og orðið „stans" ef um stöðvunarskyldu er að ræða.

Bannmerki ber að setja sem næst þeim stað, sem merkið á við. Merkin B 28—30 má þó setja í nokkurri fjarlægð frá vegamótum.

Leiðbeiningarmerki ber að setja hæfilega langt frá þeim stað, er leiðbeining vísar til.

12. gr.

Merki skal festa á jarðfasta stöng í hæfilegri fjarlægð frá vegarbrún. Hæð mæld frá vegi að merki skal að jafnaði vera nálægt 150 sm, en allt að 220 sm í þéttbýli eða annars staðar, þar sem aðstæður eru þannig, að merki geti valdið hættu fyrir gangandi vegfarendur.

II. MERKING Á YFIRBORÐI VEGA.

13. gr.

Þar sem vegur er með bundnu slitlagi, má marka hann með hvítum línum til leiðbeiningar umferðinni. Hindrunarlínur, akreinalínur og bannsvæði milli umferðar í gagnstæðar áttir skulu þó vera gular, svo og línur samkvæmt 24. gr. Þar sem ekki er götulýsing, skulu línur glitaðar eftir því sem fært þykir.

A. Merking langsum eftir akbraut.


14. gr.



Akreinalínur eru brotnar línur langsum eftir akbraut. Aka má yfir akreinalínu enda sé gætt fyllstu varúðar.

Akreinalínur skulu vera 10 sm breiðar. Akreinalínur, sem marka akreinar fyrir sérstaka umferð, t. d. vörubifreiða og hægfæra umferð (klifurreinar) og strætisvagna, skulu vera 20 sm breiðar. Sama gildir um akreinalínur, sem marka inn- og útakstursleiðir (hraðabreytingarreinar).

15. gr.




Hindrunarlínur eru óbrotnar línur langsum eftir akbraut. Hindrunarlínur gefa til kynna, að hættulegt sé og óheimilt að aka yfir þær, nema brýna nauðsyn beri til. Þar sem akreinalína er samhliða hindrunarlínu, má þó aka yfir hindrunarlínu þeim megin frá, sem akreinalínan er, enda sé gætt fyllstu varúðar.

Hindrunarlínur skal einkum nota á hæðum og í beygjum, þar sem vegsýn er verulega skert, við gatnamót til að skipta akbraut með umferð í gagnstæðar áttir eða í sömu átt, framan við umferðareyjar, gangbrautir eða umferðarmannvirki.



Hindrunarlína milli umferðar í gagnstæðar áttir á vegi með fleiri en tvær akreinar skal vera tvöföld.

Hindrunarlínur skulu vera 10 sm breiðar.




16. gr.

Markalínur eru óbrotnar eða brotnar línur meðfram brúnum akbrautar.

Óbrotnar markalínur marka þann hluta akbrautar, sem ætlaður er ökutækjum á ferð. Óheimilt er að aka yfir þær nema nauðsyn beri til og skal þá gætt ýtrustu varúðar.

Brotnar markalínur marka akbraut gagnvart hliðarvegi, útskotum, bifreiðastæðum og leiðum að og frá þjónustustöðvum.


Markalínur skulu vera 10—20 sm breiðar.



B. Merking þversum á akbraut.


17. gr.

Stöðvunarlínur eru óbrotnar línur þvert á akbraut. Þær sýna, hvar stöðva skal ökutæki við umferðarljós eða þar sem stöðvunarskylda er við vegamót. Breidd stöðvunarlína skal vera 30—60 sm.



18. gr.

Biðskyldulínur eru röð þríhyrninga þvert á akbraut. Þær sýna, hvar stöðva ber ökutæki, þar sem biðskylda er við vegamót. Breidd biðskyldulína skal vera 30—60 sm.



19. gr.

Gangbrautir yfir akbraut skulu að jafnaði merktar með hvítum samhliða röndum langsum á vegi. Heimilt er þó að merkja gangbraut með tveimur óbrotnum línum eða bólurðum þvert yfir akbrautina. Merkingu þessa má einnig nota, þar sem hljólreiðabrautir og reiðbrautir þvera veg.

C. Aðrar merkingar á yfirborði vega.




20. gr.

Stýrilínur eru brotnar línur, sem nota má til þess að afmarka sérstakar akreinar fyrir umferð, sem beygir á gatnamótum. Stýrilínur skulu vera 10 sm breiðar.



21. gr.

Bannsvæði eru svæði á vegi eða götu, sem ekki eru ætluð umferð eða stöðu ökutækja. Bannsvæðin skal afmarka með óbrotnum markalínum og auðkenna þau með skálínum, sem mynda sem næst 45° horn við aksturssteﬁnu. Breidd skálína skal vera 20—30 sm.











22. gr.


Hvítar örvar á akbraut benda á þá akrein, sem nota skal, ef ætlunin er að aka í þá átt, sem örin vísar. Önnur tákn eða letur má setja á akbraut til þess að vekja athygli á umferðarmerkjum eða öðrum atriðum umferðinni viðkomandi.



23. gr.

Bifreiðastæði eru merkt með 5—10 sm breiðum línum, heilum eða brotnum. Þegar ökutæki er lagt á merkt stæði, skal það allt vera innan línanna.

Bifreiðastæði ætluð sérstökum aðilum eru merkt á sama hátt, en með hornalínum að auki.




24. gr.

Gul óbrotin lína meðfram brún akbrautar afmarkar nánar bann við því að ökutæki sé stöðvað þar.

Gul brotin lína meðfram brún akbrautar afmarkar nánar bann við því að ökutæki sé lagt þar.

III. AÐRAR MERKINGAR.



25. gr.

Ef glitmerki eru notuð til þess að marka vegarbrún, t. d. á kantstikum, skulu þau sýna rautt eða rauðgult endurskin á hægri vegarbrún og hvítt á vinstri vegarbrún miðað við aksturssteﬁnu.



26. gr.

Brúarenda, síma- og rafmagnsstaura og aðra slíka hluti við veg, sem valdið geta vegfarendum hættu, má merkja með svörtum og gulum skástrikum, sem vísa að vegi.

Þar sem vegur greinist frá öðrum vegi má setja merki með svörtum og gulum skástrikum, sem mynda örvar, er vísa upp.



27. gr.

Þegar stefna vegar breytist snögglega eða vegur endar og aðstæður bera það ekki greinilega með sér, má setja við vegarbrún merki með svörtum og gulum skástrikum sem mynda örvar í akstursstefnu.



28. gr.


Nota má aðrar merkingar en um getur í 25., 26. og 27. gr. þegar sérstök ástæða þykir til, svo sem vegna vinnu við framkvæmdir á eða við veg.

IV. UMFERÐARLJÓS.

A. Ljósmerki fyrir umferð ökutækja.

29. gr.

Ljósmerki til að stjórna umferð skulu vera hringlaga og rauð, gul og græn að lit. Ef fleiri en eitt ljósmerki er notað á sama stað, skulu ljósker vera í lóðréttri röð með rauðu ljósi efst, en grænu neðst.





Rautt ljós merkir, að ökutæki skuli stöðvað við stöðvunarlínu eða við umferðarljósastólpa, ef stöðvunarlína er ekki á vegi.

Rautt ljós, sem logar samtímis gulu ljósi, hefur sömu merkingu og rauða ljósið eitt sér, en gefur til kynna, að grænt ljós sé að koma. Óheimilt er að halda áfram fyrr en græna ljósið er komið.

Grænt ljós merkir, að aka megi yfir stöðvunarlínu eða framhjá umferðarljósastólpa. Grænt ljós á gatnamótum heimilar þó ekki ökumönnum að halda áfram, ef þverumferð er enn í gatnamótunum eða umferð er svo þétt í akstursstefnu þeirra, að miklar líkur séu til, að þeir nái ekki yfir gatnamótin, áður en ljósin skipta yfir í rautt. Heimilt er að beygja til hægri eða vinstri ef það er ekki bannað með umferðarmerki eða ljósör. Sá, sem beygir, skal víkja fyrir umferð, sem á móti kemur, og umferð vegfarenda, sem ganga á móti grænu ljósi. Grænt ljós leysir ökumenn ekki undan skyldu skv. umferðarlögum til að sýna ýtrustu varúð.

Gult ljós eitt sér merkir, að numið skuli staðar við stöðvunarlínu, nema ökutæki sé komið svo nálægt stöðvunarlínu, þegar gula ljósið kviknar, að það verði ekki stöðvað með fullu öryggi, og skal því þá ekið áfram. Þar sem stöðvunarlína er ekki á vegi, skal numið staðar við umferðarljósastólpa.





Græn ljósör á svörtum grunni merkir, að ökutæki megi aðeins fara í þá stefnu, sem örin sýnir. Græn ljósör, sem vísar beint upp, merkir, að ökutæki megi halda beint áfram. Græn ljósör til hliðar við grænt ljós, merkir, að ökutæki skuli fara í þá stefnu, sem örin vísar, þó að önnur ljós logi samtímis, enda sé ökutækið staðsett í þeirri akrein, sem ætluð er þeirri akstursstefnu. Ef slökkt er á grænni beygjuör, en græna ljósið á aðalljóskerinu logar, má aka í þá stefnu, sem örin annars vísar til, en víkja ber þá fyrir umferð, sem á móti kemur, og umferð vegfarenda, sem ganga á móti grænu ljósi.

Svört ör í rauðu eða gulu ljósi merkir, að bannað sé að aka í þá stefnu, sem örin sýnir.

Eitt eða tvö rauð ljós á sama stólpa, sem kvikna og slokkna á víxl, merkja, að ökutæki skuli nema staðar við stöðvunarlínu eða umferðarljósastólpa.

Eitt eða tvö gul ljós á sama stólpa, sem kvikna og slokkna á víxl, merkja, að ökutæki megi halda áfram með ýtrustu varúð.

B. Ljósmerki fyrir gangandi vegfarendur.

30. gr.



Ljósmerki fyrir gangandi vegfarendur skulu vera tvö, rautt og grænt, og skal rauða ljósið vera fyrir ofan græna ljósið. Rauða ljósið skal sýna mann í kyrrstöðu, en græna ljósið mann á göngu.

Rautt ljós merkir, að ekki megi ganga út á akbraut.

Grænt ljós merkir, að gangandi vegfarendur megi ganga yfir akbraut. Ef vegfarandi er kominn út á akbraut, þegar ljósaskipti verða, skal hann halda áfram yfir á næstu gangstétt eða umferðareyju. Grænt ljós, sem slokknar og kviknar á víxl, merkir, að græna ljósið sé senn á enda og rauða ljósið sé að koma.

Hljóðmerki má nota ásamt ljósmerki til sérstakrar leiðbeiningar fyrir gangandi vegfarendur.

31. gr.

Á gatnamótum, þar sem ekki eru sérstök ljósmerki fyrir gangandi vegfarendur, skulu allir vegfarendur fara eftir ljósmerkjum fyrir umferð ökutækja.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

32. gr.

Í kaupstað skal bæjarstjórn (bæjarverkfræðingur) láta setja umferðarmerki á eða við veg samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra og sjá um viðhald þeirra. Utan kaupstaða ákveður vegamálastjóri, hvar umferðarmerki skulu sett, og sér um viðhald þeirra.

Kostnað vegna umferðarmerkja greiðir veghaldari.

33. gr.

Hver sá, sem lætur vinna við veg eða raska honum, ber ábyrgð á, að staðurinn sé þannig varinn og merktur viðvörunarmerkjum, að ekki stafi hætta af verkinu. Ekki má byrja á slíku verki fyrr en fengin hafa verið fyrirmæli um, hvernig merkja skuli, hjá vegamálastjóra, ef um þjóðveg eða sýsluveg er að ræða, en annars hjá lögreglustjóra.

34. gr.

Óheimilt er að setja á umferðarmerki auglýsingar eða annað merkjagjöfinni óviðkomandi.

Lögreglustjóri getur bannað og látið taka niður auglýsingaspjöld, ljósaauglýsingar, glitaugu og annað, sem líkist umferðarmerkjum eða valdið getur hættu, truflun eða óþægindum fyrir umferð.

35. gr.

Litur, lögun og táknmynd umferðarmerkja skal að jafnaði vera eins og sýnt er að framan, svo og dæmi um merkingar á yfirborði vega.

Gerð bókstafa og tölustafa á umferðarmerkjum skal vera eins og sýnt er á fylgiskjali.

Umferðarmerki halda gildi sínu þrátt fyrir minni háttar frávik frá framangreindum reglum.

36. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. maí 1979.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 61 24. mars 1959 ásamt síðari breytingum nr. 106 13. mars 1968 og nr. 240 21. ágúst 1968.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umferðarmerki sem sett hafa verið upp samkvæmt gildandi reglugerð er heimilt að nota þar til annað verður ákveðið, enda sé þeim komið fyrir í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Umferðarmerki B 13 samkv. gildandi reglugerð má þó eigi nota lengur en til 1. október 1979 og umferðarmerki B 15 eigi lengur en til 1. júní 1980. Ákvæði 13. gr. um gular hindrunarlínur, akreinalínur og bannsvæði koma eigi að fullu til framkvæmda fyrr en 1. október 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. desember 1978.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Fylgiskjal.

Gerð bókstafa og tölustafa
á umferðarmerkjum



AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði:

1. **Umferð:**
   a. Á **Hlíðarbraut** er einstefna frá norðri til suðurs.
   b. Á **Holtsgötu** er einstefna frá austri til vesturs.
   c. Á **torgi við Breiðvang** er einstefna og hringakstur frá hægri til vinstri.
   d. Umferð um **Norðurvang** nýtur forgangs fyrir umferð um Breiðvang (biðskylda).
2. **Bifreiðastöður:**
   Bifreiðastöður eru bannaðar á stíg sem liggur að Garðavegi 4B og 4C.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 30. október 1978.

Einar Ingimundarson.

31. október 1978. Nr. 416.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð á Akureyri:

1. Sett hafa verið upp gangbrautarljós á Þingvallastræti við Hrísalund og á Hörgárbraut við innkeyrslu í bæinn. (Skúta).
2. Umferð um Geislagötu skal víkja fyrir umferð um Strandgötu og hefur merki (biðskylda) þar um verið sett upp við suðausturhorn Landsbankahúss.
3. Ákveðið hefur verið að aðalbækistöð strætisvagna Akureyrar verði við Strandgötu, sunnan húss Ferðaskrifstofu Akureyrar.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 31. október 1978.

Ófeigur Eiríksson.

REGLUR

um greiðslur fyrir gæslustörf í heimavistarskólum á skyldunámsstigi

Fjármálaráðuneytið, fyrir hönd ríkissjóðs, setur hér með, að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga, eftirfarandi reglur um greiðslur ríkissjóðs fyrir gæslustörf í heimavistarskólum á skyldunámsstigi:

1. Hámarksgreiðslur ríkissjóðs miðast við eftirfarandi gæslustundafjölda á viku:

1.1

Nemendafjöldi í heimavist		Hámarksfjöldi gæslustunda til greiðslu á viku		
6— 10 nem.	26.63 klst.			
11— 20 nem.	26.63 klst.	+ 0.91 á nem.	umfram	10
21— 50 nem.	35.75 klst.	+ 0.33 á nem.	umfram	20
51— 80 nem.	45.50 klst.	+ 0.82 á nem.	umfram	50
81—100 nem.	70.12 klst.	+ 0.84 á nem.	umfram	80
101 nem.	87.00 klst.	+ 0.50 á nem.	umfram	100

Ofangreind skrá miðast við, að nem. komi í skóla kl. 11.00 á mánudögum og fari kl. 16.15 á föstudögum.

1.2 Í þeim tilvikum, sem menntamálaráðuneytið kann að úrskurða umframgæsluþörf í samræmi við ákvæði a)—c) liða 6. gr. reglna menntamálaráðuneytisins dags. 6. mars 1974, mun ríkissjóður greiða þann kostnað, sem af því leiðir.

1.3 Fyrirvari er gerður um hámark gæslustunda, þar sem skólastjóri hefur ekki aðstoðarfólk við kennslu eða gæslustörf.

2. Um kjör gæslufólks fer eftir kjarasamningum.

3. Sveitarfélög, er að skóla standa, greiða gæslufólki umsamin laun og endurkrefja ríkissjóð um hlutdeild ríkisins.

4. Reglur þessar gildi frá 1. september 1978, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Fjármálaráðuneytið, 7. desember 1978.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 43 — 1978

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Fjárhæð heimilisuppbótar samkvæmt 2. mgr. 19. gr. l. 67/1971 um almannatryggingar með áorðnum breytingum skal hækka um 9% frá 1. desemebr 1978 frá því sem var í nóvember 1978.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. nóvember 1978.

Magnús H. Magnússon.

Jón Ingimarsson.

Stjórnartíðindi B 43, nr. 418. Útgáfudagur 30. nóvember 1978.

B 107

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Nr. 419. 872

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Rekstrarreikningur.

Gjöld:

Almenn framlög til sveitarfélaga skv. 13. grein	kr.	3 672 880 823
Aukaframlög til sveitarfélaga skv. 15. grein	—	139 350 000
Fólksfækkunarframlög til sveitarfél. skv. 16. grein	—	29 100 000
Samband ísl. sveitarfélaga, framlag	—	41 992 993
Landshlutasamtök sveitarfélaga, framlag	—	41 992 993
Lánasjóður sveitarfélaga, framlag	—	212 040 090
Húsfriðunarsjóður, framlag	—	6 428 714
Innheimtustofnun sveitarfélaga, rekstrarframlag	—	14 500 000
Tekjuafgangur fluttur á höfuðstól	—	82 516 188
	kr.	4 240 801 801

Tekjur:

Sölugjald, hluti sjóðsins		kr.	2 804 850 298
Aðflutningsgjöld, hluti sjóðsins		—	848 573 083
Landsútsvör:			
Bankar		kr.	41 013 671
Aðrir	kr. 672 999 642		
÷ ¼ hluti sveitarfél.	— 168 137 410		
		—	504 862 232
	Samtals	kr.	4 199 299 284
Vaxtatekjur		—	41 502 517
		kr.	4 240 801 801

Efnahagsreikningur.

Eignir:

Greiðslufjárreikningar:			
Óinnheimtar tekjur hjá gjaldendum ríkissjóðs	kr. 440 184 291		
Ríkissjóður, viðskiptareikningur	— 510 808 309		
Sveitarfélög, viðskiptareikningur	— 1 378 706		
		kr.	952 371 306
Lánareikningar:			
Innheimtustofnun sveitarfélaga	kr. 831 054 852		
Siglufjarðarkaupstaður	— 3 000 000		
Skútustaðahreppur	— 2 000 000		
		—	836 054 852
	Alls	kr.	1 788 426 158

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Skuldir:

Greiðslufjárreikningar:			
Hluti af tsk. Johns Manville, biðreikningur	kr.	6 197 414	
Samband ísl. sveitarfélaga	—	13 960 397	
Lánasjóður sveitarfélaga	—	67 751 303	
Landshlutasamtök sveitarfélaga	—	2 882 000	
Sveitarfélög, viðskiptareikningar	—	16 165 322	
Innheimtustofnun sveitarfélaga	—	14 500 000	
			kr. 1 467 493 626
Framlagsfé til sveitarfélaga:			
Af óinnheimtum tekjum:			
Í ársbyrjun	kr.	311 620 000	
Af rekstrarreikningi 1977	—	128 564 291	
			— 440 184 291
Af innheimtum tekjum:			
Í ársbyrjun	kr.	453 943 145	
Af rekstrarreikningi 1977	—	3 544 316 532	
Samtals	kr.	3 998 259 677	
Úthlutað á árinu 1977	—	3 092 406 778	
			— 905 852 899
Eiginfjárreikningar:			
Höfuðstóll í ársbyrjun	kr.	238 416 344	
Tekjuafgangur 1977	—	82 516 188	
			— 320 932 532
		Alls	kr. 1 788 426 158

Ársreikningur 1977 (Sundurliðun).

1. **Landsútsvör:**			
Bankar:			
Alþýðubankinn hf.	kr.	694 890	
Búnaðarbanki Íslands	—	5 150 715	
Iðnaðarbanki Íslands hf.	—	1 837 821	
Landsbanki Íslands	—	16 796 469	
Samvinnubanki Íslands hf.	—	2 119 848	
Seðlabanki Íslands	—	8 580 953	
Útvegsbanki Íslands	—	4 196 312	
Verslunarbanki Íslands	—	1 636 663	
			kr. 41 013 671
Aðrir:			
Áburðarverksmiðja ríkisins	—	28 266 781	
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	—	308 062 087	
Landssmiðjan	—	1 235 046	
Olíufélagið hf.	—	134 862 954	
Olíuverslun Íslands hf.	—	72 405 061	
Sementsverksmiðja ríkisins	—	40 704 472	
Síldarverksmiðjur ríkisins	—	1 755 548	
Skeljungur hf.	—	81 209 856	
Sölunefnd varnarliðseigna	—	4 497 837	
			— 672 999 642
		Samtals	kr. 714 013 313

Ársreikningur 1977 (Sundurliðun).

2. Viðskiptareikningar sveitarfélaga:
Skuldir við Jöfnunarsjóð í árslok 1977:

Eskifjörður	kr.	369 082
Múlahreppur, A-Barðastrandarsýslu	—	37 740
Selvogshreppur, Árnessýslu	—	71 884
Suðurfjarðarhreppur, V-Barðastrandarsýslu	—	900 000
	kr.	1 378 706

Inneignir hjá Jöfnunarsjóði í árslok 1977:

Búðahreppur, S-Múlasýslu	kr.	3 152 117
Dalvík	—	1
Flateyrarhreppur, V-Ísafjarðarsýslu	—	1 800 856
Hofsóshreppur, Skagafjarðarsýslu	—	299 244
Kirkjubæjarhreppur, V-Skaftafellssýslu	—	1 147 155
Lýtingsstaðahreppur, Skagafjarðarsýslu	—	1 514 980
Nauteyrarhreppur, N-Ísafjarðarsýslu	—	408 850
Norðfjarðarhreppur, S-Múlasýslu	—	417 550
Raufarhafnarhreppur, N-Þingeyjarsýslu	—	1 824 814
Siglufjörður	—	4 083 186
Skaftártunguhreppur, V-Skaftafellssýslu	—	346 569
Snæfjallahreppur, N-Ísafjarðarsýslu	—	270 000
Suðureyrarhreppur, V-Ísafjarðarsýslu	—	900 000
	kr.	16 165 322

3. Viðskiptareikningar Landshlutasamtaka sveitarfélaga:
Inneignir hjá Jöfnunarsjóði í árslok 1977:

Fjórðungssamband Vestfirðinga	kr.	480 333
Fjórðungssamband Norðlendinga	—	480 333
Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi	—	480 333
Samtök sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi	—	480 333
Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi	—	480 333
Samtök sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi	—	480 335
	kr.	2 882 000

Félagsmálaráðuneytið, 10. júlí 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 420.

REIKNINGAR

Viðlagasjóðs og deilda hans.

Efnahagsreikningur Viðlagasjóðs 30. apríl 1977.

Eignir:

Óafsöluð hús, sölu- og matsverð	kr.	607 121 799	
÷ innborgað á sölusamninga	—	116 004 253	
			kr. 491 117 546
Vélar, áhöld og búnaður			— 4 538 650

Skuldabréf og víxlar, nafnverð:			
a) Vegna húsasölu, til 25 ára	kr.	526 361 047	
b) Vegna húsasölu, til 5—10 ára	—	530 574 741	
c) Sveitarfélög vegna lóða og gatna	—	166 652 645	
d) Vestmannaeyjakaupstaður	—	140 321 500	
e) Fyrirtæki í Vestmannaeyjum	—	54 906 700	
f) Rafmagnsveitur ríkisins	—	16 537 174	
g) Flugmálastjórn	—	10 000 000	
h) Ýmsir aðilar	—	71 188 321	
			kr. 1 516 542 128
Skuldunautar:			
a) Herjólfur	—	39 481 525	
b) Flugmálastjóri	—	7 858 915	
c) Ýmsir aðilar	—	2 716 297	
			— 50 056 737
Innistæður í bönkum:			
a) Landsbanki, Neskaupstað	—	42 781 865	
b) Útvegsbanki, Vestmannaeyjum	—	15 000 000	
c) Sparisjóður, Vestmannaeyjum	—	15 000 000	
d) Safnreikningur í Seðlabanka	—	83 242 647	
e) Ávísanareikn. í Seðlabanka	—	437 896	
			— 156 462 408
Útistandandi af greiðslum afborgana og vaxta 1973			— 3 061 745
Ýmsar kröfur, áætlað			— 72 000 000
			kr. 2 293 779 214

Skuldir:

Skuldabréf til Seðlabanka Íslands	kr. 1 200 000 000
Fasteignaveðlán yfirtekin	— 2 703 580
Fasteignaveðlán umsamin	— 548 586
Skuldabréf til atvinnufyrirtækja	— 4 846 816
Skuld í Dkr. vegna íþróttahúss	— 102 321 500
Ýmsir skuldheimtumenn	— 424 402
Ýmsar skuldbindingar, áætlað	— 166 500 000
Eignir umfram skuldir	— 816 434 330
	kr. 2 293 779 214

Rekstraryfirlit Viðlagasjóðs til 30. apríl 1977.

Gjöld:

Hraunvarnir og verndun húseigna	kr.	332 037 327	
Brottflutningur fólks og verðmæta	—	122 585 226	
Kostn. við almenna þjónustu í Vestm. ..	—	185 475 149	
Kostn. við almenna þjónustu á fastalandinu	—	20 426 070	
Heimflutningar fólks og verðmæta	—	73 990 536	
Aðstoð við bæjarfélag og fyrirtæki	—	69 246 296	
Hreinsun gosefna og landgræðsla	—	489 167 732	
Matskosnaður og áætlanagerð	—	73 419 593	
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	—	77 650 424	
Staðaruppbætur	—	38 679 848	
Ýmis kostnaður	—	12 359 499	
Opinber gjöld	—	28 295 331	
Afskriftir véla og áhalda	—	30 551 045	
			kr. 1 553 884 076

Tekjubætur, einstaklinga	kr.	21 043 398	
Tekjubætur fyrirtækja	—	197 694 281	
Bætur fyrir ónýt hús	—	1 180 274 659	
Bætur fyrir skemmd hús	—	279 612 746	
Bifreiðabætur	—	37 071 547	
Fyrirtækjabætur	—	556 048 942	
Lausafjárbætur	—	255 992 017	
Jarða- og lóðabætur	—	22 951 815	
Til Vestmannaeyjakaupst. og stofnana	—	1 001 926 520	
Slysabætur	—	1 669 410	
			kr. 3 554 285 355
Yfirfært til Norðfjarðardeildar			— 71 114 593
Yfirfært til Landsdeildar			— 16 880 923
Rekstur fasteigna			— 94 056 778
Vaxtagjöld			— 800 142 787
Óuppgerður kostnaður og bætur			— 134 700 000
Tekjur umfram gjöld			— 816 434 330
			kr. 7 041 498 822

Tekjur:

Af söluskatti	kr.	3 415 883 825	
Af eignaskatti	—	101 291 992	
Af landsútsvari	—	15 782 723	
Af viðlagagjaldi	—	657 602 816	
Frá ríkissjóði	—	160 000 000	
Frá atvinnuleysistryggingasjóði	—	160 000 000	
			kr. 4 510 561 356
Framlög Norðurlandanna			— 1 536 367 635
Gjafir ýmissa aðila			— 238 172 219
Tekjur af leigu húsa			— 42 784 002
Vaxtatekjur			— 295 568 218
Tekjur af húsasölu sbr. eignfært söluverðmæti			— 393 400 419
Óuppgerðar tekjur og endurgreiðslur			— 15 500 000
Ýmsar tekjur			— 9 144 973
			kr. 7 041 498 822

Yfirlit um Norðfjarðardeild Viðlagasjóðs 30. apríl 1977.

Gjöld:

Áhöld og búnaður			— 550 010
Óuppgerðar greiðslur			— 11 966 055
Bankareikningur			— 39 788
Kostnaðarreikningar:			
Hreinsun svæðisins	kr.	36 365 688	
Hreinsun olíu	—	15 494 530	
Björgun verðmæta	—	6 630 821	
Bráðab. viðgerðir	—	7 728 035	
Matskostnaður	—	14 572 070	
Leitarkostnaður	—	1 394 509	
Skrifst. og eftirlit	—	7 807 385	
Ýmislegt	—	8 412 570	
			— 98 405 680

Bifreiðabætur	kr.	20 193 281
Fyrirtækjabætur	—	530 059 669
Lausafjárbætur	—	4 785 599
Vaxtakostnaður	—	36 123 563
Ógreidd gjöld, áætlað	—	31 800 000
	kr.	733 923 573

Tekjur:

Söluskattshluti	kr.	609 309 000
Óuppgerðar tekjur og endurgreiðslur, áætlað	—	53 500 000
Viðlagasjóður, Vestmannaeyjadeild	—	71 114 573
	kr.	733 923 573

Yfirlit um Landsdeild Viðlagasjóðs 30. apríl 1977.

Gjöld:

Matskostnaður	kr.	580 785
Auglýsingar o. fl.	—	34 638
Tjónabætur	—	19 265 500
Greitt af Vestmannaeyjadeild	kr.	19 880 923
Áætlað söluverð húsa	—	÷ 3 000 000
	kr.	16 880 923

Stjórn Viðlagasjóðs:

Reykjavík, 16. júní 1977.

Helgi Bergs. Tómas Þorvaldsson. Garðar Sigurðsson.
Reynir Zoëga. Vilhjálmur Jónsson. Guðlaugur Stefánsson.

Áritun ríkisendurskoðunar:

Reykjavík, 16. janúar 1977.

Halldór V. Sigurðsson. Guðm. Magnússon.

Staðfesting forsætisráðherra:

Reykjavík, 31. júlí 1978.

Geir Hallgrímsson.

Athugasemd við eignalið efnahagsreiknings Viðlagasjóðs pr. 30. apríl 1977:

Áætlaður vaxtamunur nafnverðs og raunvirðis verðbréfa og víxlaeignar, sem fært er á kr. 1 516 542 128 til eigna, nemur að mati stjórnar Viðlagasjóðs sem næst kr. 310 000 000 til lækkunar.

REGLUGERÐ

um mörk og markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár vegna sauðfjárveikivarna.

1. gr.

Fjármörk eru: eyrnamörk, hornamörk og brennimörk. Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt eyrnamark á fé sínu. Lömb skulu mörkuð, þau er til næst, fyrir lok tólftu viku sumars. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á vinstra horni, ef fé er hyrnt, en ella plötu í vinstra eyra, með sömu stöfum og hreppsbrennimarkið, helst skal nota löggilt eyrnamerki.

Þeir fjáreigendur, sem eiga sammerkt við einhvern, sem býr svo nærri, að einhver hætta kann að vera á því, að misdrætti geti valdið að dómi viðkomandi markavarða og/eða sauðfjársjúkdómanefndar mega því aðeins hafa markið í markaskrá og/eða nota það, að þeir báðir skuldbindi sig til að hafa allt fé sitt, lömb og fullorðið, eyrnamerkt með löggiltum plastmerkjum með hrepps- og bæjarnúmeri. Þó nægir að hyrnt fé fullorðið sé brennimerkt hreppsbrennimarki.

Nú leggur markeigandi niður fjármark sitt til að útrýma sammerkingu og á erfitt með eða getur ekki markað fjárstofn sinn undir hið nýja mark sitt. Er honum heimilt að fá hið aflagða mark prentað einu sinni í markaskrá umdæmisins, en þó aðeins, að það sé með breyttu letri (skáletri) og tekið fram í formála viðkomandi markaskrár, að slík mörk séu aðeins á fullorðnu fé og óheimilt að nota þau á lömb.

2. gr.

Sauðfé og annan búpening skal draga eftir mörkum. Markið helgar markeiganda kind, nema sannist, að annar eigi. Enginn má draga sér kind, sem eigi ber hans rétta mark. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars manns en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarksins krefst, gera grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind, sem hefur eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess sem brennimarkið á. Þó skal hann ef krafist er, gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kindina. Enginn má nota mark annars manns, nema leyfi hans komi til.

Um hrossamörk og skil á hrossum skulu, þar sem ástæða þykir til, vera sérákvæði í fjallskilasamþykkt. Stórgripamörk, þ. e. mörk, sem eingöngu eru notuð á hross eða nautgripi, skulu merkt með stjörnu í markaskrám og er þá óheimilt að nota þau mörk á sauðfé.

Hins vegar þarf ekki að beita jafnströngum takmörkunum um sammerkingar þegar um stórgripamörk er að ræða eins og um sauðfjármörk.

Sé um vafamark á kind að ræða eða sammerkingu skal henni skilyrðislaust slátrað, en ekki send þeim, sem réttarstjórar, fjallkóngar eða hreppstjórar telja líklegri eiganda, ef möguleiki er á því, að hún sé úr öðru varnarhólfi.

3. gr.

Mörk geta gengið að erfðum. Gefa má mark svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark, enda hafi enginn maður í því héraði eða hinum næstu sams konar mark fyrir eða svo líkt að hætta sé við misdrætti.

Bannað er öllum að taka upp markið gat á sauðfé og einnig mikil soramörk eða vandgerð mörk. Í hverri fjallskilasamþykkt skal ákveða hverskonar mörk megi taka upp eða nota og skulu þau talin upp með heitum í samþykktinni og skýrð með myndum í markaskrá. Öll þau mörk, sem ekki eru heimiluð samkvæmt

reglugerð þessari eða fjallskilasamþykkt, mega ekki ganga að erfðum, sölum né gjöfum. Sama gildir um aðflutt mörk, sbr. 5. gr. Markaverðir skulu vinna sem rækilegast að því, að núverandi eigendur leggi niður sem fyrst þau mörk, er ekki falla undir ákvæði markareglugerðar og fjallskilasamþykktar.

4. gr.

Skylt er markeiganda að tilkynna mark sitt til prentunar í markaskrá fjallskilaumdæmisins. Mark, sem hvorki er prentað í gildandi markaskrá né heldur auglýst í Lögbirtingablaði, sbr. 7. gr., skal talið niður fallið, og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, er áður átti mark, eiga forgangsrétt til marksins, ef hann tekur það upp innan 8 ára.

5. gr.

Nú tilkynna tveir eða fleiri fjáreigendur sama mark til prentunar í markaskrá, og skal þá erfðamark að öðru jöfnu ganga fyrir gjafamarki, gjafamark fyrir kaupamarki og kaupamark fyrir gerðarmarki. Aðfluttur maður skal breyta marki sínu ef sammerkt á eða námerkt í sama afréttarfélagi.

Nú tilkynna tveir eða fleiri sama mark af sama flokki, t. d. erfðamörk, þá gengur fyrir það markið, sem eldra er í viðkomandi markaumdæmi. Verði ekki upplýst hvort markið er eldra, skal markavörður (markadómur) varpa hlutkesti um hvor haldi markinu, nema um annað semjist.

Sama regla um forgangsrétt marka gildir milli markaumdæma til að koma í veg fyrir eða vinna að útrýmingu sammerkingar.

6. gr.

Stjórn hvers fjallskilaumdæmis skal sjá um prentun á markaskrá fyrir umdæmið og auk þess senda markavörðum, hreppstjórum og sláturhúsum á hugsanlegum samgöngusvæðum eintak markaskrárinnar og sauðfjárveikivörnum tvö eintök. Markaskrár skulu prentaðar samtímis um land allt, eigi sjaldnar en 8. hvert ár. Skal næsta samtíma prentun fara fram árið 1979. Skal hver markeigandi koma marki sínu eða mörkum í viðkomandi markaskrá og borga fyrir, eftir því sem stjórn fjallskilaumdæmis ákveður. Heimilt er að vinna að takmörkun markafjölda einstaklinga með því að hækka verulega gjöld fyrir fleiri fjármörk en tvö.

Stjórn fjallskilaumdæmis felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð markaskrár. Skal markavörður annast söfnun marka, og sjá um útgáfu markaskrár. Skulu markaverðir samliggjandi fjallskilaumdæma hafa samráð um markaskrár til þess að forðast sammerkingar.

Stjórnir fjallskilaumdæma geta sameinast um útgáfu markaskrár, þar sem það þykir henta og aldrei skal gefa út nema í einu lagi markaskrá fyrir hvert sýslufélag, nema sérstök landfræðileg ástæða sé til annars, að dómi sauðfjársjúkdómanefndar.

Í fjallskilasamþykkt ber að setja nánari ákvæði um gerð og útgáfu markaskrár. Skylt er markavörðum að hafa samvinnu við markaverði í öllum þeim héruðum, þar sem um fjársamgöngur getur verið að ræða til að koma í veg fyrir hættulegar sammerkingar og vinna að útrýmingu slíkra sammerkinga, þar sem þær eru til staðar. Skulu hverjir tveir markaverðir vera markadómur fyrir viðkomandi umdæmi, en leita álits sauðfjársjúkdómanefndar, þegar nauðsyn krefur úrskurðar hvor skal halda marki eða, hvort leyfa skuli þá sammerkingu, sem um ræðir, með þeim skilyrðum, sem um getur í IX. kafla laga nr. 42/1969 og lögum nr. 23/1956.

Reglur um óleyfilegar eða hættulegar sammerkingar eru sem hér segir (orðalagið „sammerkingar við“ tiltekið landssvæði á að sjálfsögðu við markeigendur á því svæði):

Árnessýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við Rangárvallasýslu vestan Markarfljóts. Svæðið austan Hvítár má ekki hafa sammerkt við Skaftártunguhrepp og Álftaversshrepp í V.-Skaftafellssýslu. Bannaðar eru sammerkingar við Gullbringu- og Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrarsýslu ofan Borgarhrepps, Húnavatnssýslur báðar og Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna. Heimilt er þó að veita undanþágur með sammerkingar í Árnessýslu vestan Ölfusár og Sogs við hreppana í Húnavatnssýslu á Skaga (Skaga-, Höfða- og Vindhælishrepp) og Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan Kjalarnesþings og við Árnessýslu, Borgarfjarðarsýslu og Mýrarsýslu ofan Borgarhrepps.

Borgarfjarðarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við Kjalarnesþing, Árnessýslu og Mýrasýslu. Ennfremur eru bannaðar sammerkingar milli efra varnarhólfs í Borgarfjarðarsýslu annarsvegar og Dalasýslu og Strandasýslu sunnan Hvammsfjarðargirðingar, Húnavatnssýslur báðar og Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna. Heimilt er þó að veita undanþágu um sammerkingar milli Borgarfjarðarsýslu sunnan Reykholtsdalshrepps við hreppana á Skaga (Vindhælis-, Höfða-, Skaga- og Skefilsstaðahrepp).

Mýrasýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Strandasýslu sunnan Bitrugirðingar, Húnavatnssýslur báðar og Skagafjarðarsýslu vestan héraðsvatna. Heimilt er þó að veita undanþágu með sammerkingar á svæðinu vestan Stafholtstungnahrepps við hreppana á Skaga (sjá Borgarfjarðarsýslu). Bannaðar eru einnig sammerkingar við Borgarfjarðarsýslu, og í hreppunum ofan Borgarhrepps við Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslnanna og við Dalasýslu og Mýrasýslu.

Dalasýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við A.-Barðastrandarsýslu, Strandasýslu sunnan Þorskafjarðar-Steingrímsfjarðargirðingar, Miðfjarðarhólf, Borgarfjarðarsýslu ofan syðra varnarhólfs, Mýrasýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Einnig er bannað að hafa sammerkt í Dalasýslu sunnan Hvammsfjarðarlínu við Húnavatnssýslur vestan Blöndu. Heimilt er að leyfa sammerkingar á svæðinu sunnan Hvammsfjarðargirðingar við A.-Barðastrandarsýslu vestan Þorskafjarðargirðingar. Bannaðar eru sammerkingar á svæðinu norðan Hvammsfjarðarfirðingar við N.-Ísafjarðarsýslu austan Kollafjarðargirðingar.

A.-Barðastrandarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við Dalasýslu, Strandasýslu og alla Vestfirði. Heimilt er þó að leyfa sammerkingar á svæðinu vestan Þorskafjarðargirðingar og í Dalasýslu sunnan Hvammsfjarðargirðingar.

V.-Barðastrandarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við alla Vestfirði. Heimilt er þó að leyfa sammerkingar í Ketildala-, Tálknafjarðar-, Patreks- og Rauðasandshreppi við Strandasýslu sunnan Þorskafjarðar-Steingrímsfjarðargirðingar.

V.-Ísafjarðarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við alla Vestfirði nema Strandasýslu sunnan Þorskafjarðar-Steingrímsfjarðargirðingar.

N.-Ísafjarðarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við alla Vestfirði. Þó má leyfa sammerkingar á Bolungarvíkursvæði við Strandasýslu sunnan Þorskafjarðargirðingar. Bannaðar eru sammerkingar austan Kollafjarðarlínu við Dalasýslu norðan Hvammsfjarðargirðingar.

Strandasýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu. Einnig eru bannaðar sammerkingar norðan Bitrugirðingar við Vestfirði, nema á Bolungarvíkursvæði og V.-Ísafjarðarsýslu. Í Ketildala-, Tálknafjarðar-, Patreks- og Rauðasandshreppi mega vera sammerkingar við svæðið sunnan Steingrímsfjarðar-Þorskafjarðargirðingar. Bannaðar eru sammerkingar við Dalasýslu norðan Hvammsfjarðargirðingar. Sunnan Bitrugirðingar eru bannaðar sammerkingar við A.-Barðastrandarsýslu austan Þorskafjarðargirðingar, Dalasýslu alla, Mýrasýslu og í Miðfjarðarhólfi. Bæir í Strandasýslu í Miðfjarðarhólfi mega ekki hafa sammerkt við efra varnarhólf í Borgarfjarðarsýslu, Húnavatnssýslur vestan Blöndu, Bólstaðarhlíðarhrepp, Lýtingsstaðahrepp og Seyluhrepp, en eru undanþegnir banni við sammerkingum innan sýslu norðan Steingrímsfjarðar-Þorskafjarðargirðingar.

V.-Húnavatnssýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan Húnavatnssýslna og milli V.-Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna, Árnessýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu og Dalasýslu sunnan Hvammsfjarðargirðingar og Strandasýslu sunnan Bitrugirðingar. Einnig eru bannaðar sammerkingar milli Þorkelshólshrepps og Akrahrepps. Heimilt er þó að leyfa sammerkingar á svæðinu austan Miðfjarðargirðingar við Strandasýslu milli Bitru- og Hvammsfjarðargirðingar.

A.-Húnavatnssýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við V.-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna og Akrahrepp. Bólstaðarhlíðarhreppur má ekki hafa sammerkt við Eyjafjarðarsýslu vestan Eyjafjarðarár sunnan Árskógarhrepps. Einnig eru bannaðar sammerkingar við Árnessýslu, efra varnarhólf í Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Dalasýslu sunnan Hvammsfjarðargirðingar og Strandasýslu sunnan Hrútafjarðargirðingar. Heimilt er að leyfa sammerkingar milli hreppanna á Skaga (sjá Borgarfjarðarsýslu) við Mýrasýslu neðan Stafholtstungnahrepps og Árnessýslu vestan Ölfusár og Sogs. Einnig er heimilt að leyfa sammerkingar á svæðinu austan Blöndu við Dalasýslu sunnan Hvammsfjarðargirðingar.

Skagafjarðarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu vestan Skjálfandafljóts. Hreppamir vestan Héraðsvatna, sunnan Skefilsstaðahrepps mega ekki hafa sammerkt við Árnessýslu, Borgarfjarðarsýslu ofan syðra varnarhólfs og Mýrasýslu ofan Borgarhrepps, Skagafjarðarsýsla vestan Héraðsvatna má ekki hafa sammerkt við Húnavatnssýslur og Akrahreppur má ekki hafa sammerkt við A.-Húnavatnssýslu og Þorkelshólshrepp í V-Húnavatnssýslu og Lýtingsstaða- og Seyluhreppur má ekki hafa sammerkt við bæi í Strandasýslu í Miðfjarðarhólfi. Heimilt er að veita undanþágu með sammerkingar við Árnessýslu vestan Ölfusár og Sogs.

Eyjafjarðarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við Suður-Þingeyjarsýslu og við Kelduneshrepp í N.-Þingeyjarsýslu, Ásahreppi í Rangárvallasýslu og Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýsla vestan Eyjafjarðarár sunnan Árskógshrepps má ekki hafa sammerkt við Bólstaðarhlíðarhrepp. Siglufjörður má ekki hafa sammerkt við Suður-Þingeyjarsýslu, að öðru leyti fellur hann innan ramma Eyjafjarðarsýslu. Heimilt er að leyfa sammerkingar í Eyjafirði norðan Arnarneshrepps við S.-Þingeyjarsýslu austan Skjálfandafljóts.

Suður-Þingeyjarsýsla og Kelduneshreppur:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við N.-Þingeyjarsýslu. Skútustaðahreppur má ekki hafa sammerkt við N.-Múlasýslu norðan Jökulsár á Brú. Einnig eru bannaðar sammerkingar við Ásahrepp í Rangárvallasýslu, Akrahrepp í Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu. Þó má leyfa sammerkingar austan Skjálfandafljóts við Eyjafjörð norðan Arnarneshrepps.

Norður-Þingeyjarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við Eyjafjarðarsýslu austan Eyjafjarðarár, S.-Þingeyjarsýslu og N.-Múlasýslu norðan Lagarfljóts. Heimilt er þó að leyfa sammerkingar í Kelduneshreppi við svæðið sunnan Jökulsár á Brú.

Múlasýslur:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslnanna. Í N.-Múlasýslu norðan Lagarfljóts má ekki vera sammerkt við N.-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár á Fjöllum eða Skútustaðahrepp í S.-Þingeyjarsýslu. Þó má leyfa sammerkingar milli Skútustaðahrepps og N.-Múlasýslu sunnan Jökulsár á Brú. Á svæðinu sunnan Jökulsár á Brú má ekki vera sammerkt við A.-Skaftafellssýslu austan Hornafjarðarfljóts.

A.-Skaftafellssýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og austan Hornafjarðarfljóts við Múlasýslur sunnan Jökulsár á Brú. Hofshreppur má ekki hafa sammerkt við V.-Skaftafellssýslu austan Mýrdalssands.

V.-Skaftafellssýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við Hofshrepp í A.-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu, Álftavershreppur og Skaftártunguhreppur mega ekki eiga sammerkt við Árnessýslu austan Hvítár.

Rangárvallasýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við V.-Skaftafellssýslu. Á svæðinu vestan Markarfljóts má ekki vera sammerkt við Árnessýslu. Ásahreppur má ekki eiga sammerkt við Eyjafjarðarsýslu sunnan Árskógarhrepps og S.-Þingeyjarsýslu.

Sammerkingar: Allar sammerkingar á hugsanlegum samgöngusvæðum skulu greinilega merktar með skammstöfun við markið í viðkomandi markaskrá. Þegar um leyfðar sammerkingar er að ræða skal skammstöfunin vera með breyttu letri (t. d. skáletri) en venjulegu letri ef samþykki hefur ekki þurft fyrir henni (jaðarsvæði).

Skammstafanir skulu vera, sem hér segir: Á=Árnessýsla, GK=Gullbringu- og Kjósarsýsla, B=Borgarfjarðarsýsla, M=Mýrasýsla, SH=Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, D=Dalasýsla, AB=A.-Barðastrandarsýsla, VB=V.-Barðastrandarsýsla, VÍ=V.-Ísafjarðarsýsla, NÍ=N.-Ísafjarðarsýsla, Str=Strandasýsla, VH=V.-Húnavatnssýsla, AH=A.-Húnavatnssýsla, S=Skagafjarðarsýsla, E=Eyjafjarðarsýsla og Siglufjörður, SÞ=S.-Þingeyjarsýsla, NÞ=N.-Þingeyjarsýsla, NM=N.-Múlasýsla, SM=S.-Múlasýsla, AS=A.-Skaftafellssýsla, VS=V.-Skaftafellssýsla, R=Rangárvallasýsla.

7. gr.

Eigendaskipti að marki skulu tilkynnt markaverði, er birtir um það tilkynningu í Lögbirtingablaði á kostnað hins nýja eiganda. Sama gildir, ef maður flyst milli fjallskilaumdæma eða tekur upp nýtt mark. Geri markavörður ekki athugasemdir við markið, skal hann þegar senda tilkynningu um það til sveitarstjóra í nálægum sveitarfélögum innan sýslu og utan og til markavarða á hugsanlegum fjársamgöngusvæðum. Aðeins markavörðum er heimilt að auglýsa mörk í Lögbirtingablaði. Mörk auglýst án samþykkis markavarðar eru ógild.

8. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 90 frá 3. júní 1957 ásamt öðrum reglum er kunna að brjóta í bága við reglugerð þessa.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 45. gr. laga nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og í samræmi við IX. kafla laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42/1969.

Um brot á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1978.

Steingrímur Hermannsson.

Haukur Jörundarson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 154, 4. apríl 1974, um Verslunarbanka Íslands.

1. gr.

4. grein samþykktarinnar orðist svo:

Aðalfundur Verslunarbanka Íslands hf., haldinn 18. mars 1978, samþykkir að gefa út jöfnunarhlutabréf að upphæð allt að kr. 100 milljónir og skal það gert þann 1. janúar 1979. Skal sérhver hluthafi fá jöfnunarhlutabréf sem nemi jafnhárri upphæð og hlutabréf þau sem hann á fyrir og hefur greitt.

Þá samþykkir aðalfundurinn aukningu á hlutafé bankans úr kr. 200 milljónum í kr. 500 milljónir og skal aukningin fara fram á árunum 1979—1981, þannig að hluthöfum sé gefinn kostur á að greiða aukninguna með þrem greislum í gjalddaga þann 1. október árin 1979—1981. Skulu hluthafar eiga rétt á að kaupa viðbótarhlutabréf fyrir allt að tvöfaldri hlutafjáreign sinni sem þeir eiga fyrir í félaginu, þ. e. allt að því þrefalda hlutafjáreign sína, sbr. þó 3. mgr. hér á eftir.

Nú vilja svo margir hluthafar neyta kaupréttar síns á hlutafjárauka að öllum verði eigi veitt úrlausn og skulu hluthafar allir þá sæta hlutfallslegri lækkun, eftir því sem stjórn bankans ákveður.

Fari svo að nægilega margir hluthafar eigi neyti forkaupsréttar þannig að tilskilin upphæð náist, skal stjórn bankans heimilt að bjóða öðrum og nýjum hluthöfum aukinn hlut á því verði, sem hún ákveður.

Réttur hluthafa til að skrá sig fyrir hlutafjáraukningu þeirri, sem að framan greinir, gildir til 1. júlí 1979, og er áskrift bindandi fyrir hluthafa. Hlutafé skal aukið árlega um a. m. k. kr. 100 milljónir, þ. e. á árunum 1979, 1980 og 1981. Gjalddagi er 1. október hvert árið.

Sömu reglur gilda um hin nýju hlutabréf og um annað hlutafé í bankanum.

Líta ber á samþykkt þessa sem efnislega breytingu á 4. gr. samþykkta bankans nr. 154/1974, og skal leita staðfestingar ráðherra á breytingunni.

Hlutafé Verslunarbanka Íslands hf. verður því 500 milljónir króna. Hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféð eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum félagsins sbr. 34. gr. Hluthafar allir sbr. 5. grein hafa forgangsrétt til hlutafjárauka að tiltölu við hlutafjáreign sína í félaginu innan tímamarka, sem greind verða í samþykkt um aukningu hlutafjár. Nú neyta hluthafar ekki forkaupsréttar síns, og eru þá hlutabréfin boðin til kaups með opinberu útboði eða á annan hátt, eftir nánari fyrirmælum hluthafafundar.

Innborgað hlutafé er kr. 200 000 000 þ. m. t. jöfnunarhlutafé. Hlutaféð er allt jafn rétthátt.

2. gr.

5. grein orðist svo:

Hlutabréfin hljóða á nafn.

Hlutabréfin eru að nafnverði kr. 1 000, kr. 5 000, kr. 10 000, kr. 50 000, kr. 100 000 og kr. 500 000.

Hlutabréfin skiptast í flokka, og bréf í hverjum flokki eru í framhaldandi töluröð. A-flokks hlutabréf tilheyra félagsmönnum í Verslunarráði Íslands og Félagi íslenskra stórkaupmanna, en B-flokks hlutabréf félagsmönnum í Kaupmannasamtökum Íslands. Aðrir hluthafar sem ekki eru meðlimir í ofangreindum samtökum, skulu fá hlutabréf A eða B eftir því á hverra vegum þeir starfa innan greindra samtaka.

Arður af hlutabréfum skal sendur hluthöfum í ávísun innan mánaðar frá lokum aðalfundar.

3. gr.

Þannig samþykkt á aðalfundi Verslunarbanka Íslands hf. hinn 18. mars 1978.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 30. nóvember 1978.

Svavar Gestsson.

Yngvi Ólafsson.

5. desember 1978. Nr. 423.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks nr. 113 3. apríl 1973 með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald allt að kr. 2 080.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. desember 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

27. nóvember 1978. Nr. 424.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169/1970 með áorðnum breytingum.

1. gr.

Við 13. gr. reglugerðarinnar (sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 316/1978) bætist nýr töluliður er verði 25. töluliður er orðist svo:

25. tl. Eftirgreindar vélar enda séu þær ætlaðar til notkunar við fiskvinnslu: Flökunarvélar, flatningsvélar, roðflettingarvélar, slægingar- og hausskurðarvélar sem falla undir tollskrárnúmer 84.30.15 svo og hakkavélar, marningsvélar, beinskurðarvélar, flokkunarvélar og fiskþvottavélar sem falla undir tollskrárnúmer 84.30.19.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurgreiða söluskatt af þeim fiskvinnsluvélum er falla undir 1. gr. reglugerðar þessarar sem tollafgreiddar hafa verið eða seldar eftir 1. október 1978.

Fjármálaráðuneytið, 27. nóvember 1978.

Tómas Árnason.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 425. 23. nóvember 1978.

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breyting á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breyting á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér greinir:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a) í bráðabirgða-ákvæðum þús. kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b) í bráðabirgða-ákvæðum þús. kr.
Grunnfjárhæð skv. lögunum, svarar til verkamanna-kaups í maí 1977, á gildistökutíma laganna	2 000	6 000
Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:		
22. júní 1977	2 512	7 536
1. sept 1977	2 608	7 825
1. des. 1977	2 985	8 955
1. mars 1978	3 233	9 699
1. júní 1978	3 887	11 663
1. sept. 1978	4 027	12 082

Samgönguráðuneytið, 23. nóvember 1978.

Ragnar Arnalds.

Kristinn Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 45 — 1978

7. desember 1978. 887 Nr. 426.

REGLUGERÐ

um eftirgjöf á hinu fasta ársfjórðungsgjaldi fyrir venjulegan síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

1. gr.

Póst- og símamálastofnun skal fella niður hið fasta ársfjórðungsgjald af venjulegum síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, með þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð þessari.

2. gr.

Umsókn um niðurfellingu ársfjórðungsgjalds skal vera á sérstöku eyðublaði, réttilega útfylltu og undirrituðu. Eyðublöðin skulu afhent ókeypis í Starfsmannadeild Póst- og símamálastofnunar og á póst- og símastöðvum.

Allar slíkar umsóknir skulu sendar Starfsmannadeildinni, sem kannar aðstæður og afgreiðir málið síðan, sé skilyrðum reglugerðar þessarar fullnægt.

3. gr.

Skilyrði til að ársfjórðungsgjald megi fella niður eru:

a) Að viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþegi njóti óskertrar uppbótar á elli- eða örorkulífeyri (tekjutrygging), samkv. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.
b) Að umsækjandi búi einn í íbúð, eða sé hann í hjónabandi eða öðru sambýli, þá uppfylli hver einstaklingur kröfur reglugerðar þessarar. Umsækjandi telst þó uppfylla skilyrði þessarar greinar, enda þótt fólk undir tvítugsaldri dveljist á heimilinu.
c) Að ekki sé annar sími í íbúðinni.

4. gr.

Heimild til niðurfellingar gjalds samkvæmt reglugerð þessari nær aðeins til hins fasta ársfjórðungsgjalds síma samkvæmt gjaldskrá en ekki til annarra gjalda, hvorki stofngjalda, gjalda vegna umframsímtala, aukabúnaðar, né annarra gjalda en fasts ársfjórðungsgjalds, sem nú eru í gildi eða síðar kunna að verða sett með gjaldskrá.

Rétthafar síma samkvæmt gjaldskrá þessari skulu hlýta almennum skilmálum um innheimtu símagjalda o. fl.

5. gr.

Þótt réttur elli- og örorkulífeyrisþega til að fá hið fasta ársfjórðungsgjald síma fellt niður, sé viðurkenndur, fær hann ekki forgangsrétt til að fá síma umfram aðra umsækjendur.

6. gr.

Skylt skal rétthafa síma, er fengið hefur ársfjórðungsgjald fellt niður, að tilkynna Starfsmannadeild Póst- og símamálastofnunar þær breytingar, sem á högum

B 109

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

hans kunna að verða og raskað geta forsendum fyrir gjaldfrelsi hans. Misnotkun eða rangar upplýsingar varða missi réttinda samkvæmt reglugerð þessari.

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins lætur Póst- og símamálastofnun ársfjórðungslega í té skýrslu um þá elli- og örorkulífeyrisþega um land allt, sem óskertrar tekjutryggingar njóta, sbr. a.-lið 3. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 1. gr. l. nr. 24 23. maí 1975, um breyting á lögum nr. 30/1941, um fjarskipti, til að öðlast gildi frá 1. janúar 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. desember 1978.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 427. 8. desember 1978.

AUGLÝSING

um tollafgreiðslugengi.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að nýta heimild í 11. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., til þess að ákveða, að það sölugengi krónunnar, sem skráð er hér á landi við opnun banka þann 28. hvers mánaðar (eða næsta vinnudag þar á eftir, ef ekki er opið í banka þann dag), skuli gilda við ákvörðun tollverðs næsta almanaksmánuð þar á eftir. Ákvörðun þessi gildir fyrst um sinn og uns annað kann að verða ákveðið, þó þannig að verði veruleg breyting á gengi íslenskrar krónu gagnvart erlendri mynt, skal við tollafgreiðslu strax á eftir miðað við nýja gengið.

Ofangreind ákvörðun er bundin þeirri forsendu, að venjuleg gengisskráning sé fyrir hendi í hérlendum bönkum, enda fellur móttaka tollskjala niður, þegar gengi íslenskrar krónu er ekki skráð.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. janúar 1979 og skal skráð sölugengi hinn 28. desember 1978 gilda sem tollafgreiðslugengi fyrir janúar 1979.

Fjármálaráðuneytið, 8. desember 1978.

Tómas Árnason.

Sigurgeir A. Jónsson.

Nr. 428. 7. desember 1978.

REGLUGERÐ

um heimavistir grunnskóla.

I. KAFLI
Heimavistir.

1. gr.

Til umsjónarstarfa í heimavistum grunnskóla telst allt eftirlit með nemendum utan kennslutíma svo sem í heimavist, í borðsal, í útivist, í lestímum og við félagsstörf.

2. gr.

Skólastjóri skal gera áætlun um gæslustörf fyrir byrjun hvers skólaárs. Fari áætlun fram úr gildandi reglum um greiðslur ríkissjóðs þarf skriflegt samþykki skólanefndar og sveitarstjórnar.

3. gr.

Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón nemenda vera í höndum kennara, fóstra eða annarra starfsmanna með uppeldismenntun eða starfshæfni sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Skólastjóri ræður starfslið til gæslu að fengnu samþykki sveitarstjórnar eða skólanefndar í umboði hennar.

4. gr.

Gæslufólk skal leitast við að veita nemendum hliðstæða umhyggju og vernd og þeir njóta á heimilum sínum. Gæslufólk skal halda uppi jákvæðum aga, hvetja nemendur og leiðbeina þeim um góða umgengni, reglusemi og háttvísi.

5. gr.

Í öllum heimavistarskólum skal aðbúnaður vera þannig að nemendur geti notið sem best hvíldar og næðis utan skólatíma. Einnig sé góð aðstaða til tómstunda- og félagsstarfa. Ennfremur skal þess gætt að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavistar.

6. gr.

Dvöl í heimavist skal vera eins stutt og mögulegt er án þess að námið skerðist af þeim sökum, svo að tengsl barnanna við heimili þeirra rofni sem minnst. Æskilegt er að nemendur séu ekki lengur en 4 nætur að heiman í senn, nema 6 daga skólavika sé talin nauðsynleg, þá 5 nætur.

7. gr.

Miðað við vikulega gæsluþörf með heimavistarnemendum, sem koma í skóla kl. 11.00 á mánudögum og fara úr skóla kl. 16.15 á föstudögum og almennar aðstæður skulu greiðslur úr ríkissjóði fyrir gæslustörf miðaðar við eftirfarandi:

Fjöldi nemenda í heimavist	Gæslustundaþörf
6— 10 nem.	26.63 klst.
11— 20 nem.	26.63 klst. + 0.91 á nem. umfram 10
21— 50 nem.	35.75 klst. + 0.33 á nem. umfram 20
51— 80 nem.	45.50 klst. + 0.82 á nem. umfram 50
81—100 nem.	70.12 klst. + 0.84 á nem. umfram 80
101 nem.	87.00 klst. + 0.50 á nem. umfram 100

Menntamálaráðuneytið úrskurðar gæsluþörf umfram framanritað, ef rökstudd beiðni þess efnis kemur frá skólum m. a. af eftirtöldum ástæðum:

a) að skóli hefjist fyrr á mánudögum,
b) að heimavistarhús séu tvö eða fleiri,
c) að 6 daga kennsluvika sé talin nauðsynleg vegna skerts námstíma,
d) að nemendur þurfi að dvelja í heimavist yfir helgi sökum veðurs, samgangna eða af öðrum ástæðum,
e) að annir séu tvær vikur eða fleiri í senn, vegna samgönguerfiðleika.

8. gr.

Sveitarfélög, er standa að rekstri heimavistarskóla, greiða gæslufólki umsamin laun og endurkrefja ríkissjóð um hlutdeild ríkisins.

II. KAFLI.

Starfsmannafundir

9. gr.

Í heimavistar- og heimanakstursskólum skal skólastjóri eða heimavistarstjóri í hans stað, halda reglulegan starfsmannafund í upphafi skólaárs. Leggur hann þar fram drög að áætlun um skipulag heimavistar, umgengnisreglur og gæslustörf. Halda skal annan reglulegan starfsmannafund síðar á skólaárinu.

10. gr.

Á reglulega starfsmannafundi skal boða allt starfsfólk skóla. Skylt er fastráðnu starfsfólki að sækja þessa fundi, enda séu þeir haldnir í daglegum vinnutíma þess.

11. gr.

Skólastjóri (heimavistarstjóri) boðar til starfsmannafunda og stjórnar þeim eða setur fundarstjóra í sinn stað, og skipar fundarritara. Fundargerð skal færa í gjörðabók.

12. gr.

Boða skal til sérstaks starfsmannafundar, æski þriðjungur fastráðinna starfsmanna þess og skal þá tilgreina fundarefni. Þá getur skólastjóri boðað til aukafundar.

13. gr.

Skólastjórar heimavistar- og heimanakstursskóla boða ókumenn, er flytja nemendur, á reglulega starfsmannafundi og aðra starfsmannafundi ef skólastjóra þykir ástæða til.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 20. og 37. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, og gildir frá 1. september 1978. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 435/1977 um sama efni.

Menntamálaráðuneytið, 7. desember 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

Nr. 429. 8. desember 1978.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Rangár Apóteks, Hellu.

Skv. heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972, skal afgreiðslutími Rangár Apóteks, Hellu vera sem hér segir:

Mánudaga-föstudaga kl. 9.15-12.25 og kl. 14-17.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. greinar fyrrnefndar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið, 8. desember 1978.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

Stjórnartíðindi B 45, nr. 426—429. Útgáfudagur 22. desember 1978.

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 — 1978

28. desember 1978. 891 Nr. 430.

REGLUGERÐ

um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19 og skal fjárhæð þess ákveðin með sérstakri reglugerð.

2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — gúmmígjald — af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum sem nota má á bifreiðar og bifhjól og skal gjaldið nema 45 kr. af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna sem fylgja bifreiðum er fluttar eru til landsins.

3. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
allt að 2000	276 800	3000—3199	371 750
2000—2199	292 650	3200—3399	387 550
2200—2399	308 450	3400—3599	403 400
2400—2599	324 250	3600—3799	419 200
2600—2799	340 100	3800—3999	435 000
2800—2999	355 950		

b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
allt að 2000	359 800	3000—3199	483 250
2000—2199	380 400	3200—3399	503 800
2200—2399	400 950	3400—3599	524 400
2400—2599	421 500	3600—3799	544 960
2600—2799	442 100	3800—3999	565 500
2800—2999	462 700		

c. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á.

Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
4,0— 4,9	11,10	15,0—15,9	17,80
5,0— 5,9	11,60	16,0—16,9	18,70
6,0— 6,9	12,20	17,0—17,9	19,50
7,0— 7,9	12,70	18,0—18,9	20,40
8,0— 8,9	13,20	19,0—19,9	21,20
9,0— 9,9	13,70	20,0—20,9	22,10
10,0—10,9	14,20	21,0—21,9	22,90
11,0—11,9	14,70	22,0—22,9	23,80
12,0—12,9	15,20	23,0—23,9	24,70
13,0—13,9	16,10	24,0—24,9	25,50
14,0—14,9	16,90	25,0—25,9	26,40

Af fólksflutningabifreiðum 17 farþega og fleiri, sem rétt hafa til sérleyfis- eða hópferðaaksturs, skal greiða 33% lægri þungaskatt en að ofan greinir.

d. Eigendur bifreiða er um getur í a- og b-liðum þessarar greinar geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli í stað fasts árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera 11.10 kr. Greiða skal 1/12 hluta gjalds'ns skv. a- eða b-lið þessarar greinar, eftir því sem við á, fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að vera útbúin viðhlítandi ökumælisbúnaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15 dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal skrá í athugasemdadálk skráningarskírteinis bifreiðar hvort greiða skuli þungaskatt samkvæmt ökumæli eða fast árgjald.

Frá þeirri stundu er bifreiðaeftirlitsmaður hefur viðurkennt ökumælisbúnað bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll ákvæði þessarar reglugerðar er að ökumælum lúta svo og ákvæði reglugerðar nr. 62/1977.

e. Þegar greiddur hefur verið þungaskattur af bifreið skv. c-lið þessarar greinar fyrir 30 000 km akstur á einu almanaksári skal þungaskattur miðast við að veittur sé 10% afsláttur af kílómetragjaldi sem til fellur umfram 30 000 km og að 45 000 km og 20% af kílómetragjaldi umfram 45 000 km.

Afsláttur kemur til framkvæmda við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur náð framangreindum mörkum. Réttur til endurgreiðslu fylgir bifreið þótt eigendaskipti verði.

Um ísetningu ökumæla, innsiglun, álestur og viðgerðir, svo og um skyldur umráðamanns bifreiðar varðandi álestur, færslu ökubókar o. þ. h. gilda ákvæði reglugerðar um ökumæla nr. 62/1977.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar og gjaldskyldu sker fjármálaráðherra úr.

4. gr.

Nú er bifreið eða festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfður heildarþungi nýtist ekki til fulls og á þá eigandi rétt á að gjaldskylda sé miðuð við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd. Slík þyngd er hér eftir nefnd skráð þyngd. Skráð þyngd, sem skattur er greiddur af, skal aldrei vera minni en 13 000 kg sé um bifreið að ræða en 6000 kg sé um vagn að ræða. Skráð þyngd, sem greiðsla er miðuð við, má og aldrei vera minni en eigin þyngd bifreiðar eða vagns og ekki skal slík skráning vera til skemmri tíma en 12 mánaða. Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hver sé skráð þyngd samkvæmt þessari grein.

Bifreiðaeftirlit ríkisins færir upplýsingar um skráða þyngd í skráningarskírteini. Að lokinni færslu í skráningarskírteini og álestri á ökumæli bifreiðar miðast þungaskattur við hina skráðu þyngd. Nú verður uppvíst að heildarþyngd bifreiðar er meiri en hin skráða þyngd og skal þá heimild til notkunar skráðrar þyngdar þegar afmáð úr skráningarskírteini og skal notkun skráðrar þyngdar þá ekki heimiluð næstu fjögur árin.

5. gr.

Bifreiðar erlendra sendisveita eru undanþegnar gjaldi skv. 3. gr. svo og bifreiðar erlendra ræðismanna ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. a-lið 3. gr. með eftirtöldum skilyrðum:

a. Þeir lýsi því yfir að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.

b. Þeir sanni með vottorði hlutaðeigandi skattstjóra, að eigandi bifreiðarinnar hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri. Heimilt er þó að víkja frá ákvæði þessa stafliðar ef heildartekjur samkvæmt landbúnaðarframtali næstliðins árs eru hærri en tekjur vísitölubús.

6. gr.

Gjalddagi skatts, sem um ræðir í a- og b-liðum 3. gr., er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreiðin er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heilan mánuð þannig að 15 dagar eða fleiri teljist heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa) án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Þungaskattur skv. c- og d-lið 3 gr. skal innheimtur ársþriðjungslega eftir á og er gjalddagi skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október en eindagi síðasti dagur sömu mánaða. Skal skatturinn innheimtast fyrir hvern ársþriðjung þar sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Í lok hvers ársþriðjungs, þ. e. á síðustu 10 dögum ársþriðjungs eða fyrstu 10 dögum næsta ársþriðjungs, skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Um nánari tilhögun á innheimtu þungaskatts samkvæmt ökumælum og álestri ökumæla vísast til reglugerðar nr. 62/1977.

Lækka skal eða endurgreiða skatt skv. a- og b-liðum 3. gr. að réttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt. Við útreikning á frádrætti skattsins skal miðað við heila mánuði þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður en hálfum mánuði eða minna skal sleppt.

7. gr.

Eigi skal endurgreiða skatt af bifreið sem greiddur hefur verið af henni út árið þótt skipt sé um eiganda að henni eða hún flutt í annað skráningarumdæmi, heldur skal greiðslan gilda fyrir þá bifreið allt árið hver sem eigandi hennar er eða hvert sem hún er flutt á landinu.

8. gr.

Viðurlög ef gjöld skv. a- og b-liðum 3. gr. eru ekki greidd:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greiddur hafi verið af henni gjaldfallinn þungaskattur svo og skráningargjald og vátryggingariðgjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema framangreind gjöld hafi áður verið greidd af bifreiðinni til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma og gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

Þungaskattur af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt. Bifreiðin skal vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

9. gr.

Viðurlög skv. c- og d-lið 3. gr.:

Komi í ljós við eftirlit að ökumælir sé eigi innsiglaður svo sem fyrir er mælt, svo og ef ökutæki hefur verið í notkun án þess að mælir þess hafi verið virkur, greiðir eigandi og/eða umráðamaður bifreiðarinnar viðurlög sem nema þungaskatti af 5 000 km akstri á mánuði, en 15 000 km akstri á mánuði við ítrekað brot. Viðurlög miðast við c- og d-liði 3. gr. eftir því sem við á og innheimtast eins og um venjulegan álestur væri að ræða.

Ef í ljós kemur við skoðun bifreiðar eða við álestur ökumælis að ökumælir eða ökumælisbúnaður er ekki virkur eða að mælir telur rangt og ætla má að eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar hafi verið grandlaus, getur viðkomandi innheimtumaður ríkissjóðs ákvarðað skattinn samkvæmt því sem telja má sennilegan akstur að viðbættu 10% álagi.

Misnotkun ökumælis, rof innsiglis á honum eða ítrekuð vanræksla samkvæmt framansögðu varðar sektum allt að 500 000 kr. auk viðurlaga samkvæmt reglugerð þessari nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú vanrækir eigandi að láta setja ökumæli í bifreið sína á tilskildum tíma og hann nýtur eigi til þess sérstakrar undanþágu frá Bifreiðaeftirliti ríkisins og skal þá lögreglustjóri stöðva bifreiðina hvar sem til hennar næst og taka skráningarmerki hennar til geymslu uns ökumælir hefur verið settur í bifreiðina.

10. gr.

Heimilt er að veita sérstaka undanþágu frá því að komið sé með bifreið, sem greiða skal af þungaskatt skv. c- og d-lið 3. gr., til álestrar ársþriðjungslega ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ófærð eða veikindi, enda hafi beiðni þar að lútandi borist viðkomandi innheimtumanni með hæfilegum fyrirvara. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á tilskildum tíma skal innheimtumaður leggja viðurlög á eiganda eða umráðamann bifreiðar er nemi 500 kr. á hvern dag sem líður frá þeim tíma sem ákveðinn er til álesturs skv. 4. mgr. 6. gr. í allt að 30 daga eða þar til komið er með bifreiðina til álestrar sé það fyrr.

Heimilt er innheimtumanni þó að fella niður sekt þessa hafi sérstakar ástæður orðið til þess að ekki var komið með bifreið til álestrar á réttum tíma, enda hafi fullnægjandi greinargerð borist innheimtumanni um orsök tafarinnar innan tveggja vikna frá lokum þess tímabils er tilgreint er til álestrar ökumæla. Að öðru leyti er

niðurfelling sekta samkvæmt þessari grein óheimil nema sérstakt samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

11. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annan orkugjafa en bensín, skal talin vera slík hvað skatti viðkemur þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) að hún noti þar eftir bensín fyrir orkugjafa.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar sem setur í bifreið sína hreyfil er notar annan orkugjafa en bensín skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós að bifreið notar annan orkugjafa en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun nema eigandi eða umráðamaður sanni að svo hafi ekki verið.

12. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar en í Reykjavík tollstjóri. Bensíngjald og gúmmígjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

Sé þungaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Heimilt er að veita innflytjendum gjaldfrest á greiðslu aðflutningsgjalds af bensíni. Skal fresturinn miðast við sölu af birgðum og aldrei vera lengri en svo að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

Innflytjandi skal telja fram sölu af birgðum í hverjum mánuði eigi síðar en viku áður en gjaldfresti lýkur.

13. gr.

Heimilt er að endurgreiða innflutningsgjald af bensíni ef sönnur eru færðar á að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Um endurgreiðsluna gilda ákvæði reglugerðar nr. 284/1975.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, lögum nr. 78 23. desember 1975 og lögum nr. 78 31. desember 1977, um breyting á þeim lögum.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 1979 en hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. c-lið 3. gr., tekur þó eigi gildi fyrr en að loknu 1. álestrartímabili. Jafnframt fellur niður reglugerð nr. 1/1978. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1978.

Tómas Árnason.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169/1970 um söluskatt með áorðnum breytingum.

1. gr.

2. mgr. 2. tl. 13. gr. reglugerðarinnar (sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 316/1978) orðist svo:

Undanþága samkvæmt þessum tölulið tekur þó ekki til sælgætis, öls, gosdrykkja eða anarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 97/1971 um vörugjald með áorðnum breytingum. Undanþágan nær heldur ekki til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, súkkulaðikex, sem yfirleitt er selt í stykkjatali, popkorns eða annars sælgætis þótt það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum nr. 97/1971 um vörugjald.

2. gr.

17. gr. reglugerðarinnar (sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 316/1978) orðist svo:

Söluskattsskyldir aðilar skulu annaðhvort hafa í aðalbókhaldi sínu sérstaka reikninga fyrir þær fjárhæðir er færa skal á söluskattsskýrslu eða færa þær í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu. Færslum skal þannig hagað að rekja megi einstakar fjárhæðir á söluskattsskýrslu til þeirra gagna sem á er byggt, bæði að því er varðar skiptingu heildarveltu og frádráttar.

Þeim smásöluverslunum sem ekki hafa aðstöðu til að halda söluskattsskyldri og söluskattsfrjálsri sölu aðgreindri á sölustigi er heimilt að miða söluskattsuppgjör sitt við heildarveltu og reiknað útsöluverð keyptra vara á hverju uppgjörstímabili án tillits til birgða í byrjun eða við lok hvers tímabils, eftir því sem nánar er ákveðið í þessari grein, enda sé innkaupum á skattfrjálsum og skattskyldum vörum haldið aðgreindum í bókhaldi, sbr. 2. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar. Heimilt er að velja milli eftirtalinna uppgjörsaðferða:

1. Útsöluverð hinna keyptu vara skal reiknað á hverjum einstökum innkaupareikningi og fært sérstaklega í bókhald og flokkað á milli söluskattsfrjálsra og söluskattsskyldra vara. Við söluskattsskil fyrir hvert uppgjörstímabil skal útsöluverð keyptra vara í hvorum flokki fyrir sig reiknað saman. Heildarveltu á hverju uppgjörstímabili skal síðan skipt milli söluskattsfrjálsrar sölu og söluskattsskyldrar sölu í sömu hlutföllum og eru milli reiknaðs útsöluverðs innkaupanna á tímabilinu. Til frádráttar heildarveltu á söluskattsskýrslu færist það hlutfall heildarveltunnar sem svarar til hlutfalls útsöluverðs keyptra söluskattfrjálsra vara á tímabilinu. Við skil síðasta mánaðar hvers árs skal fara fram afstemming á heildarsöluskattsskilum liðins árs. Útsöluverð keyptra vara í hvorum flokki skal reiknað saman fyrir öll tímabilin og hlutföll heildarveltu ársins reiknuð í samræmi við það. Söluskattsskil síðasta mánaðar ársins skulu miðast við söluskattsskyldu veltu ársins samtals að frádreginni þeirri veltu sem söluskatti hefur þegar verið skilað af á árinu.
2. Útsöluverð keyptra söluskattsfrjálsra vara skal reiknað á hverjum einstökum innkaupareikningi og fært sérstaklega í bókhald. Við söluskattsskil fyrir hvert uppgjörstímabil skal útsöluverð söluskattsfrjálsra vara reiknað saman og fært til frádráttar frá heildarveltu á söluskattsskýrslu tímabilsins að frádreginni sannanlegri rýrnun.
3. Útsöluverð keyptra söluskattsskyldra vara skal reiknað á hverjum einstökum innkaupareikningi og fært sérstaklega í bókhald. Við söluskattsskil fyrir hvert uppgjörstímabil skal útsöluverð söluskattsskyldra vara reiknað og að frádreginni sannanlegri rýrnun dregið frá heildarveltu tímabilsins. Mismunurinn skal færður til frádráttar heildarveltu á söluskattsskýrslu uppgjörstímabilsins sem sala skattfrjálsrar vöru.

Smásöluverslanir geta valið milli þeirra uppgjörsaðferða er lýst er í 2. mgr. þessarar greinar en ávallt skal fylgja þeirri aðferð sem í upphafi er valin. Skattstjóri getur heimilað söluskattsskyldum aðila að breyta um uppgjörsaðferð að fenginni umsókn hans þegar breytingar verða á starfsemi eða aðstöðu aðila. Enn fremur getur skattstjóri heimilað söluskattsskyldum aðila sem rekur margþætta starfsemi að nota mismunandi uppgjörsaðferðir fyrir hina ýmsu þætti starfseminnar enda skili hann söluskattsskýrslu fyrir hvern þátt hennar.

Í stað þess að reikna og færa útsöluverð á hverjum innkaupareikningi er heimilt að sundurliða innkaupin á hverju uppgjörstímabili í álagningarflokka og reikna síðan saman útsöluverð innkaupa samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar eftir þeirri sundurliðun. Í stað þess að sundurliða innkaupin og færa útsöluverð þeirra í aðalbókhaldi er ennfremur heimilt að færa þau í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu.

Þeir aðilar sem jöfnum höndum framleiða og selja til neytenda bæði söluskattsskyldar og söluskattsfrjálsar vörur og ekki geta haldið sölunni aðgreindri á sölustigi skulu reikna og færa útsöluverð hinna keyptu eða framleiddu vara á þann hátt sem segir í 2. eða 4. mgr.

Fyrir gjalddaga hvers uppgjörstímabils skal stemma af og skrá niðurstöður þeirra reikninga, bóka eða yfirlita sem færslur á söluskattsskýrslu byggjast á. Ávallt skal vera hægt að rekja einstakar fjárhæðir í uppgjörsgögnum til þeirra færslna sem á er byggt í aðalbókhaldi.

Þegar verulegar breytingar verða á birgðum aðila, sem notað hefur uppgjörsaðferðir þær sem lýst er í 2. mgr. þessarar greinar, t. d. vegna þess að innkaupavenjur hans breytast, starfsemin breytist að öðru leyti eða rekstri er hætt, getur skattstjóri ákveðið að skipting heildarsölu í söluskattsskylda og söluskattfrjálsa sölu skuli vera sú sama og næstu þriggja uppgjörstímabila á undan.

Öll gögn varðandi söluskattsskýrslur skulu geymast eins og önnur bókhaldsgögn.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, öðlast gildi 1. janúar 1979 og skal koma til framkvæmda við söluskattsuppgjör í febrúar 1979 vegna sölu í janúar það ár.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1978.

Tómas Árnason.

Árni Kolbeinsson.

27. desember 1978. Nr. 432.

AUGLÝSING

um reglur um fyrirframútborgun væntanlegra eftirstöðva barnabóta á árinu 1979 skv. c-lið 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að þeim gjaldendum sem vænta megi verulegra eftirstöðva barnabóta til útborgunar við álagningu skatta árið 1979 gefist kostur á að sækja um að fá helming þeirra greiddan fyrirfram á fyrri hluta ársins 1979 samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Fyrirframútborgun fer einungis fram til þeirra er hafa fleiri en eitt barn á framfæri sínu og vænta má að eigi meira en 90 000 kr. eftir af barnabótum sínum vegna skattársins 1978, eftir að frá hafa verið dregin opinber gjöld fyrir gjaldárið 1979 er um ræðir í 2. mgr. c-liðs 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr.

9. gr. laga nr. 11/1975. Sé helmingur væntanlegra eftirstöðva barnabóta því undir 45 000 krónum kemur hann ekki til útborgunar fyrirfram.

2. Þeir sem óska fyrirframgreiðslu skulu senda umsókn þar að lútandi í tvíriti til skattstofu í umdæmi sínu. Skal umsókn þessi gerð á þar til gerð eyðublöð sem liggja frammi hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra og innheimtumönnum ríkissjóðs.
3. Umsókn skal fylgja skattframtali umsækjanda árið 1979. Umsókn og framtal skal leggja í umslag og merkja það: Umsókn um fyrirframgreiðslu barnabóta.
4. Ef um er að ræða sambýli fólks, sem átt hefur börn saman, skulu skattframtöl beggja sambýlisaðila fylgja umsókn.
5. Umsóknarfrestur er hinn sami og almennur skilafrestur framtala, þ. e. 31. janúar 1979. Þeir sem hafa annan skilafrest framtala en að ofan greinir skulu hafa sent inn umsókn í allra síðasta lagi 28. febrúar 1979.
6. Skattstjóri áætlar á grundvelli framtals og umsóknar hvers gjaldandi megi vænta til útborgunar af barnabótum árið 1979. Síðan tilkynnir skattstjóri umsækjanda ef umsókn er synjað en samþykktar umsóknir munu berast hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs, sem annast útborgun. Útborgun fyrirframgreiðslu er háð takmörkun fjárhæðar skv. 1. tölulið hér að framan og að umsækjandi (og sambýlisaðili ef við á) eigi ekki vangreiddar eftirstöðvar þinggjalda frá fyrri árum.
7. Stefnt er að því að útborgun barnabóta samkvæmt umsóknum, sem borist hafa innan 31. janúar 1979, hefjist í mars 1979. Útborgun samkvæmt umsóknum sem berast milli 1. og 28. febrúar hefst ekki fyrr en í apríl/maí 1979. Nánari ákvörðun um útborgunardaga verður auglýst síðar.
8. Þegar í ljós kemur við álagningu skatta hvern rétt gjaldandi á til útborgunar barnabóta á árinu 1979 verður fyrirfram greidd upphæð dregin frá heildarfjárhæðinni og kemur það sem þá stendur eftir til útborgunar á síðari hluta ársins. Komi í ljós við álagningu opinberra gjalda að gjaldandi, sem fengið hefur fyrirframgreiðslu, hafi fengið ofgreiddar bætur ber honum að endurgreiða hina ofgreiddu fjárhæð viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1978.

Tómas Árnason.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 433. 27. desember 1978.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 247 4. júlí 1978, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Felldur er úr gildi 3. töluliður 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 247 4. júlí 1978, um friðunarsvæði við Ísland.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. desember 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 245 31. desember 1963 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

1. gr.

100. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 445/1977, orðist svo:

Lögreglustjórar eða gjaldheimtur, sbr. lög nr. 68/1962, skulu innheimta tekju- og eignarskatt.

Á þann hátt, er hér segir, skal innheimta fyrirfram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi 75% — sjötíuogfimm af hundraði — þeirra skatta, sem honum bar að greiða næstliðið ár:

1. Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, skal innheimta til greiðslu upp í skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð er nemi 75% — sjötíuogfimm af hundraði — þeirra skatta, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Nú hafa tekjur gjaldanda á gjaldárinu verið a. m. k. 30% lægri en á næsta ári áður, eða ástæður hans hafa versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess að mun lægri skattar verði lagðir á hann en árið áður, og getur hann þá krafist lækkunar á greiðslum samkvæmt þessum tölulið. Skattstjóri ákveður lækkunina.

   Nú verður ljóst, þegar álagningu lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álögðum sköttum nemur, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem féð var í vörslum innheimtumanns.
2. Álagða skatta, að frádregnu því, sem greiða ber skv. 1. tölulið, ber gjaldanda að greiða með fimm sem næst jöfnum greiðslum þann 1. ágúst, 1. sept., 1. okt., 1. nóv. og 1. des.
3. Vangreiðsla að hluta samkvæmt þessari grein veldur því, að skattar gjaldandans á gjaldárinu falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Sé skattur hækkaður svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir 1. ágúst eða 1. dag næsta mánaðar eftir álagningu, fari hún seinna fram, telst sú skatthækkun í gjalddaga fallin 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina, og skal hún tilkynnt í ábyrgðarpósti.

Taka má skatt lögtaki ásamt dráttarvöxtum hjá gjaldanda sjálfum eða öðrum þeim, sem bera ábyrgð á greiðslu hans, sbr. 102.—108. gr. og 1. mgr. 109. gr.

Kæra frestar ekki greiðsluskyldu né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu skatts, en ef skattur er lækkaður eða felldur niður, skal endurgreiðsla þegar fara fram, sbr. 98. gr. Dráttarvexti má einnig endurgreiða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimildum í 46. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1973 og 55. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 21. gr. laga nr. 7/1972, öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 445/1977.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1978.

Tómas Árnason.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir tilkynningar og skráningar vörumerkja o. fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar skal greiða gjald kr. 12 000.00.

2. gr.

Fyrir beiðni um endurnýjun á skráningu vörumerkis skal greiða gjald kr. 12 000.00.

3. gr.

Fyrir skráningu vörumerkis og fyrir endurnýjun skráningar skal greiða gjald kr. 3 500.00 fyrir hvern flokk, sem samþykktur er til skráningar eða endurnýjunar merkisins.

4. gr.

Fyrir innritun í vörumerkjaskrá greiðist gjald kr. 2 500.00.

5. gr.

Fyrir útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá og fyrir staðfest myndrit af tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist gjald kr. 2 000.00. Fyrir rannsókn á því hvort vörumerki sé skrásett, skal greiða gjald kr. 2 000.00 fyrir hvern flokk, sem rannsóknin nær til.

6. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar skal greiða gjald kr. 25 000.00. Gjöld fyrir endurnýjun gæðamerkis og vöruflokka er hið sama og fyrir almenn vörumerki.

7. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 6. gr. reglugerðarinnar skulu ekki endurgreidd, þótt um skráningu eða endurnýjun sé synjað, eða tilkynning eða beiðni sé afturkölluð.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47, 2. maí 1968, um vörumerki, til að öðlast gildi 15. febrúar 1979, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis, nr. 185 20. apríl 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 79 frá 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. með áorðnum breytingum.

1. gr.

5. grein reglugerðarinnar orðist svo: Hver sá, sem fær gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi greiði viðskiptabönkum 1% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 100 kr. fyrir hvert einstakt leyfi. Af gjaldeyrisleyfum fyrir ferðakostnaði skal leyfisgjaldið þó vera 1.75%. Af leyfum fyrir bensíni og brennsluolíum, sem falla undir tollskrárnr. 27.10.19, 27.10.60 og 27.10.70 skal leyfisgjaldið þó aðeins vera 0.1% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Ekki skal innheimta gjald af leyfum fyrir námskostnaði. Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

Framsal gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfa er háð samþykki viðskiptabankanna. Óheimilt er að bjóða til sölu eða selja gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30, 25. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. sbr. lög nr. 104 28. des. 1978 um breyting á þeim lögum og öðlast gildi 1. janúar 1979.

Viðskiptaráðuneytið, 28. desember 1978.

Svavar Gestsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

30. desember 1978. Nr. 437.

REGLUGERÐ

um sérstakt tímabundið vörugjald.

I. KAFLI
Sérstakt vörugjald.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð hér á landi.

Gjaldið skal vera 16% til og með 8. september 1978 en tímabilið 9. september 1978 til og með 31. desember 1979 skal greiða það skv. 2. gr. reglugerðar þessarar í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

1. Af vörum sem falla undir gjaldflokk A skal greiða 16% gjald til og með 31. desember 1978 en tímabilið frá og með 1. janúar 1979 til og með 31. desember 1979 greiðist 18% gjald.
2. Af vörum sem falla undir gjaldflokk B skal greiða 30% gjald.

II. KAFLI
Innflutningur.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. er innheimt við tollafgreiðslu á innfluttum vörum og skal það greitt í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 16% gjald til og með 31. desember 1978 en tímabilið frá og með 1. janúar 1979 til og með 31. desember 1979 greiðist 18% gjald:

03.01.11	11.02.10	19.04.09	21.07.06
04.06.00	11.02.29	19.05.00	21.07.07
04.07.00	11.02.31	19.07.01	21.07.08
05.13.00	11.02.32	19.07.02	21.07.11
06.02.01	11.04.00	19.07.09	21.07.12
06.02.09	11.05.01	19.08.01	21.07.19
06.04.01	11.05.09	19.08.02	22.01.01
06.04.09	11.08.01	19.08.03	22.02.01
07.02.00	11.08.02	19.08.04	22.02.09
07.03.00	11.08.03	19.08.09	22.03.01
07.04.00	11.08.09	20.01.00	22.03.09
07.06.00	11.09.00	20.02.02	22.10.00
08.01.50	13.03.03	20.02.03	25.01.01
08.01.60	17.01.10	20.02.04	27.08.20
08.01.79	17.01.21	20.02.05	29.04.50
08.03.00	17.01.22	20.02.06	30.03.44
08.04.21	17.01.25	20.02.07	30.05.00
08.04.22	17.01.26	20.02.08	34.07.00
08.10.00	17.02.01	20.02.09	36.02.00
08.11.00	17.02.02	20.03.00	36.04.00
08.12.01	17.02.03	20.04.00	38.14.00
08.12.02	17.02.09	20.05.01	38.17.00
08.12.03	17.03.02	20.05.02	38.19.31
08.12.09	17.03.09	20.05.03	38.19.32
08.13.00	17.04.01	20.05.09	38.19.35
09.03.00	17.04.03	20.06.10	39.01.25
09.04.00	17.04.04	20.06.20	39.01.35
09.05.00	17.04.05	20.07.11	39.01.44
09.06.00	17.04.06	20.07.19	39.01.45
09.07.00	17.04.09	20.07.20	39.01.54
09.08.00	18.06.04	20.07.30	39.01.69
09.09.00	18.06.05	20.07.40	39.01.79
09.10.10	18.06.06	20.07.50	39.01.89
09.10.20	18.06.09	20.07.60	39.01.96
11.01.23	19.02.09	20.07.70	39.02.16
11.01.24	19.03.00	21.07.04	39.02.24
11.01.25	19.04.01	21.07.05	

39.02.37	44.25.09	68.10.01	73.36.20
39.02.45	45.02.00	68.12.01	73.36.30
39.02.46	45.03.09	68.12.02	73.38.11
39.02.48	45.04.02	68.14.00	73.38.12
39.02.52	48.05.10	68.16.01	73.38.19
39.02.62	48.05.49	69.04.00	73.38.23
39.02.63	48.07.31	69.05.00	73.38.29
39.02.65	48.07.45	69.07.00	73.40.47
39.02.67	48.07.46	69.08.00	73.40.56
39.02.73	48.10.00	69.09.00	74.07.09
39.02.94	48.11.00	69.10.00	74.08.00
39.03.14	48.12.00	69.11.00	74.10.00
39.03.35	48.13.00	69.12.00	74.15.00
39.03.55	48.15.31	70.11.00	74.16.00
39.03.83	48.15.32	70.12.00	74.17.00
39.04.09	48.21.10	70.14.02	74.18.10
39.05.09	48.21.52	70.15.00	74.18.20
39.06.29	58.01.10	70.16.00	74.19.06
39.07.12	58.01.20	70.17.09	75.04.00
39.07.36	58.02.10	70.18.00	75.06.02
39.07.39	58.02.20	70.20.20	75.06.03
39.07.49	58.02.30	70.20.32	76.03.01
39.07.64	58.02.40	73.10.12	76.06.09
39.07.65	58.02.50	73.10.13	76.07.00
39.07.73	58.02.60	73.10.21	76.10.01
39.07.74	58.02.70	73.13.51	76.11.00
39.07.78	58.02.80	73.17.00	76.12.00
40.08.02	58.02.90	73.18.19	76.15.10
40.09.09	58.03.00	73.18.22	76.15.20
40.11.10	59.02.10	73.18.29	76.16.04
40.11.20	59.06.02	73.20.02	76.16.13
40.11.40	59.08.01	73.20.03	76.16.15
40.11.50	59.10.00	73.20.09	77.02.00
40.11.61	59.11.02	73.23.02	77.04.20
40.11.69	59.11.09	73.24.00	78.05.00
40.12.00	59.12.09	73.25.01	78.06.09
40.13.01	59.15.00	73.25.09	79.04.00
40.14.06	62.05.01	73.26.00	79.06.01
40.14.08	62.05.04	73.27.01	79.06.02
41.06.00	62.05.05	73.27.02	79.06.03
42.03.03	62.05.07	73.27.09	79.06.05
42.05.03	65.01.00	73.29.02	79.06.09
42.06.00	65.02.00	73.29.09	80.05.00
44.03.42	65.07.00	73.32.00	80.06.02
44.03.49	66.01.00	73.33.00	82.01.09
44.04.10	66.02.00	73.34.01	82.02.00
44.04.20	66.03.00	73.34.09	82.03.10
44.09.23	68.03.00	73.35.09	82.03.20
44.09.29	68.04.00	73.36.11	82.03.30
44.13.11	68.06.00	73.36.12	82.04.00
44.13.19	68.07.00	73.36.13	82.05.00
44.22.09	68.08.09	73.36.14	82.08.00

82.09.01
82.09.02
82.12.01
82.12.09
82.13.01
82.13.09
82.14.00
82.15.00
83.01.01
83.04.00
83.06.09
83.08.00
83.11.00
83.13.04
84.06.39
84.06.70
84.08.31
84.08.39
84.08.41
84.08.49
84.08.60
84.09.00
84.10.10
84.10.20
84.10.39
84.10.49
84.10.50
84.10.69
84.11.19
84.11.29
84.11.30
84.11.49
84.12.00
84.13.09
84.15.10
84.15.20
84.15.31
84.15.32
84.15.41
84.15.42
84.17.10
84.18.12
84.18.13
84.18.21
84.18.22
84.18.29
84.18.31
84.18.39
84.19.10
84.19.21
84.19.31
84.22.19
84.22.21
84.22.29
84.22.39
84.22.41
84.22.49
84.22.50
84.22.69
84.22.79
84.23.10
84.23.21
84.23.22
84.23.29
84.23.30
84.23.40
84.23.50
84.23.61
84.23.69
84.23.70
84.40.10
84.40.21
84.40.50
84.40.61
84.40.69
84.40.71
84.40.72
84.51.10
84.51.21
84.51.29
84.51.31
84.51.39
84.52.10
84.52.20
84.52.30
84.52.40
84.53.10
84.53.20
84.53.30
84.53.40
84.53.50
84.53.60
84.54.10
84.54.20
84.55.10
84.55.21
84.55.29
84.55.30
84.56.10
84.56.20
84.56.40
84.58.00
84.59.20
84.59.50
84.59.82
84.59.89
84.59.91
84.61.03
84.61.04
84.61.09
84.61.12
84.61.13
84.61.14
84.61.15
84.61.19
84.62.00
84.63.03
84.63.04
84.63.05
84.63.06
84.63.07
84.63.09
84.64.00
84.65.09
85.01.10
85.01.29
85.01.31
85.01.39
85.01.40
85.01.59
85.01.60
85.01.74
85.01.80
85.01.89
85.01.90
85.02.00
85.03.09
85.05.00
85.06.11
85.06.19
85.06.20
85.06.31
85.06.39
85.06.40
85.06.50
85.07.03
85.07.04
85.08.00
85.09.00
85.10.09
85.12.10
85.12.21
85.12.29
85.12.41
85.12.49
85.12.53
85.12.54
85.12.55
85.12.56
85.12.57
85.12.59
85.12.61
85.12.69
85.12.70
85.15.20
85.15.25
85.15.30
85.15.35
85.15.40
85.15.59
85.16.00
85.17.01
85.17.09
85.19.12
85.19.14
85.19.15
85.19.18
85.19.21
85.19.29
85.20.10
85.20.20
85.20.40
85.20.50
85.21.10
85.21.20
85.21.39
85.21.60
85.22.20
85.23.01
85.23.09
85.25.10
85.25.20
85.25.30
85.26.10
85.26.20
85.26.30
85.27.00
85.28.00
87.01.10
87.01.39
87.04.09
87.06.09
87.07.19
87.07.20
87.13.01
87.13.09
87.14.29

87.14.31	90.10.39	90.24.09	93.03.00
87.14.39	90.11.00	90.25.00	93.04.03
90.01.01	90.12.00	90.26.01	94.02.00
90.01.09	90.13.00	90.26.02	96.01.04
90.03.00	90.14.20	90.26.09	96.05.00
90.04.09	90.16.10	90.27.09	96.06.00
90.05.00	90.16.20	90.28.10	97.04.01
90.06.00	90.17.10	90.28.20	97.04.02
90.08.11	90.17.20	90.28.39	97.04.04
90.08.19	90.17.30	90.28.40	97.04.09
90.08.21	90.18.01	90.28.50	97.05.00
90.08.29	90.18.09	90.29.09	97.06.01
90.08.31	90.20.00	91.05.00	97.06.02
90.08.39	90.23.01	91.06.00	97.06.09
90.09.01	90.23.02	92.11.31	97.08.00
90.09.09	90.23.03	92.12.11	98.01.01
90.10.10	90.23.09	92.12.23	98.06.01
90.10.20	90.24.01	92.13.01	

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:

27.10.82	38.11.10	65.06.09	83.01.09
27.11.11	38.11.20	67.01.00	83.02.03
27.11.19	38.11.30	67.02.00	83.02.09
27.11.20	38.11.40	67.03.00	83.03.09
27.11.30	38.11.50	67.04.00	83.05.09
32.10.00	38.19.49	68.10.09	84.06.31
32.13.20	39.07.30	68.12.09	84.06.32
33.06.01	39.07.99	68.13.09	84.06.33
33.06.02	40.14.19	68.16.09	84.06.40
33.06.03	40.16.09	69.14.00	84.06.51
33.06.04	42.05.09	70.13.00	84.06.52
33.06.05	44.02.00	70.14.03	84.06.53
33.06.06	44.28.95	70.14.09	84.06.61
33.06.07	44.28.99	70.19.00	84.06.62
33.06.08	45.04.09	70.20.39	84.06.69
33.06.11	46.02.03	70.21.09	84.25.11
33.06.12	46.02.09	71.13.01	84.25.19
33.06.19	46.03.09	71.13.09	84.25.51
34.05.03	48.07.59	71.14.09	85.07.02
34.05.09	48.14.01	71.15.00	85.07.09
35.03.09	48.14.02	71.16.00	85.12.30
36.01.00	48.14.03	73.40.59	85.13.10
36.05.00	48.14.09	74.19.09	85.13.20
36.08.00	48.15.20	75.06.09	85.14.10
37.01.09	48.15.39	76.16.19	85.14.20
37.02.02	48.21.29	80.06.09	85.15.19
37.02.09	48.21.39	82.09.09	85.15.60
37.03.09	48.21.69	82.11.01	85.15.79
37.04.00	55.03.01	82.11.09	85.15.81
37.05.09	59.06.09	83.01.02	85.15.82
37.07.01	65.04.00	83.01.05	85.15.89

87.10.00	92.02.00	92.12.19	95.05.00
87.12.09	92.03.09	92.12.21	95.08.09
87.14.10	92.04.01	92.12.29	98.03.00
87.14.49	92.04.09	92.13.09	98.04.00
90.07.29	92.05.00	93.01.00	98.05.00
90.07.39	92.06.00	93.02.00	98.06.09
91.02.00	92.07.01	93.04.04	98.08.00
91.03.00	92.07.09	93.04.05	98.09.00
91.04.00	92.08.00	93.04.09	98.10.00
91.07.00	92.10.00	93.05.00	98.11.00
91.08.00	92.11.10	93.06.00	98.14.00
91.09.00	92.11.20	93.07.10	98.15.00
91.10.00	92.11.39	93.07.22	98.16.00
91.11.00	92.11.40	93.07.29	99.06.00
92.01.00			

3. gr.

Við innflutning gjaldskyldra vara er gjaldið lagt á tollverð vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og vörugjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1971 með áorðnum breytingum. Gúmmígjald samkvæmt lögum nr. 79/1974, byggingariðnaðargjald samkvæmt lögum nr. 64/1965 og jöfnunargjald samkvæmt lögum nr. 83/1978 skulu þó ekki teljast gjaldstofn við útreikning á hinu sérstaka vörugjaldi við innflutning.

Við tollafgreiðslu á vöru sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Þó skal við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga eigi veita slíka undanþágu hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri sem tollur er færður til samræmis við. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal því í stað hins hærra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið hærra vörugjald.

Þegar vara er flutt inn til eigin nota eða neyslu innflytjanda og söluskattur er innheimtur við tollafgreiðslu reiknast hið sérstaka vörugjald sem söluskattsstofn.

4. gr.

Innflytjendur og aðrir sem selja hráefni og aðrar efnivörur til innlendra framleiðenda skulu við sölu á vörum sem sérstakt vörugjald hefur verið greitt af við tollafgreiðslu færa söluna á sérstaka sölureikninga eða nótur og tilgreina þar fjárhæð vörugjalds.

III. KAFLI

Innlend framleiðsla.

5. gr.

Þær vörur sem taldar eru upp í 2. gr. þessarar reglugerðar og framleiddar eru hér á landi, fá einhverja vinnslumeðferð eða eru pakkaðar í neytendaumbúðir hér á landi eru gjaldskyldar til sérstaks vörugjalds.

6. gr.

Hið sérstaka vörugjald reiknast á verksmiðjuverð. Með verksmiðjuverði er átt við söluverð frá verksmiðju eða framleiðanda án álagningar fyrir sölu- og dreifingarkostnaði en að meðtöldu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1971 með áorðnum breytingum.

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 16%, 18% og 30%, sbr. 2. mgr. 1. gr., á 89,3% heildsöluverðsins. Svarar það til 14,29%, 16,07% og 26,79% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði, svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

Gjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldra vara frá verksmiðju eða framleiðanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það sérstaka vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til hinnar gjaldskyldu framleiðslu.

7. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt þessum kafla eru allir þeir sem framleiða eða pakka hér á landi gjaldskyldar vörur, hvort sem er til sölu eða til eigin nota.

Gjaldskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Þeir sem hefja tilkynningarskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal greina nafn og heimili rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu sé um að ræða.

Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi semja skrár um alla þá sem hafa með höndum gjaldskylda starfsemi.

8. gr.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu færa gjaldskylda sölu á sérstakar sölunótur eða reikninga.

Nóturnar eða reikningarnir skulu bera greinilega með sér hvort sérstakt vörugjald sé innifalið í heildarfjárhæðinni.

9. gr.

Allir þeir sem innheimta sérstakt vörugjald skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um sérstakt vörugjald.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda hinni gjaldskyldu sölu greinilega aðgreindri í bókhaldi sínu.

10. gr.

Þeir sem njóta vilja frádráttar frá innheimtu gjaldi af sölu, sbr. 4. mgr. 6. gr., skulu færa það sérstaka vörugjald, sem greitt hefur verið við kaup á hráefnum til gjaldskyldrar framleiðslu, í sérstakan reikning. Niðurstaða þess reiknings færist síðan til frádráttar á skýrslu um sérstakt vörugjald við skil til ríkissjóðs, og telst því ekki með hráefnis- eða framleiðslukostnaði og myndar ekki aðstöðugjaldsstofn.

11. gr.

Þeir sem skyldir eru að innheimta sérstakt vörugjald og tilgreindir eru á skrá, sbr. 7. gr., skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, það sérstaka vörugjald sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um gjaldskylda sölu á uppgjörstímabilinu, þar með talin úttekt til eigin nota, svo og upplýsingar um frádrátt, sbr. 6. og 10. gr., og fjárhæð þess sérstaka vörugjalds sem inna ber af hendi.

12. gr.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1978 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars er 1. maí 1978, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1978 er 1. ágúst 1978, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1978 er 1. nóvember 1978 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1978 er 1. febrúar 1979.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1979 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 1979 er 1. maí 1979, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1979 er 1. ágúst 1979, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1979 er 1. nóvember 1979 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1979 er 1. febrúar 1980.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann á næsta virkan dag á eftir.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, viðurlög, sektir og aðra framkvæmd varðandi hið sérstaka vörugjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða:

1. Að því er tekur til innlendrar framleiðslu skulu gilda ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða settra samkvæmt þeim.
2. Að því er tekur til innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, svo og reglugerða settra samkvæmt þeim.

14. gr.

Hið hærra vörugjald sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 9. september 1978 skv. 1. gr. skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 9. september 1978 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 9. september 1978.

Hafi innflytjandi fyrir 9. september 1978 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem skv. 1. gr. gildir til og með 8. september en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 20. september 1978.

Af vörum sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 9. september 1978 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hærra vörugjald sem skv. 1. gr. skal gilda frá og með 9. september 1978, nema tollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir lok októbermánaðar.

Hið hækkaða vörugjald sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 1. janúar 1979 samkvæmt A-lið 2. gr. skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 1. janúar 1979 og af innfluttum vörum sem tekjur eru til tollmeðferðar frá og með 1. janúar 1979 eða ótollafgreiddar eru á þeim tíma, sbr. þó 5. málsgr. þessarar greinar.

Af vörum sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 1. janúar 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., skal greiða hið hækkaða vörugjald sem gilda skal skv. A-lið 2. gr. frá og með 1. janúar 1979 nema tollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir lok febrúarmánaðar.

15. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru sem sérstakt vörugjald hefur ekki verið greitt af. Á sama hátt er óheimil hækkun verðs vörubirgða vegna hækkunar sérstaks vörugjalds.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 217 1. júní 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald og reglugerð nr. 332 8. september 1978 um breyting á þeirri reglugerð.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1978.

Tómas Árnason.

Sigurgeir A. Jónsson.

28. desember 1978. Nr. 438.

REGLUGERÐ

um þinglýsingar.

I. KAFLI

Um færslu dagbókar og móttöku þinglýsingarskjala.

1. gr.

Við hvert embætti þar sem þinglýsing fer fram skal halda dagbók. Skal hún vera lausblaðabók í þríriti.

Í dagbók skal færa eftirtalin atriði varðandi þinglýsingarskjöl: 1) Hvaða dag skjal er móttekið til þinglýsingar; 2) útgefanda skjals; 3) rétthafa eða viðtakanda skjals; 4) tegund skjals; 5) hvaða eign skjal varði; 6) fjárhæð sem tilgreind er í skjali og ræður gjaldtöku; 7) hvort skjal er verðtryggt samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 71/1966; 8) þinglýsingarnúmer skjals.

Í þinglýsingardagbók skal eingöngu skrá þinglýsingarnúmer veðleyfa og/eða umboða fylgi þau aðalskjali.

2. gr.

Hvert skjal skal fært í dagbók sama dag og það berst þinglýsingardómara. Skjöl sem berast eftir afgreiðslutíma teljast afhent næsta dag. Hvern dag að lokinni færslu í dagbók skal þinglýsingardómari eða fulltrúi hans staðfesta með undirskrift sinni í dagbók að tilgreind skjöl hafi borist til þinglýsingar.

3. gr.

Öll skjöl sem færð eru í dagbók skal tölusetja með þinglýsingarnúmeri í óslitinni töluröð, fyrir hvert ár fyrir sig.

4. gr.

Dagbók skal þannig gerð að samrit hennar geti verið skrá er þinglýsingardómara ber að láta gera samkvæmt 3. mgr. 9. gr. þinglýsingarlaga. Á þá skrá skal þinglýsingardómari tilgreina hvenær skjal var fært í þinglýsingarbók og hvort það hafi verið innfært með athugasemd. Verði skjali ekki þinglýst skal tilgreina hvenær því er vísað frá.

5. gr.

Eitt samrit dagbókar skal senda ríkisendurskoðun. Á það eintak skal tilgreina gjald er þinglýsingarbeiðandi greiðir og númer kvittunar, er gefin er út fyrir gjaldinu.

6. gr.

Við móttöku þinglýsingarskjals skal frumrit skjals ásamt samriti, er þinglýsingardómari heldur eftir, áritað af þinglýsingardómara eða fulltrúa hans. Áritun skal fela í sér: 1) Viðurkenningu um viðtöku skjals; 2) móttökudag. Þá er skjal hefur verið fært í þinglýsingarbók, ritar þinglýsingardómari vottorð um þinglýsinguna á bæði eintök skjalsins. Sé skjali þinglýst með athugasemd skal hún skráð á bæði eintök skjalsins.

Ef þinglýsingarbeiðandi óskar eftir kvittun fyrir móttöku skjals, skal þinglýsingardómari gefa hana.

7. gr.

Nú er þinglýst skjali er varðar skrásetta bifreið. Skal skjalinu þá fylgja staðfesting skráningarvaldsmanns um að útgefandi skjalsins eða sá sem samþykkt hefur útgáfu þess, sé kráður eigandi bifreiðarinnar. Nú er þinglýsingardómari jafnframt skráningarvaldsmaður og er þá eigi þörf slíkrar staðfestingar.

II. KAFLI.

Um vörslu þinglýsingarskjala, þinglýsingarpappír og þinglýsingarbækur.

8. gr.

Þinglýsingarskjöl skal leggja í töluröð í skjalahylki eða möppur og geymast í læstum skjalaskápum samkvæmt nánari fyrirmælum frá dómsmálaráðuneyti.

Þegar skjali er aflýst, skal nema það úr skjalahylkinu og leggja það í skjalasafn þinglýsingardómara og geymast í töluröð.

Heimilt er dómsmálaráðuneytinu að ákveða annan geymslumáta fyrir einstök embætti.

Taka skal mynd af þinglýsingarskjölum á örskyggnur (mikrofilmur) í þeim umdæmum er dómsmálaráðuneytið ákveður.

9. gr.

Frá og með 1. janúar 1979 er heimilt að nota löggiltan skjalapappír að stærðinni A 4 samkvæmt íslenskum staðli nr. 1 um stærðir pappírs, jafnhliða núgildandi pappírsstærð.

Frá 1. janúar 1981 er einungis heimilt að nota pappírsstærðina A 4.

10. gr.

Þinglýsingardómarar skulu nota núverandi gerð þinglýsingarbóka þar til dómsmálaráðuneytið gefur fyrirmæli til einstakra embætta um annað.

III. KAFLI.

Gildistaka o. fl.

11. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í þinglýsingarlögum nr. 39 frá 10. maí 1978, öðlast gildi 1. janúar 1979. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur um löggiltan skjalapappír, veðmálabækur, tilheyrandi skrár o. fl. nr. 83 frá 27. desember 1928.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1978.

Steingrímur Hermannsson.

Þorleifur Pálsson.

21. desember 1978. Nr. 439.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um réttindi til vinnu og meðferðar á vinnuvélum nr. 121 5. september 1967.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sá einn getur öðlast réttindi til að vinna með vinnuvélum þeim sem um getur í 1. gr., sem orðinn er fullra 17 ára, hefur nægilega góða sjón og heyrn og næga andlega og líkamlega hreysti, samkvæmt læknisvottorði og að mati öryggismálastjóra, hefur sótt námskeið öryggiseftirlitsins í meðferð vinnuvéla og staðist hefur próf, sem sýni hæfni hans og kunnáttu í meðferð slíkra tækja, samkvæmt 4. gr.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Sá, sem óskar að ganga undir próf til að sýna kunnáttu sína í að vinna með tækjum þeim, sem reglugerð þessi nær til, skal senda skriflega umsókn um prófun til öryggiseftirlits ríkisins.

Umsókninni skulu fylgja:

a. Vottorð um að umsækjandi hafi lokið þátttöku í námskeiði öryggiseftirlitsins í meðferð vinnuvéla og að hann hafi notið kennslu í meðferð og vinnu með vinnuvélum frá manni, sem rétt hefur til að kenna að vinna með slíkum tækjum samkvæmt 5. gr.

b. Læknisvottorð um sjón og heyrn umsækjanda og um andlega og líkamlega hreysti hans.

c. Tvær skýrar andlitsmyndir af umsækjanda berhöfðuðum. Stærð myndar skal vera 35x45 mm. Hún skal vera á endingargóðum ljósmyndapappír merkja- og stimplalaus og eigi eldri en 2ja ára.

d. Prófgjald. Öryggismálastjóri ákveður upphæð prófgjalds í byrjun hvers árs og miðast það við að það standi undir kostnaði við prófun.

Umsókn um aukin réttindi á gildistíma skírteinis, fylgi aðeins vottorð um kennslu í meðferð viðkomandi vinnuvélar og prófgjald.

3. gr.

4. gr. orðist svo:

Telji öryggiseftirlitið umsókn og meðfylgjandi skilríki samkvæmt 3. gr. fullnægjandi, felur öryggismálastjóri þá sérhæfðum manni, tilnefndum af honum, að prófa umsækjanda.

Þeim einum má veita meira próf samkvæmt 3. mgr. 1. gr. sem áður hefur staðist framangreint próf og hefur að minnsta kosti 2000 klst. þjálfun í starfi með vinnuvél.

Standist umsækjandi prófið fær hann í hendur skírteini sem öryggiseftirlit gefur út og veitir honum réttindi þau sem um getur í 1. gr.

Í skírteini skal greina:

1. Númer skírteinis.
2. Nafn, fæðingardag, fæðingarár, nafnnúmer og heimilisfang skírteinishafa.
3. Útgáfudag skírteinis.
4. Hvenær skírteini er fyrst útgefið.
5. Gildistíma skírteinis.
6. Hvers konar réttindi skírteinið veitir.

Í skírteini skal vera mynd af skírteinishafa.

Skal handhafi skírteinis jafnan hafa það við hendina þegar hann er að vinna með tæki því sem skírteinið varðar.

Skírteinið gildir í 5 ár frá útgáfudegi. Óski handhafi skírteinis að endurnýja það að þeim tíma liðnum skal mynd og læknisvottorð fylgja umsókn um endurnýjun, sbr. 3. gr. b og c.

Öryggiseftirlitið heldur námskeið í meðferð vinnuvéla þegar þörf krefur og eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Öryggismálastjóri skal setja námskrá fyrir námskeiðin.

Fyrir þátttöku í námskeiði greiði hver nemandi kennslugjald sem öryggismálastjóri ákveður áður en námskeið hefst og skal miðað við að gjöldin hrökkvi til greiðslu kostnaðar. Gjaldið greiðist fyrirfram.

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 39 29. apríl 1967 um breyting á lögum nr. 23 1. febrúar 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. desember 1978.

Steingrímur Hermannsson.

Jón Thors.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Götu- og útilýsing. Af uppsettu afli 109.973 kr/kWa, stjórnast af ljósnema- og fjarstýritækjum rafveitunnar. Notandi greiði að auki stofnkostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
2. 25.88 kr/kW. Séu lampar ófasviksjafnaðir er heimilt að hækka orkugjald um 15%. Sjá lið 3.5.

B. Heimilisnotkun o. fl.

1. 19.82 kr/kWh til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

C. Vélar o. fl.

1. 25.88 kr/kWh.
2. 5.53 kr/kWh og 17 525 kr/kWa eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksaflnotkun 30 kW.
3. 38.82 kr/kWh til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og við breytingar á eldri mannvirkjum.
4. 19.82 kr/kWh til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum, á kæliklefa og kæliborð í matvöruverslunum og til súgþurrkunar á heyi.

D. Hitun.

1. 8.33 kr/kWh, til húshitunar.
2. 12.26 kr/kWh, til iðnaðar og landtengingar við skip.
3. 3.95 kr/kWh, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
4. 6.55 kr/kWh til iðnaðar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
5. 2.6 kr/kWh til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. 3.41 kr/kWh til iðnaðar. Rjúfa má strauminn frá kl. 08.00-24.00.
7. 7.11 kr/kWh til hitunar á bílgeymslum og þeim stöðum, þar sem hitunar er aðallega þörf að vetri til. Rjúfa má strauminn í allt að 5 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
8. 9.45 kr/kWh til notkunar fyrir leirbrennsluofna. Rjúfa má strauminn á tímabilunum kl. 10.30-12.30 og kl. 17.00-20.00.

   Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

   a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
   b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan roftíma.
   c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
   d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
   e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
   f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.

E. Stórnotkun.

1. Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksaflnotkun minnst 200 kW. 3.63 kr/kWh og 32 532 kr/kWa, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

1. Af einfasa mælum kr. 192.00 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum til og með 80 A, kr. 529.00 á mánuði.
3. Af þrífasa mælum yfir 80 A, kr. 779.00 á mánuði.
4. Af mestumælum kr. 1 955.00 á mánuði.
5. Móttökuliði kr. 424.00 á mánuði.
6. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

H. Stofnkostnaður og viðhald við götulýsingu.

Innifalið í gjaldskrártillögunni er, að bæjarsjóður greiði í stofnkostnað og viðhald vegna götulýsingar í Hafnarfirði, fyrir hvert kílówatt í upsettu afli, 1.334 sinnum það verð, sem ákveðið er í gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar hverju sinni fyrir rafmagn á hvert kílówatt í uppsettu afli í götu- og útilýsingu.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

2.1. Aðalheimtaug.

Heimtaugagjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Jarðstrengur Lágmark	Jarðstrengur Lengdargjald	Loftlínuheimtaug breytt í jarðstrengsheimtaug	Einfasaheimtaug 63 A aukin í 3×63 A
	220 V kerfi			
stofnvara	kr.	kr.	kr.	kr.
63 A 1-fasa	123 900	0	39 500	
63 A 3-fasa	139 100	0	49 200	25 100
100 A 3-fasa	97 200	4 670	62 200	
125 A 3-fasa	119 100	5 220	76 100	
200 A 3-fasa	185 800	7 080	118 800	
300 A 3-fasa	268 300	8 612		
	380 V kerfi			
63 A 1-fasa	123 900	0	39 500	
63 A 3-fasa	166 400	0	66 600	50 200
100 A 3-fasa	164 600	4 670	105 200	
125 A 3-fasa	206 000	5 220	131 700	
200 A 3-fasa	322 100	7 080	206 000	
300 A 3-fasa	465 200	8 610		

2.2. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m skal greitt eins og taflan sýnir.

2.3. Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi 2 349 kr. á hvert kVA. Skal þá miða afl ið við varastærðirnar 400 A, 500A og 630 A. Lengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

2.4. Lengdargjald er innifalið í lágmarksgjaldi heimtauga af stærðinni 63 A einfasa og þrífasa.

2.5. Lengd heimtaugar og stærð 100 A, 125 A og 200 A, í 220 V kerfi og heimtaugar 100 A og 125 A í 380 V kerfi reiknast frá tengistað í húsi stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja heimtaug af þessum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá tengistað í húsi að loftlínustólpa. Þveri jarðstrengur akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

2.6. Lengd heimtaugar frá og með 300 A, 220 V og 200 A, 380 V, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Lengdargjöld reiknast ekki af vegarlengd, sem er umfram 100 m frá tengistað í húsi. Lengdargjald reiknast sem um jarðstreng væri að ræða, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.

2.7. Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta, er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur hemtauganna.

2.8 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.9. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.

2.10. Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3×220 V notendakerfi er breytt í 3×380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

2.11. Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Stofngjald kr.	Lengdargjald Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./stólpa
63 A 1-fasa	23 400	3 480	44 100
63 A 3-fasa	32 800	3 480	51 300
100 A 3-fasa	34 800	4 490	58 700

2.12. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu innan lóðamarka og fyrir hvern stólpa innan lóðamarka í loftlínuheimtaug.

2.20. Varðandi aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

2.21. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
2.22. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.
2.23. Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald 4 000.00 kr. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greitt gjald eftir kostnaði.

III. ÝMIS ÁKVÆÐI.

3.1. Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 3 000.00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
3.2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 3 000.00 og sett viðeigandi vör.
3.3. Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka tvöfalt gjald.
3.4. Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0.9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.
3.5. Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.
3.6. Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 48% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar, hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 4/5 af þeirri breytingu.
3.7. Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu og 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 33%, eru innifalin í rafmagnsgjöldum sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema á töxtunum D1, D3, D5 og D7.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. janúar 1979, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 273 9. ágúst 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald ökutækja.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 2 500 króna árlegt gjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð. Gjald þetta greiðist fyrir fram, og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Fyrir skoðun léttra bifhjóla, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 98 22. maí 1970, skal greiða 1 000 krónur í skoðunargjald.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1979.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 458 29. desember 1977 um skoðunargjald ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1978.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

15. desember 1978. Nr. 442.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973 um jöfnun flutningskostnaðar á sementi ákveðið að flutningsjöfnunargjald pr. hvert tonn af sementi skuli vera kr. 3 960.00 frá 15. desember 1978, þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 15. desember 1978.

F. h. r.
Gylfi Knudsen.

Yngvi Ólafsson.

AUGLÝSING

um endurnýjun skotvopnaleyfa og annarra leyfa, skv. lögum nr. 46 frá 13. maí 1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Samkvæmt heimild í 5. tölulið ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 46 frá 13. maí 1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda, eru frestir til endurnýjunar leyfa samkvæmt 1. til 4. tölulið á ákvæðum til bráðabirgða nefndra laga framlengdir sem hér segir:

a. Frestur til endurnýjunar skotvopnaleyfa framlengist til 30. apríl 1979.
b. Frestur til endurnýjunar leyfa til verslunar og innflutnings efna og tækja skv. 1. til 4. mgr. 1. gr. laga 46/1977, framlengist til 30. apríl 1979.
c. Frestur til endurnýjunar leyfa, til framleiðslu á efnum og tækjum, skv. 1. til 4. mgr. 1. gr. laga nr. 46/1977, framlengist til 30. apríl 1979.
d. Frestur til endurnýjunar leyfa til manna að mega annast sprengingar, framlengist til 31. desember 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1978.

F. h. r.
Baldur Möller.

Þorleifur Pálsson.

Nr. 444. 15. desember 1978.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skiptingu tilgreindra tíðnisviða vegna útvarps.

Hinn 24. nóvember 1978, staðfesti samgönguráðuneytið með bréfi til aðalritara Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) samþykki sitt á svæðissamkomulagi um skiptingu tilgreindra tíðnissviða vegna útvarps (Regional Agreement concerning the Use by the Broadcasting Service of Frequencies in the Medium Frequency Bands in Regions 1 and 3 and in the Low Frequency Bands in Region 1), gerðar í Genf hinn 22. nóvember 1975.

Samningurinn gekk í gildi hinn 23. nóvember 1978.

Staðfestingarbréfið og samningurinn liggja frammi í ráðuneytinu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Samgönguráðuneytið, 15. desember 1978.

Brynjólfur Ingólfsson.

Birgir Guðjónsson.

Stjórnartíðindi B 46, nr. 430—444. Útgáfudagur 30. desember 1978.

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 — 1978

16. maí 1978. 919 Nr. 445.

REGLUGERÐ
um flokkun eiturefna og hættulegra efna.

1. gr.

Eiturefni eru efni sem raðað er á lista I og II, svo sem hér greinir:

Listi I.
(Sterk eiturefni; sterkt eitur).

AMITON (O,O-díetýl-S-(2-díetýlamínóetýl)-tíófosfat)
ARSEN og ólífræn arsensambönd, önnur en blý-, kalcíum- og zinkarsenöt
AZINPHOS-ETHYL (O,O-díetýl-S-(3,4-díhýdró-4-oxóbenzó-[d]-[1,2,3]-tríazín-3-ýl)-metýl-dítíófosfat)
AZINPHOS-METHYL (O,O-dímetýl-S-(3,4-díhýdró-4-oxóbenzó-[d]-[1,2,3]-tríazín-3-ýl)-metýl-dítíofosfat)
BLÁSÝRA (CÝANVETNI) og þau sölt sýrunnar, er í vatnslausn klofna í cýaníðjóna
CARBOPHENOTHION (O,O-díetýl-S-[(4-klórfenýltíó)-metýl]-dítíófosfat)
CHLORPICRIN (TRÍKLÓRNÍTRÓMETAN, KLÓRPÍKRÍN)
CRIMIDIN (2-klór-4-dímetýlamínó-6-metýlpýrímídín)
DEMETON-O (O,O-díetýl-O-[2-etýltíó)-etýl]-tíófosfat)
DEMETON-O-METHYL (O,O-dímetýl-O-[2-(etýltíó)-etýl]-tíófosfat)
DEMETON-S (O,O-díetýl-S-[2-(etýltíó)-etýl]-tíófosfat)
DEMETON-S-METHYL (O,O-dímetýl-S-[2-(etýltíó)-etýl]-tíófosfat)
1-dímetýlkarbamóýl-3-metýl-pýrazólýl-(5)-dímetýlkarbamat
DÍKLÓRDÍMETÝLETRI ($ClCH_2$-O-CH_2Cl)
DÍMETÝLSÚLFAT
DÍNÍTRÓFENÓL (2,4-dínítrófenól)
DINOSEB 2-(1-metýl-n-própýl)-4,6-dínítrófenól)
DIOXATHION (dí-(O,O-díetýl)-2,3-S,S-díoxan-(1,4)-dítíófosfat)
DISULFOTON (O,O-díetýl-S-[2-etýltíó)-etýl]dítíófosfat)
DNOC (2-metýl-4, 6-dínítrófenól)
ENDOSULFAN (6,7,8,9,10,10-hexaklór-1,5,5a,6,9,9a-hexahýdró-6,9-metanó-2,4,3-benzó-[e]-díoxatíepín-3-oxíð)
ENDRIN (1,2,3,4,10,10-hexaklór-6,7-epoxí-1,4,4a,5,6,7,8,8a-oktahýdró-exó-1,4-exó-5,8-dímetanónaftalen)
EPN (O-etýl-O-4-nítrófenýl-benzentíófosfat)
ETÝLKVIKASILFUR ($(CH_3$-$CH_2)_2Hg$)
FENTHION (O,O-dímetýl-O-(3-metýl-4-metýltíófenýl)-tíófosfat)
FLÚSSÝRA (FLÚORVETNI) og alkalí- og ammóníumsölt sýrunnar
FOSFÍN (alkýlsambönd fosfórvetnis)
FOSFÓR, gulur
FOSFÓRVETNI
FOSGEN (PHOSGEN, KARBÓNÝLKLÓRÍÐ)
ISOLAN (1-ísóprópýl-3-metýl-pýrazólýl-(5)-dímetýlkarbamat)
KALCÍUMFOSFÍÐ

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

KLÓRPÍKRÍN (TRÍKLÓRNÍTRÓMETAN. CHLORPICRIN)
KVIKASILFUR
KVIKASILFURSSAMBÖND, ólífræn, að undanskildu merkúróklóríði (kalómel), merkúríoxíði og merkúrísúlfíði (zinnóber), svo og merkúrísúlfati og merkúríklóríi í þurrafhlöðum og natríum- og kalíumamalgötum til tannfyllinga
METHIOCARB (3,5-dímetýl-4-metýltíófenýl-N-metýlkarbamat)
METÝLBRÓMÍÐ (MÓNÓBRÓMMETAN)
METÝLKVIKASILFUR
MEVINPHOS (O,O-dímetýl-O-(2-metoxíkarbónýl-1-metýlvínýl)-fosfat
MÓNÓKLÓRDÍMETÝLETRI (CH_3-O-CH_2Cl)
MÓNÓFLÚOREDIKSSÝRA og sölt sýrunnar
NATRÍUM
NÍKÓTÍN og nikótínsölt. Undanskildar eru duftblöndur, sem innihalda 1% (w/w) nikótín eða minna, sbr. lista II
OXYDEMETON-METHYL (O,O-dímetýl-S-[2-etýlsúlfínýl]-etýl)-tíófosfat
PARATHION (O,O-díetýl-O-4-nítrófenýltíófosfat)
PARATHION-METHYL (O,O-dímetýl-O-4-nítrófenýltíófosfat)
PARAQUAT (1,1'-dímetýl-4,4'-dípýridýl, 2A)
PHORAT (O,O-díetýl-S-(etýltíómetýl)-dítíófosfat)
PHOSGEN (FOSGEN, KARBÓNÝLKLÓRÍÐ)
PHOSPHAMIDON (O,O-dímetýl-O-(1-metýl-2-klór-2-díetýlkarbamóýl)-vínýlfosfat)
PIRIMICARB (2-dímetýlamínó-5,6-dímetýlpýrímidín-4-ýl-dímetýlkarbamat)
SCHRADAN (oktametýlpýrófosfórsýrutetramíð)
SELENSAMBÖND, ólífræn
STRYKNÍN og strýknínsölt
SULFOTEP (bis-O,O-díetýltíófosfórsýruanhýdríð)
TALLÍUMSAMBÖND, ólífræn
TEPP (tetraetýlpýrófosfat)
TETRAETÝLBLÝ
THIOMETON (O,O-dímethyl-S-[2-etýltíó)-etýl]-dítíófosfat)
ZINKFOSFÍÐ

Listi II.
(Eiturefni: eitur).

ACETÝLENTETRAKLÓRÍÐ (TETRAKLÓRETAN; 1,1,2,2-tetraklóretan)
ALDRIN (1,2,3,4,10,10-hexaklór-1,4,4a,5,8,8a-hexahýdró-exó-1,4-endó-5,8-dímetanónaftalen)
ALLÝLALKÓHÓL (PRÓPENÓL; 2-própen-1-ól)
ALLÝLKLÓRÍÐ (KLÓRPRÓPEN; 3-klórprópen)
ANTÍMONKALÍUMTARTRAT
ANTÍMONSAMBÖND, ólífræn, önnur en antímonsúlfíð og litarefni.
ANTU (alfa-naftýltíóþvagefni; alfa-naftýlíókarbamíð)
ATRAZIN (2-klór-6-etýlamínó-4-ísóprópýlamínó-1,3,5-tríazín)
AZÓBENZEN
BARÍUMSÖLT, önnur en baríumsúlfat
BLÝARSENAT
BÓRSÝRA, óblönduð, í duftblöndum og lausnum, ef magn er umfram 20 g
BRÓM
beta-bútoxí-beta-tíócýanó-díetýleter
CAPTAN (N-(tríklórmetýltíó)-cýklóhex-4-en-1,2-díkarboxýímíð)

CHLORDAN (1,2,4,5,6,7,10,10-oktaklór-4,7,8,9-tetrahýdró-4,7-metýlenindan)
COUMAFURYL (3-[(beta-acetýl-alfa-fúrfúrýl)-etýl]-4-hýdroxíkúmarín)
COUMATETRALÝL (4-hýdroxý-3-(1,2,3,4-tetrahýdró-1-naftýl)-kúmarín)
CYCLOHEXIMID (beta-[2-(3,5-dímetýl-2-oxócýklóhexýl)-2-hýdroxí-etýl]-glútarímíð)
DDT (KLÓRFENÓTAN; PENTICÍÐ; 1,1,1-tríklór-2,2-dí-(4-klórfenýl)-etan) í blöndum og samsetningum, sem innihalda meira en 10% (W/W eða W/V) DDT, sbr. lista III
DIAZINON (O,O-díetýl-O-[2-ísóprópýl-6-metýl-4-pýrímídínýl]-tíófosfat)
DÍBRÓMETAN (1,2-díbrómetan), ef látið er úti meira magn en 100 ml, sbr. lista IV A
DICHLORVOS O,O-dímetýl-2,2-díklórvínýlfosfat)
DICUMAROL (3,3-metýlen-bis(4-hýdroxí-1,2-benzópýrón))
DIELDRIN (1,2,3,4,10,10-hexaklór-6,7-epoxý-1,4,4a,5,6,7,8,8a-oktahýdró-exó-1,4-endó-5,8-dímetanónaftalen)
DÍETÝLSÚLFAT
DÍKLÓBENIL (2,6-díklórbenzónítríl)
DÍKLÓREDIKSSÝRA og sölt sýrunnar í lausnum eða blöndum, ef styrkleiki er meira en 50% (W/V), sbr. lista III
DÍKLÓRETAN (1,2-díklóretan), ef látið er úti meira magn en 100 ml, sbr. listi IV A
DÍMETAS (N-dímetýlamínó)-rafsýrumónóamíð)
DIMETHOAT (O,O-dímetýl-S-(N-metýlkarbamóýlmetýl)-dítíófosfat)
DÍMETÝLHÝDRAZÍN
DÍNÍTRÓBENZEN (meta- og para-dínítróbenzen)
DIQUAT (9,10-díhýdró-8a, 10a-díazóníafenantren, 2A)
ENDOTHAL-Na (dínatríum-7-oxabícýkló-[2,2,1]-heptan-2,3-díkarboxýlat)
ETOXÍMERKÚRÍSILÍKAT
ETÝLMERKÚRÍBRÓMÍÐ
ETÝLMERKÚRÍKLÓRÍÐ
ETÝLMERKÚRÍTÍÓÚRÓNÍUMKLÓRÍÐ
FENÍTRÓTHÍON (O,O-dímetýl-O-(3-metýl-4-nítrófenýl)-tíófosfat)
FENÝLMERKÚRÍACETAT
FENÝLMERKÚRÍHÝDROXÍÐ
FENÝLMERKÚRÍHÝDROXÍKÍNÓLÍN
FENÝLMERKÚRÍKLÓRÍÐ
FENÝLMERKÚRÍNAFTENAT
FENÝLMERKÚRÍNÍTRAT
FENÝLMERKÚRÍPÝRÓKATEKÍN
1-fenýl-3-metýl-pýrazólýl-(5)-dímetýlkarbamat
HEPTACHLOR (1,4,5,6,7,10,10-heptaklór-4,7,8,9-tetrahýdró-4,7-metýleninden)
HEXICÍÐ (LINDAN; gamma-1,2,3,4,5,6-hexaklórcýklóhexan) í blöndum og samsetningum, sem innihalda meira en 2% (W/W eða W/V) hexicíð, sbr. lista III
HÝDRAZÍN
HÝDROXÝLAMÍN og hýroxýlamínsölt
KADMÍUSAMBÖND, ólífræn, önnur en kadmíumsúlfíð
KALCÍUMARSENAT
KALÍUM
KALÍUMKRÓMAT og KALÍUMDÍKRÓMAT
KALÍUMNÍTRÍT
KALÓMEL (MERKÚRÓKLÓRÍÐ)

KLÓRKAMFENAR (klóraðir kamfenar; brúttóformúla: $C_{10}H_{10}Cl_8$)
KLÓRFENÓTAN, sjá DDT
KLÓRNÍTRÓBENZEN (para-klórnítróbenzen)
KLÓRNÍTRÓTÓLÚEN (para-klórnítrólúen)
KLÓRÓFORM
KLÓRPRÓPEN (ALLÝLKLÓRÍÐ; 3-klórprópen)
KRÓMTRÍOXÍÐ, KRÓMSÝRA og sölt sýrunnar
LINDAN, sjá HEXICÍÐ
LITÍUM og LITÍUMSÖLT
MALATHION (O,O-dímetýl-S-(1,2-díkarbetoxíetýl)-dítíófosfat)
MECHLOPROP og sölt þess (2-(4-klór-2-metýlfenoxý)-própíónsýra)
MERKÚRÍOXÍÐ
MERKÚRÓKLÓRÍÐ (KALÓMEL)
meta-dínítróbenezn (DÍNÍTRÓBENZEN)
METAM-Na (natríum-N-metýldítíókarbamat)
METANÓL (METÝLALKÓHÓL; TRÉSPÍRITUS)
METOXIETÝLMERKÚRÍACETAT
METOXÍETÝLMERKÚRÍKLÓRÍÐ
METOXÍETÝLMERKÚRÍSILÍKAT
METOXÍMETÝLMERKÚRÍACETAT
METHYLCHLORTHION (O,O-dímetýl-O-(3-klór-4-nítrófenýl)-tíófosfat)
METÝLALKÓHÓL (METANÓL; TRÉSPÍRITUS)
METÝLHÝDRAZÍN
METÝLMERKÚRÍDÍCÝANDÍAMÍÐ [N-cýanó-N'(-metýlmerkúrígvanídín)]
METÝLMERKÚRÍHÝDROXÍÐ
MÓNÓBRÓMEDIKSSÝRA og sölt sýrunnar og estrar
MÓNÓKLÓREDIKSSÝRA og sölt sýrunnar
NATRÍUMNÍTRÍT
NIKÓTÍN í duftblöndum, sem innihalda 1% (w/w) nikótín eða minna, en mest 10% af tóbaksdufti, sbr. lista I
NÍTRÓBENZEN (NÍTRÓBENZÓL)
OXYCARBOXIN (2,3-díhýdró-6-metýl-5-fenýlkarbamóýl-1,4-oxatín-4,4-díoxíð)
para-dínítróbenzen (DÍNÍTRÓBENZEN)
para-klórnítróbenzen (KLÓRNÍTRÓBENZEN)
para-klórnítrótólúen (KLÓRNÍTRÓTÓLÚEN)
PENTICÍÐ, sjá DDT
PERKLÓRETÝLEN, sjá TETRAKLÓRETÝLEN
PHENCAPTON (O,O-díetýl-S-(2,5-díklórfenýltíómetýl)-dítíófosfat)
PINDON (2-pívalóýlindan-1,3-díón)
PÓLÝKLÓRBÍFENÝL (PCB)
PRÓPENÓL (ALLÝLALKÓHÓL; 2-própen-1-ól)
RONNEL (O,O-dímetýl-O-(2,4,5-tríklórfenýl)-tíófosfat)
SCILLA-GLÝKÓSÍÐ
STROBAN (blanda af heptaklórkamfen, heptaklórpínen og öðrum klórterpenum; inniheldur 66% klór; brúttóformúla $C_{10}H_{11}Cl_7$)
TELLÚRSAMBÖND, ólífræn
TETRAKLÓRETAN (ACETÝLENTETRAKLÓRÍÐ: 1,1,2,2-tetraklóretan)
TETRAKLÓRETÝLEN (PERKLÓRETÝLEN; 1,1,2,2-tetraklóretýlen), ef látið er úti meira magn en 200 ml, sbr. lista IV A
TETRAKLÓRMETAN (TETRAKLÓRKOLEFNI)
TRÉSPÍRITUS (METANÓL; METÝLALKÓHÓL)
TRICHLOROFON (O,O-dímetýl-2,2,2-tríklór-1-hýdroxíetýl-fosfónat)

TRÍKLÓREDIKSSÝRA og sölt sýrunnar í lausnum eða blöndum, ef styrkleiki er meira en 50% (W/v), sbr. lista III
TRÍKLÓRETÝLEN (1,1,2-tríklóretýlen), ef látið er úti meira magn en 100 ml, sbr. lista IV A
WARFARIN (3-[beta-acetýl-alfa-fenýl)-etýl]-4-hýdroxíkúmarín)
ZINKARSENAT

Öll önnur efni, sem í lyfjabúðum skal varðveita í eiturskápum samkvæmt gildandi ákvæðum. Ákvæði þetta tekur þó ekki til ávana- og fíknilyfja.

2. gr.

Hættuleg efni eru efni, sem raðað er á lista III, IV A, IV B, V og VI, svo sem hér greinir.

Listi III.
(Hættuleg efni).

ACETALDEHÝÐ
alfa-naftól (NAFTÓL)
alfa-naftýlamín (NAFTÝLAMÍN)
ALKÝLNÍTRÓSAMÍN, hvers konar
AMMÓNÍAKVATN (SALMÍAKSPÍRITUS), sem að styrkleika er meira en 3% (W/W eða W/V)
ANILÍN — Ef anilín eða anilínsölt eru í merkibleki, skal letra á ílát eftirfarandi: Má ekki nota til þess að merkja bleiur eða önnur klæði ungbarna
BENZÍN
beta-naftól (NAFTÓL)
beta-naftýlamín (NAFTÝLAMÍN)
BLEIKIVATN (HYPOKLÓRÍTLAUSNIR), ef látið er úti meira magn en 30 ml
BLÝSAMBÖND, önnur en blýarsenat (sbr. lista II) og tetraetýlbý (sbr. lista I) — Ef uppleyst litarefni, málning eða aðrar lausnir, sem fullbúnar eru til notkunar, innihalda meira magn af blýi en nemur 50% (W/W) þurrefnis, skal letra á ílát eftirfarandi: Varúð. Hætta á blýeitrun
BÓRSÝRA, óblönduð, í duftblöndum og lausnum, ef magn er minna en 20 g.
BRENNISTEINSKLÓRÍÐ (KLÓRBRENNISTEINN)
BRENNISTEINSSÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 5% (W/V)
DDT (KLÓRFENÓTAN; PENTICÍÐ; 1,1,1-tríklór-2,2-dí-4-tríklórfenýl)-etan) í blöndum og samsetningum, sem innihalda 10% (W/W eða W/V) DDT eða minna, sbr. lista II
DÍFENÝLKLÓRSAMBÖND (PCB)
DÍÍSÓCÝANSAMBÖND
DÍKLÓRAMÍN-T (N-díklór-4-tólúensúlfonamíð)
DÍKLÓRBENZEN (para-díklórbenzen)
DÍKLÓREDIKSSÝRA og sölt sýrunnar í lausnum eða blöndum, ef styrkleiki er 50% (W/V) eða minna, sbr. lista II
DÍMETÝLAMÍNÓAZÓBENZEN
DÍMETÝLNÍTRÓSAMÍN (sbr. alkýlnítrósamín)
EDIKSSÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 5% (W/V). — Á ílát skal letra eftirfarandi: Hættulegt að neyta óþynnt.
FENÓL (PHENOL; KARBÓLSÝRA)
FENÝLENDÍAMÍN (para-fenýlendíamín)
FENÝLHÝDRAZÍN

FERBAM (ferrí-dímetýldítíókarbamat)
FLÚSKÍSILSÝRA (hýdrógensilícumflúoríð) og sölt sýrunnar
FORMALÍN (formaldehýð í vatnslausn) ef styrkleiki fer fram úr 4% (W/W)
FOSFÓRSÝRA (ortó-fosfórsýra) í blöndum og samsetningum, ef styrkleiki fer fram úr 5% (W/W eða W/V)
gamma-benzenhexaklóríð, sjá HEXICÍÐ
HEXAKLÓRBENZEN
HEXAKLÓRETAN
HEXAKLÓRÓFEN
HEXICÍÐ (LINDAN; gamma-benzenhexaklóríð; gamma-1,2,3,4,5,6-hexaklór-cýklóhexan) í blöndum og samsetningum, sem innihalda 2% hexicíð (W/W eða W/V) eða minna sbr. lista II
HÝDRÓGENPEROXÍÐ, sjá SÚRVATN
HÝPÓKLÓRÍT, hvers konar
JOÐ
JOÐLAUSNIR
KALÍUMHÝDROXÍÐ (ÆTIKALÍUM)
KALÍUMKLÓRAT. — Á ílát skal letra eftirfarandi: Mjög sprengifimt í snertingu við eldnæm efni
KALÍUMLÚTUR (KOH í vatnslausn), ef styrkleiki fer fram úr 3% (w/v)
KALÍUMNÍTRAT
KALÍUMPERMANGANAT
KALÍUMPERMANGANAT í lausnum.
KALÍUMPEROXÍÐ
KLÓRAMÍN B (N-klór-benzensúlfónamíðnatríum)
KARBÓLSÝRA (FENÓL)
KLÓRAMÍN T (CHLORAMINUM; N-klór-para-tólúensúlfónamíðnatríum)
Ef KLÓRAMÍN T er látið úti í töfluformi, skulu töflurnar vera sexstrendar lausnartöflur (solublettae) og innihalda 1 g. — Á umbúðir skal letra: Klóramínlausnartöflur
KLÓRAMÍNLAUSNIR (klóramín B og T), ef styrkleiki fer fram úr 1% (w/v)
KLÓRBRENNISTEINN (BRENNISTEINSKLÓRÍÐ)
KLÓRFENÓTAN, sjá DDT
KLÓRKALK
KLÓRSÚLFÓNSÝRA
KRESÓLAR (CRESOL), m. a. klórkresól og tríkresól
KRESÓLAR í sápuvatni (SÁPUKRESÓLAR), ef styrkleiki fer fram úr 1% (w/v)
KÚMARÍN
KVARTER AMMÓNÍUM-, PÝRÍDÍNÍUM-, og ÍMÍDAZÓLÍNÍUMSÖLT í lausnum, ef styrkleiki fer fram úr 10% (w/v)
LINDAN, sjá HEXICÍÐ
LINÚRÓN (N'-(3,4-díklórfenýl)-N-metoxí-N-metýlkarbamíð)
MAURASÝRA
METALDEHÝÐ ((C_2H_4O) n, t. d. „þurrspritt")
METHOXYCHLOR (1,1,1-tríklór-2,2-di-(4-metoxífenýl)-etan)
NAFTALEN (NAFTALÍN)
NAFTÓL (alfa- og beta-)
NAFTÝLAMÍN (alfa- og beta-)
NATRÍUMHÝDROXÍÐ (VÍTISSÓTI; ÆTINATRÍUM)
NATRÍUMKLÓRAT. — Á ílát skal letra eftirfarandi: Mjög sprengifimt í snertingu við eldnæm efni

NATRÍUMLUTUR (NaOH í vatnslausn), ef styrkleiki fer fram úr 3% (w/v)
NATRÍUMNÍTRAT
NATRÍUMPEROXÍÐ
NÍTRÓANILÍN
NITRÓSALKÝLAMÍN, sjá ALKÝLÍTRÓSAMÍN
ortó-fosfórsýra, sjá FOSFÓRSÝRA
OSMÍUMTETROXÍÐ
OXALSÝRA og sölt sýrunnar, m. a. „sýrusalt"
para-díklórbenzen (DÍKLÓRBENZEN)
para-fenýlendíamín (FENÝLENDÍAMÍN)
para-tólúýlendíamín (TÓLÚÝLENDÍAMÍN)
PENTAKLÓRFENÓL og sölt þess
PENTAKLÓRNÍTRÓBENZEN
PENTICÍÐ, sjá DDT
PERKLÓRSÝRA. — Á ílát skal letra eftirfarandi: Mjög sprengifimt í snertingu við eldnæm efni.
PETROLEUM, sjá STEINOLÍA
PÍKRÍNSÝRA (2,4,6-trínítrófenól) og sölt sýrunnar
PÝRITRÍN
RÓTENÓN
SALMÍAKSPÍRITUS, sjá AMMONÍAKVATN
SALTPÉTURSSÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 5% (w/v)
SALTSÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 7% (w/v)
SÁPUKRESÓLAR, sjá KRESÓLAR í sápuvatni
SILFURNÍTRAT (VÍTISSTEINN)
SÍMAZÍN (2-klór-4,6-bisetýlamínó-1,3,5-tríazín)
STEINOLÍA (PETROLEUM), óblönduð
SÚRVATN (HÝDRÓGENPEROXÍÐ; „Brintoverilte").
TERPENTÍNA (hvers konar), óblönduð
TÓLÚÝLENDÍAMÍN (para-tólúýlendíamín)
TRÍKLÓREDIKSSÝRA og sölt sýrunnar í lausnum eða blöndum, ef styrkleiki er 50% (w/v) eða minni, sbr. lista II
VÍTISSÓDI (NATRÍUMHÝDROXÍÐ; ÆTINATRÍUM)
VÍTISSTEINN (SILFURNÍTRAT)
ZINKKLÓRÍÐ
ZINKKLÓRÍÐ, í lausnum (t. d., lóðvatn, ef styrkleiki fer fram úr 5% (w/v)
ÆTIKALÍUM (KALÍUMHÝDROXÍÐ)
ÆTINATRÍUM (NATRÍUMHÝDROXÍÐ; VÍTISSÓTI)

Öll önnur efni og efnasamsetningar, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra og skráð eru í B og C hættuflokkum á listum yfir slík efni.

Listi IV A

(Hættuleg leysiefni (lífræn), A flokkur)

ACETÓNÍTRÍL (METÝLCÝANÍÐ)
ACETÝLENDÍKLÓRÍÐ (DÍKLÓRETÝLEN)
ACETÝLENTETRABRÓMÍÐ (TETRABRÓMETAN)
BENZEN (BENSÓL; STEINKOLSNAFTA)
BRENNISTEINSKOLEFNI (KARBÓDÍSÚLFÍÐ)
BÚTÝLCELLÓSOLVE (ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓBÚTÝLETER; $CH_2C \cdot CH_2O \cdot C_4H_9$)

BÚTÝLGLÝKÓL (ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓBÚTÝLETER; $CH_2OH \cdot CH_2 \cdot O \cdot C_4H_9$)
DÍACETÓNALKÓHÓL (4-hýdroxí-4-metýl-2-pentanón)
DÍBRÓMETAN (1,2-díbrómetan), ef látið er úti 100 ml eða minna magn, sbr. lista II
DÍETÝLENDÍOXÍÐ (DIOXAN; 1,4-dietýlendíoxíð)
DÍÍSÓBÚTÝLKETÓN
DÍKLÓRBENZEN (1,2-díklórbenzen)
DÍKLÓRETAN (1,2-díklóretan), ef látið er úti 100 ml eða minna magn, sbr. lista II
1,1-díklóretan (ETÝLÍDENKLÓRÍÐ)
DÍKLÓRETÝLETER (2,2'-díklóretýleter)
DÍKLÓRETÝLEN (ACETÝLENDÍKLÓRÍÐ; 1,2-díklóretýlen)
DÍKLÓRMETAN (METÝLENDÍKLÓRÍÐ)
DÍKLÓRNÍTRÓETAN (1,1-díklór-1-nítróetan)
DÍKLÓRPRÓPAN (1,2-díklórprópan)
DÍKLÓRPRÓPÝLEN (1,3-díklórprópýlen)
DÍMETÝLFORMAMÍÐ (DMF; N,N-dímetýlformamíð)
DIOXAN (DÍETÝLENDÍOXÍÐ)
DÍPENTEN (CÍNEN)
ETRI (ETER; ETÝLETRI)
ETÝLENDÍBRÓMÍÐ, sjá DÍBRÓMETAN
ETÝLENDÍKLÓRÍÐ, sjá DÍKLÓRETAN
ETÝLENGLÝKÓL (GLÝKÓL)
ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓBUTÝLETER (BÚTÝLCELLÓSOLVE: BÚTÝLGLÝKÓL)
ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETER (METÝLCELLÓSOLVE; METÝLGLÝKÓL)
ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETERACETAT (METÝLCELLÓSOLVEACETAT; METÝLGLÝKÓLACETAT)
ETÝLENKLÓRHÝDRÍN (1-hydroxi-2-klóretan)
ETÝLENTRÍKLÓRÍÐ (TRÍKLÓRETAN)
ETÝLFORMÍAT
ETÝLÍDENKLÓRÍÐ (1,1-díklóretan)
FÚRFÚRÓL (FÚRFÚRAL; 2-formýlfúran)
FÚRFÚRÝLALKÓHÓL (2-hýdroxímetýl-fúran)
HEPTAN
HEXAN
ISOFOROAN 3,5,5-trímetýlcýklóhexen (2)-ón (1))
KARBÓDÍSÚLFÍÐ (BRENNISTEINSKOLEFNI)
KLÓRNÍTRÓPRÓPAN (1-klór-1-nítrópan)
KLÓRBENZEN (KLÓRBENZÓL; MÓNÓKLÓRBENZEN)
MESITÝLOXÍÐ (2-metýl-penten (2)-ón (4))
METÝLAMÝLALKÓHÓL (METÝLÍSÓBÚTÝLKARBÍNÓL)
METÝLCELLÓSOLVE (METÝLGLÝKÓL; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETER)
METÝLCELLÓSOLVEACETAT (METÝLGLÝKÓLACETAT; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETERACETAT)
METÝLCÝANÍÐ (ACETÓNÍTRÍL)
METÝLENDÍKLÓRÍÐ (DÍKLÓRMETAN)
METÝLFORMÍAT

METÝLGLÝKÓL (METÝLCELLÓSOLVE: ETÝLENGLÝKOLMÓNÓMETÝLETER)
METÝLGLÝKÓLACETAT (METÝLCELLÓSOLVEACETAT; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETERACETAT)
METÝLÍSÓBÚTÝLKARBÍNÓL (METÝLAMÝLALKÓHÓL)
MÓNÓKLÓRBENZEN (KLÓRBENZEN; KLÓRBENZÓL)
NÍTRÓETAN
NÍTRÓMETAN
NÍTRÓPRÓPAN
ortó-díklórbenzen (DÍKLÓRBENZEN)
para-tert.-bútýltólúen (1-metýl-4-tert. bútýlbenzen)
PENTAN
PENTAKLÓRETAN
PERKLÓRETÝLEN, sjá TETRAKLÓRETÝLEN
PRÓPÝLENOXÍÐ
STEINKOLSNAFTA (BENZEN; BENZÓL)
TETRABRÓMETAN (1,1,2,2-tetrabrómetan)
TETRAKLÓRETÝLEN (PERKLÓRETÝLEN; 1,2,2,2-tetraklóretýlen), ef látið er úti 200 ml eða minna magn sbr. lista II
TRÍKLÓRETAN (ETÝLENTRÍKLÓRÍÐ; 1,1,2-tríklóretan), sbr. tríklóretan, lista IV B
TRÍKLÓRETÝLEN (1,1,2-tríklóretýlen), ef látið er úti 100 ml eða minna magn, sbr. lista II
TRÍKLÓRPRÓPAN (1,2,3-tríklórprópan).

Listi IV B

(Hættuleg leysiefni (lífræn), B flokkur).

ACETÓN
alfa-metýlstyren (METÝLSTÝREN)
AMÝLACETAT
AMÝLALKÓHÓL
AMÝLBENZEN (AMÝLBENZÓL)
AMÝLFORMÍAT
ANON (CÝKLÓHEXANÓN)
BÚTANÓL (BÚTÝLALKÓHÓL)
BÚTANÓN (METÝLETÝLKETÓN)
BÚTÝLACETAT
BÚTÝLFORMÍAT
CELLÓSOLVE (ETÝLGLÝKÓL; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETER)
CETLLÓSOLVEACETAT (ETÝLGLÝKÓLACETAT; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETERACETAT)
CUMOL (CUMEN; ÍSÓPRÓPÝLBENZEN)
CÝKLÓHEXAN (HEXAMETÝLEN; HEXAHÝDRÓBENZÓL)
CÝKLÓHEXANÓL (HEXALÍN)
CÝKLÓHEXANÓN (ANON)
CÝKLÓHEXEN (TETRAHÝDRÓBENZÓL)
CÝKLÓHEXÝLACETAT (HEXALÍNACETAT)
CÝKLÓHEXÝLFORMÍAT (HEXALÍNFORMÍAT)
CYMOL (p-CYMEN; 1-metýl-4-ísóprópýlbenzen)
DEKAHÝDRÓNAFTALEN (DEKALÍN)

DÍETÝLBENZEN (DÍETÝLBENZÓL)
DÍFLÚORDÍBRÓMMETAN
DÍMETÝLBENZEN (XÝLEN)
DÍPRÓPÝLENGLÝKÓLMETÝLETER
ETÝLACETAT
ETÝLBENZEN (ETÝLBENZÓL)
ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETER (CELLÓSOLVE; ETÝLGLÝKÓL)
ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETERACETAT (CELLÓSOLVEACETAT; ETÝLGLÝKÓLACETAT)
ETÝLGLÝKÓL (CELLÓSOLVE; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETER)
ETÝLGLÝKÓLACETAT (CELLÓSOLVEACETAT; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETERACETAT)
HEXAHÝDRÓBENZÓL (CÝKLÓHEXAN)
HEXAHÝDRÓKRESÓL (METÝLCÝKLÓHEXANÓL)
HEXALÍN (CÝKLÓHEXANÓL)
HEXALÍNACETAT (CÝKLÓHEXÝLACETAT)
HEXALÍNFORMÍAT (CÝKLÓHEXÝLFORÍAT)
HEXAMETÝLEN (CÝKLÓHEXAN)
HEXÝLACETAT (sek. hexýlacetat)
ÍSÓAMÝLALKÓHÓL
ÍSÓBÚTANÓL (ÍSÓBÚTÝLALKÓHÓL)
ISÓBÚTÝLACETAT
ÍSÓPRÓPANÓL (ÍSÓPRÓPÝLALKÓHÓL)
ÍSÓPRÓPÝLBENZEN (CUMOL)
MESITÝLEN (TRÍMETÝLBENZEN; 1,3,5-trímetýlbenzen)
METÝLACETAT
METÝLANON (METÝLCÝKLÓHEXANÓN)
METÝLBENZEN (TÓLÚEN)
METÝLBÚTÝLKETÓN (2-hexánón)
METÝLCÝKLÓHEXANÓL
METÝLCÝKLÓHEXANÓN
METÝLCÝKLÓHEXÝLACETAT (METÝLHEXALÍNACETAT)
METÝLCÝKLÓHEXÝLFORMÍAT
METÝLETÝLKETÓN (BÚTANÓN)
METÝLÍSÓBÚTÝLKETÓN (METÝLPENTANÓN; 4-metýlpentanón (22))
METÝLÍSÓPRÓPÝLBENZEN (CYMOL; p-CYMEN; 1-metýl-4-ísóprópýlbenzen)
METÝLKLÓRÓFORM (TRÍKLÓRETAN; 1,1,1-tríklóretan)
METÝLPENTANÓN (4-metýlpentanó (2))
METÝLPRÓPÝLKETÓN (PENTANÓN; 2-pentanón)
METÝLSTÝREN (METÝLSTÝRÓL; alfa-metýlstýren)
PENTANÓN (METÝLPRÓPÝLKETON; 2-pentanón)
PRÓPÝLACETAT
PRÓPANÓL (PRÓPÝLALKÓHÓL)
PRÓPÝLBENZEN (PRÓPÝLBENZÓL)
STÝREN (STÝRÓL; VÍNÝLBENZEN)
TETRAHÝDRÓBENZÓL (CÝKLÓHEXEN)
TETRAHÝDRÓFÚRAN
TETRAHÝDRÓNAFTALEN (TETRALÍN; 1,2,3,4-tetrahýdrónaftalen)
TRÍKLÓRETAN (METÝLKLÓRÓFORM; 1,1,1-tríklóretan), sbr. tríklóretan, lista IV A
TÓLÚEN (TÓLÚÓL)

TRÍMETÝLBENZEN (1,3,5-trímetýlbenzen)
VÍNÝLBENZEN (VÍNÝLBENZÓL; STYREN)
VÍNÝLTÓLÚEN (VÍNÝLTÓLÚÓL)
XÝLEN (XÝLÓL).

Listi V.

(Hættulegar lofttegundir, er ekki hafa lækningagildi).

AMMÓNÍAK
BRENNISTEINSDÍOXÍÐ (SO_2)
BRENNISTEINSVETNI (HÝDRÓGENSÚLFÍÐ; H_2S)
BÚTAN
DÍAZÓMETAN ($CH_2{=}N{+}{=}N{-}$)
DÍCÝAN ($(CN)_2$)
ETYLMERCAPTAN
FLÚÓR
FLÚORVETNI
FORMALDEHÝÐ
ÍSÓBÚTAN
ÍSÓPRÓPAN
KLÓR
KLÓRVETNI
KOLOXÍÐ (KOLMÓNOXÍÐ; CO)
KÖFNUNAREFNISOXÍÐ (NO)
KÖFNUNAREFNISTVÍOXÍÐ (NO_2)
METÝLKLÓRÍÐ (MÓNÓKLÓRMETAN)
METÝLMERCAPTAN
$NO_{(x)}$ (samanlagt magn NO og NO_2)
ÓZÓN
PRÓPAN
T-gas (ETÝLENOXÍÐ)

Listi VI.

(Efni, sem eru hættuleg í formi ryks eða reyks, t. d. við logsuðu eða ljósbogasuðu).

ARSEN og ARSENSAMBÖND
ASBEST
BERYLLIUM og BERYLLIUMSAMBÖND
BLÝ og BLÝSAMBÖND
DÍÍSÓCÝANSAMBÖND
KADMÍUM og KADMÍUMSAMBÖND
KÍSILSAMBÖND, hvers konar
KÓBALT og KÓBALTSAMBÖND
KOPAR og KOPARSAMBÖND
KRÓM og KRÓMSAMBÖND
KVIKASILFUR og KVIKASILFURSSAMBÖND
NIKKEL og NIKKELSAMBÖND
ZINK og ZINKSAMBÖND

3. gr.

Um flokkun eiturefna og hættulegra efna, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, fer eftir ákvæðum reglugerðar nr.

132/1971 þar að lútandi. Flokkun slíkra efna og efnasamsetninga skal tilkynnt með auglýsingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85 31. desember 1968 sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 27 18. apríl 1973, og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 93 1. mars 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. maí 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 446. 18. desember 1978.

REGLUGERÐ

um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

Skylt er að hafa gjaldmæli í öllum allt að 8 farþega leigubifreiðum, sem aka fólki gegn borgun, og sendibifreiðum, sem aka gegn borgun, á þeim stöðum á landinu, þar sem aðstæður henta að dómi samgönguráðuneytisins.

Lögreglustjórar, hver innan síns umdæmis, skulu hafa eftirlit með að meðferð og notkun gjaldmæla verði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Óheimilt er að taka gjaldmæli í notkun, eftir að hann hefur verið settur í bifreiðina, fyrr en löggilding hefur farið fram á mælinum, sbr. 11. gr.

Ef skipt er um drif, breytt hjóla- eða hjólbarðastærð bifreiðar, skal endurskoða löggildingu mælisins.

Skoðun á gjaldmælum skal fara fram svo oft sem lögreglustjóra þykir þurfa, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Löggildingarmaður gefur vottorð að löggildingu lokinni. Auðkenna skal mæli með sérstökum skoðunarmiða eftir hverja skoðun, er sýni greinilega mánuð og ár, er skoðun fer fram.

3. gr.

Gjaldmælirinn skal settur þannig í bifreiðina, að farþegar sjái glöggt upphæð ökugjalds á gjaldskífu mælisins og skal mælirinn upplýstur, ef ökuljós bifreiðarinnar eru tendruð.

4. gr.

Gjaldmælar í leigubifreiðum skulu sýna rétt ökugjald.

Ef ekið er með 6—8 farþega í bifreið skal ökugjald vera 25% hærra en mælisstaða sýnir.

Ef ekið er á stórhátíðum, þ. e. um jól, páska, hvítasunnu og áramót, sumardaginn fyrsta, 1. maí og 17. júní eftir nánari ákvörðun verðlagsstjóra, skal ekið á næturvinnutaxta að viðbættum 35%.

Ef nauðsynlegt telst að mati verðlagsstjóra er heimilt að viðurkenna aðra sértaxta en hér hafa verið taldir.

Sé gjaldmælir ekki þannig búinn og greinir í 3. mgr. 5. gr. skulu bifreiðastjórar nota verðskrá er sýni greinilega hina heimiluðu sértaxta, og skal hún samin af viðkomandi stéttarfélagi og staðfest af verðlagsstjóra.

5. gr.

Gjaldmælar skulu útbúnir með a. m. k. fjórum valkostum til talningar á þeirri vegalengd, sem ekin er:

1. Dagtaxti.
2. Nætur- og helgidagataxti.
3. Dagtaxti, sem telur tvöfalda vegalengd 1. taxta og notaður er fyrir ferðir utan félagssvæðis, ef leigutaki verður þar eftir.
4. Nætur- og helgidagataxti, sem tvöfalda vegalengd 2. taxta, að sömu skilyrðum og í 3. taxta fullnægðum.

Jafnhliða því, að vegalengd er talin á framangreindan hátt skulu mælarnir reikna startgjald og biðgjald, sem skal vera hið sama fyrir alla fjóra valkosti mælisins.

Verði unnt vegna þróunar í gerð gjaldmæla er heimilt í samráði við samgönguráðuneytið að auka valkosti þeirra þannig að gjaldmælarnir sýni einnig þá sértaxta sem gilda, sbr. 4. gr.

6. gr.

Verði verðsveiflur á ökugjaldi bifreiða, skulu gerðar breytingar innan 6 vikna á öllum gjaldmælum í leigubifreiðum, þannig að þeir uppfylli 1. mgr. 4. gr. og skulu þeir auðkenndir með skoðunarmiða eftir breytingu sbr. 4. mgr. 2. gr. Eftir þann tíma er notkun óbreyttra gjaldmæla óheimil.

Á því 6 vikna tímabili, er að framan greinir, skal nota verðskrá, er sýni greinilega verðbreytinguna og samin skal af viðkomandi stéttarfélagi og staðfest af verðlagsstjóra.

Bifreiðastjóri skal afhenda löggildingarmanni verðskrána, eftir að hann hefur löggilt mæli samkvæmt nýrri gjaldskrá.

Verði óverulegar breytingar á ökugjaldi leigubifreiða er samgönguráðuneytinu heimilt að veita undanþágu til að ekið sé eftir gjaldskrá.

7. gr.

Bifreiðastjóra er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu ökugjalds að hluta eða öllu leyti. Á sama hátt getur bifreiðastjóri krafist fullnaðargreiðslu ökugjalds, ef farþegar yfirgefa bifreið.

8. gr.

Heimilt er að aka án gjaldmælis:

1. Ef mælir bilar í ökuferð, enda er bifreiðastjóra einungis heimilt að ljúka ferðinni. Þó getur lögreglustjóri veitt frekari undanþágu, ef sérstaklega stendur á.
2. Ef ökuferð tekur fleiri en einn dag.
3. Þegar um er að ræða akstur erlendra ferðamanna, sem ferðast á vegum stofnana í landinu, gegn fargjaldi, sem samið er um áður en farþegarnir eru komnir til landsins.
4. Hópferðir gegn ákveðnu sætagjaldi.

Við tölulið 1, 2 og 4 skal farið eftir gjaldskrá bifreiðastjórafélaganna á hverjum stað og tíma, við ákvörðun ökugjalds.

9. gr.

Samgönguráðunytið ákveður hverja tegund eða tegundir gjaldmæla skuli nota.

10. gr.

Notkun gjaldflokka gjaldmælisins fer eftir gjaldskrá leigubifreiðastjóra á hverjum tíma. Þegar breyting verður á gjaldskrá, skal auglýst greinilega, svo að allur almenningur eigi þess kost að fylgjast með breytingunni.

11. gr.

Samgönguráðuneytið skipar löggildingarmann, einn eða fleiri, fyrir mælana og skal löggildingarmaður framkvæma mælingar á þeim og löggildingu, svo og viðgerðir, breytingar og innsiglun, gegn gjaldi, er samgönguráðuneytið ákveður.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt VII. kafla umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Sektir fyrir brot renna í ríkissjóð.

13. gr.

Rglugerð þessi er sett samkvæmt 86. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 181 5. maí 1974 og reglugerð nr. 432 17. september 1975 um breytingu á henni.

Samgönguráðuneytið, 18. desember 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 447. 8. desember 1978.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Fellsstrandar

Grund	40	einingar
Hallsstaðir	34	—
Harastaðir	26	—
Kjarlaksstaðir	166	—
Litla-Tunga	88	—
Orrahóll	37	—
Staðarfell	83	—
Stóra-Tunga	175	—
Stóri-Galtardalur	38	—
Svínaskógur	16	—
Túngarður	26	—
Ytra-Fell	271	—
Samtals	1.000	einingar

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. desember 1978.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 36. gr. laga 67/1971 um almannatryggingar sbr. 5. gr. laga 59 20. maí 1978.

1. gr.

Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr. l. 67/1971, skulu standa skil á föstu ársiðgjaldi til slysatrygginga sem hér segir:

Vegna bifreiðar	kr.	3.600
Vegna bifhjóls	—	3.200
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	—	3.200
Vegna vélsleða	—	3.200
Vegna heimilisdráttarvélar	—	3.200
Vegna rafstöðvar	—	1.600
Vegna súgþurrkunartækis	—	1.600
Vegna heyblásara	—	1.600
Vegna trillubáta	—	14.640

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. heimild í 36. gr. l. 67/1971 sbr. 5. gr. l. 59/1978 um almannatryggingar og tekur gildi hinn 1. janúar 1979. Jafnframt er þá úr gildi felld reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. desember 1978.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

15. desember 1978. Nr. 449.

REGLUGERÐ

um veitingu sérfræðingsleyfa handa lyfjafræðingum.

1. gr.

Umsóknir um sérfræðingsleyfi, ásamt nauðsynlegum gögnum skal senda til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

2. gr.

Ráðuneytið leitar álits þeirrar deildar Háskóla Íslands, þar sem lyfjafræði lyfsala er kennd, um umsækjendur um sérfræðingsleyfi, sbr. 3. gr. Heimilt er að skipa nefnd sérfróðra manna til þess að meta og semja álitsgerð um umsóknir um sérfræðingsleyfi.

3. gr.

Til þess að kandidat í lyfjafræði geti átt rétt til að öðlast sérfræðingsleyfi, skal hann fullnægja eftirtöldum kröfum:

a) Hann skal að jafnaði hafa starfsleyfi sem lyfjafræðingur hér á landi, sbr. I. kafla laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978.

b) Hann skal hafa unnið að minnsta kosti í 5 ár við þá sérgrein, sem hann sækir um sérfræðiviðurkenningu í. Víkja má frá þessu skilyrði, ef umsækjandi hefur öðlast doktorsnafnbót eða licentiatgráðu að loknu framhaldsnámi.

c) Hann skal hafa samið ritgerð um lyfjafræðilegt efni, sem að verulegu leyti er byggð á eigin athugunum og rannsóknum og fengið hana eða hluta hennar birta eða samþykkta til birtingar í viðurkenndu tímariti um lyfjafræði eða öðrum viðurkenndum tímaritum.

Ritgerð þessi skal hafa vísindalegt gildi í þeirri sérgrein sem við á. Hlutur umsækjanda í slíkri vinnu þarf að teljast verulegur, ef um samverkamenn er að ræða.

d) Veiting sérfræðingsleyfa tekur ekki til aðstoðarlyfjafræðinga. Þó má víkja frá þessu skilyrði, ef aðstoðarlyfjafræðingur hefur lokið vísindavinnu, sem metin er gild til doktorsprófs.

4. gr.

Sérfræðingsleyfi má veita í eftirtöldum greinum lyfjafræði:

a) Lífræn efnafræði.
b) Lyfjaefnafræði.
c) Lyfjagerðarfræði.
d) Lífefnafræði.
e) Lyfjafræði lækna (pharmacology).
f) Félagslyfjafræði.
g) Öðrum greinum, sem kenndar eru lyfjafræðingsefnum.

5. gr.

Þeir lyfjafræðingar sem öðlast hafa sérfræðiviðurkenningu Lyfjafræðingafélags Íslands, áður en lög um lyfjafræðinga nr. 35/1978 tóku gildi, eiga rétt á að öðlast sérfræðingsleyfi, samkvæmt reglugerð þessari, en þurfa að staðfesta ósk þess efnis með formlegri umsókn.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr. laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1978.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 — 1978

3. nóvember 1978. 935 Nr. 450.

REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa.

Hluti P.

Reglur um smíði og búnað skemmtibáta.

1. gr.

Reglur þessar gilda fyrir skráningarskylda skemmtibáta með mestu lengd 12 metra eða minni, sem gerðir eru úr glertrefjastyrktu pólýesterplasti.

Reglurnar miðast við raðsmíðaða báta. Þó geta einstakir bátar fengist samþykktir skv. þessum reglum og byggist samþykkt þeirra þá á sömu forsendum og gilda fyrir raðsmíðaða báta.

2. gr.

Umsókn um samþykkt á skemmtibátum skal gera skriflega til Siglingamálastofnunar ríkisins. Gildir þá einu hvort bátarnir verða smíðaðir á Íslandi eða fluttir til landsins erlendis frá.

3. gr.

Skoðun og prófun á skemmtibátum skal gerð af skoðunarmönnum Siglingamálastofnunar ríkisins. Þó getur Siglingamálastjóri falið skoðun og prófun á skemmtibátum erlendis erlendum yfirvöldum, stofnunum eða flokkunarfélögum.

Samþykkt báta skal fara fram samkv. kröfum í Norðurlandareglum um smíði skemmtibáta, sem fylgja þessum reglum. Verði gerðar síðar breytingar á þessum Norðurlandareglum og þær samþykktar af Siglingamálastofnunum Norðurlandanna, þá er Siglingamálastjóra heimilt að birta breyttar Norðurlandarreglur, eins og þær eru á hverjum tíma, með reglum þessum. Samkvæmt Norðurlandarreglum er með samþykkt báta átt við, að eftirlit sé haft með framleiðslu bátanna, að framleiðsluaðstæður, framleiðslusalur og geymslur hráefnis séu samkvæmt reglum og að bátarnir uppfylli tæknilegar og aðrar kröfur.

Eftirlit með framleiðslu viðurkenndra báta er fólgið í skyndiskoðunum.

4. gr.

Skýrsla skal gerð yfir skoðun og prófun viðurkenndra báta.

Ef framleiðsla bátanna fer fram samkv. Norðurlandareglum um smíði skemmtibáta og framleiðslusalur, hráefnisgeymslur og báturinn sjálfur uppfyllir kröfur reglnanna, gefur Siglingamálastofnun ríkisins út viðurkenningu á bátsgerðinni og afhendir með bátunum skírteini og skilti því til staðfestingar.

5. gr.

Viðurkenning Siglingamálastofnunar ríkisins byggist á því, að framleiðandi bátanna ábyrgist að þeir séu smíðaðir samkvæmt samþykktum teikningum og verklýsingum, við viðurkenndar aðstæður og á viðurkenndan hátt.

B 115

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Allir bátar sem framleiddir eru samkvæmt þeim skilyrðum sem eru fyrir bátsgerðarviðurkenningu og tilgreint er í 4. gr. skulu vera með viðurkenningarskírteini og skilti.

7. gr.

Á viðurkenningarskírteini og skilti skal koma fram skráningarnúmer bátsins. Einnig skal framleiðandi sjá til þess, að smíðanúmerið sé varanlega fest í bátinn, annað hvort inni í trefjaplastinu eða í slithúðinni.

8. gr.

Framleiðandi ábyrgist að aðeins séu afhent skírteini og skilti með bátum, sem við afhendingu eru samkvæmt samþykkt bátsgerðarinnar og eru framleiddir við viðurkenndar aðstæður og á viðurkenndan hátt.

9. gr.

Breytingar varðandi efni, efnisuppbyggingu, framleiðsluaðferð, framleiðslusal, hráefnisgeymslu eða annað það, sem snertir framleiðslu viðurkenndra báta, má ekki gera án samþykkis Siglingamálastofnunar ríkisins.

Ef fyrirhuguð er einhver slík breyting, skal tilkynna það til Siglingamálastofnunarinnar sem ákveður, með hliðsjón af reglum, hvort gera megi viðkomandi breytingu og hvort frekari rannsókn skuli gerð. Ef rannsókn fer fram vegna breytingarinnar, skal gerð skýrsla um rannsóknina, og fær framleiðandi bátsins afrit af skýrslunni. Ef breytingin er þess eðlis, að ekki er talin ástæða til frekari rannsókna, tilkynnir Siglingamálastofnunin bátaframleiðanda það skriflega.

10. gr.

Ef hætt er framleiðslu á viðurkenndri bátsgerð eða framleiðsla hættir um stundar sakir skal tilkynna það Siglingamálastofnun ríkisins.

11. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins getur afturkallað bátsgerðarviðurkenningu, ef bátur af viðurkenndri gerð er afhentur án þess að hann uppfylli tilskyldar kröfur.

Einnig getur Siglingamálastofnunin afturkallað bátgerðarviðurkenningu, sem samþykkt hefur verið samkvæmt áður gildandi reglum, ef bátsgerðin að einhverju marki uppfyllir ekki kröfur meðfylgjandi reglna.

Ef bátsgerðarviðurkenning er afturkölluð af Siglingamálastofnuninni er framleiðanda óheimilt að framleiða fleiri báta af viðkomandi gerð fyrr en Siglingamálastofnun ríkisins hefur gefið samþykki sitt til þess.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum, staðfestast hérmeð til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. nóvember 1978.

Ragnar Arnalds.

Kristinn Gunnarsson.

NORÐURLANDAREGLUR UM SMÍÐI SKEMMTIBÁTA MEÐ MESTU LENGD 12 METRA EÐA MINNI

Reglur þessar eru gerðar í samvinnu við siglingamálastofnanir í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð ásamt Det norske Veritas.

EFNISYFIRLIT

1. **Almenn ákvæði.**
1.01. Skilgreiningar.
1.02. Samsvarandi útfærsla.
1.03. Viðbótarkröfur.
1.04. Mismunandi viðurkenningar.
1.05. Umsókn um viðurkenningu.
1.06. Samþykkt teikninga.
1.07. Eftirlit með smíði.
1.08. Útgáfa viðurkenninga.
1.09. Skyldur umsækjanda.
1.10. Takmarkanir á notkun báts.

2. **Fríborð, stöðugleiki og flothæfni.**
2.01. Almennt.
2.02. Fríborð og hámarkshleðsla.
2.03. Kröfur um stöðugleika (á kyrru vatni).
2.04. Kröfur um flothæfni fyrir vatnsfylltan bát.
2.05. Kröfur um stöðugleika fyrir vatnsfylltan bát.
2.06. Staðlaður þungi.
2.07. Flotholt.
2.08. Reynslusigling.

3. **Fyrirkomulag bols og þilfars.**
3.01. Op á þilfari og yfirbyggingum.
3.02. Gluggar.
3.03. Opnir brunnar.
3.04. Stjórnpallur og vistarverur.
3.05. Neyðarútgangur.
3.06. Vatnsþétt og loftþétt skilrúm.
3.07. Vélarúm.
3.08. Mótorbrunnur og afturgafl fyrir utanborðsmótor.

4. **Vélbúnaður.**
4.01. Gildissvið.
4.02. Almennt.
4.03. Utanborðsmótorar.
4.04. Vélar.
4.05. Útblásturslagnir.
4.06. Færanlegir eldsneytisgeymar.
4.07. Fastir eldsneytisgeymar.
4.08. Eldsneytisleiðslur.
4.09. Stjórntæki.

5. **Rafbúnaður.**
5.01. Gildissvið.
5.02. Almennt.

5.03. Efni, eldvarnir, siglingaljós.
5.04. Rafhlöður.
5.05. Raflagnir.
5.06. Rafstrengir og vör.
5.07. Tenging, greinar.

6. **Segl og reiði.**
6.01. Almennt.
6.02. Efni.
6.03. Réttandi vægi.
6.04. Flatarmál segla.
6.05. Fyrirkomulag reiða.
6.06. Reiðagerðir.
6.07. Reiðagerð 1.
6.08. Reiðagerð 2.
6.09. Reiðagerð 3.
6.10. Sigluás, reiðaslá og fiðlublokk.
6.11. Reiðabúnaður.

7. **Búnaður.**
7.01. Festartæki.
7.02. Hálkuvörn.
7.03. Handrið og handföng.
7.04. Stýrisbúnaður almennt.
7.05. Stýring með vír og kastblokk.
7.06. Barkastýrisbúnaður.
7.07. Stýrisfjöður á seglbát án vélar.
7.08. Stýrisfjöður aftan við skrúfu.
7.09. Stýristappar og legur.
7.10. Austursbúnaður.
7.11. Byrðingsop.
7.12. Lokar.
7.13. Handslökkvitæki.
7.14. Fastur slökkvibúnaður.
7.15. Eldstæði.
7.16. Einangrun í vélarúmi.
7.17. Loftræsting í bensínvélarúmi.
7.18. Önnur loftræsting.

8. **Framleiðslusalur, efni, vinnuaðferðir o. fl. varðandi framleiðslu báta úr glertrefjastyrktu pólýester.**
8.01. Aðstaða við framleiðslu með handlagningu og sprautu.
8.02. Slithúð utan.
8.03. Pólýester.
8.04. Styrkingarefni.
8.05. Kjarnaefni.
8.06. Slithúð innan.
8.07. Vinnuaðferðir.
8.08. Handlagning.
8.09. Sprautun.
8.10. Framleiðsluhættir.
8.11. Samtenging.
8.12. Tenging með boltum og hnoðum.
8.13. Tenging með skrúfum.

9. **Efnismál báta úr glertrefjastyrktu pólýester.**
9.01. Almennt.
9.02. Skilgreiningar.
9.03. Kröfur um fullgert trefjaplast.
9.04. Rannsókn á trefjaplasti.
9.05. Leiðréttingar trefjaplastsþykktar.
9.06. Leiðrétting mótstöðuvægis.
9.07. Kjölur.
9.08. Botn.
9.09. Langbönd.
9.10. Þverbönd.
9.11. Húfur, kantur.
9.12. Síða.
9.13. Bönd, afstífingar.
9.14. Stefni.
9.15. Afturgafl.
9.16. Þilfar og gólf.
9.17. Samlokuþilfar og samlokugólf.
9.18. Yfirbyggingar og reisnir.
9.19. Vélarundirstaða.
9.20. Undirstöður siglu.
9.21. Hlasskjölur.
9.22. Festartæki.

Viðauki 1. Varðandi viðurkenningu á glertrefjaefni til notkunar við smíði báta úr glertrefjastyrktu pólýester.

Viðauki 2. Varðandi viðurkenningu á pólýester og slithúð til notkunar við smíði báta úr glertrefjastyrktu pólýester.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.01. Skilgreiningar.

1.01.01. Í reglum þessum er átt við með:

„bátsgerðarviðurkenningu“: að Siglingamálastofnun ríkisins hafi fullvissað sig um að viðkomandi bátsgerð uppfylli gildandi reglur þegar viðurkenningin átti sér stað.

02. „kröfum“ að um sé að ræða ófrávíkjanlega kröfu. Þó má gera breytingu frá kröfum reglnanna ef umsækjandi sýnir fram á að breytingin jafngildi kröfunum. Kröfur eru framsettar í reglunum með „skal“ eða „skal ekki“.

03. „æskilegt“: að um ábendingu sé að ræða sem taka verði tillit til. Samsvarandi útfærsla getur komið í stað ábendingarinnar. Ekki er nauðsyn á sérstakri greinagerð þó breytt sé út frá ábendingum. Ekki má ganga fram hjá ábendingum án ástæðu. Ábendingar eru framsettar í reglunum með „á“ eða „á ekki“.

04. „þilfarsbát“: bát sem hefur þilfar stafna á milli eða þilfar sem er óbrotið af öðru en lokuðum yfirbyggingum, og fyrirkomulag bátsins því þannig að sjóágjöf geti ekki fyllt rými undir þilfari.

05. „þilfarsbát að hluta“: bát sem aðeins hefur þilfar að framan og/eða aftan og bát með þröm sem er opinn að öðru leyti.

06. „opinn bát“: bát sem er án nokkurs þilfars.

07. „segljúllu“: seglbát með eigin þunga undir 300 kg.

08. „kjölseglbát“: seglbát með kjölfestu og/eða hlasskjöl og með eigin þunga 300 kg eða meira.

1.01.09. „vélbát með hjálparsegl“: bát sem fyrst og fremst er knúinn áfram af fastfrágenginni vél, en er búinn seglum sem hafa takmarkað flatarmál með tilliti til stöðugleika bátsins.

10. „eiginþunga“: framsett í reglunum með G, þunga bols með innréttingum og föstum búnaði. Fyrir báta með segl skal sigla og reiði reiknast með.

11. „hleðsluvatnslínu“: vatnslínu báts sem liggur kyrr á lygnu vatni og er hlaðinn hámarkshleðslu.

12. „hámarkshleðslu“: þann mesta þunga sem bátur getur borið utan eiginþunga án þess að það brjóti í bága við reglur þessar.

13. „vélarafli“: það afl sem gefið er upp af vélaframleiðanda.

14. L_m: Mestu lengd í metrum, sjá mynd 1 og 2.

15. L: Lengd vatnslínu, sjá mynd 2.

16. B_m: Mestu breidd í metrum, sjá mynd 1.

17. B: Mestu breidd bolsins í metrum mælt á útsíðu útsúðar, sjá mynd 1 og 2.

18. D: Dýpt í metrum á miðri mestu lengd, mælt frá efri brún borðstokks, þilfari eða þilfarslínu að neðstu brún botnsúðar, miðskips á planandi bátum en við hlið kjalar annars. Sjá mynd 1 og 2.

19. f: Meðalfríborð $= \frac{f_f + f_m + f_a}{3}$

20. f_f: Fríborð fremst, sjá mynd 3.

21. f_a: Fríborð aftast, mælt að lægsta punkti eða þar sem vatn kemur til með að renna fyrst inn í bátinn.

22. f_m: Fríborð mælt á miðri mestu lengd.

23. $\triangle$: Mestu þyngd bátsins, það er þyngd bols, alls búnaðar og hámarks hleðsluþunga.

1.02. **Samsvarandi útfærsla.**

1.02.01. Bátur framleiddur úr öðru efni en pólýester trefjaplasti með öðrum framleiðsluaðferðum, með annari styrkuppbyggingu, með annan búnað eða annan vélafrágang en reglur þessar segja fyrir um, getur eftir sérstaka athugun fengist samþykktur, ef hann telst uppfylla kröfur reglnanna.

1.03. **Viðbótarkröfur.**

1.03.01. Siglingamálastofnunin getur gert viðbótarkröfur við reglur þessar ef nauðsynlegt er talið til að tryggja öryggi bátsins og til að ná þeim tæknilega staðli, sem markmið reglnanna er.

1.04. **Mismunandi viðurkenningar.**

1.04.01. Bátsgerðarviðurkenning er viðurkenning á raðsmíðuðum bátum.

02. Bátsviðurkenning er viðurkenning á bátum þar sem Siglingamálastofnunin telur nauðsyn á sérstakri skoðun hvers einstaks báts. Slík sérskoðun gæti verið nauðsynleg á stórum bátum eða bátum með margbrotna uppbyggingu og einnig ef aðeins eru framleiddir fáir bátar sömu gerðar.

1.05. **Umsókn um viðurkenningu.**

1.05.01. Umsókn skal vera skrifleg og send til Siglingamálastofnunar ríkisins.

02. Í umsókninni á að koma fram á hverju óskað sé samþykktar.

03. Eftirfarandi teikningar og verklýsingar skal senda inn í þremur eintökum og mun eitt eintak endursent með samþykki Siglingamálastofnunarinnar og/eða áritunum:

— Upplýsingar um plastblöndu, slithúð, trefjastyrkingu, herði, fyllir, litarefni o. s. frv.

— Upplýsingar um trefjaplastsuppbyggingu, tengingu skilrúma í bol, tengingu þilfars, yfirbygginga o. s. frv.

— Heildarfyrirkomulag þar sem slík teikning er nauðsynleg til samþykktar á öðrum teikningum.
— Miðbandsteikningu ásamt minnst einum þverskurði fyrir framan og öðrum fyrir aftan.
— Langskurðarteikningu.
— Þilfars- og yfirbyggingarteikningu ásamt festingum á búnaði.
— Reisnir og niðurgangsskýli.
— Lúgur og lokunarbúnaður þeirra.
— Skilrúmum og festingum þeirra við bolinn.
— Innbyggðum geymum (geymar sem eru sambyggðir bolnum).
— Vélarundirstöður og undirstöður annars þungs búnaðar.
— Stýri og stýrisbúnaði ásamt festingum þess við bolinn.
— Rúmmál og staðsetning flotholta.
— Segl og reiðateikningar.
— Fastir olíugeymar og lagnir.

Teikningarnar skulu sýna samtengingu hinna mismunandi hluta bátsins ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum. Til dæmis skulu þær sýna vel samtengingu þilfars og bols, skilrúma og bols ásamt festingum siglu, staga og vanta.

1.06. **Samþykkt teikninga.**

1.06.01. Að lokinni athugun á innsendum teikningum og verklýsingum skv. gr. 1.05.01—1.05.03, tilkynnir Siglingamálastofnunin að hve miklu leyti uppbygging, efni, efnismál, innréttingar og búnaður er samþykktur, og hverjar breytingar þurfi að gera til að svo geti orðið.

1.07. **Eftirlit með smíði.**

1.07.01. Eftirlit með smíði viðurkenndra báta (bátsgerða) skal vera með hliðsjón af:

02. að aðstæður við framleiðsluna meðan á smíði stendur séu skv. reglum (sjá gr. 8.01.01.—8.01.10.).
03. að efni og samsetningar uppfylli kröfur reglna (sjá gr. 8.01.11 og 8.02—8.06).
04. að einstakir hlutir séu mótaðir og af efnisstærðum í samræmi við kröfur reglna og samþykktar teikningar.
05. að öll vinna sé framkvæmd í samráði við skoðunarmenn og í samræmi við kröfur reglna (sjá m. a. gr. 8.07—8.13 og 9).
06. að fyrirkomulag og búnaður uppfylli kröfur reglna.
07. að kröfum reglna varðandi sjóhæfni, hleðslu, stöðugleika o. fl. sé fullnægt (sjá m. a. gr. 2.01—2.08).
08. Skýrsla skal gerð að lokinni hverri skoðun.

1.08. **Útgáfa viðurkenninga.**

1.08.01. Þegar Siglingamálastofnunin hefur vissu fyrir því, að bátur (bátsgerð) uppfylli þær forsendur sem eru fyrir viðurkenningu skv. þessum reglum, gefur stofnunin út bátsgerðarviðurkenningu eða bátsviðurkenningu.

1.09. **Skyldur umsækjanda.**

1.09.01. Umsækjandi skal undirbúa komu skoðunarmanna Siglingamálastofnunarinnar á framleiðslustað og aðstoða skoðunarmanninn svo hann geti gert þær athuganir sem reglur þessar segja fyrir um.

02. Umsækjandi skal leggja inn til Siglingamálastofnunarinnar nákvæmar upplýsingar um öll þau atriði sem þýðingu hafa við athugun gagna.
03. Umsækjandi eða fulltrúi hans skal leggja til alla þá aðstoð sem með þarf við úttekt báta og undirbúa þá vinnu að öllu leyti. Bátaframleiðandi greiðir allan kostnað við samþykkt báta.

04. Sjá einnig gr. 1.05.

1.10. **Takmarkanir á notkun báts.**

1.10.01. Reglurnar byggjast á eftirfarandi takmörkunum á notkun bátsins.

02. að í bátinn sé ekki látinn meiri þungi (þar með talið fólk, búnaður, vél og eldsneyti), en hann er viðurkenndur fyrir.

03. að ekki sé sett í bátinn kraftmeiri vél, en hann er gerður fyrir.


04. að báturinn fái góða meðferð, sérstaklega með hliðsjón af staðsetningu fólks og búnaðar ásamt aðgát í slæmu veðri.


05. að reiði sé uppsettur á öruggan hátt.

06. að báturinn sé aðeins notaður við þær aðstæður, sem hann er gerður fyrir.

Mynd 1

AÐALMÁL







Mynd 2

AÐALMÁL

Lm





2. FRÍBORÐ, STÖÐUGLEIKI OG FLOTHÆFNI.

2.01. Almennt.

2.01.01. Fyrirkomulag báta skal vera þannig að með eðlilegri notkun og góðri sjómennsku sé ekki hætta á að hann fyllist af sjó.

02. Bátar með seglabúnað skulu almennt hafa þröm, sem varnar að sjór komi í bátinn við halla. Þess þarf þó ekki á litlum segljúllum þar sem fljótlegt er að rétta bátinn, með því að fólk færi sig til í honum.

03. Samanlagt flatarmál allra opa í þilfari á seglbátum með þilfari að hluta, skal ekki fara yfir 30% af heildarflatarmálinu.

04. Prófun á fullgerðum báti með allan búnað skal fara fram í viðurvist skoðunarmanns Siglingamálastofnunarinnar.

05. Athugun á hleðslu, stöðugleika og flothæfni skv. gr. 2.02.—2.05., skal gerð við raunhæfar aðstæður á vatni þar sem skoðunarmaður telur fullnægjandi. Fyrir stærri báta geta útreikningar komið í stað ofangreindra athugana.

2.02. Fríborð og hámarkshleðsla.

2.02.01. Eftirfarandi kröfur um fríborð eiga við báta með hámarkshleðslu.

02. Bátar sem falla undir eftirfarandi upptalningu skulu búnir flotholtum skv. gr. 2.04.—2.07.

A. Bátar með L_m minni en 5.5 m.

B. Bátar með minna meðalfríborð en hið hærra af. $\frac{4\,\Delta}{L_m\ B}$ eða 400 mm.

C. Opnir seglbátar.

03. Bátar sem skv. gr. 2.02.02. skulu búnir flotholtum mega ekki hafa minna meðalfríborð en 0.2B, þó minnst 200 mm.

04. Bátar sem hafa minna fríborð en krafist er skv. gr. 2.02.02. og hafa ekki flotholt skv. gr. 2.04—2.07. skulu búnir sem þilfarsbátar skv. gr. 3.01.—3.03. Þilfarsbátur á ekki að hafa minna fríborð en það sem gefið er upp í gr. 2.02.03. Fríborð má þó vera minna ef útreikningar sýna fram á að báturinn hafi fullnægjandi stöðugleika.

05. Fríborð að aftan, f_a, annarra báta en þilfarsbáta, skal ekki vera minna en 80% af kröfum um meðalfríborð skv. gr. 2.02.03.

06. Með í hámarkshleðslu skal reikna:
- 75 n kg (menn)
- fastir geymar, fullir (eldsneyti, vatn, úrgangsgeymar o. fl.).
- þungi búnaðar skv. mynd 5.
- þungi stærsta utanborðsmótors sem báturinn er gerður fyrir skv. mynd 4.
- þungi rafhlöðu.
- þungi lausra eldsneytisgeyma, ef mótorinn er 5—19.9 hö = 15 kg, ⩾ 20 hö = 30 kg.
- persónulegir munir 30 n kg.

n er sá hámarksfólksfjöldi sem báturinn er viðurkenndur fyrir.

2.03. Kröfur um stöðugleika (á kyrru vatni).

2.03.01. Við eiginþunga skal bátur fullnægja kröfum um stöðugleika sem tilgreindar eru í gr. 2.03.06., þegar 20 n kg., (þó minnst 40 kg.)

eru staðsett á $\frac{B_m}{2}$ frá miðlínu. n er sá hámarksfólksfjöldi sem báturinn er viðurkenndur fyrir.

Með eiginþunga er átt við bát skv. skilgreiningu í gr. 1.01.10.

02. Hallaþungi skal staðsettur í borðstokkshæð við mestu breidd bátsins.
03. Stöðugleika við mestu hleðslu skal athuga eða reikna út skv. gr. 2.03.04. og 05., ef ætla má að slík athugun skeri úr um þann hámarksfjölda manna sem báturinn skal viðurkennast fyrir.
04. Við athugun á stöðugleika við mestu hleðslu, skal báturinn fullnægja kröfum tilgreindum í gr. 2.03.06., þegar þungi sem nemur þunga 75 n kg., er staðsettur á gólfi bátsins eins utarlega og hægt er, en aldrei nær miðlínu en $\frac{B_m}{4}$.
05. Við athugun á stöðugleika við mestu hleðslu, skal hallaþungi staðsettur á gólfi og vera deilt niður langskips með hliðsjón af rými því sem ætlað er fólki. Annar þungi skal staðsettur á sinn ákveðna stað. Þungi sem nemur þunga búnaðar skal vera á gólfi, og ef sá búnaður hefur ekki ákveðin stað um borð skal þunginn, ef mögulegt er, vera aftast.
06. Við athugun á stöðugleika skal ekki renna vatn inn í bátinn. Á bátum þar sem almennt þarf að ganga eftir þröm til sæta, má halli bátsins ekki fara yfir 30°.
07. Segljúlla með fallkjöl uppi, skal vera það stöðug að vatn renni ekki inn í hana þegar 75 kg eru staðsett á móts við siglu í fjarlægð sem er $\frac{B_m}{4}$ frá miðlínu. Á þilfarsbátum skal þunginn staðsettur á þilfari en annars á þóftu eða gólfi.

2.04. **Kröfur um flothæfni fyrir vatnsfylltan bát.**

2.04.01. Vatnsfylltur bátur, þ. e. bátur sem ekki er hægt að setja meira vatn í án þess að það renni út, búin þunga sem nemur þunga vélar, rafhlöðu, innréttinga og búnaðar skv. myndum 4 og 5, ásamt 25 kg viðbótarþunga á hvern mann sem báturinn skal viðurkennast fyrir, skal ekki sökkva, en fljóta sem næst láréttur.
Viðbótarþungi skal aldrei vera minni en:
$T = 50 + 50\ (L_m - 2.5)$ kg, þó minnst 75 kg.
02. Þungi sem nemur þunga vélar og búnaðar skal ef mögulegt er vera á sínum ákveðna stað. Annar þungi skal staðsettur á gólfi, og vera deilt niður með hliðsjón af fólksrými bátsins. Þungi búnaðar sem ekki hefur ákveðinn stað, skal staðsettur aftast.

2.05. **Kröfur um stöðugleika fyrir vatnsfylltan bát.**

2.05.01. Vatnsfylltur bátur búinn þunga sem nemur þunga vélar, rafhlöðu, innréttinga og búnaðar skv. myndum 4 og 5, skal vera það stöðugur að hann leggist ekki á hliðina ef hann er hlaðinn hallarþunga sem svarar til 10+5 n kg, þó ekki minni þunga en 25 kg.
02. Hallaþungi skal staðsettur með þyngdarpunkti í borðstokkshæð, og skal kröfu tilgreindri í gr. 2.05.01. fullnægt, hvar svo sem þunginn er staðsettur eftir endilöngum borðstokknum.
03. Þungi vélar og búnaðar skal ef mögulegt er vera á sínum ákveðna stað.
04. Flotholt skulu þannig staðsett að vatnsfylltur bátur fullbúinn sé stöðugur með allt að 60° halla.
05. Opinn seglbátur sem uppfylla skal kröfur um flothæfni, skal þegar siglutoppur snertir vatnið ekki velta áfram. Athugun þessi skal gerð á bát við eiginþunga með uppsettan reiða en án segla.
06. Stöðugleiki vatnsfylltra segljúlla skal athugaður með fallkjölinn uppi

2.06. **Staðlaður þungi.**

2.06.01. Halla- og viðbótarþungi er miðaður við allt að 15% minnkun þungans í vatni. Ef notað er efni með minni eðlisþyngd en járn skal þunginn leiðréttur skv. mynd 6.

02. Staðlaður þungi bensínutanborðsmótora og búnaðar er gefinn upp á myndum 4 og 5.

2.07. **Flotholt.**

2.07.01. Flotholt geta verið úr frauðplasti, hvort heldur sem er í tilbúnu formi eða tilbúið á staðnum.
Mögulegt er að viðurkenna sem flotholt, að undangenginni sérstakri athugun, sérstaka loftgeyma eða tvöfalt byggðan bol án frauðplastfyllingar, með því skilyrði að hver einstakur geymir sé þrýstiprófaður.

02. Þrýstiprófun loftgeyma á að framkvæma með lofti og á yfirþrýstingur að vera 0.08 kp/cm². Þrýstingurinn má ekki minnka meira en niður í 0.07 kp/cm² á einni mínútu. Stórir geymar sem breyta mikið lögun við prófun má prófa með minni þrýstingi, en þá við samsvarandi lengri tíma.

03. Frárennsli skal vera á öllum lokuðum geymum. Lokuð rými sem ekki reiknast sem flotholt, en eru tóm eða innihalda frauðplast að einhverju leyti, skulu vera opin við athugun á flothæfni.

04. Frauðplast skal vera viðurkennt og byggjast þannig inn að það verði ekki fyrir hnjaski. Frauðplast skal vera tryggilega fest og breyta ekki rúmmáli á bilinu ÷ 40°C til + 70°C. Eftir 3 tímabil þar sem hvert tímabil er 16 klst. við ÷ 40° C og síðan 8 klst. við + 70° C, má burðarþol plastsins ekki breytast meira en um 5%. Ef plastið er búið til á staðnum skal það viðurkennt í hverju einstöku tilfelli.

05. Frauðplast skal þola bensín. Það skal rannsakað skv. sænskum staðli (SIS) 88 22 21. gr. 7, og skal breyting á burðarþoli ekki vera meiri en 5%. Víkja má frá þessum kröfum ef þannig er frá frauðplastinu gengið að útilokað sé að það komist í snertingu við bensín.

2.08. **Reynslusigling.**

2.08.01. Reynslusigling skal ef mögulegt er fara fram við sem næst þær aðstæður sem bátsgerðin kemur til með að vera notuð við, og með því hámarks vélarafli sem báturinn óskast viðurkenndur fyrir.

02. Reynslusigling skal aldrei taka skemmri tíma en 30 mínútur og skal almennt framkvæmd með bæði lágmarks- og hámarkshleðslu.

03. Reynslusigling skal framkvæmd með það fyrir augum að reyna öryggi bátsins, en ekki að ákveða notagildi hans við mismunandi aðstæður.

04. Með bæði lágmarks- og hámarkshleðslu á lygnu vatni skal athuga eftirfarandi:
Hraða bátsins á fullri ferð, snúningshraða vélar, stöðugleika og siglingareiginleika. Einnig skal prófa að leggja stýrisfjöður að fullu frá borði til borðs á fullri ferð, minnst þrisvar sinnum í hvort borð. Þá skal athuga stefnustöðugleika, stöðvunar- og bökkunareiginleika, almennan meðfærileika og útsýni frá stýrisaðstöðu.

05. Með bæði lágmarks- og hámarkshleðslu við sem næst þær aðstæður sem reikna má með að bátsgerðin verði notuð, skal athuga eftirfarandi:
Leggja stýrisfjöður frá borði til borðs, stefnustöðuleika, almennan meðfærileika, útsýni frá stýrisaðstöðu og stöðvunar og bökkunareiginleika.

06. Ef eftirlitsmaður óskar þess skal ofangreind reynslusigling framkvæmd með öðrum hraða en fullri ferð. Skrásetja skal halla vélar og áhrif mismunandi skrúfugerða.

07. Sjóhæfni bátsins telst fullnægjandi ef stjórnandi hefur fullkomið vald yfir bátnum á reynslusiglingu.
08. Bátum með segl skal einnig reynslusiglt í minnst 30 mín. og við minnst 6—8 m/sek. vindhraða. Sigla skal bátnum í allar áttir og athuga sérstaklega reiða, segl, stýri, fallkjöl og þess háttar.

3. FYRIRKOMULAG BOLS OG ÞILFARS.

3.01. Op á þilfari og yfirbyggingum.

3.01.01. Eftirfarandi kröfur gilda um báta sem skv. gr. 2.02.04. skulu búnir sem þilfarsbátar.
02. Op til rúma undir þilfari skulu varin með veðurþéttum dyrum eða lúgum, sem ekki opnast inn.
03. Úthliðar yfirbygginga skulu vera nægjanlega sterkar til að þola sjóágjöf. Hæð þröskulda á slíkum hliðum skal vera minnst 300 mm. Þröskuldum á lömum skal vera hægt að festa uppi.
04. Lúgur á þilfari skulu uppfylla sömu kröfur og gilda um þilfar sjá gr. 9.16.01. Þétti- og lokunarbúnaður skal viðurkennast í hverju einstöku tilfelli.
05. Loftræstipípur til rúma undir þilfari skulu þannig útbúnar að einungis óverulegt vatnsmagn geti átt leið niður um þær.

3.02. Gluggar.

3.02.01. Eftirfarandi kröfur gilda um báta sem skv. gr. 2.02.04. skulu búnir sem þilfarsbátar.
02. Gler í gluggum yfirbygginga til rúma undir þilfari, skal vera af þykkt skv. gr. 3.02.03. Gengið skal tryggilega frá gluggum, þannig að gler þrýstist ekki inn.
03. Þykkt herts glers skal vera:
$t = s/50$ mm, þó minnst 3 mm.
Ef hlutfallið l/s er minna en 2.0 má leiðrétta glerþykktina með því að margfalda hana með stuðlinum:

$$f = 0.6 + 0.2\ (\frac{l}{s})$$

s = styttri hlið gluggans í mm.
l = lengri hlið gluggans í mm.
Ef notað er annað gler en hert gler, skal það samsvara ofangreindu.
04. Glugga úr akrylplasti eða þess háttar má hafa þar sem ekki er nauðsyn á góðu útsýni.


3.03. Opnir brunnar.


3.03.01. Eftirfarandi kröfur gilda um báta sem skv. gr. 2.02.04. skulu búnir sem þilfarsbátar.
02. Ef bátur hefur opinn brunn, skal það ekki stofna bátnum í hættu þó brunnurinn fyllist af vatni.
03. Opinn brunnur í þilfari kjölseglbáta skal hafa frárennsli í botni. Þess þarf þó ekki ef báturinn er stöðugur með vatnsfylltan brunninn. Frárennsli brunnsins á að uppfylla kröfur í alþjóðareglum um úthafskappsiglingabáta.
04. Ef bátur hefur það stóran brunn að fylling hans geti varðað öryggi bátsins, skal brunnurinn búinn fullnægjandi austuropum. Austurop skulu ákveðin í hverju einstöku tilfelli með hliðsjón af stærð brunnsins, fríborði bátsins og hæð skjólborðsklæðningarinnar.

3.04. **Stjórnpallur og vistarverur.**

3.04.01. Fullnægjandi útsýni skal vera frá stjórntækjum bátsins. Segl sem byrgja útsýni eiga að vera búin gagnsærri rúðu.

02. Báturinn skal búinn sætum fyrir alla þá sem hann er viðurkenndur fyrir. Fullnægjandi skal sæti teljast ef það er minnst 0.5 m að breidd, a. m. k. 0.9 m hæð er ofan við sætið og rýmið er 0.75 m að lengd mælt fram frá sætisbakinu.





03. Þilfarskjölseglbátur skal ekki viðurkenndur fyrir fleiri menn en sem nemur fjölda fullnægjandi sæta í sætabrunni og að auki sem nemur einum manni á hvern 0.5 m² gólfrými í brunninum. Þessi fjöldi þarf þó ekki að vera minni en helmingur þess sem krafist yrði skv. gr. 3.04.02.

04. Ekki skulu vera neinar óvarðar skarpar brúnir sem valdið geta meiðslum.

05. Aftursæti í bátum með utanborðsmótor skulu þannig staðsett að menn verði ekki fyrir meiðslum þó mótorinn sveiflist upp.

3.05. **Neyðarútgangur.**

3.05.01. Lokuð yfirbygging með sætum fyrir fjóra eða fleiri eða löng opin yfirbygging skal hafa neyðarútgang eins langt frá aðalinngangi og mögulegt er. Neyðarútgangurinn skal vera af þeirri stærð og gerð, að hann sé heppilegur til notkunar í neyðartilfellum. Neyðarútgangurinn skal vera opnanlegur innanfrá og ætti einnig að vera hægt að opna hann utanfrá.

3.06. **Vatnsþétt og loftþétt skilrúm.**

3.06.01. Vatnsþétt skilrúm skulu ef mögulegt er vera þannig að báturinn fyllist ekki þó leki komi að honum, t. d. ef lekur með sjóinntaki eða öðru.

02. Vélarúm hálfutanborðsmótora skal vera vatnsþétt aðskilið frá öðru rými bátsins. Þetta á einnig við um vélarúm almennt svo framarlega sem hægt er að koma því við.

03. Loftþétt skilrúm skulu ef mögulegt er koma í veg fyrir að hugsanlegt eldfimt gas breiðist til annarra rýma bátsins.

3.07. **Vélarúm.**

3.07.01. Vélarúm skal vera þannig að það sé ekki notað til annarra hluta en því er ætlað. Hugsanlegt geymslurými skal aðskilið með skilrúmi.

3.08. **Mótorbrunnur og afturgafl fyrir utanborðsmótor.**


3.08.01. Bátar sem eru viðurkenndir fyrir 20 hö utanborðsmótor eða meira, skulu hafa austurop á mótorbrunninum sem er minnst 15 mm í þvermál.

02. Mótorbrunnur skal vera það stór að hægt sé að reysa upp þann stærsta mótor sem báturinn er viðurkenndur fyrir.


03. Afturgafl sem ætlaður er fyrir utanborðsmótor skal búinn hlífðarplötum vegna festiskrúfu mótorsins.
Plötunni skal vel fest við gaflinn og á efri brún plötunnar skal vera minnst 5 mm hár kantur sem varnar því að festiskrúfurnar renni uppaf. Einnig skal vera hlífðarplata á útsúð gaflsins.

MYND 3


FRÍBORÐ




Langskurður



Skurður við borðstokk miðskips



Skurður í ML fremst




Skurður í ML aftast

Mynd 4

Þungi bensín utanborðsmótora

Þunginn hækkaður upp í næstu 5kg tölu




Þungi bensíngeymis og rafhlöðu

Hö vélar	Bensíngeymir kg	Rafhlaða kg	Vélarorka kw
0 — 4,9	—	—	0 — 3,6
5 — 19,9	15	—	3,7 — 14,6
20 — 34,9	30	—	14,7 — 25,7
35 —	30	20	25,8 —

Mynd 5


ÞUNGI ÚTBÚNAÐAR

Samanlagður þungi akkeris, akkerisfesta, kaðalfesta, ára, bátshaka, handslökkvitækja og þess háttar. Ætlast er til að þyngdarpunktur sé í gólfhæð og staðsettur aftan til
Þunginn hækkaður upp í næstu 5kg tölu



Mynd 6

LEIÐRÉTTING Á NIÐURSÖKKTUM ÞUNGA



P kg samsvarar fP kg niðursökktu í vatni

4. VÉLBÚNAÐUR:

4.01. **Gildissvið.**

4.01.01. Eftirfarandi reglur fjalla ekki um sjálfa vélina. Ef hinsvegar að einhver ákveðinn hlutur í vélabúnaðinum telst ófullnægjandi frá öryggissjónarmiði, er hægt að krefjast breytinga á honum eða endurnýjunar.

02. Þessi kafli í reglunum fjallar ekki um bol, loftrásir o. s. frv. í sambandi við vélbúnaðinn. Varðandi mótorbrunn, vélarúm o. s. frv. sjá gr. 3.07—3.09, botnloka 7.11, slökkvitæki 7.13—7.14, einangrun 7.16 og loftrásir 7.17.—7.18.

4.02. **Almennt.**

4.02.01. Vélar, geymar, pípulagnir o. þ. h. skal vera vel aðgengilegt.

02. Þeir hlutir í vélabúnaðinum sem einhverja þýðingu hafa fyrir öryggi bátsins, skulu gerðir úr því efni sem best þolir það álag sem hluturinn verður fyrir.

03. Eldsneytisbúnaðurinn skal gerður úr efni sem þolir það eldsneyti og vökva sem hann almennt getur komist í samband við, svo og það hitastig sem ríkt gæti á staðnum.

04. Útblásturs- og eldsneytislagnir skulu lagðar og þeim fest þannig að eldhætta verði sem minnst.

4.03. **Utanborðsmótorar.**

4.03.01. Utanborðsmótorar sem staðsettir eru í lokuðu rými skulu einnig fullnægja kröfum um vélar í vélarúmi.

02. Utanborðsmótorar sem eru 35 hö eða meira, skulu boltaðir á auðveldan hátt með gegnumgangandi boltum.

03. Göt á mótorbrunni fyrir stillibarka og eldsneytisslöngur skulu vera þétt.

4.04. **Vélar.**

4.04.01. Varðandi loftþétt skilrúm sjá gr. 3.06.03. Varðandi vélarúm sjá gr. 3.07.

4.05. **Útblásturslagnir.**

4.05.01. Í bátum með sjókælda útblástursslöngu á að vera viðvörunarkerfi eða mælir sem gefur til kynna ef kælivatn fer af eða ef slangan hitnar of mikið.

02. Ef yfirborðshiti útblásturslagna fer yfir 80°C skulu þær þannig lagðar að nærliggjandi efni hitni ekki meira en 80°C.

03. Útblásturslagnir skulu lagðar og þeim fest þannig að ekki geti lekið með þeim. Ekki má vera frárennslisloki á lögninni í lokuðum vistarverum.

04. Sérstaka aðgát skal hafa við tengingu útblásturslagna við bolinn. Skal hún þannig lögð, að sjór geti ekki sogast inn í vélina. Þetta má fyrirbyggja annað hvort með vatnslás í minnst 350 mm (200 mm ef á afturgafli) hæð yfir vatnslínu eða með ryðfríum einstefnuloka við opið. Sjá einnig gr. 7.11.

05. Útblásturslösslöngur skulu gerðar úr innragúmmíi, styrkingu í miðið og ytragúmmíi. Innragúmmí skal vera olíuhelt.

06. Gúmmí í útblástursslöngunum skal ekki rýrna meira en um 20% togþol, 50% brotlengingu og 10°IRH hörku við það að vera 70 klst. í 100° C heitu lofti. Rannsókn skal framkvæmd skv. ISO/R 188—71, ISO/R 48—68 og ISO/R 37—68 eða samsvarandi stöðlum.

07. Útblástursslöngur skulu ekki vera eldfimari en 2 skv. töflu í ISO/R 1326. Prufustykki skulu tekin úr fullgerðri slöngu.

4.06. **Færanlegir eldsneytisgeymar.**

4.06.01. Í bát, sem er viðurkenndur fyrir 5 hö. utanborðsmótor eða stærri skulu vera festingar fyrir færanlega geyma og skal vera auðvelt að festa geyminum.

02. Festingar skulu vera fyrir varageyma, skv. gr. 4.06.01.

03. Geymir sem rúmar meira en 25 l, skal vera fastur og frá honum gengið skv. gr. 4.07.

4.07. **Fastir eldsneytisgeymar.**

4.07.01. Geymar skulu staðsettir og þeim fest á traustbyggðar undirstöður.

02. Geymar skulu ekki vera staðsettir þannig að loftrás kringum þá sé rofin.

03. Bensíngeymar skulu ekki staðsettir í vélarúmi eða í lokanlegum vistarverum.

04. Eldsneytisgeymir staðsettur ofan á vél og með fallrennsli til hennar, er aðeins viðurkenndur ef öruggt er að engin hætta sé því samfara.

05. Bensíngeymir skal vera úr ryðfríu stáli eða áli. Gasolíugeymir skal vera úr ryðfríu stáli, áli, stáli ryðvörðu að utan, pólýetýlen eða glertrefjastyrktu pólýester. Veggþykkt skal minnst vera fyrir: ryðfrítt stál 1 mm, ál 3 mm, stál ryðvarið að utan, 1.5 mm, pólýetýlen 5 mm og glertrefjastyrkt pólýester 4 mm. Geymirinn skal þrýstiprófaður með 1.8 kp/cm^2. Við þrýstiprófun skal geymir úr málmi ekki breyta lögun og hliðar geymis úr glertrefjastyrktu pólýester mega ekki bogna út um meira en 1.5 sinnum veggþykktina. Geymar úr plastefni skulu samþykktir sérstaklega.

06. Gasolíugeymar mega vera úr glertrefjastyrktu pólýester hvort heldur sem er sérbyggðir eða innbyggðir í bolinn. Staðsetning og lögun innbyggðra geyma, tengingar og styrkur, skal metin í hverju einstöku tilfelli. Geymirinn skal varinn að innan með olíuheldri slithúð eða samsvarandi.

07. Geymir sem rúmar meira en 50 l skal hafa skoðunarlúgu og nauðsynleg skvettiskilrúm. Skoðunarlúgan má vera lúga fyrir eldsneytismæli, en skal vera þannig staðsett að auðvelt sé að ná af geyminum vatni og öðrum aðskotahlutum. Skvettiskilrúm skulu hafa fullnægjandi op milli hólfa.

08. Eldsneytisgeymar skulu ekki hafa op á botninum né á hliðum. Frárennslisop viðurkennast ekki. Op fyrir áfyllingu, loftpípu, leiðslu til vélar, hæðarmælingu, skoðunarlúgu og þess háttar skal vera á toppi geymisins. Geymar skulu búnir þannig, að auðvelt sé að ná af þeim vatni og öðrum aðskotahlutum.

09. Á vel aðgengilegum gasolíugeymum, þar sem hægt er að fylgjast með geymunum reglulega, getur leiðsla til vélar verið frá botni hans, en þá verður að vera viðurkenndur loki við geyminn. Einnig geta verið tengingar milli geyma í botni þeirra, en viðurkenndir lokar verða þá að vera við hvert geymisop.

10. Fastar áfyllingapípur geyma skulu helst ná niður undir botn geymanna og svo langt upp á móts við áfyllingarop sem mögulegt er með hliðsjón af tengingu, titringi o. s. frv.

11. Stútar sem ætlaðir eru til að tengja í slöngur skulu vera rifflaðir og nægilega langir til að hægt sé að koma fyrir á þeim tveim slönguklemmum.

12. Geymar skulu hafa sérstaka áfyllingarpípu og aðra loftpípu.

13. Hvern geymi skal þrýstiprófa með 0.1 kp/cm^2 yfirþrýstingi. Þrýstiprófun má framkvæma með lofti og sápuvatni.

4.08. **Eldsneytisleiðslur.**

4.08.01. Þannig skal frá pípunum gengið, að yfirfall við áfyllingu eða olíuloft við uppgufun fari ekki inn í bátinn. Áfyllingarop skal vera svo langt frá loftpípuopi og útblástursopi sem mögulegt er og ekki nær því en 1 m. Loft-

pípuopið skal hafa eldnet og vera staðsett þannig á bátssíðunni, að vatn gangi almennt ekki inn í geyminn. Áfyllingarpípa skal vera minnst 38 mm í þvermál að innan.

02. Milli bensíngeymis og vélar skulu leiðslur vera úr glóðuðum kopar, koparnikkel eða samsvarandi. Tenging milli leiðslu og vélar skal vera stutt slanga sérstaklega búin til slíkra tenginga. Gasolíulagnir mega vera úr slöngum.
03. Ef hugsanlegur leki á leiðslum gæti valdið því að geymirinn tæmdist skal vera loki eins nærri geyminum og mögulegt er.
04. Eldsneytisleiðslum skal tryggilega fest og skulu þær vera varðar þannig, að þær verði ekki fyrir áverkum, sliti eða öðru slíku. Leiðslur skulu hafa möguleika til þenslu í festingum. Ekki má tengja saman í leiðslum ólíkar efnistegundir sem geta valdið tæringu. Þeir hlutir, sem tengjast saman í leiðslum, skulu vera í sama gæðaflokki.
05. Slöngur skulu festar tryggilega. Ef notaðar eru slönguklemmur til festingar skulu vera tvær klemmur á hverri tengingu og skulu tilheyrandi stútar vera rifflaðir. Slönguklemmur skulu vera úr sýruheldu efni.
06. Fyrir bensínkerfi skal öll leiðslan frá áfyllingaropi til vélar hafa jarðsamband.
07. Slöngur skulu vera eldsneytisheldar. Gúmmíslöngur skulu ekki breytast meira að rúmmáli en um 30% innragúmmíið og 100% ytragúmmíið við það að vera sökkt niður prufuvökva C í 72 klst. við stofuhita skv. ISO/R 1817—1971, gr. 1 í viðauka. Plastslöngur skulu að ofangreindri rannsókn lokinni ekki léttast meira en um 8% né breytast að rúmmáli meira en um 10% við það að vera þurrkaðar við 40°C til stöðugs þunga og síðan kólna við stofuhita.
08. Slöngur skulu ekki rýrna meira en um 35% togþol, 50% brotlengingu og 10° IRH hörku við það að vera í 70 klst. í 100°C heitu lofti.
09. Slöngur skulu ekki hafa minni þrýstiþol en 10 kp/cm² við 60°C. Slangan skal hafa verið full af prufuvökva C skv. ISO/R 1817—1971 í minnst 7 sólarhringa fyrir þrýstiprufun.
10. Þegar eldsneytisbúnaður er fullfrágenginn, skal hann þrýstiprófaður með minnst 0.1 kp/cm² þrýstingi. Þrýstiprófun má framkvæma með lofti og sápuvatni.

4.09. **Stjórntæki.**

4.09.01. Öll stjórntæki vélarinnar sem nota þarf við siglingu bátsins, skulu vera vel aðgengileg frá stýrisaðstöðu bátsins.

02. Bátar sem eru með stjórntæki í opnu rými og ganga meira en 15 hnúta, ættu að hafa öryggisbúnað sem stoppar vélina ef stjórnandi bátsins fellur fyrir borð.

5. RAFBÚNAÐUR.

5.01. **Gildissvið.**

5.01.01. Reglurnar gilda um rafkerfi með allt að 50 v spennu.

02. Reglurnar fjalla ekki um sjálfa vélina. Sé hinsvegar einhver ákveðinn hlutur í vélabúnaðinum talinn ófullnægjandi frá öryggissjónarmiði, má krefjast breytinga á honum eða endurnýjunar.
03. Reglurnar fjalla ekki um verksmiðjuframleidd tæki, svo sem útvörp, rafmótora, flautur o. s. frv. En teljist slík tæki ófullnægjandi frá öryggissjónarmiði má krefjast breytinga á því eða endurnýjunar.

5.02. **Almennt.**

5.02.01. Frágangur rafbúnaðar skal vera þannig að hægt sé að endurnýja hann og/eða finna bilanir.

02. Rofar og vör mega ekki vera í sama rými og bensíngeymar eða bensínvélar.

03. Í vélarúmi skal raflögn takmörkuð við það sem nauðsynlegt er vegna vélar og eftirlits.

04. Tengimynd yfir rafkerfið skal fylgja bátnum.

5.03. **Efni, eldvarnir, siglingaljós.**

5.03.01. Allur rafbúnaður skal gerður úr efni, sem ætlað er til notkunar í skipum og hannaður fyrir þá spennu og straumstyrk, sem á hann getur reynt.

02. Rafbúnaður á að vera úr óbrennanlegu eða sjálfslökkvandi efni t. d., skv. IEC útgáfu nr. 92-1 1964.

03. Rafbúnaður skal ekki hafa minni hlíf en gefið er upp í eftirfarandi töflu og er skv. IEC útgáfu nr. 144—1963:

Staðir um borð	Hlíf
Lokað þurrrými	IP 20
Úti undir þaki	IP 22
Úti varið skvettum	IP 44
Úti óvarið ágjöf	IP 56

04. Ef viftumótor er staðsettur þar sem sprengihætta er til staðar skal hann fullnægja kröfum í „Underwriters laboratories YSB standard E-30 test no. 7 ignition prevention" eða samsvarandi staðli. Hreyfanlegir hlutar viftunnar skulu vera úr efni, sem ekki gefur frá sér neista.

05. Rofi við rafhlöðu og vör, sem vegna staðsetningar sinnar geta valdið eldi við rof eða skammhlaup, skulu þannig útbúin að ekki geti stafað hætta af ljósboga sem myndast.

06. Siglingaljós skulu staðsett skv. Alþjóða siglingareglum ásamt hugsanlegum sérákvörðunum einstakra þjóða. Siglingaljós skulu, ef nauðsynlegt er talið, skermast til að koma í veg fyrir óæskilegt endurskin.

5.04. **Rafhlöður.**

5.04.01. Bátar sem eru viðurkenndir fyrir 35 hö utanborðsmótor eða meira og bátar, sem hafa fasta raflögn, skulu hafa heppilegan stað fyrir rafhlöður.

02. Rafhlöður skulu staðsettar á aðgengilegum stað og þannig frá þeim gengið, að þær komi að fullum notum við halla bátsins eða önnur átök, sem vænta má vegna notkunar hans. Ef rafhlaðan er þannig útbúin, að rafhlöðuvökvinn geti lekið af við halla, skal hún vera í vökvaheldum kassa úr efni, sem þolir vökvann.

03. Rafhlöður skulu ekki staðsettar í sama rými og bensíngeymar eða bensínvélar, né vistarverum.

5.05. **Raflagnir.**

5.05.01. Rafstrengir skulu vera margþættir og einangraðir með sjálfslökkvandi efni svo sem PVC eða samsvarandi, t. d. samkvæmt IEC útgáfu nr. 92-3 1965, með síðari breytingum.

02. Endar strengjanna skulu festir örugglega og þannig að leiðslurnar skaddist ekki. Tengiskinnur og aðrir óeinangraðir leiðar skulu vera úr efni, sem ekki tærist t. d., eir.

03. Rafstrengur til ræstingar vélar skal vera margþættur einleiði og skal lagður þannig, að hann verði ekki fyrir áverkum.
04. Rafstrengjum skal annað hvort fest með klemmum eða dregnir í pípur. Pípum skal festa með klemmum eða trefjaplasti.
05. Rafstrengir skulu, ef mögulegt er, lagðir þannig, að þeir séu varðir gegn áverkum, raka, vatni, olíu o. s. frv. Ef strengir eru lagðir í pípum, skulu þær þannig lagðar að ekki sitji vatn í þeim.
06. Rafstrengir skulu þannig lagðir að mögulegt sé að endurnýja þá. Ekki má leggja strengi á milli laga í trefjaplast.
07. Rafstrengir skulu greinilega merktir, t. d., með mismunandi litum, svo auðvelt sé að finna til hvers hver strengur er, með hjálp tengimyndar.

5.06. **Rafstrengir og vör.**

5.06.01. Allar lagnir frá rafhlöðurofa til annarra nota en vélar skulu hafa vör. Aðalstofn frá rafhlöðurofa að aðaltöflu á að vera skammhlaupsvarinn einleiði.
02. Hinir einstöku rafstrengir skulu hafa vör skv. eftirfarandi töflu:

Flatarmál mm²	VAR amp.
1.0	6
1.5	10
2.5	16
4.0	20
6.0	25
10.0	35
16.0	63
25.0	80

03. Rafstrengir á þeim stöðum, þar sem gæti verið um vatn eða raka er að ræða, skulu ekki hafa minna þverskurðarflatarmál en 1.5 mm².
04. Aðalstofn frá rafhlöðurofa að aðaltöflu skal ekki hafa minna þverskurðarflatarmál en 2.5 mm².
05. Ljósagreinar skulu ekki búnar stærri vörum en 10 A.

5.07. **Tenging, greinar.**

5.07.01. Rafhlöðurofi skal vera á aðgengilegum stað, sem næst rafhlöðinni. Rofinn skal rjúfa alla rafmagnsnotkun. Gasvara, og sjálfvirkar austursdælur má þó tengja framhjá rofanum.
02. Aðrir neytendur, en þeir sem eru á vélinni, skulu fá straum um aðal-eða greinitöflur, sem eru vel aðgengilegar.
03. Öryggisútbúnaður, svo sem talstöð, flauta, ljóskastari og þess háttar ásamt öðrum búnaði, sem notar meira en 5 A, skal vera á sérstakri grein. Hliðarljós mega vera á sömu grein.
04. Ljósum skal helst skipt á minnst tvær aðskildar greinar.

6. SEGL OG REIÐI

6.01. **Almennt.**

6.01.01. Við viðurkenningu á bátum með seglabúnað, skal leggja til grundvallar þær kröfur reglnanna sem við eiga hvað varðar stöðugleika, þunga, kjalarþunga og annað það er einhverju varðar.

02. Kröfur um fyrirkomulag, seglastærð, siglur og reiða skal ákvarða skv. eftirfarandi reglum. Annað fyrirkomulag segla og reiða má viðurkenna, ef það jafngildir kröfum reglnanna.
03. Reglur um segljúllur gilda fyrir báta með eiginþunga undir 300 kg. Bátar með eiginþunga 300 kg eða meira og búnir sem segljúllur skulu metnir til viðurkenningar sérstaklega.
04. Skilgreiningar.

△: Mesta þyngd bátsins í kg, það er þyngd bols, alls búnaðar og hámarks hleðsluþunga.
G: Eiginþungi bátsins í kg, það er þungi bols með innréttingu ásamt búnaði, sem telst til hluta af bátnum. Fyrir báta með segl reiknast sigla og reiði með.
B: Mesta breidd bolsins mælt á útsíðu útsúðar, sjá mynd 2.
L: Lengd vatnslínu bátsins, sjá mynd 2.
Sa: Flatarmál segla í m^2.
RM: Mælt réttandi vægi í kpm.
RMP: Mesta réttandi vægi í kpm við allt að 30° halla bátsins við eiginþyngd hans, G.
RM1: Réttandi vægi í kpm við 1° halla bátsins við eiginþyngd hans, G.
g: þungi kjalar í kg.
n: Sá fjöldi fólks, sem báturinn skal viðurkenndur fyrir.

6.02. **Efni.**

6.02.01. Reglurnar miðast við, að allur málmur sem notaður er í reiða, sé úr ryðfríu efni.

6.03. **Réttandi vægi.**

6.03.01. Mælt réttandi vægi er:

— fyrir kjölseglbáta og vélbáta með hjálparsegl er mesta réttandi vægi að 30° halla við hámarks hleðslu.

$$RM = RMP \frac{\triangle}{G}$$

— fyrir segljúllur er mesta réttandi vægi mælt með þunga sem nemur 37.5 n kg, þó minnst 150 kg, staðsett á borðstokk bátsins. Einnig skal taka tillit til þess þunga sem orsakast ef bátnum er siglt með þunga fólks utan við borðstokk bátsins.

RMP kemur fram við hallaprófun skv. gr. 6.03.02.

02. Við ákvörðun á RMP skal hallaprófun fara fram á bátnum við eiginþunga hans eða með útreikningum sem sendir skulu Siglingamálastofnuninni til samþykktar. Gefa skal upp nákvæma þyngd alls þunga um borð.
03. Við útreikning á réttandi vægi, RM, kjölseglbáta, skal þungi sem nemur þunga búnaðar ásamt viðbótarþunga látinn á sinn ákveðna stað um borð, en þungi sem nemur þunga fólks skal staðsettur á gólfi bátsins.
Þyngdarpunktur bátsins, Vcg, við eiginþunga, G, skal fundinn með hallaprófun eða skv. eftirfarandi líkingu

$$Vcg = L\ (0.1 - 0.28\frac{g}{G})$$

Vcg mælist í metrum frá vatnslínu.
Sjá gr. 6.01.04. varðandi L, g og G.
04. Ef stöðugleikaútreikningar eða hallaprófun til 30° halla er ekki framkvæmd, skal reikna út RM skv. eftirfarandi líkingum:

fyrir kjölseglbáta $RM = RM1\ 27\ \frac{\triangle}{G}$, þó minnst 29 RM1.


fyrir segljúllur $RM = 1.5B\ (293n + G.)$
Sjá gr. 6.01.04. varðandi RM1, n, △, G og B.

6.04. **Flatarmál segla.**

6.04.01. Flatarmál segla, Sa, á einmastra bátum með bermudareiða skal vera:

$Sa = 0.5\ (I\ J + P\ E)\ m^2$, þar sem:

I = hæð forþríhyrnu í metrum.
J = lengd á lárétta kanti forþríhyrnu.
E = lengd á segláskanti stórsegls.
P = lengd á siglukanti stórsegls.



02. Ef fyrirkomulag segla og reiða er öðruvísi en getið er í gr. 6.04.01., ákvarðast flatarmál segla í hverju einstöku tilfelli.

03. **Flatarmál** segla á vélbátum með hjálparsegl skal ekki vera stærra en:

$$Sa = \frac{RM}{128\ a}$$

Varðandi: RM sjá gr. 6.01.04.
a = lengd í metrum frá þyngdarpunkti segla til vatnslínu, við eiginþunga, G.

6.05. **Fyrirkomulag reiða.**

6.05.01. Reglur um reiða í gr. 6.07., 6.08., 6.09 og 6.10 eru byggðar á því að:

$$\frac{I\ J}{E\ P} < 1.60, \text{ þar sem}$$

I, J, E og P er skilgreint í gr. 6.04.01.
Ef ofangreind jafna er meiri en 1.60, skal reiðinn reiknast sérstaklega.

6.06. **Reiðagerðir.**

6.06.01. Kröfur um styrkleika og fyrirkomulag reiðans byggjast á gerð hans. Reiðagerðir 1, 2 og 3 eru skilgreindar í gr. 6.07., 6.08. og 6.09.

02. Segljúllur mega vera með reiðagerð 1, 2 eða 3.

03. Kjölseglbátur með G < 1000 kg má vera með reiðagerð 1, 2 eða 3. Kjölseglbátur með G ⩾ 1000 kg á að vera með reiðagerð 3.

04. Vélbátar með hjálparsegl skulu vera með reiðagerð 2 eða 3.

6.07. **Reiðagerð 1.**

6.07.01. Reiðagerð 1 er reiði með algerlega óstagaða siglu.

02. Festing siglu við bolinn skal hafa nægilegan styrk til að þola það álag, sem siglan veldur.

03. Þverskurður siglu við festingu í þóftu eða þilfar skal ekki hafa minna mótstöðuvægi í cm^3 en:

$$W = K\ RM\ \frac{l}{a}\ cm^3, \text{ þar sem}$$

K = 0.43 fyrir tré en $12.5/\theta_{0,2}$ fyrir ál.
l = lengd í metrum frá miðju segla til festingar í þóftu eða þilfari.
a = lengd í metrum frá miðju segla til vatnslínu, við eiginþunga G.
$\theta_{0,2}$ = togspenna við 0.2% lengingu í kp/mm^2.
Varðandi RM sjá gr. 6.03.

04. Mótstöðuvægi siglunnar má minnka frá þilfari eða þóftu til toppsins, með því að kröfur um mótstöðuvægi skv. gr. 6.07.03. er margfaldað með stuðlinum:

$$f = (1 - \frac{H_1}{H}), \text{ þó minnst } 0.1.$$

H = öll lengd siglu í metrum.
H_1 = lengd upp að efri þverskurði siglunnar í metrum.


6.08. **Reiðagerð 2.**

6.08.01. Reiðagerð 2 er reiði með einfalt stagaða siglu. Reiði skv. reiðagerð 2 getur verið með stutta reiðaslá. Sláin skal ekki vera lengri en 1.1 sinnum lengdin frá siglu að vanti ef reiðin væri án reiðaslár.

02. Ef siglan situr í sérstöku sæti í botni bátsins, á hún, ef mögulegt er, að festast í þilfar eða þóftu.

03. Fyrirkomulag vanta og staga skal vera þannig að reiðinn valdi ekki beygjuvægi á sigluna.

04. Vantar af þessari reiðagerð skulu vísa aftur um minnst 5° með hliðsjón af siglu. Sjá α á myndinni.



05. Brotþol vantsins miðast við PT, sem er hámarkskraftur sem reynir á reiðajárn vegna hliðarátaks segla. PT skal ekki vera minna en:

6.08.05. $PT = \frac{C\ RM}{b}$ kp, þar sem

C = 1.50 fyrir kjölseglbáta og 1.20 fyrir segljúllur.
RM = sjá gr. 6.03.
b = lengd í metrum frá reiðajárni vantsins að miðlínu bátsins mælt hornrétt.

06. Vantur bátsins skal ekki hafa minna brotþol í kp en:
V = 2PT, þó minnst 350 kp.
PT = sjá gr. 6.08.05.


07. Þverskurður siglunnar skal ekki hafa minni tregðuvægi í cm^4 þverskips (um langskipsás), J_x, né langskips (um þverskipsás), J_y, en:
$J_x = kPh^2$, þó minnst 5 cm^4.
J_y = minnst $1.2J_x$.
k = 2.3×10^{-3} fyrir ál.
k = 16.6×10^{-3} fyrir greni og furu.

$$P = PT\ (1 + \frac{h\ tg\alpha}{J})$$ hámark 1.2 PT.


PT = hámarkskraftur í kp á reiðajárn, sjá gr. 6.08.05.
h = lóðrétt lengd í metrum frá festingu siglunar í þilfari eða þóftu að festingu stagsins í siglunni.
tg œ = tregðuvægi
J = lárétt fjarlægð í metrum frá mastursfestingu í þilfari/þóftu að festingu stags við stefni.

6.09. **Reiðagerð 3.**

6.09.01. Reiðagerð 3 er reiði með stagaða siglu.
Reiðagerð 3 nær yfir þrjár mismunandi gerðir vanta, gerð a, b og c sem sýnt er á meðfylgjandi mynd. Annað fyrirkomulag vanta ákvarðast sérstaklega.



02. Fyrirkomulag vanta og staga skal vera þannig að reiðinn valdi ekki beygjuvægi á sigluna.
03. Reiðinn ætti að hafa fast afturstag í sömu hæð og forstagið.
04. Siglan skal helst vera með tvöfaldan undirvant eða einn afturvísandi undirvant ásamt föstu innra forstagi.
05. Undirvantur ætti að mynda eins gleitt horn við sigluna langskips, α, og mögulegt er en þó aldrei minna en 5°.
06. Vantur þverskips, β, ætti ekki að mynda minna horn við sigluna en 10°.
07. Reiðajárn toppvantsins skal almennt staðsetja í sömu þverskipslínu og miðlína siglunnar í þilfari.



08. Brotþol vantsins miðast við PT, sem er sá hámarkskraftur sem reynir á reiðajárn vegna hliðarátaks segla. PT einsiglu báta skal ekki vera minna en:

$$PT = \frac{C\ RM}{b}\ \text{kp, þar sem;}$$

C = 1.50 fyrir þilfarskjölseglbáta og 1.35 fyrir segljúllur.
RM = sjá gr. 6.03.
b = meðallengd í metrum frá reiðajárni vantsins að miðlínu bátsins mælt hornrétt.

09. Á bátum með ketch- eða yawlreiða skal PT fyrir messansigluna ákveðinn í hverju einstöku tilfelli.

10. Vantur bátsins skal ekki hafa minna brotþol, V (n), en:

V (n) = PTk kp, þar sem;

PT er hámarkskraftur á reiðajárn vantsins skv. gr. 6.09.08. og 09. Leiðréttingarstuðull k er gefinn upp í töflunni hér á eftir og byggist á gerð reiðans. Innra forstag reiknast sem vantur skv. staðsetningu 1 tvöfaldur.

Staðsetning vants	1	1	2	3	4	5	6	7
Fyrirkomulag reiðans	einfaldur	tvöfaldur						
a	1.5	1.2	1.15	1.15				
b	1.4	1.25	1.5	0.8	0.8	0.8		
c	1.4	1.25	1.55	0.8	0.9	0.8	0.15	0.15

11. Hvert forstag með seglþunga ásamt tilheyrandi afturstagi skal ekki hafa minna brotþol en 1.2 PT. Forstag með seglþunga má þó ekki hafa minna brotþol en:

$$VS = 5\frac{RM}{a} + 1000 \text{ kp.}$$

a = hæð í metrum frá vatnslínu að miðju segla við eigin þyngd G.
RM = sjá gr. 6.03.

12. Sigla sem stendur á þilfari eða reisnarþaki, skal vera í siglufæti og skal byggt undir hana með traustri stoð eða skilrúmi.
Ef siglan stendur í fæti á kili eða botnbyggingu skal hún hafa góða lárétta festingu við þilfar.
13. Siglunni skal fest tryggilega í siglufótinn.
14. Þverskurður siglunnar skal ekki hafa minna tregðuvægi í cm^4 þverskips (um langskipsás), J_x, né langskips (um þverskipsás), J_y, en:

$J_x = k_1 m PT\ l^2 \times 10\text{-}^3 cm^4$.
$J_y = k_2 k_3 m PT H^2 \times 10\text{-}^3 cm^4$.
k_1 = uppgefið í töflu.
k_2 = uppgefið í töflu.
k_3 = 1.35 fyrir siglu sem staðsett er skv. gr. 6.09.12.
1.0 fyrir siglu sem staðsett er skv. gr. 6.09.13.
m = efnisstuðull, sem er 1.00 fyrir ál. og 7.25 fyrir greni og furu.
PT = hámarkskraftur í kp á reiðajárn skv. gr. 6.09.08. eða 6.09.09.
l = frílengd siglunnar í metrum (óstagaður hluti siglunnar), sjá mynd í gr. 6.09.01.
H = hæð í metrum frá þilfari eða reisnarþaki að festingu stags sem ber segl. Fyrir reiða með fast forstag er H hæðin að fyrsta stagi sem ber segl. Fyrir reiða með laust forstag er H hæðin að efstu forstagsfestingu.

Fyrirkomulag vanta	stuðull fyrir lengd siglunnar milli staga k_1		Stagstuðull, k_2	
	neðsta lengd	aðrar lengdir	fast forstag	laust forstag
a	2.5 k_3	3.75	1.10	0.95
b	3.0 k_3	4.50	1.26	0.95
c	3.0 k_3	4.50	1.21	er metið í hverju einstöku tilfelli

15. Við útreikning á J_x fyrir „aðrar lengdir" má minnka kröfur til PT með 0.12PTk fyrir hvern undirliggjandi milli- eða undirvant sem lítið álag er á. k er gefið upp í gr. 6.09.10.
16. Ef reiði hefur aðeins einn undirvant og hefur ekki aðrar langskipsafstífingar í reiðaslárhæð, skal mótstöðuvægi siglunnar langskips, J_y, ákvarðast sérstaklega.

6.10. Sigluás, reiðaslá og fiðlublokk.

6.10.01. Sigluásar, reiðaslár og hugsanlegar fiðlublokkir skulu hafa fullnægjandi styrk og skal hann ákvarðast sérstaklega.

02. Reiðaslá siglunnar skal þannig komið fyrir, að hún minnki um helming geira þann, sem vanturinn myndar við reiðaslána.
03. Fiðlublokk skal þannig komið fyrir, að hún minnki um helming geira þann, sem stagið myndar við fiðlublokkina.

6.11. **Reiðabúnaður.**

6.11.01. Við ákvörðun á efnismáli vegna brots fyrir vantskrúfur og annan þess háttar búnað skal miðað við 125% þess álags, sem lagt er til grundvallar við útreikning brotþols, V, viðkomandi stags. Splæst eða völsuð endastykki skulu viðurkennd sérstaklega.
02. Búnaði og hugsanlegu úrtaki úr siglu skal þannig komið fyrir, að þvermál siglunnar minnki svo lítið sem mögulegt er. Aðeins er heimilt úrtak innan 25% frá hvorum enda hinnar ákveðnu frían lengdar. Úrtak vegna stagfestinga á bátum með reiðagerð 2, ákvarðast sérstaklega. Alla kanta í hugsanlegu úrtaki skal rúnna vel af.
03. Fyrir reiðajárn og annan fastan búnað í bolnum sem á reynir vegna átaks, vants eða staga, skal efnismál vegna brots ákveðið við minnst 150% þess álags sem lagt er til grundvallar brotþols, V, viðkomandi stags.
04. Efri hluti reiðajárna skal hafa sömu stefnu og viðkomandi vantur eða stag.
05. Vantskrúfum skal þannig fest við reiðajárn að þær læsist ekki við stefnubreytingu staga/vanta.
06. Boltar, vantskrúfur og þess háttar skal þannig frágengið, að það losni ekki.

7. BÚNAÐUR.

7.01. **Festartæki.**

7.01.01. Allir bátar skulu hafa festartæki, sem hægt er að festa í dráttartaugar og landfestar.
02. Allir bátar skulu hafa minnst eittt festartæki að framan.
Bátar með L_m 4 m og minni skulu hafa minnst eitt festartæki að aftan, en bátar með L_m yfir 4 m skulu hafa minnst tvö. Bátar með afturstefni (ekki gafl) mega hafa eitt festartæki og tvo festarleiðara að aftan. Þegar tvö festartæki eru að aftan, skulu þau vera sin hvoru megin í bátnum sem næst síðunum.
03. Fyrir stærri báta er hægt að krefjast enn fleiri festartækja.
04. Festartæki skulu vera sterkbyggð og þeim tryggilega fest. Þau skulu þola lárétt átak P:
$$P = 430\ L_m - 540 \text{ kp.}$$
05. Fullnægjandi viðbótarstyrking skal vera þar sem festartæki eru staðsett, sjá gr. 9.22.
06. Festartæki og festarleiðarar skulu boltaðir niður með gegnumgangandi heitsinkuðum boltum. Undir rærnar að innan skal setja skífur með þvermál minnst þrisvar sinnum þvermál boltans. Rær skulu læstar.

7.02. **Hálkuvörn.**

7.02.01. Á þilfari og þröm þar sem ætla má að fólk gangi eftir skal vera fullnægjandi hálkuvörn, t. d. með rifflum í trefjaplastinu. Á þröm telst fullnægjandi hálkuvörn, ef þar er 30 mm hár fótlisti.


7.03. **Handrið og handföng.**

7.03.01. Á þilfari af þeirri stærð og gerð að ætla megi, að fólk gangi þar um, verður að vera handirð eða fullnægjandi handföng.
02. Bátur sem gengur meira en 15 hnúta skal hafa hlíf við sæti þeim megin sem snýr að síðu bátsins eða afturgafli. Hlífin skal vera minnst 150 mm há mælt frá efri brún sætis.

03. Bátur sem gengur minna en 15 hnúta skal hafa hlíf við sæti þeim megin, sem snýr að síðu bátsins eða afturgafli. Hlífin skal vera minnst 100 mm há mælt frá efri brún sætis.
04. Í öllum bátum skulu vera handföng til að koma í veg fyrir að fólk verði fyrir meiðslum eða falli fyrir borð.
05. Opnir bátar með mestu lengd yfir 5 m, þilfarsbátar og bátar með þilfar að hluta skulu hafa þannig búnað, að mögulegt sé fyrir mann sem fallið hefur í sjóinn að komast aftur um borð.
06. Bátar sem eiga að vera búnir flotholtum, skulu hafa þannig búnað að mögulegt sé að halda sér í bátana á hvolfi.

7.04. **Stýrisbúnaður, almennt.**

7.04.01. Stýrisbúnaður skal vera þannig byggður, að auðvelt sé að stjórna bátnum á þeim hámarkshraða sem báturinn er viðurkenndur fyrir.
02. Bátar sem eru viðurkenndir fyrir 20 hö utanborðsmótor eða meira, skulu búnir stýrishjóli. Hægt er að krefjast stýrishjóls í öðrum tilfellum ef ástæða þykir vegna öryggis.
03. Stýrisbúnaðurinn skal vera þannig að stýrisfjöður leggist frá borði til borðs við tvo snúninga stýrishjólsins.
04. Stýrisbúnaður skal vera þannig byggður, að stýrið sláist ekki skyndilega til þó því sé sleppt á fullri ferð.
05. Stjórnborð, stýrishjól og annar stýrisbúnaður skal hafa fullnægjandi styrk og vera tryggilega fest til að þola það álag, sem á búnaðinn getur reynt, þar með talinn þann kraft, sem stjórnandi bátsins gæti valdið í veltingi eða við aðrar hreyfingar bátsins.
06. Stýrishjólið skal helst staðsett stjórnborðsmegin í bátnum.
07. Gat í mótorbrunni fyrir stýristaugar skal þétt á fullnægjandi hátt.
08. Stýrisbúnaður, sem ekki er getið um í þessum reglum, má viðurkenna eftir sérstaka athugun.
09. Stýrisbúnaður við einn utanborðs- eða hálfutanborðsmótor skal þola minnst 350 kp stýriskraft.
10. Stýrisbúnaður við tvo utanborðs- eða hálfutanborðsmótora skal þola minnst 500 kp stýriskraft.
11. Stýrisbúnaður á seglbátum án vélar og bátum með stýrisfjöður aftan við skrúfu, skal fullnægja kröfum reglnanna um stýriskraft með hliðsjón af þvermáli stýrisáss, skv. eftirfarandi línuriti.
12. Slaglengd stýrisbúnaðarins, S, er gefin upp á þeim forsendum að vægis armurinn um snúningspunkt ássins/mótorsins sé minnst 0.8 S fyrir stýrisás og 0.7 S fyrir utanborðs- og hálfutanborðsmótora.



P = nauðsynlegur stýriskraftur minnst 350 kp.
S = slaglengd stýris frá borði til borðs.

13. Stýrisfjöður, stýrisás og tengingarbúnaður skulu vera af fullnægjandi styrk.
14. Boltar í stýristengingum skulu festir á þann veg, að þeir losni ekki við titring o. þ. h.
15. Fullnægjandi viðbótarstyrkingar skal setja vegna festinga stýrisbúnaðar.
16. Ganga skal svo frá stýrisfjöðrum, að þær geti ekki hrokkið af eða losnað.
17. Stopparar skulu vera við stýrisfjöður.
18. Pakkdós við stýrisáspípu að innan ætti að vera minnst 350 mm yfir vatnslínu. Sé það ekki hægt, skal pakkadósin viðurkennd í hverju einstöku tilfelli.
19. Ef notað er annað öxulstál en með 42 kp/mm² brotþoli, má leiðrétta þvermál ássins reiknað skv. gr. 7.07.01. og 7.08.01. með því að margfalda það með eftirfarandi stuðli:

$$F = \sqrt[3]{\frac{42}{\theta_1}}$$

θ_1 = brotþol efnisins í ásnum.

20. Stýrisás úr röri skal hafa efnismál skv. eftirfarandi líkingu:

$$d_v = \frac{\sqrt[3]{d_1^4 - d_2^4}}{d_1}$$

d_v = þvermál ás skv. gr. 7.07.01. eða 7.08.01.
d_1 = ytra þvermál rörsins.
d_2 = innra þvermál rörsins.

7.05. **Stýring með vír og kastblokk.**

7.05.01. Víralögn milli stýrishjóls og stýrisfjaðrar skal vera þannig, að ekki komi slaki á vírinn undir nokkrum kringumstæðum.

02. Allar samsetningar búnaðarins skulu vera heitsinkaðar. Á endum stýrisvírsins skal vera kósi. Augað utan um kósann skal vera splæst eða frágengið með tveim víraklemmum. Gengið skal tryggilega frá öllum endum.

03. Stýrisvírinn skal lagður þannig að hann verði ekki fyrir áverkum. Ef vírinn er plasthúðaður, skulu hjól í kastblokkum vera úr nylon eða samsvarandi efni.

04. Víralögin skal hafa sem allra minnsta stefnubreytingu. Blokkarhjól skulu hafa rauf, sem hæfir vírnum og þvermál hjólsins skal vera 15 sinnum þvermál vírsins, þó minnst 45 mm. Blokkir skulu hafa stýringu, sem hindrar að vírinn fari út af hjólinu.

05. Allur stýrisbúnaðurinn fullfrágenginn skal reyndur með minnst 350 kp álagi fyrir einn utanborðsmótor og 500 kp fyrir tvo mótora. Reynt skal á búnaðinn í bæði borð.

7.06. **Barkastýrisbúnaður.**

7.06.01. Barkastýrisbúnaður er sá búnaður, þar sem stýrisvírinn rennur til í þar til gerðum barka.

02. Barkastýrisbúnaðurinn skal vera viðurkenndur.

03. Efnið sem notað er í búnaðinn skal henta vel til sinna nota og vera heitsinkað.

04. Búnaðurinn skal reyndur með álagi skv. gr. 7.04.09.—7.04.11.

05. Frágangur barkastýrisbúnaðar um borð skal vera skv. leiðarvísi framleiðanda. Sérstaklega gildir þetta um festingu stýrishjóls, hámarks beygju barkans, festingu í stýri og aðrar festingar. Einnig að hæð festinga sé rétt miðað við mótorinn og að úrtak í mótorbrunninum sé af réttri stærð og rétt staðsett.

7.07. **Stýrisfjöður á seglbát án vélar.**

7.07.01. Á hefðbundnum stýrisfjöðrum, fest í hæl að neðan og legu að ofan, skal þvermál stýrisáss ekki vera minna en:

$d_v = F\ (15 + 2\ L_m)$ mm, d_v minnst = 25 mm.
F = leiðréttingarstuðull skv. gr. 7.04.19.

02. Fyrir aðrar gerðir stýrisfjaðra ásamt stýrisfjöðrum segljúlla, ákvarðast stýrisás sérstaklega.

7.08. **Stýrisfjöður aftan við skrúfu.**

7.08.01. Á hefðbundnum stýrisfjöðrum, festum í hæl að neðan og legu að ofan, skal þvermál stýrisáss ekki vera minna en:

$$d_v = 1.76F\ \sqrt[3]{ARV^2}$$ mm, þó minnst 25 mm.

A = stýrisfjöður í m^2.
R = lárétt lengd í mm frá þyngdarpunkti stýrisfjöðurinnar að miðju stýrisáss.
V = hraði bátsins í hnútum.
F = leiðréttingarstuðull skv. gr. 7.04.19.

02. Fyrir aðrar gerðis stýrisfjaðra ákvarðast stýrisás sérstaklega.

7.09. **Stýristappar og legur.**

7.09.01. Þvermál stýristappa, utan hugsanlegrar fóðringar skal ekki vera minna en: $d_t = 0.7\ d_v$; þó minnst 18 mm.
Stýristappar á seglbátum ákvarðast sérstaklega.

02. Lengd stýrislegunnar skal vera minnst 20% meiri en þvermál stýrisáss eða tappa.

03. Ef millibil stýrisarms og stýrislegu er meira en 10 sinnum þvermál stýrisáss, skal einnig sett lega efst á stýrisásinn.

7.10. **Austursbúnaður.**

7.10.01. Bátar með mestu lengd yfir 5.5 m skulu hafa fasta handdælu.

02. Á bátum með vatnsþétt skilrúm skal vera hægt að ausa úr hverju hólfi fyrir sig.

03. Austurslagnir skulu þannig útbúnar, að vatn geti ekki runnið úr einu hólfi til annars gegnum þær. Fyrir lítil vatnsþétt hólf, káetu eða þ. h., getur frárennsli verið yfir í annað hólf, en frárennslisgatið skal útbúið örugglega föstum tappa.

04. Dælan skal staðsett á heppilegum stað og skal vera auðvelt að komast að hugsanlegum lokum o. þ. h. Auðvelt skal vera að nota dæluna.

05. Sogleiðslan skal ná eins djúpt og mögulegt er og vera með sigti. Á aðgengilegum blöðkudælum sem auðvelt er að opna, er ekki nauðsynlegt að hafa sigti.

06. Afkastageta dælunnar skal ekki vera minni en gefið er upp í eftirfarandi töflu:

L_m metrar	Lítri pr. slag	
	Blöðkudæla	Stimpildæla
5.0— 6.0	0.3	0.4
6.0— 8.0	0.5	0.7
8.0—10.0	0.7	1.0
10.0—	0.9	1.25

7.11. **Byrðingsop.**

7.11.01. Frágangur byrðingsopa og leiðslur frá þeim, skal vera þannig að ekki sé hætta á leka.

02. Öll op undir vatnslínu skulu búin loka. Ef svo er ekki verður uppbygging frá opinu að hafa sama styrk og bolurinn upp fyrir efstu vatnslínu.

03. Öll op á bolnum, að undanskildum austuropum þilfarsbáta, skulu búin einstefnuloka, ef annað hvort innra- eða ytra opið, ásamt pípulögninni á milli opanna, er neðar en 350 mm yfir efstu vatnslínu.

04. Á seglbátum skal vera loki við öll op á bolnum, þar sem vatn gæti komist inn í bátinn við halla.

7.12. **Lokar.**

7.12.01. Skrúfaðir lokar skulu þannig útbúnir, að handfangið losni ekki við notkun.

02. Lokinn skal loka ef hjólinu er snúið réttsælis.

03. Lokar skulu vera vel aðgengilegir.

7.13. **Handslökkvitæki.**

7.13.01. Bátar viðurkenndir fyrir 35 hö utanborðsmótor og þar yfir, bátar með eldunaraðstöðu, ofna eða annan útbúnað sem hefur opin eld, skulu hafa viðurkennt þurrdufthandslökkvitæki sem inniheldur minnst 2 kg af slökkvimiðli.

7.14. **Fastur slökkvibúnaður.**

7.14.01. Bátur með bensínvél í lokuðu rými, skal auk handslökkvitækis, hafa viðurkennda halonslökkvilögn.


02. Magn slökkvimiðilsins ákvarðast í hverju einstöku tilfelli með hliðsjón af gerð hans, stærð rýmisins og fyrirkomulagi almennt, þó skal geymirinn innihalda minnst 2 kg ef samanlagt rými eldsneytisgeyma og vélarúms er minna en 4.5 m^3.

03. Slökkvilögnin skal flytja slökkvimiðilinn bæði til vélarúms og geymarýmis. Opnunarloki skal vera staðsettur miðsvæðis í bátnum utan við vélarúm og geymarými.

04. Slökkvimiðillinn skal vera viðurkenndur af Siglingamálastofnuninni.

7.15. **Eldstæði.**

7.15.01. Allir fletir innan þeirrar fjarlægðar frá eldstæðum, sem tilgreint er á eftirfarandi mynd, skulu vera úr óbrennanlegu efni eða klæddir eldvörn.
Fletir undir eldstæðum skulu varðir á sama hátt. Opinn eldur skal ekki vera nær skilrúmi eða lofti, en sýnt er á strikaða svæðinu á eftirfarandi mynd.



02. Gastæki skulu vera viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins.

03. Ofnar skulu vera viðurkenndir af Siglingamálastofnun ríkisins.

04. Öll tæki sem hafa opinn eld skulu vera viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins.

7.16. **Einangrun í vélarúmi.**

7.16.01. Efni til hljóðeinangrunar, hljóðdeyfingar og hitaeinangrunar vegna vélar, skal ekki auka á eldhættu. Efnið skal hafa minnst ildisstuðulinn 21 skv. A.S.T.M. D2863.

02. Einangrunarefni skal vera olíuhelt eða klætt olíuheldu efni.

7.17. **Loftræsting í bensínvélarúmi.**

7.17.01. Loftræstilagnir skulu vera þannig, að sérstök pípa sé fyrir aðstreymi og önnur fyrir frástreymi. Pípurnar skulu helst staðsettar hvor sínu megin í rýminu. Op frástreymispípunnar skal vera í neðri hluta rýmisins.

02. Öll lokuð rými, sem ætluð eru fyrir vélar eða eldsneytisgeyma skulu hafa fullnægjandi loftræstingu.

03. Vélarúm bensínvéla, skal auk loftræstingar skv. gr. 7.17.04., hafa vélknúna viftu. Viftan skal vera skv. kröfum í gr. 5.03.04. Í bátum með vélknúna loftræstingu skal vera skilti við stjórntæki, sem gefur til kynna að setja skuli viftuna í gang minnst 2 mínútum á undan vélinni.

04. Loftræstipípur fyrir eðlilegan súg, skulu ekki hafa minna þverskurðarflatarmál, hvor pípa, en:

$A = 40\ V\ cm^2$, þó minnst 80 cm^2.
$V =$ nettó m^3 loftræsta rýmisins.

Ef rýmið er óreglulega lagað og ef loftræstipípurnar eru langar, getur þurft að auka þverskurðarflatarmál þeirra eða hafa sérstaka gerð lofthápa. Ef loftræstilagnir liggja beint út úr loftræsta rýminu án boginna eða langra lagna má minnka þverskurðarflatarmál um 50%.

05. Rými fyrir færanlega bensíngeyma skal loftræsta með tveim opum, sem hvort um sig er ekki minna en 20 cm^2 að stærð.

06. Í vélknúinni loftrás skal afkastageta viftunnar ekki vera minni en:

$Q = 15\ m^3/mín$, þó minnst $1.5\ m^3/mín$.
$V =$ nettó m^3 loftræsta rýmisins.

7.18. **Önnur loftræsting.**

7.18.01. Fyrirkomulag loftræstingar í vélarúmi skal vera með hliðsjón af nauðsynlegu loftstreymi til vélar og skv. leiðbeiningum vélaframleiðanda.

8. FRAMLEIÐSLUSALUR, EFNI, VINNUAÐFERÐIR O. FL. VARÐANDI FRAMLEIÐSLU BÁTA ÚR GLERTREFJASTYRKTU PÓLÝESTER.

8.01. **Aðstaða við framleiðslu með handlagningu og sprautu.**

8.01.01. Fyrirkomulag framleiðslusals skal vera þannig, að salurinn uppfylli kröfur um meðferð hráefnis og aðstæður við framleiðslu.

02. Hitastig í framleiðslusal skal aldrei vera lægra en + 18°C og hitamismunur aldrei meiri en ± 3°C á sólarhring. Hið ákveðna hitastig skal vera komið á minnst sólarhring áður en framleiðslan hefst, og geta haldist án tillits til hitastigs utanhúss.

03. Rakastig í framleiðslusal skal haldast stöðugt og skal ekki fara yfir 80%. Ef framleiðsla fer fram með sprautun á rakastig í námunda við sprautu og mót ekki að vera minna en 40%. Hið ákveðna rakastig skal geta haldist stöðugt án tillits til rakastigs utanhúss.

04. Hita- og rakastig skal skrásett reglulega. Þetta skal gera í hverju 1500 m^2 vinnsluhúsnæði og helst með sjálfrita. Mælinum skal komið fyrir á stað, þar sem utanaðkomandi áhrifa gætir sem minnst.

05. Súgur um dyr, glugga o. s. frv. og beint skin sólar skal ekki vera þar sem framleiðsla eða herðing trefjaplasts fer fram.

06. Framleiðslusalir skulu vera hreinir og ef mögulegt er lausir við ryk, svo að hráefni og mót óhreinkist ekki.
07. Loftræstibúnaði skal þannig komið fyrir, að loftræsting tefji ekki fyrir því að plastið harðni.
08. Fyrirkomulag hráefnisgeymslu skal vera þannig, að geymslan uppfylli kröfur um meðferð hráefnisins.
09. Hráefnisgeymsla skal vera hrein og eftir fremsta megni laus við ryk, svo hráefnið mengist ekki.
10. Trefjaefnið skal geymt í geymslu við lægra rakastig og minnst 2°C hærra hitastig en krafist er í framleiðslusalnum, í minnst tvo sólarhringa, áður en það er flutt í framleiðslusal, nema framleiðandi efnisins æski annars. Ef slík geymsla efnisins er ekki möguleg, skal það geymt í minnst tvo sólarhringa í geymslu með sama hita- og rakastigi og krafist er í framleiðslusalnum.
11. Bátaframleiðandi skal hafa vottorð fyrir pólýester, styrkingarefni og slithúð að utan og innan, svo skoðunarmaður Siglingamálastofnunarinnar geti fullvissað sig um, að hráefnið uppfylli kröfur reglnanna.

8.02. **Slithúð utan.**

8.02.01. Slithúðin skal vera viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins, skv. kröfum í viðauka 2.
02. Slithúðin skal aldrei hafa minni brotlengingu en sá pólýester sem notaður er og minnst 2.5% brotlengingu.
03. Geymslutími efnisins skal vera innan þeirra marka, sem framleiðandi þess gefur upp.

8.03. **Pólýester.**

8.03.01. Pólýester skal vera viðurkenndur af Siglingamálastofnun ríkisins, skv. kröfum í viðauka 2.
02. Pólýester skal hafa minnst 1.5% brotlengingu.
03. Herðis/hvataaðferð skal ákvarðast með hliðsjón af eiginleikum pólýestersins og skv. leiðbeiningum framleiðanda. Varmamyndun við hörðnun skal vera innan heppilegra marka. Herðis/hvatamagn skal vera innan þeirra marka, sem framleiðandi gefur upp.
04. Geymslutími efnisins skal vera innan þeirra marka, sem framleiðandi þess gefur upp.

8.04. **Styrkingarefni.**

8.04.01. Glertrefjaefni skal vera viðurkennt af Siglingamálastofnun ríkisins skv. kröfum í viðauka 1.
02. Glertrefjaefnið skal bindast plastblöndunni auðveldlega.
03. Ef af sérstökum ástæðum er óskað eftir því að nota annað styrkingarefni en glertrefjar skal senda upplýsingar um efnið til Siglingamálastofnunarinnar til samþykktar.

8.05. **Kjarnaefni.**

8.05.01. Kjarnaefni, sem ætlað er til styrkuppbyggingar, skal hafa fullnægjandi þrýstiþol. Ef kjarninn er aðeins ætlaður til trefjaplastsuppbyggingar, eru engar kröfur gerðar til styrks kjarnaefnisins. Kjarninn má ekki drekka í sig efni úr plastblöndunni.
02. Kjarninn skal vera úr heppilegu efni. Nota skal sem allra minnst heilt tré og alls ekki í bolhluta sem verða fyrir álagi. Krossviður skal vera skv. British Standard 1255—1972 í flokki W.B.P.

8.06. **Slithúð innan.**

8.06.01. Innri slithúð skal vera viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins, skv. kröfum í viðauka 2.

8.07. **Vinnuaðferðir.**

8.07.01. Slithúð skal ekki vera þynnri en 0.3 mm og ætti ekki að vera þykkari en 0.6 mm. Kvoðan má ekki harðna lengur en í 24 klst. áður en trefjaplastlagning byrjar.

02. Trefjaplastlagning burðarhluta skal almennt framkvæma með handlagningu og/eða sprautun. Aðrar aðferðir verður að viðurkenna sérstaklega.

03. Trefjaplastslagning mikilvægra bolhluta skal framkvæmd af vönu starfsfólki og undir stjórn vinnuleiðbeinanda, sem hefur reynslu í að dæma vinnuaðferðir og gæði hins fullgerða trefjaplasts. Hann skal jafnframt sjá um að framleiðslan sé skv. reglum.

04. Stórir hlutar skulu afstífast vel, er þeir hafa verið teknir úr mótinu.

05. Tenging styrkinga, innréttinga og þess háttar við bolinn skal, ef mögulegt er, framkvæmda áður en trefjaplast bolsins er fullharnað. Ef styrktarhlutir eru tengdir við trefjaplast, sem hefur harðnað lengur en í 24 klst. skal hreinsa flötinn vel og fjarlægja af honum hugsanlegt vax.

06. Þar sem innsíða trefjaplastsins gæti orðið fyrir vatnsákomu, ætti hún að húðast með slithúð til hlífðar. Styrkingar og innréttingar við sömu aðstæður ættu einnig að húðast á sama hátt.

07. Brúnir trefjaplasts, sem verða fyrir vatnsákomu, skulu varðar með minnst 0.3 mm slithúð eða öðru samsvarandi.

08. Brúnir samlokutrefjaplasts skulu varðar með trefjaplasti eða öðru samsvarandi.

09. Að lokinni lagningu trefjaplasts, skal það harðna í minnst tvo sólarhringa við minnst 18°C. Með sérstöku samþykki má herða trefjaplastið við meiri hita í styttri tíma.

8.08. **Handlagning.**

8.08.01. Glertrefjastyrking skal lögð í þeirri röð sem viðurkennd er. Næst slithúðinni skal leggja mottu eða grisju sem vegur ekki meira en 450 gr./m^2. Á fleti með litla beygju má nota mottu sem vegur 600 gr./m^2. Í hlutum, sem stöðugt verða fyrir vatnsákomu, á motta í þessu fyrsta lagi að innihalda lítið magn viðbótarefna sem leysast upp í vatni.

02. Við samskeyti styrkingarmotta skulu þær misvíxlast minnst 50 mm.

03. Bera skal pólýester á milli hvers lags. Innilokað loft skal valsað út við lagningu hvers lags. Skal það vandlega og varlega gert, sérstaklega við skarpar brúnir og horn.

04. Tímabil milli lagningu styrkingar laga skal vera innan þeirra marka, sem framleiðandi tilgreinir. Við lagningu þykks trefjarplasts skal gæta þess, að það sé ekki lagt svo hratt, að of mikill hiti myndist.

8.09. **Sprautun.**

8.09.01. Með sprautun trefjaplasts er átt við það, þegar sprautað er samtímis plastblöndu og glertrefjastyrkingu. Framleiðandi, sem notar sprautuaðferð, verður að fá sérstaka viðurkenningu til þess.

02. Við viðurkenningu á húsnæði, þar sem unnið er með sprautuaðferð, skal athuga sérstaklega vel framleiðsluaðferð, loftræstingu, innra framleiðslueftirlit og annað það, sem mikilvægt er fyrir framleiðslugæði.

03. Sprautun bols, þilfars og annara styrktarhluta skal aðeins framkvæmd af starfsfólki, sem hefur fengið sérstaka viðurkenningu til þeirra verka.

04. Við sprautun skal nota búnað, sem gefur jafna trefjaplastuppbyggingu og fullnægjandi glerstyrkingu. Blöndun hugsanlegra viðbótarefna við pólýesterinn skal vera þannig, að öruggt sé að blöndun verði jöfn. Hoggnar trefjar skulu vera minnst 20 mm langar.
05. Efninu skal sprautað jafnt yfir allan flötinn, og skal það valsað reglulega. Næst slithúðinni skal völsun fyrst framkvæmd á um það bil 1 mm þykku lagi en síðan við hverja 2 mm af ákomnu trefjaplasti. Völsun skal framkvæmd vel og nákvæmlega til að tryggja góða þjöppun og ná úr öllu innilokuðu lofti. Gæta skal sérstakrar varúðar við skarpar brúnir og horn.

8.10. **Framleiðsluhættir.**

8.10.01. Hlutir úr trefjaplasti skulu ekki vera með skarpar brúnir. Ef ekki er hægt að koma því við, skal koma fyrir viðbótarstyrkingum. Mót skulu ekki vera of margbrotin og komast skal hjá byggingarlagi, sem torveldar eftirlit og viðgerðir.
02. Varast skal að byggja burðarhluti með álag hornrétt á trefjaplastflöt, þar sem slíkt getur valdið tvískinnungi í plastinu.
03. Hvorki má vera mikill né snöggur styrktarmismunur í styrkingum eða innréttingum, sem jafnframt eru til styrktar. Styrkingarnar skulu annað hvort þynnast út til endanna eða tengjast öðrum styrkingum eða bolhlutum.
04. Styrkingar, innréttingar o. s. frv., sem tengjast við síðu eða botn, skal fest með minnst sömu þykkt og krafist er í styrkingunni sjálfri, þó minnst 2 mm. Fyrsta motta festingarinnar skal ná minnst 50 mm inn á báða fletina sem tengja á saman. Við lagningu fleiri motta skal miða breidd tengingarinnar við það álag, sem á hana kann að reyna.
05. Ef bolur er framleiddur í tveim hlutum skal þykkt tengingarinnar í kilinum ekki vera minni en:

$$t = 2.9 + 0.9\ L_m + 0.1\ V \text{ mm}$$

og þykkt í stefni og skut ekki minni en:

$$t = 2.9 + 0.9\ L_m \text{ mm}.$$

Vegna samsetningarinnar skal þykkt bolhlutanna eyðast út í ekki neitt við samskeytin á svæði, sem er ekki minna en 20 sinnum þykktin.
06. Þykktarmismun á trefjaplasti skal jafna út á svæði, sem er ekki minna en 20 sinnum þykktarmismunurinn. Á mikilvægum burðarflötum skal jafna mismuninn á svæði, sem er minnst 40 sinnum þykktarmismunurinn.
07. Í samlokuuppbyggingu má alls ekki koma fyrir snöggur þykktarmismunur á sama fleti né heldur milli samlokuflatar og einfalds flatar. Þykktarmismun samlokuflatar og einfalds flatar skal jafna á svæði, sem er minnst 2 sinnum kjarnaþykktin. Varast skal að loft sé innilokað við rönd kjarnans. Þar sem hætta er á að raki komist í kjarnann, skal hann varinn.
08. Sýnishorn af uppbyggingu eru á myndum nr. 7 og 8.

8.11. **Samtenging.**

8.11.01. Samtengingar skulu vera einfaldar að gerð og aðgengilegar til eftirlits og þannig unnar, að ekki sé hætta á tvískinnungi í tengingunum.

8.12. **Tenging með boltum og hnoðum.**

8.12.01. Boltar, hnoðnaglar og undirlagsskífur skulu vera úr ryðfríu efni eða heitsinkaðir.
02. Göt fyrir bolta og hnoðnagla skulu boruð, og skal þvermálið vera það sama og boltinn/hnoðnaglinn. Fjarlægð frá miðju gata að rönd trefjaplasts skal ekki vera minni en 2.5 sinnum þvermál gatsins fyrir hnoð og 3 sinnum

þvermál gatsins fyrir bolta. Almennt skal millibil bolta eða hnoðnagla ekki vera meira en 150 mm við tengingu bols og þilfars og samsvarandi tenginga.

03. Undir boltahausum, róm og hnoðum skal vera skífa með ytra þvermál minnst 2 sinnum þvermál gatsins og þykkt minnst 0.1 sinnum þvermál gatsins, þó aldrei minna en 0.5 mm. Ef haus eða ró uppfyllir þessa kröfu þarf ekki skífu.
Þar sem sérstaklega reynir á er hægt að krefjast stærri skífa.

04. Ef um vatnsþétta samtengingu er að ræða, skal þéttiefni sett á boltann/hnoðnaglann áður en hann er settur í og honum síðan fest tryggilega.


8.13. **Tenging með skrúfum.**

8.13.01. Nota má skrúfur þar sem lítið reynir á og þar sem ekki er hægt að nota bolta eða hnoðnagla. Skrúfur skulu vera sem allra næst hornrétt á flötinn.

02. Trefjaplast, sem skrúfað er í, skal vera nægjanlega þykkt (minnst 6 mm), en ef það er ekki hægt, þá má koma fyrir stykki á bak við trefjaplastið til að skrúfa í.


Mynd 7


Sýnishorn af tengingu skilrúma við bol



Mynd 8

Sýnishorn af tengingum þilfars við bol





Sýnishorn af tengingu þilfarsbita við bol

9. EFNISMÁL BÁTA ÚR GLERTREFJASTYRKTU PÓLÝESTER.

9.01. Almennt.

9.01.01. Eftirfarandi reglur um efnisstyrk gilda fyrir raðsmíðaða báta, sem framleiddir eru sem skemmtibátar.

02. Bátar, sem byggðir eru öðruvísi, gerðir úr öðru efni eða ætlaðir til annara nota en reglur þessar segja fyrir um, skulu metnir sérstaklega til samþykktar.

03. Ef framleiðandi getur sannað, að önnur efnismál gefi fullnægjandi styrk, geta þau fengist viðurkennd.

9.02. Skilgreiningar.

9.02.01. Þar sem ekki er annað uppgefið, gilda eftirfarandi tákn:

p = þrýstingur í kp/cm^2.
V = mesti hraði bátsins í hnútum.
t = trefjaplastsþykkt í mm.
W = mótstöðuvægi í cm^3.
s = stífu-/banda-/bitamillibil í cm, mælt miðju á miðju
l = spennilengd banda og bita í cm.

9.03. Kröfur um fullgert trefjaplast.

9.03.01. Ef framleiðandi getur sýnt fram á betri eiginleika trefjaplasts, en krafist er í gr. 9.03.02., getur Siglingamálastofnunin í hverju einstöku tilfelli viðurkennt minni efnismál en annars eiga að vera.

02. Fullgert trefjaplast skal uppfylla eftirfarandi kröfur um styrk:

Togþol minnst	800 kp/cm^2
Beygjubrotþol minnst	1 200 kp/cm^2
Togfjaðurstuðull	70 000 kp/cm^2
Sveigjufjaðurstuðull	60 000 kp/cm^2

03. Togþol og teygjueiginleikar skulu ákvarðast skv. ISO/R 527—1966, eða CEN Draft European Standard pr. EN 61.

04. Beygjubrotþol og sveigjueiginleikar skulu ákvarðast skv. ISO 178—1972, eða CEN Draft European Standard pr. EN 63.

05. Niðurstöður rannsókna skv. gr. 9.03.03. og 04. skulu að meðaltali uppfylla þessi ákvæði, og minnst 70% af öllum einstökum mælingar niðurstöðum, skulu uppfylla kröfurnar. Engin einstök mælingar niðurstaða má vera lakari en 80% af kröfum eða 80% þess styrks, sem notaður er við leiðréttingu skv. gr. 9.05.01. eða 9.06.01.

06. Glerinnihald trefjaplastsins skal ekki vera minna en 27% af heildarþunga og ekki meira en 45% mælt skv. ISO/R 1172—1975 eða CEN Draft European Standard pr. EN 60. Mismunur á glerinnihaldi prófsýna má ekki vera meiri en ± 4%. Niðurstöður allra rannsókna skulu uppfylla þessar kröfur. Fjölda prófsýna má með samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins fækka í tvö.

9.04. Rannsóknir á trefjaplasti.

9.04.01. Rannsóknir á trefjaplasti skulu fara fram á rannsóknarstofu, sem er viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins og skulu gerðar skv. kröfum þessara reglna.

9.05. Leiðréttingar trefjaplastsþykktar.

9.05.01. Ef notað er trefjaplast, sem hefur meira beygjubrotþol en 1200 kp/cm^2 má margfalda trefjaplastsþykktina skv. gr. 9.08.05. og 9.12.03 með stuðlinum:


$$0.5 f_1 \ (1 + \frac{1200}{\theta_b})$$

θ_b = beygjubrotþol viðkomandi trefjaplasts.

02. Ef hlutfallið a/b þar sem a er lengd lengri hliðar og b lengd styttri hliðar á óafstífuðum fleti er minna en 2, má margfalda trefjaplastsþykktina skv. gr. 9.08.05. og 9.12.03. með stuðlinum:


$$f_2 = 0.6 + 0.2 \ (\frac{a}{b})$$

03. Ef flötur trefjaplastsins er eitthvað að ráði kúptur, má margfalda trefjaplastsþykktina skv. gr. 9.08.05. og 9.12.03. með stuðlinum:
$f_3 = 1\text{-}f/s$ þó minnst 0.8.



04. Ef kjarni bands, k, er breiðari en:
$k = 0.1$ s
má margfalda trefjaplastsþykktina skv. gr. 9.08.05. og 9.12.03. með stuðlinum:

$f_4 = 1.1 - (\frac{k}{s})$, þó minnst 0.7.




9.06. **Leiðrétting mótstöðuvægis.**

9.06.01. Mótstöðuvægi er byggt á brotþoli, sem er minnst 800 kp/cm². Ef notuð er önnur uppbygging, sem gefur meiri styrk, getur krafa um mótstöðuvægi minnkað í hlutfalli við aukin styrk.


9.07. **Kjölur.**

9.07.01. Efnismál kjalar skulu ákveðin með hliðsjón af notagildi hans, svo sem uppsetningu bátsins, festingum, hlasskili og þess háttar.

02. Breidd kjaltrefjalaga, b, mælt út frá miðlínu, skal vera minnst:
$b = 33\ L_m$ mm, þar sem
L_m = mesta lengd bátsins í m.
Breidd kjaltrefjalaga mælist skv. meðfylgjandi mynd.



03. Ef um raunverulegan kjöl er að ræða skal efnisþykktin vera í undirkanti og hliðum beggja megin, eins og meðfylgjandi mynd sýnir.



04. Efnisþykkt kjalar skal vera minnst:
$t = 2.9 + 0.9\ L_m + 0.1V$ mm.


05. Ef hlasskili er fest með boltum, skal efnisþykkt kjalarins aukin til að vega upp á móti skerðingu vegna boltagatanna.

06. Ekki þarf að uppfylla kröfur um aukna efnisþykkt í kili skv. gr. 9.07.04., ef báturinn hefur innbyggðan hlasskjöl.

9.08. **Botn.**

9.08.01. Botnþykkt skal haldast í fullri þykkt skv. reglum upp í þá hæð sem hæst er eftirtalinna hæða:
— upp að kanti.
— upp að 0.15 D yfir kili.
— upp að hleðsluvatnslínu.
D = dýpt bátsins.

02. Botnþrýstingur, p, er gefinn upp á eftirfarandi línuriti. Ef botnris miðskips er minna en 12° eða ef þyngd bátsins er óeðlilega mikil í samanburði við aðra báta úr trefjaplasti reiknast botnálag sérstaklega.



03. Botnþrýstingur, p, skal almennt eiga við um allan botninn. Botnþrýsting á afturskip má þó minnka línulega til 0.5 p aftast á þeim bátum, sem ekki hafa kant aftur úr.

04. Efnisþykkt í botni má aldrei vera minni en:
$t = 1.6 + 0.5\ L_m + 0.06\ V$ mm.
t minnst = 3 mm.

05. Vegna botnálags skal efnisþykktin ekki vera minni en:

$$t = 8.5\ f\ (1.0 + p)\ \frac{s}{100}\ mm.$$

f = pródúkt leiðréttinga skv. gr. 9.05.

06. Mismunur á þykkt botns og þykkt kjalar skal jafnast út á svæði, sem er ekki minna en 40 sinnum þykktarmismunurinn.

9.09. **Langbönd.**


9.09.01. Hraðgengir bátar skulu almennt hafa langband í botni. Aðrir bátar geta verið með þverbönd eingöngu, en það verður að viðurkenna sérstaklega.

02. Langband skal ekki hafa minna mótstöðuvægi en:

$$W = 0.5\ p\ s\ (\frac{l}{100})^2\ cm^3.$$

Víkja má frá kröfunni að því marki, sem botnbyggingin gefur samsvarandi styrk.

03. Þar sem afstífing í botni er að öllu leyti eða hluta til gerð með föstu trefjaplastsgólfi, skal breidd gólfsins, b, ekki vera minni en 0.3 B. Millibilið a, frá gólfinu að hugsanlegum kanti, skal ekki vera minna en 0.13 B.



9.10. **Þverbönd.**

9.10.01. Langband skal almennt skorðað af með þverskilrúmi eða þverbandi, sem fest er við síður bátsins.

02. Ekki er nauðsyn á þverböndum í botni, ef langbandið gefur fullnægjandi styrk.

03. Á planandi bátum án kjalar skal botnstokkur, eins og sýndur er á myndinni hér fyrir neðan, ekki hafa minna mótstöðuvægi en:


$$W = 0.3\ p\ s\ (\frac{b}{100})^2\ cm^3.$$

Ef efnismál botnstokksins minnkar út að síðunni, skal mótstöðuvægi hans þó vera fullnægjandi til að hámarksbeygjuspenna aukist ekki.
Festing botnstokksins við síðuna skal ekki hafa minna þverskurðarflatarmál en:

$$A = 0.03 \ p \ s \ \frac{b}{100} \ cm^2.$$

$$s = \frac{l_1 + l_2}{2} \ cm.$$

b = breidd botnsins í cm á milli síða.
l_1 og l_2 er lengd langbandsins fyrir framan og aftan botnstokkinn.




04. Á bátum með kjöl skal þverband, eins og sýnt er á myndinni hér fyrir neðan ,ekki hafa minna mótstöðuvægi upp fyrir húf en:

$$W = 0.19 \ s \ (\frac{l}{100})^2 \ H \ cm^3.$$

H er hærri talan af:

$H = 1.25 + 0.025 \ L_m + d^1$ eða $H = 3.3 \ p$

s = sjá gr. 03.



05. Hæð og þverskurðarflatarmál bandsins í miðlínu bátsins skal aukast í hlutfalli við aukið botnris.

06. Annað fyrirkomulag botnbyggingar má viðurkenna, ef það er metið til jafns við kröfur reglnanna. Ef botnbönd eru gerð úr frauðplasti, skal frauðplastið hafa fullnægjandi þrýsti- og brotþol til að tryggja heildarstyrk botnsins. Tegund og gæði frauðplastsins, ásamt frauðgerðinni, er metið til viðurkenningar í hverju einstöku tilfelli.

07. Samlokuuppbygging bols er metin til viðurkenningar í hverju eintöku tilfelli, að lokinni rannsókn á styrk hennar.

9.11. **Húfur, kantur.**

9.11.01. Ef radíus húfsins er minni en 20 sinnum botnþykktin, skal húfurinn hafa meiri styrk en botninn.

02. Á bátum með kant eða húf, eins og tilgreint er í gr. 01., skal efnisþykktin t_k, á minnst 10 cm breiðri rönd beggja megin við húf eða kant, ekki vera minni en:


$t_k = t_b + 0.5\ t_s$, þar sem

t_b = þykkt botns

t_s = þykkt síðu

9.12. **Síða.**

9.12.01. Við ákvörðun á efnismálum síðu skal nota álag, p_s, skv. eftirfarandi mynd, þar sem p er álag botns bátsins skv. gr. 9.08.02.



02. Við útreikning á trefjaplastsþykkt, skal reikna út frá þeim þrýstingi, sem verður á miðjan flötinn.

03. Efnisþykkt síðu skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingu:

$$t = 6f\ (1.0 + p_s)\frac{s}{100}\ \text{mm, eða}$$

$$t = 1.6 + 0.5\ L_m\ \text{mm}$$

t minnst = 3.0 mm.

f = pródúkt leiðréttinga skv. gr. 9.05.,

9.13. **Bönd, afstífing.**

9.13.01. Við útreikning á bandi eða stífu skal reikna út frá þeim þrýstingi, sem verður á miðja spennilengd bandsins/stífunar.

02. Langband skal ekki hafa minna mótstöðuvægi en:

$$W = 0.25s\ (p_s + 0.25)\ (\frac{l}{100})^2\ \text{cm}^3.$$

03. Sjá þverskurð bands á myndum 9—11.
04. Bekkir eða gólf geta komið í stað afstífinga í síðu ef því er fest fullnægjandi í allri sinni lengd. Báðir endar bekks festist vel í skilrúm eða botnstokk.
05. Ef langskipsafstífing er gerð með þrepum, skal þrephæð vera skv. mynd 12.

9.14. **Stefni.**

9.14.01. Efnisþykkt framstefnis skal vera minnst:

$$t = 2.9 + 0.9\ L_m \text{ mm.}$$

02. Breidd stefnisþykktar frá miðlínu bátsins skal ekki vera minni en:

$$b = 33\ L_m$$ þar sem

L_m = mesta lengd bátsins í m.

9.15. **Afturgafl.**

9.15.01. Afturgafl, sem ekki verður fyrir álagi vegna vélar eða stýris, skal hafa sömu efnismál og síða.
02. Tenging gafls við síðu skal vera eins og gefið er upp í gr. 9.11.02.
03. Afturgafl fyrir utanborðsmótora skal helst byggður sem samloka með kjarna úr vatnsheldum krossvið eða samsvarandi. Lágmarks þykkt er gefin upp í eftirfarandi töflu:

Vélarafl KW	Hestöfl	Heildarþykkt mm
upp að 7	upp að 10	15
7—18	10— 25	25
18—30	25— 40	30
30—60	40— 80	35
60—95	80—130	40
Yfir 95	Yfir 130	Efnismál afturgafls metin í hverju einstöku tilfelli.

04. Trefjaplastið innan við kjarnann á ekki að hafa minni þykkt en síða og utan við kjarnann ekki minni þykkt en botn. Innra trefjaplastið tengist síðu og botni og þynnist út línulega.
05. Afturgafl fyrir hálfutanborðsmótora skal byggjast upp skv. gr. 9.15.03. nema að heildarþykkt skal aukin um 5 mm frá því sem þar er upp gefið í töflu.
06. Fyrsta lag styrkingar í innra trefjaplasti á afturgafli fyrir hálfutanborðsmótora, skal ná minnst 100 mm út á síður og botn. Hvert lag eftir það skal ná minnst 70 mm út fyrir næsta lag á undan.

9.16. **Þilfar og gólf.**

9.16.01. Þykkt þilfars og gólfs skal aldrei vera minni en:

$$t = 2.0 + 5.0\ \left(\frac{L_m}{10} + 0.6\right) \frac{s}{100} \text{ mm.}$$

t minnst = 3.0 mm.

02. Bitar skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi á miðri spennilengd en:

$$W = 0.055\ s\ \left(\frac{l}{100} + 1\right)^2 \text{ cm}^3.$$

W minnst = 7.0 cm³.

03. Fyrir lítil þilför, þar sem ekki kemur til með að hvíla á þungi, má minnka kröfur til bita.
04. Nauðsynlegur bitaþverskurður er gefinn upp á myndum 9—11.

9.17. **Samlokuþilfar og samlokugólf.**

9.17.01. Þykkt kjarna ákvarðast í hverju einstöku tilfelli með hliðsjón af því álagi sem á að hvíla á þilfarinu eða gólfinu og efni kjarnans.
02. Kjarnaefnið skal hafa minnst 3 kp/cm^2 þrýstiþol.
03. Kjarnaefnið skal vera viðurkennt.

9.18. **Yfirbyggingar og reisnir.**

9.18.01. Yfirbyggingar skulu hafa sömu efnismál og síða.
02. Reisnir þilfarsbáta skulu hafa sömu efnismál og þilfar.

9.19. **Vélarundirstaða.**

9.19.01. Ef vél er fest beint á langband í botni skulu efnismál þess aukin og bandið tengt þverbandi eða skilrúmi.
02. Sérstök langskipsvélarundirstaða skal, ef mögulegt er, ná minnst 1.0 m fram fyrir og aftur fyrir vélina.
03. Uppbygging vélarundirstöðurnar skal samþykkjast í hverju einstöku tilfelli.

9.20. **Undirstöður siglu.**

9.20.01. Bolur skal styrktur sérstaklega til að þola það álag, sem sigaln veldur. Þrýstikraftur í siglufótinn skal ekki reiknast minni en 2 PT, þar sem PT reiknast skv. gr. 6.08. eða 6.09.
02. Siglan skal helst ná niður í botn bátsins og standa í fæti sem dreifir þunganum á sem stærst svæði botnbyggingarinnar. Byggja skal undir sigluna á heppilegan hátt. Efnismál undirbyggingarinnar skal ákvarða út frá þrýstikrafti skv. gr. 9.20.01.

9.21. **Hlasskjölur.**


9.21.01. Hlasskjölur skal festur við bolinn á fullnægjandi hátt með boltum úr ryðfríu stáli eða öðru samsvarandi, með hliðsjón af efni kjalarins. Fjöldi og sverleiki boltanna ákvarðast í hverju einstöku tilfelli með hliðsjón af þunga og stærð kjalarins ásamt efnisstyrk boltanna. Þar sem kjölur er festur í bolinn, skal trefjaplastið styrkt fullnægjandi.
02. Setja skal flatjárn eða fullnægjandi skífur undir boltahausana að innan.
03. Í staðinn fyrir hlasskjöl má kjölfestan byggjast inn í kjölinn í einu lagi með bolnum. Efnisþykkt kjalarins og tenging hans við bolinn byggist á þunga kjölfestunnar. Kjölfestan verður að skorðast þannig af, að hún geti ekki hreyfst.


9.22. **Festartæki.**

9.22.01. Þar sem festartæki eru fest í bol eða þilfar, skal trefjaplastið styrkt þannig, að átakið dreifist á nægilega stórt svæði. Styrkingin getur verið úr krossvið, málmplötum eða þess háttar, sem byggt er inn í trefjaplastið. Við fyrirkomulag þessara styrkinga skal taka tillit til þess álags, sem þær verða fyrir og í hvaða stefnu átakið er. Trefjalögn yfir styrkingunni skal ná hæfilega langt út yfir næsta trefjalag á undan.
02. Festartækjum skal fest með gegnum gangandi boltum.

Mynd 9


Mótstöðuvægi plaststyrkinga 'W' byggt á þverskurðar-flatarmáli endaflatar 'A_{fl}', kjarnhæð 'H' og þykkt hæðar-flata 't_s'






Mynd 10


Mótstöðuvægi plaststyrkinga 'W' byggt á þverskurðarflatarmáli endaflatar 'A_{fl}',kjarnhæð 'H' og þykkt hæðarflata 't_s'






Mynd 11

Mótstöðuvægi plaststyrkinga 'W' byggt á þverskurðar-flatarmáli endaflatar 'A_{fl}',kjarnhæð 'H' og þykkt hæðar-flata 't_s'







B 122

Mynd 12

Mótstöðuvægi 'W' þrepa í bol. Byggt á þrephæð 'H' og trefjaplastþykkt 't'





VIÐAUKI 1.

VARÐANDI VIÐURKENNINGU Á STYRKINGAREFNI TIL NOTKUNAR VIÐ SMÍÐI BÁTA ÚR GLERTREFJASTYRKTU PÓLÝESTER.

1. ALMENNT.

Með ósk um viðurkenningu á glertrefjaefni skal senda Siglingamálastofnuninni eftirfarandi upplýsingar til samþykktar:

Upplýsingar skv. gr. 2.

Upplýsingar um framleiðslu og framleiðsluhúsnæði skv. gr. 3.

Ef hinar innsendu upplýsingar eru samþykktar, fer rannsókn á framleiðslunni fram skv. gr. 4. Viðurkenningin er aðeins gefin til 5 ára í senn. Skyndiskoðun skal fara fram á viðurkenningartímabilinu skv. gr. 5. Ef framleiðandi gerir breytingar á framleiðslunni meðan á viðurkenningartímabilinu stendur, skal tilkynna það Siglingamálastofnuninni. Getur hún þá krafist nýrrar rannsóknar á framleiðslunni. Þegar viðurkenningartímabili lýkur getur framleiðandi sótt um endurnýjun viðurkenningar, og skal ákvörðun um endurnýjun þá tekin á grundvelli skyndiskoðana.

2. EFNISSKILGREINING. — HEIMILDARRIT.

Framleiðandinn skal senda inn heimildarrit sem inniheldur upplýsingar um nauðsynlega efnisskilgreiningu, svo hægt sé að ganga úr skugga um raunverulega gæði efnisins. Skulu heimildarritin innihalda minnst þær upplýsingar sem krafist er í gr. 4.2.

3. UPPLÝSINGAR UM FRAMLEIÐSLU OG FRAMLEIÐSLUHÚSNÆÐI.

Veita skal eftirfarandi upplýsingar varðandi framleiðsluna:

3.1. Hráefni.
Hvernig eftirlit með framleiðslu hinna mismunandi hráefna fer fram, og hve víðtækt eftirlitið er.

3.2. Framleiðsla.
Framleiðsluútbúnað og framleiðsluhætti (Aðeins í stórum dráttum).

3.3. Framleiðslueftirlit.
Þær rannsóknir, sem fara fram meðan á framleiðslu stendur, þeir staðlar sem rannsókn á framleiðslunni byggist á, hve oft og á hvaða stigi framleiðslunar þær fara fram. Einnig hvaða tækjabúnaður notaður er við rannsóknirnar.

3.4. Framleiðsluskipulag.
Aðferð framleiðanda til að skilgreina hina mismunandi framleiðslu vörunnar í framleiðslunni.

4. VIÐURKENNINGARMÁTI.

4.1. Almennt.
Í sambandi við viðurkenningu skal framleiðslustaður skoðaður. Þær rannsóknir, sem gr. 4.2 gerir kröfur til að framkvæmdar séu; skulu gerðar á rannsóknarstofu sem Siglingamálastofnunin ákveður. Ef framleiðandi óskar þess, geta rannsóknirnar farið fram í hans eigin rannsóknarstofu undir eftirliti eftirlitsmanns Siglingamálastofnunarinnar. Með sérstöku samþykki Siglingamálastofnunarinnar, geta rannsóknirnar farið fram við aðra rannsóknarstofu, sem Siglingamálastofnunin viðurkennir.

Ef eitthvað af þeim kröfum, sem tilgreindar eru í grein 4.2., er ekki fullnægt við fyrstu rannsókn, getur framleiðslan viðurkennst, ef framleiðandi getur sýnt fram á, að framleiðslan hafi uppfyllt kröfurnar í umræddri rannsókn síðastliðnar fjórar vikur og að því tilskyldu að endurtekin rannsókn gefi fullnægjandi niðurstöðu. Aðrar staðlaðar rannsóknaraðferðir en þær, sem gefnar eru upp í gr. 4.2. má nota með sérstöku samþykki Siglingamálastofnunarinnar.

4.2. **Kröfur til glertrefjaefnis.**

Eftirfarandi kröfur gilda um alla glertrefjastyrkingu.

Glertrefjaefnið skal vera af E glergerð, þar sem samanlagt innihald af Na_2O og K_2O er minna en 1%. Lagt skal fram vottorð, sem sýnir fram á efnasamsettningu, eða framkvæmd efnarannsókna, sem sýnir fram á að kröfunni til E-glers er fullnægt (SiO_2 52—56%, CaO 16—25%, Al_2O_3 12—16%, B_2O_3 6—12%, $Na_2O + K_2O$ 0—1% og MgO 0—6%). Trefjar af annari glergerð með jafngóða eða betri eiginleika má nota með sérstöku samþykki Siglingamálastofnunarinnar.

Glertrefjarnar skulu framleiddar í samfelldum trefjum. Bindiefni skal vera úr sílanblöndu eða samsettri krómblöndu.

Viðkomandi framleiðsla skal ennfremur uppfylla eftirfarandi kröfur:

Þráður.

Rakainnihald: Hámark 0.2% við afhendingu. Rannsókn framkvæmist skv. ISO 3344—1977 (E).

Glóðartap: Nafntap framleiðanda ± hámarksþol. Rannsókn framkvæmist skv. ISO 1887—1975 (E). Hámarksþol hinna einstöku gerða þráða skal samþykkt í hverju einstöku tilfelli.

Þráðarþungi: Nafnþungi framleiðanda ± 10%. Rannsakað skv. ISO 1889—1975 (E).

Ef um þráð er að ræða, sem nota á til sprautunar, skal hann reyndur til þeirra nota í viðurvist eftirlitsmanns til að sýna fram á, að hann sé heppilegur til þeirra nota.

Óofnar mottur.

Rakainnihald: Hámark 0.2% við afhendingu duftbundinnar mottu og 0.3% við afhendingu vökvabundinnar mottu.

Glóðartap: Nafntap framleiðanda ± hámarksþol fyrir bæði duft- og vökvabundnar mottur.

Hámarksþol hinna einstöku mottugerða er háð viðurkenningu í hverju einstöku tilfelli. Rannsókn skal framkvæmd skv. ISO 1887—1975 (E).

Þungi flatareiningar: Nafnþungi framleiðanda ± 10%. Rannsókn framkvæmd skv. ASTM D1910-64. Aðrar aðferðir samsvarandi ASTM D1910 eru einnig viðurkenndar.

Ofnar mottur.

Rakainnihald: Hámark 0.2% við afhendingu. Rannsókn framkvæmd skv. ISO 3344—1977 (E).

Glóðartap: Nafntap framleiðanda ± hámarksþol. Rannsókn framkvæmd skv. ISO 1887—1975 (E). Hámarksþol hinna einstöku vefnaðar gerða er háð viðurkenningu í hverju einstöku tilfelli.

Þungi flatareiningar: Nafnþungi framleiðanda ± 10%. Rannsókn framkvæmd skv. ASTM D579-66.

5. **SKYNDISKOÐUN.**

Meðan á viðurkenningartímabili stendur skal fara fram skyndiskoðun. Skýrsla um rannsókn framleiðanda á framleiðslunni skal vera fyrir hendi ef eftirlitsmaður óskar.

Skyndiskoðun skal ná yfir athugun á rakainnihaldi, þráðarþunga ásamt þunga flatareiningar og glóðartap.

Við skyndiskoðun skal kröfum, sem gerðar eru til viðurkenningar fullnægt.

Skyndiskoðun skal framkvæmd eftir sömu reglum og gilda um viðurkenningu. Sjá gr. 4.1.

Ef niðurstöður skyndiskoðana uppfylla ekki kröfur þar um, getur viðurkenning gilt áfram, ef framleiðandi getur sýnt fram á að framleiðslan hafi uppfyllt kröfurnar í umræddri rannsókn síðast liðnar fjórar vikur og að því tilskyldu að endurtekin rannsókn gefi fullnægjandi niðurstöðu.

Auk rannsókna sem gerðar eru við skyndiskoðanir, getur Siglingamálastofnunin krafist sýna úr framleiðslunni til rannsókna.

6. SKILRÍKI.

6.1. Almennt.

Með hverri sendingu hráefnisins skal fylgja með vottorð útfyllt af framleiðanda. Niðurstöður sem upp eru gefnar á vottorðinu skulu vera úr rannsókn á hinni umræddu sendingu eða samsvarandi framleiðslu framleiddri á sama hátt og sama tíma.

6.2. Vottorð.

Form vottorðsins er háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins. Vottorðið má setja upp í líkingu við eftirfarandi:

VOTTORÐ UM VIÐURKENNNT STYRKINGAREFNI TIL NOTKUNAR VIÐ SMÍÐI BÁTA ÚR GLERTREFJASTYRKTU PÓLÝESTER.

Hér með vottast að afhent framleiðsla, sem skilgreind er hér fyrir neðan, hefur verið rannsökuð og viðurkennd af .....
(rannsóknarstofa viðurkennd af Siglingamálastofnuninni). Viðurkenning framleiðslunnar fór fram þann ..... og framleiðslunúmer er ..... Samkvæmt þeim skilyrðum sem gilda fyrir slíkri viðurkenningu hefur samkomulag um skyndiskoðanir verið gert við .....
.....

Innra framleiðslueftirlit er framkvæmt skv. ákvæðum í viðauka 1 í reglum um smíði skemmtibáta.

Upplýsingar um framleiðsluna.
Dagsetning og númer vottorðs .....
Framleiðslumerki .....
Stærðarmál og magn .....
Rakainnihald .....
Glóðartap .....
Þráðarþungi .....
Þungi flatareiningar .....

.....
Undirskrift framleiðanda
eða fulltrúa hans.

VIÐAUKI 2.

VARÐANDI VIÐURKENNINGU Á PÓLÝESTER OG SLITHÚÐ TIL NOTKUNAR VIÐ SMÍÐI BÁTA ÚR GLERTREFJASTYRKTU PÓLÝESTER.

1. ALMENNT.

Með ósk um viðurkenningu á plastblöndu og slithúðarkvoðu skal senda Siglingamálastofnuninni eftirfarandi upplýsingar til samþykktar:

Upplýsingar skv. gr. 2.

Upplýsingar um framleiðslu og framleiðsluhúsnæði skv. gr. 3.

Ef hinar innsendu upplýsingar eru samþykktar, fer rannsókn á framleiðslunni fram skv. gr. 4. Viðurkenningin er aðeins gefin til 5 ára í senn. Skyndiskoðun skal fara fram á viðurkenningartímabilinu skv. gr. 5. Ef framleiðandi gerir breytingar á framleiðslunni meðan á viðurkenningartímabilinu stendur, skal tilkynna það Siglingamálastofnuninni. Getur hún þá krafist nýrrar rannsóknar á framleiðslunni. Þegar viðurkenningartímabili lýkur, getur framleiðandi sótt um endurnýjun viðurkennigar, og skal ákvörðun um endurnýjun þá tekin á grundvelli skyndiskoðanna.

2. EFNISSKILGREINING. — HEIMILDARRIT.

Framleiðandinn skal senda inn heimildarrit sem inniheldur allar upplýsingar um nauðsynlega efnisskilgreiningu, svo hægt sé að ganga úr skugga um raunveruleg gæði efnisins. Skulu heimildarritin innihalda minnst þær upplýsingar sem krafist er í gr. 4.2, 4.3, og 4.4.

3. UPPLÝSINGAR UM FRAMLEIÐSLU OG FRAMLEIÐSLUHÚSNÆÐI.

Veita skal eftirfarandi upplýsingar varðandi framleiðsluna:

3.1. Hráefni.
Hvernig eftirlit með framleiðslu hinna mismunandi hráefna fer fram, og hve víðtækt eftirlitið er.

3.2. Framleiðsla.
Framleiðsluútbúnað og framleiðsluhætti (aðeins í stórum dráttum).

3.3. Framleiðslueftirlit.
Þær rannsóknir sem fara fram meðan á framleiðslu stendur, þeir staðlar sem rannsókn á framleiðslunni byggist á, hve oft og á hvaða stigi framleiðslunnar þær fara fram. Einnig hvaða tækjabúnaður notaður er við rannsóknirnar.

3.4. Framleiðsluskipulag.
Aðferð framleiðanda til að skilgreina hina mismunandi framleiðsluvöru í framleiðslunni.

4. VIÐURKENNINGARMÁTI.

4.1. Almennt.
Í sambandi við viðurkenningu skal framleiðslustaður skoðaður. Þær rannsóknir sem gr. 4.2., 4.3. og 4.4. gera kröfur til að framkvæmdar séu, skulu gerðar á rannsóknarstofu sem Siglingamálastofnunin ákveður. Ef framleiðandi óskar þess, geta rannsóknirnar farið fram í hans eigin rannsóknarstofu undir eftirliti eftirlitsmanns frá Siglingamálastofnuninni. Með sérstöku samþykki Siglingamálastofnunarnnar geta rannsóknirnar farið fram við aðra rannsóknarstofu sem Siglingamálastofnunin viðurkennir.

Ef eitthvað af þeim kröfum, sem tilgreindar eru í grein 4.2., 4.3. og 4.4. er ekki fullnægt við fyrstu rannsókn, getur framleiðslan viðurkennst, ef framleiðandi getur sýnt fram á að framleiðslan hafi uppfyllt kröfurnar í umræddri rannsókn síðast liðnar fjórar vikur og að því tilskildu að endurtekin rannsókn gefi fullnægjandi niðurstöðu.

Kröfur þær sem getið er í gr. 4.2., 4.3. og 4.4. skulu rannsakaðar skv. stöðluðum aðferðum. Helst skal nota ISO-staðal ef hann er til, en annars ASTM, DIN og SPI.

4.2. **Pólýester.**

Pólýesterinn skal vera sérstaklega ætlaður til handlagningar eða sprautunar. Hann skal hafa góða vökva eiginleika og harðna nægilega við eðlilegan stofuhita.

4.2.1. **Eðliseiginleikar í fljótandi formi við stofuhita.**

Eðlisþyngd:	Uppgefin eðlisþyngd framleiðanda.
Seigja:	Nafnseigja framleiðanda ± 20%. Seigjan mælist með hreyfings aðferð. Við næstum lágmark seigju með Kon og Plate seigjumæli en við meiri seigju t. d. Brookfield seigjumæli.
Sýrumagn:	Nafnmagn framleiðanda ± 10%.
Einliðuinnihald (venjulega styren):	Nafninnihald framleiðanda ± 2%.
Innihald ólífrænna efna:	Undir 5%: nafninnihald framleiðanda. Yfir 5%, háð sérstöku samkomulagi.
Stirðnunartími:	Uppgefin stirðnunartími hjá framleiðanda.
Hydroksylmagn:	Nafnmagn framleiðanda ±20%.

4.2.2. **Eðliseiginleikar í hörðnuðu formi við stofuhita.**

Samdráttur við hörðnun:	Samdráttur efnisins uppgefin af framleiðanda.
Eðlisþyngd:	Eðlisþyngd uppgefin af framleiðanda.
Harka:	Minnst 40 Barcol (GYZJ 934-1). Rannsókn skal framkvæmd skv. ASTM D2583-67. Rannsókn skal framkvæmd á fullhörðnuðum prófsýnum og harka allra sýnanna gefin upp. Prófsýnin skulu hafa harðnað í minnst 25 klst. áður en rannsókn fer fram.
Mýkingarpunktur:	Nafnmýking uppgefin af framleiðanda ± 5%.
Vatnsaðlögun:	Hámark 100 mg/prófsýni eftir að fullharðnað prófsýni hefur legið á kafi í tilbúnu saltvatni (DIN 509000) í 28 sólarhringa. Rannsókn skal framkvæmd skv. ISO/R 62-1958. Stærð prófsýna skal vera 50 x 50 x 4 mm ± 1 x 1 x 0.5 mm.

Styrkur.

Togþol:	minnst 450 kp/cm^2.
Beygjubrotþol:	minnst 800 kp/cm^2.
Brotlenging:	minnst 1.5% (ISO/R 527-1966).
Fjaðurstuðull:	minnst 30,000 kp/cm^2.

4.3. **Slithúð utan.**

Slithúðarkvoðan skal vera úr pólýester. Kvoðan skal harðna fullnægjandi við vanalegan stofuhita. Slithúðarkvoðan skal almennt vera af gerð úr ísoftal-

sýru — pólýester. Notkun annarra tegunda skal borin undir Siglingamálastofnunina til samþykktar. Fyrir pólýester, sem notaður er í kvoðuna, skal gefa upp þær upplýsingar sem getið er í gr. 4.2.

4.3.1. **Eðliseiginleikar í fljótandi formi við stofuhita.**

Eðlisþyngd:	Eðlisþyngd uppgefin af framleiðanda.
Seigja:	Nafnseigja uppgefin af framleiðanda ± 20% (Kon og Plate/Brookfield).
Sýrumagn:	Nafnmagn uppgefið af framleiðanda ± 10%.
Einliðuinnihald (venjulega styren):	Nafninnihald uppgefið af framleiðanda ± 2%.
Stirðnunartími:	Stirðnunartími uppgefin af framleiðanda.

4.3.2. **Eðliseiginleikar í hörðnuðu formi við stofuhita.**

Samdráttur við hörðnun:	Samdráttur efnis uppgefin af framleiðanda.
Harka:	Minnst 35 Barcol.
Mýkingarpunktur:	Nafnmýking uppgefin af framleiðanda ± 5%.
Vatnsaðlögun:	Hámark 80 mg/prófsýni.
Þekjumöguleikar:	Þekjumöguleikar á allt að 0.5 mm þykkt.
Styrkur	
Togþol:	Togþol uppgefið af framleiðanda.
Beygjubrotþol:	Beygjubrotþol uppgefið af framleiðanda.
Brotlenging:	Minnst 2.5% (ISO/R 527-1966). Rannsókn framkvæmist í fyrsta lagi 24 klst. eftir framleiðslu prófsýnisins.
Fjaðurstuðull:	Fjaður uppgefið af framleiðanda.
Höggseigla:	Höggseigla uppgefin af framleiðanda.

4.4. **Slithúð innan.**

Slithúðarkvoða skal vera úr pólýester. Fyrir pólýester sem notaður er í kvoðuna skal gefa upp þær upplýsingar sem getið er í gr. 4.2. Til viðbótar því skal athuga þekjumöguleika skv. kröfum um slithúð að utan.

5. SKYNDISKOÐUN.

Meðan á viðurkenningartímabilinu stendur skal fara fram skyndiskoðun. Skýrsla um rannsókn framleiðanda á framleiðslunni skal vera fyrir hendi ef eftirlitsmaður óskar.

Skyndiskoðanir hinnar einstöku framleiðslu skal vera athugun á eftirfarandi eiginleikum:

Pólýester: Seigja (Kon og Plate/Brookfield).
Sýrumagn.
Einliðuinnihald.
Stirðnunartími.
Harka.

Slithúð: Auk ofangreindra atriða:
Þekjumöguleikar.

Sömu kröfur skulu gerðar og til viðurkenningar. Skyndiskoðun skal framkvæmd eftir sömu reglum og gilda um viðurkenningu sjá gr. 4.1.

Ef niðurstöður skyndiskoðana uppfylla ekki kröfur þar um, getur viðurkenning gilt áfram ef framleiðandi getur sýnt fram á að umrædd rannsókn hafi uppfyllt kröfur s. l. 4 vikur fyrir skyndiskoðun, ef endurtekin rannsókn gefur fullnægjandi niðurstöðu. Auk rannsókna, sem gerðar eru við skyndiskoðanir, getur Siglingamálastofnunin krafist sýna úr framleiðslunni til rannsókna.

6. SKILRÍKI.

6.1. **Almennt.**
Með hverri sendingu hráefnis skal fylgja með vottorð útfyllt af framleiðand.a Niðurstöður sem upp eru gefnar á vottorðinu skulu vera úr rannsókn á hinni umræddu sendingu eða samsvarandi framleiðslu framleiddri á sama hátt og sama tíma.

6.2. **Vottorð.**
Form vottorðsins er háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins. Vottorðið má setja upp í líkingu við eftirfarandi:

VOTTORÐ UM VIÐURKENNDA ..... TIL NOTKUNAR VIÐ SMÍÐI BÁTA ÚR GLERTREFJASTYRKTU PÓLÝESTER.

Hér með vottast að afhent framleiðsla, sem skilgreind er hér fyrir neðan hefur verið rannsökuð og viðurkennd af .....
(rannsóknarstofa viðurkennd af Siglingamálastofnuninni).
Viðurkenning framleiðslunnar fór fram þann ..... og framleiðslunúmer er ..... Samkvæmt þeim skilyrðum sem gilda fyrir slíkri viðurkenningu, hefur samkomulag um skyndiskoðanir verið gert við

.....

Innra framleiðslueftirlit er framkvæmt skv. ákvæðum í viðauka 2 í reglum um smíði skemmtibáta.
Upplýsingar um framleiðsluna .....
Dagsetning og númer vottorðs .....

6.2. Framleiðslumerki .....
Stærðarmál og magn .....

Fyrir pólýester:	seigja (Kon og Plate/Brookfield)	.....
	sýrumagn	.....
	einliðuinnihald	.....
	stirðnunartími	.....
	harka	.....
	þekjumöguleikar	.....
Fyrir slithúð utan:	seigja (Kon og Plate/Brookfield)	.....
	sýrumagn	.....
	einliðuinnihald	.....
	stirðnunartími	.....
	harka	.....
	þekjumöguleikar	.....
Fyrir slithúð innan:	seigja (Kon og Plate/Brookfield)	.....
	sýrumagn	.....
	einliðuinnihald	.....
	stirðnunartími	.....
	harka	.....

.....
Undirskrift framleiðanda
eða fulltrúa hans.

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða í Keflavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Keflavík skal á meðan bæjarstjórn Njarðvíkurbæjar og hreppsnefndir Miðnes- og Hafnarhrepps ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Keflavík miðuð við íbúatölu í lögsagnarumdæmum Keflavíkur og Njarðvíkurbæjar, Miðnes- og Hafnarhrepps, þannig að ein bifreið komi á hverja 300 íbúa, sem þar eiga lögheimili, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þar til rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin skal úthluta fjórða hverju leyfi, er losnar og einu leyfi fyrir hverja 1000 íbúa fjölgun.

2. gr.

Enginn bifreiðastjóri má aka allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga í Keflavík, nema hann hafi afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Keflavík og hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri í Keflavík.

Þeim leyfishöfum, sem að staðaldri hafa látið aðra aka bifreið sinni, sem leigubifreið til mannflutninga í útgerðarleyfum sínum, skal ef þeir æskja þess, heimilt að hafa þann hátt á áfram, þar til leyfishafi byrjar aftur sjálfur, þótt bifreiðarstjórinn hafi ekki atvinnuleyfi, enda sé bifreiðarstjórinn í stéttarfélagi bifreiðastjóra í Keflavík.

3. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Keflavík hafa ekki atvinnurétt þar, nema eftir kvaðningu fyrirfram.

4. gr.

Í Keflavík skal ávallt vera a. m. k. ein bifreiðastöð opin alla nóttina. Bifreiðastjórum er skylt að hlíta þeim reglum, sem stjórn viðkomandi bifreiðastöðva kann að setja í samráði við stéttarfélag bifreiðastjóra, því til tryggingar að ekki sé tilfinnanlegur skortur á leigubifreiðum vissan hluta sólarhringsins.

II. KAFLI.

Úthlutun atvinnuleyfa.

5. gr.

Bifreiðastjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi, sem leigubifreiðarstjóri, skal sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum til Bifreiðastjórafélagsins Fylkis fyrir 1. okt. ár hvert.

Umsókninni skal fylgja:

a. Vottorð frá bifreiðastöð í Keflavík um að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu, fái hann úthlutað atvinnuleyfi.
b. Hegningarvottorð.
c. Vottorð frá manntalsskrifstofunni um að umsækjandi eigi lögheimili á félagssvæði Fylkis.
d. Afrit skattframtals sl. 3 ár.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðarstjóra við akstur allt að 8 farþega leigubifreiða jafnan lagður til grundvallar, þannig að sá sem lengstan starfs-

aldur hefur gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda eigi hann lögheimili og hafi búsetu á félagssvæði Fylkis.

Úthlutunarmönnum er þó heimilt að víkja frá meginreglu greinar þessarar í sérstökum undantekningartilvikum.

Bifreiðastjórar, sem hafa haft atvinnuleyfi en lagt það inn hafa forgangsrétt til atvinnuleyfis í næstu tvö ár frá því það var lagt inn, minnst í 6 mánuði, þó getur sá, sem fær úthlutað atvinnuleyfi í fyrsta sinn ekki lagt leyfið inn með forgangsrétti fyrr en eftir 3 ára stöðugt starf.

6. gr.

Atvinnuleyfi skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal annan þeirra tilnefna af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Fylkis en hinn skipar ráðherra án tilnefningar. Úthlutunarmenn séu leigubifreiðastjórar að aðalstarfi, ekki má þó skipa stjórnarmenn stéttarfélags bifreiðastjóra til starfans. Ef tvær bifreiðastöðvar eru á félagssvæðinu skulu úthlutunarmenn vera einn frá hvorri bifreiðastöð. Skulu atvinnuleyfi og tilkynningar um atvinnuleyfi undirrituð af úthlutunarmönnum. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Fylkis skal senda úthlutunarmönnum rökstuddar tillögur um úthlutun atvinnuleyfa.

Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna sker samgönguráðuneytið úr.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Leyfin skulu vera í vörslu Bifreiðastjórafélagsins Fylkis sem síðan tilkynnir útgáfuna, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Engum má úthluta fleiri en einu atvinnuleyfi.

Úthlutunarmönnum er einnig skylt að líta eftir að ákvæðum reglna og laga um leigubifreiðar og reglugerðar þessarar sé fylgt og er þeim heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir brjóti leyfishafi af sér, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

7. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðarstjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur eigin leigubifreiðar sem fullt starf og sæki um upptöku í stéttarfélag bifreiðastjóra í Keflavík.

Þeir bifreiðastjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í b-lið 14. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

8. gr.

Hverri bifreiðastöð er skylt að láta úthlutunarmönnum í té, í septembermánuði ár hvert, skrá yfir allar bifreiðar, sem þar hafa afgreiðslu. Í skrá þessari skal tilgreint skrásetningarnúmer bifeiða, nafn og heimilisfang bifeiðarstjóra og bifreiðareiganda.

III. KAFLI.

Nýting leyfis.

9. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð í Keflavík sem hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af bæjarstjórn Keflavíkur.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en tilkynning um útgáfu atvinnuleyfis eða flutning milli stöðva hefur borst frá stéttarfélagi bifreiðstjóra.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð, og skal hann þá afhenda stéttarfélagi bifreiðastjóra yfirlýsingu frá þeirri stöð sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Sé leyfishafi skuldlaus við bifreiðastöð þá, sem lefishafi flytur frá, skal stéttarfélag bifreiðastjóra staðfesta flutninginn þegar í stað.

10. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt, nema til stéttarfélags bifreiðastjóra, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi, sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, getur haldið leyfisréttindum sínum í allt að því 6 mánuði. Ef sérstaklega stendur á, geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest, enda óski leyfishafi þess.

Úthlutunarmenn geta innkallað atvinnuleyfi leyfishafa hafi hann ekki notfært sér það í 6 mánuði eða lengur og ekki sótt um frest. Skulu úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa innköllun leyfisins með ábyrgðarbréfi. Hafi leyfishafi ekki óskað eftir framlengingu leyfisins og fært fram ástæður, sem úthlutunarmenn geta tekð til greina, innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins.

Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt í lengri eða skemmri tíma, en heldur því þó, sbr. 2. mgr., og er þá bifreiðastöð óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi tvo mánuði eða lengur, án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal þá tilkynna fjarveruna stjórn stéttarfélagsins, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

Hafi leyfishafi ekki átt bifreið í 1 ár eða lengur hefur hann fyrirgert rétti sínum til atvinnuleyfisins.

11. gr.

Brjóti leyfishafi eitthvað það af sér, að dómi bifreiðastöðvarstjóra, að segja beri leyfishafa upp afgreiðslu um stundarsakir, er viðkomandi bifreiðastöðvarstjóra heimilt að segja leyfishafa upp afgreiðslu í allt að 5 sólarhringa í fyrsta skipti, en allt að því 10 sólarhringa í annað skipti.

Skulu slíkar uppsagnir og tilefni þeirra skrásettar hjá viðkomandi bifreiðastöð og tilkynntar úthlutunarmönnum jafnóðum.

Telji bifreiðastöðvarstjóri ástæðu til að víkja leyfishafa úr afgreiðslu oftar, lengri tíma eða fyrir fullt og allt, skal viðkomandi bifreiðastöð leggja málið fyrir úthlutunarmenn. Skulu úthlutunarmenn, innan 15 daga, úrskurða, hvort útiloka skuli umræddan bifreiðastjóra frá afgreiðslu og hve langan tíma eða alveg.

Telji úthlutunarmenn ástæðu til að segja leyfishafa upp afgreiðslu um lengri eða skemmri tíma, skal atvinnuleyfi leyfishafa vera í vörslu þeirra, meðan uppsögn afgreiðslunnar stendur.

Viðkomandi bifreiðastöð er skylt að taka leyfishafa í afgreiðslu aftur að afgreiðslubanni loknu, ef leyfishafi æskir þess.

Nú æskir leyfishafi ekki að afgreiðslubanni loknu að fara til þeirrar bifreiðastöðvar, sem hann var hjá, skal hann þá innan 30 daga útvega sér afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð, en takist honum það ekki, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

Báðir aðilar hafa rétt til að skjóta úrskurði úthlutunarmanna til samgönguráðuneytisins, innan 6 daga frá birtingu úrskurðarins, ef um er að ræða útilokun í 6 mánuði eða lengri tíma, eða ef ágreiningur er um afgreiðslu málsins hjá úthlutunarmönnum.

12. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt,

og síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari. Tilkynna skal þetta til bifreiðastöðvar þeirrar, sem hann hafði afgreiðslu hjá.

13. gr.

Óheimilt er að hafa vaktaskipti bifreiðastjóra á leigubifreiðum, nema báðir hafi atvinnuleyfi, þó getur samgönguráðuneytið ákveðið í samráði við stjórn stéttarfélags bifreiðastjóra, verði tilfinnanlegur skortur leigubifreiða í bænum, að út verði gefnar tímabundnar undanþágur frá greindu banni eftir reglum sem samgönguráðuneytið þá setur.

Einnig er stjórn stéttarfélags leigubifreiðastjóra skylt að veita undanþágu í eftirgreindum tilvikum:

a. Þurfi leyfishafi á endurhæfingu að halda að undangengnum veikindum, enda leggi hann fram yfirlýsingu frá lækni þeim sem hann hefur verið í meðferð hjá um að endurhæfing sé honum nauðsynleg um takmarkaðan tíma.
b. Heimilt má launþega að aka í atvinnuleyfi vinnuveitanda síns öðrum bíl en vinnuveitenda, sé um að ræða stopp vegna bilunar í minnst 7 daga eða lengur.

Skal stjórn stéttarfélagsins athuga réttmæti umsókna samkvæmt grein þessari hverju sinni.

14. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi aka fyrir sig, nema í eftirgreindum tilfellum, að fenginni undanþágu samkvæmt 15. gr.:

a. Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði læknis.
b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu stéttarfélags bifreiðastjóra, bifreiðastöðva þeirra, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna, sem viðkomandi stéttarfélag bifreiðastjóra á aðild að.
c. Ef leyfishafi deyr, heldur maki hans atvinnuleyfinu í allt að 3 ár, frá dauða hans, ef maki æskir þess, enda sé bifreiðastjórinn félagi í stéttarfélagi bifreiðastjóra.
   Heimilt skal að framlengja tíma þennan, mæli sérstakar ástæður til þess, en þó ekki lengur en 1 ár hverju sinni.
d. Stéttarfélag bifreiðastjóra skal heimila leyfishöfum að láta aka fyrir sig á orlofstíma, þó eigi lengur en allt að 4 vikum árlega, enda lýsi leyfishafi því yfir, að hann sé að fara í orlof.

15. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkvæmt 13. eða 14. gr., skal hann sækja um það skriflega til stéttarfélags bifreiðastjóra. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um, að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill, að aki bifreiðinni.

Bifreiðastjórafélaginu er þá skylt að veita undanþáguna, og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram, hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðarstjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjórafélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framansögðu.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum

þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 6 7. janúar 1963, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð nr. 164 19. júlí 1966.

Samgönguráðuneytið, 11. des. 1978.

Ragnar Arnalds.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 452. 29. desember 1978.

REGLUGERÐ

fyrir heilsuhæli N. L. F. Í., Hveragerði.

1. gr.

Stofnunin er eign Náttúrulækningafélags Íslands en rekin sem sjálfseignarstofnun með sjálfstæðan fjárhag.

2. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skv. gr. 30.2. laga 57/ 1978 um heilbrigðisþjónustu, þannig skipuð, að starfsmannaráð hælisins kýs einn stjórnarmann, hreppsnefnd Hveragerðishrepps einn mann og N. L. F. Í. þrjá menn. Um kjörtímabil stjórnarmanna ákveða þeir, sem þá kjósa. Þó skal enginn kosinn til lengri tíma en 4ra ára í senn.

3. gr.

Varastjórnendur skulu valdir á sama hátt og aðalmenn.

4. gr.

Stjórn hælisins skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin heldur fundi svo oft sem þörf krefur eða þegar 2 stjórnarmenn óska þess. Afl atkvæða ræður úrslitum allra mála, sem tsjórninni er falið að ráða.

Fundur er lögmætur, ef meirihluti stjórnar situr fund.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra og yfirlækni í samráði við stjórn N. L. F. Í. og skv. l. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu.

6. gr.

Framkvæmdastjóri og hjúkrunarforstjóri ráða annað starfsfólk hælisins og ákveða því kjör í samræmi við gildandi kjarasamninga á hverjum tíma. Verkaskipting framkvæmdastjóra og hjúkrunarforstjóra í ráðningarmálum skal vera sem líkust því, er viðtekið er á ríkisspítölunum, þó þannig, að hjúkrunarforstjóri skal jafnan hafa samráð við yfirlækni hælisins um ráðningu hjúkrunar- og nuddfólks.

7. gr.

Framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra og yfirlækni skal heimilt að sitja fundi stjórnar hælisins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

8. gr.

Heilsuhælisstjórn skal gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir Heilsuhælið. Slík áætlanagerð skal ávallt vera gerð a. m. k. 2 ár fram í tímann, en vera í árlegri endurskoðun og unnin í nánu samstarfi við yfirlækni, framkvæmdastjóra og hjúkrunarforstjóra.

9. gr.

Stjórn N. L. F. Í. tekur ákvarðanir um allar fjárfestingar, sem daggjöld fyrir sjúklinga hrökkva ekki fyrir, svo og um allar meiriháttar breytingar á rekstri hælisins að formi eða markmiði. Að öðru leyti skal stjórn hælisins sjá um að rekstrarútgjöld hælisins séu jafnan innan þeirra marka, er tekjur hælisins leyfa.

10. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Reikningar, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, skulu lagðir fyrir stjórn N. L. F. Í., til samþykktar.

11. gr.

Þóknun fyrir stjórnarstörf hælisstjórnar úrskurðar stjórn N. L. F. Í.

12. gr.

Reglugjörð þessi er sett samkv. lögum nr. 57/1978 og gildir frá staðfestingardegi sínum. Hún tekur hins vegar ekki til stofnunar eða slita eldri ráðningarsamninga eða fjárhagsskuldbindinga, sem stjórn N. L. F. Í hefur löglega gjört samkvæmt samþykktum félagsins.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. desember 1978.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

29. desember 1978. Nr. 453.

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjarnöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1978:

Gullbringusýsla:

Garður á þéttbýliskjarna í Gerðahreppi.

Kjósarsýsla:

Gil á þjónustubýli í landi Vallár, Kjalarneshreppi.

Borgarfjarðarsýsla:

Björk II á garðyrkjubýli í landi Bjarkar, Reykholtsdalshreppi.
Reitur á garðyrkjubýli í landi Bjarkar, Reykholtsdalshreppi.

Dalasýsla:

Lyngbrekka á nýbýli í landi Orrahóls, Fellsstrandarhreppi.

Vestur-Húnavatnssýsla:

Staðarflöt í þjónustubýli í landi Staðar, Staðarhreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Árgerði á nýbýli í landi Sólheima, Staðarhreppi.
Glaumbær II á nýbýli í landi Glaumbæjar, Seyluhreppi.

Norður-Þingeyjarsýsla:

Núpskatla II á þjónustubýli í landi Núpskötlu Prestshólahreppi.

Norður-Múlasýsla:

Hofteigur á jörðunum Hofteigi og Hofteigi II, Jökuldalshreppi. Jafnframt var nafnið Hofteigur II fellt niður.

Rangárvallarsýsla:

Borg í stað nafnsins Litla-Rimakot á býli í Djúpárhreppi.

Árnessýsla

Ásland á garðyrkjubýli í landi Högnastaða, Hrunamannahreppi.
Oddgeirshólar IV á nýbýli í landi Oddgeirshóla III, Hraungerðishreppi.
Hvoll II á smábýli í landi Hvols, Ölfushreppi.
Hlöðutún á smábýli í landi Árbæjar, Ölfushreppi.

Menntamálaráðuneytið, 29. desember 1978.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

Nr. 454. 18. desember 1978.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Neskaupsstaðar að fasteignum í Neskaupsstað.

Neskaupsstað er áskilinn forkaupsréttur að eftirtöldum fasteignum í Neskaupsstað.

Egilsbraut 3, eigandi Kf. Fram.
Egilsbraut 5 og 7, eigendur Vigfús Guttormsson, Vigfús Guðmundsson og Hilmar Símonarson.
Egilsbraut 9, eigendur Pétur Óskarsson, Ámundi Loftsson, Jón Pétursson og Skarphéðinn Guðmundsson.
Egilsbraut 11, eigandi Egilsbraut 11 h.f.
Egilsbraut 13, eigandi Jóhann Gunnarsson.
Egilsbraut 14 og 16, sjóhús, eigandi Guðrún Eiríksdóttir.
Egilsbraut 22, sjóhús, eigandi Rafsilfur h.f.
Egilsbraut 24, sjóhús, eigandi Sigurjón Jónsson.
Hafnarbraut 1, eigandi Óskar Jónsson.
Hafnarbraut 2A, eigandi Kf. Fram.
Hafnarbraut 13, eigendur Lúðrasveit Neskaupsstaðar og Kf. Fram.
Hafnarbraut 23, pakkhús, eigendur Kári Hilmarsson og Egill Bjarnason.
Hafnarbraut 25, pakkhús, eigandi Clipper h.f.
Hafnarbraut 39, sjóhús, eigandi Hafbjörg h.f.
Hafnarbraut 51, sjóhús, eigendur Þorbergur og Þórður Sveinssynir.
Hólsgata 9, Melabúðin, eigandi Aðalsteinn Halldórsson.
Miðstræti 7, eigandi Ólöf Stefánsdóttir.

Strandgata 2, eigandi Halldór Hinriksson.
Strandgata 11, eigandi Stefán Höskuldsson.
Strandgata 13, sjóhús, eigendur Stefán Höskuldsson og Garðar og Óskar Lárussynir.
Strandgata 15, sjóhús, eigandi Guðmundur Bjarnason, Strandgötu 10.
Strandgata 17, Nýhöfn, eigandi Guðmundur Bjarnason, Urðarteigi 23.
Strandgata 19, sjó- og fiskverkun, eigandi Ölver h.f.
Strandgata 21, sjóhús, eigandi Db. Gísla Bergsveinssonar.
Hafnarbraut 26, eigendur Myndlistafélagið og Árni Þormóðsson o. fl.
Mýrargata 2, eigandi Haukur Ólafsson.
Mýrargata 8, eigandi Axel Magnússon.
Mýrargata 43, fjárhús og hlaða, eigandi Sigurður Halldórsson.
Skólavegur 1, eigandi Kristrún Guðjónsdóttir.
Þórhólsgata 2, eigandi Þóra Þórisdóttir.
Þórhólsgata 6, eigandi Birna Magnúsdóttir.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupsstaðar hefur gert samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 sbr. lög nr. 22/1932, öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningardegi hennar að telja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

29. desember 1978. Nr. 455.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu í Bolungarvík.

1. gr.

Félagsmálaráð í umboði bæjarstjórnar fer með yfirstjórn heimilisþjónustunnar í Bolungarvík. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum bæjarstjóra, eða annars starfsmanns er það væri falið sérstaklega.

2. gr.

